

FJÖLSKYLDUBRÉFASAFN
MITT
1917 – 1976
II

Eggert Ásgeirsson skráði og bjó til útgáfu.

Prentað sem handrit.

2019

Útgefandi: Sigríður Dagbjartsdóttir.

Reykjavík 2018

Prentun: Háskólaprent

Inngangur.

Aðdragandi þess að ég tók saman þetta þriggja binda bréfasafn er langur. Ég gríp þar niður er ég fór að kynna mér gögn frá langa-langafa mínum Gunnlaugi Guðbrandssyni Briem, sýslumanni á Grund. Ég vissi að hann hafði skilið eftir sig margvíslegar ritsmiðar. Fór nú að kynna mér þær í Landsbókasafni Íslands við Hverfisgötu, en þá voru handritin í kjallaranum.

Ég átti um skeið erindi til Kaupmannahafnar, m.a. er ég fylgdi Sigríði konu minni þangað, í hennar störfum. Fékk ég þá tækifæri, meðan hún var á fundum, til að heimsækja skjala- og bókasöfn. Þar kom ég í *Nationabibliotek/handritadeild*.¹ Hér kynntist ég hlýju, sem ég hafði ekki áður almennt kynnst í bóka- og skjalasöfnum. Virtust skjalaverðir þar gleðjast yfir hverju nýju andliti eins og rifjaðist upp þegar ég kynntist fyrst viðmóti skjalavarða í handritadeildinni, svo sem nú verður greint frá. Að ég nú ekki tali um Þjóðskjalasafn, sem ég forðaðist lengi, en sé nú nokkrar breytingar á orðnar.

Grímur M. Helgason

Í handritasafni Landsbókasafns hitti ég fyrir ágætan mann, forstöðumanninn *Grím M. Helgason* (1927-1989), sem ég hafði áður lauslega kynnst á Garði og í lestrarsal Háskólabókasafns. Hann varð stúdent *að norðan*, ári á undan mér. Mér varð þá þegar hlýtt til hans. Nú kom enn í ljós að viðmót hans og hjálpssemi var slík, að ekki gleymist á fjórum áratugum eða meira.

Fékk ég m.a. hjá honum afrit gagna handrita Gunnlaugs Guðbrandssonar Briem. Gögnin eru á vísu stað. Ég finn m.a.s. fyrir öskjunni í hillunni, hér og nú, á gólfinu að baki skrifborðs míns, tilbúin ef einhver vildi fá þau til að rýna í! Kunningsskapur okkar Gríms hélst uns hann féll frá, saknað af öllum sem kynnst höfðu honum.

Eins og stundum gerist, þegar menn hrífast og falla í stafi af sérstöku tilefni, endist áhuginn ekki lengi. Handritalestur var ekki mín sterka hlið, þó ég sækti námskeið í handritalestri, áratugum síðar, hjá frænda mínum Má Jónssyni, síðar prófessor.

Agnar Þórðarson og Halldór Þorsteinsson

Áhugi minn færðist nú upp á efri hæðir Safnahússins, nær mínu starfssviði, en þar voru meistarar, líka að mínu skapi, *Agnar Þórðarson* (1917-2006) og *Halldór Þorsteinsson* (1921-2017), sem ég bast góðum böndum vegna starfs míns og fleiri tengsla. Undir umsjá hans heyrðu m.a. staflar af gögnum frá Alþjóða heilbrigðisstofnuninni, *World Health Organization, WHO*, en var, satt að segja, að drekkja honum, án þess þó að fjörið slævðist. Sennilega vissu fáir af þessum gagnasjóði. En ég starfaði í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, með það áhugahlutverk, að koma upp fagbókasafni fyrir embætti borgarlæknis, heilbrigðiseftirlits² og H.R.

Ég vann um skeið á starfssviði sem tengdist WHO, reyndi lengi að fylgjast með ritum stofnunarinnar. Var þeim bókavörðum, einkum Halldóri, léttir af að fá mig til að rýna í staflana. Fékk ég sitthvað að láni sem gagnaðist starfssystkinum mínum. Gekk ég út með sumt, án skráningar, en skilaði þeim skilvíslega, eftir að hafa kynnt mér eða samstarfsmönnum þau. Alla vega var efni þeirra gott efni til alls konar fyrirlestrahalds. Vinátta okkar Halldórs hélst, þótt ég skipti um starf og við síðan á eftirlaun.

Ögmundur Helgason

Ár liðu, nýtt safnahús fyrir Þjóðarbókhöfðu reis af grunni 1972-1996, sem þeir teiknuðu, arkitektarnir, bekkjarbróðir minn og vinur Manfreð Vilhjálmsson (1928) og Þorvaldur S. Þorvaldsson (1933).³ Unnu þeir við það saman uns Þorvaldur varð skipulagsstjóri Rvíkur. Hélt Manfreð verkinu áfram til loka.

¹ Hvort þetta er rétt nafn er ég ekki viss um. Allt breytist vegna flutninga og skipulags. Alla vega var þetta gömul bygging, miðsvæðis og ég hef ekki komið þangað aftur.

Það sem ég uppskar var á 8. tug bréfa Páls Briem, afa míns, til æskuvinar hans Finns Jónssonar prófessors í Khöfn frá 1877-1900. Ég skrifaði bréfin upp, gaf út í fáum eintökum, afhenti handritadeild Landsbókasafns og Lbs. ásamt afriti bréfanna. Í athugasemd á Gegni segir: *Útgáfuárs ekki getið*. Gæti þetta hafa verið 1983. Sjálfur tel ég víst að ég hafi afhent handritadeildinni afritið af bréfasafninu.

² Þessar stofnanir eru nú niðurlagðar, gögn væntanlega geymd í Borgarskjalasafni. En könnun þeirra ekki beint auðveld.

³ Þeir unnu að því verki saman, uns Þorvaldur tók við embætti og ekki við hæfi að halda áfram vinnu að byggingunni.

Hitti ég hann m.a.s. stundum þar, þegar hann er fenginn til að segja álit sitt á hugsanlegum breytingum.

Ég var enn við sama heygardshornið við að leita uppi gögn, fór í hið nýja og glæsilega safn og hitti þar m.a. fyrir forstöðumanninn Ögmund Helgason (1944-2006) ásamt samstarfsfólki. Hann var einstakur ágætismaður, hjálplegur, tók mér vinsamlega, leiddi mig um safnið og benti mér á ýmislegt sem honum virtist ég hafa áhuga á.

Á þeim árum var ég að skima eftir bréfum og gögnum sem vörðuðu fjölskyldu mína. Þetta var sami ferill og flestir byrjendur fara. Andinn í handritadeildinni var hlýr og vinsamlegur. Ég veit ekki um dóm annarra, ég var byrjandi, hafði lítinn tíma, þurfti á hvatningu og hjálp að halda. Ég leit inn þegar ég hafði lausan tíma eða þegar óþol áhugamála knúði á. Því miður, fór svo að eitthvað brást í safninu og Ögmundur hætti og fékk starf hjá stofnun Árna Magnússonar, en lifði ekki lengi.

Handritadeildin var einstaklega skemmtilegur og hvetjandi vettvangur. Ég var þar ekki mikið, enda hafði ég önnur verkefni í mínu starfi. En áhugamálin toguðu í mig. Viðmót Ögmundar er mér dýrmætt.

Sjöfn Kristjánsdóttir

Er ég lagði leið mína í handritadeildina og þurfti á aðstoð að halda var líklegast til árangurs að hafa samband við Sjöfn handritafræðing. Ekki aðeins hjálpaði hún mér við leit og úrlausnir, heldur tók hún mér fagnandi, setti sig inn í hvað ég væri að sýsla og benti mér á ýmislegt.

Jafnvel bar hún stöku sinnum sitthvað undir mig, sem hún vann að, spurði mig um skoðanir mínar, því hún þekkti einhver áhugamál mín. Ekki seinna vænna að fá þá upphefð. Framkoma hennar var hvetjandi, þegar viðvaningurinn ég, átti í hlut. Hjá slíkum koma vafamál æði oft upp.

Gott verk hennar og Ögmundar Helgasonar, sem ég vissi um og naut góðs af, var, þá er fjölskylda Helga P. Briem¹ fékk safnið til að líta á og velja handrit og gögn úr miklu dánarbrú hans. Allt var, eins og eðlilegt var, í vanda þar á heimilinu. Helgi var mikill safnari og hélt til haga miklum bréfasöfnum, sem höfðu rekið á hans fjörur, úr ýmsum áttum, og hann hafði flutt með sér til margra landa. Ég ætla ekki að rekja það mál. En ég byrjaði fljótlega vinnu við það, eftir að gagnasafnið úr búi Helga kom í handritadeildina; skráði það eftir því sem ég hafði kunnáttu til.

Er Ögmundur og Sjöfn komu í Sólheima 23, þar sem Helgi hafði búið, var hitakerfi íbúðarinnar bilað og hiti mikill, svo handritafræðingarnir urðu löðursveittir, þurftu að fækka mjög fötum til að geta farið í gegnum safnið og enst til að velja það er handritadeildinni var slægur í.

Svo flutti Sjöfn til Bretlands og við hættum að hittast nema í biðröðum við greiðslukassa í verslunum miðbæjarins, eftir að hún kom heim. En ég er þakklátur henni.

Örn Hrafnkelsson

Örn var yfirmaður Handritadeildar um skeið uns hann færðist til æðri starfa við *stafræna endurgerð* í *Þjóðarþóklöðu* og yfirmaður handritasafnsins o.fl. Ég naut samstarfs við hann í Handritadeild og nýt enn hjálpar hans þar sem hann stjórnar „*stafrænni endurgerð*“ sem ég veit ekki fyllilega hvað er, en er m.a. tölvuskráning og vistun gagna, m.a. þessarar samantektar minnar, í Landsbókasafninu og á netinu.

Ég tef hann reglulega frá mikilvægum störfum, en hann er mér hjálplegur, enda veit hann sjálfsagt að framtíð handritaskráningar, eins og þeirrar sem ég fylgi nú úr hlaði, er tölvuskráning og vistun gagna, helst í opnum aðgangi. En sá aðgangur kemur af sjálfu sér. Prentaðar bækur eiga í vök að verjast, en þó allra helst prentun efnis sem fáir hafa áhuga á.

¹ Hann var móðurbróðir minn.

Að lokum

Þetta er merkileg og örlagarík þróun, sem ég hef mikla trú á, enda veit ég fullvel að þær bækur sem ég hef gefið út, kaupir enginn í bókarformi. Ég hef komið nokkrum á framfæri á bókasöfnum, en áhugi minn er á *opnum aðgangi*. Ekki sé ég aðra möguleika til að koma verkum mínum á framfæri.

En guð hjálpi þeim sem ætla að lifa á slíku. Erfitt að lifa á slíku. Sem reyndar var aldrei ætlun mín!

--

Í þessum sama bréfasafnaflokki hafa þegar komið út þessi rit:

I Fjölskyldubréfasafn mitt - 1820-1913 og

III Fjölskyldubréfasafn mitt - 1977-2008

Nú kemur út:

II Fjölskyldubréfasafn mitt - 1917-1976

Efnið var eins og áður tekið upp úr bréfasöfnum þeim sem ég hef fundið í handritadeild Landsbókasafns Íslands eða hef undir höndum.

--

Hér má bæta við að bréfasafn verður til, m.a.:

-- Þegar sendandi eða móttakandi, eru fjarri hvor öðrum.

-- Þegar fólk er aðskilið þarf það að finna næga hvöt hjá sér til að deila reynslu sinni með öðrum, hafa hæfileika og ánægju af að skrifa.

-- Móttakandinn þarf líka að halda bréfunum saman og varðveita þau af kostgæfni. Ekki aðeins hann; allir sem hafa áhrif á og rekast á söfnin, t.d. í dánarbúum, þurfa að finna til skyldu og/eða ánægju að varðveita minningar annarra.

-- Þá er nauðsynlegt að hafa þörf fyrir og tíma til að halda góðu sambandi og að deila reynslu sinni með öðrum.

Reyndar miklu - miklu fleira!

Eggert Ásgeirsson

BRÉFRITARAR

Agnar Biering	Lóa Guðmundsdóttir Vennerström
Almqvist, Bo	Magnús Óskarsson
Álfheiður Helgadóttir Briem	Marie Licht Helgason
Ásgeir Guðmundsson	Ólafur B. Thors
Bergljót Líndal	Ólöf Jónsdóttir Nordal
Eggert Ásgeirsson	Páll Ásgeirsson
Eggert P. Briem	Páll Líndal
Elín E. Briem	Páll Þorleifsson
Friede P. Briem	Sigríður Dagbjartsdóttir
Gústav A. Jónasson	Sigríður Skúladóttir Briem
Ingibjörg Eggertsdóttir	Sigurður Jónasson
Jón Helgason biskup	Skúli Skúlason
Jón Helgason prófessor	Stefán Jóh. Stefánsson
Jón Sigurðsson dr. med.	Steinunn E. Briem
Jóna Einarsdóttir	Theodór B. Líndal
Jónas Thorarensen	Tómas Jónsson
Jórunn Ingimundardóttir	Þorkell Jóhannesson
Kristín Guðmundsdóttir	Þórdís Briem
Kristín Ólafsdóttir	Þórhildur Briem Líndal

1917

Þórhildur¹ og Friede Pálsdætur Briem² skrifa Álfheiði Briem.³ Rvík, 25. júlí 1917.

Þórhildur: -- Loksins held ég að mér takist að koma línu til þín, það er heldur lítilfjörlegt að geta varla komið bréfi norður. Ég sendi þrímusinn með stýrimanninum á Sterling og lofaði hann að koma honum á Eimskipafélagsafgreiðsluna svo það er ekki annað fyrir þig en að sækja hann þangað.

Þrímusinn⁴ kostaði 23 kr. Ég vona að hann reynist vel. Ég þorði ekki að taka billegri,⁵ þeir fengust á 27 kr. hjá Nielsen og svo á 20 kr. hjá Zimsen en þeir voru gráir á litinn og eitthvað guttaperkavesen⁶ á þeim svo mér leist ekki á þá. Vaxið sendi ég líka. Það fékkst hvorki í apótekinu eða hjá Campmann en Eggert gat fengið þetta hjá Jóni Brynjólfssyni⁷ og skil ég ekki í öðru en að það megi brúka það eins og hitt.

Það er nú heldur tíðindalítið hérna í bænum, allir reyna að komast eitthvað í burtu svo maður sér varla manneskju. Það er nú best að byrja alveg frá því þú fórst, að segja þér fréttirnar; við fórum öll upp á veitingahúsið og fengum súkkulaði og kökur.⁸ Þegar það var búið vorum við svo heppnar að ná í bíl sem Olgeir Friðriksson⁹ hafði leigt og var ekki nærri því komandi að við fengjum að borga fyrir að fá að vera með, stelpurnar fóru hjólandi. Fríða var á Helga hjóli og tókst það heldur slysalega því hún datt og meiddi sig í hnénu og hefur ekki farið á kontórinna fyrr en í dag og er nú orðin alveg góð, ég hef ekki viljað vera að segja þér þetta í símann til þess að þú farir ekki að vera hrædd um að þetta hafi gengið svo seint að batna af því hún var dálítið á stjái að hugsa um matinn til þess að allt væri til þegar Eggert kæmi heim. Hún býr til alveg ágætis mat, skal ég segja þér, en svo létum við hana liggja alveg kyrra í þrjá daga og þá batnaði henni loksins.

Þorsteinn¹⁰ var líka fjarska slæmur eftir að þú fórst; hann klæddi sig daginn sem þú fórst og var alltaf gestagangur og eilíft vesin sinni hjá honum, ég held fundur um kvöldið og svo á laugardaginn og sunnudaginn var hann svo fjarska slæmur. Hann mátti ekkert borða nema bláberjasúpu og hafraseiði og svo drekka dálítið te. Frk. Ingibjörg lét færa honum einhvers konar bláberjasúpu en hún var svo vond að ég held að honum hafi versnað við hana; svo hann bað okkur að elda fyrir sig súpu úr niðursoðnum bláberjum og gerðum við það og gáfum honum te við og við og héldum þannig í honum lífinu.

Sveinn í Firði¹¹ var yfirhjúkrunarkona og tókst honum sú staða mjög vel. Ég kunni ekki við að taka neitt fyrir þetta sem við gerðum fyrir Þorstein af því að það var nú ekki svo mikið, en hann gaf Dídú¹² 10 kr. fyrir hjálpina og var hún ekki lengi að kaupa sér sandala fyrir þá og sokka sem áttu við. Einar¹³ gaf okkur líka 10 kr. fyrir skóburstingu. Þeir báðu báðir að heilsa þér, blessaðir, og voru eitthvað að mælast til að fá að vera hér í haust, þegar þing verður aftur, en ég sagðist ekki vita um það, hvort þú vildir það, það gæti verið að þú hefðir einhver ráð.

¹ Þórhildur Briem, gift Línal.

² Friede Ingibjörg Pálsdóttir Briem.

³ Álfheiður Helgadóttir Briem (1868-1962) dóttir Helga Hálfánarsonar prestaskólakennara og Þórhildar Tómasdóttur.

⁴ Gassuðutæki.

⁵ Ódýrara.

⁶ Guttaperch var gúmmíkennt efni, reyndar oft blandað öðrum efnum. Unnið úr grjávið, þó ekki það sama og gúmmí.

⁷ Jón Brynjólfsson, sem var með leðurverslun lengi í Austurstræti 3.

⁸ Líklega fór skipið frá Hafnarfirði.

⁹ Olgeir Friðriksson kaupmaður. Þá í Reykjavík.

¹⁰ Þorsteinn M. Jónsson (1885-1975). Alþingismaður Norður-Múlasýslu 1916-26. Bókaútgefandi og skólastjóri á Akureyri.

¹¹ Sveinn Ólafsson (1863-1949), alþingismaður S-Múlasýslu. Kennari og lengst bóndi í Firði í Mjóafirði.

¹² Þórdís (Dídí) Kristín Briem (1904-1998)

¹³ Sennil. Einar Árnason (1875-1947). Alþingismaður Eyfirðinga og síðar atvinnumálaráðherra. Bóndi á Litla Eyralandi.

Amma er fjarska vel frísk og glöð; það hafa komið margir gestir til hennar og hún er oft upp frá hjá systir,¹ þar er nú farið að líða vel. Gunna hefur verið handlama núna í viku og hefur Soffa² gert öll verkin með systir. Þau komu öll til ömmu í gær. Soffa mátti ekki fá kaffi en hún fékk eina appelsínu; annars má hún fá fisk, hafragraut og brauð, og svo má hún líka fara út að ganga og stytir það mjög tímann hjá henni. Frændi³ er lík orðinn góður af gigtinni, en ekkert víst hefur hann fengið að gera.

Eggert⁴ fór til Þingvalla á laugardagskvöldið, var með Guðmundi Vilhjálmssyni⁵ og einhverjum fleiri „legátum“.⁶ Þeir voru þar þangað til á sunnudagskvöld og höfðu það mjög skemmtilegt; veðrið var svo indælt, hiti og sólskin. Árni Eggertsson⁷ var þar fyrir með dóttur sína; er það mjög ófélegur unglingur. Hann bauð þeim öllum til miðdegisverðar. Þeir voru 13 samtals og fengu velling.⁸ Ég hélt að E. hefði þakkað fyrir að fá það heima á sunnudegi, en hann sagði, að hann hefði verið ágætur; svo fengu þeir steiktan silung, buff, ávexti og kaffi; var það allt saman ósköp ánægjulegt. Hinn sunnudaginn fór Eggert og vinir hans upp á Esju og var fjöldi fólks héðan úr Reykjavík sem fór og var það skemmtilegt fyrir hann. Botnía var að fara um daginn og fóru margir með henni og fóru þau hjónin aftur með, líka fór Schiötz frá Akureyri og Oda og margir fleiri; landritarahjónin⁹ koma aftur í september.

Sunnudagur 28. júlí 1917.

-- Nú er farið að rigna hérna og er það gott því þá hlýnar kannske fyrir norðan; hérna hefur verið heldur gott verður síðan þú fórst, nokkuð hvasst um miðjan daginn, en indælt á kvöldin og sólarlagið hefur verið svo fallegt að ég man varla eftir því ein fallegu.

Dídi hjólaði í dag inn að Gufunesi með Gullu Briem¹⁰ og er það leiðinlegt fyrir hana að fá rigningu. Bubba¹¹ er alltaf að biðja mig um að koma með sér upp í Hvalfjörð og Borgarfjörð gangandi, en ég vil ekki vera að fara neitt í burtu meðan þú ert að heiman; það getur alltaf eitthvað komið fyrir; mér þykir líka gaman að vera húsmóðir, svo ég vil hald þeirri stöðu meðan ég get.

Þú ættir bara að sjá blómin; þau eru svo falleg; við erum búin að hafa átta hvítar rósir og tvær bleikar höfum við núna, *begonian* er voða kröftug og falleg, blöðin dökkgræn og alveg hlaðin blómum; við látum hana standa á miðju borði í litlu stofunni; fína blómið er samt það fallegasta, því það liggur við að við sjáum það vaxa, þú manst eftir löngu greinunum sem voru að koma, þær eru orðnar svo langar að þær ná alveg upp í efsta gluggakarminn og eru stór blöð eða greinar komnar. Sigríður gamla kom til að hjálpa okkur með móinn og lúði hún garðinn um leið, en það er heldur illa gert í kringum trén, því þá var svo fjarska þurrt.

Hænurnar verpa heldur vel; Eggert er að biðja mig um eggjasnafs núna þegar ég er búin að skrifa þér; ég má víst til með að láta eftir honum, stráknum. Það er alltaf verið að tefja mig frá þessu, elsku mamma mín, og þú ert víst búin að fá nóg. Viltu skila ástarkveðju til Helga¹² frá okkur öllum. Þér er beðið að heilsa voða mikið frá ömmu, systir,

¹ Sigríður Helgadóttir móðursystir þeirra frá Odda

² Soffía Skúladóttir (1897-1939) frá Odda. Matreiðslukennari. Þær Þórhildur og hún voru systradætur.

³ Skúli Skúlason (1861-1933) fyrr prófastur í Odda á Rangárvöllum, átti Sigríði móðursystur hennar og faðir Soffu. Síðar starfsmaður í fjármálaráðuneyti.

⁴ Eggert P. Briem (1898-1985) bróðir bréfitara, þá starfsmaður Eimskipafélags Íslands.

⁵ Guðmundur Vilhjálmsson (1897-1965) fulltrúi Sambands ísl. Samvinnufélaga í Khöfn. Síðar forstjóri Eimskips.

⁶ Kumpáni, náungi, niðrandi.

⁷ Árni Eggertsson, Vestur-Íslendingur.

⁸ Mjólkurgrautur.

⁹ Klemens Jónsson (1862-1930), landritari þar til embættið var lagt niður 1917. Síðari kona hans: Anna f. Schiöth (1879-1961); bjuggu í næsta húsi, Tjarnargötu 22.

¹⁰ Gunnlaug Briem (1902-1970), kaupkona og síðar forstjóri Söfnunarsjóðs Ísl. Átti Bjarna Guðmundsson blaðafulltrúa; þær bræðradætur.

¹¹ Þorbjörg Þorleifsdóttir síðar Thorlacius (1896-1985) Jónssonar bónda og alþingismanns á Hólum í Hornafirði. Átti Þorstein Thorlacius.

¹² Helgi P. Briem (1902-1981) síðast sendiherra.

frænda og fleirum. Heilsaðu líka systrunum¹ og Kristni² frá okkur. Vertu nú margblessuð -- frá þinni elskandi dóttur Hildu.

Friede: Elsku besta mamman mín!

Eitt orð frá mér þó að Hilda sé búin að telja upp alla viðburðina. Sigga³ var að koma utan úr Viðey; frú Sigurðsson⁴ er úti í Viðey og bauð þeim að koma til sín. Þær fóru kl. 10 og fengu strax smjör og brauð og soðin hænuegg, lax og *leverpostej*⁵; og pönnukökur og *syltetøj*⁶ með kaffinu; ég sagði ekki annað en: Bærilega byrjar það nú. Þegar þetta var búið fóru þær út í varpið og rændu sér krúueggjum, fóru síðan að fá sér eitthvað í svanginn. Á þessu gekk til klukkan 9, þá komu þær heim.

Þakka þér annars fyrir ágætis eggjasnafs⁷ sem við gæddum okkur á í eftirmiðdag. Amma var uppi hjá systir að drekka súkkulaði í formiðdag, ásamt frú Ragnheiði Bjarnadóttur og konu sem hafði verið með Skúla þegar hann var lítill; þar leið öllum vel eftir vonum. Fæðingardagur Eggerts frænda⁸ var um daginn; þar var *rungandi knall* eins og þú getur nærri, og var tvo daga þar á eftir; daginn eftir kvöldboð, Jóhannes bæjarfógeti,⁹ Axel Tulinius og frú¹⁰ og einhver aðkomuhjón, sem ég þekkti ekki; næsta dag var kerlingaboð.

Heldurðu að það hafi verið heiður! Ráðherrafrúin frá Ystafelli settist inn í stofu hjá mér um daginn (það var voða pent inni); Sigurður ráðherra¹¹ komu að vitja um Þorstein, ég kom til dyra, og Sigurður fer inn, en segir frúnni¹² að bíða á meðan hann sé inni, og þetta fannst mér vera svo dónalegt, að ég auðvitað bauð henni inn, svo var sá gamli lengi inni hjá Þorsteini; ja þvílíkt! Svo báðu bæði að heilsa þér. Skilaðu kveðju til Helga og allra frá mér –

¹ Systurnar voru Helga og Álfheiður frænkur þeirra á Suðárkróki. Jónheiður Helga Guðjónsdóttir (1869-1942) húsfreyja á Sjávarborg og Sauðárkróki. Átti Pálma Pétursson bónda þar og síðar kaupmann á Suðárkróki. Álfheiður Guðjónsdóttir (1874-1942). Átti Kristján Blöndal póstafréiðslumann og bóksala á Suðárkróki.

² Kristinn P. Briem (1887-1970) sonur Páls Briem af fyrra hjónabandi.

³ Sigríður Tómasdóttir (1899-1990) sonardóttir og uppeldisdóttir Þórhildar Tómasdóttur (1835-1923), móðir Álfheiðar bjó í Tjarnargötu 24 hjá henni.

⁴ Sennilega ensk kona Sigurðar Sigurðssonar kaupmanns í versluninni Edinborg.

⁵ Lifrabaka.

⁶ Sulta.

⁷ Pískuð eggjahæra.

⁸ Eggert Briem (1867-1936) hæstaréttardómari, föðurbróðir Friede. Bjó í Tjarnargötu 28.

⁹ Jóhannes Jóhannesson (1866-1950) bæjarfógeti.

¹⁰ Axel Tulinius (1865-1937) áður sýslumaður, síðar forstjóri Sjóvátryggingafélags Íslands og kona hans Guðrún (1875-1954) Hallgrímsdóttir biskups Sveinssonar.

¹¹ Sigurður Jónsson (1852-1926) alþingismaður og ráðherra frá Ystafelli.

¹² Kristbjörg Marteinsdóttir (1863-1938) frá Lundarbrekku.

1918

Álfheiður Briem skrifar Jónínu Tómasdóttur.¹ Sauðárkr. 3.8.1918.

Elskulega frændkona. Innilegt þakklæti eiga fáeinar línur að færa ykkur hjónunum fyrir viðtökurnar síðast. Sjálfsagt sætum við á Siglufirði enn ef þið hefðuð ekki komið okkur áleiðis. Og þó Siglufjarðarskarð sé varla mannavegur, þá gekk nú ferðin alveg ágætlega og fannst mér satt að segja mikið til um allan þann dugnað! Ég læt liggja milli hluta hvernig ég var daginn eftir, en það bar ég með „*anstand*“?

Síðan ég kom hingað hef ég lifað eins og blóm í eggi og sjálfsagt þyngst um vætt og gengið milli frænda og vina. Nú er ferðahugurinn farinn að gera vart við sig og vildi ég óska að veðrið blíða og indæla vildi haldast, því sjómaður er ég eiginlega ekki, og er það held ég minn eini galli!!! Í gær var ég úti að ríða og var það indælt, því veðrið var svo gott, og þá er Skagafjörðurinn alveg unaðslegur. Annars hef ég ekkert farið, því ég er ekki gefin fyrir ferðalög þó ég væri svona myndarleg á „skarðinu“. Ég sendi þér nú loksins húfu og sængurver elsku litla Jóns og þakka honum kærlega fyrir lánið. Ég vissi ekki af neinni ferð fyrr, annars hefði ég verið búin að senda það fyrir löngu. Viljið þér bera föður yðar og systur kæra kveðju mína -- þakka ykkur alla vinsemd og hjálp. Helgi biður kærlega að heilsa með þökk fyrir sig. --

Álfheiður Briem skrifa Jónínu Tómasdóttur.³ Reykjavík, 9. sept. 1918.

-- Ferðalagið gekk alveg ágætlega. Ég fór af stað með Sterling frá Sauðárkróki og til Blönduóss. En þegar ég heyrði að skipið ætti að „doka“ við í 30 klukkutíma var mér nóg boðið og fór í land, fékk mér hesta og fylgd, og tólti af stað vestur á Stað og þaðan daginn eftir niður að Dalsmynni, þaðan labbaði ég á tveim jafnfljótum niðri Borgarnes. Þar beið Bifröst eftir mér?! og á stað var farið, heim kom ég 12 tímum á undan Sterling og naut góða veðursins og fallegu náttúrunnar, í stað þess að vera ælandi alla leið. Það var nú meiri munurinn. Ef ég lifi það að fara einhvern tíma aftur norður veit ég hvernig á að ferðast, en líklega verður bið á því að ég fari á stað aftur, svona útúrdúra má maður ekki gera árlega.

Héðan er annars ekkert að fréttu. Elín⁴ systir yðar er núkomin til bæjarins og ætlar að vera hér í vetur. Ég er feikna glöð að hafa hana nálægt mér í dálítinn tíma; hún býr hér rétt hjá -- ég vildi óska þér væruð eins frískleg og feit eins og hún. Ég hef aldrei séð hana jafn pattaralega.

Ég ætlaði svo sem að manna mig upp og senda elsku litla Jóni í sunnudagablússu, en hálfskammaðist mín að senda þetta, svo ómerkileg sem það er, um allan bæinn í þessum líka fáu verslunum er ekki hægt að drífa upp almennilegt *flauel* nema kolsvart og þykir mér það síst hentugt á lítinn pilt, þó ég hinsvegar viti að honum fer allt jafn innðælislega vel. Slipsið⁵ vona ég þér notið sjálfar, það á að vera lítill þakklætisvottur fyrir allt umstangið og fyrirhöfn fyrir mér og Helga. --

Af fyrri hluta þessara ferðar segir Helgi P. Briem frá í bréfum sem ég birti í bókinni: Helgi P. Briem: Minningar mínar.

¹ Jónína Tómasdóttir (1875-1967) á Siglufirði. Þær Álfheiður voru þremenningar. Hún var móðir Jóns Kjartanssonar 1917-1985) alþingismanns.

² Virðing.

³ Jónína Tómasdóttir (1875-1967). Og systur Elínar Tómasdóttur kennslukonu, nánustu vinkonu Álfheiðar. Jónína átti Kjartan Jónsson byggingameistara og voru þau foreldrar m.a. Jóns Kjartanssona alþingismanns, síldarverkanda og forstj. Áfengis- og tóbaksversl. ríkisins.

⁴ Elín Tómasdóttir, kennslukona, var nánasta vinkona Álfheiðar. Henni kynntist ég vel og fylgdi henni oft heim en hún bjó á æskumheimil Matthíasar Johannessen skálds sem bjó á Hávallagötu ef ég man rétt.

⁵ Silkiborði á peysuförtum.

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Edinborg, Edinborg, 20.8.1921.

Nýkominn af skipsfjöl.¹ -- þegar skipið nálgast land fór líf að færast í mannskapinn og var mikið gert að veðmálum -- Það var Steini Skelving² apótekari og Kreyns -- sem gengu fram í því. Fyrst var veðjað um hvenær skipið færi framhjá *Rattray Head*. Átti hver sem tók þátt að nefna einhvern tíma og borga um leið tvær krónur, og sá sem komst næst rétta tímanum -- Næsta veðmál var í því fólgið að stilla átti *grammóphón*³ upp á dekkið kl. 12 og svo átti að geta hvað margar stúlkur rynnu á hljóðið og kæmu upp (þær lágu í sínum *respektive* rúmum allflestar, en tvær voru uppi. Skilmálar voru sömu að 13 voru komnar á fætur kl. 2. Maffi gaf það sem hún vann í Landspítalasjóðinn og hin fóru að hennar dæmi og fékk sjóðurinn 150 kr. Síðasta veðmálið var í því fólgið að Steini Skelving, sem eins og þú sérð, var hrókur alls fagnaðar, tók áfengisbók Bjarna Skræks, þ.e. pöntunarbók litla og skoraði á menn að geta hvað Bjarni greiði hefði keypt mikið af víni um borð og vann Ágústi litli Flygenring⁴ það veðmál og fóru peningarnir í líka í Landspítalasjóðinn.

Svo var það að ég teikna mynd af Davíð Scheving (*Thorsteinsson læknir, föður Þorsteins*) og aðra af Ágústi Flygenring og Ásgeiri Sigurðssyni (konsúl/kaupmanni) þar sem þeir voru að diskútera⁵ hvort hægt væri að fá 6 eða 8 viskísjússa úr einni viskíflösku og hvaða líkjörar væru bestir á bragðið (þeir þekktu það kallarnir!). Myndirnar voru ekki *júst*⁶ flatteraðar en þekkja mátti kallana. Voru þær þegar í stað settar á uppboð til ágóða fyrir Landspítalasjóðinn og keypti Ásgeir

Sigurðsson myndina af Davíð fyrir 17 kr. og frú Milly Sigurðsson myndirnar af Ásgeiri sínum og Gústa litla fyrir 20 kr. Frú Milly sagði þegar hún sá myndina: Við mig sagði hún að hún hefði keypt myndina til þess að geta sýnt Ásg.: *Ég hef aldrei tekið eftir fyrir hvað þú er orðinn ljótur Ásgeir*. Hann er að gera sig breiðan, að hann þurfi ekki að láta svona, því svona sé hann í raun og veru! Um kvöldið var dansað í tunglsjósi og sléttum sjó eins og við á! --

Svo fór ég í land með Sigurði skipstjóra (*frá Hrólfskála, sem var skipstjói á Gullfossi alla tíð sína*). Hann var leiðsögumaður minn, því ekkert rataði ég. Það sem sló mig fyrst var eins og fleiri hvað allt var óhreint, mikil móða og mistur í loftinu, og svo hestarnir og hvað vinnukarlarnir í dokkinni voru ólíkir kollegum þeirra heima. Jæja, við fórum upp á skrifstofuna og þar hitti ég alla þessa sem ég bara þekkti af nöfnum áður - þeir tóku aldeilis á móti mér eins og gömlum vini --

Það eru talsvert önnur lokar sem maður hefur hér á kontórnum en heima. Mér finnst allt svo slitið og óhreint og svo eru kontóristarnir svo illa klæddir að ég furða mig á því! Þeir eru sumir í afgömlum jakkaræflum sem þeir hafa auðsjáanlega keypt á uppboði eða einhverju svoleiðis, alltof stórir og hef ég séð einn sem þarf að bretta ermarnar upp fyrir olboga! Svo langar eru þær. --

Ég vona að Frieda standi sig vel á kontórnum (*hjá Eimskip*), viltu biðja hana um að skrifa mér hvernig gengur. -- Ég gleymdi söngvasafninu. Heldurðu að þú viljir senda það -- með einhverjum skipstjóra sem fer til Leith. --

Mér þykir einna leiðinlegast að ég hef svo lítið að gera hér á kontórnum, ég er heldur óvanur því. Reyndar sýnist mér hinir strákarnir hafa býsna lítið að gera líka -- Kontórinn hér er mjög *ómóderne*.⁷ Þeir eiga enga reikningsvél og þegar ég keypti blýantsyddara af sömu gerð og notaðir eru heima, vakti það feiknar *opsigt*⁸, og gekk maður undir manns hönd til að fá að ydda blýantinn sinn og þótti þeim það, ungum og gömlum, hin besta skemmtum. --

¹ Eggert var starfsmaður Eimskipafélags Íslands og hafði lengi verið. Sjá m.a.: Eggert Ásgeirsson: Tómas Sæmundsson og Sigríður Þórðardóttir. Rvk. 2007, bls. 209-212. Hann var sendur til náms af vinnuveitanda sínum til Edinborgar og fleiri staða 1921. Í ferðinni skrifaði hann fjölskyldu sinni í Tjarnargötu 24 fjölda bréfa. Hér eru glefsur til mómmu hans, Álfheiðar Briem, nema annað sé tekið fram.

² Þorsteinn Scheving Thorsteinsson.

³ Síðar kallað silkiborði/slaufa við peysuföt.

⁴ Kaupm. í Hafnarfirði, alþingismaður.

⁵ Ræða.

⁶ Vel/beint.

⁷ Kona Ásgeirs.

⁸ Athygli.

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Edinborg. 4.10.1921.

Er að leita fyrir hana að rafmagnsljósakrónu og einnig að hatti og býðst til að kaupa á Jónadab (Jónu) fósturstystur sína góð stígvél. Fór um helgina í langan göngutúr um bæinn og sá að Gullfoss var að koma, fór um borð og hitti þar Gunnlaug Claessen lækni frænda sinn og konu hans. Bauð hann þeim Guðmundi Vilhjálmssyni, síðar forstj. Eimskips að borða með sér. Lítið var að gera um kvöldið því á sunnudagskvöldum í Skotlandi er lítið um að vera. Svo fór hann í tíma í arithmetic í háskólanum og veitti ekki af því ekki var kennslan í reikningi góð hjá Sigurði Thoroddsen á sínum tíma. Segist vera orðinn æfður að ræða um veður, því það sé meginaumræðuefnið.

1922

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Khöfn, 29.6.1922.

-- Ég ætla að nota tækifærið að skrifa þér því Sigga Briem¹ og Hálf dán² og Hilda³ eru boðin út til Lundings og er ég því ein heima. Það er þá best að byrja á ferðinni.

Ég fór snemma að háttu um kvöldið. Því fyrst leist mér ekkert á samferðafólkið og í öðru lagi leið mér ekki sem best; ég vaknaði næsta morgun um 7½ og var þá verið að sigla inn í Vestmannaeyjar; ég fór á fætur en ekki í land, því það var rigning og við stóðum stutt við. Áður en við lögðum á stað var borðar og borðaði ég þar með, en ekki vorum við fyrir lögð á stað fyrir en ég varð sjóveik og fór að háttu. Svo lá ég alveg þangað til á þriðjudag og smakkaði ekkert nema appelsínur og vatn. Það var ljótan; ég hefði ekki trúað að sjósótt væri svona slæm; þetta telur enginn neitt, en það er þá nokkuð betra að hafa háan hita heldur en þetta, það segi ég bara. Svo á þriðjudaginn leið mér alveg ágætlega og borðaði ég þá svo voðalega ósköp góðan og *lækran*⁴ mat.

Ég kynntist ekkert fólkinu um borð, nema Sigrúnu⁵ frá Gilsbakka, en það sem mér þótti skemmtilegast var að spila á fortepíanó og Bernburg⁶ spilaði á fiðlu. Þú hefðir átt að vita hvað það er gaman. Var klappað fyrir okkur, það er að segja Bernburg hefur víst átt *bifaldei*⁷ minnsta kosti tók ég það ekki til mín.

Svo komum við hingað til Hafnar og tóku Hálf dán og Sigga Briem á móti mér í ausandi rigningu. Hitti ég svo á að frk. Agger var í sumarfrí en lítil kerling, ósköp góð reyndar, kannaðist ekki við neitt, en þegar við sögðum henni að ég hefði fengið loforð bréflaga hjá frk. Agger fyrir herbergi, sagði sú gamla að herbergið væri uppi á 4. sal og þar sit ég nú og skrifa þér. Það er reglulega huggulegt með eftirmiðdagssól, ég sef á divan sem er fallett teppi yfir á daginn, annars eru hér tveir stólar, borð, kómóða,⁸ servantur;⁹ útskorin hilla á veggnum og margar myndir, og mamma, það er reyndar stikkontakt,¹⁰ það er nefnilega bæði borðlampi og lampi í loftinu, þeir eru með bleikum sirsskermum¹¹ og eins gardínur fyrir glugganum og betræk¹² á stólunum, líka forhengi¹³ fyrir ofninum og lítil hilla fyrir ofan, þar hef ég látið myndir, annars hefur stúlkan sem hefur þetta herbergi hina myndirnar, hún er bara í sumarfrí, sérðu þetta ekki allt í þeim anda?

Nú er 30. júní og ég er búin að fara mikið í búðir og hef verið að skoða kápur; það er alveg undarlegt hvað verðið getur verið mismundandi, ekki síður en heima. Ég er búin að skoða allar svartar kápur hér í bestu forretningunum¹⁴ og er ég að hugsa um að slá mér á eina sem ég mundi helst halda að þér líkaði, var verðið á henni núna 80 kr. en er sett mikið niður¹⁵ eins og öll sumarföt eru nú, nema skór, mér alveg ofbýður verðið á þeim alls staðar sem ég hef séð þá, ég hef keypt handa Dídí eina á 22 kr., en verst þykir mér ef henni mislíkar þeir þegar þeir koma, því þeir eru eins og hennar gömlu, en verðið er svo óvanalega gott og ég þekkti þessa tegund, að hún er *solid*¹⁶ og góð fyrir verðið heima, Ekki veit ég hvernig mér gengur að fá hatt handa Dídí, mér finnst ekki svo mikið úrval nema á dýrum

¹ Sigríður Briem Thorsteinsson (1901-1998), handavinnukennari, dóttir Eggerts og Guðrúnar Briem, Tjarnargötu 28.

² Hálf dán Helgason (1897-1954) prófastur á Mosfelli í Mosfellssveit. Sonur Jóns Helgas. biskups og Marie í Tjarnargötu 26.

³ Þórhildur Helgason (1901-79), leikskólakennari og hjúkrunarkona, systir Hálf dás. Þau voru í móðurætt frá Danmörku.

⁴ Fallegan og góðan mat.

⁵ Sigrún Magnúsdóttir (1899-89) hjúkrunarforstj. frá Gilsbakka í Hvítársíðu. Ég starfaði með henni í Heilsuverndarstöðinni.

⁶ Poul Bernburg fiðluleikari.

⁷ Lófatak.

⁸ Hirsla með mörgum skúffum.

⁹ Skápborð undir vatnskönnu og þvottaskál.

¹⁰ Rafmagnsinnstunga.

¹¹ hlíf úr þéttofnu bómullarefni.

¹² Hlíðarklæðningu.

¹³ Léreftshlíf.

¹⁴ Verslunum

¹⁵ Lækkað í verði.

¹⁶ Vandað.

höttum, en ég ætla að skoða sem flesta, handa sjálfri mér keypti ég ljósgrænan stráhatt með ljósgrænum röndum og kostaði hann 3.85. Mér fannst hann ágætur handa mér og hann fer mér vel, en Dídí vill áreiðanlega ekki svoleiðis hatt. Ég sendi kökukassann til Helga og varð ég að fylla út svo mörg eyðublöð að það var alveg óhugguleg og kostaði undir hann 1.25. Mér fannst það skrambi dýrt, en hvað um það.

Mamma! Fyrsta kvöldið sem ég var hérna fórum við Sigga Briem¹ með Hálfadáni á Wivel, (láttu engan sjá þetta nafn, því það er víst áreiðanlega vitlaust skrifað), mikið afskaplega er það fínt og góð músík þar, jæja, við fengum súkkulaði og rjómaskúm,² en af því að ég var ekki búin að jafna mig eftir sjóferðina hafði ég ekki lyst á nema annarri kökunni minni, en Hálfdán³ hafði engan disk, því hann drakk öl, en hann vildi ekki skilja kökuna eftir, tók fatið til sín át kökuna og rjómaskúmið sem var eftir á asfettunni⁴ með skeiðinni sem í því var, ja, því var ég fegin segi ég bara, að engin var þar sem þekkti okkur, þá hefði ég svo sannarlega dauðskammast mín, því aðfarirnar voru ljótar, því piltur hefur ekki vitund pólerast. Það er svoleiðis með mig, mamma, að þarna inni á kaffihúsin var alveg fullur salurinn, en mér fannst það hálf trist⁵ að þekkja engan einasta mann, alls staðar andlit, en öll ókunnug, en því venst maður sjálfsagt. Ég fór út á spítalann til Hildu⁶ og þar er sá fallegasti garður sem ég hef á ævi minni séð, þær rósir, alveg klasarnir af stórum fransrósum og allt ilmaðir, ó hvað það get verið yndislegt. Hilda er fjarska ánægð, en þrátt fyrir annríkið heldur hún holdum, það er nú svo sem gott því þá hefur hún meira mótstöðuafli, því hún er á tæringarveikisdeildinni.⁷

Ég var svo óheppin að Haraldur Sigurðsson⁸ var farinn til Þýskalands fyrir bara nokkrum dögum, svo ég gat ekki talað við hann, eða fengið að vita neitt um handstöðuna; það tjáir ekki að tala um það. Ég hef svo góða matalyst hér, því ég er svo mikið úti að ég er nærri því hissa, við fáum te á morgnana frá kl. 7½ til 9 og frokost kl. 10¼ og mjólk með brauðinu, svo er borðaður miðdegismatur kl. 1¼ og hef ég þessa daga æft mig fyrir miðdag, svo er kaffi kl. 3½ og kvöldmatur kl. 7 og fáum við þá bæði mjólk og te; allur þessi matur er alveg ágætt vel tilbúinn og bara reglulega góður, mér hefur fundist allt gott nema öl sem við fengum út á hrísmjölsgraut í dag; öl get ég ekki smakkað og eins var um borð í Gullfossi að það var serverað vín með tertu, sem við fengum, og það fannst mér líka voða vont, það var madeira, og bara aðeins smakkaði ég á því. Árni Nic. hafði aftur bara góða lyst á því og ekki síður Gunna dóttir hans,⁹ annars var ekkert fyllerí um borð. Árni var bara eins og hann var vanur, svona eitthvað í honum.

Jæja, elsku mamma mín, og þið öll. Verið þið sæl, ég bið að heilsa öllum í húsinu,; hjá Jóni frænda og uppi á Bergstaðastræti;¹⁰ ég vildi óska að höfuðið þitt væri ekki eins slæmt og vanalega og að amma væri ekki mjög erfið. Guð fylgi ykkur. Þess biður þín elskandi Fríða.

Dídí mín og Hilda, ég ætla að skrifa ykkur með Gullfossi. Viltu skila kveðju til henna Kötú.¹¹

Friede Briem skrifar Álfheiði Briem. Khöfn, 5.7.1922.

-- Nú fer Gullfoss á föstudaginn og ætla ég að senda það sem ég hef keypt, en sjálf ætla ég á föstudaginn út til frk. Bruun¹² og fer um morguninn og ætla að koma aftur um kvöldið. Ég skrifaði henni í dag og spurði hvort ég mætti

¹ Sigríður, frænka og grannkona, Briem, síðar Sch. Thorsteinsson.

² Þeyttur rjómi.

³ Síðar séra Hálfdán Helgason prófastur á Mosfelli í Mosfellssveit.

⁴ Hliðardiskur.

⁵ Sárt.

⁶ Þórhildur Helgason, biskupsdóttir, systir Hálfdans.

⁷ Hún lauk ekki prófi. Var síðar tekin inn í samtök hjúrunakvenna og vann sem bæjarhjúrunarkona í Rvík. Eftir að hafa verið brautryðjandi á sviði leikskóla fyrir börn.

⁸ Haraldur Sigurðsson (1892-1984) fái Kaldaðarnesi, síðast prófessor í Khöfn.

⁹ Árni Nikulásason (1858-) *Árni nikk*, hárskeri við Kirkjutorg og Guðrún (1891-1971) (*Gunna Nikk*) dóttir hans sem starfaði í *Haraldarbúð*.

¹⁰ Bergstaðastræti 9, séra Skúli Skúlason, áður prófastur í Odda, og Sigríður Helgadóttir móðursystir Friede.

¹¹ Karítas Guðmundsdóttir (1899-1982), vinkona Friede er átti síðar Jón Steingrímsson sýslumann í Borgarnesi.

¹² Mun vera systir *töntu Maríu*, konu Jóns biskups Helgasonar.

koma og vonast ég eftir svari á morgun; svo á laugardaginn ætla ég út á Færgegården og þarf ég líka að skrifa þangað, svo nóg eru nú kontórstörfín.

Hugsaðu þér mamma, ég fæ ekki pláss hér í K.F.U.M. í vetur, því ég get alls ekki fengið að æfa mig hér og heldur ekki hafa píanó inni á herberginu mínu. Ég er því að biðja Helga Tómasson og Kristínu¹ að auglýsa og útvega mér stað sem er hentugur fyrir mig, en það þýðir ekki fyrr en í miðjum ágúst, því það er svo margt fólk úti á landinu núna, en kemur aftur í ágúst. Frökenin hérna vísaði mér á einn stað þar sem væri laust herbergi, og fór ég þangað, en þar var ekkert píanó, en þegar ég spurði hvort ég gæti ekki leigt píanó og hafa það inni í herberginu hjá mér, en þá bjó einhver gömul kerling við hliðina, sem ekki þoldi að hlusta á músik og æfingar, svo það varð ekkert úr þessu, því ég verð að fá að æfa mig eins mikið og ég vil til þess að mér gangi dálítið. Fröken sem er hér í K.F.U.M. sagir reyndar að það sé ekkert þreytandi að hlusta á mig spila, en það finnst víst ekki öllum. Þú manst, mamma mín, að ég skrifaði þér að ég hefði verið ein heima því Sigga Briem, Hilda og Hálfván voru hjá frú Lunding, sem er ein heima, því maðurinn hennar og sonur eru úti á landinu. Þegar hún heyrði að ég væri hér sendi hún Hálfván til að sækja mig, en ég vildi ekki fara og sagði svo Hálfván að ég væri úti með Sigu Tómasdóttur; jæja daginn eftir var ég hér uppi í herberginu mínu. Þá er bankað og inn kemur einhver kona, með voða stóran rósabúkett, og spyr hún mig hvort ég sé frk. Friede Briem, og kvað ég já við, og segist hún vera Lily Lunding. Hún segist endilega vilja fá okkur öll út til sín, en hafi farið fyrst til mín til þess að ég kæmi áreiðanlega með. Sagðist ég vera svo upptekin, ég þyrfti að skrifa heim og útrétta svo margt og ég færi bráðum úr bænum, svo ég mætti ekki vera að nokkrum sköpuðum hlut; en ég þakkaði henni kærlega fyrir. En það þýddi ekkert, hún var að ákveða nú þennan dag og nú þetta kvöld; og ég gat ekki seinast annað en lofað að koma líka. Þá tekur hún rósirnar sem hún var með (þær voru 19) og gefur mér og þakkar mér fyrir að ég skuli ætlað að koma þó ég hafi svona annríkt. Og fór ég svo þangað næsta kvöld. Þegar ég var á leiðinni var ég næstum snúin við, en þá var ég búin að lofa, svo það dugði ekki.

Tók frú L.L. afskaplega vel á móti okkur og fengum við í desert jarðaber, rjóma og *madeira*.² Hún var alveg framúrskarandi góð mér, gaf mér rósir þegar ég fór og kyssti mig á kinnina. Það veit heilög hamingjan, mamma, að ég gat ekki annað en farið þangað, þó ég ætlaði mér það ekki, því frúin nauðaði svo í mér.

Jæja, á sunnudaginn fórum við Hálfván og Sigga Briem út í *Zoologisk have*³ og það segi ég satt, að ég var bæði svöng og þreytt þegar ég var búin að skoða öll dýrin. Mér fannst það gaman, en það var engin overraskelse⁴ neitt af þeim, því ég hafði hugsað mér þau nákvæmlega svona, eftir myndum. Við vorum þar frá 2-5 og drukkum kaffi úti og var afskaplega margt fólk þar. Þar sá ég Sidda Briem,⁵ ég heilsaði upp á hann; hann er orðinn svo ellilegur, með yfirskegg, og svo er hann töluvert gráharður, en annars grettir hann sig eins og áður og fitjar upp á nefið, þó að hann hlægi ekki.

Svo um kvöldið fórum við í Friluftsteatret⁶ og sáuum Det var engang, var voða gaman, en slepptu þeir svo mörgu úr, sem ekki var hægt að sýna undir berum himni. Ellen Aggerholm lék prinsessuna en Adam Poulsen prinsinn. Voru þau voða lagleg og sérstaklega fannst mér þau hafa fallegan og skíran málróma, eins fannst mér sætt þegar hofdömunar hlógu, það var alveg eins og klukkur. Annars var það sem hreif mig mest, þegar var sungið þarna seinast: Vi vil elske vort land, það var alveg gullfallegt, hugsa sér að sjá þetta í Konunglega leikhúsinu, það má vera gaman.

Ég fór til Licht systranna⁷ sem voru nýkomnar úr sumarfrí; þær voru fjarskalega vingjarnlegar og framúrskarandi fjörugar; þær alveg hoppa þrátt fyrir gráu hárin. Við borðuðum þar til kvölds, því þær ætluðu að fara að borða þegar við komum. Þær báðu mig um að skila mikið af kveðjum til þín, mamma, og buðu mér að koma aftur. Síðan ég fór

¹ Helgi Tómasson (1896-1958) frændi hennar, við framhaldsnám í geðlæknisfræði og kona hans Kristín Bjarnadóttir (1894-1949) frá Engey.

² Víntegund.

³ Dýragarður.

⁴ Kom ekki á óvart.

⁵ Sigurður Halldórsson Briem (1895-1968) tónlistarmaður og gítarkennari. Þau bræðrabörn.

⁶ Útileikhús.

⁷ Systur Marie Licht Helgason, konu Jóns biskups.

að heiman hef ég spilað á svo mörg fortepíanó og það var það fyrsta sem ekki var falskt. Annars spilaði ég á annað sem var ófalskt í gær; það var í Vilhelm Hansens Musikforlag. Ég var að kaupa mér: Ó, guð vors lands, og fékk að reyna það. Mikið skelfing er farið vel með mann í búðunum hérna, það er eins og maður sé kóngur; það á svo dæmalaust vel við mig.

Nú er best að ég fari að telja upp kaupskapinn. Fyrst keypti ég kápu handa þér fyrir kr. 80; ég gekk búð úr búð og skoðaði fyrst í gluggum og síðan inni. Mér fannst það ekkert vont þó ég keypti ekkert, svo skrifaði ég hjá mér bestu staðina og valdi svo þessa eftir mikla umhugsun; svo keypti ég piparbyssu og sinnepsglas á 1.90 hvort tveggja. Hugsaði þér mamma, ég ætlaði bara hvergi að fá piparbyssuna af mátulegri stærð, því skyldi maður varla trú á í Köbenhavn. Ég lét grafa á skjöldinn K.B.G. eins og þú baðst mig. Mér fannst það reglulega vel gert og kostaði það 0.90, svo lét ég ramma málverkið inn. Var ramminn svartur með örmjórrí gylltri rönd innan í og það setti alveg svip á málverkið þegar ramminn var kominn og vorum við Sigga Briem báðar stórhrifnar. Svo keypti ég fáeinar pappírsservíettur af því þær voru svo billegar og þær ætla ég reyndar að skenkja þér, ja þvílíkt, lítil gjöf en mikið heldur lagleg!! Já ramminn kostaði 4.80, er það dýrt, því hafði ég nefnilega alls ekki vit á, en hann er líka reglulega fallegur. Ég gat ekki stillt mig um að kaupa ósköp lítið til að stinga upp í ykkur, því hér fær maður svo mikið meira fyrir peningana sína heldur en heima. Þið hugsi þá til mín þegar þið njótið þess; ég keypti brjóstsykur í einni fabrikku hér og það sem er í kassanum, sem ég skrifaði utan á til Jónu, kostaði ekki nema 1.30, heldurðu að það sé dálítið annað en heima. Þú kemur svo kassanum litla út til töntu Guðrúnar fyrir hana Siggu.¹

6.7.1922. Í gær var ég í boði hjá Helga Tómassyni, því það var afmælið hennar Siggu² daginn áður. Þar voru Hilda, Sigga Briem, Daníel Fjeldsted³ og Snorri Halldórsson.⁴ Það var reglulega gaman. Snorri talar nú norsku, skal ég segja þér, það er bara flott, sérstaklega þó, ef hann væri ekki svona seinmæltur. Snorri og Daníel fara með Gullfossi í morgun því þeir eru búnir á fæðingarstofnuninni.

Ég var hissa á því sem þeir sögðu mér. Hélt þú ekki að sumar af þessum skemmtunum sem verið var að halda væru til að styrkja hana Nínu Sæmundsson⁵ af því hún væri á hæli? Það hélt ég, því það var alltaf verið að segja þetta heima. Nei, Snorri og Daníel hittu hana og er hún búin að vera á löngu, löngu ferðalagi með 6 Aröbum. Það voru fylgdarmenn svona margir með Nínu og annarri stúlku, því það eru ræningjar og allt mögulegt, á leiðinni, svo þeir (nefnilega Arabarnir) voru allir vopnaðir; þau tjölduðu á næturna og hafði gengið alveg ágætlega. Nína; hún er orðin frísk fyrir nokkuð löngu, skildist mér, en skemmtanirnar eru víst til að styrkja hana Önnu Stefánsdóttur.

Ja, hann Kristmundur Guðjónsson,⁶ sá þykir mér nú vera heldur mikill ræfill. Hann er á fæðingar-stofnuninni og fyrsta daginn, sem hann var þar, svo augafullur að hann gat ekki einu sinn talað, en bílstjórinn sem hann náði í, fann kort í vasa hans þar sem adressan⁷ var skrifuð á, en þegar þangað kemur er værtinden alveg dauðhrædd við þessi ósköp og segir bílstjóranum, að þetta sé lækni og hann sé á fæðingarstofnuninni frá þeim degi, þá átti að presentera (*kynna*) hann fyrir prófessorum. Til allrar hamingju var prófessorinn ekki við, svo Snorri og Helgi Tómasson taka við honum. Þeir segja honum að fara að sofa sem fyrst og skuli hann raka sig o.s.frv. og mæta svo kl. 7 til að kynna prófessorum. Svo skipta þeir sér ekkert af honum, en kl. 7 mætir hann, og getur þá aðeins staðið; er órakaður, ógreiddur og óhreinn. Hvernig indtryk (*áhrif*) heldurðu að hann hafi gert? Svo morguninn eftir fór hann að ranka við sér og þá uppgötvaði hann að hann var búinn að týna bréfi til Kaabers en annað bréf til konunnar hans var hann með og var það bæði óhreint, krullað og rífið, en hann sagði bara, *oh skitt*, og í póstkassann fór það, þið látið nú þetta ekki berast frá mér.

Það er dúkkuhaus þarna ofan í sem Elínborg bað mig að kaupa, hann átti nú víst að vera mikið stærri en ég læt bara eins og það hafi ekki verið hægt að fá stærri, nema skrokkin með, mér fannst þetta alveg nógu stórt, því þau væru mikið dýrari þessi stóru.

¹ Guðrún kona Eggerts Briem, föðurbróðir Friede. Bjuggu í Tjarnargötu 28. Sigríður Briem g. Thorsteinson.

² Sigríður Tómasdóttir frænka og uppeldissystir.

³ Daníel Fjeldsted (1894-1967) héraðslæknir, síðast í Álafosshéraði. Skáld og þýðandi.

⁴ Snorri Halldórsson (1889-1943) lengst héraðslæknir í Síðuhéraði. Hafði búið í Tjarnarg. 24 á námsárum sínum.

⁵ Nina Sæmundsson (1892-1965) myndhöggvari.

⁶ Kristmundur Guðjónsson (1890-1929), héraðslæknir á Reykhólum og í Reykjarfirði, Strandasýslu.

⁷ Heimilisfang.

Í morgun þegar ég fór út lét ég taka af mér þessa mynd, bara upp á grín; hvernig finnst þér ég taka mig út með ráðhúsið í baksýn. Mikið lifandis ósköp er heitt hérna, það voru 25° núna í kvöld og alveg þykkt loftið. Ég sakna afskaplega björtu kvöldanna, en það er auðvitað margt sem maður fær í staðinn. Mikið vildi ég óska, mamma mín, að þú væri betri í höfðinu og amma þreytti ykkur ekki mjög mikið, en það er eitthvað svo *håblöst*¹ að sjá fram á þetta með hana, en mikið vildi ég óska að þetta yrði betra.² –

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Khöfn, 8.7.1922

-- Ég heyrði rétt áðan að Geir fari í kvöld svo ég var heldur ánægð yfir að geta glatt þig með því að ég er búin að fá stað í vetur. Ég ætlaði í morgun út í Nyköbing, en það var svo leiðinlegt að fara héðan án þess að hafa nokkurn stað til að vera í vetur, og alltaf er það verra að biðja aðra að útvega sér, svo ég ákvað í samráði við frk. Agger (sem er svo indæl) að fara ekki fyrr en ég væri búin að fá eitthvað. Í eftirmiðdag segir frk. Agger mér að hún sé búin að fá stað og skuli ég far þangað; þ.e. í Willemoesgade 19ⁿ, ég fór og hitti frúna, hún sýndi mér alla íbúðina, sem er reglulega hugguleg og lítið herbergi með kómóðu,³ sem ég mátti nota, hvítum klæðaskáp, og eins servantur og rúm og tveir stólar; hún sagði að ég mætti vera í stofunni þegar ég vildi og þetta ætti að vera mitt heimili. Það á að kosta 150.00 á mánuði, en þá má ég líka nota forte-píanó eins mikið og ég vil. Hún vildi ekki gefa mér ákveðið svar fyrr en maðurinn hennar kæmi heim og bað mig að koma eftir kl. 6, er ég nú búin að sjá manninn hennar og dóttur,⁴ sem þau eiga; hún er á aldur við mig og lýst mér alveg framúrskarandi vel á þau öll; maðurinn er mjög *gemytlegur*⁵ og konan lifandis ósköp góðleg. Dóttir Einars Þorgilssonar, sem heitir Helga, bjó þar í vetur sem leið, og þegar við Sigga Briem komum var hún þar stödd, hún var úti á landinu en hjónin höfðu boðið henni að koma og gisti hún þar í nótt. Á meðan konan var að sýna mér íbúðina sagði Helga Sigu að það væri afskaplega gott að vera þar og öll fjölskyldan svo góð, svo þegar ég fór að tala um músikina, þá sagði Helga við frúna að hún skyldi ekki vera hrædd við það, úr því að hún hefði þolað sig, þá myndi hún þola mig, því það væri *nydelse* að heyra mig spila; en ekki vil ég nú láta hjónin gera sér of háar hugmyndir um hljóðfærsláttinn, því ég veit ekki til að Helga hafi nokkurn tíma heyrt mig spila, en mér fannst það svo ágætt af henni að leggja gott orð inn fyrir mig sem hún þekkir alls ekkert, finnst þér ekki? Ég skal segja þér mamma, að það er miklu skemmtilegra og heimalegra að vera hjá fjölskyldu, heldur en í K.F.U.M. þó það sé ágætt, þá er ég bara í mínu herbergi þegar þau eru heima, og svo er líka annað að ég hef fjarska litla ró til að æfa mig á forte-píanóið, sem er mjög falskt, því það er alltaf umgangur, eða þá er það síminn, sem er í glugganum rétt við og eru svo margar stelpur um að nota það. Ég álit þetta lán fyrir mig, heldurðu ekki, jú, þú mundir halda það ef þú hefðir séð fjölskylduna og yfirhöfuð heimilið.

Ég fór til frk. Bruun í gær, en seinna skrifa ég þér um hvað indæl hún var við mig. Hana heimsæki ég aftur, enda sýndi hún mér herbergið sem hún ætlaði mér, þegar ég kæmi aftur, annars ástarkveðju frá henni og líka frá stúlkunni hennar til Hildu. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Færgesgård, 13.7.1922.

-- Það er víst best að byrja á þegar ég var hjá frk. Bruun. Ég kom þangað milli 11 og 12 um fomiðdaginn og þá sat blessuð gamla kona og beið a járnbrautarstöðinni, ég þekkti hana undir eins á heyrnartólinu, en annar held ég að ég myndi hafa þekkt hana á myndinni sem þú átt af henni, mér finnst hún svo góð. Svo fórum við heim til hennar, ég var svo hissa á því hvað hún hafði mikið pláss; hugsa sér heilt hús fyrir aðeins þær tvær; jaja hún byrjaði með að sýna mér garðinn og gaf mér alveg yndisleg rós með orðunum: *Den ligner dem selv!*⁶ Ég hef varla séð ólíkara, en frk. Bruun meinti það, er ég viss um. Svo borðuðum við miðdagsmat sem ég hafði mjög góða lyst á, svo sátum við og töluðum saman og ég var alveg undrandi á því hvað hún var vel inni í öllu heima og svo *interessur*⁷, en þega það var búið sýndi hún mér garðinn í Krogerup, mér fannst alveg yndislegt þar og yfirhöfuð í Humlebæk, hvar sem ég leit, svo var frk. Bruun orðin þreytt, svo við fórum heim, og mamma, þú getur bara ekki ímyndað þér hvað hún gat verið góð við mig, hún kyssti mig og strauk hendurnar á mér og sagði: *lille Friede, nu har jeg altså set lille*

¹ Vonlaust.

² Þórhildur Tómasdóttir (1835-1923) var komin út úr heiminum, dó hálfu ári síðar.

³ Skúffuskáp.

⁴ Hlýlegur.

⁵ Helga Þorgilsdóttir. Ekki var þetta raunveruleg vinsemd, sjá síðar.

⁶ Eins og þér sjálf.

⁷ Áhugaverð.

Friede; ðh, hvis min søster og svoger havde levet. Já það var svo rörende.¹ hvað hún gat verið elskuleg við mig, þetta kalla ég nú tryggð. Svo bað hún mig að skila kveðjum til þín og eins --

Hér vantar síðu þar til hún kemur að Færgegården.

-- Næsta dag vildi direktörinn láta mig koma með sér í bæinn, og gaf hann mér þá sundföt með hettu og skóm, því frúin fer í sjó á hverjum degi og fer ég líka; það er líka svo gaman þar; í dag t.d. vorum við tíu stelpur og leiddumst 5 og 5 og hoppuðum allar í einu út í og syntum svo yfir um; það var sjö.² Direktörinn og frúna langaði mjög til að eignast myndina af okkur og lofaði ég þeim að þau skyldu fá hana, myndin mín passar ekki alveg í rammann, svo direktörinn gaf mér ramma utan um hana, sem er ennþá fállegri en minn. Um leið og hann keypti rammann sá hann mynd af Nyköbing, eins og ég sé hann héðan úr glugganum. Lét hann ramma hana inn og gaf mér hana; og svona gengur það alltaf, hann veit ekki með hverju hann á að gleðja mig.

Góða nótt elsku mamma og þið öll!

16.7.1922. Í dag er sunnudagur og er Sigurd kominn heim og er von á Thorkild í dag, hann fær svo sjaldan frí því bóndinn kærir sig ekki um slíkt, en Knud Børge er að ferðast með skátum hér úr Nyköbing, svo ég hef alls ekki séð hann, en hann skrifaði pabba sínum og sagði víst skyldi skemmta lille Friede þegar hann kæmi heim. Honum finnst ég nefnilega vera á hans aldri, en ég skal svei mér sýna honum að ég er fullorðin dama, sem er þó nokkuð blaseruð!!³ Er það ekki rétt hjá mér?

Í fyrra dag fylgdi ég direktörnum á kontórinn. Var byrjað með að vigta mig reyndist ég vera 94½.⁴ Ég hef lagt af á leiðinni, því ég gat ekki borðað þegar ég var svona sjóveik. Jæja, svo sýndi dir. mér allan kontórinn og kynnti mig öllum yfirmönnum; dæmalaust finnst mér þetta taka sig vel út á pappírnum, ekki satt. Svo fylgdi dir. mér á leið heim aftur og þá sér hann baðhandklæði úti í glugga, það var líka satt, því hafði hann alveg gleymt, hann keypti það allra besta og gaf mér, en þegar hann kom heim til að borða,⁵ kom hann með annað handa mér sem hann mátti til að kaupa því það var svo fállegt. Svo er hann alltaf að traktera mig á súkkulaði og ýmsu fleiru sem hann segir að sé fyrir hitt og þetta sem ég hafi gert, þó ekki sé nema að láta blóm í vasa, þá tekur hann eftir því. Það er ómögulegt að lýsa því hvernig allir eru við mig. Þau gætu ekki verið betri þó ég væri dóttir þeirra.

17.7.1922. Þá er ég nú búinn að sjá Thorkild líka og er hann alveg kostulegur. Ég á svo bággt með mig þegar hann er að segja frá hinu og öðru, hann segir svo fyndnislega frá með þessum líka alvörusvip, en þetta finnst engum neitt fyndið nema mér; t.d. þegar Thorkild, Frithjof og mamma þeirra eru að tala saman. Það er bókstaflega til að fá krampahlátur. Hilda þekkir það og er hreinast kómedía. Það er líka satt; á laugardaginn fór ég á torgið; nei hvað mér fannst það gaman. Ég hitti þar frú Ferup, hún er svo framúrskarandi *elskværdig*⁶ og eitthvað svo góð. Hún gaf mér svo mikið að kirsuberjum að ég varð alveg södd, gaf mér stóreflis búkett af levkojum,⁷ mér fannst bara reglulega fállegt að koma þarna á torgið, þessi lifandis ósköp af blómum og alls konar ávöxtum og svo margt fólk. Þangað skal ég svei mér fara aftur. Þegar við vorum búnar að vera á torginu fórum við inn í konditori og fengum kaffi; en hvað frú Ferup var fjörug. Frú Gudmundsen er ekki vel frísk, en hún og við öll fórum alltaf að hátta kl. 10, því læknirinn sagði það og þess vegna er henni að batna, en hún er svo afskaplega gleymín; það er ég viss um að er af reykingum. Direktörinn jublaði þegar hann bauð mér sigarettu og ég sagðist ekki reykja. Hann galaði fram til konu sinnar: *Marie, jeg har fundet en kvinde som ikke ryger!* Hér reykja allir, bæði eldgamlar kerlingar og ungar stelpur og konur, þær reykja mest vindla, það liggur við að mér finnst það ógeðslegt, þó mér hafi aldrei fundist það áður.

Í gær fórum við í Hamborgarskóginn, mikið lifandis ósköp er hann fállegur. Ég var alveg hrifin; þar gengum við meðfram sjónum og alls staðar þessi indæli skógur, og svo inni í miðjum skóginum stóreflis engjar. Mér fannst beykiskógurinn fállegastur þá að mér fyndist greniskógurinn líka yndislegur. Það er svo skrýtið finnst mér að vera með eintómum drengjum, þarna eru þeir alltaf að tína jarðarber og hindber handa mér; þeir eru svo voða ósköp góðir við mig, allir saman; ég vorkenni þeim hálf partinn að vera að heiman alla vikuna; mamma sagði mér að Sigurd hefði verið svo leiður að þurfa aftur að fara út í Riserup, og Thorkild fór í gærkvöldi, aumingja strákurinn, hann fær ekki frí nema annan hvern sunnudag. Það var svo fyndið, hann var með mynd af sér, sem hann langaði til

¹ Hrífandi.

² Fjör.

³ Lét sem ekkert væri.

⁴ Líklega pund, þ.e. 47,5 kg.

⁵ Bjóða upp á.

⁶ Elskuleg.

⁷ Blómavöndur.

⁸ Ég hef fundið konu sem reykir ekki.

að gefa mér, en kom sér ekki til þess fyrr en pabbi hans kom honum á stað, hann er stærri en Sigurd, er 17 ára, en svona ekta drengur.

Við dönsuðum hérna fyrir utan í gærkvöldi, *ih sikken en fest og jeg morer mig morderlig*,¹ hljómaði alltaf. Strákarnir dönsuðu saman þegar ég var að dansa við einn þeirra, þeir eru svo alvarlegir yfir þessu, en mér finnst það allt svo fyndið. Svo þegar við vorum búin að dansa lengi fórum við inn og Frithjof söng og ég spilaði og söng líka, það fannst öllum voða gaman og mér ekki síst; svo var drukkið *caloric punch*² og óskað að við myndum oftara láta heyra til okkar, það var voða huggulegt og heimalegt. Nú náttúrlega sakna ég drengjanna og er strax farin að hlakka til næsta sunnudags, þegar þeir koma aftur, en Knud Borge kemur eftir viku.

Veistu hvað direktörinn var að reikna út núna í gær; hann var að spekulera hvort ég gæti ekki búið í Færgegården í vetur og farið einu sinni í viku til Köbenhavn í spílatíma, já hann er alveg makalaus. Þetta var nú ekki hægt en það var söm hans gerð. Hann vill fá mig til Færgegården á jólinum, hann borgar brúsann, segir hann. og hann vill að Helgi komi líka svo við getum haldið jól saman, hugsa sér hvað það gæti verið gaman, þetta er alveg makalaust fólk sem ég er hjá.

Ég fékk bréf frá Helga í morgun og innan í var bréf til þín sem ég las, hann sagði mér engar fréttir, en sagði mér að lesa þitt bréf, hann gerir þetta til að spara tímann. --

Sofa Dídí og Hilda til skiptis inni hjá ömmu, þið hafið víst ekki fengið neina hjálp? Ég vildi að eitthvað rættist úr þessu fyrir ykkur. Hér lifi ég áhyggjulaus eins og prinsessa, en þið megið stríða dag og nótt.

Hilda! Hér bíður fólkíð eftir einhverri *stor nyhed*,³ blessuð láttu það koma.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Færggård, 24.7.1922.

-- Ég nota tækifærið og byrja á bréfi til þín. Við ætlum út að keyra, en bíllinn er ekki kominn. Síðan ég skrifaði seinast er tæp vika, enn alltaf skeður eitthvað á hverjum degi. Við heimsóttum frú Ferup um daginn og var hún framúrskarandi elskuleg, eins og hún hefði þekkt mig lengi. Ég var alveg undrandi á hvað hún var kát og glöð, þrátt fyrir að maðurinn hennar sé heldur stirður heima fyrir, það sagði direktörinn mér að hann væri; svo þegar við vorum að fara mættum við Gudrunu, sem var að koma af kontórnum (nú kom direktörinn upp til mín með hindber úr garðinum og bleika rós; er hann ekki góður?), fylgdi hún okkur heim. -- Ég heyri til bílsins. Sæl á meðan.

Á laugardaginn keyrðum við til Marienlyst; og þar sá ég í fyrsta sinn baðlíf. Þar var fólk um allt, í fjörunni og úti í sjónum. Það var nákvæmlega eins og ég hef séð á myndum í *Våre damer*,⁴ fólkíð sat þar hálflætt og með alla vega litlar sólhlífar. Við drukkum kaffi úti í garðinum á *bade-hotelinu*.⁵ Það var svo gaman að sjá gamlan bóndagarð með útihúsum og hesthúsi o.s.frv. sem allt hefur verið *indrettet*⁶ í herbergi til að leigja út og þar er eitt herbergi sem Drachman⁷ hefur búið í, sem er eins og það var þá, nema þar hangir mynd af honum, það var óvistlegt herbergi og innilukt lykt og mér fyrir mitt leyti þótti lítið varið í það.

25.7. Mikið varð ég glöð í morgun, þegar ég kom á fætur, yfir að fá bréf með góðum fréttum frá ykkur. Það er svo gaman að fá svona mörg bréf. Ég verð að játa að þó mér líði afskaplega vel og allir séu svo góðir við mig að ég verð hálf *vemodig*,⁸ þegar ég fæ bréf að heiman. Ég var líka svo spennt fyrir hvornig þér myndi líka kápa; mér þótti hún svo ansi fínleg, finnst þér ekki? en það var verst að hún skyldi vera of stór, hún var of stór handa mér, en ég hélt að þú myndir bera hana meira uppi en ég; þú kannt vonandi ráð við því; en það er fyrirhöfnin. Það fylgdi herðatré með henni, það bað ég um í búðinni, en því hnuplaði ég, því mér fannst það billegra en að kaupa það.

Segðu mér eitthvað af *Jónadabb*,⁹ mér finnst svo gaman að heyra hvornig hún talar, segðu henni að ég þekki tvær litlar telpur, sem heita Nina og Ellen, en þær tala svo udpræget lollandsk¹⁰ að ég get varla skilið þær; ég sagði þeir frá Jónu og báðu þær að heilsa. Ég get ekki sagt að það hafi komið heitur dagur síðan ég var í *Köbenhavn*, má segja

¹ Ég skemmti mér mjög.

² Púns.

³ Stórfrétt.

⁴ Kvennablað.

⁵ Baðhótel.

⁶ Innréttað.

⁷ Skáldið Holger Drachman.

⁸ Þung í skapi.

⁹ Jóna Einarsdóttir, uppeldisdóttir Álfheiðar.

¹⁰ Mikla lálensku.

að það sé rigning á hverjum degi; það eru viðbrigði fyrir danska fólkið, en ekki fyrir mig. Fólk talar um að það sé *rigtig nok en mild vinter*,¹ en fáir um að það sé sumar. Ég er hér um bil alltaf á köflótta tvisttauskjónum sem Hilda saumaði handa mér. Hann er svo ágætur og hentugur hér; finnst öllum hann svo dæmalaust fallegur. Þú skalt ekki fást um það, mamma mín, þó ég fengi ekki pláss á K.F.U.M. því ég hefði alls ekki fengið að æfa mig nóg þar. Það er svo órólegt og alveg eins og *pensionat*² en ekki eins og heimili. Ég finn það alveg á mér að þetta er gott fólk þar sem ég verð, frúin er svo góð við mig og þegar hún sagði við mig að hún gerði ekki stáss af þeim sem byggja þar; ég væri bara reiknuð sem heimilismaður, en svo mátti ég aftur hafa það eins og ég vildi, þá sló það mig að þarna væri gott að vera, það var reglulega *hyggeligt*³ heimili. --

Alveg varð ég agndofa að heyra um látið hans Vilhjálms Ingvarssonar.⁴ Ja það er ekki lengi að breytast, þetta hefur verið voðalegt fyrir aumingja Oddnýju og Rönku; hugsa sér að fara að heiman fyrir nokkrum tímum og borinn heim lík.

Hefur Anní eða Cilla⁵ virkilega ekki boðist til að sofa hjá ömmu? Er það alveg eins og áður, ekki skil ég hvernig þetta á að ganga, þegar þú aldrei ert frísk. Direktörinn er oft að tala um að gott væri fyrir þig að koma hingað og hvíla þig, það er söm hans gerð, en hann getur ekki ímyndað sér hvernig amma er.

Á laugardaginn var kom Knud Børge heim, haltur og sólþrenndur, hann hefur verið á ½ mánaðar ferð með skátum, mest gangandi. Hann var búinn að ganga stígvélin upp til agna, svo hann kom traskandi⁶ á stígvélum af Haakon, sem voru allt of stór og Sigurd skemmti sér með því að standa á því sem fram af stóð, meðan Kn. B. gleymdi sér alveg í ræðuhöldum. Öll fjölskyldan kvartar undan hvað Kn. B. er *snakkesalig*.⁷ Það kemur ekki það smáatvik fyrir að hann kunni ekki eina viðeigandi dæmisögu eða skráttu, sem svo aftur minnir hann á eina til o.s.frv. Þá er drengur keyptur til að þegja, því allir verða dauðþreyttir.

Eftir kvöldmat í gær ætlaði ég að fara að sauma; þá kemur K.B. aftan að mér og segir: *Jeg skal ud i haven og se til stikkelsbærene!*⁸ og stendur svo á verði þangað til ég auðvitað kem líka, þá máttur trúna að hann lét mig heyra skráttu; ég endaði með að flýja frá honum.

Málverkið gerði lukku, máttu trúna, mér finnst það líka ljómandi fallegt. Þú getur ekki ímyndað þér hvað ramminn setti mikinn svip á það; skjöldurinn þótti líka reglulega fallegur; hann verður settur á nýjan frakka sem Kn.B. fær.

28.7. Hugsaðu þér, mamma, ég er búin að keyra um hér um bil allt Falster. Mikið þó lifandis ósköp fannst mér fallegt þar; ég held að hver einasti blettur nema Gedser. Þar er flatt og tilbreytingarlaust. Við fórum upp í vitann en útsýnið naust sín ekki því það var rigning; við sáum þar nafnið hennar Hildu í gestabókinni. Íslenski vitavörðurinn var í sumarfríi svo ég fékk ekki tækifæri til að tala íslensku. Ferjan var á leiðinni, en við biðum ekki eftir henni, því direktörinn ætlað á jólnum, eða þegar Helgi kemur að fara þangað og taka á móti honum; það er nefnilega svoléiðis að ef Helgi vill ekki þá verður hann sóttur. Ég hef enn ekki fengið svar frá honum, svo ég veit ekki hvort hann kemur. Fyndist þér ekki gaman ef við værum saman á jólnum, það er álíka dýrt að fara frá Þýskalandi hingað eins og frá Köbenhavn hingað. --

Í gær vorum við á Austur-Falster, þar sem heitir Hesnæs, það er fallegasti staðurinn sem ég hef ennþá séð. Knud Børge sendi Jónu kort þaðan sem við drukkum kaffi. Það er miklu fallegra í verunni en það er á myndinni, -- háar brekkur, skógi vaxnar og fjaran fyrir neðan. Þar var fólk að synda í sjónum. Á leiðinni heim keyrðum við gegnum skóginn þannig að maður sá sjóinn á aðra hönd gegnum skóginn, ó, það er svo *idyllisk*.⁹

Einn daginn fórum við til Stubbekøbing, þaðan sendum við Dídí kort, þar er líka alveg yndislegt; liggur niður við sjóinn. Þangað fórum við líka þegar veðrið getur gjört svo vel að og verða gott. Það er bara aldrei sólskin, dagurinn getur ekki liðið án þess að það komi rigning.

¹ Sannarlega mildur vetur.

² Matstofa.

³ Hlýlegt.

⁴ Vilhjálmur Ingvarsson trésmiður, giftur Oddnýju Sverrisen frændkonu hennar.

⁵ Biskupsdæturnar, frænkur hennar og nánustu grannar.

⁶ Vaðandi.

⁷ Málgefinn.

⁸ Fer út í garð til að fylgjast með stíkilsberjunum

⁹ Friðsælt.

Það er aldrei friður hér því Knud Børge er alltaf að heimsækja mig, ég var að sýna honum myndirnar mínar og við erum búin að hlægja okkur dauðþreytt, því ég fór svo miklar krókaleiðir þegar ég var að segja frá hvað fólkið væri skylt, hann varð að brúka heilann mjög mikið.

Mamma, direktörinn hafði erft eftir hana tengdamóður sína skelplötu, útskorna, hann lét setja silfurumgjörð utan um hana og búa til brjóstnál úr henni og gaf mér; ég varð alveg hissa á að hann skyldi gefa mér erfðagrip. En hann er sem sagt alltaf að gleðja mig og láta mig hafa það gott; ég ímynda mér að ég verði alveg forkælet, en nú sjáum við hvort ég þoli það.

30.7. Nú fékk ég bréf frá Helga og við verðum þá saman á jólnum. Finnst þér ekki hugsunarsamt af direktörnum að bjóða okkur báðum að vera hér um jólin, ég held að hér geti allt heimafólkið liðið mig, að minnsta kosti er ég ekki látin finna annað. Við Knud Børge erum mjög góðir vinir, Mér finnst miklu skemmtilegra að vera með honum heldur en Gudrunu Ferup; hún er víst allra besta stelpa, en ég er eitthvað svo löt að tala við hana, mér finnst hún. Það sem ég hef kynnst henni, dálítið innihaldslaus. Ég hef nú mikið meira að skrifa, en ég ætla samt að hætta og láta það koma í næsta bréfi, því Gullfoss fer bráðum og þá kemur meira. En þú veist af þessu bréfi, að mér líður alveg ágætlega, og er glöð og frísk, en hálf kvíði fyrir að fara héðan inn til Köbenhavn, en það ætla ég að drífa mig. Já ég ætla að gleðja þig með því að frú Solter, sem er organisti og spilakennari, mjög músikölsk, sagði að ég myndi áreiðanlega geta komist langt á þessum vetri, því hún sagði að ég spilaði vel.

Jæja, elsku mamma mín; það vildi ég óska að guð gæfi að þú mættir vera laus við höfuðverkin, sem alltaf þreytir þig, og að amma væri rólegri, ég má ekki hugsa til þess hvernig það verður í vetur, ef þið eigið að vera einar með hana; þið megið hafa það svona þegar ekkert amar að mér, en allir dekra við mig. Viltu skila kveðju til Hildu, ég skrifa henni með Gullfossi; viltu þakka henni fyrir bréfið, svo bið ég að heilsa Jónu og ömmu og hjá systir og Jóni frænda, eins í kjallaranum. Vertu blessuð og líði þér vel. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem, Færgedgården, 6.8.1922.

-- Þakka þér fyrir bréfið elsku mamma mín, ég er svo glöð, alltaf svo spennt að fá bréf að heiman og svo glöð þegar ég heyri að allir eru frískir, eða minnsta kosti ekki verri en vant er. Þú veist ekki hvað það gleður mig að þú ert ánægð með kápuna þína, mig langaði svo mikið að kaupa bolla handa þér, því þig vantar þá svo tilfinnanlega, ef þú vilt, mamma, skal ég kaupa þá þegar ég kem heim til Hafnar í næsta mánuði, en viltu segja mér hvað þeir mega kosta og hvað marga.

Mikið væri gaman ef þið gætuð lyft ykkur upp í sumar, því veturinn verður nógu langur með ömmu eins og hún er, en það er víst ekki hægt; mér finnst það alveg voðalegt að ég skuli vera hér áhyggjulaus og eins og mér sýnist, en þið megið aldrei um frjálst höfuð strjúka. --

7.8.1922. Ég er þá búin að vera í kirkju hjá prófastinum; mér fannst ræðan svo falleg og kirkjan reglulega vistleg; hún er voða gömul og nokkuð af henni gamalt klaustur.

Það er best ég segi þér frá síðasta sunnudeginum. Frú Gudmundsen þykir svo gaman að hafa gesti, en *direktörnum* þvert á móti, og þess vegna verður hún að vera dálítið klók, sagði við *direktörinn* að það væri gaman að fara út að keyra og hafa mat með, það vissi hún nefnilega að ekki myndi vera nærri komandi, hann bað um að „*at være fri for det*“, ² og þá sagði frú Gudm. að hún þyrfti að bjóða Ferups hjónunum og eins frú og frk. Solter og þá gat direktörinn ómögulega sagt nei, og það borðaði til kvölds. Direktörinn hafði mig til borðs og var jafn góður við mig eins og vant er. Hann Ferup fékk hiksta og *dir.* og ég vorum alveg að drepast úr hlátri. Um kvöldið dönsuðum við og var voða gaman, svo fengum við kirsuberjavín og kökur, það var reglulega huggulegt kvöld.

Svo á mánudaginn fórum við út að keyra, fórum til Nysted, þar sem frú Gudm. er fædd og uppalin. Það er skemmtilegur lítill bær. Þar er Álholm slot ³ og stóreflis garður í kring, en þar kemst maður ekki inn nema á sunnudögum og miðvikudögum, en við fórum þangað aftur seinna og þá sáum við garðinn. Næsta dag fórum við til Guldborg á Lollandi, þar var alveg ljómandi fallett og ljómandi verður og þess vegna tók það sig enn betur út. Nú eigum við í dag að fara til Nakskov og fórum á stað kl. 10, svo ég verð að herða mig. Það er svo slæmt hvað ég er lengi að skrifa, því ég hef ekki svo mikinn tíma þegar við keyrum út hvern einasta dag og dir. finnst svo leiðinlegt þegar ég er uppi að skrifa og hann heima. Þess vegna skrifa ég svo lítið. Þegar maður er gestur finnst mér maður verða að taka tillit til fólksins, enda veit ég að þú skilur það.

¹ Jóni Helgasyni í Tjarnargötu 26, móðurbróður F.B.

² Laus.

³ Höll.

Ég kvíði fyrir að fara héðan. en ég hlakka aftur á móti til að byrja að spila inni í Köbenhavn, því ég ætla mér að vera dugleg, hvernig sem það gengur, það er ósköp vitlaust af mér að fara hingað á afmælisdaginn minn aftur, en hjónin vilja það *absolut*,¹ svo þess vegna geri ég það; finnst þér það vitlaust af mér?

Nú held ég að ég verði að hætta og fyrirgefðu þetta hræðilega bréf; viltu þakka Eggert fyrir blöðin og Hildu og Dídí fyrir bréfin. –

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Færgegården, 12.8.1922.

-- Ég er nýbúin að fá bréf frá þér svo þú mátt trúa að ég er í góðu skapi; þegar líka fréttirnar voru góðar; ég sendi bréfin strax áfram til Helga, því ég var á leið inn í bæinn þegar ég fékk þau, svo frúin og ég fórum inn í konditori. Þar las ég bréfin (líka Helga bréf) og fékk lánað blek og penna, skrifaði utan á til Helga og í póstkassann fór það. Það er þá best að ég byrji þar sem fyrra bréf endaði.

Á mánudaginn var sem sé afmælisdagurinn hans Håkons og þann dag fórum við til Nakskov og vestasta hluta Lollands og sáum yfir til Langeland. Það var sól og heiðríkja svo það sást svo greinilega. Það er eins og skagi, það er að segja dálítill hluti af Lolland og svo flatt að það er eins og húsin standi upp úr sjónum. Mér þykir einkennilegt að nokkur skuli byggja þar sem ekki er fallegar, þegar svo margir fallegir staðir eru til.

Mikið lifandis ósköp er direktörinn flot, hugsaðu þér; þennan dag keyrðum við héðan kl. 10, svo borðuðum við miðdag í Maribo, og það var fínt, við fengum *lammekotelet*² með öllu mögulegu grænmeti, kartöflur, blómkál, grænar baunir, *tomater*, *asparges* og *gulerödder*³ og rauðvín með. Svo fengum við *vanilleis*⁴ með alls konar ávöxtum og *madeira*⁵; þar var þín skál drukkin. Eins drukkum við Hildu og Theodórs⁶ skál. Ég hef varla séð fallegri stað en þarna við Maribo *sö*⁷ þar sem borðuðum var það yndislegasta útsýni sem ég get hugsað mér, *pavillionen*⁸ liggur við vatnið og það er skógi vaxið á allar hliðar og í baksýn sést Söholt slotið.

Þegar við vorum að fara mættum við manni á að giska 70 ára og hann hefur plantað trjánum þeim megin við vatnið sem við vorum, það má vera gaman að sjá sín eigin handaverk vera svona mörgum til gleði. Þangað koma svo afskaplega margir. Það er alltaf svo gaman á þessum ferðum því hjónin eru bæði svo kát, ja því skyldi maður ekki trúa að frúin væri 58 ára, því hún er ekki betri en ég, hún hlær þangað til hún fær tár í augun.

18.8.1922. Í morgun fékk ég bæði blöð og bréf, það var *overraskelse*⁹ því ég hafði ekki hugmynd um að Fálkinn væri kominn út. Skelfing var ég feginn að þú værir heldur betri í höfðinu, á meðan það er, ég er hissa á hvað margt skeður heima þegar maður er burtu, þá finnst mér ske miklu meira heldur en þegar ég er heima.

Í gær var afmælisdagurinn hennar frú Gudm. og þá mátti sjá að það er mörgum sem þykir vænt um hana, því lík kynstur af blómum, bréfum og hamingjuóskum sem hún fékk. Það voru gestir frá kl. 3 og komu nýir og nýir til kl. 11½ en þá fóru þeir síðustu. Það var í fyllsta máta vellukkað, bara það versta að direktörinn þurfti að fara með lestinni kl. 3 því það var fundur inni í Köbenhavn, sem hann varð að mæta á. Frúin var hálfleið yfir því en ég hughreysti hana með því að hún byrjaði árið með því að gera manninum sínum greiða með að ljúka því af að hafa gesti þegar hann væri ekki heima. Féllst hún á það og var glöð allan daginn.

Mamma, það er alveg merkilegt hvað orð hafa mikil áhrif á frúna og líka á direktörinn. T.d. um daginn var direktörinn í hálfleiðu skapi og var víst þreyttur líka. Segir frú Gudm. við mig: *Vil du ikke nok snakke lidt med far og se at få ham i godt humør?* Ég vildi það auðvitað, þó ég hefði enga trú á því að það mundi ganga. Svo fór ég að tala við hann og spyrja hana um alla heima og geima og þegar hálf tími var liðinn var hann kominn í ágætt skap og bað mig um að búa til kaffi, því það væru ekki annað en *intelligente kvinder*¹⁰ sem gætu það. Svo höfðum við skemmtilegt kvöld. Í gær gaf *direktörinn* mér þau indælustu vetrarstígvél, sem hann (*líka*) gaf Hildu; og þá langaði hann til þess að mega gefa mér líka, svo ég fór með honum og fékk stígvélin.

¹ Endilega.

² Lambagótiletta.

³ Tómatar, aspas, golrætur.

⁴ Vanilluís.

⁵ Vín.

⁶ Þau voru þá að bindast.

⁷ Vatn.

⁸ Skáli.

⁹ Furða

¹⁰ Skynsamar konur.

Ég er búin að breyta því sem ég sagði að ég færi til Hafnar í sept. til þess að fara hingað aftur í okt. og svo er nógur tíminn að borga fyrir sig inni í Höfn, finnst þér ekki. *Direktörinn* er alltaf að tala um að gaman væri að þú kæmir til Danmerkur og værir hér í Færgegården, hann trúir að þér muni batna höfuðverkurinn ef þú værir hér. Það er heldur ekki hægt að hugsa sér friðsælli stað en þennan, og ég mæli eindregið með því; en ég segi bara, mikið má allt breytast til þess að svo verði. Þú veist ekki hvað direktörinn lítur upp til þín. Frú Gudm. sagði mér að honum fyndist við Hilda vera svo eðlilegar og vel uppaldar að ég held að sé slíks fá dæmi, og það er auðvitað þér að þakka. Um daginn vorum við frammi í eldhúsi. Þá sá ég þar spanskreyr og ég spurði til hvers hann væri. Direktörinn spurð hvort ég þekkti ekki þann hlut, hann hefði notað hann til að hegna sonum sínum með, hvort ég þekkti það. Ég varð að segja nei, því ég minntist þess varla að mamma hefði nokkurn tíma slegið mig. Það urðu allir mjög hissa, en þetta var alveg satt. Öll fjölskyldan heldur að Íslendingar séu mjög *ædel nation*,¹ mér finnst það ágætt.

Direktörinn hefur þann mest tiltalandi² karakter sem ég get ímyndað mér, honum dettur ekki í hug að vera almennilegur við þá sem hann ekki getur liðið, og hann lætur hvern og einn heyra meiningu sína, hann hatar allt sem ekki er ærlegt og þar á meðal þá sem fara til Þýskalands til þess að kaupa og nota sér hvað Þjóðverjar eru illa staddir. Það er nefnilega sægur af fólki sem fer héðan í gömlum fötum, sem eru útslitin, fleygir þeim og kaupir sér nýjan galla; kemur svo aftur og hreykir sér af því hvað sé klókt. Ég minnst þess þegar Magnús Jochumsson hrósaði sér af því að hafa verið 8 ár í Köbenhavn án þess að kaupa sér eldspýtur eða blýant. Ég sagði frá því í þessu sambandi að þú hefðir sagt við hann að þér fyndist hann ekki ætti að halda þessu á lofti, því þér þætti skömm að því heldur en hitt. Það gat direktörinn liðið að þú skyldir láta hann heyra það. –

Heyrðu mamma, viltu gefa mér uppskrift af smákökunum þínum, þegar þú vandar þig, eins bjössakökum og kleinum og skrifa mér hvernig ég eigi að búa þær til. Gjarna vil ég fá uppskrift af góðri kaffiköku, mig langar til að baka fyrir afmælið mitt og vil hafa það gott, því efni er nóg. –

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Færgegården, 31.8.1922.

-- Hugsa sér; síðan ég skrifaði þér seinast hef ég þrisvar fengið bréf. Frá Eggert fékk ég bréf sem sent hafði verið til Nyköbing, Jylland, því hann skrifar F eins og Englendingur; svo frá þér og Dídí með *Islands falk*³ og með Botnú frá ykkur Hildu. Bréfið þitt var svo fyndið að ég hló hátt. Skelfing var það gott að þú skyldir vera heldur betri í höfðinu. Heldurðu ekki að þú hefðir gott af því að fá þér miðdegislúr á hverjum degi, ef þú gætir komið því við? Hér sofa bæði dir. og frúin eftirmiðdag; þó þau sofi ekki er það hvíld. Þau langar mikið til að fá þig hingað og þau biðja mig að mæla með því og það geri ég þó þau hefðu aldrei nefnt það -- Mér finnst svo rörende hvað bræðurnir eru góðir við mig, t.d. núna hafði Grethe gamla gefið Knud Børge fullan poka af perum, svo af því hann vissi að ég var að skrifa kom hann upp til mín og gaf mér hann. Sigurd hefur haft sumarfrí og var að lesa upphátt fyrir mig. Einn daginn þegar var ausandi rigning og þá vorum við að spila fjórhent!! Þá allt í einu langaði mig í sykurmola; en veistu hvað. Sig. þaut inn í bæinn á hjóli til þess að kaupa konfekt handa mér; svona eru þeir alltaf.

2.9.1922. Ég er búin að synda og vera í Nyköbing á torginu. Þar er svo mikið af ávöxtum núna, gaman væri ef eitthvað væri horfið til ykkar. Plómur á 10 aura og perur á 20 aura. Plómurnar eru svo sætar, en ekki eins og forðum hjá töntu Maríu!

Við hittum frú Ferup og drukkum kaffi með henni; hún er voða góð, en mér finnst mamma ólíkt skemmtilegri, það er svo oft sem ég er alveg að springa af hlátri að henni, hún mismælir sig svo afskaplega mikið. – Í gær vorum við að fara í búðir, við ætluðum inn í bakarí, en mamma villtist inn í búðina við hliðina á, hún hrökklaðist út aftur og hrópaði: *Men gud, det var jo bageriet*, og svo inn í bakaríð og þá kallaði hún mig bæði Hildu, Dagmar og Carla; hún kallar mig næstum aldrei Friede, það er ómögulegt að muna nöfn, segir hún. –

4.9.1922. Ja, mamma! Á laugardaginn var fóru dir., frúin og ég, inn í bæ, og þá sá direktörinn mann vera að stilla kápum út í búðarglugga; hann vildi endilega láta mig skoða þær og auðvitað gaf hann mér eina, svo *fiksa*⁴ (beint frá kóngsins Kaupmannahöfn). Ég mátti velja þá sem ég vildi helst, þessi sem ég valdi var grádröfnótt, fremur ljós og kostaði 80.00, annars voru kápurnar flestar með skinni, en þær voru ekki eins *fiksar* og þar að auki dýrari. Dir. er svo afskaplega gjafmildur, hann vil: *Tjene mange penge og bruge mange penge*.⁵ Hann vill ekki safna handa sonum sínum; þeir eiga sjálfir að vinna en ekki að lifa á arfi. Það eina sem hann sjálfur erfði var saumakassi og gömul bréf og það var hann ánægður með. –

¹ Tigin þjóð.

² Vinsamleg.

³ Varðskip Dana.

⁴ Fallega.

⁵ Græða fé og eyða.

12.9.1922. Nærri því á hverjum degi spyr dir. mig hvort ég vilji ekki vera áfram í Færgesgárdin og læra að spila hjá organistanum í Nyköbing. Það er nú eiginlega hálf *irriterandi*¹ að segja alltaf það sama, að ég sé búin að fá húsnæði og tala við Harald Sigurðsson o.s.frv. Ég verð bara að vera nógu ákveðin, en það er svo slæmt, líka þar sem það er billegra.

Ég er að sauma ljósdúk fyrir frúna og hjálpa henni töluvert. Það getur verið að það muni ekkert um mig, en að minnsta kosti eyði ég miklum tíma í það, enda er það ekki of mikið, eins og þau eru við mig; mikið hlakka ég samt til að koma heim aftur þrátt fyrir ömmu. Mér finnst svo sjálfsskufullt af mér að ég skuli fara að heiman þegar allt er svona erfitt, sérstaklega í vetur vildi ég að ég gæti hjálpað ykkur. Mér þætti svo gaman ef ég gæti glatt ykkur með einhverju, því ég hugsa svo oft til ykkar, en svona er það. Mig langar þó að biðja Siggú Briem að taka ósköp lítið til ykkar –

15.9.1922. -- Skelfing er þetta erfitt með ömmu að henni skuli síst batna, hve legi skyldi þetta eiga að ganga, það er mér hreinast ráðgáta; en það verður að taka því þótt það sé hægara sagt en gert.

Mamma; ég skal segja þér að frú Gudm. er afskaplega þakklát fyrir bæði skinnið, sem þú hefur sent henni og eins langsjalið. Þegar hún var í Hareskov notaði hún það á hverjum einasta degi og gat ekki án þess verið, enda er það svo fallett. Ekki get ég skilið að dir. hafi getað dottið í hug að þú kæmir til Danmerkur meðan heimilisástandurnar eru svona; en að þú komir einhvern tíma hingað hugsa þau sér alveg sjálfsgætt. Frúin talar oft um hvernig það verði þegar þú komir; dir. finnst það svo ergilegt að fólk sem honum þykir vænt um skuli einmitt þurfa að vera svona langt í burtu. Hann er nefnilega svona; hann hugsar ekkert um það hvort það er skyldfólk hans eða hvað; ef hann getur ekki liðið það, vill hann ekkert hafa með það að gera og *omvendt*.² Hann skrifar bréf þegar hann langar til þess, hugsar ekkert um það hver hafi skrifað seinast. Ef hann getur vel liðið einhvern sýnir hann það á allar hliðar og ef hann getur það ekki sýnir hann að hann vill hvorki heyra það né sjá. Ég dáist að þessu, eins og svo mörgu hjá honum, mér finnst hann afskaplega góður; annars minnir hann mig dálítið á Jón frænda, er nefnilega svo ákveðinn.

Í fyrradag kom hingað vinur dir. sem heitir Paul Möller og er *telegrafbestyrer*³ fyrir Suður-Jótland. Það var voða gaman, því hann var svo skemmtilegur; lifandis ósköp góður við mig þó ég nærri því strax væri óforskömduð, alveg óviljandi. Dir. talaði um hvað hann væri gamall, hann er 49 ára og þá segir dir: *..og ser yngre ud, synes du ikke Friede?*⁴ Ég sagði eins og mér fannst að ég hefði haldið að Möller væri eldri en dir., það hélt ég nefnilega, en Möller gerir *gymnastik*⁵ og tekur böð og spilar tennis, til þess að vera unglegur, svo ég var heldur klaufaleg. Annars fannst Frithjof og Knud Borge þetta afskaplega fyndið. Það fannst mér alls ekki, því mig langaði ekki til að segja Möller *ubehageligheder*.⁶ Í gær fylgdum við honum í bíl til Orehoved og þar trakteraði hann okkur á tei og sandköku. Johannes Friis átti að vera með í bílnum, en hann þorði ekki að keyra í bíl; hefurðu nokkurn tíma heyrt svo vitlaust. Hann afsakaði sig fyrst með því að hann væri hræddur um að koma of seint til Orehoved. Þá sagði dir. að hann skyldi fara klukkutíma á undan járnbrautinni, og þegar það gekk ekki varð hann að játa að hann þyrði ekki. Þvílíkt grín!

Hæ, gaman! Hilda þekkir þessa karla. –

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Færgesgárd, 7.9.1922.

-- Ég skrifa bara rétt til málamynda núna, því skipið fer norður um land og verður bréfið aldrað þegar það kemur til ykkar. Eins og vant er líður mér ágætlega.

Það lá við á sunnudaginn að það væri hlægilegt með allan þennan lasleika hjá drengjunum. Torkild var sárlasinn; það lýsti sér þannig að hann lét ekki aftur munninn allan daginn, nema þegar hann átti að borða. Hann hafði enga matarlyst. Þetta hafði mjög slæm áhrif á frúna, hún þolir vel að sjá fólk borða yfir sig, en ekki að sjá það svelta. Svo ætlaði Knud Borge að líta í bók sér til skemmtunar, en þá *flimrede*⁷ fyrir augunum á honum, svo ekki gat hann haft þá ánægju. Til að bæta þetta upp bjó ég til kaffi til að fjöruga þá meðlimi fjölskyldunnar sem voru við góða heilsu, en ekki er allt búið enn. Sig. hafði reykt heldur sterka vindla, svo hann endaði daginn með því að kasta upp. Þetta gerði að við urðum öll meira eða minna þunglynd og fórum snemma að háttu.

¹ Preytandi.

² Öfugt.

³ Símasjóri.

⁴ Lítur fyrir að vera ungur.

⁵ Fimleikar.

⁶ Óþægilega hluti.

⁷ Blika.

Næsta dag fóru bæði Torkild og Knud Børge til læknis. Torkild var með hálsbólgu og hefur legið í nokkra daga með hita, en er nú orðinn það frískur að hann getur slegist við alla þá sem vilja slást við hann. Knud Børge tekur inn pillur í *massevis*.¹ Ég fékk hláturtilfelli og hélt að það væri grín, en það eru augntaugarnar, en ekki hinar taugarnar. Knud Børge skemmtir sér oft við það að taka stærsta hlemminn sem hann getur fundið og tvær sleifar og svo trommar hann og syngur undir; þetta er bara lífsgleði sem verður að fá loft. --

Ég fékk bréf frá Helga. Hann var í Freiburg þegar hann skrifaði og mjög ánægður með ferðina. Hann hefur verið í München, þaðan fór hann til Oberammergau og sá passions-leikina, svo fór hann til Leipzig og hitti Helga Sívertsen; frá Leipzig var hann svo einn; síðan fór hann til Nürnberg, Augsburg, Ulm og þaðan til Freiburg og næst ætlaði hann til Heidelberg. Ég býst ekki við að hann skrifi fyrr en með næsta skipi, því hann er enn á ferðalagi, en sem sagt, hann var glaður og honum leið vel.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Sundby Færgegård, 19.9.1922.

-- Þakka þér fyrir bréfið og uppskriftirnar á kökunum. Ég hef nú ekki reynt þær ennþá, en mér finnst þínar kökur svo góðar og þær þekki ég.

Dir. lofaði mér að lesa bréfið frá þér, mikið lifandis ósköp skrifar þú góð bréf. Þau eru bæði svo vel orðuð og innileg. Ég kemst alltaf í svo skrítna stemmningu þegar ég les þau og finnst ekkert eins indælt; eins og að koma heim.

Þú mátt samt ekki halda – að ég sé í leiðu skapi, það er ég alls ekki, enda vantaði það líka bara. En þegar ég les bréfin að heiman get ég ekki að því gert að ég hlakka voða mikið til að koma heim. Helgi skrifaði dir. til að þakka honum fyrir að hann skyldi bjóða honum að koma hingað ef eitthvað slæmt skyldi koma fyrir í Þýskalandi. Það er söm dir. gerð, þó það komi ekki til; það var svo ágætlega stílað bréfið, að ég var stolt af því, það segi ég satt; að hugsa sér að Helgi skuli getað bæði talað þýsku og dönsku og Eggert ensku og dönsku. Fólkið hérna er mjög *imponerað*,² sem von er.

Dir. er alltaf að gleðja mig með öllu mögulegu. Í gær kom hann heim með bók, sem hann gaf mér. Hann sá hana í búðarglugga og keypti hana af því að hún heitir: Frida kommer hjem. Í gær fórum við á *gartnerudstilling*³ sem var í Nyköbing. Mikið skelfing held ég mamma að þú myndir hafa gaman af að sjá svona *udstillingu*, öll þau ósköp af fallegum blómum og svo *fikst*⁴ búið til og raðað niður -- og alls konar matjurtir –(kassar) með eplum. Dir. hafði ekki fyrr séð kassa með eplum en hann spurði ein garðyrkjumanninn hvort hann gæti ekki sent einn kassa af eplum til Íslands og ykkar, Það var svo naumur tíminn að það var betra að senda kassann með næstu ferð. Er dir. ekki góður? Honum finnst svo gaman að gleðja aðra þegar hann heldur upp á einhvern.

Dir. gaf mér fjórar krónur til þess að draga fyrir á tombólu sem var þarna og ég dró nalliku ljómandi fallega rauða, svo dró ég þrjá stóra blárauða vínberjaklasa og eina alinlanga agurku. Knud Børge dró tvö selleri, eitt stóreflis hvítkálshöfðuð og svo núll. Mamma dró fallega chrysantemeum (er þetta mjög vitlaust skrifað) og dir. dró núll. Á meðan á öllu þessu stóð var spilað á fiðlu og flygil, svo ljómandi vel. Á flygil spilaði gamall, gráhærður maður; Hilda kannast við hann, Salomon heitir hann; sá sjúskar nú ekki; það var hver einasti tónn hreinn. Við hliðina á útstillingunni var kaffihús; þar drukkum við kaffi með rjómakökum og eitt ofurlítið glas með *likör*, ef þú ert í var þá ber ég fram orðið: *likör*. Svo vildi dir. endilega láta okkur fá smjör og brauð, og það fengum við og buff og spælegg, með sítrónu og í *desert*:⁵ vínberin sem ég hafði dregið. Á meðan á öllu þessu stóð var lagt á borð fyrir 24, það var fyrir *gartnarana*⁵ og konurnar sem höfðu aðstoða, það mátti skjótlega sjá að konurnar voru úr sveitinni, þær voru svo kauðalegar, en samt fínar eftir þeirra mælikvarða, í hvítum kjólum með bleikum slaufum og indæl skott á kjólunum þeirra, alveg eins og í gamla daga. Svo þegar þetta var búið fórum við heim, keyrandi í bíl, hm – er það ekki flott?! Það skrifar enginn nú, nema ég, mamma, er nefnilega að *sylta*⁶ og hefur þess vegna svo annríkt. – Veistu mamma, málverkið af Heklu gerir voða mikla lukku, dir. er alltaf að flytja það stað úr stað, ef að birtan gæti fallið ennþá betur á það, og svo finnst honum líka svo gaman að Jón frændi skuli hafa málað það. Mér þætti skemmtilegast af öllu ef hægt væri að fá lítið en fallet málverk til að gefa dir. einhvern tíma, eru vatnslitamálvörk mjög dýr. Eiginlega er það alls ekki of mikið þó ég keypti málverk, eins og verið er við mig. Hvað segir þú mamma? –

¹ Magni.

² Hrífið.

³ Garðyrkjusýning.

⁴ Smekklega.

⁵ Garðyrkjumenn,

⁶ Sjóða niður.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Færgesgárd, 30.9.1922.

-- Jæja mér finnst ég alltaf vera upplögð til þess að skrifa heim til ykkar þótt bréfin mín séu bæði leiðinleg og þunn í samanburði við Helga bréf. Helgi hefur skrifað dir. tvö bréf, hvort öðru betur stílað, ja ég segi það satt að ég var montin af því að þetta skyldi vera bróðir minn, það hefur hver sinn máta, ég er montin af ykkur, því ekki get ég verið montin af sjálfri mér.

Frú Gudm. er í Svendborg hjá Hákon og ég hef haft svo afskaplega mikið að gera síðan hún fór, ég er búin að sulta 48 (?) af sveskju-blommum, og núna er ég að sjóða eplamauk sem á að geyma þangað til í vetur. Það eru þessi lifandis ósköp af eplum í garðinum að frú G. er í vandræðum með þau, núna þegar hún fór, tók ég allan bunkann, sorteraði þau góðu frá, þurrkaði og lét hér upp á loftið og svo tók ég öll þau skemmdu., skrællaði þau og gerði í stand. Nú sjóða þau. Það er svo voða mikið verk með alla þessa ávexti, ef eitthvað á að verða úr þeim. Svo bakaði ég köku eftir þinni uppskrift; hún heppnaðist ágætlega. Það veit hamingja að þó ég ætti að gera öll húsverkin heima þá myndi ég nú samt hafa minna að gera heldur en herna þar sem við þó erum tvær. Ég bjó til eplaköku í fyrradag og direktörinn pantaði hana aftur á morgun; það gerði hann auðvitað til að gleðja mig, en hún var annars ágæt þótti okkur Knud Borge. Frú Gudm. keypti dúkku handa Tut. Saumaði ég utan á hana og hún var boða sæt með *pachehár*¹ eins og Jóna.² Meðan ég var að sauma dúkkufötin var öll fjölskyldan söfnuð saman til að horfa á. Dir. fannst svo gaman að sjá þetta og ég fékk almennt hrós fyrir. Nú er dúkkan komin til Svendborg og gerði lukku.

Dir. og ég fórum á torgið í morgun og keyptum allt mögulegt, perur, *tomater*³ o.fl. Eiginlega finnst mér voða gaman að þessu, bara ef dagurinn væri ofurlítið lengri. Þegar ég var á heimleið hitti ég frú Ferup. Ja það er merkilegt að ég kemst alltaf í hálfvont skap þegar ég hitti hana, því hún gortar svo mikið af því hvernig hún hafi það. Mér finnst svo einkennilegt að hana langar þessi ósköp til að teljast með „fina fólkinu“. Það getur nú verið sök sér að gera ekki annað en tala um hvað allt sé *lækkert*⁴ hjá sér og börnin hennar séu undrabörn. Það finnst mér óskemmtilegt að hlusta á. Mér finnst ekkert eins heiðalegt og að vera fátækur, en þar um erum við frú Ferup víst ekki sammála.

Í gær fórum við Fritjof á konsert til Fini Henriques, ég varð svo hrifin að það vantar orð til að lýsa því. Hann spilaði svo vel að ég hef aldrei heyrt annað eins. Hann náði þeim tónum úr fiðlunni sem ég hef aldrei vitað að væru til í fiðlu, stundum var eins og það væru margar fiðlur í einu sem spiluðu. Það var alveg yndislega fallegt. Hann spilaði síðast *Myggedans* eftir sjálfan sig, ja því lík *færdighed*,⁵ maður sá varla bogann. Það var samt ekki nærri fullt hús, þrátt fyrir allt.⁶

Nú hætti ég þarna, því ég var að hjálpa Dagmar með matinn. Svo þegar við vorum búin að borða fórum við yfir í Nyköbing að kaupa stúgvél handa Torkild og skyrtu handa Sigurd og ég hef setið við að merkja sokka og nærföt í kvöld. Dir. las upphátt og við höfðum það huggulegt.

3.10.1922. Í morgun hef ég verið að leggja í bleyti, í staðinn fyrir að ég hafði ætlað mér að skrifa, en svona fer það ævinlega. Á morgun kemur frú Gudm. heim og við förum til Nakskov á móti henni í bíl, ég hlakka til þess er hún kemur, og ég veit að hún hlakkar ekki minna til að koma aftur heim. Öll fjölskyldan vill sem mest vera heima, og ég er nákvæmlega eins. Ég kvíði fyrir að fara héðan inn til Hafnar, mér finnst Færgesgárdin og allir hér svo aðlaðandi, nú er ekki nema ½ mán. þangað til ég fer þangað og þá býst ég við að aurarnir rúlli fljótt. –

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Khöfn, 21.10.1922.

-- Hugsu sér að fá svona mörg bréf í einu frá ykkur öllum og Döbbunni⁷ -- þakka fyrir bréfin og afmælisgjafirnar,⁸ ég get svei mér keypt eitthvað fallegt. Það er skrítið að allt í einu vera kominn hingað aftur til Ókunnugra, en heppin hef ég verið, eins og fyrri daginn, alveg ágætis fólk, það skín af þeim góðmennskan, t.d. núna, af því ég var að skrifa, sat frúin og skrællaði epli og perur handa mér. Það er bara þau hjónin og dóttir þeirra, 23 ára, voða ósköp lagleg og *beskeden*.⁹ Það er engin stúlka, þær gera allt sjálfar en eru þó svo fínar og sér aldrei duft á þeim. Það er lifandi ósköp vistlegt hér alls staðar, 3 stofur, stórt svefnherbergi, herbergi dótturinnar, mitt herbergi og svo eldhús,

¹ Stuttklippt.

² Jóna Einarsdóttir (f. 1916) uppeldissystir hennar.

³ Tómatar.

⁴ Fallega fram borið.

⁵ Leikni.

⁶ Fini Henriques (1862-1940) einn helsti fiðluleikari Dana. *Myggedans for violin and orchestra, Op. 20 no.5.*

⁷ Jóna var stundum nefnd Jónadab og fleira á barnamáli.

⁸ F.B., fædd 7.10.1900.

⁹ Látlaus.

allt svo vel um gengið. Í gær vorum við 12 til borðs, það voru svo margir gestir, einn af þeim næturgestur, að auki tvær litlar telpu 7 og 5 ára, sem hafa verið hérna í ½ mánuð, því bæði pabbi þeirra og mamma eru veik, hvort á sínum spítala. Þau búa hér í götunni og því gat frúin ekki vitað af, svo hún tók þær þangað til þau eru orðin frísk; og það atlæti sem aumingjarnir litlu hafa, ja það sýnir hvernig fólkið er.

Ég kom hingað þ. 19. okt. Dir. og frúin fylgdu mér í bíl til Orehoved og ferðin gekk ágætlega. Sigga Tómasar tók á móti mér og við fórum beint hingað og hér fengum við indælt te og kökur, svo tók ég upp það sem ég hafði meðferðir og fór síðan að sofa. Frúin færði mér kaffi inn og svo klæddi ég mig og æfði mig og fór síðan til Haraldar Sigurðssonar; talaði við hann og byrjaði í dag hjá honum. Ég hef rétta handstöðu eftir hans aðferð, svo ég þarf ekki að byrja forfrá á þessum handstöðuæfingum. Hann sagði að ég ætti að spila miklu þyngri stykki, og tók ég eina Beethovens sönötu, sem Haraldur hefur spilað á konsert heima. Hann ætlar að halda hér konsert í næsta mánuði og ætlar hann að spila hana, svo ég verð að drífa mig með hana svo ég geti notið hennar á konsertinum. annars setti hann ekki út á það sem ég spilaða svo ég var eiginlega ósköp ánægð og best þykir mér að ég má æfa mig eins mikið og ég vil til kl. 5, þá kemur maðurinn heim.

Í gær kom hingað kona einhvers annað hvort póst- eða borgarstjórafulltrúa og þegar frú Rasmussen sagði henni að ég spilaði, bauð hún mér að koma til sín og æfa mig. Hún spilar sum sé ekki, en maðurinn hennar spilar á fiðlu og henni fannst svo gaman ef við myndum spila saman. Ég hef enn ekki farið þangað.

23.10.1922. Sagði frá búðarferðum og útréttingum f. fjölskylduna.

Í gærkvöldi fór ég í *Paladsteatret* og sá *Det var engangang*¹ þá var lifandis ósköp gaman og músikin alveg indæl. *Serenaden Se natten er svanger med vellukt fin* fannst mér með allra fallegustu lögunum sem ég hef heyrt. Mamma, þekkir þú ekki *Rav* eftir Drachmann og lagið við það. Hvort tveggja alveg gullfallegt.

Ég hef spilatíma tvisvar í viku og ég er að hugsa um að spyrja Harald S. hvort það séu ekki einhverjir konsertar sem ég get lært af að fara á. Það versta er að ég þarf alltaf að fara einsömul. Mig langar einhvern tíma til að fara í Konunglega leikhúsið og er þá að hugsa um að fara einhvern sunnudagseftirmiðdag. Þá get ég vel farið ein og svo er það líka *billegra*.² Ég kæri mig ekkert um að fara í sirkus eða á *varieté*³, heldur eitthvað sem maður sér eitthvað fallett fyrir sé. Ó, hvað það væri gaman að vera ríkur; hugsa sér hvað það er margt hérna sem gaman væri að kaupa. Hvað á ég mikið í sparissjóðsbókinni minni? Viltu skrifa mér mamma, hvað þú vilt í jólagjöf og viltu segja mér hvað ég á að gefa stelpunum og Eggert. Ef þú veist það ekki þá get ég auðvitað fundið eitthvað, en ég meina bara hvort það er nokkurt sérstakt sem þau langar í.

Nú er önnur litla stelpa að læra undir morgundaginn og hefur *Öskubusku*, og les hátt og snjallt, svo að ég verð trufluð og andlaus. Ég hef ekki hitt Hildu biskups, það er svo hræðilega langt þangað og svo er ég ekki vitlaus í það. Nú ætla ég að fara á söfn og skoða allt (margt) grandgæfilega. Það verður gaman, bara ef ég hefði einhvern til að segja mér og leiðbeina, en það verður auðvitað að hafa það.

Nú kom blessuð frúin í þessu með niðursoðnar perur handa mér. Skelfing er hún góð við mig, lagleg og góðleg. En hvað heimilislífið er ágætt og allir góðgladdir, auðvitað ég líka, það er smitandi. Frúin er mjög glöð yfir að ég er brosleit. Helga, dóttir Einars Þorgilssonar, var oft súr á svipinn og það þótti frúnni óskemmtilegt⁴ við hana. Það er lifandis ósköp góður matur hérna, t.d. er alltaf smjör ofan á brauðinu í staðinn fyrir *margarine*, ég held að yfirhöfðuð Danir séu mikið fyrir góðan mat. Mamma, ef þú ætlar að senda eitthvað til Gudm. þá væri ágætt að senda hangikjöt, það þykir dir. svo gott – eða rjúpur.

Ég fékk bréf frá Helga og tvær myndir af honum; mér finnst hann hafa megrast, en jólahátíðin kemur mátulega til að fita hann; ég býst við að hann verði allt jólafríð sitt á Færgesgården, það verður gaman. Hann lét bréf bíða mín hérna til að gleðja mig, hann er svo skelfing góður, blessaður stúfurinn. Þú skalt ekki verða leið yfir því núna þó helga hafi verið farið að lengja eftir bréfum. Hann er sjálfsagt búinn að fá þau núna. Blöðin komu nokkrum dögum á undan bréfunum, það eyðilagði tvo daga fyrir mér, ég gat ekki um annað hugsað en hvernig stæði á að ég fengi ekkert bréf, en það var af því að blöðin komu með öðru skipi – en maður getur orðið svo kjánalegur og dottið það versta í hug þegar maður er langt í burtu að heiman. – Þakkar öllum fyrir afmælisgjafir 7.10.

¹ Einu sinni var. Alþekkt leikrit bæði í Danmörku og á Íslandi.

² Ódýrara.

³ Revía

⁴ Smjörflki.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Khöfn, 31.10.1922.

Ræðir um ömmu sína, furðar sig á að enginn af skyldfólkinu skuli létta undir með Álfheiði í skelfilegum ellisjúkdómi hennar. Enginn man það að Álfheiður bauðst til að fara austur að Odda er, systurdætur hennar voru sjúkar.

-- Ég hef verið að reyna að fá mér atvinnu, en ekki hefur það heppnast fyrir mér ennþá. Ég setti auglýsingu í blaðið í gær, en ég hef ekki fengið eitt einasta tilboð, svo lukkan fylgir mér ekki í þessu tilfelli, en ég reyni betur og vonast endilega eftir einhverju.

Haraldur Sigurðsson sagði að ég skyldi reyna að fara á *konserta* ef ég gæti og vísaði hann mér á einn, sem ég svo fór á í gær. Maðurinn spilaði afskaplega vel og eins og þetta væri leikur fyrir hann; það var í Oddfellow Palæet¹ og var nær hvert einasta sæti upptekið og afskaplega mikið lófaklapp og aðdáun. Mér fannst voða gaman. Það er bara svo skrítið að vera einn, en það er bara vani. Mig langar mikið til að fara í Konunglega leikhúsið á föstudaginn. Það á að sýna Carmen, ég hef lánað alla óperuna á bókasafninu hérna. Hana ætlað ég svo að lesa, en ég fer ekki nema ég fái *billegi*² sæti, og eiginlega helst ekki fyrr en ég hef fengið atvinnu.

Ég hef hitt Gullu Briem³ stundum. Mér finnst hún skemmtileg og fjörug og svo er hún svo hjálpsöm, hún er að læra að sauma hatta. Ég þurfti að fá mér hatt og þá bauðst hún strax til að sauma hann fyrir mig. Ég auðvitað þáði það og nú er hún að sauma hann. Ég hef verið á randi í búðirnar, mikið skelfing fer mikill tími í það, annars verður það svo vitlaust. Það var auglýst útsala hjá Magasin du Nord og Illum. Þangað fór ég og það veit hamingjan að ég var því fegnust þegar ég var komin út aftur, ja því lík lifandis ósköp. Ég var algjörlega villt og gat ekki fundið útganginn, ekki skil ég að ég vogi mér þangað aftur. Og þau þrengsli og hamangangur, alveg til þess að fá höfuðverk og leggjast í rúmið af; nei! Dir. gaf mér 30 kr. fyrir regnkápu og ég ætlaði að fá hana þar á útsölnunni. En það veit hamingjan að ég er ekki enn búin að finna þá deild, fyrst var mér vísað eitt, og síðan annað, og alltaf var það vitlaust, þarna getur maður gengið sig uppgefinn án þess að nokkur sála yrði á menn, jæja nóg um þessa dauðans óskemmtun.

Á sunnudaginn var ég hjá Siggu Tómasar. Hún er vinnustúlka hjá hjónum, sem eiga þrjú lítil börn, það er lifandis ósköp gott fólk sem bauð mér að borða til miðdags og þáði ég það. Um kvöldið koma Lárus Blöndal,⁴ kærasti Ástu, en hvað hann er ófélegur, þú mátt ekki segja það, en mér finnst hann nauðalíkur Felix Guðmundssyni.⁵ Það var eins og ég hefði Felix fyrir framan mig; mér leist ekkert vel á hann, en það getur svo sem vel verið að hann reynist góður, það er ekki gott að vita.⁶ Hugsa sér þann mismun ef Helgi væri hér, eða bara við saman. Ég held að hann hafi það ósköp lítið skemmtilegt, en hann var hálfleiður yfir að fá svona sjaldan bréf; það hlýtur að hafa misfarist eitthvað af þeim; því síðan í júlí hef ég sent til hans hvert einasta bréf sem ég hef fengið frá þér og yfirleitt allt sem ég hef vitað að hann hefði ánægju af, svo ég skil ekkert í þessu, en mikið hlökkum við bæði til jólaanna, eins og þú getur nærri; enda segi ég það líka alltaf, ef hann er í leiðu skapi.

Jæja, mamma mín, einkennilegt finnst mér að vera svo hjá ókunnugu fólki. Mér hefur aldrei fundist ég vera ókunnug á Færgegården, þó einkennilegt megí virðast, þá fannst mér ég þekkja þau öll frá Hildu.

Ef Dídí hefur ekki enn skrifað *direktörnum* þá blessuð viltu biðja hana að gera svo vel og gera það. Það þýðir ekkert að geyma það því dir. lætur hana ekki sleppa; það er betra að gera það strax til þess að það gleymist ekki. Eru ekki alveg á sama máli?

Það verður að segja að mér bregður við að koma hingað frá Færgegården, því eins og þar var verið við mig, get ég ekki lýst, og eins var það sama að hverju ég spurði dir.; hann vissi allt, hér finnst mér þess vegna allir vera svo heimskir. Hr. Rasmussen er bókhaldari, allra besta maður og alltaf í góðu skapi, en dæmalaust *dum*.⁷ Konan hans er bæði myndarleg og lagleg, en hún gengur upp í húsverkinu og yfirhöfuð myndarskapnum, því heimilið er *gegnumpropert*,⁸ eins kann frúin bæði að *knipla*, og allt *broderi*,⁹ en henni hefur alltaf fundist það *spildt*¹⁰ að lesa og þess vegna er ekkert gaman að tala við hana, eða maður getur ekki fræðst af henni. Svo er dóttirin lifandis ósköp

¹ Oddfellowhöllin.

² Ódýrt.

³ Gunnlaug Vilhjálmssdóttir Briem (1902-1970) síðast forstjóri Söfnunarsjóðs Íslands. Þær bræðradætur.

⁴ Sennilega Lárus Blöndal bókavörður.

⁵ Felix Guðmundsson kirkjugarðsvörður, þekktur Alþýðuflokksmaður.

⁶ Ekkert varð úr því sambandi.

⁷ Vitlaus.

⁸ Fullkomið í alla staði.

⁹ Útsaumur.

¹⁰ Tímaeyðsla.

góð og hjálpsöm, ef það er eitthvað. Hún er 23ja ára, er trúlofuð og þó hún hafi búið hér er hún alls ekki *Köbenhavnerinde*, sem ekki hugsar um annað en að halda sér til, en ég held að hún sé fremur óskynsöm.

Ég sit alltaf hér inni í stofunni, því herbergið mitt er bara svefnherbergi og ískalt. eiginlega finnst mér það skrambi mikið að gefa 150 kr. fyrir þetta, því herbergið er inn af eldhúsinu, svo það væri ómögulegt að leigja karlmanni það, en auðvitað fær maður ekki alls staðar svona góðan mat og svona gott fólk og heimili; og ég er afskaplega ánægð, en heldur finnst mér það dýrt. En það er sem sagt að ég er glöð yfir bæði staðnum og svo er líka ekki nema 20 mínútna gangur til Haralds Sigurðssonar. Það er indæll göngutúr meðfram Sortedamsöen.

Mikil undur er Haraldur elskulegur og svo brosleitur, ég er viss um að hann er duglegur kennari og mikið dáist ég að honum blessuðum, mér finnst hann vera hreinasti *virtuos*,¹ en ekki er montið í honum, nei alveg eins og við værum jafningjar, ég vanda mig auðvitað eins og ég get, en er dálítið nervös þegar ég spila fyrir hann, það fer nú vonandi með tímanum. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Höfn, 2.11.1922.

-- Ég vona að þetta komi um afmælisdaginn þinn², svo ég ætla að óska þér alls hins besta sem ég á til og það vildi ég að guð gæfi að það yrðu fleiri gleðistundir en á liðna árinu, Ég get ekki hugsað mér að þú eigir að lifa fleiri svona erfið ár. Mig langar til að gleðja þig með einhverju smávegir, ég veit að það geri ekkert þótt það sé lítið og *prosaískt*³ því það er gefið af góðum hug. Þann ellefta verð ég með hugann heima, eins og svo oft annars, sérstaklega á sunnudögum og svona tyllidögum. Það verður gaman að koma heim aftur; skelfing skal ég hjálpa þér vel Ætli það verði ekki næst í september? Jæja, elsku mamma, ég óska þér alls hins besta á nýja árinu. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Höfn, 11.11.1922.

-- Ég hugsa svo mikið til þín í dag að mér finnst ég mega til með að tala svolítið við þig og segja þér hvað ég óska þér mikið og vel til hamingju. Það er eins við mig fólkíð herna eins og við dóttur sína, t.d. núna í dag fengum við súkkulaði og rjómaköku og allt mögulegt gott til að halda upp á afmælisdaginn þinn; og í kvöld býður frúin okkur í Casino til að sjá *operette* sem heitir *Pigen fra Holland*. Þetta gerir hún til að mig langi ekki of mikið heim. Annars biðja hjónin kærlega að heilsa þér og óska þér til hamingju og frúin sagði mér að skrifa þér að: *De var så glade for den lille pige*.⁴ Ég held áreiðanlega að það sé frá hjartanu, því þú veist ekki hvað þær mæðgurnar eru nærgætnar við mig, hjálpsamar og góðar. Þegar ég fer að kaupa handa Hildu í búið hefur frúin boðist til að hjálpa mér. Við förum þá á útsölu í *Magasin de Nord*. Ég var áðan að fréttu af perum sem þola geymslu fram yfir jól og sem kosta 10 aura. Ég má til að reyna að ná í þær og senda þér fáin pund. Hér í Höfn eru þær miklu dýrari, en þessar eru á *Fæjð*, ég sé hvernig gengur.

Ja, mikið hef ég reynt að fá mér atvinnu; ég hef sent umsóknir árangurslaust, svo hef ég auglýst og þá fékk ég eitt tilboð, en heldurðu ekki að maðurinn, einhver *journalist*⁵ Christensen, verði veikur og þá gat ég aðeins talað við konuna hans og hún var svo óalmennileg að það var ómögulegt að tala við hana. Ég ætla samt aftur að hringja þangað. Svo datt mér í hug að hringja til Sveins Björnssonar⁶ og spyrja hann hvort ekkert brúk væri fyrir mig og hann sagði að sér þætti það leiðinlegt, en þar væru öll sæti skipuð, svo ekkert hafði ég upp úr því. Þetta hefur ekkert orðið nema kostnaðurinn ennþá, hvernig sem allt gengur.

12.11.1922. -- já mikið fannst mér gaman í gærkvöld, þetta var ósköp huggulegt stykki, gaman og alvara, ó hvað ég hló hjartanlega af því, og músikkin var svo voða skemmtilegt. Svo um daginn var ég á konsert í Frúarkirkjunni þar sem 32 manna söngkór, sem heiti *Bel canto*, söng. Það var útvalið og hvað þeir sungu yndislega vel, það var eins og ég hugsa mér englasöng, svo sungu Jenna Frederiksen og Helga Nissen dúett og var spilað undir á orgel. Svo spilaði einhver organisti Largo eftir Händel, og svo eftir Brahms, sem ég hef heyrt Pál Ísólfsson spila. Annars var ég mest hrifin af: *Sjá þann hinn mikla flokk*, sem *bel canto* söng, því gleymi ég ekki. Þessi kór er er sá besti á Norðurlöndum og það er mikill heiður að fá að vera í honum og verður að borga fyrir. Sigurður Birkis⁷ er í honum. Hann bauð okkur Gullu einu sinni inn á *Palads restaurationina* og var það líka skelfing gaman.

¹ Snillingur.

² Álfheiður fædd 11. nóv. 1868, d. 1962.

³ Jaðrbundið, hugmyndalaust.

⁴ Voru ánægð með stúlkuna litlu.

⁵ Blaðamaður.

⁶ Sveinn Björnsson (1881-1952), sendiherra, síðar forseti Íslands.

⁷ Sigurður var uppeldisbróðir Gunnlaugar Briem. Síðar söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. Sem ég hef haldið fram að hafi eyðilagt þátttöku safnaðar í söngnum, með því að kenna og taka upp margraddaðan kórsöng. Ég minnst ávallt hvað gaman var að syngja

Í dag var ég með Gullu úti hjá henni Helgu systur hans Sæma. Hana (*Gullu Briem*) er farið að langa svo mikið heim, bara ef hún gæti fengið atvinnu. Hún hefur lært að hraðrita bæði ensku, dönsku og íslensku; eins vélritun og eitthvað í bókhaldi. Hún vinnur fyrir sér með því að sauma, mér finns þegar hún hefur lært svona margt að hún hljóti að fá eitthvað að gera, en hér er það víst erfitt.

16.11.1922. Heyrðu mamma mín; heldurðu að þú vildir taka ú túr sparisjóðsbókinni minni og senda mér peninga. Ég brúka í húsaleigu og mat o.þ.h. 150.00 og 40-50 í spilátíma á mánuði, svo það eru fastar 200 kr. og svo veit ég ekki fer í annað. En ef ég fer á einhverja konserta, og í leikhús langar mig að minnsta kosti; og sporvagn, þvottur, nótur, pappír og frímerki, skótau o.fl. þá hleypur það upp; og svo ef ég þarf að fá mér eitthvað, ég á að borga fyrir herbergið á meðan ég er niðri í Færgesgárgarði 25 kr. á mán.; svo er eitt, svo annað --

Þegar ég fer að kaupa handa Hildu handklæði, borðdúka, *serviuttur*, hvað á ég þá að kaupa margt af hverju á að giska, og hvað fæ ég mikla peninga til þess. Það er miklu betra að fá það hérna og frú Rasm. hefur gert svo góð innkaup á borðdúkum og serviuttum, eins voða sterk handklæði úr hör, þú veist af þessum sem er bæði gott að þurrka sér á og eins að þvo þau; og dúka líka úr hör, þeir voru seldir billega vegna þess að það átti einhvers staðar að vera *vævefejl*¹ en það var okkur ómögulegt að finna, svo það er hægt að kaupa gott þar. Mér þætti gott ef Hilda svo vildi senda mér stafi til að merkja, ef ég verð dugleg. Ég er búin að læra að *orkera*, og svo ætlar hún að kenna mér að *knipla*; hún er svo duglega að öllu, hvað hún hefur kniplað handa dóttur sinni í búið, koddaver og allt mögulegt. --

Viltu svo, mamma mín, senda mér peninga sem fyrst, annars fæ ég svo miklar áhyggjur. -- Róleg ár hljóta að koma.--

Ræðir svo um sendingar, ömmu sína og móður sem er farin að sofa inni hjá henni ellisjúkri.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Khöfn, 26.11.1922.

-- Þakka þér ósköp vel fyrir bréfið, ég sendi bréfin til Helga áfram, já ekki er að furða þó aumingja strákurinn hafi verið leiður þegar svo hefur farið að bréfin hafi verið endursend.

Gulla Briem fer með skipinu og ætlar hún að taka fyrir mig kassa með perum til ykkar. Frú Rasmussen keypti nokkuð af þeim og hefur sultað þær og er það svo voða ósköp gott.

Svo kemur nákvæm uppskrift.

Já mamma, hefur þú ekki fengið epli frá direktörnum? Hann sendi eplakassa í okt. sem hann keypti á *Frugtudstillingen*² í Nyköbing, en ég hef ekkert heyrt um það; viltu skrifa um það, mamma mín.

Ef þú hefur ekki þegar þú færð þetta bréf sent mér peninga, viltu þá gera það, ég hef ekkert fengið að gera, svo ekki eru *inntektirnar*,³ ég veit líka varla hvað borgar sig best að reyna fá einhver kontórstörf, og þó ég fengi þau eru þau mjög illa launuð, eða að sauma eitthvað fyrir Hildu og læra eitthvað þess háttar. Frúin hefur kennt mér að *orkera*⁴ og ætlar að kenna mér að *knipla*,⁵ eins hefur hún sagt mér til að hekla, svo ég get svo sem haft nóg að gera, eiginlega finnst mér þetta líka borga sig betur, þó ekki kannski peningalega fyrir mig, en það stendur mér rétt á sama, bara ef ég fæ aura til að kaup efni fyrir, þá skal ég sauma allt sem ég er beðin um, Viltu ekki, mamma, skrifa hvað þér finnst um þetta; þá ætti hún að senda mér mál af t.d. hvað koddaverin eiga að vera stór og eins stafi í þau og stafi í serviuttur. Svo er eitt; ætlar Hilda að hafa lök eða sængurver með marki og milliverki? Nú er flest nýgift fólk, sem ekki hefur nein yfirlök; en hitt er kannski praktískara. Hvað finnst ykkur? Hafið þið nokkra hugmynd um hvenær Hilda og Theodór gifta sig?

Já ég hef alveg gleymt að segja þér hvaða fólki ég er hjá; maðurinn er bókhaldari einhver staðar við Kvægtorvet og þau hafa búið hér í Höfn í sjö ár, bæði hjónin eru frá sínum hvorum bóndagarði á Lollandi og hafa verið í Nakskov þar sem maðurinn hefur haft verslun. Þetta er alveg framúrskarandi, bæði gott og myndarlegt fólk, og ég held bara

með. Svo lagðist það af. Ekki fyrir mörgum árum gekk ég framhjá Dómkirkjunni og heyrði dýnjandi söng. Ég fór inn og upp á loftið til að sjá hver kórinn væri. Þá var þar enginn kór, það var bara söfnuðurinn sem söng þekktu sálmalögin af hjartans lyst. Þetta var dönsk messa!

¹ Galli í vefnum.

² Ávaxtasýning.

³ Tekjur.

⁴ Einhvers konar blómasaumur.

⁵ Blúnduhnýtingar/saumur.

að frúin viti allt sem lýtur að því sem húsmóðir á að gera, það er alveg sama hvort það er saumaskapur, matartilbúningur eða húsverk, hún kann það allt, enda eru það svo margir sem hingað koma til að fá góð ráð; nú um þetta og nú um hitt, og öllum vill hún hjálpa, hún er sem sagt pragtexemplar¹ af eiginkonu. Ég set hérna inn í mynd af hjónunum og dóttur þeirra og kærastanum hennar. Þetta er allt svo voða gott fólk og sérstaklega gott við mig.

Núna er systir frúarinnar hér í heimsókn með tvö börnin sín, 18 ára son og 16 ára dóttur. Þau eru hérna að öllu leyti og gista hérna. Inni í Kaupmannahöfn er hálfvont að fá 3 næturgesti, svo ég bauð frúnni að ég skyldi sofa úti og svaf hjá Gullu Briem; við sváfum saman á *divan*² og gekk það -- ágætlega. Ég var svo fegin að ég skyldi geta gert blessaðri frúnni þennan greiða því hún hjálpar mér með allt sem ég þarfnast og kennir mér allt sem ég vil læra af henni.

Ég fór út í Daells Varehus og þar lofuðu mennirnir að senda vörurnar með Íslandi og það sem þú hafðir pantað fékkst allt, þeir senda það með póströfu. Nú fer ég bráðum til Færgegården; þau vilja fá mig þ. 1. des., en það vil ég ekki, svo ég segi að ég verði að ljúka við eitthvað sérstakt sem ég er að spila. Það er auðvitað afskaplega gestrisið. Ég mætti náttúrlega þakka fyrir að þau vilji hafa mig svona mikið, en mér finnst það nærri því óþægilegt af því að ég vil svo gjarna vera dálítið hérna inni í Höfn, bæði spila ég og verður miklu meira úr verki en í Færgegården; þar finnst mér ég alltaf heldur verða að hjálpa frúnni og þá er engin *eftirtekjan*.

Gulla fer á morgun og það segi ég satt að ég kvíði fyrir, þú veist ekki, mamma, hvað hún er góð, og svo afskaplega búngóð, ég veit bara að ég sakna hennar, því við höfum verið svo mikið saman, hún er svo fjörug, mér þykir bara reglulega vænt um hana.

Mér finnst mér fara fram hjá Haraldi Sigurðssyni, hann er bara hreinasti *kunstnari*, finnst mér, hann veit víst ekki hvað það er að *sjúska*.³ Hann hélt konsert um daginn, það kalla ég gott, það var hér um bil fullt hús og mikil undur var klappað mikið fyrir honum, og lærisveinar hans á konservartorínu⁴ gáfu honum stóran blómsturbúket, og það var klappað þangað til hann gaf aukalag.

Já, mamma, svo fór ég einn sunnudagseftirmiðdag í Konunglega leikhúsið og það segi ég satt, mér blátt áfram leiddist, það var einhver ópera sem hét Bohème og það söng, að mínu áliti, reglulega illa fólkið, allt nema Tenna Frederiksen,⁵ enda líka bar hún það uppi, svo var reglulega kalt í leikhúsinu og aldrei almennilega bjart á senunni, svo ekki gat maður sé fólkið, það sögðu sumir að væri gott, því það hafði allt verið meira og minna ljótt. Það má hamingjan vita að ég varð skúffuð.

Við Gulla fórum einu sinni að skoða ráðhúsið og það fannst mér nú nokkuð skemmtilegra; það *impóneraði* mig að sjá það, mikil undur er það fallett alls staðar, ó, hvað eldhúsin voru falleg, eitt lítið og annað voða ósköp stórt, þar voru allir pottar, katlar og könnur úr gljáandi kopar og allt postulínið *Köbenhavnsk* og hvað það var dæmalaust vel um gengið, þvílík prýði; og þar sem bæjarstjórnin heldur fundi og þar sem allar fínustu veislurnar eru haldnar, það var allt svo fallett og alls staðar heitt og gott. Svo hef ég séð vaxfólkið í *Panotikon*,⁶ þar var t.d. lögregluþjónn, sem sat á stól og svaf. Við Gulla vorum orðnar alveg mállausar að hlæja að honum, hann sat þarna svo skikkelsilegur að það var ómögulegt annað en hlæja að honum. Svona var svo margt sem hægt var að skemmta sér yfir. Svo höfum við verið á *Carlsbergs Glyptothek*⁷ – svo margt að skoða að maður verður strax dauðuppgefinn -- Ég hef líka verið á *Statens Museum for Kunst*⁸ og það finnst mér miklu meira gaman, þar eru svo mörg málverk sem ég hef séð áður myndir af; það finnst mér gaman. –

¹ Besti dæmi um eiginkonu.

² Legubekkur.

³ Fara illa með.

⁴ Tónlistarskólanum.

⁵ Hortensia Frederiksen (1885-1954).

⁶ Vaxmyndasafn.

⁷ Höggmyndasafn.

⁸ Ríkislistasafnið

27.11.1922. Í fyrradag þegar ég var að koma úr spílatíma sá ég stígvél úti í einum búðarglugga og sum kostuðu 8.50, þau voru seld svo billega af því það var lítið númer; ég keypti þau og sendi með Gullfossi, ef annaðhvort Hilda eða Dídí vildu þau, það er rétt eins og sólar og mér fannst ég verða að taka þau; ef þér finnst svona nokkuð vitlaust af mér, viltu þá segja mér það, því þá auðvitað geri ég það ekki aftur,

Þetta eru ljótu bréfin sem ég skrifa, mamma, það er svo slæmt, ég mann svo illa hvað ég skrifaði *direktörnum* og frúnni og hvað ég skrifaði þér; svo það getur verið að eitthvað verði tvítekið á öðrum staðnum en sleppt á hinum.

Á laugardaginn buðu hjónin sem ég bý hjá mér aftur í leikhúsið, en þá var ég búin að lofa henni Önnu, sem var einu sinni hjá frú Sigrúnu,¹ að heimsækja hana með Gullu; svo ég fór ekki. Þau sáu leikrit sem heitir *Peterson og hendes søstre*; og síðan er ég alltaf kölluð Petersen, og ég er farin að gleyma því og svara því svo. –

Já í dag var ég inni í Magasin du Nord.; það var allt puntað svo fallega fyrir jólin og músik og jólatréslykt; ó hvað það gat verið fallegt. Nú gekk allt ágætlega þar inni; ég gat strax fundið útganginn; en ég hafði líka fylgd, því við Gulla vorum saman. Ég hef lítað gula ballkjólinn minn og bláa *crêpe de chine* kjólinn minn og eru þeir bara engi líkari en þeir væru nýir, svona ljómandi góðir. Ég er samt ansi hrædd um að ég verði að fá mér sunnudagskjól, t.d. úr dökku *musseline*, væri það ekki gott? Það er svo leiðinlegt að vera í silkikjól með stuttum erum á sunnudögum, finnst þér ekki?

Jæja, líði ykkur sem allra best og að amma yrði ekki alltaf jafn erfið, en ég fer nú að vera svartsýn á það, ég get ekki annað en hugsað til ykkar þegar myrkrið er og kuldinn. Hvað þið getið átt erfitt --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Khöfn, 1.12.1922.

-- Þakka þér kærlega fyrir bréfið með Gullfossi, ja, hvernig það hefur gengið á afmælisdaginn þinn; ég hef enga ótrú á því, úr því ekkert brotnaði, ekki skil ég hvað hefur gengið að lampanum að detta niður, nema ef þeir ólátabelgirnir á kvistinum hafi ólmast svona, já þetta er auðvitað skýringin, en það kennir þeim þá að vera ögn rólegri næsta daginn!!

Jæja, mamma mín, ég er við og við að fá línu frá ýmsum á Færgegården, og verið að spyrja mig hvenær ég ætli eiginlega að koma, þau ætluðust til að ég kæmi 1. des., en mér finnst engin meaning í því þegar ég er búin að vera rúman mánuð í spílatíma, að hætta tvo mánuði, ef ég þá slyppi, ég var næstum því í vandræðum að komast hingað þ. 19. okt.; direktörinn spurði mig á hverjum einasta degi í haust hvort ég ætlaði ekki heldur að vera áfram á Færgegården og læra svo hjá organistanum í Nyköbing, ja mamma, það þarf meira en mína staðfestu til að segja alltaf nei, þetta er náttúrlega voða mikil gestrisni og gæði, en mér finnst það bara of mikið, því ekki vil ég móðga þau, en það er ekki gaman að því, svo mamma, þér að segja, verður mér svo lítið úr verki þar og æfi mig líka lítið, því þegar frú Guðmundsen er frammi, hjálpa ég henni, en þegar hún er inni, vil ég helst æfa eitthvað sem er gaman að, því frú G. leiðast æfingarnar alveg öfugt við frúna hérna, henni finnst það ánægjulegt hvað ég spila af miklu kappi; held alltaf áfram meðan ég er við það, og hætti svo.

Ég sagði við Harald Sigurðsson hvort honum fyndist þetta vera óráð að hafa jólafrí í tvo mánuði. Það fannst honum og sagði hann að lærlingarnir á *Konservatorinu*² fengju einn mánuð, og það væri vegna prófa, svo hann sagði að ég skyldi skrifa og segja að ég fengi ekki meira en þeir, og svo gerði ég það. Þetta var eina ráðið, því það er bara reglulega óþægilegt fyrir mig þegar það er nauða svona í mér. Ég veit að minnsta kosti að Hilda skilur þetta af eigin reynslu. Annars hlakka ég strax til að koma heim aftur, ég hef líka hálfgerðar áhyggjur af peningasökum, mér finnst ég eyða svo miklu, en samt finnst mér það ómögulegt að brúka minna. Mér ofbauð svo hvað dýrt er að láta þvo af sér, hugsaðu þér mamma, að þvo og strauja *skört* og *undirlíf* samfast kostar frá 1.30 til 1.60 svo það mundi svei mér hlaupa upp.

En svo skal ég segja þér hvað þú átt dæmalaust ráðagóða dóttur; ég fór með tauið mitt í baðhúsið, keypti mér þar *karbað*³ fyrir 0.60, þvoði tauið, síðan vafði ég það inn í pergamentpappír og labbaði heim með það, bjó til snúrur í

¹ Sigrúnu Ísleifsdóttur Bjarnason í Tjarnargötu 18.

² Tónlistarskólanum.

³ Baðkar.

klæðaskápnunum mínum og hengdi það þar upp. Nú er það að þorna og síða strauja ég það, nú kemur sér vel að hafa járníð.

Hugsa sér, hvað frúin hérna er góð, hún gaf mér kassa til að senda til Fæjö í staðinn fyrir perukassann, sem ég sendi til ykkar og Rasmussen, kom honum fyrir mig, fór meira að segja sjálfur með hann, eru þau ekki framúrskarandi góð? Þú skalt ekki senda kassann aftur.

2.12.1922. Það er þá afmælisdagurinn hennar Hildu í dag. Ég er ein heima núna, því frú Rasm. og dóttir hennar eru í búðum. Í morgun fórum við hérna í búð, rétt hjá, því það var auglýst ódýrt *dækketøj*, þar keypti ég dúk og servíettur handa Hildu. Elsku mamma, segðu mér hvernig þér finnst kaupin, okkur hérna finnst það svo gott, það kostaði 28.00, en viltu muna að segja hvernig þér finnst það. Það er ágætur hör og mér finnst það reglulega ágætt hversdags, það átti að kosta mikið meira, var sett niður og þar að auki 10% afsláttur af því frúin var líka. Í gær keypti ég 8 bollapör sem kostuðu 1.80 parið, hvernig finnst þér það? Þau eru reglulega falleg, finnst þér það ekki heldur ódýrt, þau hafa kostað 2.50 parið sagði stúlkan, og okkur frú Rasm. fannst þetta ágætt.

Handa Dídí keypti ég golfreyju; ég hef hálfgerða samvisku að kaupa svona þunna kápu handa henni, bara vegna þess að það var skinnkragi á henni og *fíksari*¹ en hinar, en ef henni er kalt í henni, hjálpar þetta. Þér að segja bar golfreyjan alveg hundbilleg, ég fór eftir auglýsingu og kostaði hún 9.50 og viftan 1. kr. Þú lætur ekki Dídí vita þetta. Svo keypti ég vasaklúta handa þér og merkti; utan um einn *orkeraði* ég, mér finnst gaman að láta þig sjá hvernig það lítur út. Mér fannst mig vanta kjól úr ullartau, af því mér finnst ekki hægt að nota *krepe de chine*-kjólinn minn úti á sunnudögum, svo ég keypti mér indælt, hlýtt og gott ullartau fyrir afmælisgjöfina frá ykkur. Svo ætla ég að sauma hann sjálf með hjálp frúarinnar, því hún bauð mér það undireins, þó hún hafi nóg annað að gera, en svona er þetta hjálpsama fólk.

Ég var á Íslendingamóti um daginn. Mér þótti gaman. Sigfús Blöndal hélt fyrirlestur um landsmál, fyrir mjög vanþakklátum tilheyrendum, enda var það mjög langur og leiðinlegur fyrirlestur. Á meðan var ég að *konversera*² Hildu Jóns,³ því annars hefði hún sofíð vært og það fannst mér hálf skammarlegt, en hún heyrir víst illa með öðru eyranu og það var svo óheppilegt að einmitt það eyrað sneri að mér, og í hvert skipti sem ég laug upp munnum sagði Hilda: ha, og sneri höfðinu þannig að skárri eyrað kom nær. Þetta fannst mér svo hlægilegt að ég varð að passa mig að byrja ekki að hlæja, því þá myndi ég aldrei hætta. Svo spilaði Haraldur Sigurðsson, og þá kom værðin aftur yfir Hildu og nú sofnaði hún hvað eftir annað; hún hefur verið þreytt, aumingja stelpa, því mikið hefur hún að gera, enda var allt kvöldið bardagi við svefninn, því lítið sem ekkert dansaði hún.

Mamma, ég keypti eitthvað smávegis handa Jónu og vinkonum hennar. Lóu og Bíbí, eins handa Helgu Þorsteins. Þú ræður hvernig þú skiptir því, en mér finnst Jóna ætti að fá vigtina, en annars ræður þú því. Mamma, finnst þér ekki að ég ætti að koma heim í ágúst í sumar; mig langar ekki til að vera lengur hér, og líka þegar Hilda ætlar að gifta sig, Dídí á stöðinni og amma svona; en mamma mín, þú segir mér það, því í apríl fer ég niður á Færgesgárdan og úr því læri ég víst ekkert. Annars langar mig til að fara einu sinni á 3 vikum hér inn til að spila, en það verður kannski of dýrt, spilátíminn kosta 10 kr. --

Mér finnst mér hafa farið töluvert fram síðan ég byrjaði og er orðin sterkari í fingrunum. Ég spila tómar æfingar og *skala*, og svo *sónötu*, sem ég læri utan að jafnóðum; eins spila ég æfingar utanað, það finnst mér gott; það skerpir athyglina, finnst mér. Alltaf þegar koma gestir hingað er ég beðin að spila og að minnsta kosti segir fólkið að því finnst ég spila vel, en ég veit náttúrulega ekki hvað gott vit það hefur á því.

8.12.1922. – Jæja, svo nú er Þórður frændi!!! þinn giftur, nú *prövar hann vípt eina þvepsku -uff-*, það var annars svo fyndið hvernig þú lýstir brúðkaupinu, ósköp held ég þú hafir hitt á strenginn hjá Helga Magnússyni þegar þú fórst að konversera honum um rör og þ.h.; minntist þú ekki líka á þegar vatnsrör springi hvað það megi vera erfitt fyrir þá að gera við það, ósköp vildi ég þú hefðir ekki gleymt því. Jæja, mamma mín, það hefur nú verið ógnarlega vellukkað brullaup og þar að auki skemmtilegt.

¹ Fínni.

² Ræða við.

³ Þórhildur Helgason; þær systkinadætur.

Ég var að búa um jólapakkann, það er reyndar ekki allt svo jólalegt í honum, til dæmis nokk sagt, pappírinn, sem fyllir nú mest, en það veit hamingjan að mér finnst það svo mikil ánægja að senda ykkur eitthvað smávegis, þó *prosaiskt*¹ sé, að ég vildi bara að þið yrðuð jafn glöð yfir að fá pakkanna. Ég var bara alveg brosandi þegar ég var að búa hann út, ósköp held ég þú verðir glöð yfir bollunum, er það ekki?

Ég var að fá kort frá Licht-systrunum,² þær bjóða mér upp á súkkulaði á sunnudaginn því þær ætla að hald upp á afmælið hennar Anni. Ég hef komið tvisvar til þeirra og haf þær verið ósköp góðar við mig og líka gestrisnar, blessaðar kerlingarnar. Ég ætla að fara að heilsa upp á frk. Nannestad, það er hérna skammt frá mér, svona 25 mín. gangur, ég veit náttúrliga ekki, mamma, hvort það verður fyrir eða eftir jól, því nú fer ég á föstudaginn niður á Færgegården, ó, hvað ég hlakka mikið til að sjá hann Helga, hann kemur víst rétt fyrir jólin þangað.

Ég var á skemmtun hjá Dansk-íslenska félaginu núna í vikunni. Haraldur Sigurðsson spilaði þar, Åge Meyer Benediktsen sýndi skuggamyndir og kenndi landafræði um leið; það hefur nú alltaf verið mitt fag, eins og þú veist, það var lengi og í sífellu sem hann talaði, síðan söng einhver danskur maður. Hann söng nú bara illa, en ég klappaði samt fyrir honum af því að hann var svo laglegur; já og svo las Guðmundur Kamban upp sögukafla eftir sjálfan hann um dreng sem hér Ragnar³ og hann var hafður fyrir rangri sök, þess vegna grét Guðmundur, ég býst við að hann hafi vorkennt drengnum svona; en annars finnst mér það mesti óþarfi af honum að láta þetta vera svo trist, að hann beygi af framan í öllu fólkinu.

Jæja, en í alvöru talað, var það nú bara gott kvöld í alla staði.

-- Ég hef heyrt að Botnía komi ekki fyrr en eftir jól, það finnst mér leiðinlegt; mamma, þú hefur vonandi sent mér peninga með henni, því annars myndi mig vanta.

Nú finnst mér bréfið vera orðið svo langt að ég hætti og óska þér gleðilegra og góðra jóla, það vildi ég að þið fengjuð að hafa dálítinn frið um jólin og að þið verðið öll frísk --

.

¹ Óskáldlegt

² Systur Mörtu Maríu konu Jóns vískups.

³ Ragnar Finnsón, skáldaga Guðmundar, kom fyrst út í Khöfn 1922.

Morgunblaðið 4.7.1989 : Friede P. Briem.

- Ég lærði vélritun heima hjá Eggert bróður mínum. Eftir að ég hafði lokið námi í Kvennaskólanum fór ég að vinna hjá Eimskip við skrifstofustörf og einnig gerði ég svolítið af því að kenna stúlkum vélritun. Þegar ég var tuttugu og eins árs fór ég til Danmerkur¹ til þess að læra á píanó hjá Haraldi Sigurðssyni. Mamma byrjaði að kenna mér á píanó þegar ég var átta ára gömul og svo var mér komið til náms hjá Katrínu Viðar. Með Danmerkurferðinni fetaði ég í fótspor mómmu. Hún fór ung til Danmerkur til þess að nema ýmsar kvenlegar dyggðir, svo sem útsaum, hljóðfæraleik og söng. Hún hafði mjög mikla og fallega rödd. Einu sinni í Danmerkurdvöl hennar var hún fengin til þess að fara niður á Fjón til þess að kenna presti þar, sem hét Stahlfest-Möller, að tóna. Í þeirri dvöl lærði hún margt skemmtilegt. Ég heiti eftir konu þessa prests. Hún bað mómmu að láta heita í höfuðið á sér, ef hún giftist og eignaðist fleiri en eina dóttur.

Í Kaupmannahöfn útvegaði ég mér húsnæði og fæði hjá danskri fjölskyldu og mátti æfa mig að vild á stofupíanóið þeirra. En sjaldan hef ég verið loppnari en sitjandi við þetta hljóðfæri. Ofn var í stofunni ókyntur, svo ég varð að kaupa mér olíuofn til að hita stofuna. Þarna þraukaði ég af veturinn, en naut dvalarinnar í Kaupmannahöfn ríkulega, fór á alla tónleika að ráði Haraldar Sigurðssonar kennara míns og er þessi vetur mér ógleymanlegur. Svo fór ég í sumardvöl til hjóna sem bjuggu á gömlum ferjustað á Lálandi og Falstri.² Þau áttu fimm syni sem urðu góðir vinir mínir. Hjá þessu fólki hafði Þórhildur systir mín dvalið um tíma áður. Ég vann einnig ígripavinnu hjá Eimskip í Kaupmannahöfn. Vegna reynslu minnar héðan að heiman spurði forstjórinn, Fanø, mig hvort hann mætti leita til mín þegar mikið væri að gera og ég hélt það nú. Þetta kom sér vel fyrir mig því ég var ekkert of vel fjáð. Ég hafði safnað mér til fararinnar og einnig sendi mamma mér peninga. –

¹ Um ársbil 1922-23

² Færgesgården.

1923

Ásgeir Guðmundsson til Friede P. Briem. Rvík, 8.1.1923

Kæra Fríða!

Yður mun sennilega þykja það allkynlegt, að ég skuli taka mér það fyrir hendur að skrifa yður bréf. En undravert er það alls ekki, frá mínu sjónarmiði, þar eð hugur minn hneigist stöðugt til yðar, sem einu sinni voruð mér all nálægt; en sem fyrir léttlyndi mitt og rógburð þess manns¹ sem ég átti ekki neitt slíkt hjá, fjarlægðust mér stöðugt meira og meira, þar til ég var yður líklega gleymdur.

Ég ætla því Fríða að biðja yður að láta það sem þér gegnum yðar slæma heimildarmann hafið heyrt og sem ég veit hvað er og ég mun hrekja, fáí ég tækifæri, falla niður og láta kunningskap okkar rakna við.

Með von um að mega sanna yður sakleysi mitt og svari þess efnis fljótlega. Gleðilegt nýtt ár.

Ásgeir Guðmundsson, Frakkastíg 6A, Rvík.²

Ásgeir Guðmundsson til Friede P. Briem. Rvík 27.1.1923

Kæra Fríða!

Með mikilli eftirvæntingu bið þess, að þér svörðuð mér og því þegar í gær, sá bréf frá Khöfn með mér óþekktri rithönd, borið til mín, varð ég yfir mig glaður og þar sem þér leyfið mér að kalla yður *kunningja* þá get ég ekki á mér setið að skrifa yður svo að kunningskapur okkar megí aukast en ekki deyja út og jafnvel með tímanum verða að vináttu.

Ég man það vel, þegar við í fyrra vorum á skautum niður á Tjörn og þér höfðuð þessi orð, sem ollið hafa okkur svo mikilla óþæginda, um þá stofnun sem mér er mjög kær og sem ætti með breyttu fyrirkomulagi að verða stúdentum ennþá kærari, þá reiddist ég mjög þeim sem þessi orð hefur um *Mensa*,³ ekki yður, því ég vissi að það var utanað komið en gat samt sem áður ekki annað gert en hellt mér yfir þann sem upptökin hafði átt að þessu slúðri. En fiskisagan flýgur, Hefði ég vitað að þetta mundi leiða af fljótfærni minni þá hefði ég þagað. Sökin var hjá mér en ekki hjá yður, því ég mátti búast við að slíkt mundi ef til vill hljóta af.

En reynum að gleyma, er ekki svo. Hvenær fær maður að sjá yður aftur; er glaumur Hafnar og *studium* yðar alveg gjörsamlega búíð að hertaka yður?

Vel gjöríð þér að heimsækja Helgu litlu, því það eru líklega ekki margir gamlir kunningjar sem heimsækja hana. Hvernig líður henni að því er best virðist séð, haldið þér að um framfarir sé að ræða? Það er ekki svo að skilja að Helga skrifi mér ekki, en ég held að hún segi ekki rétt frá skoðun sinni, henni veitist það náttúrlega erfitt.

Skilið kveðju frá mér, ef þér eigið leið til hennar, því með þessari ferð má ég ekki vera að því að skrifa henni.

Með kærri kveðju. Ásgeir Guðmundsson

Friede var á Færgærgården um það leyti sem hún tók við bréfinu.

Pórhildur Tómasdóttir. F. 28.9.1835. D. 29.1.1923.

Í fórum Friede Pálsdóttur Briem fann ég ódagsettan seðil sem hún hafði skrifað í minningu ömmu sinnar.

Ef ég væri spurð um ömmu mína sem flutti í húsið hennar mömmu, sem hún byggði yfir okkur árið 1907, en amma var þá sjötíu og tveggja ára gömul, með sonardóttur sína átta ára. Þá gæti ég sagt um hana, að ég sá hana aldrei gráta. Svo margt hafði dunið á henni og sorgirnar svo mikla, að hægt var að geta sér til að tákirtlarnir væru uppþornaðir. Rósemin var ógleymanleg og aldrei styggð við okkur í ofnkróknum uppi hjá henni.

En kátínan yfirgaf hana aldrei og þegar góða gesti bar að garði, sem hnyttilega komust að orði, varð hún að taka ofan gleraugin til þess að þurrka sér um augun, því þá grét hún af hlátri.

Hún tók ofan af ullinni, þelið spann hún, litaði og prjónaði skotthúfur, sem hún notaði sjálf eða gaf öðrum. Fínt var bandið og fallegt handbragð. Hún var fátæk af veraldarauði, en átti vönduð húsgögn og píanó sem hún spilaði á til dauðadags, en hún lést 87 ára gömul.

¹ Átt mun við Sigurð Skúlason magister, seinna svili hans.

² Ásgeir bjó hjá Önnu systur sinni og manni hennar Kristni Brynjólfssyni skiptstjóra, síðast í Ráðagerði á Seltjarnarnesi.

³ *Mensa Academica*, veitingastaður stúdenta. Var í forystulið hans.

Síðustu árin lifði hún í sínum eigin hugmyndaheimi, fór í bakarlíð til þess að ná í góðgæti „handa piltunum í Viðey“ o.fl. fólki frá hennar æskudögum, greip í tóm þegar heim kom og átti þá oft erfitt með að sætta sig við að grípa í tóm.

Hún hélt líkamlegri heilsu næstum til þess síðasta, enda alltaf á faraldsfæti að leita að löngu horfnum ettingjum.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Færgegården, 30.7.1923.

-- Þakka þér fyrir bréfið og kortið. Aumingja þú, hvað þú hefur haft miklar áhyggjur út af peningunum, það skil ég vel, maður getur bókstaflega ekki sifið vært þegar svona stendur á, en hamingjunni sé lof að þú fékkst þá, þó seint væri.

Ég get ekki komið fyrr en 2. ágúst, því það var svo seinlegt með þennan passa; það var leiðinlegt, en ég get ekkert að því gert því ég fæ ekki passann fyrr en um morguninn þ. 2., svo fer ég til Warnemünde með sömu lest og þú fórst á páskunum, verður þú svo í Warnemünde og tekur á móti mér? Ef þetta breytist færðu símskeyti. Ég get ekki spurt neinn, því direktörinn er inni í Höfn. Voða hefði ég orðið skúffuð ef ég hefði ekki komist, því ég hlakka svo til að sjá þig, elsku litla krúttið mitt. Vertu þúsund sinnum sæll –

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 2.10.1923.

-- Nú máttu fara að þekkja mig á að ég skrifa þér alltaf á ritvél, en þú fyrirgefur mér það, *ikke sandt*? Ég skrifa þér fyrir mömmu, hún hefur haft svo mikið að gera, við höfum saumastúlku, svo var hér líka stúlka í dag sem á að vera formiddagsstúlka hjá okkur í vetur, svo þegar það var búíð fór hún, altsvo mamma, upp til Sívertsen, Svo er má með vexti að *Sívert* er 55 ára gamall í dag, svo þú getur nærri að ekki dugar annað en að óska honum allrar blessunar.

Ekkert get ég nú sagt þér í fréttum, ég er alltaf heima og ekkert ber við sem hægt er að segja frá til Þýskalands.

Páll er kominn og hefur ekki fengið neinn pilt til að búa með; hann er óákveðinn, svo að ég get best trúað að hann fái engan.

Jóna var heldur hrifin því hún var í afmæli Bibíar í gær; hún er alltaf að muna meira og meira, sem skeði í þeirri veislu. Ég var annars hissa að sjá hana, þegar ég kom heim, hvað hún var dæmalaust fullorðinsleg; hún þekkti hvern einasta staf og var heldur montin. Svo ætlaði ég að fara að reyna hana; þá fór nú heldur verr. Ég byrjaði nefnilega á að láta hana stafa enskt orð, og á því gat hún ekki varað sig og skildi hreint ekkert í því að henni var ómögulegt að ráða við orðið og held ég að hún hafi sjálf haldið að hún væri búin að týna niður að stafa; svo sagði henni það. Síðan spyr hún alltaf hvort það sé íslenska sem hún eigi að stafa. Annars er hún oft ósköp skrítin. Á sunnudaginn síðan við t.d. regnbogann, og spyr ég hana hvað þetta sé, hvort sólin sé svona skrítin, nei segir hún mjög hneyksluð: Veistu ekki að guð og Jesú hafa málað þetta? Jú, segi ég, hverjir eru nú það? Þeir búa nú uppi í himninum, annars geturðu spurt hana mömmu um það, því hún veit það! Það er svo kostulegt að láta hana fræða sig um hluti sem hún veit ekki almennilega um; hún er alltaf viss eð að snúa sig einhvern veginn úr því, svo ekki berist á fávísku hennar. --

Því sem nær líður brúðkaupi Hildu, því meira hugsum við til þín. Það er svo leiðinlegt að þú skulir ekki vera heima, en við erum að vona að við þessar tvær, sem eftir erum, piprum ekki báðar og þá verður þú vonandi svolítið nær.

Heldurðu ekki áreiðanlega að þú komir heim í haustfríinu þínu næsta sumar? Ég hef að minnsta kosti sagt mömmu það, og við hlökkum öll til að sjá þig. --

Ég bókstaflega sé ekkert út úr augunum, við sitjum hér um bil í myrkri, því það er eitthvað að ljósunum Svo eru margir búnir að koma meðan ég sit yfir þessu blessaða bréfi, að ég er að vefja um allt og ekkert. --

Hálfdan¹ er búinn að fá fullan munn af tönnum frá Bernhöft tannlækni, og því er ég feginn, því óhuggulegur var hann, en ennþá verri þegar hann var vita tannlaus, gat ekki sagt nokkurt *ess* eða önnur erfið hljóð. Sérstaklega þegar hann komst í æsingu bar á hví hvað hann var illa máli farinn. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 18.9.1923.

-- Fyrirgefðu nú fyrst og fremst að ég skrifa á ritvél; ég er búin að skrifa svo mörg þakkarávörp að ég er farin að hafa andstyggð á pennanum, --

Jæja þá, nú þegar maður er hingað kominn finnst mér það svo einkennilegt, þegar í hugsa til þess að ekki er nema rúmur mánuður síðan við vorum að vaða um Berlín og slá bláfátaka stúdenta um peninga, ja þvílíkt, flest kemst maður í þegar maður er á þessum flækingi. Aldrei hef ég nú verið glaðari yfir ferðalagi en nú einmitt eftir að ég er

¹ Hálfdan Helgason frændi hennar.

kominn hingað heim, og hef engan kost á að fara aftur. Vertu ævinlega síblessaður fyrir það að þú dreifst í að úr því yrði fyrir mér!

Ég var afskaplega sjóveik á leiðinni heim, en allt er það gleymt þegar það er liðið, en svo var ég slæm að ég hét því við Guðrúnu litlu Daníels kennslukonu,¹ að ég færi aldrei á sjó framar. Hún var annars alltaf að fara upp og ofan alla daga til þess að segja mér hvað gerðist uppi. Varla mátti Einar Þorgilsson alþingismaður hnýta sér og taka í nefið fyrr en Gunna var kominn ljómandi af kátínu til að segja mér þetta. En seinasta daginn var hún ánægðust; þegar hún sat undir borðum hjá skipstjóranum sem var Jón Eiríksson í þessari ferð. Það var gefið vín og ís og tekur einhver Dani upp glasið sitt og þakkar skipstjóranum fyrir þessa ágætu stjórn sem hann hafði á skipinu. Vill svo endilega drekka skál skipstjórans og frúar hans sem hann hélt að væri Gunna og þetta var Gunna ekki lengi að tilkynna mér og þótti bæði skömm og gaman að, bara vorkenndi hún skipstjóranum sem setti dreyrrauða meðan á þessu stóð. --

Það berast annars að mér stöðurnar. Fyrst var nú Sigurður búnaðarfélag² að biðja mig um að vera hjá sér; svo var ég búin að vera í viku heima og þá býður Jóhannes bæjarfógeti³ mér stöðu á skrifstofunni hjá sér -- Vildi ég fyrst tala við Nielsen⁴ áður en ég réð mig annars staðar, svo ég talaði við hann sem sagði að ég gæti fengið stöðu seinast í næsta mánuði á Eimskip, svo ég afþakkaði hinar stöðurnar.

Svo bjóðast mér lærlingar í músik og ætla ég að kenna Lillu Laxdal⁴, Bíbí⁵ og Jónu en ekki fleirum. Það verður líklega nóg fyrir mig. En á þessu sérðu að ég get bráðum borgað skuldir mínar; elsku Helgi minn, segðu mér ef þú heldur þig vanta peninga, því ég á í bókinni minni; bara ef það mætti bíða, en þú segir mér af því.

Það er afskaplega lítið í fréttum, ef ég fæ tíma tek ég saman blöðin og sendi þau. Það er eitthvað að fara illa fyrir Jónasi frá Hriflu,⁶ en það lestu um, eins er Halldór Daníelsson hæstaréttardómari dáiinn. Sigurður Thorlacius⁷ ætlar að fara til Noregs og stúdera.; Noregur styrkir einn stúdent á ári til þess að nema þar og fær Sig. styrkinn núna. Þetta er víst alveg nýtt og er Sig. svona heppinn. Annars var hann að hugsa um að fara til Sviss, en Sigurður Nordal⁸ segir honum þetta, svo hann breytir um á augabragði eins og nærri má geta. Hann er orðinn vel frískur.

Rétt í þessu kom Jóna inn og spurði hvort hún mætti fara til Stelli, dóttur Guðm. Eggerz.⁹ --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 2.10.1923.

-- Nú máttu fara að þekkja mig á að ég skrifa þér alltaf á ritvél, en þú fyrirgefur mér það, *ikke sandt*? Ég skrifa þér fyrir mömmu, hún hefur haft svo mikið að gera, við höfum saumastúlku, svo var hér líka stúlka í dag sem á að vera formiddagsstúlka hjá okkur í vetur, svo þegar það var búið fór hún, altsvo mamma, upp til Sívertsen.¹⁰ Svo er mál með vexti að Sívert verður 55 ára gamall í dag, svo þú getur nærri að ekki dugar annað en að óska honum allrar blessunar í því tilefni. Ekkert get ég nú sagt þér í fréttum, ég er alltaf heima og ekkert ber við sem hægt er að segja frá til Þýskalands.

Páll¹¹ er kominn og hefur ekki fengið neinn pilt til að búa með; hann er óákveðinn, svo að ég get best trúað að hann fái engan.

Jóna var heldur hrifin því hún var í afmæli Bíbíar í gær; hún er alltaf að muna meira og meira, sem skeði í þeirri veislu. Ég var annars hissa að sjá hana, þegar ég kom heim, hvað hún var dæmalaust fullorðinsleg; hún þekkti hvern

¹ Guðrún Daníelsdóttir (1870-1945). Lengst kennslukona í Rvík.

² Jóhannes Jóhannesson (1866-1950) bæjarfógeti og alþingismaður.

³ Forstjóri Eimskipafélags Íslands.

⁴ Guðrún Laxdal (1914-2006) kaupkona, dóttir Elínar (dóttur séra Matthíasar Jochumssonar) og Jóns Laxdal kaupskýslum. og tónskálds. Fjölskyldan byggði Tjarnargötu 35, sem síðar var sjúkrahúsið Sólheimar. Sonur hennar: Ragnar Arnalds alþingism. og ráðherra.

⁵ Bíbí var Eskildsen. Foreldrar hennar voru danskir og bjuggu um skeið í Tjarnargötu.

⁶ Jónasi Jónssyni (1885-1968) vinur Helga.

⁷ Sigurður Thorlacius (1900-1945) rithöfundur og skólastjóri Austubæjarskóla.

⁸ Sigurður Nordal (1886-1974) prófessor.

⁹ Guðmundur Eggerz (1873-1957) starfsmaður Áfengisverslunar ríkisins, síðar alþingismaður og bæjarfógetafulltrúi. Ekki er í æfipplýsingum hans getrið um dóttur.

¹⁰ Sigurður P. Sívertsen (1868-1938), guðfræðiprófessor. Hann hafði verið kvæntur Þórdísi Helgadóttur móðursystur Friede en missti hana frá tveim ungum börnum

¹¹ Páll Þorleifsson (1898-1974) frá Hólum í Hornafirði, guðfræðinemi sem bjó hjá Álfheiði lengst sinnar skólagöngu. Hann var sína starfsæfi prestur og prófastur á Skinnastað.

einasta staf og var heldur montin. Svo ætlaði ég að fara að reyna hana; þá fór nú heldur verr. Ég byrjaði nefnilega á að láta hana stafa enskt orð, og á því gat hún ekki varað sig og skildi hreint ekkert í því að henni var ómögulegt að ráða við orðið, og held ég að hún hafi sjálf haldið að hún væri búin að týna niður að stafa; svo sagði ég henni það. Síðan spyr hún alltaf hvort það sé íslenska sem hún eigi að stafa. Annars er hún oft ósköp skrítin. Á sunnudaginn sáum við t.d. regnbogann, og spyr ég hana hvað þetta sé, hvort sólin sé svona skrítin, nei segir hún mjög hneyksluð: Veistu ekki að guð og Jesú hafa málað þetta? Jú segi ég, hverjir eru nú það? Þeir búa nú uppi í himninum, annars geturðu spurt hana mömmu um það, því hún veit það! Það er svo kostulegt að láta hana fræða sig um hluti sem hún veit ekki almennilega um; hún er alltaf viss eð að snúa sig einhvern veginn úr því, svo ekki berist á fávisku hennar. --

Því sem nær líður brúðkaupi Hildu,¹ því meira hugsum við til þín. Það er svo leiðinlegt að þú skulir ekki vera heima, en við erum að vona að við þessar tvær, sem eftir erum, piprum ekki báðar og þá verður þú vonandi svolítið nær.

Heldurðu ekki áreiðanlega að þú komir heim í haustfríinu þínu næsta sumar? Ég hef að minnsta kosti sagt mömmu það, og við hlökkum öll til að sjá þig. --

Ég bókstaflega sé ekkert út úr augunum, við sitjum hér um bil í myrkri, því það er eitthvað að ljósunum. Svo eru margir búnir að koma meðan ég sit yfir þessu blessaða bréfi, að ég er að vefja um allt og ekkert. --

Hálfdan² er búinn að fá fullan munninn af tönnum frá Bernhöft tannlækni, og því er ég feginn, því óhuggulegur var hann, en ennþá verri þegar hann var vita tannlaus, gat ekki sagt nokkurt s eða önnur erfið hljóð. Sérstaklega þegar hann komst í æsingu bar þá hví hvað hann var illa máli farinn. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 9.11.1923.

-- Þakka þér kærlega fyrir bréfið með Íslandi. Þó ég skrifi þér, þá skaltu alls ekki vera að hugsa um að svara því til mín sérstaklega, bara í bréfi til mömmu, það er ég alveg ánægð með, því þú hefur alls engan tíma til þess, blessaður litli drengurinn; ég þekki þetta svo vel með allan tímann sem fer í bréfaskriftirnar, og þú mátt alls ekki missa neitt af þínum tíma; annað mál er með mig þó ég skrifi þér þegar mig langar til; ég læt allt slíkt eftir mér þá þú af annríki verðir að neita þér um slíkt.

Já, elskan mín litla, hvað þú hefur átt bágð með að hafa verið svona veikur langt í burtu frá okkur öllum og þar að auki einmitt um það leyti sem við vorum mest að skemmta okkur í brúðkaupi, og það í reglulega skemmtilegu brúðkaupi, fannst mér, því ræðurnar sem haldnar voru, voru meira eða minna skemmtilegar, t.d. Halldór Briem³ var bara svona hlægilegur, fannst okkur víst öllum, nema ef það væri að Lárusi Fjeldsted⁴ hafi þótti miður, því Halldór vildi held ég helst koma Hildu á skrifstofuna með Theodór, því Hilda átti bæði að vera *húshjálp* og *rithjálp* og það má hver skilja eins og hann hefur vit til.

Svo var Sívertsen, hann ljóstraði því upp um sjálfan sig að hann hefði alltaf verið hégómlegur og þar að auki hefði hann verið skotinn í Hildu í mörg herrans ár, allt frá því að Hilda sagði honum að sér fyndist svo fallett á honum hárið, af því það væri grænt, þá sá ég nú á Theodór að hann þóttist góður að hafa hreppt Hildu áður en Siv. náði í hana.

Við vorum annars svo hissa þegar símskeytið kom frá Hamborg, en nú erum við svo hrifin af að þú skyldir láta skera þig upp bara undir eins og þú fékkst kast aftur; og þú hefur verið svo mikil hetja í því öllu, einn þíns liðs og dauðveikur; og síðast hvað þú gast skrifað eins og þú værir alfrískur og fjörugur; enda líka gladdi það okkur hvað þú gerðir mikið að gamni þínu. Nú vona ég að þegar þú færð þetta bréf sért þú gallhraustur og búinn að ná þér eftir þetta.

Ég var hjá Hildu og Theodór -- þau voru bæði með hálsbólgu og hefur Hilda háan hita. Henni leiddist mesta að geta ekki skrifað þér og þakkað alla hugulsemina og brauðbakkann, sem þau ætla að brúka á sparidögum; ég átti að skila bestu kveðjum, sem þau áttu, til þín með þakklæti fyrir.

Eggert sendi þér peningana og þar í innifaldir eru pen. sem ég skulda þér, biddu mig um peninga ef þig vantar.

Helgi; núna á jólunum, sendu þá engum jólagjöf nema mömmu, mundu mig um það, þú hefur engin ráð á því. Mömmu skaltu gefa hanska og senda þá inni í bréfi, ef þú hefur einhverja peninga afgang, þá er mikið

¹ Þórhildur (1896-1991) systir Friede átti Theodór Línal (1898-1975), hrl. og prófessor.

² Hálfdan Helgason (1897-1954) prestur og prófastur að Mosfelli í Mosfellssveit, frændi þeirra. Fjölskyldan bjó í næsta húsi, Tjarnargötu 26.

³ Halldór Briem (1852-1929) bókavörður, föðurbróðir Friede.

⁴ Lárus Fjeldsted (1879-1964), hæstaréttarlögmaður, starfsfélagi Theodórs.

skemmtilegra að kaupa eitthvað smávegis og koma sjálfur með það að sumri, þegar þú kemur í frínu þínu. Þessu skaltu nú fara eftir, því þetta eru heilar ráðleggingar frá mér, sem eldri systur þinni. *Husk det, min ven.*

Jæja, nú er Bjarni á Geitabergi¹ trúlofaður, þarna vildi hann heldur Regínu dóttur Þórðar Bjarnasonar² en mig, eins og mér finnst hann Bjarni ógleymanlegur til augnanna! --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem, 13.12.1923.

-- Hugsa sér hvað allt hefur breyst mikið frá því í sumar þegar ég heimsótti þig og ekki eru nema 4 mánuðir síðan, -- Þú ert náttúrliga meira og minna svangur, auminginn litli, ja það segi ég satt, ég er feginn ef þú færð þig saddan á jólnum, þó að ekki sé nú um neina skemmtun að gera, eins og ég kannast við, en meira um vert hvað fólkið er gott, heldur en hitt.

Ég var að skemmta mér á balli þ. 1. des. og var bara gaman og fjarskalega fjörugt, svona yfirleitt, þó ég væri í hálf slæmu skapi; minnsta kosti við og við. Páll³ bauð mér og hefði ég alls ekki átt að fara með honum; fór samt og árangurinn varð: Hálfgerð þína! En mér finnst alltaf gaman að dansa og að fjörugri músik, svo það bætti úr.

Sigurd Gudmundsen⁴ skrifaði mömmu í gær og afþakkaði að koma til okkar á jólnum, hann er víst mikið úti að spila, en okkar á milli sagt er ég hrædd um að hann skvetti í sig við og við, veit það samt ekki, en ég við þig að nefna það aldrei. Ég er afskaplega feginn að S. kemur ekki á jólnum, mér finnst hann alveg hræðilega leiðinlegur. -

Kara⁵ kom hingað í dag til að heilsa; hún kom í gær með Íslandi, hún hefur verið í London 11 mánuði og var svo 3 vikur í *Köbenhavn*, sér til skemmtunar. Hún sagðist hafa verið heldur stíð í dönskunni og sumum *innbilty*⁶ hún að hún væri ensk, bara rétt út úr vandræðum, því hún talaði einhverja íslensk-ensk blending, sem enginn skildi.

Ísleifur⁷ er alltaf að læra að skreyta glugga eða eitthvað slíkt og líður áætlega. Hilda er orðin frísk hún kom í gær keyrandi í bíl til þess að heimsækja okkur, enda er meira en mánuður síðan hún hefur komið hingað.

-- gleðileg jól --það vildi ég óska að það yrði þér til góðs að halda náminu áfram í Danmörku og að þú yrðir ekki í fjárþröng. --

Í ávísuninni eru frá mér 15.00 jólagjöf. Kaupu þér eitthvað fyrir, mat eða eitthvað. Svo komst ég yfir þessar 5.00, þó á ærlega hátt og þær máttu eiga líka. --

*Pan eftir Knut Hamsun í þýðingu Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi. Útgefandi: Stúdentaráð Háskóla Íslands. Bókin árituð af eigandanum Friede P. Briem, jól 1923 sem skrifaði á titilblaðið: Bókin var sett nafnlaus inn um bréfalúguna. Nafn mitt skrifað á umslagið. Gjöfin var frá Ásgeiri.*⁸

¹ Bjarni Bjarnason (1901-1975) lækni.

² Regína Þórðardóttir (1906-1974). Hún var eins helsta leikkona landsins.

³ Páll Þorleifsson, sjá fyrr.

⁴ Sonur fólksins á Færgedården þar sem Friede og Helgi höfðu komið oft meðan þau voru í Danmörku. Hann mun hafa verið lyfjasveinn á Ísafirði.

⁵ Kara Sigurðard. Briem, (1900-82), frænka Friede. Hún átti Helga Skúlason augnlækni, frænka Friede.

⁶ Telja sér trú um.

⁷ Ísleifur Sigurðarson Briem (1904-52).

⁸ Friede skrifaði þetta á kápu bókarinnar sem hún gaf Auði Eggertsdóttur.

1924

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 21.1.1924.

-- Er ekki allt klappað og klárt með Færgegårds-havaríð?¹ Mamma er ágæt við Sigurd, sendi honum meira að segja afmælisgjöf; það fannst mér afskaplega *pent* af henni, því mér finnst ekki Sigurður hafa komið vel fram hér heima; þetta bið ég þig auðvitað fyrir. Veistu nokkuð hvort fjölskyldan Gudmundsen er reið út í mig, þó að ég hafi hryggbrotið Sigurd, eða heldur þú ekki að það viti það.

Það vildi ég að þú hittir nú á gott fólk, sem ekki væri allt of ágjarnt; þú ættir strax að semja um að borga ekki fyrir mat og ræstingu í fríum og fá það skriflegt, vertu bara nógu klókur, því fólk er ekki fátækt, vertu viss, en yfirleitt er það ekki að leigja nem af því það vill græða á leigjendunum. Þarna sem ég bjó var ágætur matur nefnilega, kröftugur og vel tilbúinn, en húsnæðið aftur vont að því leyti að það var svo sóðalegt og svo var *Væg? öj, fy for al Landsens ulykker*, það er það alversta sem ég hef komist í.

Heldur hafa nú jólin verið lík eins og í fyrra, nóg af mat og leiðindum, og síðast en ekki síst, nóg af geðillsku frá húsbóndanum og ekki hefur Johan bætt hópinn.²

Jæja, en okkar jól voru yndisleg, við vorum í heimboðum hjá Hildu. Það er svo voða *hyggeligt* hjá þeim og auðvitað myndarlegt líka. Svo var kveikt á jólatré sem stóð þar, svo vorum við að spila á spil.

Dottí og Helgi Pétursson³ voru að gifta sig á laugardaginn; Helgi er kaupfélagsstjóri í Borgarnesi; Jón Björnsson sem er hér á götunum; ósköp slæpingjalegur að mér finnst, en það getur auðvitað vel verið að hann vinni, þó að ég sjái það ekki --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 22.2.1924.

-- Ég komst yfir þessar 100.00 dönsku; ég ætla að láta þig njóta þess, því eitthvað þarftu að sjá og heyra þarna úti í Höfn. Þú átt að eiga þær; ég verð reið ef þú vilt þær ekki; þegar þú ert orðinn mikill maður getur þú launað það, en þú verður ekki mikill maður nema þú hafir aura til eins og annars - núna.

Þú nefnir þetta ekki við mömmu, hún veit ekkert um það --

Kata⁴ biður að heilsa þér. Bið að heilsa Siggu og Hildu ef þú sérð þær, --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Rvík, 4.4.1924.

Besta Frida! Þér hafið ef til vill ekki búist við því að ég færi að skrifa yður eftir samtal okkar á dögunum, en ég má til að gera svo enda þótt að langt sé liðið síðan og eftir að hafa mætt yður nokkrum sinnum.

Eftir skilningi þeim sem ég lagði í svar yðar, þar sem þér segið að líkast til munið þér aldrei hafa tíma eða tækifæri til að tala við mig, þá verð ég fyrir kveðju sakir að minna yður á það, að þar sem við höfum verið góðir kunningjar þá má sundurþykkja um stundarsakir, enda þótt af ástæðu væri, ekki blinda augu okkar þannig að við getum ekki litið hvort annað framvegis, því mér finnst það ofur leiðinlegt og um leið misráðið að tvær persónur sem saman hafa verið, leggi fæð hvor á hina, enda þótt þær framvegis ekki vilji ræða sín sameiginlegu áhugamál svo sem áður. Vildi ég því mælast til þess, að við mættum verða sömu kunningjar sem áður og láta þau misklíðarefni sem missætti okkar hafa ollið vera gleymd; því fullvissar megid þér vera, að það mun okkur til einskærra leiðinda ef við forðumst hvort annað og það ef til vill að ástæðulausu. Ég óska einskis frekar en að mega vera kunningi yðar sá sami og áður var.

Vildi ég því spyrja yður hvort þér vilduð ekki fitja upp á spánýnum kunningsskap sem því að koma á Framballið á morgun, væri svo, væri mér ánægja gjörð því að þér vilduð hringja í mig upp í númer 1145 á morgun milli 4-5.

Kær kveðja. Ásgeir Guðmundsson

Til Ásgeirs Guðmundssonar lögfræðings í Nesi þegar hann öðlaðist kosningarétt og kjörgengi. Rvík 31.8. 1924.

¹ Sonur á heimilinu, Sigurd, varð skotinn í Friede sem hafnaði honum, fjölskyldu hans til leiðinda.

² Hér mun bréfitari eiga við jól Helga á Færgegården sem hann lýsti í bréfi. Geðillska húsbóndans er í ósamræmi við lýsingu Friede í bréfum til Álfheiðar.

³ Helgi Pétursson (1896-1966) síðar forystumaður hjá Samb. ísl. samvinnufélaga. Kona hans Dottí, Soffía Björnsdóttir (1899-1973), dóttir Björns Jónssonar yfirkennara Reykjavíkurskóla.

⁴ Karítas Guðmundsdóttir (1899-1982) sem síðar átti Jón Steingrímsson, síðast sýslumann í Borgarnesi.

Þeir göfugu arftakar Gunnars Sels,
þið göfugu júristar ungu,
Geiri frá Nesi og Grétar Ó. Fells
og Gústaf frá Sólheimatungu.

Eftir Gústav Jónasson, sem einnig er nefndur.¹

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Rvík, 20.11.1924.

Besta fröken!

Afsakið frekju mína. Af sérstökum ástæðum vildi ég mega hafa þá ánægju að hitta yður, ef því verður við komið, frá yðar hendi. Ástæðuna greini ég ekki fyrr en ég persónulega tala við yður; ég vonast til að þér treystið mér. Vænti ég yðar því hjá Kennaraskólanum á morgun föstudaginn 21. þ.m. kl. 9 e.m. Væri yður annar tími þægilegri bið ég yður að láta mig vita það.

Með von um að mega sjá yður á morgun.

Kær kveðja. Ásgeir Guðmundsson

¹ Gunnar frá Selalæk, alþingismaður og útgefandi; Ásgeir frá Nesi; Grétar Ó. Fells (forystumaður guðspekinga) og Gústav Jónasson, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneyti voru allir með 2. einkunn í lögum.

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Vestmannaeyjum, 12.2.1925

Besta Fríde mín!

Þú verður að fyrirgefa þó þetta verði aðeins stutt kveðja þar, sem hér er svo mikið um að vera allan daginn, að mér veitist ekkert næði til þess að skrifa þér þannig bréf sem ég frekast vildi. Alla dagana sem ég hef verið hér hafa eilíf heimboð dunið yfir mig svo að ég hefi aðeins getað sinnt þeim sem nauðsynlegust voru.

Elsku vina mín, mikið lifandi ósköp hefi ég saknað þín síðan ég fór; hefi ég fundið hversu glys og glaumur getur verið lítilfjörlegt án þess að hafa þig með; en þó verður það vafalaust biturra þegar ég fjarlægist þig ennþá meira. Ég man greinilega, þegar við kvöddumst kvöldið þegar ég fór, það sem þú sagðir við mig, það sem ég um langan tíma hefi vonast til að kæmi af þínum vörum, að nú fyrst þegar ég var að fara burtu fyndir þú ennþá greinilegar en nokkurn tíma áður, hversu óumræðilega þér þætti vænt um mig og að það mundi aldrei breytast hvað sem fyrir kæmi og fann ég þá, að alveg eins var ástatt með mig. Þessum orðum mun ég aldrei gleyma. Þú átt kannski erfitt með að trúa því, að eins stór og stæltur maður og ég skyldi hafa getað orðið svo barnalegur eins og ég varð, þegar þú varst horfin sýn minni, að gráta svo að erfitt sé að stilla sig svo ekki skyldi bera á því, en það gerði ég; mér var ómögulegt að sýna mig við kvöldborðið, svo leið mér illa, ég sat niðri og kveið ókomna tímans út af fjarlægðinni sem verða mundi á milli okkar um langan tíma. En svo hef ég verið hamingjusamur að tvær nætur hefir mig dreymt svo yndislega um þig að mér hefur fundist sem þú værir hjá mér, var það ánægjuleg stund; vona ég að sá unaður veitist mér aftur, sem hlýtur líka að verða, þar sem ég hugsa svo mikið um þig.

Elsku besta vina mín, mikið lifandis ósköp ert þú mér mikils virði, allt annað er auðvirðilegt hjóm, vonast ég til þess að hið sama getir þú sagt, og þegar ég veit að þú ert sú sem ég framvegis fæ að hafa við hlið mér og að guð hefur gefið mér það sem ég hef þráð, sem er hjarta þitt, verður lífið mér svo mikils virði og ánægjulegt og að ég fyllist starfslöngun út af að mega vinna fyrir þig. Hamingjan gefi að það mætti takast þannig að það sæmði þér, því framvegis verður það þú sem ég miða allt við en ekki sjálfan mig, því þú ert mér hjartfólgari. Ég vona vina mín að ég verði þér ávallt jafn kær og bið þann sem sólina skóp að halda sinni verndarhendi yfir þér og þeim sem þú elskar.

--

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem, Stockholm, 22.2.1925

-- Ekki getur þú trúað því hversu hrifinn og hamingjusamur ég varð þegar ég kom hingað til Stockholms og var fengið bréf með hönd þinni á. Það voru bestu móttökurnar sem ég gat fengið þegar hingað var komið. Ég kyssti það marga kossa, besta ástin mín.

Áður en ég fer lengra, vina mín, verð ég aðeins að minnast á bréf það sem ég skrifaði frá Vestmannaeyjum; á því verð ég að biðja þig fyrirgefningar, því ef ég man rétt, var það bæði stutt og heimskulegt; enda líka var það á erfiðri stundu tilkomið. Ég skrifaði það nóttina áður en ég fór frá Eyjum, eftir að hafa setið í stórveislu hjá Ástþóri¹ bónda framundir morgun; var ég þá bæði þreyttur og sálarlega afar illa á mig kominn. En ekki datt mér annað í hug, þrátt fyrir bæði líkamlega og andlega skavanka en að senda þér stutta kveðju mína; því það er og verður mér stöðugt gleðistund, því mér finnst þá sem ég hafi þig hjá mér og sé að tala við þig og það er mér meiri ánægja en nokkuð annað, elsku hjartans litla ástin mín. En ég vona því þegar þú þekkir kringumstæðurnar að þú fyrirgefir stílinn á bréfinu, en hvað svo sem stendur í því, þá hlýtur það að vera hreinn sannleikur því nú er ég orðinn svo ólíkur því sem ég áður var, hafi ég nokkuð vín smakkað, því þá man ég langbest eftir þér og er mér svo fjarri skapi að gera nokkuð það, sem ég gæti hugsað að væri á móti þínu skapi og það því frekar skrifi ég þér á þeirri stundu, þá fær nú bruna ást mín framrás.

Ferðin yfir hafið gekk sæmilega, fengum frekar stirt veður og samferðamenn fáir og þeir fáu óskemmtilegir. Á Merkúr sat ég með Ólafi Proppé² og Ingvari Guðjónssyni³ kaupmanni af Akureyri og spiluðum og voru þeir, sérstaklega Proppé leiðinlegir, svo ég hætti við þá iðju og tók að lesa ágætis bók *de Profundis* eftir Oscar Wilde, sem ég náði í á skipinu og varð mér það framúrskarandi dægrastytting, því sjóhraustur var ég; hafir þú ekki lesið þá bók ættir þú að gera það, því hún er ágæt.

Hingað kom ég í kvöld og var þá búinn að fá fullkomlega nóg af ferðalaginu, því ekki voru ferðafélagar skemmtilegri á landi, varð ég að takast á hendur að lóðsa tvo *grönskollinga*⁴ til Oslo auk Eyglóar uppeldissystur minnar,⁵ sem stöðugt voru undrandi, glápanði og slúðrandi, sérstaklega var það strákur, Karl Johnson,⁶ sonur Johnsons bankagjaldkera í Landsbankanum, sem fór verst með mig; hafði ég yfir höfuð megna óánægju af að vera

¹ Ástþór Matthíasson (1899-1970) lögfræðingur í Vestmannaeyjum hans nánasti vinur; tengdasonur Gísla Johnsen athafnamanns þar, síðar í Reykjavík.

² Ólafur Proppé (1886-1949), kaupm. á Þingeyri og í Rvík, alþingismaður V. Ísafjarðarsýslu; forstjóri SÍF.

³ Ingvar Guðjónsson (1888-1943) útvegsmaður á Akureyri.

⁴ Mun þýða græningi eða óvaningur.

⁵ Eygló Kristinsdóttir (1899-1960) frá Nesi, uppeldissystir Ásgeirs.

⁶ Sennilega Karl Johnson (1905-1930)

með þeim og þóttist heimtur úr helju er ég gat losað mig við þau, var það svo merkilegt að það var búið að hálfeyðileggja Eygló. Á leiðinni stoppaði ég einn dag í Bergen og annan í Voss og síðan 3 daga í Oslo. Alls staðar hitti ég kunningja. Í Voss Guðmund Hagalín¹ og annan mann utan af Nesi sem þú ekki þekkir. Hefur Guðm. það afskaplega slæmt, dregur aðeins fram lífið, en er samt sem áður ánægður með það. Sagði hann mér, eftir að hann var farinn að finna á sér, marga lygina, sem okkur kemur við sem ég síðar mun segja þér. Ég mátti til að gleðja hann eitthvað, því ég kenndi í brjóst um hann, og var því ekki í annað hús að venda en til vínsins, og vildi hann það helst.

Í Oslo hitti ég, og var töluvert með, þá Barða Guðmundsson,³ Halla Ásgeirs⁴ og Valtý Albertsson lækni.⁵ Eru þeir með sama markinu brenndir og Guðm. Hagalín. alveg staurblankir, var ég úti með þeim og skemmti mér. Fannst mér virkilega gaman að geta glatt þá. Barði er duglegur og stúderar mikið og er í álit.

Mikið ósköp finnst mér ég vera kominn langt frá þér, finnst tíminn vera lengsti ½ mánuður sem ég hef lifað. Dettur mér í hug smávísa eftir Gest,⁶ sem þú vitanlega kannast við, sem mér finnst segja svo vel það sem ég vildi sagt hafa:

Dísa mín, góða dísin mín, dapur er hugur minn, hann er að leita heim til þín, en hittir þig ekki um sinn, því þú ert handan við höfin blá, handan við höfin blá og þungt er að muna en mega ekki sjá, og sár er hjartans þrá. Ég horfi út á æginn og hugsa til þín, sem ert dísin mín!

Finnst þér ekki það sama. Ástin mín, ég þakka þér fyrir bréf þitt, sem gerði mig himinlifandi, ekkert gat gert það frekar. Síðan bið ég (þig) að skrifa svo fljótt sem kostur er á, sem vona að verði alltaf. Skilaðu kveðju til Helgu⁷ og biddu hana að skrifa fréttir. Vertu síðan heil og hugsaðu fast til mín svo að mig dreymi um þig, sem hingað til hefur ekki verið svo sjaldan. Hamingjan sé með þér -

Ásgeir Guðmundsson⁸ skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Stockholm 24.2.1925.

Elsku mamma mín. Þá erum við⁹ loksins komin á ákvörðunarstaðinn, komum hingað í fyrrakvöld og tók Lóa á móti okkur á járnbrautarstöðinni. Af ferðinni er það að segja að hún gekk sæmilega; veðrið fremur vont alla leiðina til Bergen; en samt sem áður fann Glóa ekki til sjósóttar; leið henni því frammar öllum vonum. Í Bergen stóðum við við einn dag og skoðuðum þar það sem merkilegast er. Við urðum ekki alveg einsöm, tókst ég á hendur að lóðsa tvo grönskollinga¹⁰ til Osló; voru það Guðný Jóhannesdóttir Lyngé¹¹ og Karl Johnsen, sonur Johnsens bankagjaldkera í Landsbankanum; voru þau fremur leiðinlegir samferðamenn, síundrandi, hlæjandi og slúðrandi um ekkert nema það sem fyrir augun bar, og var það afar lítið *interessant*. Lögðum við síðan eftir eins dags dvöl frá Bergen, en stoppuðum einn dag í Voss, háskólabæ skammt fyrir sunnan Bergen; gerði ég það aðallega fyrir Guðnýju Lyngé, vegna þess að hún átti þar kunningja og bað hún mig svo innilega að fara ekki á undan sér, svo ég lét undan síga; einnig hafði ég heyrt að á staðnum byggju nokkrir Íslendingar sem ég þekkti og langaði mig til að hitta þá. Gerði ég það líka; eru það Guðmundur Hagalín skáld og Gvendur frá Bygggarði.¹² Guðmundur Hagalín er í Voss á skóla þar sem hann lærir norska landsmálið; gerir hann nefnilega ráð fyrir því þegar fram í sækir að skrifa aðallega á landsmáli, væntir að það sé fjárhagslega betra en að skrifa á íslensku. Er hann styrktur af norskum prófessor við skólann sem hann er á; en hefur það frekar erfitt þar sem hann er þarna bæði með konu og barn. Gvendur í Bygggarði hefur það hinsvegar ágætt; er hann þar á lýðháskóla og gerir ráð fyrir að verða úti þar til í sumar. Ekki er hann minni *hjerteknuser* erlendis en heima, var mér sagt að hann væri meðal stærstu *flamanna*¹³ þar á skólanum. Lætur hann mjög vel af sér. Í Voss var afar skemmtilegt að vera, er það með allra fegursta landslagi sem ég hef nokkurn tíma séð. Í Osló vorum við í 2½ dag; keyptum við þar allt sem við álitum praktískt að kaupa og nauðsynlegt að eiga. Keyptum við kápu handa Glóu, sem hún var mjög ánægð með; kostaði hún 145 n.kr. og finnst mér hún bara falleg. Ég reyndi af fremsta megni að ná í buxnaefni við gráu fötin mín, en það tókst ekki, gat ég ekkert fundið líkt fötunum. En föt voru hins vegar frekar ódýr, lét ég slag standa og keypti mér föt, mjög falleg bæði að mínum, Glóu og Lóu smekk og kostuðu þau 185 n. kr. Eru þau brún að lit og vönduð. Í Osló eru nokkrir Íslendingar og hittum við

¹ Guðmundur Gíslason Hagalín (1898-1955) rithöfundur.

² Guðmundur frá Bygggarði.

³ Barði Guðmundsson (1900-57), sagnfræðingur, alþingism. og þjóðskjalavörður.

⁴ Haraldur Á(sgeirsson) Sigurðsson (1901-1984), leikari og revíuhöfundur.

⁵ Valtýr Albertsson (1896-1984) læknir.

⁶ *Gestur*; Guðmundur Björnsson (1864-1937) landlæknir, skáld og alþingism.

⁷ Helga Björnsdóttir Ólafs (1903-70) frá Mýrarhúsum, systurdóttir Ásgeirs og vinkona Friede. Hún átti síðar Stefán Jóhann Stefánsson samstarfslögfræðing Ásgeirs.

⁸ Ásgeir hafði lokið lagaprófi 11.2. 1924. Eftir það var hann fulltrúi hjá Lárusi Fjeldsted hrl. þar til hann sigldi til framhaldsnáms.

⁹ Eygló fóstursystir hans var með í för og dvaldist um tíma hjá Lóu.

¹⁰ Þ.e. græningja.

¹¹ “Sérfræðingur” Þorbergs í “praktískum ástamálum og erótík” sbr. Eddu hans. Guðný átti Gils Guðmundsson rithöfund.

¹² Guðmundur Þorsteinsson í Þorsteinbæ (annað tveggja Bollagarðakota).

¹³ Kvinnaljómi.

suma þeirra, Barða Guðmundsson,¹ Valtý Albertsson² lækni og Harald Ásgeirsson, son Ásgeirs Sigurðssonar kaupm.³ Hafa þeir það sæmilegt, en eru peningalitlir, sérstaklega Halli. Vill faðir hans fá hann heim, en Halli vill ekki. Er hann að reyna að komast að hjá filmfélagi sem leikari en gengur slæga; gerir sér þó von um það þegar fram í sækir, en er líklegt, eftir því sem félagar hans segja, að séu tálvönir. Barði er hinn mesti reglumaður, sækir háskólann í Osló af dagnaði miklum; hafa prófessorarnir mikið álit á honum, gerir hann ráð fyrir að taka próf eftir 2½ ár og er það miklu skemmri tími en venjulegt er af norskum stúdentum. Valtýr er stúderandi við háskólann og gerir ráð fyrir að verða þar lengi, en ekki sem stúdent, heldur sem dósent, hefur hann sterkar vonir um það næsta ár; er það mjög efnilegur maður. Í Osló er einn efnilegur íslenskur listamaður, eftir því sem Íslendingarnir segja; ekki munt þú getað giskað á það hver það er enda þótt þú kannist við manninn, því ekki var hann spámaður í sínu föðurlandi; það er hvorki meira né minna en Einar Einarsson⁴ frá Laugarnesi; ætlar hann að debutera⁵ við óperuna í Osló næsta vetur. Það er víst alveg rétt að hann er fjandi efnilegur.

Þegar hingað var komið var tekið á móti okkur með opnum örmum, Lóa, Ivar og Kalli Bergström⁶; var strax slegið upp stórveislu. Er Lóa sérstaklega indæl gagnvart okkur. Hefur hún það ágætt, virðist hafa nóg af öllu. Vill hún endilega að ég búi hjá sér meðan ég verð herna, en ekki veit ég ennþá hvernig það fer. Líklegt er að ég búi hjá henni, en ekki er ólíklegt að ég fái mér húsnæði annars staðar, til þess að hafa það rólegra, því án efa verð ég að stúdera mikið með kontórstarfanum ef að ferðin á að bera fullan árangur. Ekki er ég ennþá tekinn til starfa, geri ráð fyrir að byrja næstu daga. Lifandis ósköp var Else-Mari⁷ indæl þegar við komum, vantaði ekkert annað en málið til þess að vera svo elskuleg við okkur sem áður. Var hún samt sem áður töluvert lasin, var búin að liggja 2 vikur í kíghósta og er ekki nærri búin að ná sér ennþá, en er samt orðin sæmilega hraust. Biður hún innilega að heilsa *mormor*, því nú ert þú orðin það, ekki amma, kallaði hún til mín og bað mig um að kyssa bréfið fyrir sig, og koma þannig kossinum til þín, elsku mamma mín, geri það hér með. Á laugardaginn kemur er von á Gunnu systur hingað; ætlar hún að verða hér í vikutíma hjá manninum sínum. Geri ég ráð fyrir að þá verði glatt á hjalla hjá Lóu því hún er framúrskarandi gestrisin og stendur húsið opið fyrir öllum hennar kunningjum enda líka oft fjölmennt.

Ekki hef ég frétt neitt heiman að síðan ég fór; hvernig fór með togarana sem vantaði þegar við fórum frá Íslandi? Komust þeir af? Í Vestmannaeyjum hafði ég það glimrandi, var tekið á móti mér sem kóngi, var þar í stöðugum veislum (hjá) Ellindi⁸ eða Ástþóri. Hafa þeir það báðir ágætt, sérstaklega Ellindur, býst ég við að líf Adda sé nokkuð þreytandi, er hann ógurlega bundinn og verður að fara eftir öllum duttlungum konu sinnar. Ekki skalt þú samt hafa orð á því þótt ég hafi minnst á það. Af mér er allt ágætt að fréttu, hugsa mjög gott til árangurs ferðarinnar. Bið innilega að heilsa Fíu, Ástu og Óla; skrifa Ástu tæplega núna, en minntu hana á samt að muna eftir mér og skrifa mér fréttir. Vertu síðan kært kvödd elsku besta mamma mín og mundu eftir að þú átt son erlendis sem þyrstir í að sjá höndina þína og heyra frá þér.

Lifðu heil og sæl þér og okkur til hamingju! Með sonarkveðju, þinn einlægur

Geiri

P.S. Ég var að enda við að borða og vorum við að minnst á ýmsan mat heima, þar á meðal lúðurikling og kom þeim Lóu og Ivari saman um að það væri meðal þess allra besta sem þau hafa bragðað. Ef ekki væru því meiri erfiðleikum bundið ættir þú að senda hingað nokkur --; Gunna fékk nokkur frá Önnu systur.

Elskulegustu kveðjur. –

Ásgeir Guðmundsson skrifar til Friede P. Briem, Stockholm, 5.3.1925

Elsku Fríde mín!

Mikið lifandis ósköp varð ég glaður þegar mér í morgun var borið bréf frá þér. Ég var að leggja af stað til skrifstofunnar þar sem ég vinn og var orðinn nokkuð seinn, mátti ég ekki vera að því að lesa bréf þitt fyrr en ég kom til skrifstofunnar, en til hennar er langur vegur - 20 mín. sporvagnskeyrsla þaðan sem ég bý, hugsaðu hvað mér leið illa að hafa bréf frá þér í vasanum, en mega ekki eða hafa ekki næði til að lesa það; því ég gat alls ekki tekið upp bréf frá þér og lesið þar sem minnsta ónæði er, þau eru mér of helg og dýrmæt til þess. Þau eru mér lind sem veitir mér bæði gleði og fró í fjarverunni frá þér. Mikið lifandis ósköp mætti ég vera hryggur eða slæmur í skapi svo að ég ekki breyttist á svípstundu við að heyra - ástarjátningar þínar - sem um svo hræðilega langan tíma var mín eldheita þrá að fá að heyra. Og nú þegar ég þekki tilfinningar þínar gagnvart mér er mér það svo mikið gleðiefni að vita og

¹ Barði Guðmundsson (1900-1957) þjóðskjalavörður og alþingismaður.

² Valtýr Albertsson (1896-1984) læknir í Reykjavík.

³ Haraldur Á. Sigurðsson (1902-1984) leikari o.fl. Hann var sonur Ásgeirs Sigurðssonar (1864-1935) kaupm. og konsúll.

⁴ Systkinin María og hann tóku listamannsnaðnið Markan.

⁵ Kom fyrst fram.

⁶ Ivar Vennerström og Karl sátu á þingi. Ivar varð 1932 hermálaráðh. og síðar landshöfðingi í Vermland. Karl Bergström var ritstjóri í Helsingborg. Báðir voru þingmenn jafnaðarmanna og verkálýðsleiðtogar.

⁷ Else-Mari g. Boström (1918-). Bjó síðast á Glänne í Vermland.

⁸ Nefndur svo: Kristinn Ólafsson (1897-1959), sem þá var þar bæjarstjóri. Lengst fulltúi sýslumanns í Hafnarf. Þekktur sem vinur Arnar Arnarsonar skálds og skrifaði um hann.

stöðugt að fullvissast um það, að tilfinningar okkar eru nákvæmlega þær sömu, elsku einasta og ævarandi ástin mín. Sannleika segir þú að betra væri að deyja en án ástar (vera), ástar eins og við berum hvort gagnvart hinu - ég fann það svo oft áður en ég hafði nokkra von um að við fengjum að njótast, fundið mig svo einmana og yfirgefinn - enda þótt að menn héldu að lífið brosti við mér - og horfði ég þó svo áhyggjufullur til framtíðarinnar því mér gat aldrei hugsast sú sæla að fá að njóta hinnar hreinu guðdómlegu ástar þinnar; því ég fann að þú vina mín varst engill sem var of hreinn og fagaður fyrir mig, yfirhöfuð of góð og ég ómaklegur þeirrar himnesku sælu að fá að njóta ástar þinnar og það finnst mér stöðugt ennþá þegar ég hugsa um okkur, sem ekki er sjaldan. En bara ef þú treystir mér - sem ég veit að þú gerir - vona ég að einhvern tímann megi ég verða þér eins dýrmætur og þú ert mér.

Þú minntist á það í bréfi þínu - því margkyssta bréfi - að þú hafir einusinni í haust horft á mig þar sem ég ásamt Stefáni Jóhanni var staddur í Hafnarstræti fyrir framan gluggann hjá þér á skrifstofunni og hugsað um það hversu ógæfusöm þú gætir verið, að mega aldrei gera þér vonir um að öðlast ást mína, sem þér þá fannst útilokað að gæti nokkurn tíma orðið að veruleika. Ég minnst þessarar stundar svo vel sem það hefði gerst í gær; því hvers vegna heldur þú að ég hafi verið staddur þarna - heldur þú að ég hafi verið svo *interesseraður* fyrir húsabyggingunni? - nei langt frá því. Ég var eingöngu að reyna að fá tækifæri til að sjá þig, þó ekki væri nema í fjarska, því mér var kunnugt um það að þú sást þarna við gluggann. Mér var það þá og verður um eilífð nautn að fá að líta þig, þótt ekki fengi ég að tala við þig.

Elsku vinan mín! Ég efast ekki um það að við erum þrátt fyrir fjarvistir hamingjusömmustu verur veraldarinnar, eða finnst þér ekki líka? Við höfum þráð að öðlast það sama, um langan tíma, án þess nokkurn tíma að geta gert okkur vonir um að það rættist; og svo áður en okkur varir eru okkar helgustu vonir orðnar að dýrðlegum veruleika; hugsaðu þér veraldarlánið okkar. Guði sé lof. Þér finnst breytingin frá því sem áður var mikil og er það sannarlega eðlilegt; en ekki get ég hugsað mér að þér finnist fortíðin eins ólík nútímanum og mér finnst hún, því það eru tvær andstæður sem ómögulegt er mér að lýsa með orðum.

Guð minn góður, ég er ekki ennþá farinn að þakka þér fyrir þitt yndislega og kærkomna bréf og vona ég að þú framvegis látir mig njóta fjarlægðarinnar sem er á milli okkar. Því ekkert veitir mér meiri ánægju hér, enda (þótt) mörg séu tækifærin til þess að verða aðnjótandi gleði, en að lesa þín mér hjartfólgnu bréf; þó að þau ekki nema með nokkru millibili eru þau mér stöðug fróun við nýjan lestur, alltaf finn ég eitthvað nýtt í þeim sem verður mér yndislegt umhugsunarefni, þegar ég les þau á ný.

Stockholm er mjög skemmtilegur og fagur bær og eru mörg tækifæri til þess að skemmta sér á skikkanlegan hátt.

Hef ég komist í kunningsskap við margan ágætan manninn, með aðstoð mága minna¹ og Lóu systur minnar og fer ég því í góðu selskapi bæði í priváthús og opinberar skemmtanir.

En stöðugt, sama hvar ég er, er eitthvað sem mig vantar og ég þrái að hafa eitthvað sem ég gæti haft hjá mér, talað við um hjartans málefni mín og sem skilur mig betur en nokkuð annað og sem ég mætti vernda og gleðja. Er það oft mitt í ánægjustundum hér, þegar þeir sem með mér eru leika á als oddi, að þá fæ ég ekki fylgst með í gleðskap þeirra, því þá er ég eins og í *trance* og hugsa um þig og reyni ekkert að fylgjast með þeim, þar sem öll ánægjan er mín megin.

Annars er hér kona sem bætir mikið úr þeim missi, sem ég hef orðið (fyrir) við að fara að heiman. Erum við mjög mikið saman, förum um allar jarðir og skemmtum okkur; er það alveg afbragðs kona, og ofan í kaupið finnst mér hún líkjast þér svo mikið, hef ég sagt henni það; ég vildi bara að þú þekktir hana, mundir komast að raun um hvort ég fer ekki með rétt mál, og ekki er ólíklegt að svo verði áður en langt um líður. Er það dálítið einkennilegt að ég fyrir nokkrum árum sagði við hana, að ég mundi aldrei staðfesta ráð mitt, fyrr en ég fyndi stúlku sem líktist henni að meira eða minna leyti; og nú er hún fundin, þar sem þú ert elsku vinan mín. En ekki skaltu neitt hræðast því kona þessi er mér afar nákominn, nefnilega systir mín Lóa Vennerström.

Á hún yndislegt heimili, frjálslýnt og fjörugt; vildi ég óska að þú værir komin þótt ekki væri nema um stutta stund til þess að staðreyna þennan sannleika minn. Væri áreiðanlega vel tekið á móti þér því henni þykir afar vænt um þig, mín vegna. Tók hún strax eftir hringnum á hægri hendinni á mér, og þar sem hún var afskaplega *interesserað* spurði hún mig hvað það væri og sagði ég henni það, og varð mjög hrifin af þessum ráðahag. Hvar geymir þú snúruna mína,² elsku vinan mín? Berð þú hana? Ekki skaltu halda að það sé áhugamál mitt að þú berir hana. Nei! Mér er sama um að hvar hún er geymd úr því að hún er hjá þér. Ég veit að ég á þig og því þarf ekkert ytra tákni til þess að tengja okkur saman fyrir heiminum; ósýnilegu tilfinningabönd hjartans eru mér nægileg.

Elsku besta Fríða mín, þú skalt aldrei vera hrædd um mig, því hvar sem ég er og með hverjum sem ég er, ert þú sú sól sem sífellt skín og vísar mér réttu leiðina og sem aldrei gengur til viðar. Þú manst eftir að hvað sem þú skrifar er svo undursamlega vel þegið; allt sem þér dettur í hug skalt þú segja mér eins og ég geri við þig.³ Hefur þú nokkuð verið með Helgu síðan ég fór. Hvernig heldurðu að barómeterinn⁴ standi í þeim herbúðum.

¹ Guðrún Guðmundsdóttir (1893-1988), systir Ásgeirs, átti Karl Bergström ritstjóra og þingmann. Lóa/Ólafía (1889-1984) átti Ivar Vennerström, ritstjóra, þingmann, ráðherra og landshöfðingja Vermlandsléns.

² Hálsfesti.

³ Loftvog.

⁴ Helga Ólafs og Stefán Jóhann Stefánsson voru að draga sig saman.

Elsku besta vinan mín, að lokum bið ég þig að fyrirgefa bréfið þótt það fari að stytast því klukkan er orðin svo margoft og allir sofnaðir fyrir löngu. Góða nótt og lifðu heil og sæl og reyndu að skemmta þér eftir föngum; en gefðu þér samt sem áður tíma til þess að hugsa um mig. --

P.S. Skilaðu kveðju minni til EB¹ og biðdu hann að fyrirgefa öll þessi bréf. --

Ásgeir Guðmundsson til Friede P. Briem, Stockholm 8.3.1925.

-- Ég þakka þér ástamslega fyrir bréf þitt sem ég tók á móti í gær, sem var svo yndislegt, sem vænta mátti, þar sem þú hefur hugsað og skrifað það. En um leið og ég gladdist yfir hamingju minni, að hafa fengið þrjú elskulegustu bréf frá þér sem bera með sér ást þína, það eina sem ég þrái að eiga og sem stöðugt verður mér nautn að fá að verða maklegur að njóta, hryggðist ég yfir því að hafa látið það undir höfuð leggjast að skrifa þér með Merkúr eftir að ég kom út.

Elsku Frída mín, fyrirgefðu mér hvað ég lét það dragast, því það var synd. En samt sem áður verður þú að taka mark á ástæðunum sem fyrir voru og gerðu það að verkum enda þótt það hafi ekki átt að gera það, þar sem þú áttir í hlut - að mér fannst ég aldrei hafa nægilega gott tækifæri né næði til þess að setjast niður og skrifa þér, því til þess verð ég að hafa algera ró svo ég fái hugsað um þig, því mér finnst þú svo dýrmæt og hugsanir mínar um þig, að ekkert má trufla þær. Samferðafólk mitt sem aldrei hafði áður verið erlendis var svo ósjálfstætt og hugsunarlaust um alla hluti, að það gat ekkert að hafst án aðstoðar minnar og alltaf rak hver spurningin hina svo heimskulegar sem frekast gat verið. Til þess því að allt gengi vel varð ég að hugsa og framkvæma það sem gera átti fyrir okkur öll og þú þekkir að margt er að gera þegar maður stöðugt er á ferðalagi.

Elskan mín, þú verður því að fyrirgefa mér yfirsjón mína og fullviss máttu vera, að það að ég ekki skrifaði þér kom ekki af því að ég ekki hugsaði um þig, því það geri ég stöðugt. Hvað það fólk, sem með mér var - tvær stúlkur og einn strákur - var leiðinlegt verð ég að nokkru leyti að kenna þér - þótt undarlegt megir virðast - en satt er það, mér fannst þegar ég var nýbúinn að skila við þig að þær mörgu og yndislegu hugsanir og minningar sem tengdar voru við þig, mér svo nægilegt gleði og umhugsunarefni að ekkert gat eða mátti trufla eða hindra það, að ég fengi að njóta þess. Mér finnst nefnilega allar stúlkur leiðinlegar og einskisverðar nema þú - hjartans einasta ástin mín og þegar ég var sviftur þér og þurfti að umgangast daglega aðrar stúlkur, þótti mér lífið svo ógurlega leiðinlegt. Ég er viss um að ómögulega fengir þú skilið það hvað mér létti þegar ég loksins, þegar hingað var komið, gat skilið við þær; ég skil það tæplega sjálfur.

Ég vona að þú skiljir sálarástand mitt vinan mín; og gerðu það fyrir mig að láta mig sem oftast heyra frá þér, því bréfin frá þér eru það eina sem veitir mér ánægju; þau draga úr fjarlægðinni milli okkar og stytta burtverutímann; ég leggst aldrei svo út af á kvöldin, hvað seint sem það er, að ég lesi ekki eitthvert þeirra; tæplega munt þú geta skilið hvílíkir dýrgripir þau eru mér.

Gerðu það fyrir mig, vina mín að reyna að láta þér ekki leiðast - ég skal gera mitt til þess - því það veldur mér leiðindum líka. Helga frænka er ágætis stelpa og ég veit að þú hefur gaman af því að vera með henni. Skemmtu þér með henni, hún þekkir og skilur svo vel samband okkar. Reyndu að skemmta þér, þar sem þú helst villt, því ég treysti þér - því ég á þig - meira en ég nokkurn tíma hef getað hugsað mér að ég gæti treyst nokkurri stúlku. Ég sakna þín og óska einskis frekar en að þú værir komin til mín. Fjarvistir okkar eru það eina sem mig þjáir, því hér í Stokkhólmi hef ég það annars ágætt. Vinn af mikilli *interessu*² 5 tíma á dag og er síðan á skemmtunum eða í privatboðum hér um bil á hverju einasta kvöldi; er ég ef satt skal segja orðinn fullsaddur af þessu eilífa stússi. Þegar ég kom hingað var ég alveg undrandi yfir því, hve ágætis menn það eru sem Lóa systir mín og maður hennar eiga að kunningjum hér; eru það eintómir, *svo ég ekki segi innantómir*, broddar.

Í gær var ég ásamt Lóu og Ivar í afar skemmtilegu boði, hjá hermálaráðherranum og utanríkisráðherranum Undén.³ Eru þetta mjög skemmtilegir menn og eru alveg lausir við dramb og hroka, enda þótt uppi í virðingarmestu stöður ríkisins (séu komnir), frá því jafnvel að hafa verið venjulegir verkamenn, því allt eru þetta jafnaðarmenn; aldrei er minnst á pólitík, gleyma þeir henni alveg þegar þeir skemmta sér. Í boði þessu var sem gestur sænskur sérstaklega frægur píanóleikari; spilaði hann mikið og var unun að hlusta á hann. Svo þjóðrækin var hann að hann spilaði eingöngu sænsk lög. Spilaði hann mest einn höfund sem ég aldrei áður hef heyrt neitt eftir og sem heitir Wilhelm Petterson-Berger;⁴ eru kompositionir⁵ hans gullfallegar. Skrifaði ég upp nokkur nöfn á verkum eftir hann og ætla ég að senda þér þau, vona ég að þú getir haft ánægju af því, elsku vinan mín. Geri ég ráð fyrir að senda þau Helgu frænku og mun hún í kyrrþey koma þeim til þín. Væri nokkuð af nótum eða einhverju öðru sem þig langaði til að eignast gerðir þú mér, með engu meiri ánægju, en að ég mætti senda þér það. Góða vinan mín, biðdu mig að gera þér einhvern greiða.

¹ Eggert P. Briem, bróðir Friede, var milligöngumaður um bréfasendingar þar sem móðir þeirra var mjög neikvæð og ströng í sífjamálum barna sinna.

² Áhugamál.

³ Östen Undén (1886-1974) þingmaður, lengst utanríkisráðherra. Lagði áherslu á hlutleysi og hélt Svíum utan NATO.

⁴ Wilhelm Petterson-Berger (1867-1942) eitt fremsta tónskálar Svía. Nótabókin var í upphaldi upp frá því.

⁵ Tónverk.

Mikið lifandis ósköp held ég að það sé líkt á komið með okkur, hvað ástina snertir; mér finnst, hvar sem ég er, enda þótt ég ætti að geta skemmt mér vel, stöðugt eitthvað vanta sem hindrar það að ég hafi full not af skemmtuninni; er það að mig vantar þig.

Mikið lifandis ósköp væri það skemmtilegt að þú værir komin hingað, þó ekki væri nema stutta stund. Ó! hvað það væri yndislegt. Lóu systur minni þykir svo óumræðilega vænt um þig og myndi hún allt gera þér til ánægju. Þegar ég sýndi henni myndina af þér og sagði henni frá sambandi okkar, tók hún hana af mér og setti hana á veglegasta staðinn í húsinu, sem sé á borðið fyrir framan mig; ertu því þar núna og verður þar þangað til ég fer héðan, fæ ég því að hafa þig fyrir mér alltaf þegar ég er heima. Lóa spurði mig hvort hún mætti ekki skrifa þér, sig langaði svo mikið til þess að senda þér kveðju sína og kynnast þér svolítið og svaraði ég að án efa myndir þú ekkert hafa á móti því. Eða hvað segir þú? Lóa er alveg fyrirmyndarkona og er ég fullviss um að gaman hefðir þú að kynnast henni.

Elskulega vinan mín, þú verður að fyrirgefa þótt bréfið fari að styttest, því Lóa bíður mín og er alltaf að kalla og reka á eftir mér, því við erum búin að ná í aðgöngumiða að *nationalleikhúsinu*¹ og erum að verða of sein. Mundu eftir mér og hugsaðu til mín.

Vertu heil og sæl elsku Frída mín og guð veri með þér --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Stokkhólmi. 16.3.1925

-- Ég má til með að senda þér stutta kveðju núna, þar sem ég var svo hugsi um að fréttu að *Merkúr* færi til Íslands á fimmtudaginn, enda þótt ekki sé langt síðan að ég skrifaði þér og ég eigi bréf hjá þér.

Það er svo langt, að því að mér finnst, síðan ég hef heyrt nokkuð frá þér, elsku vinan mín, mér þykir tíminn svo ógurlega lengi að líða þegar ég er búinn að vonast eftir bréfi frá þér, ég tel dagana, og með sjálfum mér miða ég allt við það þegar ég seinast hefi fengið bréf frá þér. Ég veit að þú getur tæplega trúað því hversu mikil sálarleg þróunarlind bréf þín eru fyrir mig, og þau veita mér styrk og lífsgleði til þess að vinna, frekar en nokkuð annað. Þau bréf sem þú ert búin að skrifa mér eru mér sígild og sínærandi gleðiuppspretta. Að heyra það, hvað þú elskar mig og treystir mér og um leið að vita að þú ert mín og einskis annars er meiri gæfa en ég nokkurn tíma hefi getað gert mér grein fyrir að ég yrði aðnjótandi; þú ert alltof góð og indæl til þess að ég, sem hef verið svo vondur, fái að njóta þeirrar guðdómlegu sælu að lifa lífinu með þér.

Ég spái engu illu vina mín, en ég fæ aldrei skilið að ég í reyndinni fái að njóta þín, mér finnst sem eitthvað hljóti að koma fyrir sem hindri það að mínar sælustu framtíðardraumar fái að rætast, því ég á það sannarlega ekki skilið. Guð minn góður hvað ég vildi gefa mikið til þess að við fengjum bæði að lifa og njótast. Án þín er lífið einskis virði. Ég á ómögulegt með að hugsa hversu einmana og yfirgefinn ég yrði þá. Gerðu það fyrir mig að biðja guð um að ekkert illt komi fyrir og sem gæti hindrað að við fengjum að njótast. Elsku vinan mín, þú skalt ekki hræðast, þetta er bara hræðsla úr mér af því að mér þykir svo óumræðilega vænt um þig.

Elsku Frída mín, fyrirgefðu mér hvað ég get verið vanþakklátur, hræddur og órólegur, þar sem ég veit að ég á þig og þú skrifar mér svo gott og mikið. En ég fæ samt sem áður aldrei nógu oft bréf frá þér; og hvað ég vildi óska að það væri orðið svolítið styttra á milli okkar, svo bréfin þyrftu ekki að vera svona lengi á leiðinni. Hugsaðu þér að síðasta bréfið þitt er dagsett 25. febr., það eru 19 dagar síðan ég hef heyrt frá þér og allt er það póstsamgöngunum að kenna. En um fjarlægðina þýðir ekki að fást, henni verður ekki breytt í bráð.

Þú verður að minnast þess stöðugt að viljir þú gleðja eina sál, þá er þér það ómögulegt að gera það frekar en einmitt með því að skrifa mér. Ég skal gera mitt til þess að tíminn sem ég er burtu frá þér verði þér sem stystur og gerð þú það líka. Þú verður að fyrirgefa hvað ég er hreinskilinn. Þú verður að virða mér það til vorkunnar þar sem ástin hleypur með mig; því það er svo sælt að mega segja meiningu sína við þann sem maður á og treystir og sem er boðinn og búinn að hlusta á eða er ekki svo? Ekki er ég í vafa um, að sé nokkur maður í veröldinni hamingjusamastur, þá er ég hann; ég finn það æ betur og betur hversu dýrmæt þú ert mér.

Elsku vinan mín, ekki skalt þú hafa neinar áhyggjur út af líðan minni, því mér líður ágætlega, vantar ekkert nema þig. Hér hefur verið heldur leiðinlegt veður um stund, snjór og gríðar gaddur, allt að 20 gr. Þóli ég afskaplega illa kuldann, líður beinlínis illa þegar ég er úti í slíkum kulda. Það hefur heldur ekki verið alveg laust við að ég hafi haft kvef; er það að batna. Í gær sá ég einhverja allra glæsilegustu filmu sem ég nokkurn tíma hef séð; er það historisk mynd gerð af sænskum leikurum og er nákvæmlega tekin æfi Karls XII. og aðalherferða hans. Leikur Gösta Ekman² aðalrulluna og gerir það af snilld mikilli. Annars sæki ég frekar lítið bíó, er búinn að fá leið á þeim. Ég hef verið á skautum undanfarin kvöld og er það yndislegt að renna sér í góðu veðri undir músik; mikið lifandis ósköp óskaði ég þess heitt að þú værir komin. Hvernig hefur þú það? Skemmtirðu þér nokkuð? Hefur þú nokkuð verið með Helgu frænku?

Góða besta fyrirgefðu bréf þetta, því nú verð ég að hætta ef það á að komast með brautinni, því hún fer eftir hálf tíma og 20 mín. er ég niður á stöð. Skrifa strax þegar eftirvænta bréfið sem er á leiðinni kemur.

Heil og sæl og guð veri með þér, þinn einlægur --

¹ Dramaten.

² Gösta Ekman (1905-1939) einn fremsti leikari Svía, eins og sonarsonur hans og nafni. Fjölskyldan kemur aftur síðar við sögu.

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Stockholm 28.3.1925.

-- Hafðu mínar bestu þakkir fyrir þitt síðasta bréf, sem var svo elskulegt, svo líkt þér; það var ekki til einskis að hafa vænst þess lengi, því það fullnægði eftirvæntingum mínum og gerði mig svo glaðan að heyra að þú ert glöð og ánægð með tilveruna og að þú skemmtir þér. Ekki getur þú ímyndað þér hversu ánægjulegt það er að mega stöðugt vonast eftir bréfi frá þér, það stytir svo mikið tímann og leiðina milli okkar og hugurinn er meðan á því stendur eingöngu hjá þér. En hversu ánægjulegt sem það er að vona, þá verður hamingja mín tvöföld við að vonin rætist; mér finnst þá eins og þú sért komin til mín og sért í faðmi mínum, sem svo oft áður, og talir við mig og segir mér sem besta vini þínum, þín trúnaðarmál, sem er selt að verða aðnjótandi og fá að heyra frá þínum eigin vörum. Því hamingjan að hafa eignast einkavin, vin sem stöðugt treystir manni, hversu brotlegur sem maður annars kann að vera, er meðal annars í fólgin, að því er mér finnst, að geta sagt honum allt, hvað sem það er og hins vegar að vera trúað fyrir því sem eingöngu var og mundi hafa verið einkamál, nema því aðeins að vinurinn væri til. Þú skalt ekki halda það - enda þótt það ef til vill hafi komið fram við þig - að þetta kæmi af því að ég sé fyrir það að slúðra, nei ég held í sannleika sagt það gagnstæða. Mér finnst svo unaðslegt að eiga vin sem treystir manni betur en sjálfum sér og af þeirri ástæðu er svo göfugt að breyta þannig að maður sé traustsins maklegur. Ég hef síðan ég fjarlægðist þig greinilegar, en nokkru sinni áður, fundið hversu óumræðilega hamingjusamur ég er, að þú skulir hafa fundið hamingju þína í því, frekar öllu öðru, að ég sé til, finnst mér eins og nú fyrst sé lífið einhvers virði; áður fyrr var það svo dauft og dapurlegt að vita af engri sem hugsaði um hamingju manns, öllum var sama um hana. Guð minn góður hve breytingin er mikil. Elsku vina mín, þú verður að fyrirgefa hvað ég get verið *sentimental*,¹ mér er það næstum óhjákvæmilegt, þegar ég tala við þig í fjarska. Vildi halda mikið lengur áfram í þessum tón, en ég veit ekki nema það þreyti þig; þér leiðist það, enda líka er það óþarfi því að við þekkjum alltof vel tilfinningar okkar.

Í síðasta bréfi mínu minntist ég til allrar ógæfu á, hversu hræddur ég væri um það að eitthvað kæmi fyrir, sem hindraði það að framtíðargæfa okkar yrði að veruleika. Nóttina áður en ég skrifaði bréfið dreymdi mig ljótan draum, var mér hann því svo minnisstæður og gerði hann mig svo hræddan, því hann var um þig og ég var að missa þig. Lifandis ósköp finnst mér það hlægilegt núna að ég skyldi taka hann alvarlega - en ég gat ekki annað - vegna þess að mig dreymir bæði mikið og oft, en að það sé nokkur fyrirboði góðs né illis er útilokað, ég held að aldrei hafi komið fyrir að draumar mínir hafi ræst. Góða besta vina mín, brenndu því bréfið, því að á því er ekkert mark takandi.

Þú segir eftir Helgu frænku - hún hefur nú sagt mér það líka bréflega - að mikið sé talað um trúlofun okkar heima; finnst það undarlegt því sannarlega höfum við farið varlega. En það er nú einusinni svo, þegar um slíkt er að ræða og þegar minnsta ástæða er gefin, er svo mikið slúðrað heima, bærinn er svo lítill. Hvað mér viðkemur læt ég mér slúðrið í léttu rúmi liggja, því fólkið sem fæst við sögu þessa, hefur ekki svo lítið til síns máls og svo oft hefur maður verið úthrópaður í Reykjavík algerlega að ástæðulausu, að þetta má heita ágætt. En eins og þú segir er það öllu einkennilegra að sama sagan skuli hafa borist landa á milli, svona á svipstundu, eins (og) ég sagði þér eftir Guðm. Hagalín. Grennslaðist ég ekkert nánar eftir því eftir hverjum hann hefði söguna, því ég sagði hana fjarstæðu eina og þóttist verða mjög undrandi, en svo mikið fékk ég að vita að annaðhvort hlýtur það að vera samvinnumaður þinn Þórður fulltrúi Eyjólfsson² eða Kristján Þorgeir Jakobsson³ stud. juris., því þeir skrifast á við Guðm. Hafa þeir greyin verið gjörsamlega uppiskroppa með umræðuefni og því farið að slúðra, það er því full ástæða til þess að fyrirgefa þeim, eða finnst þér það ekki.

Að lokum ætla ég samkvæmt beiðni þinni að minnast á starf mitt. Starfa ég hér á *disptach kontór* (sjóskaða-skýrslustofu) fimm tíma á dag frá kl. 10½ til 4½. Hef ég það framúrskarandi, eru það alveg ágætis menn sem ég vinn með; gera allir sitt til þess að ég verði fulllærður áður en ég fer burt sem verður annað hvort síðast í maí eða fyrst í júní. Efast ég ekki um að þá hafi ég fengið nauðsynlegan lærdóm og æfingu svo ég geti starfað sjálfstætt þegar heim kemur. Geri ég ráð fyrir að eitthvað verði hægt að hafa upp úr þessu; enginn vafi að sem aukastarf (heimastarf) verði það góður bitlingur.

Nú er ég einnig byrjaður að stúdera sjórétt *specielt* og tekur það mjög mikinn tíma. Er því mikið heima. En ekki verður hjá því komist að vera í veislum hjá helstu broddunum hér, því engan má styggja þar sem þeir eru svona sérstaklega hortugir! Ég er alveg undrandi hvað þeir geta verið gestrisnir við alókunnugan mann, er alveg eins og þeir væru manni nákomnir. Öðru hvoru fer ég til bæjarins að skemmta mér, því við og við verður maður að lyfta sér upp þegar kyrrsetur eru miklar. - Það er best að þú munir þetta líka, því ekki veitir af eins miklar kyrrsetur og þú hefur. -

Nú þarft þú ekki að hræðast að fá svartan blett á vörina þó að ég komi svolítið við hana með minni, því nú er vesalings neftóbakið mitt búið að vera og því hættur að njóta þess *ambrosia*;⁴ en í stað þess reyki ég mjög mikið, allt að því eins mikið og Theodór⁵ og er þá mikið sagt.

¹ Tilfinningasmaur.

² Þórður Eyjólfsson (1897-1975) frá Kirkjubóli í Hvítársíðu; síðar hæstaréttardómari og heimilisvinur þeirra.

³ Kristján Þorgeir Jakobsson (1900-42), síðar sýslufulltrúi o.fl. Lærði rússnesku; túlkur á bandarísku flugvéllaskipi. Fórst á leið til Murmansk.

⁴ Töframeðal!

⁵ Theodór B. Línadal, væntanlegur mágur hans.

Hér er nú komið sumar og hiti og blíðveður á degi hverjum. Fór ég ásamt nokkuð mörgu Fólki í skógartúr og hafði það mjög skemmtilegt og hressandi. Var það á *boðunardegi Maríu*, sem er helgur dagur hér. Í dag er fjölskyldan hér öll á burt, einhvers staðar úti í skógi, nennti ég ekki að vera með, því mér finnst hálf leiðinlegt þegar mjög margt er með, og þar að auki krakkar, þegar ganga þarf langa leið.

Elsku Fríde mín, ég vona að þú minnst þess, að besti vinurinn sem þú átt, vonast stöðugt eftir bréfi og ekkert er honum ánægjulegra í útleigðinni en að lesa og kyssa þau.

Heil og sæl ástin mín --

P.S. Skilaðu bestu kveðju minni til Eggerts og Dídí og þakkaðu honum frá mér fyrir greiðann.¹

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Stockholm, 10.4.1925

-- Ég þakka innilega fyrir þín ágætu bréf sem ég fékk með tveggja daga millibili og sem voru mér til svo mikillar ánægju. Þú afsakar það að fyrri bréfið hafi verið stutt og leiðinlegt, en er það fullkominn óþarfi, því það gerði sitt gagn, varð mér til ánægju enda þótt þú hafi verið trufluð við bréfaskriftirnar. Það er sama hvað þú skrifar, bara að það sé þín hönd og þínar hugsanir um okkur og framtíð okkar, þá verða þeir dagar sem ég fæ yndislegu bréfin þín mér engu minni sólskinsdagar, en dagar þeir sem þú færð bréf mín. Ó, hvað mér finnst ánægjulegt að vita að þú hlustar á mig, enda þótt að ég sé, eins og mér finnst sjálfum, svo óskaplega leiðinlegur. Kemur það af því að ég vildi segja þér svo margt, en það er svo erfitt í stuttum bréfum og veit ég því ekki hvað er nauðsynlegast og verður þá eingöngu talað um það sem mér er hjartfólgast - ást mína til þín. Elsku vina mín, þú tekur mig eins og ég er.

Þú spyrð mig, hvort þú gerir mömmu þinni ekki rangt til með því að láta hana ekkert vita af þessu og að farið hefur verið svona meistaralega á bak við hana, þá verður best að halda því áfram. Því ef þú segðir henni allan sannleikann núna, kæmist hún að því hversu stórkostlega við höfum farið á bak við hana og heldurðu ekki að hún mundi reiðast og gera þér erfiða daga með skapi sínu? Við getum sem hingað til farið varlega og látið hana ekkert vita af neinu; því ekki eykst ást okkar frá því sem er þó hún fái að vita af henni. Við skulum því halda öllu leyndu fyrir henni þar til ég kem heim, því burtverutíminn fer nú óðum að stytta; láta hana þá vita það, með opinberun trúlofunar okkar. Vitanlega er það leiðinlegt að fara á bak við móður sína með eins alvarlega hluti eins og þetta, en einskis annars er úrkosta og hún hefur neytt þig til þess. Hafir þú hjarta til að segja henni sannleikann og sért þú viss um að hann hafi ekki slæmar afleiðingar fyrir þig og heimili þitt og viljir þú það, þá væri mér mikil ánægja gerð með því og ekki er ólíklegt að það yrði til þess að undirbúa hinn ófrjóa jarðveg undir það sem gera það fyrr eða síðar. En skoðun mín er nú samt sem áður sú að best sé fyrir okkur bæði að halda öllu leyndu fyrir elsku mömmu þinni.

Þú ert hálf hrædd um það að það kvisist heim að ég hafi hér á skrifborðinu mínu mynd af þér og spyrð mig hvort mig heimsæki margir Íslendingar sem geti slúðrað. Þegar myndin þín var sett upp hugsaði ég alveg eins og þú og sagði þess vegna við Lóu að spyrði nokkur að því af hverri myndin væri þá skyldi hún segja að það væri frænka okkar frá Íslandi og lofaði hún því. En hvað heldurðu að komi fyrir? Jú, hingað kemur einn dag íslensk stúlka sem þekkir Lóu systur mína vel og veður strax inn í herbergið mitt og verður strax starsýnt á myndina, því það verður öllum. Skoðaði hún hana í krók og kring og spyr síðan hvort þetta sé ekki Fríða Briem *dóttir Álfheiðar Briem og systir Eggerts hjá Eimskip*? svo ég hafi orð hennar eftir, eins og Lóa sagði mér þau, því ég var ekki heima. Hér var úr vöndu að ráð, hvort var betra að segja sannleikann eða prófa lygina, því bæði gat verið að hún þekkti þig vel og þýddi það þá ekkert, og eins gat verið að hún þekkti þig aðeins sáralítið og mætti með skipun minni slá ryki í augu hennar. Hvað hefðir þú gert? Lóa segir sannleikann og þar að auki hvers vegna myndin sé hér; og hefur síðan ekki verið reynt að segja ósatt þegar spurt hefur verið um myndina, sem ekki kemur svo sjaldan fyrir. Það er ekki ólíklegt

að þetta sé komið heim, vegna þess að stúlka þessi sem heitir Margrét og ég held Guðmundsdóttir² er úr Reykjavík og á þar hóp af kunningjastúlku sem hún skrifast á við, eftir því sem hún segir. Ef til vill þekkir þú hana, var hún á skrifstofu hjá Birni í Björnsbakarí³ áður en hún sigldi og hefur hún verið utan í 1½ ár. Já það er erfitt að vera leynilega trúlofaður þegar báðir aðilar eru *internationellt kunnar* persónur!

Ég fékk bréf frá Theodór mági þínum, sem var bæði "*stutt og afar ómerkilegt*"; segðu honum það, þar sem hann segir mér sömu söguna og þú varst búin að segja mér um Gústav Jónasson. Spyr hann mig hvort það sé satt, og sé það svo, sem hann frekar gerir ráð fyrir, þá sé ég skyldugur að misbrúka ekki það traust, sem þú segir mér. Er honum mjög annat um þig, en auðséð að hann skilur ekki og þekkir ekki samband það sem á milli okkar er. Mér væri ómögulegt að gera það því engin kona er og getur nokkurn tíma orðið mér eins mikils virði og þú. Ó, hvað ég vildi óska að ég gæti hlaupið til þín og sannað þér hvað mér þykir óumræðilega vænt um þig og kysst þig þeim heitustu og hreinustu kossum sem ég á til. Mér finnst eiginlega engin kona vera til nema þú. Ekkert skalt þú minnst á þetta við Theodór, er þetta allt gert í góðri meiningu.

Hér er komið sumar og yndislegt veður daglega. Fór ég á sunnudaginn var í langan göngutúr upp um fjöll og firnindi með Lóu og fleira Fólki. Vorum við allan daginn úti og nutum veðurblíðunnar og náttúrufegurðarinnar, því hún er

¹ Ástarbréfamíðlun.

² Stúlkan var Margrét Guðmundsdóttir, er lengi bjó í Svíþjóð og komst til mikils virtra embætta. Var í vináttusambandi bæði við Lóu og Guðrúnar.

³ Björn Björnsson (*Bjössí bolla*) sonur Björns Símonarsonar sem stofnaði Björnsbakarí. Varð flutti eftir hremmingar til London og varð ræðismaður Íslands þar.

hér víða alveg guðdómleg. Vantaði ekkert á það að ég væri alsæll nema þig og það er meira en þú færð gert þér hugarlund um.

Þú ert undrandi og ekki af ástæðulausu að það skuli hafa liðið 3 vikur milli bréfa frá þér. Nei, það er langt frá því að svona langur tími hafi nokkurn tíma liðið á milli bréfa, einu sinni 12 daga. Misskilningurinn stafar af því að þegar ég tala um að ég hafi ekkert heyrt frá þér í 3 vikur, þá miða ég við dagsetningardag síðasta bréfs þíns en ekki móttökudag eins og þú gerir. Fannst mér samt sem áður tíminn vera orðinn afarlangur og mátti ég til með að gera sem mest úr honum. Nei, elsku besta ástin mín, þú átt mínar allrabestu þakkir fyrir hve þú hefur oft skrifað mér og vonast ég til þess að þú fyrirgefir mér vanþakklæti mitt og látir þetta ekki hafa áhrif á þig framvegis.

Nú fer að styttest vera mín hér, geri ég ráð fyrir að vera í Stokkhólmi í 5 vikur ennþá. Fer ég þá til Englands, en býst við að koma við í Noregi og Frakklandi á þangað ferðinni. Geri ég það til að afla mér sambanda sem víðast, því nú dugar ekki annað en hafa sem flest vopn úti.

Ekkert skalt þú minnast á þetta við Helgu, því það er óþarfi að það berist að Nesi. Mamma er nefnilega stöðugt hrædd um að ég fari mér að voða, tekur hún mig nefnilega stöðugt fyrir ungling sem hún alltaf þarf að styrkja og styðja með góðum ráðum, en óþarfi er að hún hafi áhyggjur út af þessu ferðalagi. Vonast ég til að það gangi vel. Þangað til ég læt þig vita hver nýja *adressan* mín verður skalt þú senda bréfin hingað því Lóa mun koma þeim til skila.

Elsku besta vina mín, ég bið þig að muna eftir mér og senda kveðjur sem oftast því þær eru mér meira virði en nokkuð annað, þegar ég ekki fæ að vera hjá þér. Skilaðu kveðju minni til Helgu og segðu henni að hún hafi alveg brugðist vonum mínum þar sem hún hafi aðeins sent mér eitt afar stutt bréf. Hún er náttúrulega svo upptekin, eða er ekki svo? Annars er óþarfi fyrir aðra að skrifa mér svo lengi sem þú skrifar mér. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Stockholm, 22.4.1925

-- Mínar ágætustu þakkir áttu fyrir þitt síðasta bréf eins og öll þín bréf sem eru svo ástúðleg og hreinskilin; eru alveg eins og ég gæti frekast óskað mér.

En besta vinan mín, í þetta skipti verður þú að fyrirgefa mér þótt ég skrifi aðeins lítið, ég hef svo skrambi mikið að gera. Vinn allan daginn á skrifstofunni og stúdera síðan á kvöldin, vegna þess að nú fer að verða hver minn síðastur í þessari ágætu borg og hér eru framúrskarandi tæki til að fullkomna sig í starfinu og mikið má læra ennþá, enda þótt lærdómurinn sé ekki orðinn svo lítill, þótt ég segi sjálfur frá, án nokkurs rembinga!!

En ég skrifa þér, elsku ástin, til þess að láta þig vita að hugur minn er stöðugt hjá þér og hvergi annars staðar og ekkert fær hindrað það. Ég er viss um að þú færð ekki ímyndað þér hversu dýrmæt þú ert mér og hversu óumræðilega hamingjusamur ég er að stöðugt fá fullvissu mína að ást mín (er) endurgöldin og að ekkert fær okkur sundurskilið, nema það sem alla skilur að. Ekkert veitir mér eins mikla gleði eins og að fá í næði að hugsa um þig; geri ég það oft þegar gott er veður að fara út í skóg með öll bréfin þín með mér og lesa þau, því það er eins og þú sért komin til mín og sért að tala við mig. Já mikið lifandis ósköp hlakka ég til að koma heima og fá að vera með þér. Ég segi þetta ekki af því að mér leiðist hér, langt frá því, mér líður ágætlega, en mig vantar svo mikið þegar þú ert svona langt í burtu.

Það er alveg rétt hjá þér, eins og ég hef áður tekið fram, að leynd henni mömmu þinni, að við séum trúlofuð, þar til ég kem heim í haust, því þar sem hún veit ekkert af því að við skrifumst á er langbest síðar meir að sanna henni ást okkar og tryggð með tímanum og fjarlægðinni. Best er að komast hjá erfiðleikum ef mögulegt er; en fáir hún að þekkja samband okkar hlýtur hún að sannfærast að svona verður þetta að vera. Ég hef aldrei látið mér detta það í hug, eins og þú hræddist, að þú vildir ekki segja mömmu þinni frá ástum okkar af því að þú efaðist hvort þér þætti nógu vænt um mig til þess að giftast mér. Mér datt það aldrei í hug fyrr en þú minntist á það.

Þið ættu að reyna að fá mömmu ykkar til að fara utan í sumar, það er afskaplega gott fyrir eldri konur að breyta um umhverfi og sjá eitthvað nýtt, því kyrrseta heimilisins gerir lífið svo tilbreytingalaust til lengdar og eldri þær fyrir tímann. Tækifærið er svo glimrandi meðan Helgi er í Khöfn. Ég veit að þú getur ekki trúað því hversu góð áhrif það hafði á hana mömmu mína, þegar hún í fyrsta skipti fór til útlanda og dvaldi um 2ja mánaða tíma hér í Svíþjóð hjá systur mínum. Á þessum stutta tíma yngdist líkaminn og sálin, svo breytingin fannst svo greinilega og er ég viss um að hún býr að því ennþá, hún er svo ung í anda og eldist lítið þrátt fyrir aldur sinn, eins og þú vonandi síðar munt komast að raun um. Sömu áhrif mundi ferðalagið hafa á hana mömmu þína og skalt þú því, okkar beggja vegna og sérstaklega hennar sjálfrar, róa að því öllum árum.

Lóa systir mín er búin að skrifa þér, er ekki svo? Hún sagði mér einn daginn að nú ætlaði hún að gera það, en ekki hef ég spurt hana að því hvort orðið hefði af því. Sé svo, hvernig lýst þér á hana og hvað segir hún tíðinda. Þú ættir að svara henni, sé bréfið svaravert, því hana langar mjög til þess að kynna þér, meira en hún gerir. Lóa er ágætis kona, á tæplega sinn maka og er mjög *intelligent* og skemmtileg. Er alveg sérstakt hvað hún er afhaldin¹ hér sökum kosta sinna. Erum við samrýmdari og höfum alltaf verið, en nokkurt annað systkina minna og erum við oft á göngutúrum, ferðalögum og öðrum skemmtunum.

Helga frænka skrifaði mér fyrir nokkru heilmikið fréttabréf úr bænum; þakkaðu henni fyrir það, fyrir mína hönd, því ég má ekki vera að því að svara henni núna. Sagðist hún hafa fengið ágætis móttökur hjá þér, þegar hún kom með

¹ Vinsæl.

nóturnar, enda þótt þú hefðir verið lasin. - Góða besta, farðu varlega með þig þegar þú ert lasin, sem betur fer kemur ekki oft fyrir; gerðu það fyrir mig, vertu svo mikið úti sem mögulegt er, það er svo nauðsynlegt, þar sem þú hefur svo miklar kyrrsetur. –

Helga er afskaplega hrifin af þér og á ekki nægilega mörg orð yfir kosti þína. Eftir einu sagðist hún hafa tekið, þetta kvöld og skaut því að mér í *forbigáende*¹ að mikið væri Páll hrifinn af þér, hefði hann svo lengi sem tækifæri gæfust stöðugt augun á þér og sagðist hún sárvorkenna veslings mannum. Geri ég það líka. En er það ekki erfitt fyrir þig að verða (að) þola það daginn út og daginn inn?

Heyrðu mér, þekkir þú nokkuð samband þeirra Helgu og Stefáns Jóhanns? Þau skrifa mér bæði og minnst á það, en ég fæ ekkert skilið í því, nema hvað ég veit að Stefán er dauðskotinn í henni. En hvernig er með Helgu? Ég held að hún sé ekkert hrifin af honum, enda þótt hún sé stöðugt með honum og að hún leiki sér eingöngu að tilfinningum hans. Finnst mér þetta andstyggilegt af henni, sé þetta rétt hjá mér þyrfti að segja henni til syndanna í bróðerni. Elsku besta vina mín, þú skalt ekki minnst á þetta við Helgu. Fyrirgefðu að ég sagði þetta, því ég þekki þig; en ég var búinn að skrifa það áður (að) ég vissi af því og vil ekki vera að gera bréfið ennþá ljótara en það er, með því að strika það út.

Afskaplega væri skemmtilegt að vera kominn heim í kvöld og mega vera hjá þér á seinasta

vetrardagsstúdentaballinu, það væri *hærligt*² en allt verður að bíða betri tíma sem ég vona að verði okkur báðum sem fljótast að líða og að gleðin og gæfan verði að lokum tvöföld. Ég vona að þú hafir verið þar og skemmt þér, þó hægri höndina vantaði. –

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur, Stockholm, 23.4.1925.

-- Það er ekki langt síðan að ég skrifaði þér, en samt sem áður ætla ég að senda þér stutta kveðju mína. Það er sannarlega mikill vafi á því að hvort kemur í bráð til þín því það er skolið á vöruflutningabann á öllu til og frá Danmörku svo vafalaust verða engar skipaferðir þá leiðina og spursmál hvort við heima verðum ekki hvað bannið snertir taldir með Dönum frændum okkar og verðum því að súpa seyðið af syndum þeirra. Skrifa ég og sendi bréfið af stað í þeirri von að flutningabannið taki sem fyrst enda, sem er von að verði sem allra fyrst, því það getur haft mjög mikil áhrif á hag okkar heima, því hætt er við, að ef það stendur lengi yfir að þá lækki gildi dönsku krónunnar og ekki er ólíklegt að okkar króna fylgi sveiflum hennar.

Fréttir héðan eru mjög fáar og það litla sem það er ekki nema góðar því mér og frændum okkar hér líður mjög vel. Ég er á skrifstofunni svo að segja allan daginn núna, vegna þess að mikið má læra hér ennþá þar sem tækin eru svo ágæt og sjálfsagt að notfæra sér þau svo vel sem mögulegt er, því nú fer að síga á seinni hluta veru minnar hér. Stúdera ég heima einkum sjórétt og tekur það mjög mikinn tíma; mikið gagn get ég haft af þeim lærdómi þegar fram í sækir. Hef ég reynt að gera mér dvöl mína sem arðsamasta og vona ég að, vinnist mér tími og haldi ég heilsu, að þá muni kostnaður minn fljótlega fást endurgoldinn. Hef ég orðið að kaupa mikið af bókum bæði persónulega handa mér og svo fyrir skrifstofu okkar og geri ég ráð fyrir að kaupa meira síðar meir í Noregi og á leiðinni yfir England, því þar má fá bæði góðar og ódýrar lögfræðibækur sem sjálfsagt er að eiga og hafa stöðugt til taks á skrifstofunni meðal annars hef ég hugsað mér að kaupa þar stórt safn af *sjóréttardómum* sem ég hygg að munu kosta kr. 200.00. En til þess að það verði mér kleift og til þess að hafa einhverja reisupeninga þá verð ég að biðja þig að senda mér nokkra peningaupphæð í síðasta sinn á ferðalaginu. Held ég að umstangsminnst muni vera að senda mér hana meðan ég er staddur hér því óvíst er hver bústaður minn verður í Englandi og hættara við að það fari vilt, þar sem maður þekkir engan, sem maður getur treyst. Hygg ég að nægilegt muni vera að láta mig hafa eins og £40 (40 ensk pund) og eins og 50-100 sænskar krónur, eru það ca. 1150.00 kr. ísl. ásamt öllum kostnaði. Væri þér þægilegra að senda mér það seinna og þá í smærri sendingum þá skalt þú gera það, en við það er að athuga að þá eykst sendingarkostnaðurinn. Þú heldur kannski að nokkuð hljóti ég að eiga eftir af peningum þeim sem ég fór með, þar sem kostnaðurinn við veru mína hér þar sem ég hef búið hjá Lóu, hafi ekki verið mikill. Jú, rétt er það að ekki er ég blankur, en tæplega færð þú trúað því hversu miklir peningar fara fyrir lítið endurgjald þegar hingað er komið og allt ógurlega dýrt sem kaupa þarf og eins og þú færð skilið hef ég orðið að kaupa hitt og annað og svo hef ég orðið að sýna þeim hjónunum tilhlýðilega kurteisi með því að taka þau með mér út. Svo áður en ég fer, verð ég að gleðja hana eitthvað, því hún þarf sinna muna eins og aðrir.

Elsku mamma mín, ef þú ættir hægt með það væri best að þú sendir peningana sem bráðast svo ég fengi þá áður en ég fer héðan. Stefán Jóhann³ mun sjá um þetta allt saman fyrir þig, ef þú aðeins minnst á það við hann. Best er að hafa ensku peningana í ávísun á enskan banka en sænsku ávísunina á hérlandan og senda það síðan í ábyrgðarbréfi.

Þú verður að fyrirgefa betl mitt, en eins og þú sjálf munt skilja er ómögulegt að komast af án vasapeninga og þar að auki sjálfsagt að kaupa þá muni á ferðalaginu sem við framvegis þurfum á að halda. Þegar heim er komið mun ég strax gefa

¹ Framhjáhlaup.

² Dásamlegt.

³ Stefán Jóh. Stefánsson, síðar forsætisráðherra, undirbjó lögmannsstofu þeirra í húsi Kristínar, að Austurstræti 1, sem þeir ráku svo saman. Húsið var nefnt Veltan. Þar hafði staðið hús Verslunarfélags Reykjavíkur og voru hluthafar 235. Gengu eignarhlutirnir kaupum og sölum, kölluðust *veltuhlutir*. Guðmundur í Nesi var sagður hafa eignast húsið þannig að hann var staddur á Hótel Íslandi, hinum megin við götuna. Hann heyrdi fyrirgang og spurði þjón hverju hann sætti. Það er verið að selja Veltuna á uppboði: *Æ, skreptu út og bjóddu í hana fyrir mig*. Þannig varð það.

þér kvittun fyrir skuld minni og greiða hana við fyrsta tækifæri, sem ég er viss um að þurfi ekki að bíða lengi eftir að hafist hefur verið handa.

Af Lóu er það að fréttu að hún hefur það mjög sémilegt hvað fjárhaginn snertir, hefur nóg að bíta og brenna; er hún afar hamingjusöm, enda líka Ivar framúrskarandi heimilisfaðir. Lóu hefur verið sagt upp húsnæðinu þar sem þau búa núna, sem er bæði ágætt og mjög ódýrt og eru þau nú fastlega að hugsa um að kaupa hús hér í nágrenninu; er það nýbyggt og vandað og afar þægilegt fyrir þau. Óvíst er ennþá hvort nokkuð verður úr þessu, en samt tel ég það líklegra, og geri ég það sem ég orka til þess að ýta undir þau að ráðast í það, því víst er það að hafi þau einusinni yfirtekið hús þá láta þau það ekki fara frá sér og hægara og skemmtilegra er að spara þegar eitthvað verður eftir, heldur en þegar spariféð fer í þá botnlausu hit sem húsaleigan er. Með afborgunum og vöxtum geri ég ráð fyrir að þau þurfi að greiða álíka mikið og þau mundu annars þurfa að greiða í húsaleigu. Með Lóu sem fjármálaráðherra getur það auðveldlega gengið, haldi Ivar heilsu. - Af þessum ástæðum er sjálfsagt að láta hana engan halla þurfa að bera af dvöl minni, því nú er hver peningurinn mikils virði.

Tæplega geri ég ráð fyrir að heimsækja Gunnu, vegna þess að ég þarf nauðsynlega að koma við í Noregi á leiðinni yfir til Englands og þá er óþarfa krókur að fara til Helsingborgar; er hún stöðugt að biðja mig um það að heimsækja sig og sjá villuna sína sem bæði Kalli og hún eru ógurlega stolt af og er það víst myndarlegt og þægilegt hús.

Elsku mamma mín, ég bið þig að fyrirgefa bréf þetta og hafðu það hvað peningasendinguna (snertir) eins og þér er þægilegast; og þú veist hvað mér kemur best.

Hafðu engar áhyggjur út af mér, því hér eða hvar sem ég er, hlýt ég að lifa mjög góðu og skikkanlegu lífi. Og síðar meir, þegar kemur heim og sem ég hlakka mjög mikið til, vonast ég til að geta séð vel fyrir mér, því nú er ég fullur af lífsfjöri og starfslöngun, því nú hef ég loks fundið það sem gerir mér lífið þess virði að það sé lifað.

Líði þér ætíð sem best fæ óskað, elsku mamma mín, og hittumst hraust og glöð á hausti komanda.

Gleðilegt sumar og þökk fyrir veturinn. --

P.S. Ég geri ráð fyrir að fara héðan kringum 20. maí; skilaðu kveðju minni til allra ættingjanna heima og að heiman og berðu Fíu gömlu bestu sumarkveðjur mínar. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Stockholm 29.4.1925.

-- Ég þakka þér ástsamlega fyrir þitt ágæta bréf sem ég fékk í morgun og sem var svo fullt af móðurást og umhyggjusemi fyrir framtíð minni. Þú getur ekki trúað því hvað ég gladdist og sá að utanáskriftin var frá Nesi, því hversu mörg og góð bréf sem ég fæ annars staðar en frá þér, þá eru þín bréf, elsku mamma mín, alltaf þau kærkomnustu. En að hafa valdið þér leiðinda - þig sem ég elska meira en nokkurn annan - gerðu mig svo hryggan og vakti samvisku mína, því það er sannleikur sem þú segir, að alltof sjaldan hef ég skrifað þér. Mér varð alveg eins innanbrjóst og þegar ég kvaddi þig áður en ég fór og það verður mér svo lengi sem ég lifi minnisstætt, því þá fann ég hversu mikið þú ert fyrir mig og að ekkert annað getur fyllt skarðið. Þegar ég síðar meir verð svo ógæfusamur að missa þig - guð algóður gefi mér, að ég fái að njóta þín og þinnar guðdómlegu ástar sem allra, allra lengst. Að ég hafi verið búinn að gleyma þér - hvernig getur þú ásakað mig um það - er svo fjarri öllum virkileika, því þú getur ekki trúað hversu oft og heitt ég hugsa til þín og hversu mikil gleði mér er í því að fá að tala um þig við hana Lóu systur, því hún er sú eina hér sem ég get trúað fyrir mínum leyndarmálum og sem kann að meta hvað það er að eiga ástríka og umhyggjusama móður, því þú ert henni líka svo óumræðilega hjartfólgin. Ég veit að þú skilur mig og fyrirgefur mér; skal ég svo oft sem mér er mögulegt skrifa þér framvegis og gera allt til þess að bæta fyrir brot mín. Að sú kona, sem ég hef trúað þér fyrir að mér væri kær kasti skugga á þig og valdi því að ég gleymi þér er svo fjarstætt hugsun minni og tilfinningum, því ómögulega getur nokkur kastað skugga á þig, hvað þá heldur geti fengið mig til að gleyma, hversu svo kærkomin sem hann er mér. Ástæðan til andvaraleysis míns var að ég hugsaði þig rótfast tré móðurástarinnar sem ómögulegt væri að uppræta, sem þú ert líka, en hinn aðilann nýútsprunginn frjóanga sem væri undir áhrifum vinda og hríða og sem væri skylda mín að hlú sem best að og gæta sem drengilegast svo að hann dæi ekki í höndunum á mér, því hann er mér líka kærkominn. Elsku mamma mín, ég veit að þú skilur mig og lætur mig ekki þunglega þola fyrir brot mín, sem ég sárlega iðrast.

Það var ágætt að þú skyldir ekki neitt fljúga á náðir Önnu systur með það sem ég minntist á við þig í næstsíðasta bréfi mínu, því að ég geri fastlega ráð fyrir því að dvelja í London þegar til Englands kemur; er þar eftir því sem ég heyri hér ódýrast að lifa og þar að auki mest að læra og sjá. Aðalatriðið fyrir mig, þegar ég dvel þar, er að gera mig fullkominn í ensku, en ekki að sitja þar á skrifstofu yfir hásumarið. Ætla ég að fá mér tíma í málinu svo ég geti bæði skrifað og talað og síðan að *studera* skipamiðlun og sjóváttryggingar sem framhald af námi mínu hér. Óþarfi er að tala nokkuð við Ásgeir Sigurðsson konsúl, þótt enginn efi væri á því að hann mundi gera sitt besta til þess að útvega mér pláss á skrifstofu, sem nú sem stendur mun vera afar erfitt. Þarf ég ef til vill á honum að halda síðar meir.

Hvernig stendur á því að þú heldur að við Glóa séum engir kunningjar? Það er svo langt frá því að svo sé; geri ég það sem ég get til þess að hún skemmti sér sem best, reyni ég að gera henni lífið sem skemmtilegast bæði heima og að heiman; hef ég því stundum, þegar ég hef farið út að skemmta mér, tekið hana með. Er mér mjög annt um að hún skemmti sér sem best, bæði vegna þess að mér er vel við hana og svo veit ég að þér er annt um hana. Kunningsskapur okkar er sá sami og heima var, en eins og þú veist höfum við aldrei verið neitt sérstaklega samrýmd. Það að ég hafi ekki

¹ Gárungar sögðu að hermálaráðherra Svía hefði um skeið verið íslenskur.

minnst á hana í bréfum mínum kemur eingöngu af því að ég veit að hún skrifar sjálf og mundi sjálf skýra þér frá högum sínum. Að hún ekki minnst á mig kemur efalaust af sömu ástæðu og hjá mér.

Heyrðu mamma, væri ekki reynandi að segja henni Önnu Friðrikssyni¹ upp leigusamningnum, þar sem þú ert afar óánægð með hana sem leigjanda, ef það á annað borð er hægt samkvæmt leigusamningnum, því það er gjörsamlega óviðunandi að verða í hverjum einasta mánuði að leggja í nýjan kostnað eftir að hafa gert stóra viðgerð á búðinni, því nú er áreiðanlega hægt að fá álíka góðan leigjanda. Reyndar er engin hætta á því að hún vilji fara, þar sem hún er búin að koma sér svo vel fyrir; væri það ágætt meðal til þess að hræða hana, svo að hún væri ekki eins kröfuhörð; mundi ég svo semja við hana þegar heim kæmi.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að viðgerðin hjá honum Ásgeiri Gunnlaugssyni² kostaði rúmar 700 kr. þar sem samkvæmt samningunum eingöngu átti að kosta, að mig minnir, ca. 350 kr. auk veggfóðurs á kontórinum, öðruvísi fæ ég það ekki skilið. Þú skalt halda reikningum til haga, því ef til vill verður hægt að lagfæra þetta síðar meir þegar ég kem heim, því það (er) ófært að þola það bótaalaust.

Nú er afraðið að Lóa og Ivar kaupi húsið, sem ég talaði um við þig í síðasta bréfi; er það gullfallegt hús, alveg nýtt á yndislegum stað hér í nýju villukvarteri fyrir utan Stockholm. Það er vitanlega afar erfitt fyrir þau í fyrstu, þar sem peningaútborgun er mjög mikil og lítið er af reiðupeningum. Annars komast þau mjög sómasamlega af og eiga allt það sem þau hafa innanhúss, sem er mjög mikils virði; hafa þau furðanlega fljótt losnað úr skuldum þeim, sem Ivar varð að borga sökum ábyrgðar sem hann var í fyrir blað hans³ og sem féll á hann. Vona ég að það gangi nú sem best fyrir þeim, þar sem svo margir eru sem vilja hjálpa þeim hér úti.

Það gleður mig mjög að þér fellur vel við Stefán Jóhann og að hann stendur vel í sinni stöðu; er það ekki nema eðlilegt því að hann er vandaður, ábyggilegur og greindur maður. Gerir hann nú allt sem hann getur til að undirbúa framtíðarstarfsemi okkar og hefur honum þegar tekist að ná í heilmargt, svo að strax er hægt að hefjast handa eftir að ég er kominn heim. Er ekki nokkur vafi á að með dugnaði, reglusemi og framtakssemi, leggjumst við á eitt, getum við skapað okkur mjög arðvænlegan framtíðaratvinnuveg, komi ekkert óvænt fyrir, sem óþarfi er að hræðast. Horfi ég mjög björtum augum á framtíðina og fullur af áhuga og starfsþreki.

Í dag er síðasti apríl og hátíð og --- hvert sem lítið er, er mjög tignarlegt að sjá það. Glóa er úti núna, ásamt íslenskri vinkonu sinni, einhver staðar að skemmta sér; er hún mjög ánægð með lífið, enda líka gerir Lóa allt sem hún getur til þess að gera henni það sem ánægjulegast.

Elsku mamma mín, fyrirgefðu mér hugsunarleysi mitt og mundu að þín ástkæru bréf eru mér svo ákaflega mikils virði. Það var svo gott að þú skyldir segja mér sannleikann svo að hægt verði að bæta fyrir brot sín, sem er mér svo mikils virði.

Skilaðu kveðju til frændfólksins og vina minna heima og heiman. Vertu síðan kært kvödd elsku mamma og guð varðveiti þig fyrir mig. -- Við sitjum tvö heima við (Else) Mari og ég á að kyssa þig frá henni. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Stockholm 3.5.1925

-- Í gær var ég svo hamingjusamur að fá póst að heiman og meðal þeirra 6 bréfa sem þar voru var eitt frá þér og annað frá mömmu minni. Hvort bréfið hefðir þú fyrr lesið hefði eins verið ástatt hjá þér og var hjá mér? Ég var í engum efa, því þú ert mér dýrmætust allra og svo var svo ógurlega langt síðan ég hafði fengið bréf frá þér - hugsaðu þér 20 dagar, rétt reiknað, því ég tel dagana þegar ég á von á bréfi - og var því hálfpartinn farinn að hugsa að þú værir víst alveg búin að gleyma mér. En mér til mikillar gleði reyndist sá grunur alveg ástæðulaus og þú söm við þig og mig líka. Ég þakka þér fyrir bréfið eins vel og hægt er að gera í fjarlægð og sendi þér ótal kossa, en geymi samt aðalþakkinar þar til að ég kem heim til þín. Þú spyrd mig hvort ég sé ekki fullviss um að við verðum eins góðir vinir þegar ég kem aftur heim eins og þegar ég fór.

Í gær var ég á *Dramatiska Theatern* og hljóðaði ein repliken⁴ svona: *Hin hreina og ódauðlega ást fágast og skýrist þegar elskendurnir fjarlægjast hvort öðru, en yfirborðssáttin dofna og gleymist.*

Mér finnst svo mikill sannleikur í þessum orðum og náðu þau svo föstum tökum á mér, því fjarlægðin okkar á milli og tíminn hefur sannað mér sannleika þeirra. Hversu heitt og innilega sem ég elskaði þig áður en ég fór finnst mér nú, eftir að ég kynntist þér betur, ennþá hjartfólgna, að án þín væri lífið ekki þess virði að það væri lifað. En með þig sér við hlið, í lífsbaráttunni, verða erfiðleikarnir svo auðveldlega yfirunnir að skemmtun ein er að vinna bug á þeim. Ég veit að við verðum svo samhuga að leita gæfunnar og við skiljum svo vel hvort annað að ekkert getur hindrað það að við finnum hana. Ég hef aldrei verið sérstaklega mikill föðurlandsvinur, en nú hefur það breyst svo afskaplega eftir það að ég fann hve dýrmætan þátt úr lífi mínu það geymir.

Þú verður að fyrirgefa, elsku vinan mín, þótt bréfið verði í brotum og þráðurinn, ef nokkur er, slitinn við og við, vegna þess að hér í herberginu er dynjandi músik og ekki gott að loka eyrum sínum fyrir henni, það eru

¹ Anna Friðriksson var dönsk kaupkona, gift um tíma Ólafi Friðrikssyni rithöfund og stjórnmálaforingja. Anna bjó í húsinu og rak þar Hljóðfærhús Reykjavíkur.

² Ásgeir var mörg ár með vefnaðarvöruverslun í austurenda Veltunnar. Hann var giftur Ingunni Ólafsdóttur frá Mýrarhúsum.

³ Hann var lengi ritstjóri jafnaðarmannadagblaðs í Sollefteå áður en hann var kosinn á þing.

⁴ Eitt tilsvárið.

uppáhaldslögin mín hér, sem verið er að spila *Sommerlied* og *Sonntagsstimmen* eftir *Wilhelm Peterson-Berger*. Er það í heftinu sem ég sendi þér? Finnst þér þau ekki *stämminingsfull* - spilaðu þau bara einu sinni enn. Já, Lóa er að spila, náttúrlega mér og sér til ánægju, en þrátt fyrir allt er mér reyndar engin ánægja gerð með því, þar sem ég vil hafa næði og er ég margbúinn að segja henni að skammast sín og hætta, en hún skýtur við því skollaeyrunum og segir að geti andinn ekki komið yfir mig núna á meðan ég hlusti á snilling, þá sé ég ekki neitt *musikgeni*.

Í dag hef ég verið úti að skemmta mér ásamt 13 ára gamalli dóttur Lóu, var ég búinn að lofa henni að fara með henni í Tivoli fyrir löngu og komst ég loksins ekki undan því.¹ Hafði hún ógurlega gaman af túrnun; dró það heldur ekki úr skemmtuninni að hún var í nýrri kápu og með skinnhatt. Já þar var ekki neitt kotungsyfirlit á okkur þegar við marseruðum um höfuðstaðinn. Þú hefur haft gaman af að sjá okkur.

Á sunnudaginn kemur ætlum við, Lóa og Ivar til Uppsala. Hefur okkur verið boðið þangað of *docent* við skólann sem ferðast hefur á Íslandi og var yfir sig hrifinn af því. Hygg ég mjög gott til þeirrar ferðar, vegna þess að bæði er fólkið sem ég verð með mjög skemmtilegt og ferðalagið til Uppsala yfir *Mälaren* tilkomumikið, auk þess er skemmtilegt að sjá hinn gamla háskólabæ sem maður hefur heyrt svo mikið um.

Ivar mágur minn ætlar í leiðinni að halda einn fyrirlestur við háskólann um Ísland. Er hann stöðugt meðan á þinginu stendur á fyrirlestrarferðum alla daga sem hann hefur frí frá þingstörfunum. Hefur hann aðeins verið tvo sunnudaga heima síðan ég kom hingað; bæði verið utanlands og innan, á páskunum á *kongressi* í Riga í Eistlandi. Er Ivar framúrskarandi skemmtilegur og duglegur maður og á án efa eftir að komast í stjórnina, fyrr eða síðar. Gaman er að sjá hvað hjónin geta verið skotin hvort í öðru, enda þótt að þau séu búin að vera gift í 14 ár; hef nefnilega hingað til haldið að þegar samlíf hjóna væri orðið þetta gamalt hlyti það að líkjast meir góðum kunningskap en hveitibrauðsdögum, en ég hef nú komist að annarri skoðun.

Elsku besta Frída mín. Mundu eftir því að hversu svo mikil gleði sem það hefur verið hér í Svíþjóð að fá bréf frá þér þá verður það framvegis, þegar til Englands kemur mér ennþá meiri ánægja; hér hafa allir sem ég hef kynnst barist um að gera mér dvölinna sem skemmtilegasta og verður því áreiðanlega mikil breyting þegar til heimsborgarinnar kemur og maður öllum ókunnugur, sérstaklega fyrst, áður en maður kynnist. -- Þegar til London kemur og ég er búinn að fá fastan bústað mun ég senda þér eða Eggert bróður þínum adressu mína með símanum; og ættir þú að koma henni heim til mín, annaðhvort gegnum Helgu eða Stefán Jóhann. -- Með von um hamingju okkar tveggja. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Stockholm. 11.5.1925.

-- Ekki skaltu verða undrandi, elsku vinan mín, þótt bréf þetta, ef því nafni mætti nefna það, verði stutt, skrifaði þér nefnilega nýlega, en mundi eftir því þegar ég var búinn á kontórnum, að á fimmtudaginn fer *Merkúr* heim og eru því síðustu forvöð að koma bréfi heim með honum. Tók ég mig því til og hripaði niður þessar línur, eingöngu til þess að láta þig vita að ég hef hugann hjá þér og vil ef hægt er gleðja þig af mínum litla mætti.

Nú eru 10 dagar síðan ég hef fengið bréf frá þér en það er auðvitað á leiðinni með *Merkúr*. Ég er svo ógurlega bráðlátur og heimtufrekur við þig, elsku vinan mín, þú sem hefur allan þann tíma, sem ég hef verið hér, staðið mikið betur við loford þín en ég á skilið; en mér er ómögulegt annað, því ég hef hugann svo mikið heima hjá þér og hef því svo mikla löngun og óumræðilega gleði að heyra að hið sama er hjá þér, þeir *póstar* í bréfum þínum þar sem þú minnst á ást þína og okkar beggja eru alveg *upplelsnir* og kann ég þá orðið alveg utanbókar, hef ég verið svo einkennilega fljótur að læra þá, mér til hálfgerðra leiðinda, vegna þess að ánægjan er mikið meiri að sjá það *documenterað*.² Hvert einasta bréf þitt hefur stöðugt, en þó alltaf á ný, sannfært mig um það að þú ert mér dýrmætari en nokkuð annað og án þín get ég ekki lifað, því að ég elska þig meira en sjálfan mig.

Ég hef frestað því þar til um mánaðarmótin maí/júní að leggja af stað héðan, eingöngu fyrir beiðni Lóu og Ivars. Ætlar hann að verða samferða til Oslo, því hann verður þar á *skandinaviskum socialdemokratiskum kongressi*; gerir Lóa ráð fyrir að fara með honum. Hef ég dregist á það, því skoli er gaman að ferðast með þeim og ekki er ólíklegt að nokkuð langt verði þar til ég heimsæki þau aftur og fái því tækifæri til þess að skemmta mér með þeim. Ja, það er nú reyndar spurning hvort það verður svo langt, því líklega heimsækjum við þau á okkar *forestående* brúðkaupsferð. Hvernig lýst þér á það? Heldurðu að hamingjan verði ekki með okkur? Ekki mun ég verða nema 1-2 daga í Oslo, komist ég hjá því. Þaðan mun ég halda yfir til London annaðhvort flugleiðis eða sjóleiðina. Ganga nú fastar flugleiðir milli Oslo og London og langar mig afskaplega að prófa þær; hins vegar tel ég það mjög ólíklegt, svo þú skalt bara vera óhrædd, vegna þess að það er mjög dýrt (650 no. kr.). Ég hef frestað því að fara til Frakklands þar til í haust, áður en ég legg af stað heim, vegna þess að fengnum upplýsingum þaðan, er það sem ég ætla að gera þar enn þá ekki tímabært, en verður vafalaust í haust.

Heyrðu mér, hefur þú nokkuð orðið vör við það frá Theodórs hlið að búið væri að segja þeim félögunum upp húsnæðinu og sé svo, hvað sagði hann? Stefán Jóhann átti nefnilega að gera það fyrir hönd mömmu, en hefur ekkert minnst á það í bréfum sínum, en að hann hafi gleymt því á ég bágð með að trúa.³

¹ Hún hét Brynhild (1913-1936), fögur og skemmtileg, dó nýgift.

² Skráð.

³ Kristín átti Veltuna, Austurstræti 1. Þar ætluðu þeir að hafa skrifstofu Stefán Jóhann og Ásgeir. Til þess þurfti að segja upp lögfræðingunum Lárusi Fjeldsted og Theodór Líndal, mági Friede.

Stefán er afskaplega lukkulegur, bæði með ráðahag sinn og félagsskap okkar (það er að segja Stefáns, hitt hefur hann ekki minnst á) segir hann mér að undirbúningurinn gangi ágætlega, sé hann búinn að fá mörg hæstaréttarmál og mikið af innheimtum og yfirhöfuð líti ágætlega út með að starfið muni heppnast. Er ég mjög ánægður með það og vænti yfirhöfuð alls hins besta af framtíðinni, því það er svo ánægjulega hressandi að mega starfa sjálfstætt og vera eigin herra; það út af fyrir sig finnst mér alveg ómetanlegt. En þó fyrst og fremst að vita af þér viðbúinni að standa við mína hlið, hvað svo sem fyrir kynni að koma. Ertu ekki það? Annars er ég alveg óhræddur, vegna þess að við erum báðir svo einhuga með starfsemi, reglusemi og áhuga.

Hvernig fór með ráðagerðina um siglingu mömmu þinnar. Varð nokkuð af því að hún færi utan? Haltu þér við efnið og mundu eftir því að ekkert getur haft eins góð áhrif á hana, eins og að fljúga um stund úr hreiðri sínu.

Þú minntist á það í bréfi (sem eins og áður er getið er orðið nokkuð gamalt) þínu að þú sért að lesa *Kristínu Lavrandsdóttur* Sigrid Undset og sért hrifin af henni. Það er mjög vel skrifuð og skemmtileg bók. En til þess að missa ekki það álit sem þú hefur á Undset skal ég vara þig við að lesa *En främmande* og *Jenny*, róman eftir hana. Hef ég nýlega lesið þessar bækur og varð alveg undrandi. Gerir hún yfir höfuð kvenpersónurnar svo ómóralskar, tilfinningasljóar, viljalausar, erotískar og útrýmir allri andlegri ást hjá þeim, svo að undrum sætir. Verð ég að segja að mamma þín fer ekki með svo rangt mál, þegar hún gengur á snið við þennan höfund, en að hún banni þér að lesa Undset nær ekki nokkurri átt.

Fyrirgefðu slúðrið. Skilaðu kveðju minni til Helgu frænku og beiddu hana að senda mér línu, svona við tækifæri, enda þótt hún sé, eftir því sem hún sjálf segir, *ógurlega upptekin*. Segðu henni að bráðlega muni ég skrifa henni. --

P.S. Þú verður að fyrirgefa blýantinn. Ég er hér hjá kunningja mínum, sem hvorki á penna né blek, ekkert nema blýant og ritvél, sem líka að lokum verður notuð. Ég gleymdi pennanum mínum heima og ekki er tími til þess að sækja hann, því bréfið verður að komast með *toginu* sem fer kl. 6½ ef það á að komast til þín með því skipi sem ráðgert var. Ég hélt að þú frekar vildir það svona, heldur en ekkert bréf, eða var ekki svo? --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Stockholm, 14.5.1925.

-- Ég þakka þér hjartanlega fyrir bréfið þitt, sem ég fékk í gær og gladdi mig það svo innilega að þú hefur fyrirgefið mér fyrri syndir mínar, sem ég vonast til að ekki þurfi að koma fyrir aftur og að þér líður vel. Guð minn góður gefi það að þú megir njóta sem lengst lífsins, þér og öllum sem þú umgengst og ekki síst okkur þínum nánustu til blessunar. Einnig þakka ég þér fyrir peningasendinguna sem ég um leið tók á móti, heilu og höldnu í bréfi frá Stefáni Jóhanni. Hefur þú maklega gripið við, þegar þú hafðir fengið bréf mitt, eins og þín var von og vísa, elsku hjartkæra mamma mín. Þú ert stöðugt söm við þig og mig. Geri ég ráð fyrir að þetta muni nægja mér fyrst um sinn í Englandi, nema því aðeins að ferðin þangað og dvölin þar fari fram úr áætlun minni. Í Osló, eins og ég hef áður tekið fram, þarf ég að kaupa svo mikið af bókum sem við þurfum á að halda á skrifstofunni, því þar eru þær svo mikið ódýrari en heima og þar að auki ekki nema lítið af *júridiskum*¹ bókum fáanlegt heima. Stefán Jóhann sendi mér lista yfir það nauðsynlegasta og var það ekki svo lítið, reyndar hef ég þegar keypt sumt af því og stúderað; yfirhöfuð féll svo einkennilega vel saman það sem Stefán vildi að ég keypti og það sem ég hafði ákveðið að kaupa. Svo er það margt þeirra sem sjálfsagt er að kaupa hér eða í Englandi svo sem dyraspjöld og ef til vill pappír. Svo er ætlun mín að koma auglýsingum hér í sænsk og ensk blöð, sem einnig dregur dilk á eftir sér. Já, það er margt sem í kostnaðinn þarf að leggja í upphafinu, en vonandi tekst að fá það endurgreitt og meira til.

Er búið að segja Lárusi & co.² upp húsnæðinu? Hvað sagði hann við því? Varð Theodór³ ekki úfinn?

Anna systir hefur skrifað til Englands til þess að skyggjast eftir stað handa mér þar og sendir þú mér afrit af því bréfi. Ætlaðist hún til þess að kerlingin hennar skrifaði mér, henni eða hvort tveggja. Eftir bréfinu, ef það er alveg eins og hún sendi það verður ómögulegt fyrir ensku konuna að skrifa mér, vegna þess að heimilisfang mitt hér er hvergi nefnt á nafn, annað en að ég dvelji nú um stund í Stockholmi og þó að Anna viti að ég sé þekktur víða um lönd bregst henni bogalistin að halda að ég sé svo þekktur að bréf komist til mín í 800,000 (íbúa) bæ þar sem eingöngu er *adresserað* með bæjarnafninu; að minnsta kosti verður hún að hafa afarríkt *fantasi*⁴ til slíkra hugsana.

Sleppum þessu, Anna gerði það sem hún hefur getað og vitanlega hefur það bara verið gleymska. En áður en ég fer héðan getur bréf frá henni, eða þér, þar sem þið greinið mér svar ensku konunnar, tæplega náð mér og þar sem ég, sem allra fyrst eftir að komið er til Englands, vil koma mér niður, verður mjög erfitt að eiga við þetta atriði, nema því aðeins að þið sendið mér svar hennar með símskeyti hingað fyrir 28. maí eða til Englands eftir að ég hef í símskeyti gefið ykkur upp bráðabirgðadressu mína þar og spurt um þetta. Gæti þetta verið mjög stutt skeyti, bara annaðhvort játandi eða neitandi, eftir svari hennar, adressa mr. Eaxton og adressan mín. Verði svar komið fyrir 28. maí ættir þú að senda mér um það símskeyti hingað og sé það játandi, þá einnig adressu mr. Eaxton. Og sendi ég þér adressu mína í skeyti frá Englandi þá ættir þú að svara því sem fyrst eins og áður er getið.

¹ Lögfræði-.

² Lögmannsstofa Lárusar Fjeldsted.

³ Theodór B. Línal lögmaður og síðar próf. væntanlegur mágur Ásgeirs.

⁴ Hugmyndflug.

Héðan er fátt að fréttu - allt gengur hinn ágæta vanagang - nema eins og ég hef sagt þér er Lóa búin að kaupa sér villu fyrir utan bæinn og verður flutt þangað í kringum 20. maí, ætla ég að hjálpa henni til með flutninginn, sem ekki er svo lítil skal ég segja þér, því ótrúlega margt eru þau búin að krækja sér í.

Ástæðan til þess að ég fer ekki héðan fyrr en viku eða 14 dögum síðar en ég gerði ráð fyrir er sú að Lóa og Livar ætla að fara til Noregs um mánaðarmótin, ætlar Ivar að halda þar fyrirlestra á socialdemokratískum konngressi og vilja þau endilega, þar sem ég ætla sömu leið, að ég bíði og verði þeim samferða. Er ef til vill langt þar til ég fæ tækifæri til þess að vera með þeim og þau eru mjög skemmtilegt samferðafólk, hef ég afráðið að bíða eftir þeim. En ekki verður það nú langt sem við eigum samleið þar sem ég fer ekki lengra en til Osló, en þau halda norður til Bergen.

Glóa verður eftir heima með krakkana úti í nýja húsinu; er það ekki svo erfitt vegna þess að þau eru orðin svo stór og Brynja¹ er orðin ágætis vinnukona. Aðalverkið er að koma þeim í skólann á morgnana og gæta Else-Mari sem alltaf er úti að leika sér. Er ég mjög hrifinn af Brynju, er skrambans ári mikil kraftakerling; hins vegar segir hún að ég sé *dumm*² enda þótt að vinir séum við góðir; er hún föst fyrir og viljasterk og næstum því stöð, kippir því í kyn sitt á okkar hlið.

Ekki skil ég í því að Lóa getir farið svo mörgum dásamlegum orðum um mig eins og þú segir að hún geri í bréfum sínum, því slíkt á ég alls ekki skilið og ekki skaltu láta það á þig fá, því án efa segir hún það eingöngu til þess að þóknast þér, eins og þú svo réttilega giskar á. Hins vegar erum við ágætir vinir og skiljum hvort annað mjög vel, þrátt fyrir það að ekki séum við alltaf á sama máli.

Á morgun er sumarhátíð stúdenta í Uppsölum og ætlum við Glóa þangað; hefur okkur verið boðið þangað af sænskum *magister* þar við háskólann, sem er mjög góður vinur Lóu og Ivars.

Skilaðu kveðju minni til vina minna og ættingja. Guð veri með þér mamma mín og gæti þín svo að við megum sjást heil og hamingjusöm við heimkomu mína og lengur. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Stockholm, 25.5.1925

-- Aðeins stutt kveðja í síðasta sinn frá Stockholm með þakki fyrir þitt ágæta bréf sem ég þó svo lengi hef látið dragast að svara. Héðan geri ég ráð fyrir að fara á föstudaginn og er því í mörgu að snúast, bæði með það að reyna að krækja sér í sambönd hér og kveðja þá mörgu -- kunningja, sem ég hef kynnst hér, enda þótt viðstaðan hafi ekki verið svo æði löng. Er ég svo margfaldlega upptekinn hvert einasta kvöld þar til ég fer, að tíminn reynist naumur að setjast niður og skrifa bréf; en aldrei verð ég svo aðþrengdur að ég ekki hafi tíma til þess að skrifa þér því mín er áreiðanlega meiri ánægja að skrifa þau, en þér að lesa það skrifað.

Ég fór til Uppsala á sunnudaginn annan hinn var eins og ég sagði þér að ég hefði í hyggju. Þangað var afar skemmtilegt að koma. Vildi svo heppilega til að daginn sem ég var þar, var vorhátíð stúdenta þar og allskonar skemmtanir á boðstólum. Var mér sem eina íslenska stúdentinum tekið tveim höndum af þeim sem stóðu fyrir hátíðahöldunum, því þar voru stúdentar *representaðir*³ frá öllum Norðurlöndum og tók ég að mér að representera Ísland. Ósagt skal ég láta hvernig mér fór það úr hendi, en vel skemmti ég mér og *nóg öl var á könnunni*, var alveg eins og komið væri í hóp íslenskra stúdenta, nema hvað sænsku stúdentarnir voru ekki nærri eins drykkfelldir. Var afskaplega skemmtilegt að heyra söng *Uppsalastúdentakórsins* sem er 200 manns, þekktur um allt landið. Einnig sungu tveir stúdentar alveg framúrskarandi vel *Gluntarne*⁴, var svo mikið líf, fjör og leikur með söngnum að maður hafði efnið alveg lifandi fyrir sér þó ekki heyrði maður orðin. Undrandi varð ég að sjá hversu mikið var af stúdentum og *stúdentiskum*.⁵ Í Uppsölum eru 2600 stúderandi stúdentar og þennan dag voru þar allt að 1000 stúdentar annars staðar frá Svíþjóð og útlöndum. Bærinn sjálfur er mjög einkennilegur, gamaldags og fornfálegur enda líka leggja Uppsalabúar stolt sitt í það að halda honum í gamla horfinu og hefur það tekist ágætlega.

Lóa systir mín þakkar þér fyrir kveðjuna og á ég að bera þér kveðju hennar. Þú skalt ekki taka mark á því þó Lóa hafi hafið mig til skýjanna í bréfinu til þín, því það gerir hún eingöngu til að þóknast þér og mér. Eins og hún segir vorum við ágætis vinir enda þótt að oft séum við á andstæðri skoðun og bæði stíf. Er hún afar lukkuleg núna; hefur hún keypt indælis villu fyrir utan bæinn á gullfallegum stað og er flutt þangað; þykist hún nú hafa himin höndum tekið.

Ég varð mjög ánægður fyrir Stefáns hönd þegar ég heyrði það að Helga frænka hefði trúað þér fyrir því að þau væru trúlofuð, því hann er svo afskaplega hrifinn af henni. Ástæðan til þess að ég stóð í þeirri meiningu, sem ég skrifaði þér, var það hvernig H. talaði um S. Fannst mér það léttlyndislegt og meiningarlaust. En gott og vel, það var misskilningur, því þau eiga svo ágætlega saman, enda þótt að þau séu meira en lítið ólík, en það fer oft best að svo sé.

Elsku besta Frída mín, mikið lifandis ósköp sakna ég þín stöðugt og hversu svo ánægjuleg sem dvöl mín hér hefur verið, hve fullkomin hún hefði verið hefðir þú getað verið með mér. Afskaplega hefur mig oft langað til þess að þú

¹ Brynhild (1913-1936) dóttir Lóu og Ivars.

² Vitlaus!

³ Fulltrúar.

⁴ Stúdentasöngvar, 30 talsins, eftir Gunnar Wennerberg, sem hann samdi frá 1847-1850.

⁵ Kvenstúdentum.

hefðir getað orðið aðnjótandi, ásamt mér, alls þess sem ég hef heyrt og séð, bæði af músik og leiklist hér af því ég veit hvað þú ert *interessuð*. Ég get svo sannarlega tekið undir með þér þegar þú segir, að *alltaf þegar þú sjáir eitthvað fallegt þá óskir þú að ég væri kominn til þess að taka þátt í því með þér*. Ekki færð þú skilið hvað mig er farið að langa heim til þín, enda þótt mér í alla staði leiðist ekki, en ég þrái að vera með þér. Tilfinningabönd okkar eru óslítanleg; tækist það að yfirstíga þann ómögulegleika, sæi ég aldrei hamingjuna frammar. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Helsingborg, 31.5.1925.

-- Komdu blessuð og sæl á ný; ég verð að segja svo vegna þess að það er svo stutt síðan ég skrifaði þér. En þar sem tækifæri gefst núna, vil ég ekki láta það fara ónotað úr höndunum á mér, því ekki er ólíklegt að það dragist nokkuð til næsta bréfs, sem ég þó skal reyna að láta verða sem styst.

Eins og þú sérð á staðsetningu bréfsins er ég í Helsingborg; er ég hjá systur minni, Guðrúnu, sem er gift hér á staðnum. Allar áætlanir mínar um að verða samferða Lóu og Ivari til Noregs breyttust, vegna þess að *Ríkisdeginum* lauk ekki fyrir hvítasunnuna og Ivar gat ekki, sem ríkisdagsmaður, farið frá Stockholm. Hættu þau því við ferðina, eða skutu henni á frest. En ég sem ætlaði til Noregs lagði svolítinn krók á hala minn og brá mér hingað til þess að vera hjá systur minni yfir hvítasunnuna. Var það ekki alveg af ástæðulausu því að hún var alveg snarvitlaus að fá mig, var búin að margskrifa mér og senda manninn sinn, sem einnig er ríkisdagsmaður, til mín með framúrskarandi kostaboð, bara ef ég vildi koma og vera í nokkra daga. Hugsaði ég sem svo að gæti ég gert henni ánægju með því að koma og þar sem ekki eru svo margir sem áfjáðir eru að hafa mig hjá sér, væri rétt að slá til og fara, þar sem líka ómögulegt var að fá skipsferð yfir til Englands hátíðisdagana. Ætla ég að vera hér til annars í hvítasunnu, því þann 3. eða 4. fæ ég skipsferð frá Oslo til Newcastle. Hér er ágætt að vera, býr systir mín fyrir utan bæinn, í indælli villu, með gullfallegum *trädgård*¹ í kring. Hafa þau það ágætt og eiga fjögur skemmtileg börn. Samt sem áður þótti mér skemmtilegra² að búa hjá Lóu, enda þótt hún sé ekki eins vel efnum búin, hún er svo glöð³ og fjörug og sérstaklega *intelligent*,⁴ er maður þar svo frjálss og sjálfstæður og laus við allt *aristokratiskt skuespil*⁵ sem hér vill ekki svo lítið bera á. --

Ég þakka þér ástsamlega fyrir þitt ágæta bréf, sem mér barst frá þér daginn sem ég fór frá Stockholmi; alger óþarfi að afsaka það þótt að nokkuð langur tími hafi dregist frá því að þú skrifaðir mér síðast, því ég veit að þú hefur haft fulla ástæðu til þess og að þú skrifar mér alltaf þegar þú hefur tækifæri, sem ég þó vona að framvegis verði mjög tíð.

Glaður var ég þegar þú skrifaðir mér að mamma þín væri staðráðin að sigla, bæði vegna þess að hún hefur svo gott af því sjálf og svo verða tækifærin þér svo óteljandi að senda mér línu, elsku besta ástin mín og ekkert er mér meiri gleði en að lesa skrif og hugsanir þínar.

Það á sannarlega ekki að dragast hjá Stefáni og Helgu að gifta sig, þar sem hún ætlar að fara að læra að búa til mat í haust, því þegar svo er komið má á hverri stund búast við öllu. Hélt ég að það gæti dregist svolítið þeirra beggja vegna; Helga má nefnilega til með að fá sig áður fullkomlega hrausta eftir sín fyrri veikindi,⁶ því enda þótt að hún sé orðin sæmilega hraust, með þeirri meðferð sem hún hefur núna, þá getur sjúkdómurinn á ný blossað upp fari hún t.d. að eiga börn, sem svo oft er afleiðing giftingar. Stefán má ekki, að því er mér finnst, treysta svo á arð frá *forretningu*⁵ okkar á fyrsta ári og hættulegt að ofþyngja frjóanga hennar. Ef það er meining þeirra að gifta sig í vetur er það álit mitt að þau hlaupi rasandi að ráði sínu eins og börnum sámir, en ekki fullorðnum. Vitanlega er Stefán orðinn nokkuð roskinn⁶ og afar ólmur að gifta sig, en hann má samt ekki, fyrir það fórna, ef til vill hamingju bæði sinni og Helgu. Hinsvegar er mér þetta, að mestu leyti óviðkomandi, og rétt er að láta það afskiptalaust, en minnast mun ég samt á það við þau í bróðerni þegar ég er kominn heim.

Í dag var ég og systir mín stödd niður við hafnarinnisglinguna hér í Helsingborg, sátum við og drukkum kaffi; hvað heldurðu að ég hafi séð? Jú Gullfoss á leið heim til Íslands. Mikið lifandis ósköp sendi ég margar kveðjur heim með honum, enda þótt ekkert bréf ættirðu þar; ég hafði ekki hugmynd um að hann ætti að fara heim á þessum tíma. Erfitt munt þú eiga með að gera þér hugarlund um hversu gaman ég hef af því að dvelja hér við sjávarströndina; ég var orðinn svo þyrstur að sjá reglulegt haf, að ég fylltist hrifningu þegar ég horfi út yfir það; systir mín er svo undrandi að ég skuli alltaf vilja fara til strandarinnar þegar við förum út.

Ég get trúað því að Hermann⁷ hafi haft frá mörgu að segja eftir uppskurðinn, þar sem hann lét ekki svæfa sig og hafi gortað af hugrekki sínu og hreysti. Ef þú hittir hann þá skilaðu kveðju og segðu honum að aldrei hafi ég trúað því

¹ Trjágarð.

² Greind.

³ Broddborgarasýndarmennsku.

⁴ Hún mun hafa fengið berkla.

⁵ Fyrirtæki.

⁶ Liðlega þrítugur.

⁷ Hermann Jónasson (1896-1977). Þá fulltrúi hjá bæjarfögeta. Síðar lögreglustjóri og forsætiráðherra.

um hann að hann þyrði ekki að láta svæfa sig sökum hræðslu um að vakna ekki aftur og að mér finnist hann líkjast of mikið *hysteriskum*¹ kerlingum til þess að ég geti orðið hrifinn.

Oslo, 3. júní 1925. Elsku besta Frída mín, ekki varð af því að ég sendi þér bréf frá Helsingborg, því að ég hafði aldrei tækifæri til þess að ljúka við það, en nú ætla ég að gera það. Ferðin gekk ágætlega, það eina sem að mér var hvað þreyttur ég var af því að sitja í járnbraut í 13 tíma. Hafði ég nóg að lesa og er leiðin sem farin er mjög falleg svo það stytta svolítið tímann. En gott var að koma á hótelið þar sem ég bý, því þar lá fyrir bréf frá þér, elsku yndislega stúlkan mín, sem var svo elskulegt eins og öll þín bréf. En ekki var það svo litlar krókaleiðir sem það var búið að fara. Fyrst hafði það verið sent til gamla bústaðar míns Essingen, síðan til nýja bústaðar Lóu, sem ég áður hef minnst á við þig og að lokum hafði Lóa sent það hingað á eftir mér. Guði sé lof að það komst til skila því það var mér til svo mikillar gleði; þú biður mig að brenna því, en hversu svo mikið sem mér væri lofað til þess gerði ég það ekki því það er svo indælt; ég geymi það þangað til þú ert komin í fang mitt aftur, sem minningu um þá einu veru sem hvenær sem er ég væri fús á að fórna lífi mínu fyrir.

Ekki skalt þú óttast að ég fari að fljúga í loftinu til Engl. því ekki ætla ég að gera mig gjaldþrota til þess að komast hátt? því sú ferð er ógurlega dýr. En ekki fæ ég því neitað að gaman væri það. Ég fer héðan á morgun til Newcastle, þaðan ætla ég fyrir það fyrsta til London til þess að sjá Wembleysýninguna, en óvíst er að ég verði í London í sumar. Mér kúgar við því, yfir sumarið að vera í stórborginni, vildi ég mikið frekar vera í einhverjum smábæ þar sem víst er að engan Íslending væri að hitta. Sumarmánuðirnir eru svo afskaplega þreytandi í stórbæjum. Nú vill svo til að hjón sem ein systir mín þekkir hafa boðið mér að útvega sér *boarding place*² í Fleetwood. Er það fámennur staður og rólegur (30.000) með besta baðstað Englands í nágrenninu. Geri ég frekar ráð fyrir því að þiggja tilboðið, því hjón þessi hafa óskað eftir því að ég komi og lofað að gera mér tímann sem arðvænlegastan með kennslu og

konversation.³ Legg ég aðaláhersluna á að læra málið og get um leið stúderað mitt fag þegar ég er búinn að fá bækur þær sem ég ætla að kaupa í Englandi. Getur þú því framvegis sent bréf mín til: 127 Sewel Street, Fleetwood, England. Færi þannig að ég búi ekki þar verða bréfin mér send og mun ég þá senda þér adressu mína.

Þú segir mér að Ásta Tomm ætli að gifta sig eða sé gift. Hver er maður hennar? Þú minnst ekki á það ein og ég hafi átt að vitað það; dettur mér hálfpartinn í hug að það sé einhver strákur sonur Flygenrings í Hafnarfirði,⁴ því þau voru svo mikið saman, en auðvitað er ómögulegt að giska á það þegar gamla Ásta bekkjarsystir mín á í hlut. Þú mátt ekki móðgast af þessu þar sem hún er náfrænka þín, eða er ekki svo?

Ég legg inn í bréfið mynd sem þú átt að geyma fyrir mig af Guðrúnu systur minni og syni hennar, sem ég hélt svo mikið upp á meðan ég var þar. Er hún tekin í garðinum við villu hennar. –

P.S. Skilaðu kveðju til Eggerts og Dídí. Einnig til Helgu frænku, þótt ég sé hálf reiður við hana, sökum *dobbeltspils*⁵ hennar, sem ég komst að hjá Guðrúnu systur minni. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 3.6.1925.

-- að segi ég satt að mig mun ekki undra þó þú heldir eftir bréfómyndina sem ég skrifaði þér á uppstigningardag að losnuð væri skrúfa í kollinum á mér, en ég skal róa þig með því að svo er nú ekki, þó ekki á hinn bóginn ég vilji gorta af gáfum. Það var svo mikið málæði í kringum mig, því þegar ég var nýkomin inn og farin að skrifa, komu gestir og ég hætti eftir að hafa *vrövlað*⁶ á ½ blaðsíðu. En fyrirgefðu, Helgi minn, að ég sendi þér það, þú áttir það svo sannarlega skilið að fá eitthvað svolítið skárna.

Ó, ég er svo spennt fyrir að heyra hvernig þér hafi gengið og muni ganga prófið. Þess óska ég af heilum huga að þér muni ganga svo vel að þú yrðir ánægður með það; þá er allt gott.

Páll⁷ er í prófi og gengur víst ágætlega, enda hefur hann lesið afskaplega vel og varla unað sér hvíldar. Ég held bara að varla sé til eins dyggðugur maður í allri Reykjavík og hann og varla betri heldur, ef maður notaði skynsemina, þegar maður er að skjóta sig; þá myndi ég vera *væk*⁸ í honum. Nei maður er mesti kjáni og velur sér ef til vill mesta gallagrip og vill allt til vinna að hitta hann, þó bæði sé í slagveðri og í laumi. En fyrir mér er þessi maður sem fólk er svona fljótt að sjá gallana á, ekki kannski gallalaus, en með svo mikla kosti að allt gæti ég þolað til þess að ég væri eitthvað fyrir hann, og vera með honum, alltaf, og ef ég ekki elska þennan mann með fullri alvöru, þá elska ég engan framar á ævi minni. Ég bið þig fyrir þetta, Helgi minn og segja engum þetta, en ég er svona ástfangin af honum Ásgeiri í Nesi, síst af öllu máttu minnast á nokkuð í áttina við mömmu, því hún er ekki hrifin af honum eða neinu

¹ Taugabiluðum.

² Gistiheimili með máltíðum.

³ Samræðum.

⁴ Þetta var verðandi eiginmaður hennar, Sigurður Flygenring (1898-1977) hafnarverkfræðingur í Rvík.

⁵ Lék tveim skjöldum.

⁶ Bulla.

⁷ Páll Þorleifsson.

⁸ Bálskotin.

sem honum við kemur, og ég sem allra seinast hryggja hana með því að svona sé minn smekkur; en ekki get ég neitað því að mér finnst það raunalegt að ég skuli ekki vera samferða mömmu í gleði eins og sorg, og hún mér.

Viltu brenna bréfinu, Helgi minn, og minnst ekki á þetta við nokkurn einasta mann og ef þú einhvern tíma minnst á það í bréfi til mín, þá hafðu það í sérstöku bréfi til mín.

Brennist.

Hann Geiri hefur verið í Stokkhólmi í vetur frá því í febrúar, en er nú í London, hann er að auðga andann svo honum gangi vel þegar kemur út í það praktíska. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Fleetwood, 4.6.1925.

-- Þökk fyrir kvæðjuna í bréfi mömmu. Ég er nýbúinn að fá bréf frá mömmu, þar sem hún segir mér að ef til vill eigi hún erfitt með að senda mér peningaupphæð þá sem ég bað hana um, £30. En þar sem, hvernig sem allt veltist, ég þarf að borga fæði og húsnæði og ég þarf að komast heim, þarf ég nauðsynlega á þessari upphæð að halda, hið allra minnsta, og einhvers staðar þarf hún að koma frá. Verð ég því að biðja þig að gerast umboðsmaður minn heima og reyna að slá þá peningaupphæð sem vantar á 30£ þegar mamma hefur sent mér. Er mér sama hvert þú ferð til sláttar nema ekki máttu fara til Gvendar, Valgerðar eða Önnu, því þau hafa nóg við sína aura að gera, þurfa frekar að auka við en minnka gull sitt. Þau halda sig við sama heygardshornið þegar um mig er rætt, þegar ég er hvergi nærri.

Góða besta reyndu þetta nú fyrir mig. Því nú liggur mikið á; vil ég ógjarnan þurfa að verða fluttur hreppaflutningi heim, enda þótt sumum mínum systkinum mundi ekki taka það sárt. Þú átt kannski erfitt með að skilja þessa reiði mína, en mamma minntist í bréfi sínu á ýmsar *raddir* sem væru á sveimi um *ómegð* mína og vil ég ekki þurfa að venda mér til höfunda þeirra. Þú getur ekki trúað því hvað mér tók þetta sárt og veit ég að seint muni ég gleyma. Því hvers á ég að gjalda? Láttu ekki mömmu vita neitt af þessu. Ég vona Ásta mín að allt verði komið um 15. ágúst því þá fer ég að hugsa til heimferðar. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Fleetwood, 11.6.1925.

Elski besta Ástin mín! Þá er ég kominn til Stóra-Bretlands eftir mjög skemmtilegt ferðalag; kom ég hingað á mánudaginn var, en hef ekki haft tíma til að skrifa fyrir sökum annríkis við að koma mér niður hér. Fór ég á afarstóru skipi frá Oslo og var aðeins 1½ dag á leiðinni til Newcastle; fengum ágætisveður.

EKKI var ég alveg *músiklaus*² á hafinu því *telegraphinn*³ var stöðugt í gangi; heyrðum við meðal annars Orpheus og Rigoletto frá óperunni í London. Hefði ég verið ánægður að ferðast miklu lengra með slíku skipi. Síðan gekk ferðin ágætlega með járnbrautinni nema hvað svolítið kom fyrir sem tafði ferðalag mitt. Ég má til með að segja þér það því að þú ert svolítið viðriðin því. Svo er mál með vexti að þegar ég ferðast stað frá stað, eins og svo oft kemur fyrir núna, hef ég alltaf öll bréf þín og myndina af þér í skjalamöppu, sem ég helst aldrei skil við mig, af hvaða ástæðu sem ég geri það skalt þú með þínu hugmyndaflugi finna út.

Ég hafði með mér allmikinn farangur og þurfti því að líta eftir, að þegar ég átti að skipta um braut, að hann væri tekinn og settur inn í rétta braut. Svo þegar ég kom til Manchester stekk ég strax þegar brautin er stoppuð af henni til þess að sýsla um farangur minn og þegar því er lokið tek ég eftir því að mappan er hvergi, hef ég þá gleymt henni í brautinni sem ég kom með. Fór ég þangað sem hún er, en finnst eigi, spyr ég járnbrautarþjón að henni en hann vissi ekkert. Fæ ég síðan að vita að til sé á stöðinni staður fyrir fundna muni: Æði ég þangað, spyr eftir möppunni og hafa þjónarnir fundið hana, guði sé lof. Varð ég síðan að sanna eignarrétt minn á henni og var það ekki svo erfitt eins og þú færð skilið og var mér hún þá afhent. Þú getur tæplega trúað því hve glaður ég varð, að finna þig á ný --

En ekki voru allir erfiðleikar yfirunnir með þessu; þegar ég kem á harðaspretti og ætlaði að stíga inn í *train*⁴ þá sem ég átti að taka á ný er hún farin - sé ég aðeins í halarófuna þar sem hún rennur svo stríðnislega burt; þurfti ég að bíða í 10 tíma eftir nýrri lest en var ég svo glaður að hafa fundið möppuna að biðin var mér ánægjuleg. Mér finnst allt það sem minnir mig á þig, meðan ég fæ ekki að njóta nærveru þinnar, svo afskaplega dýrmætt að ekkert getur bætt það upp og ekkert of erfitt til þess að varðveita það.

Elsku besta Fríde mín, það vildi ég óska að ég gæti stöðugt verið þér eins mikils virði og þú ert og verður mér; án þín væri gull og önnur heimsins auðæfi mér hefndargjöf. Hér í Fleetwood, sem er siglingabær á vesturströnd Englands, skammt frá ½ tíma spurvagnskeyrsla frá Blackpool aðal sumarskemmtistað Englands, er mjög ánægjulegt að vera hér, því bærinn er mátulega stór og fólkið mjög víðfeldið. Ég bý ekki hjá kunningjafólki mágs míns eins og ég gerði ráð fyrir í síðasta bréfi, nei ég bý í villu niður við ströndina hjá stórríkri, gamalli en geðslegri ekkju; er eini gallinn við hana, já ef galla skyldi kalla undir þessum kringumstæðum, að hún er afskaplega mælsk og á ómögulegt með að þegja eitt augnablik; tel ég það frekar hollt, því alltaf verð ég að vera að tala við hana og á því læri ég að tala

¹ Hér er Friede, ekki kannski á báðum áttum, frekar hugsí yfir bónorði Páls Þorleifssonar, á sama tíma og hún var í leynisambandi við Ásgeir.

² Án tónlistar.

³ Loftskýtin, útvarp.

⁴ Lestin.

ensku. Á hún stórt bío í bænum og stjórna því sjálf, er ég boðinn þangað hvenær sem ég hef tíma, vill hún yfirleitt allt gera fyrir mig.

Þú skalt senda bréf til mín á sama stað og (ég) sagði þér í síðasta bréfi. Þangað kem ég mjög oft; er það ágætis heimili; gömul og æruverðug, greind og menntuð kona, en hrútleiðinlegur karl, sem sífelld malar. Hef ég kynnst hér ágætis fólki, mjög gestrisnu svo ekki vantar tækifærið til þess að æfa sig í málinu. Var ég miklu betri en ég gerði ráð fyrir; get ég auðveldlega fylgst með viðræðum; að lokum býst ég (við að) verða mjög sæmilegur. Geri ég ráð fyrir að fá ágæt tækifæri til að kynna mér það sem hafði í hyggju, sem er skipamiðlun, því skipamiðlari í bænum hefur boðið mér að gefa mér tækifæri til þess að kynnst því á skrifstofu sinni. Stúdera ég það nú fyrst, en fæ síðan praktíska æfingu síðar meir.

Hversu vel sem mér líður hlakka ég afskaplega til þess að koma heim til þín aftur, elsku ástin mín; sem betur fer styttest fjarverutími minn og vona ég og er fullviss um að þegar ég kem heim verðum við þeir bestu vinir sem í heiminum finnst.

Þú ættir að senda mér ferðaáætlanir skipanna, dönsku og ísl., svo ég vissi hvenær best væri að skrifa og svo síðar meir hvaða ferð væri mér þægilegust heim, komi ég ekki með *trawlara*. Ætli ég verði ekki að lokum samferða mömmu þinni heim og ég fái þá tækifæri til þess að láta ljós mitt skína?

Elsku Frída mín, sendu mér línu sem fyrst. Líði þér eins og ég best fæ óskað. Guð varðveiti ástina mína. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Fleetwood 14.6.1925.

-- Ekki máttu misskilja það þótt lítil hafi bréfastípti okkar verið síðan ég fór heimanað; hefur það einvörðungu komið af því, að ég hef haft mikið að gera og mörgum þurft að skrifa og sumum oft eins og (þú) getur skilið.

En nú ætla ég að taka mig til og senda þér kveðju, þótt auðvitað verði hún bara stutt. Er ég loksins kominn fyrir viku til Stóra-Bretlands og farinn að láta ljós mitt skína eða réttara sagt, láta það skína á mig. Ferðin hingað gekk ágætlega og var mér tekið hér á staðnum með kostum. Það var búið að útvega mér verustað þegar ég kom. Er það hjá stórríkri gamalli ekkju, sem býr í sinni eigin villu í bæjarkantinum við sjóinn. Er mjög sæmilegt að vera hjá henni og ekki skortir tækifærið að æfa mig í enskunni, því hún er símalandi og auðvitað verður maður að *conversera*¹ við hana til þess að móðga hana ekki. Sagði gamli mr. Eaxton einusinni að á hennar heimili heyrði maður meiri ensku talaða á einni viku en á mánuði á venjulegum heimilum. En hvort ég held það út að vera hjá henni í 2½ mánuð skal ég ósagt láta, því það er annað en gaman að þurfa að vera síkjaftandi eins og kjaftakerling, guðslangan daginn. En við sjáum til hvort hún þreytist ekki. Yfirleitt lýst mér vel á að vera hér í sumar, bæði hvað fólk og staðhættu snertir; er bærinn um 25-30 þús. íbúar að stærð, afar notalegur og þægilegur fyrir útlendinga; vil ég miklu frekar búa í litlum bæ en stórum, svo sem London, til lengdar. Hér rétt hjá þar sem ég bý er indælis baðstaður með mýrgrút af fólki og er ekki svo leiðinlegt að væta sig í sjónum í hitanum, sem um stund hefur verið afar mikill (89 gr. F.). Síðan er Blackpool aðal bað- og skemmtistaður Englendinga 20 mín. sporvagnskeyrslu hédan frá, svo vel er hægt að skemmta sér ef maður vill og hefur efni á því. Var ég þar í gær *motoring* eins og Englendingar kalla að aka í bíl – ásamt syni mr. Eaxtons fiskikaupmanns hér og systur hans, indælis stúlku – sleppum því -; var það skemmtilegt nema hvað ég held að Blackpool sé helst til *Tivoli-like*, þegar til lengdar lætur. Hér hef ég kynnst mörgu ágætis fólki gegnum kunningja Önnu og á hún þakkir skilið að hafa komið mér í kynningu við þá. Ég sendi þér eina framkallaða filmu sem ég tók í Svíþjóð hjá Lóu áður en ég fór þaðan; er hún frekar góð sem þú færð að sjá við *copieringuna*². Lét ég framkalla og *copiera* hana hér í Englandi og sendi ég Lóu eitt eintak af hverri *copiu*; en tímdi ekki að copiera meira, því ég vissi að þú myndir gera það. Hús það sem þú sérð á tveimur myndunum er *stuga*³ Lóu, sem ekki var alveg fullgerð þegar flutt var í hana, var ég þar aðeins í 2-3 daga, er hún í alla staði mjög skemmtileg, nema hvað mér fannst hún helst til dýr; en hjá því var ekki komist því hús eru almennt í Svíþjóð afskaplega dýr, sérstaklega í nágrenni Stokkhólms. Ég skildi myndavélina mína eftir hjá Lóu, mér til töluverðra leiðinda, því fjári væri skemmtilegt að hafa hana hér, því ég geri ráð fyrir því framvegis að vera boðinn *motoring* nokkuð oft og á maður því engar minningarmyndir síðar meir. Bað Lóa mig um það og gat ég ekki neitað henni um svo lítinn greiða; ætlar Glóa að koma með hana síðar meir heim. Einnig sendi ég mömmu passamynd af mér, sem ég varð að taka hér, af því hún er ekki sem verst.

Kynni ég mér hér skipamiðlunarstarfsemi og hef ég komist yfir ágæta bók því viðvíkjandi, svo það er afar auðvelt; einnig hef ég kynnst manni sem vinnur hér hjá skipamiðlunarkontór og er mjög lærður í sínu fagi og hefur hann lofað mér að gefa mér þær upplýsingar sem ég þurfi á að halda.

Höfum við Stefán Jóh. afar mikla löngun til þess að koma upp, við hliðina á málaflutningnum,

skipamiðlunarstarfsemi, því það er afskaplega *interessant*⁴ og auðveldlega, verði það skipamiðlun að nokkrum mun, mun hægt að græða drjúgan skilding; ég fékk mér í Noregi bækur þessu viðkomandi, sem ég ætlað að kynna mér þegar heim er komið; nú snerti ég ekki annað en enskan *litteratúr*⁵. Stefán er afar interesseraður og starfar af krafti

¹ Ræða við.

² Framköllun.

³ Hús.

⁴ Áhugavert.

⁵ Bókmenntir.

að undirbúningi skrifstofunnar við hliðina á starfi sínu hjá Jóni Ásbjörnssyni.¹ Og trúlofunarstandinu. Gengur það ekki ágætlega milli hans og Helgu? Er hún ekki alltaf jafn skotin í honum(!)? (Þegiðu). Þó ekki sé ég búinn að vera hér lengi, hefur mér töluvert farið fram í ensku og með þessu áframhaldi verð ég ágætur eftir 2½ mán.



Ásta á Litla-Brún á hlaði Nesstofu.

Hvað segirðu í fréttum? Taktu þig nú til einhvern rigningardaginn þegar þú ekki vinnur úti og skrifaðu mér sannarlegt fréttabréf, ekki blaðafregnir, heldur privatsagnir² um nágranna og kunningjana, því það er svo brennt fyrir að mér hafi borist slíkt til eyrna (réttar sagt augna) í langan tíma; ekki síðan Helga skrifaði síðast, sem var í mars.

Hefurðu oft hitt Fríðu síðan við kvöldumst? Þú ættir nú að taka þig til og bjóða henni Brún þinn einhvern sunnudaginn og fá einhverja aðra truntu (æ fyrirgefðu þetta, ekki var það meining mín að hafa slíkt nafn um þinn ágæta hest) handa Eggert bróður hennar. Þér er óhætt að bjóða henni Brún, því hún þiggur hann tæplega, af því að hún ríður mjög sjaldan. Gerðu þetta nú fyrir elsku litla bróður þinn, því ef til vill getur hann gert þér greiða síðarmeir. Hvað segirðu um það?

Ég átti að skila bestu kveðjum frá Lóu og Gunnu. Fékk ég í gær bréf frá Lóu þar sem hún segir mér og er yfir sig lukkuleg, að mamma hafi boðið sér 1000.00 kr. Í haust; kom henni þetta afar vel og ætlar hún efalaust að þiggja það.

Skilaðu bestu kveðjum til vina og kunningja. Kysstu elsku mömmu frá mér.

P.S. Reyndu, ef mamma er ekki búin að senda mér aurana sem ég bað hana um í síðasta bréfi, að láta hana gera það sem allra fyrst, því ég er að verða alveg blankur og hafa það t.d. 30£ því það verður mér með sparsemi nóg, komist ég heim með trawlara. Sendu mér einnig þegar fram líða stundir upplýsingar um Englandsferðir ísl. togaranna í haust, einnig ættirðu að senda mér millilandaferðaáætlanir ísl. Og dönsku póstskipanna svo að ég geti nokkurn veginn komist að því hvenær þau fara frá Leith. –

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Fleetwood, 22.6.1925

-- Aðeins stutt kveðja til þess að láta þig vita að ég stöðugt hugsa um þig. Ég þakka mjög vel fyrir bréf þitt sem mér var sent frá Stockholm og barst fyrst í mínar hendur í fyrradag. Er það dagsett 21. maí. Hefur því seinkað nokkuð mikið af einhverjum ástæðum þar sem það er mánaðargamalt og fékk ég bréf frá þér þegar ég var í Oslo sem dagsett var 21. og 23. maí. Skildi ég fyrst nú eftir að hafa lesið seinna bréfið hvað þú meintir með því þegar þú baðst mig í bréfinu dags. 21. og 23. maí að brenna bréfum sem þú sendir af stað *í dag*, þ.e.a.s. 21. maí; ég gat nefnilega ekki skilið að þú værir svo yndislega góð að senda mér kveðju með eins dags millibili. Það sést á því bréfi að öll öfl stuðla að því að gera þér bréfskriftirnar til mín sem erfiðastar, en því meiri gleði er það fyrir mig að sjá þig brjóta þau á bak aftur; ætla ég því að þverskallast við beiðni þinni og eiga þetta bréf til sannindamerkis. Það er alger óþarfi, elsku Fríða mín, að vera að ergja þig út af því þó að þú hafir látið, fyrir löngu síðan, dragast að skrifa mér; því þó ég hafi greinilega fundið til þess, meðan á því stóð þá er sá tími löngu liðinn og öll þín bréf, komin og ókomin, bæta það upp. Ég veit líka að annríki hefur hindrað.

Elsku besta Fríða mín, afskaplega gleður það mig mikið að þú berð stöðugt fullt traust til mín, að lífið er þér nú dýrmætara en nokkru sinni áður og að þér finnst að þú elskir mig meira en nokkurn annan og að þú sért fullviss um að svo muni verða til eilífdar. Oft er nauðsynlegt að vera ákveðinn, en aldrei sem nú, þegar um stöðuga samveru bæði í gleði og sorg er að ræða. Þó ég sé eigingjarn og ég elski þig meira en ég nokkurn tíma áður hafi elskað nokkra veru og viti það að aldrei verði þessi ást mín uppurin, hvað svo sem kæmi fyrir og ég fjarlægur þér, gæti ég ekki orðið hamingjusamur, þá elska ég þig alltof mikið til þess að þú færir að giftast mér, ef til vill án þess að þykja nægilega vænt um mig, því það er mér ekki nægilegt að ég verði hamingjusamur, þú verður að vera það fullkomlega líka. Hamingja mín og líf er að gera þig hamingjusama og geti ég það ekki er til einskis unnið. En að eiga fullvissu þína og hjartans sannfæringu mína um að hamingja okkar sé í því fólgin að við fáum að njótast, er mér dýrmætara en nokkuð annað í lífi mínu, hjarta sálar minnar. Guð gefi að við sameiginlega veitum því lífsmagn.

Mamma þín er komin á stað til Danmerkur og nú vonandi búin að ná áfangastaðnum. Ég tek sannarlega undir það með þér að ferðin megi veita henni gleði og hressingu og er ég fullviss um að svo verður. Þú ert auðvitað, þótt ég sé hvergi nærri, orðin húsmóðir á heimili. Afskaplega væri ánægjulegt að vera kominn heim og fá að vera hjá þér á

¹ Jón Ásbjörnsson (1890-1966), síðast hæstaréttardómari.

² Kjaftasögur.

heimili þínu um stund. Hvernig þætti þér það og hvernig yrði mér tekið? Það er best að vera rólegur, því nú fer tíminn að styttest, aðeins eftir 2 ½ mánuður. Stefán Jóhann heimtar að ég komi heim í byrjun septembermánaðar og geri ég ráð fyrir að svo verði, nema því aðeins að eitthvað sérstakt komi fyrir, því að í mörgu verður að snúast þann mánuð, þar sem við ætlum að opna skrifstofuna í byrjun októbermánaðar. Ég þrái komu þeirrar stundar þegar við fáum á ný að vera saman og þá óhindrað.

Ég má til að segja þér skemmtilegan draum fyrir nokkru síðan vegna þess að við vorum bæði höfuðpersónurnar. Ég veit að þú tekur lítið mark á draumum, en samt sem áður ætla ég að segja þér hann. Mér fannst ég vera kominn heim og vorum við saman einhversstaðar, einsömul; leið okkur mjög vel, eins og gefur að skilja. Kom okkur saman um, að nú væri tími kominn til að segja mömmu þinni sannleikann um samband okkar. Fórum við síðan bæði heim til þín, ógurlega *nervus*¹ og segjum henni ætlun okkar. Gekk það, eða var því tekið frá hennar hlið miklu betur en við höfðum búist við, samt enginn sérstakur fögnuður.

En nokkuð sagði mamma þín sem gerði mig hálf reiðan, en skemmti mér um leið, var mér það minnisstætt þegar ég vaknaði. Hvað heldurðu að það hafi verið? Jú hún segir: *Ég geri ráð fyrir því að þetta geti gengið fyrir sig ef þú steinhættir að drekka*. Neitaði ég harðlega að ég drykki og sagði því að þetta loforð væri auðgefið til þess að forðast frekari málarekstur, og varð síðan allt klappað og klárt. Þú getur ekki trúað því hvað draumur þessi var greinilegur og mér minnisstæður þegar ég vaknaði og stend ég í þeirri meiningu að hann eigi eftir að rætast. Hefurðu nokkra trú á því að boðskap þessum verði svona tekið?

Frá mér er allt ágætt að fréttu. Hef kynnst mörgu ágætisfólki sem allt vill fyrir mig gera. Er ég sérstaklega mikið með fiskkaupmanni hér á staðnum, Roy Exton að nafni, ágætismanni. Hefur hann verið á Íslandi ásamt konu sinni og var þar mjög vel tekið og vill hann, þótt ég hafi ekki á neinn hátt unnið til þess, láta mig njóta gestrisni Íslendinga. Á hann bifreið og tókum við okkur oft í henni smá túra út úr bænum á kvöldin. Í gær vorum við í Blackpool, aðal skemmti- og baðstað Englendinga og höfðum mjög ánægjulegt kvöld. Annars finnst mér þessi skemmtistaður *tívolllíki*, hins vegar er ströndin afskaplega falleg. Það er sama hvar ég fer eða kem, alls staðar er mér tekið sem fursta, *fyrstinnuna* vantar bara til þess að taka þátt í móttökunum og fullkomna ánægju mína.

Ég sendi þér, sem fyrri daginn, mynd af manni sem þú eftilvill kannast við, enda þótt hún sé ólík myndinni sem þú átt. Hélt ég að þú mundir ef til vill hafa ánægju af að eignast síðustu útgáfuna af mér. Hvernig finnst þér hún? Mér finnst hún ágæt og þyki þér hún góð ætla ég að láta *reducera*² fleiri myndir og hafa með mér heim. Hefur þú látið taka mynd af þér síðan ég fór að heiman? Þú talaðir um að það stæði til. Sé svo, sendu mér eitt eintak, elsku vinan mín, eða þó ekki sé nema *amatörmynd*.

Hvert ætlarðu í sumarfrí? Skemmtu þér mjög vel, elsku vinan mín, en mundu pínulítið eftir *drengnum þínum*. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Fleetwood, 4.7.1925

-- Ég þakka þér kærlega fyrir bréfin þín síðustu, sérstaklega það fyrra, sem var sent hingað frá Svíþjóð. Var það svo afskaplega líkt þér, innilegt og lýsti svo vel tilfinningum þínum gegn mér og er mér svo óumræðilega mikil gleði að sannfærast æ betur og betur um það að ég er þér mikils virði, því sjálfur hef ég átt svo erfitt með að trúa því. Ég hef sjálfur haldið að margt væri mér í ríkara mæli gefið en máttur til þess að vinna sanna ást nokkurrar konu og það sama hélt ég að hlyti að vera með þig. Því er það mér meiri gleði en ég fæ með orðum lýst að sannfærast um það sem ég hef efast um, en um leið var mér hjartkærast af öllu, að verða mætti.

Elsku ástkæra vina mín, þú ert og verður um tíma og eilíft sól sú sem lýsir og vermir með veru mína, en hverfir þú fyrir fullt og allt sjónum mínum verð ég myrkursins einstæðingur. Engin stúlka er þér lík, þú berð höfuð og herðar yfir þær allar. Að ég geti gleymt þér er svo fjarri öllum sanni því fyrir mér er engin stúlka til nema þú. Ég vildi óska að ég væri kominn til þín til þess að segja þér allt það sem mér býr í brjósti - hjartkæra ástin mín, ég elska þig nærri alltof mikið, því það er oft sem mér líður illa, að fá ekki að vera hjá þér. Væri það önnur stúlka en þú væri það jafnvel hættulega mikið, því ég held að kyn þitt þoli ekki tilbeiðslu. En þér segi ég allt það sem mér býr í brjósti, elsku ástin mín, vegna þess að ást okkar er svo hrein, frá báðum hliðum og ekkert getur haft spillandi áhrif á hana. Þegar ég minntist á að ég elskaði þig *hættulega* mikið datt mér í hug fréttir þar sem þú segir mér frá Helga Sk. og K.B.³ Af hverju heldurðu að hún K.B. elski hann svo óstjórnlega mikið? Jú af því að henni þykir vænt um hann og svo eykst ástin við það hvað hann er *nonchalant*.⁴ Heldur þú að það sé rétt?

Lifandis ósköp hef ég orðið fyrir miklum vonbrigðum nokkra undanfarna morgna við það að vakna, því mig hefur þá verið að dreyma að við værum saman og það hefur verið svo yndislegt, að ekkert hefur getað jafnast á við það, nema þín ágætu bréf. Ég hugsa svo mikið um þig á daginn að hugsanasambandið slitnar ekki þó ég sofni. Dreymir þig mig aldrei?

¹ Óróleg.

² Lagfæra.

³ Helgi Skúlason /Kara Briem. Bæði frændsystkin Friede en þó ekki skyld sjálf.

⁴ Kærleysislegur.

Héðan frá mér er fátt merkilegt að fréttu, dagarnir frekar líkir, en samt sæmilega skemmtilegir. Er ég sítalandi, því allir kunningjar mínir gera það að skyldu sinni að *konversera*¹ við mig sem mest, allt í góðri meiningu, því þeir vilja láta mig fara héðan *splendid*² og eins og þú getur skilið er ég hálfgerður píslarvottur mælginnar, því ég er afarlítið gefinn fyrir stöðugt hjál. Englendingar þeir sem ég hef kynnst standa fastir á þeim hroðalega misskilningi að strax og þögn verði á samræðum þá séu þeir orðnir leiðinlegir, en það er svo heimskulegt að hugsa sem svo, betra er að þegja en stöðugt að þreyta *konversant*³ sinn með einskisnýtu hjali.

Ég sagði þér í fyrsta bréfinu mínu héðan að ég byggi hjá stórríki skrafsamri ekkju. Er það mælskasta og um leið frekasta kona sem ég nokkru sinni hef komist í kynni við og endaði það líka með skilnaði, mér til mikils hugarléttis. Seinna skal ég greina þér aðalástæðuna til ósamkomulags okkar. Bý ég nú hjá annarri kerlingu sem mér líkar ágætlega við. Stendur hún í þeirri meiningu, þrátt fyrir útskýringar mínar, að ég sé afskaplega mikill maður, þar sem ég hafi efni á því að ferðast svona langt og borga vel fyrir mig og vill hún því veita mér það sem virðingu minni sæmir! Kemur okkur þrýðisvel saman.

Góða besta vertu ekki áhyggjufull og láttu þér ekki leiðast þótt mamma þín sé um stund burtu að heiman. Ég get skilið að breytingin sé mikil á heimilinu þegar hún er farin og þér sem þykir svo vænt um hana. Hugsaðu þér bara hvað hún hefur mikla gleði af ferðinni og hversu glöð og hress hún verður þegar hún kemur aftur; ég er fullviss um að (hún) verður minnst 10 árum yngri bæði í útliti og í anda en þegar hún fór. Það er svo stutt þangað til hún kemur aftur að óþarfi er að láta sér leiðast og þar sem hvergi er hægt að finna ánægjulegri stundir og staði en einmitt heima á sumrin. Ég vildi óska að ég væri kominn heim til þess að njóta sumarsins með þér. Ég hlakka afskaplega til þess að koma heim og njóta lífsins, sem þú hefur gert mér svo mikils virði, með þér.--

Skilaðu kveðju til Dídí og Eggerts. Segðu honum að þurfi hann á hesti að halda, þá skuli hann ekki vera feiminn að hringja að Nesi. Mundu eftir mér í hvert sinn er þú skrifar mömmu þinni eða jafnvel oftár. – Drengurinn þinn. –

Ásgeir Guðmundsson skrifar til Kristínu Ólafsdóttur. Fleetwood, 4.7.1925.

--Innilegustu þakkir mínar áttu fyrir þitt elskulega bréf sem ég fékk frá þér í morgun, var það svo líkt þér, svo þrungið móðurást og umhyggju um framtíð mína. Ég vildi að guð gæfi að ég fengi tækifæri til þess að endurgjalda allt það góða sem þú hefur veitt mér og gæfan aðstoðaði mig til þess að verða góður og nýtur maður þér til sóma.

Ég er nýbúinn að senda þér bréf, mjög stutt og ófullkomið, sem ég þó vona að þú hafir fengið; en þar sem nokkurs mjög leiðinlegs misskilnings gætir í bréfi þínu og þar sem hann er þér áhyggjuefni ætla ég að skrifa þér nokkrar línur og reyna að leiðrétta hann. Þú spyrð mig hvers vegna ég hafi ekki reynt að leita mér atvinnu og hvort ég geti haldið það út að ganga iðjulaus í allt sumar.

Eins og (ég) bæði skrifaði þér og Ástu systur kynni ég mér skipamiðlunarstarfsemi hér, bæði bóklega og praktíska og er það alveg nægilegt starf og meira en það sé það krufið til megjar þann 2½ mánaðartíma sem ég ætla að vera hér. Er ég mjög starfsamur svo að segja allan daginn, svo ekki get ég kallað það iðjuleysi.

Hvað atvinnuleitina snertir er alveg óhugsandi að leggja út í það, því bæði er 100 fyrir einn sé einhvers staðar atvinnu að fá og þar að auki er útlendingum harðbannað að gera hér nokkurt handarvik gegn kaupgreiðslu og er strax vísað burt úr landi komist það upp.

Eins og þú sérð er því ekki annað að gera fyrir mig en að hagnýta mér tímann sem best með námi og samræðum við kunningja mína hér, sem ég einnig geri.

Þú minnir mig á það elsku mamma mín, með hörðum orðum, að það séu ekki þínir peningar sem ég sé að eyða heldur mínir eigin. Það var gjörsamlega óþarfi því aldrei hefur mér dottið annað í hug en að það sem þú sendir væri sem venjulegt lán sem ég mundi greiða síðar meir. Það máttu vera fullviss um, að ekki skal ég standa í vegi þeirra *radda* sem þú segir að enn á ný séu farnar að kalla mig *ómaga*; höfundar þeirra skulu fá að verða, hvenær sem þeim þóknast, sér til skammar, mér gjörsamlega afskiptalaust og einskis mun ég, fái ég að lifa, krefjast þeim til skaða, mér er nægilegt gott uppeldi og góð menntun, sem ég á þér að þakka og mun veita mér möguleika til þess að berjast áfram framvegis með nægilegum árangri fyrir mig og mína. Baktal þessara ættræknislausu systkina minna hefur fyrir ollið mér sárna leiðinda þó ég hafi ekki nefnt það fyrir og skal ég reyna að gera það sem ég get, til þess að sanna þeim það að *betlari* hafi ég ekki verið. Þú þarft ekki að afsaka neinn sérstakan, ég þekki vel “svörtu sauðina” og er það ekki einkennilegt að það eru einmitt þeir sem lifa í auði og allsnægtum og þurfa aðeins þennan litla ábæti til þess að fylla gullskrínið og þar með ágirnd sína?; ekki er það annað sem liggur á bakvið. Þú getur ekki trúað því hvað ég skammast mín þeirra vegna.

Það er satt og orð í tíma talað að hann Óli bróðir er snilldar drengur og á skilið að njóta verka sinna og væri skammarlegt ef hann fengi það ekki. Hafa systur mínar í Svíþjóð minnst á það við mig og var það álit þeirra að annað gæti ekki komið til greina. Hver er mismunurinn á þeim efnuðu og fátæku systkinum mínum? Góða mamma ég vona því að þú gerir ráðstafanir að svo verði, fyrir eða síðar, því þér er það heimilt og vildi ég óska að ég gæti orðið verkfæri til framkvæmda vilja þíns síðar meir.

¹ Stunda samræður.

² Ágætan.

³ Viðræðanda.

Skal ég svo fljótt sem ég get greiða þér skuld mína, en krefst einskis nema ástar þinnar og umhyggju, sem ég hef svo oft beðið guð að veita mér af náð sinni sem allra lengst. Ég álasa þér ekki elsku mamma, þótt þú hafi minnst á þetta við mig, því það gefur aðeins til kynna réttlæti þitt og sanngirni þegar gera á upp milli barna þinna.

Elsku mamma fyrirgefðu mér hversu berorður ég er, en mér er ómögulegt annað þegar ættrækni og samheldni systkina minna er svona fótum troðin af þeim sjálfum. Eins og ég minntist á við þig í fyrra bréfi mínu skaltu ekki ganga nærri þér hafir þú lítið af aurum, því verð ég þá að reyna að venda mér til annarra, en vona samt sem áður að til þess þurfi ekki að koma, því ef til vill er gott að eiga hæk í horni annars staðar þegar að hafist verður handa. Ég þakka þér aurana £3 sem komu að góðum notum. Geri ég ráð fyrir að búast til heimferðar kringum 20-25. ágúst og væri þá gott að hafa fengið einhverjar upplýsingar um skipaferðir. Vertu örugg að aldrei skal minnst verða á orð systkina minna um mig nema því aðeins að ráðist sé á mig að fyrra bragði.

Vertu síðan kært kvöld, elsku ástkæra móðir mín og guð gefi mér og þeirri sem ég elska tækifæri til þess að njóta þín og ástar þinnar sem allra best og að verða þér til gleði, því þér hefur svo oft liðið illa mín vegna og vildi ég reyna að geta bætt það upp. --

P.S. Skilaðu kveðju til kunningja og frændfólks og vona ég vina mín að þú látir til þín heyra sem allra fyrst því mesta ánægja mín er að lesa hugsanir þínar því þú meinar allt svo vel. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Fleetwood, 13.7.1925

-- Það er ekki mjög langt síðan ég skrifaði þér síðast, en þar sem ég fyrir nokkrum dögum fékk svo elskulegt bréf frá þér, get ég ekki látið vera að senda þér nokkrar línur, ef það skyldi geta orðið þér til ánægju, sem örliðið endurgjald fyrir þitt ágæta bréf, en sem áreiðanlega verður skammarlega auðvirðilegt eins og mér finnst öll mín bréf vera borið saman við þín ágætu bréf, sem ég aldrei fæ nógu oft lesið. Þau eru mér svo ágætis *surrogat*¹ eins og þú kallar það, þegar ég er svo óhamingjusamur að fá ekki að vera hjá þér. Mig minnir að síðasta bréf mitt hafi verið *voðalega vont* og bið ég þig að fyrirgefa það, svo sem öll önnur, og að þú takir viljann fyrir verkið.

Í fyrradag fékk ég sendingu frá Eggert bróður þínum, eða réttara sagt þér. Bestu þakkir eigið þið fyrir hugsunarsemina. Skilaðu kveðju til hans, ef ég skyldi gleyma því í lok bréfsins. Ekki veit ég ennþá hvort ég notfæri mér íslensku póstskipin þegar ég kem heim í haust því mér er sagt að ísl. *trawlararnir* fari innan skamms að sigla hingað og er auðvelt að fá far með þeim. Er mjög þægilegt að ferðast með þeim, svo maður tali ekki um gróðann, sem auðveldlega má notfæra sér á annan ennþá hagkvæmari og skemmtilegri hátt. Verður það því líklega útilokað að mér veitist sú ánægja að verða samskipa mömmu þinni, sem óneitanlega væri vel viðeigandi og líklega hagkvæmt fyrir okkur bæði. Geri ég ráð fyrir að fara héðan um 20. ágúst og fara þá til London og vera þar og sjá mig um í nokkra daga og koma síðan heim fyrst í sept., auðvitað er það dálítið komið undir skipaferðum.

Afskaplegur fögnuður grípur mig þegar ég hugsa til þess að koma heim og hitta þig aftur, leiðarljós mitt gegnum allar áhyggju- og freistingastundir. Aldrei hefur mig getað dreymt um að til væri ást svo hrein, svo rík og svo andlega siðbætandi eins og ást mín, því ég var, ég finn það nú, elsku ástin mín, hversu *moralskt veiklaður*² ég var áður en ég eignaðist ást þína. En nú er ég svo sterkur, að ekkert getur hrifið mig nema þú; fyrir mér er kyn þitt þú og engin önnur. Ég er svo hamingjusamur að eiga þig að; oft finnst mér það ómögulega getað verið veruleiki, það er eins og sætasti draumur; breytingin er svo mikil frá því, þá er ég hélt að ég væri þér einskisvirði, því þá varst þú stöðugt sú sem hugur minn og ást stefndu að, enda þótt ég í örvilnun og leiðindum hafi leiðst til annars. Guð gefi að sá tími komi aldrei aftur, því mér leið oft illa. Þú hefur sagt mér að slíkur tími hafi einnig komið yfir þig og hafi verið, að nokkru leyti, eins ástatt með þig og gleður það mig mjög að sannfærast um það hversu gömul og rótgróin ást okkar er. Þú segist hafa borið snúruna sem ég gaf þér síðan hún mamma þín fór, gleður það mig mjög, því það er eitt meðal annars sem kynnir mér hug þinn gagnvart mér og tengir okkur ennþá fastar saman. Vona ég, elsku vinan mín, að þú þurfir ekki að taka hana af hönd þinni framar, frekar en ég. Heldurðu að það væri ekki hyggilegt fyrir okkur bæði að þú segðir henni kæru mömmu þinni strax eftir að hún kemur heim frá öllu um samband okkar og fyrirætlanir áður en ég kem? Mundi það sannfæra hana um það áður en ég kem, að mér fjarverandi. Hvað heldur þú. Ef þér finnst auðveldara að *brjóta hörkuna* með mér við hlið þér eða ef betra væri að láta hana kynnast mér áður skaltu fresta því. Gerðu allt það sem þér finnst hagkvæmast því ég treysti þér svo óumræðilega vel til þess að finna bestu leiðina. Annars fæ ég ekki skilið að nokkur hætta sé á ferðinni þótt mamma þín fái að heyra sannleikann, því ekki fæ ég hugsað að vilji hennar sé ekki sá sami og þinn þegar hún hefur fundið hversu einbeittur hann er. Ég efast ekki um að allt gengur ágætlega.

Ég framkvæmdi nokkuð í gær sem þú varst búin að biðja mig um að gera ekki. Ég var í Blackpool með kunningja mínum sem er afskaplega hrifinn af því að fljúga. Stakk hann upp á því að við skyldum fá okkur smá túr og gat ég ekki neitað því, þar sem mér hefur oft dottið hið sama í hug, og mig langaði til þess, enda þótt hætta sé nokkur. Elsku besta Frída mín, ég hugsaði ekki um hversu mikils ég hefði farið á mis við hefði illa farið og flaug því; hefði ég gert það mundi ég hafa forðast það. Allt fór vel, elsku ástin mín, og er því gleymt og fyrirgefið; er ekki svo?

¹ Uppbót.

² Siðlátur.

Hvernig er með hana Helgu frænku, er hún reið út í mig eða hvernig er ástatt með hana? Ég hef ekki heyrt frá henni í 3-4 mán., er hún svo upptekin að hún má ekki vera að því að skrifa? Skilaðu kveðju til hennar og spurðu hana hvort ekki fari að verða tími til þess að opna “*koffortíð*”, mjög hægt og gætilega.

Nú fer fjarverutíminn að styttest, guði sé lof, og hamingjan gefi að við fáum að hittast glöð og hraust með traust hvors til annars og á lífinu. --

Ásgeir Guðmundsson til Ástu Guðmundsdóttur. Fleetwood, 16.7.1925.

-- Aðeins stutt kveðja til að láta þig vita að mér líður vel og ég man vel eftir ykkur. Þakkaðu mömmu mjög vel fyrir peningasendinguna og biddu hana að fyrirgefa bréf það sem ég sendi henni síðast. Ég varð svo reiður, ég gat ekki skrifað öðruvísi, því mér fannst sum systkina minna svo naglaleg og ófrændrækin og ókurteis. Kysstu mömmu frá mér og segðu henni að ég muni skrifa henni með næsta skipi; ég hef fengið áætlanir íslensku skipanna og veit því hvenær póstur fer og kemur frá Íslandi.

Þú óskar þess að ég væri kominn heim til þess að leysa úr vandasömu spursmáli viðvirkjandi *anonymu*¹ bréfi sem þú hefur fengið. Hvernig er bréfið, er það kurteist, fullt af ást og von um framtíðar kunningsskap eða jafnvel meira. Gaman þætti mér að vera kominn heim til þess að leysa leyndardómsfulla bréfið með þér. Er afar falleg hönd á því? Sé svo grunar mig hvaðan það sé, eða jafnvel þótt það sé vélritað. Það var nefnilega mjög merkur *collega* minn, sem afar oft á sérstökum tækifærum opnaði hjarta sitt fyrir mér sökum ástar sinnar til þín. Ég skal segja þér hver það var, hvort heldur er að ég giski rangt eða rétt; máttu aldrei minnast á það við hann eða aðra að ég hafi sagt þér þetta. Hann sagði það eingöngu mér vegna þess að hann hafði engan annan betri til þess að kynna ykkur. Maður þessi er Þórður Eyjólfsson.² Ásta! Þú mátt til með að láta sem þú hafir aldrei heyrt frá mér. Grunar þig engan? Ég er nærri því viss um að það er hann. Fyrir honum vakir ekkert annað með bréfi þessu en að kynnast þér, því hann hefur svo göfug dæmi hve ættin er *stabil*!!!³ Og hefur ekki komið sér til þess á annan hátt, þar sem hann er maður feiminn. Vaði ég reyk bið ég þig að fyrirgefa, en sé svo ekki óska ég þér til hamingju.

Annars skal ég aðstoða þig þegar heim kemur, verði það ekki upplárað fyrir þann tíma og allt fallið í ljúfa löð.

Ég geri ráð fyrir að leggja af stað héðan eftir 3-4 vikur og dvelja hjá kunningja mínum, verksmiðjueiganda nálægt Preston í nokkra daga, hefur hann margbeðið mig að koma. Kynntumst við á *boardinghouse* því er ég bý í. Síðan tek ég *trawlara* í Hull eða Grimsby.

Bestu kveðjur til mömmu. Heilsaðu Fíu⁴ og yfirleitt öllum á heimilinu, ekki síst Óla bróður.⁵ --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Earby, 23.7.1925

-- Mínar allra bestu þakkir fyrir þitt ágæta bréf sem ég fékk fyrir nokkrum dögum. Ég var nýbúinn, þegar ég fékk bréf þitt, að senda þér nokkrar línur sem ég bið þig að fyrirgefa og hefur það dregist skammarlega að svar því. Öll bréfin, elsku ástin mín, hafa glatt mig afskaplega mikið, en ekkert samt sem það síðasta, það skýrir svo vel og hreinskilnislega frá tilfinningum þínum og ekkert er mér, nú þegar skammt er þangað til ég kem heim, eins kærkomið að -- að þú ert stöðugt söm og jöfn gagnvart mér, og jafnvel elskar mig ennþá meira en þegar við skildum. Mér fannst þegar ég las bréf þitt eins og þú værir í faðmi mínum og höfuð þitt hvíldi við brjóst mitt og ég hlustaði á öll þín fögru orð og málróf, sem ég þrái svo óumræðilega að fá að heyra á ný. Þú getur tæplega trúað því hvað mér leið vel; mér fannst svo ólíklegt að þér gæti þótt svona vænt um mig, því ég á það ekki skilið. Aldrei fæ ég nægilega þakkað hamingjunni hve hamingjusamur ég er, að hafa eignast ást þína. Oft hefur mér dottið í hug hversu gæfusamur ég var þegar ég sendi þér bréfið og bað þig um að koma á fund minn og tala við mig. Þótt illa hafi mér líðið þegar ég skrifaði það, af því ég var svo vonlítill um að það bæri nokkurn árangur, þá er ég fullviss um að aldrei á ævi minni skrifa ég eins gæfuríkt og hamingjusamt bréf. Guð minn góður hvað ég væri gleðisnauður og einskisvirði sjálfum mér hefði ég látið það vera. Ert þú ekki fullviss um það elsku Frída mín, að bréf það hafi verið upphaf okkar beggja gæfu? Hvernig stendur á því ástin mín að þú, síðast í bréfi þínu, verður allt í einu svo áhyggjufull og minnst á það að þér hafi oft dottið í hug að þú mundir missa mig. Finnst þér vina mín nokkur hugsanlegur möguleiki til þess?

Ef nokkuð er til sem fyrirfram er hægt að segja að sé óhugsanlegt, fáí ég að ráða mínum eigin eldheitu tilfinningum, þá er það að ég nokkurn tíma geti gleymt þér, því þú ert mér dýrmætari en mitt eigið líf og án þess get ég ekki lifað. Góða besta láttu þér aldrei detta það í hug framar því það er útilokað að ég kasti á burt lífshamingju minni sem ég svo lengi hef þráð og loksins fundið. Þegar þú minnst á þetta verð ég svo áhyggjufullur og svartsýnn og finn ekki nokkurn möguleika til þess að sigrá erfiðleika þá sem fyrir mér eiga að liggja, en sem við hlið þína eru svo auðveldir viðureignar. Ég get ómögulega hugsað mér hamingjusamt líf án þín. Ég verð svo hræddur þegar þú sagðir að þér hefði dottið þetta í hug og þú vildir óska að þú gætir strax talað við mig því viðvirkjandi. Hefur eitthvað komið fyrir sem veikir traust þitt til mín? Hvað getur það verið? Elsku besta skrifaðu mér sem fyrst og segðu mér ástæðuna þar

¹ Nafnlausu.

² Ekki er neitt vitað sem staðfestir þessa skemmtilegu kenningu. Kona Þórðar og Friede voru æskuvinkonur.

³ Staðföst.

⁴ Soffía Jónsdóttir, fóstira Ásgeirs.

⁵ Ólafur Guðmundsson (1896-1978), næstyngstur Nessystkina

sem ég er svo óhamingjusamur að vera fjarlægur þér. Að ég af einhverjum ástæðum gæti misst þig gæti ég hugsað mér ef ég leyfði slíkar hugsanir, en að ég breytist frá því sem ég var og verð gagnvart þér getur aldrei komið fyrir.

Þú spyrð mig hvort ég fari til Frakklands áður en ég kem heim, eins og ég sagði þér að fyrir gæti komið. Nei þangað fer ég ekki fyrst um sinn því það er til einskis að fengnum upplýsingum. Það verður að bíða þangað til við förum brúðkaupsferð okkar.

Fyrir nokkrum dögum fór ég ásamt góðkunningja mínum, verksmiðjueiganda frá Earby, nálægt Manchester, til Isle of Man. Vorum við þar í tvo daga og skemmtum okkur ágætlega. Er eyjan framúrskarandi falleg og hefur til að bjóða allskonar hugsanlegar skemmtanir. Urðum við, verksmiðjueigandinn og ég, á ferðalagi þessu, bestu mátar og var ekki hjá því komist að ég færi með honum heim til hans og dveldi þar nokkurn tíma, og eins og þú sérð á staðsetningu bréfsins, er ég staddur hjá honum í Earby. Er það smáþorp, afskaplega fallegt, mitt inn í landinu. Er ágætt að vera hér því mr. Halsted á ágætis heimili, er mjög vel efnum búinn og á bíl, sem eins og þú skilur spillir ekki ánægjunni. Förum við á hverju kvöldi tveir einir *vítt og breitt* um sveitina og eins og þú sérð er það afar skemmtilegt.

Ekki veit ég hversu lengi ég verð hérna en býst við að það verði uppundir 1½ mánuð. Kem ég þá til Fleetwood og dvel þar 1-2 vikur og fer þá að hugsa til heimferðar. Hefi ég mjög mikla löngun til þess að fara til London til þess að sjá Wembleysýninguna og geri fastlega ráð fyrir að ég bregði mér þangað og verði í 3-4 daga; finnst mér hálfgerð skömm að hafa ekki komið þangað eftir að hafa dvalið hér í 3 mán. Síðan fer ég til Hull til að skyggjast fyrir um skipaferðir heim, það er að segja *trawlaraferðir*; sé þær ekki að fá þá fer ég til Leith og tek eitthvað póstskipanna heim, því heim verð ég að vera kominn fyrst í sept.

Ég var búinn að gleyma því að á dögnum sendi ég þér helstu *foxtrotta*, hélt ég að þú myndir hafa gaman af þeim því margir þeirra eru ágætir.

Elsku besta Fríða mín, afskaplega hlakka ég til þess að koma heim og vera hjá þér og aldrei þurfa að yfirgefa þig framar. Það er ekkert sem ég þrái heima nema þú, líf mitt og gæfa. --

Ásgeir Guðmundsson til Kristínar Ólafsdóttur. Earby, 23.7.1925

- Ástarþakkir á bréf þetta að færa þér fyrir peningasendinguna sem ég fékk frá þér fyrir nokkrum dögum síðan og kveðju þína í bréfi Ástu systur. Komu aurarnir í góðar þarfir, því satt að segja var ég orðinn mjög blankur og nokkuð skuldugur; en lánstraust mitt er svo mikið að kerlingin mín sagði að það gerði ekkert til þótt það drægist nokkuð að borga fæðið og húsnæðið. En glöð var hún þegar hún færði mér ábyrgðarbréfið frá þér, því þá hélt hún að hún nyti góðs af sendingunni, sem einnig var.

Elsku mamma, ég bið þig að yfirgefa bréfið sem ég sendi þér síðast, því það var ekki eins og ég hefði átt að skrifa um systkini mín, enda þótt þau hefðu sært mig með mælgí sinni og sínum illkvittislegu orðum í minn garð. En ég varð svo reiður og mér leið svo illa, að í reiði minni skrifaði ég þetta bréf. Meira að segja, var ég að hugsa um að senda kveðju mína og þakkar á hlutaðeigandi staði, en hamingjunni sé lof að ég gerði það ekki. Leiðinlegast þykir mér ef þú hefur tekið orð mín nærri þér, því síðast og síst vil ég verða orsök í að þér líði illa. Ég skal segja þér sannaleika, að mér hefur ekki liðið sálarlega eins illa um langan tíma eins og þá er ég fékk bréf þitt, því mér fannst sem ég væri yfirfeginn af öllum ættingjum mínum, og að ég væri að missa þig, þótt ég vissi að það gæti aldrei komið fyrir.

Eins og þú sérð á staðsetningu bréfs mín er ég ekki staddur í Fleetwood. Ég er staddur í smábæ nálægt Manchester. Dvel ég hjá verksmiðjueiganda hér á staðnum, sem ég kynntist í húsi því sem ég bý í Fleetwood. Var hann þar í sumrafrí og vorum við mjög mikið saman og gerðumst ágætir kunningjar. Var ekki hjá því komist að þiggja heimboð hans og fór ég því með honum hingað, þegar hann kom úr sumarfríinu. Býr hann í yndislegu húsi skammt fyrir utan bæinn og á ágætis heimili. Er hann mjög vel efnum búinn og á bíl, sem ekki dregur úr skemmtuninni að vera hér. Er ég búinn að vera hér í 3 daga og geri ráð fyrir að vera í nokkra daga ennþá. Fer ég síðan aftur til Fleetwood og verð þangað til að ég fæ einhverjar upplýsingar frá þér um ferðir trawlaranna heim. Er enginn trawleri sem siglir stöðugt til Englands núna? Mér þykir nokkuð langt að bíða þangað til um miðjan sept. eftir trawlurum, því það þarf ég að gera leggi þeir ekki af stað á ísfiskveiðar fyrr en seinast í ágúst. Vona ég að þú látir mig vita nákvæmlega um það seinna, því það gæti sparað mér nokkra peninga. (*Niðurlag vantar*).

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Earby, 3.8.1925.

-- Aðeins örstutt kveðja til þess að láta þig vita hvernig mér líður og að ég er stöðugt með hugann hjá þér. Ástarþakkir fyrir síðasta bréf þitt sem gladdi mig mjög mikið, þó stutt væri. Það er mér svo afskaplega mikið gleðiefni að þú stöðugt hugsar til mín og sendir mér kveðju þegar þú hefur tækifæri og að heyra að þú ert stöðugt sú sama og þegar ég kvaddi þig. Nú fer að styttest þangað til ég fæ að sjá þig aftur, hamingjunni sé lof, aðeins einn langur mánuður og síðan fæ ég óhindrað að vera hjá þér. Ég veit þú átt erfitt með að hugsa þér hvernig mér er innanbrjóst, þegar ég hugsa til þess að verða svo hamingjusamur að hitta þig aftur; mér finnst ég vera í fangelsi og tíminn. sem ég fæ að sjá þig aftur, lausnarstundin.

Elsku ástin mín, er mér ekki óhætt að vona að ég eigi þig og að þú takir þannig á móti að ég fái að lifa og njóta allra þeirra hamingjudrauma, sem fjarveran og ástin til þín, hefur veitt mér í svo ríkum mæli? Óskiljanlegt er mér hvernig allur þessi tími síðan ég fór að heiman hefur liðið og að það skuli eingöngu vera einn, alltof langur mánuður, þangað til ég hitti þig, Veistu hvað það er, sem hefur gert mér tímann stuttan og um leið ánægjulegan? Þín ástríku

bréf og mínar eldheitu hugsanir um þig og hamingjuvonir mínar. Ætti ég ekki þig og fullviss um hamingju okkar; væri lífið einskis virði.

Elsku vina mín, ég vildi óska að þú værir eins hamingjusöm og ég er, því þá liði þér svo vel. Ef ég nokkurn tíma hef átt óskir, þá er það að ég geti gert þig hamingjusama. Ég get aldrei orðið ánægður nema því aðeins að þú sem ég elska heitara en allt annað, verði einnig hamingjunnar aðnjótandi. Ekkert er mér meiri gleði en að njóta þinnar eilífu ástar og traust þíns.

Ég er ennþá staddur á heimili verksmiðjueiganda þess sem ég sagði þér frá í síðasta bréfi mínu. Gerði ég ekki ráð fyrir að dvelja svona lengi, hálfan mánuð í upphafi, en þar sem dvölin hefur verið sérstaklega ánægjuleg og ég hef verið beðinn um að vera hér svona lengi, og mikið lengur, hef ég látið til leiðast. Rétt áðan kom frúin til mín þar sem ég var að byrja á að skrifa þér og það mig mjög vel að dvelja til laugardags svo þau hjónin gætu fylgt mér af stað, sem *week-end*¹ en ég varð að neita því þar sem ég hef ýmislegt að gera í Fleetwood. Ég hef ferðast mjög mikið hér um slóðir, bæði í bifreið og fótgangandi. Er húsbóndi minn afskaplega mikill göngugarpur og hefur hann smitað mig. Hef ég nú fyrst komist að raun um hversu skemmtilegt það er að ferðast fótgangandi því frekar var ég lítið gefinn fyrir það áður en ég kom hingað. Landið hér í nágrenninu er mjög fallett, þegar komið er út úr verksmiðjubæjunum, blómlegt og um leið stórfenglegt. Hef ég óskað að þú værir komin til þess að taka þátt í ánægjustundum mínum og hefði þér hér hjá kunningja mínum áreiðanlega verið ágætlega tekið. Guð minn góður hvað það hefði verið skemmtilegt. Hef ég hér eignast ágætis vin, sem allt vill fyrir mig gera og sem ég mjög seint mun --- er mér alveg óskiljanleg hversu mikið hann heldur af mér. Ekki er ólíklegt að þú eigir eftir að hafa þá ánægju að sjá hann, því hann hefur tekið það loforð af mér að ég heimsæki hann, liggi leið mín til Englands aftur, giftur eða ógiftur og dvelji hjá honum um stund. Einnig hefur það komið til mála, að hann síðar meir heimsæki mig til Íslands, þegar hann hefur dregið sig út úr skarkala verksmiðju sinnar. Verður þess ekki lengi að bíða því hann er vellauðugur.

Á morgun fer ég aftur til Fleetwood og geri ég ráð fyrir að dvelja þar hálfan mánuð; ég vona að bréf frá þér bíði mín þar. Ekki skaltu óttast að bréf þín komi ekki til skila, þótt ég fari þaðan, því þau verða send á eftir mér til Hull, sem að öllum líkindum verður síðasti áfangastaður minn áður en ég kem heim.

Að þeim tíma liðnum fer ég til Hull til þess að skyggnast eftir skipaferðum þaðan heim. Hafi ég efni á því að fara til London, sem ég fastlega geri ráð fyrir, fer ég þangað og dvel þar í nokkra daga og kem síðan aftur til Hull.

Síðan kem ég heim fyrst í september til þess að vera með þér og njóta ástar þinnar og undirbúa starf mitt og vona ég að hvorttveggja þessara alvarlegustu og um leið gleðiríkustu þátta lífs míns, eða réttara sagt okkar, gangi að óskum. Vonar þú það ekki líka, elsku Frída mín?

Ég mun skrifa þér aftur mjög bráðlega. Vona að þú hafir sent mér svar við síðasta bréfi mínu. -- Með von um að þú heimtir mömmu þína glaða og hrausta. --

Ásgeir Guðmundsson til Ástu Guðmundsdóttur. Fleetwood, 4.8.1925

--Allar bestu þakkir áttu fyrir þitt síðasta og ágæta bréf. Ég bið þig að skila mínum bestu kveðjum til elsku mömmu og kysstu hana fyrir peningasendinguna sem ég, heilu og höldnu, hef tekið á móti, þrátt fyrir töluvert aðgæsluleysi frá þinni (ágætu) hendi. Þú hefur alveg gleymt því að kaupa ábyrgð á bréfinu, enda þótt það hafi inni að halda £20. Það er komið í mínar hendur og því gleymt. Ég geri ráð fyrir að þú hafir nagað þig í handarbökin nægilega, hafi þér dottið það í hug eða munað eftir því, svo óþarfi er að minnast á það frekar.

Frá mér er allt ágætt að fréttu, er nýkominn ofan úr sveit, eins og hér er sagt; var í 14 daga hjá ágætum vini mínum James Halstead bómullarverksmiðjueiganda í Earby 10.000 bæ, nálægt Manchester, stórefnuðum manni og bráðskemmtilegum og *self-made*.² Kynntist ég honum þar sem ég bjó, þegar hann var í svokölluðu sumarfrí sínu. Á hann mjög fallett heimili og skemmtilegt, og bíl, sem eins og þú munt skilja var ekki svo lítið notaður og dró ekki úr skemmtuninni. Fórum við um allar trissur um nágrennið, sem er yndislegt, ýmist á bílnum, sem ég lærði að stýra með hann við hlið mér, eða fótgangandi. Er hann framúrskarandi göngugarpur og smitaði mig. Hef ég aldrei á ævi minni fyrr gengið svo mikið og langt sem þar. Gengum við einu sinni, ásamt syni hans, 25 mílur eða 50 kílómetra á 6½ tíma og getur þú skilið hversu hratt var farið. Oft fórum við skemmri vegalengdir. Vildi vinur minn láta mig dvelja hjá sér mikið lengur en af því gat ekki orðið þar sem (ég) þurfti að gera ýmislegt í Fleetwood áður en ég færi heim. Fór ég því héðan eftirséður og syrgður af öllum. En hann tók af mér það loforð áður en ég fór, að lægi leið mín til Englands síðar meir, mætti ég til að heimsækja hann og dvelja þar nokkra daga, hvort heldur sem giftur eða ógiftur.

Hef ég aldrei hitt fyrir nokkurn mann sem hefur verið eins hjartanlega hrifinn af mér sem Mr. Halstead, nema ef vera skyldi kærastan. Mér er það gjörsamlega óskiljanlegt af hverju það kemur. Einu sinni gerði ég hann undrandi og um leið stórhreifinn. Vorum við einu sinni meðan hann var í Fleetwood í Blackpool og skemmtum okkur, þú mátt ekki misskilja það, við vorum mjög skikkanlegir; rákumst við þá á franskan mann og konu í vandræðum og sem enginn skildi. Gaf ég mig á tal við þau og skrafaði við þau um stund og leiðbeindi þeim. Kom ég þeim á hótél og kvaddi síðan. Varð hann svo undrandi og hrifinn af mér að ég skyldi geta talað frönsku, án þess að hafa sagt honum frá því áður, þar sem við vorum búnir að vera saman í viku tíma. Fannst honum þetta svo dásamlegt yfirlætisleysi og ólíkt því sem hann hefði vænst af

¹ Helgi.

² Reis af eigin affli.

Englendingum. Ef satt skal segja var ég alveg undrandi hve litlu ég hafði gleymt af frönskunni og hve auðvelt ég átti með það að breyta um tungumál – þótt bæði væru erlend. Yfirleitt er þessi vinur minn ágætis drengur, sem á fáa sína líka og sem ég seint mun gleyma.

Þú biður mig í bréfi þínu að takast á hendur mér mjög erfitt verk, sem er kápukaupin. Er mér ánægja að því að gera það fyrir þig, en ósagt skal ég láta, hversu vel það fer mér úr hendi, en fullviss máttu vera, að það besta af fegurðartilfinningu sem ég á til skal lagt til málanna. Er ég að hugsa um að kaupa hana hér í Blackpool, því þá get ég notið aðstoðar miss Eaxtons, dóttur kunningja míns og Önnu systur; er hún mjög smekkleig í klæðavali og er á *stærð og breidd* við þig. Ég þakka þér mjög vel fyrir tilboðið “um afganginn ef einhver verður” en ekki skaltu kvíða að ég spari svo að minn hlutur verði sem mestur; þurfi ég ekki á því að halda, kaupi ég eitthvað fallett handa þér. Þetta tilboð mun mér lengi verða minnisstætt, því það sýnir svo vel mismuninn á systkinum mínum, og skal það verða notað þurfi ég einhvern tíma síðarmeir að svívirða upphafsmennina, þú skilur, sem ekki er ólíklegt. Ég er mjög farinn að jafna mig núna, en reiður var ég út í þau í byrjuninni.

Fari ég heim síðast í ágúst eða fyrst í sept. Og fái far með trawlara verð ég ekki svo illa staddur peningalega; en lengi hef ég hugsað um það að komast til London og sjá Wembley og nú í síðasta bréfi sagði Frída mér að Helgi bróðir henna mundi vera í London síðast í þessum mánuði og langar mig og hann mjög mikið að hittast. Fari svo að ég drífi mig þangað verður *klént* um auraráð, en við sjáum hvað setur. Vinur minn mr. Halstead hefur boðið mér oft að lána mér svo mikla peninga sem ég þyrfti á að halda, en ég vil ekki stofan frekari skuldir en nauðsynlegt er; verður mér nægilega erfitt að borga skuld mína við hana mömmu, sem ég við fyrsta tækifæri mun gera. Brenndu þessu bréfi og láttu engan sjá það.

Þú ætlar að muna eftir því að senda mér skeyti viðvíkjandi Englandsferðum trawlaranna, svo fljótt sem þú færð eitthvað ákveðið upplýst. Skaltu adressera það – Guðmundsson, 62, London street, Fleetwood, því þar bý ég nú. Ég flutti þegar ég kom úr sveitinni. Þú skalt taka fram togaranafnið, daginn sem hann kemur út ca. Og hvort heldur það er Hull eða Grimsby. Þú gerir þitt besta.

Ég hef, eftir því sem þú segir farið all ...?, viðvíkjandi *anonyma*¹ bréfinu. Er mér það hulin ráðgáta, en hún skal verða leyst þegar heim er komið. Vertu ætíð blessuð. Kysstu mömmu. Heilsaðu Fíu og öllum þeim sem kveðju mína eiga skilið. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 12.8.1925.

Segir af ferð Ásgeirs sem sé í Fleetwood; muni fara á Webleysýninguna í London; getir þeir hist þar.

-- Ég er búin að segja mömmu að við séum trúlofuð og það voru svo sem ekki neinar gleðifregnir fyrir mömmu, en annars tók hún því vel, en hún sagði að henni fyndist aldrei neinn nógu góður handa okkur börnunum sínum. En ég vona að rætist úr þessu öllu saman þegar mamma kynnist honum. Annars er ekkert við því að gera, nema leiðinlegt er það, en maður verður að sætta sig við það. En mamma var afskaplega góð við mig og sagðist skyldi vera góð við hann ef hann yrði góður mér, og ég er ekki í neinum vafa um að hann verður það. Og ég veit að allt sem hún sagði er auðvitað mér fyrir bestu og skiljanlegt að mamma líti svona á þetta.

Svo óska ég þér góðrar ferðar til London og ef þú skyldir hitta Geira, þá bið ég að heilsa honum. --

Friede P. Briem skrifar Ásgeiri Guðmundssyni. Reykjavík, 1.9.1925.

-- Það vildi ég að þú værir alveg að leggja af stað heim, þegar þú færð þetta bréf, mig er farið að langa svo til að sjá þig aftur. Ég er nýkomin heim aftur úr sumarfrí, það var voða gaman og við vorum heppin með veður, eftir því sem verið hefur í sumar. Við fórum upp að Norðtungu og vorum þar í tvo daga, svo fórum við að Reykholti að heimsækja séra Einar² sem er giftur föðursystur okkar, þar er heldur leiðinlegt að vera finnst mér, og vorum við þar bara um nóttina og eitthvað fram á næsta dag og þaðan fórum við upp að Húsafelli. Ó, hvað það er yndisleg leið. Ég var yfirleitt afskaplega hrifin af Borgarfirðinum.

Svo fórum við að Gilsbakka og niður Hvítársíðuna aftur að Norðtungu. Við voru 3 daga á þessu ferðalagi og fengum sólskin, nema rigningu á Gilsbakka. Það er bara galli að þurfa að fara yfir sjó til þess að komast þetta, það var alveg ágætt uppeftir, en heimferðin var aftur slæm. Þrátt fyrir það fannst mér reglulega gaman.

Ég er svo afskaplega spennt að fá bréf frá þér til þess að fá að vita hvenær þú kemur, svo ég geti fyrir alvörðu farið að hlakka til að sjá þig, ég get varla haldið huganum við að lesa nokkra bók, ég veit ekki af því fyrr en ég er farin að hugsa um allt annað. Mig dreymdi þig um daginn, en ekki skaltu ímynda þér að ég hafi fengið að tala við þig, nei ég bara rétt sá þig og var alltaf að leita að þér, það er einasta skiptið sem mig hefur dreymt þig.

Mamma er að koma heim, nú þarf ég ekki að þjóta upp og fela bréfið, ekki get ég lýst því hvað ég er fegin að ég sé búin að segja henni mömmu allt, og ég er alltaf hissa að það skyldi ganga svona vel, miklu betur en ég hafði nokkurn tíma gert mér vonir um. En hvað sem mamma hefði sagt; ég hefði ekkert skipt mér af því, nema þótt það afskaplega leiðinlegt og það hefði einungis verið til að ergja alla. Það er þægilegt að vera ekki elstur. Hilda er búin að ganga á undan og ryðja veginn. Mamma venst þessu smátt og smátt og sér að ekki þýðir að ætla sér að vera forsjónin okkar alltaf.

¹ Nafnlaus.

² Séra Einar Pálsson (1868-1951) og Jóhanna Briem (1872-1962).

Elsku Geiri minn, komdu nú fjótt, ég er óþolinmæðin uppmáluð, ég tel dagana þangað til þú kemur. Ég fæ víst ekki fleiri bréf frá þér því það eru engar skipaferðir frá Englandi. Guð fylgi þér hjartans besta Geiri minn hvar sem þú ferð. —

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 18.9.1925.

-- Geiri var farinn frá London þegar þú komst þangað -- Jája, þetta tókst ekki, nóg um það. -- Mamma veit allt, ég sagði henni það, enginn fögnuður, en hún var heldur ekkert reið. -- Ég fer nú líklega bráðum að opinbera, mamma kann ekki við neitt þukur, það finnst mér svo ágætt. Þú verður ekkert hissa þó þú sjáir þessa trúlofun í Londonarblöðum!!! Ásgeir er velkominn hingað heim, en hún skiptir sér ekkert af honum, ég veit henni leiðist hann og við því er ekkert að gera. Mér þykir bara leiðinlegt þegar fólk fer að óska henni til hamingju ef hún lætur mikið bera á því hvað hún er óánægð. Geiri er kominn! --

Kristín Ólafsdóttir skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Nesi 23.3.1927.

-- Ég ætlað að skrifa þér eina línu til að láta þig vita að ég er ekki búin að gleyma litlu telpunni minni og láta þig vita hvað ég var orðin leið er ég fékk ekkert bréf er Gullfoss kom og ég var orðin svo áhyggjufull að ég hringdi til

Sigurðar Péturssonar¹ og spurði hann um þig og hann gerði mig rólega. En svo komu bréfin þín með --- og þá varð ég svo himinglöd og þakka ég þér innilega fyrir þau.

Það er frá okkur að segja að okkur líður vel og tíðin hefur verið góð síðan þú fórst að það hafa einu sinni frosið gluggar. Óli bróðir þinn hefur núna í hálfan mánuð verið að ganga í ljós við -- en honum finnst það ekki ganga vel, en ég vona að hafi allt góða vegi.

Ekki gengur Dóru² konu Einarssonar vel að batna eftir þennan botnlangaskurð og er hún búin að vera 3 vikur á spítalanum og er ekki víst hún komi heim þessa viku. Hún er ákaflega hrædd sem er nú líka von þar sem hún er ekki kona einsömul og svo fór henni að blæða til kviðarins og það er svo hættulegt. Ég býst helst við að hún verði mjög lítilfjörleg meðan hún gengur með þennan burð því hana hafa fengið svo mikla ---. Glóu verður svo lítið úr verki því hún fer alltaf annan daginn inn á spítala. Dóra er svo ergileg ef ekki er komið eins oft og hægt er til hennar, og það vil ég ekki vinna til.

Gvendur³ litli er hjá mér og allra indælasti piltur og orðinn sólfrjóður af útiveru. Magnús gamli og hann eru þessir fínu vinir og hann er alltaf að vasast í fjósinu með honum en hann lítur ekki alveg eins vel út og stofurnar í Bollagörðum.

Það var mikið að gjöra þegar Sveinbjörn⁴ var jarðsunninn. Allar konur sem skautbúning áttu voru í honum og gengu í fylkingu 50 að tölu. Hafði það verið mjög tígulegur flokkur. Ekki fór neinn frá okkur en ræðu og söng var útvarpað úr Dómkirkjunni og var hann mjög fallegur eins og þú getur nærri.

Heima fyrir gengur allt með sínu gamla lagi. Einu sinni hefur Glóa farið á Brún með Halla⁵ og var mjög stíð í gumpinum eftir. Og á skauta fór hún einu sinni með Óla og var mjög hrifin af því, en svo hefur ekki komið skautasvell síðan og nú langar mann ekki eftir því.

Nú er stóra Grána nýborin og ég hringdi til dýralæknis og hann sagði ég skyldi reyna að opna ekki veika spenann en það myndi koma bólga í hann fyrst. Svo gengur allt vel og hún er komin í 13 merkur á þremur spenum. En í fyrradag veiktist hún og bólgaði upp júfrið en enginn dýralæknir því hann sigldi sér til lækningar og Lárus⁶ sonur hans með honum því hann var búinn að fá áfall aftur. Hann er víst búinn að vera því það kvað ganga að honum kölkun í heilanum. Manni má bregða við að hafa ekkert að venda, þótt hann þætti ekki góður.

Já svona gengur það Ásta mín, þar er mörg búmannsraunin. Nú fer ég að hætta því ég veit þú ert orðin leið að lesa þetta rugl en það verður hver að fljúga eins og hann er fiðraður og svo er minn vísdomur ekki meiri en þetta. Allir á bænum biðja að heilsa þér.

Elsku Ásta mín. Ég kveð þig hugarins innilegasta kossi og bið Guð algóðan að varðveita þig frá öllu illu. Heilsaðu öllum heima í þessu húsi og kysstu Tryggva⁷ frá ömmu. Biddu Gunnu að fyrirgefa mömmu letina að skrifa. Ég ætla að reyna að manna mig upp í að skrifa henni seinna. --

Hér eru bréf frá Lóu í Nesi og segir frá heimsókn hennar og Ivars vestur um haf þar sem hann hélt fyrirlestra. Kemur Lóa til dyranna eins og hún er klædd, hittir æskuvini og kunningja, segir frá öllu hispurslaust og eðlilega. Íslenskan er orðin nokkuð sænskuskotin.

¹ Sigurður Pétursson skipstjóri á Gullfossi. Hann var frá Pálsbæ sem fjölskyldan á enn.

² Halldóra Eyjólfsdóttir frá Bollagörðum. Hún missti fóstrið sem hún gekk með. Ekki að furða þótt hún væri óróleg, hún hafði misst frumburð sinn mánaðargamla stúlku 1922. Henni reiddi vel af og eignaðist soninn Hafstein í júlí.

³ Guðmundur Einarsson (1924-42) dó á síðasta ári í Verslunarskólanum.

⁴ Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld.

⁵ Haraldur Jósefsson (1898-1972) síðar bóndi að Sjávarhólum á Kjalarnesi.

⁶ Dýralæknirinn var Magnús Einarsson og Lárus var Einarsson síðar prófessor í líffærafræði í Árósum.

⁷ Tryggve Bergström (1922) sonur Guðrúnar Guðmundsdóttur.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Ástu Guðmundsdóttur, Winnipeg, 31.8.1928.

Ásta mín ágæta! Mér finnst nú absolut það vera orðin heil eilífið síðan ég skrifaði þér síðast, en það er þó ekki nema mánuður, því að mig minnir skrifaði ég þér áður en ég fór frá Gautaborg.

Hugsa sér að ég er hér út í nýrri veröld, ný fyrir mig, en eiginlega að flestu leyti lík öllu öðru, ekki þess minna gaman að því. Ég skrifaði Manzi¹ frá New York svo ég tek ekki upp það aftur, nema hvað bærinn gaf ógleymanlegt intryck² af nýbyggðum bæ og ógurlegum óhreininum. Á skipinu var fullt af ríku fólki. Er það hér um bil eins hvar í heiminum maður hittir það. Sig selv nok³ og eiginlega intressulaust.⁴ Eina familíu ríka festi ég mig við, maðurinn var eins og íslenskur sjómaður og konan eins og íslensk bóndakona en ekki af skörungskonusortinni, heldur elskaði blóm og las mikið og hafði lært af lífinu og óx eins og mamma með aldrinum. Hún var ljómandi. Þegar hún var 56 ára lærði hún að synda. Börnin voru framúrskarandi yndisleg, en stelpurnar reyktu of mikið. Töluðu öll sænsku þrátt fyrir að þau væru fædd í U.S.A.

Við vorum viku í New York og get ég ekki sagt að ég sneri (við henni) bakinu með söknuði. Svo komum við eftir 10 tíma ferð til Montreal (sem er) fransk-kaþólskur milljónarbær, verkaði (sem) borg í Evrópu, svo hrein. Vel byggt var þar yfirleitt. Mikið af kirkjum - bara 83 - og 3000 prestar.

Fengum nú fyrsta sjokkið. Öll hótél voru upptekin af fastandi Ameríkönum (hér er ekki bann, en ekki má drekka sterkt áfengi úti á restaurasjónum, en inni á heimilum og hótélum svo mikið sem helst) svo okkur hafði verið skaffað herbergi á því sem við köllum *rum för resande*.⁵ Fínt og hreint og ágætt, en prísinn var 5 dollarar per person og þá bara eitt rúm. En hvað var að gera, þegja og líða. Vorum við þar í þrjú dægur, en vistin kostaði okkur ekkert, (út í) eitt boðin alltaf. Fyrst bauð generalkonsúllinn svenski upp á lunch,⁶ m.a. grilluð froskalæri og annað ágætt. Karlinn vissi ekkert um Kanada, sat og pumpaði Ivar allan tímann. Meðal annars var útnefndur hér í fyrradag sænskur maður sem ráðherra í federalstjórninni⁷ (en) hann vissi ekki að hann væri til og fékk nafn og heimilisfang hjá Ivari. Hann var jú ekki útnefndur þá, en hann vissi ekki að maðurinn existeraði. Sama dag vorum við á finnska immigrantheimilinu⁸ og var boðið upp á miðdag með immigröntunum og prestinum og var intressant.

Daginn eftir bauð *chefinn* fyrir Canadian National Railway okkur í lunch í finnska klúbbum í Montreal. Svo keyrði hans næsti maður okkur í fleiri tíma um og fyrir utan borgina - og fleira og fleira. Meðal annars vorum við í te hjá Bøggild⁹ - vildi hann bjóða upp á frúkost¹⁰ en við urðum að fara um kvöldið. Hann var hinn indælasti og hafði hann hjá sér sinn gamla íslenska seppa. Var ekki frítt (við) að (mitt) gamla nationalistíska hjarta hrærðist, þrátt fyrir að hundskrattinn kannaðist alls ekki við mig sem landa sinn; en galti og hamaðist - en hann var kannski orðinn of mikið danskur og of langt síðan hann og ég höfðum verið heima.

Frá Montreal fórum við til Winnipeg - 47 klukkutíma ferð sem við í þessum hita fórum svefnvagnslaus. Ivar hélt nefnilega að ég myndi kvarta og kveina yfir þessum löngu járnbrautarferðum, svo ég með mínum þráa ætlaði bara að sýna honum að Íslendingar geta líka verið seigir. Þar tóku á móti okkur indælu Hermannshjónin og tóku okkur heim og þar spjölluðum við til kl. 1½ um nóttina. Fengum við að vera hjá þeim fyrstu fjóra dagana og vorum boðin að vera þar áfram, en ég sem er alltaf hálfhrædd við að níðast á vinsemd, vildi heldur fá herbergi úti í bæ. Maður er jú frjálsari (*þar*). Svo nú búum við í litlu garðhúsi efst upp á hanabjálka en svona *prescis*¹¹ sem ég vil hafa það. Ég hef litla gasmaskínu sem ég get lagað kaffi og frúkost og svo borðum við eitt mál úti í bæ. 15 dollars á mánuði. Hér höfum við miðstöð okkar, þrátt fyrir að við ferðumst hingað og þangað. Skal ég nú segja þér að þörf var á að ég gæti kokað¹² kaffi sjálf - því aldrei á minni ævi hef ég séð eða reynt svona kaffi sem Svíar og Íslendingar hafa hér og í

¹ Else Mari (Manzi) dóttir hennar var í Nesi tæpra 10 ára.

² Áhrif.

³ Sjálfri sér nóg.

⁴ Áhugalaust.

⁵ Herbergi fyrir ferðalanga. Bann komst á í B.N.A. árið 1919.

⁶ Hádagisverð.

⁷ Sambandsríkjastjórn.

⁸ Innflytjendagistastaður.

⁹ J.E. Bøggild fyrrv. sendiherra dana á Íslandi.

¹⁰ Morgunverð.

¹¹ Nákvæmlega.

¹² Lagað.

Staterna. Bara er mér dettur það í hug fer um mig hrollur -¹*pardon*- á einu sænsku kaffihúsi var gott kaffi - var boðin á það af *Svenska Kanadatidningen*.²

Í herberginu hef ég eitt borð, kömmóðu, ruggustól, tvo aðra stóla og rúm sem er 1½ metri á breiddina - ámu kalla ég það. Það er nú aldeilis voða rúm (sem) fólk heldur sig með hér, mig hefði ekki getað dreymt um þvílíkt og slíkt. Við erum bráðum búin að vera hér í tvær vikur og fyrst í gær gat ég fengið tíma til að skrifa. Ég bý hér ein svona í tvær vikur. Ivar fór vestur með Jakobi Kristjánssyni³ til British Columbia að stúdera skóga og atvinnuforhold þar. J.Kr. er hjá B.N.R. járnbrautar co. og bauð honum með sér og nú á ég að sitja bísper⁴ og skrifa af gömul rit. Er nú ekki byrjuð enn, má til að skrifa ykkur og svona sofa út eftir allt slarkið og *súnna*⁵ mig svolítið. Hér hafa verið einlæg boð fyrir okkur síðan við komum. Ég spurði Önnu systur eftir adressum til Vestur-Íslendinga - ég hef enn ekki þurft þeirra með því Einar Páll Jónsson⁶ ritstjóri Lögbergs og Sigfús Halldórs⁷ (Blöndal frá Höfnum) hafa *introducerað*⁸ okkur, svo sífelld boð (eru) öll kvöld. Meðal annars eitt kvöld hjá séra Birni Jónssyni; hitti þar líka systur hans Valgerði frá Ási í Ásbyrgi, ljómandi gáfuð og intressant⁹ kona - bóndakona. Þau komu hér fyrir 52 árum svo hún hafði margt að segja frá. Svo hjá Ragnari Jónssyni, kona hans er systir Ragnheiðir heitinnar frá Engey. Í fyrrakvöld hjá Gísla Jónssyni bróður Einars Páls., aldeilis ljómandi familía, þrjár yndislegar dætur og var sungið og spilað allt kvöldið, var mikið söngfólk saman komið. Sigfús Halldórsson og hans kærasta¹⁰, hún er söngkona, sungu bæði, Sigfús syngur ágætlega. Svo Einar Páll með sína yndislegu dimmu músikölsku¹¹ rödd. Yndislegt kvöld og var ekki frítt að frú Hermannsson yrði *impóneruð*¹² yfir Íslendingunum. Hún hafði ekki kynnst þeim persónulega fyrr, sjálf er hún afskaplega músikalískt intresseruð.¹³ Svo hef ég hitt Ragnar Kvaran¹⁴ og séra Rögnvald Pétursson¹⁵ - prestur, prestar og sífelld prestar. Hér er *kamp om sjálarna*¹⁶ vertu viss og hér ætla ég nú að synda á milli svo *neutral*¹⁷ sem mögulegt er *því hvers og eins guð er sá eini saliggörande*¹⁸. Á ég nú eftir að fara til þessara síðustu en er með miklum virtum boðin og beðin að koma. En hugsaðu þér sem hefur komið fyrir. Ég hef reynt bæði gegnum presta og aðra að leita uppi adressu Rúnu fóstru minnar, systur hennar Fríðu sálugu. En ég vissi ekki hvað hún hét sem gift og enginn gat gefið mér neina upplýsingu. En hvað skeður. Einar Páll skrifar í Lögberg um Ivar og nefnir mig "*Lou frá Nes*" - hef enn ekki séð það. Fyrir þrem dögum fæ ég bréf frá Rúnu minni og heimsóknarboð. Hún býr ca. 75 mílur hér fyrir utan - og 9 mílur frá járnbrautarstöðinni, svo nú hefi ég skrifað til hennar að ég geti komið til hennar hvenær sem hentar best fyrir hana, og býst ég við að ég fari meðan Ivar er fyrir vestan. Ekkert hefði getað glatt mig meira og máttu trú á að Einar Páll var glaður þegar hann færði mér bréfið, sem hafði verið sent til hans, því hann skildi undir eins að þetta væri konan sem ég hafði verið að grennslast eftir. Svo gaman er nú að þessu öllu saman. Mikið er veðrið gott, himininn og heiðskíran eins og heima í norðanveðri og slík og þvílík jörð. Aldrei hefði ég getað trúað að jörðin¹⁹ væri svo feit og svo svört.

Við fórum á laugardaginn til sænsks *stórfarmara*,¹⁹ *närmare bestämt Skåning*²⁰. Hann átti 1150 *acres prerú* - 26 hesta og tvö folöld - veit ekki hve margar kýr. Stóran *köksträdgård* (*matjurtagarð*) sem var svo vanræktur að sveið í minni sál en allt óx - óx - óx. Fjórir synir heima og húsbóndinn, en svo sóðalegt útifyrir og húsin og allt í mestu niðurníðslu, var sem enginn skifti sér af hvernig liti út kringum heima. Hefði viljað sjá hana mömmu mína á þessari jörð, þá liti öðruvísi út - eða þó það hefði ekki verið nema ég sem hefði verið þar. Karlmenirnir voru að *träska*

¹ Fyrirgefðu.

² Fréttablaðið sænska.

³ Jakob Kristjánsson. Hann var áður mektarmaður á Akureyri en mun hafa hrökklast úr landi - og spjaraði sig - sem fleiri.

⁴ Hressa.

⁵ Einar Páll Jónsson (1880-1959) skáld og ritstjóri vestra.

⁶ Sigfús Halldórs (1891-1968) frá Höfnum. Ritstj. Heimskringlu, síðar skólastj. á Ak. og ritstj. í Rvík.

⁷ Kynnt.

⁸ Áhugaverð.

⁹ Þorbjörg (1904-84) var menntuð í píanóleik í London og kenndi síðast í Kvinnask. í Rvík.

¹⁰ Tónviss.

¹¹ Hrifin af.

¹² Áhugasöm um tónlist.

¹³ Ragnar Kvaran (1894-1939), prestur í Winnipeg 1922-28. Síðar *landkynnir* Íslands.

¹⁴ Rögnvaldur Pétursson (1877-1940).

¹⁵ Stríð um sálir.

¹⁶ Hlutlaus.

¹⁷ Veiti hjálpræði.

¹⁸ Jarðvegurinn.

¹⁹ Stórbónða.

²⁰ Bóndi, nánar tiltekið Skánverji.

säden¹ í eigin träsksmaskin.² Átta hestar og 8 karlmenn keyrðu og mötuðu träsksmaskinen *sint* og *eilíft*³ og höfðu þó ekki við.

Á sunnudaginn keyrði Hermannsson okkur til Selkirk og Gimli, borðuðum lunch með --- og keyrðum allan daginn. Við keyrðum veg á sléttunni sem var þráðbeinn og sléttur, 35 enskar mílur. Það var eins og að keyra beint inn í himininn. Fórum alla leið til Winnipeg Lake (*þar*) sem fjöldinn allur af Íslendingum lifir af farming og fiski. Hitti engan Íslending þar nema Einar Pál og nokkra með honum, hafði hann leitað að okkur fyrri part dagsins til að fá okkur með sér til Gimli. En þegar við hittumst vorum (við) öll á heimleið. En við fórum náttúrulega eitthvert kvöldið þangað út, til prestanna.

Í gær kom Sigfús Halldórs og drakk kaffi, *svenskt* gott kaffi með rúsínuköku. Kom kl. 1 - og sátum og kjöftuðum saman bara allan daginn, kl. var 8 þegar við litum á hana. Er nú margt ævintýrlegt sem á dagana hefur drifið - en fjandi er strákurinn orðinn að reglulegum manni. Hann hefur vaxið á alla kanta og er í miklu áliti í það minnsta hjá Svíum hér. Gengur beint og beygir sig ekki fyrir neinum; er *afgerður*⁴ *socialdemokrat*.⁵ Hann bauð upp á kvöldmat úti í bæ og höfðum við selskap frá 1-11 e.m. Ég veit mig aldrei hafa setið og skrafað og hlustað svona lengi og svona *intresseruð*.⁶

Einar Páll er sá sami, jafnmikill *poet* og *romantiker*⁷ - og eins mikill Vermlendingur sem hann hefur alltaf verið. Mikið vilja þeir allt fyrir okkur gera báðir blessaðir drengirnir. Þeir eru svo miklir Íslendingar báðir og hanga með ¾ hlutum af sálu og hjarta við Gamla-Ísland. Blessun yfir þeim fyrir það.

Fékk bréf frá Gvendi.⁸ Nokkrar línur eftir hann sjálfan en *slutklämmen: Skaffa frimärken!*⁹

Nú fer ég bráðum að vonast eftir bréfi að heiman. Ekki af því (að) ég sé neitt óróleg, en alltaf er gaman að heyra af ykkur og titunum mínum. Mundu nú eftir að skrifa mér ótt og títt, sérstaklega núna þegar ég er svo mikið með Íslendingum er það gaman - og svo um stelpurnar. Fæ ég aldrei nóg að heyra um Else-Mari og ef þú tekur mynd sendu mér hana. Á enga með nema sem er tekin af Manzi þegar hún var síðast á Íslandi.

Heilsaðu mömmu innilegast og skrifa ég nú fljótt aftur þegar ég er búin að heimsækja Rúnu mína, fóstruna mína gömlu. Vertu nú blessuð Ásta mín og klappaðu litla Brún frá frænku hans í Kanada. Ég sé þig svona í huganum þeysast á gæðingnum og nú heyrði ég að Brynja hefði verið á hestbaki líka. Datt hún ekki af baki og mölvaði klárinn um leið?

Heilsaðu öllum. Minntu Gvend á að senda blöð, hann gleymir því annars.

Lóa Vennerström til Ástu Guðmundsdóttur. Winnipeg, 18.9.1928.

Ásta mín, fyrirtaks! --Þakka þér nú afar (vel) fyrir bréfið og allar myndirnar og alla pistlana um Manzi¹⁰ mína, þar eru nú sálmar fyrir mömmusálina. Og er nú ekki leiðinlegt að heyra að hún kemur sér vel þó hún sé orðin þetta stór og ekki litla barnið lengur. Ég get nú séð hana fyrir mér, þar sem hún gengur á milli góðbúanna, það er nú ekki amalegt fyrir litla krúttið mitt. Og myndirnar! Þær voru ágætir, en þú mátt til að senda mér *copiu* af stelpunum í garðinum og þér og Glóu,¹¹ og máttu nefnilega til að gefa henni Rúnu minni þær, svo hún geti fengið að sjá hana Glóu. Mamma hennar var jú besta vinstúlka hennar.

Ég er reglulega stolt af ykkur innanum öll blómin og þetta allt vex. Brynja hefur jú sagt mér frá öllum þessum undrum í garðinum hennar Glóu. Brynja er hrifin af öllu vaxandi, en er nú heldur löt við að hjálpa til, en ég held að Else Mari verði til í að hjálpa til að hreinsa og reyta *ógresi*,¹² hún vill svo gjarnan hjálpa henni mömmu sinni. Á meðan ég man eftir; segðu Brynju að hún fái ekki að fara heim til Svíaríkis og til sinna kunningja fyrir en hún kunni íslensku, ég kem henni fyrir uppi í sveit sem smastelpu og þá verði hún að læra íslensku, og að mér er fyllilega alvara. Nú hefur hún svo gott tækifæri og ég vil að hún læri íslensku og það vel. Þegar fer að vetra, gætir þú ekki kennt henni svolítið að lesa og skrifa; það er erfitt að læra málið nokkurn veginn ef hún kann ekki að lesa það. Þetta þótti mér leiðinlegt að heyra, hún sem var svo dugleg síðast í íslensku. Skýrðu nú þetta fyrir henni vel og segðu að

¹ Þreskja korn.

² Þrekivél.

³ Sinkt og heilagt.

⁴ Sannur

⁵ Jafnaðarmaður.

⁶ Áhugasöm.

⁷ Skáld og sómantískur.

⁸ Guðmundur sonur Lóu mun hafa verið eftir í Svíþjóð, 16 ára gamall. Hann varð síðar bóndi á Glänne, jörð sem Lóa og Ivar keyptu til elliáranna.

⁹ Niðurlagið: Útvegaðu mér frímerki.

¹⁰ Else-Mari kjördóttir hennar, gift Boström.

¹¹ Eygló ræktaði frægan blóma- og grænmetisgarð í Nesi.

¹² Illgresi.

mamma sé alvarlega leið yfir þessum *case*¹ sem Íslendingar segja hér. Það er nú grín fyrir fjórða málið hjá gömlu Íslendingunum hér. Og það mesta grínið er að þeir hlæja að því sjálfir.²

Ég var nú úti hjá henni Rúnu minni í 5 daga í afskaplegu yfirlæti og hefði ég beðið hana að ganga á höndunum fyrir mig hefði hún áreiðanlegar reynt það. Já það var nú meiri dæmaleysan. Og frá morgni til kvölds í bíl akandi milli góðbúanna í þessu yfirlæti. Hvar (*sem*) ég kom var (*ég*) eins og ættingi heimt úr helju. Þangað komu Svíar gangandi og keyrandi að heilsa upp á mig og heyra frá *gammel lanne*.³

Ég mátti einungis fara heim til Svíanna því sem Björn Thorvaldsson maður Rúnu sagði: *Íslendingarnir eru svo margir og ef þú ferð til þriggja eða fjögurra, þá verða allar hinar fjölskyldur þínar komnar.*⁴ Ég hef sagt þeim það ómögulegt að þú getir komist yfir að heilsa upp á alla.

Þetta var ákveðið fyrirfram, ég fór með eins og viljalítið *kolli*⁵, því ég hefði helst þurft þess með að fá að sofa til 11 á morgnana og hvíla mig, ganga út á *filunum* (ökrunum) og *resta mig* (*hvíla*), umgangast kýr, hesta, kindur og hænsni. En þarna fékk ég ekki eitt augnablik annað en tala, tala, og tala við fólk. En mikið var nú gaman að því öllu saman.

Segðu mömmu að ég hitti hana Siggu, kölluð *stóra*, var vinnukona hjá Ólafi í Mýrarhúsum⁶ og giftist Hreini Hreinsyni, sem réri með pabba í Leirunni. Varð ég nú heldurenekki að segja fréttir heimanað. Þau heita nú Goodman og eiga mesta myndarheimili, sem sonurinn hefur nú. Og tók ég nú ráðin af og heilsaði upp á hann og fékk kaffi og pönnukökur. Rúna hélt stóreflis veislu (30 manns) og hélt þar *Sigga Stóra* ræðu fyrir mér: fyrir hefðarfrúnni frá Stokkhólmi, hm!!! Rúna er hér mesta myndarkona, á ljómandi mann og tvær stelpur og einn dreng - - sómafólk. Rúna tekur á móti öllum heldri mönnum sem koma í kaupúnið og þegar ég kom þar bjó þar presturinn sem átti að predika í samkomuhúsinu. Eins og gott guðs barn fór ég í kirkju með þeim öllum. Og vil ég segja að ekki var það heppilegt fyrir prestinn. Það var í fyrsta skipti sem hann átti að predika fyrir þessum söfnuði og hér, eins og annars staðar, er stríðið um sálir snarpt. Og - hann var kominn inn í húsið - en enginn skipti sér af prestinum, allir flokkuðust saman kringum mig, heilsuðu og spurðu endalaust og þó presturinn hefði aldrei sagt neitt hefði enginn tekið eftir því. Og heima hringdi *telefóninn* allan daginn að bjóða og spyrja - og kl. ½9 komu karlarnir keyrandi og tóku mig bara með sér. Rúna hafði jú bíl líka en hún réð ekkert við þessa bylgju sem hún hafði sett á stað, því viku áður en ég kom vissi öll sveitin af því, að ég ætlaði að koma.

En guð minn góður hvað ég var þreytt. *Trainin*⁷ til Winnipeg frá kl. 7 um morguninn og ég sofnaði á augnablikinu og ég settist og svaf til *togið* var frammi í Winnipeg. Í tvo daga lét ég engan vita af mér og svaf og skrifaði, en á laugardaginn, þá var Ivar kominn, vorum við boðin í *lunch* með enska *socialistchefanum* hér. Á *supé* hjá miss Thompson, sem var í Stokkhólmi í fyrrasumar.

Sunnudaginn: á svenskum silfurfólfarmí - 675 silfurfólfur - og þar var fullt af Svíum. Um kvöldið hjá frú Brand (systurdóttir Ólafíu Jóhannsdóttur) með Sigfúsi Blöndal og hans kærustu - en Ivar var svo uppgefinn svo að hann fór heim og lagði sig. Í dag á miðdag hjá Svía, á morgun *lunch* hjá miss Thompson og einhverri annarri *social-woman*⁸ og að ég held *premierminister*,⁹ heyrðist hún segja eitthvað um slíkt í telefon. Og svo er Ivar á einlægum

*audiensum*¹⁰ hér og hvar og svo kemur hann heim með bækur fullar af *anteckningar*¹¹ og svo skrifa ég þær upp fyrir hann, svo hefur hann allt á sama stað. En það er *interessant* - en þreytandi. Í næstu viku förum við til Kyrrahafsins, 3 dægur í togi - en við kannski stönsum eitthvað á leiðinni; keyrum við ekki alla leiðina í einu. - Hætti nú um stund.

19. sept. Kem nú mett og góð frá *lunchinum* með þessari *social woman* og miss Thompson. *Premierministeren*¹² hitti Ivar áður og talaði og pumpaði í klukkutíma. Mikið er nú gaman að miss Thompson og hvað hún vill fyrir mig og okkur gera. Í gærkvöldi er við komum heim stóð við dyrnar stóreflis blómvöndur með *gladiolus* og *ylanbaunir* og bréfi. Maður verður nú alveg að smjöri yfir öllum þessum vinalegheitum. Á laugardaginn og sunnudaginn tekur hún mig alveg að sér, þá fer Ivar út til *Flin-Flon* námanna; honum finnst best að ég sé heima; erfitt er að komast þangað.

Þá ætlum við út í göngutúr til lítils fransks bæjar nokkrar enskar mílur frá Winnipeg og þar á að vera lítill yndislegur *restaurant*. Já hún er sem sagt nokkuð makalaus og svo gaman að henni. Jú ég skrifaði þér víst langa og marga pistla um hana í fyrra og hún er eins ef ekki enn meira makalaus nú.

¹ Tilfelli eins og Íslendingar orða það nú.

² Lóa hló ekki að eigin máli.

³ Sænsk mállyska: Gamla landinu.

⁴ Móðgaðar.

⁵ Pakki.

⁶ Ólafur Guðmundsson, Mýrarhúsum. Hvatamaður skóla á Nesinu.

⁷ Lestin.

⁸ Félagsmálakonun.

⁹ Forsætisráðherra.

¹⁰ Viðhafnarviðtölum.

¹¹ Minnispunktum

¹² Forsætisráðherra.

Jæja litla krúttið mitt hún Manzi þykir gaman að ríða. Ætli hún sé ekki eitthvað í ætt við okkur kannski. Brynja mín er eins og sátu á litla Brún. Hún situr og liggur náttúrulega alltaf og hreyfir sig ekki. Ég ætla að senda hana til Kanada hvað líður og láta hana stúdera þar og koma henni áfram í heiminum og slíta af sér fitunni. Sjálf hefði ég ekkert á móti að setjast hér að og fara hvergi heim aftur. Svona er ég. Hef aldeilis voða fína *idé*¹ að slá mér fram ef á þyrfti að halda.

Allt er að vaxa og þroskast, allt í *utveckling*.² Og það *intresserar* mig nefnilega aldeilis sérstaklega. Finnurðu að ég er að fá *Ameríkufeber*³ og það eftir að vera komin hingað. Það gengur náttúrulega yfir eins og annað hjá mér.

Hvað eigum við að gera við Brynju og hennar íslensku? Ráddu eitthvað út úr því, Ásta mín. Mér þykir þetta alvarlega leiðinlegt. Hélt og vonaðist til að hún myndi áreiðanlega verða flugfær eftir svo marga mánuði. En hvernig gengur fyrir litla hjartanu, hún er auðvitað farin að slampast áfram, hún sem alltaf er með börnum sem ekki kunna annað. Hún er fín hún!!

Heilsaðu nú öllum og þakkaðu fyrir hana, bæði hinum megin⁴ og þeim inn frá og svo ykkur öllum saman. Þessi vera hjá ykkur mun hún eiga sem yndislegustu minningar af æskunni. Ljómandi idé að leggja hitaleiðslu og steypibaði ætti að vera hægt að koma fyrir í það minnsta. Gefstu bara ekki upp. Stattu!!

Heilsaðu öllum heima; taktu Brynju og skammaðu hana frá mér! en kysstu hana líka, því hún er væn og góð litla krúttið; lofaðu henni að koma á bak uppáhaldinu þínu. Væri gaman að hún lærði að sitja hjá ykkur. Hún þarf ekki að skrifa mér, annað en þegar er slæmt veður.

PS. Hvað heitir Svenni⁵ í eftirnafn? Segðu mér það næst. Kem til Saskatchewan og ætla að reyna að leita hann uppi. Spyr eftir Svenna frá Nesi.

Lóa Vennerström til Ástu Guðmundsdóttur. Winnipeg, 12.11.1928.

-- Þúsund þakkir fyrir stórt og kærkomið bréf sem ég fékk er ég kom til Winnipeg, og var mig nú heldurekki farið að lengja eftir fréttum frá ykkur heimanað - og sérstaklega frá litlu stelpunum og hestunum (um sorgina þína og heimilisins þori ég ekki að fara út í því þá fer ég líka að gráta). Ég stórgret er ég las bréfið þitt Ásta mín. Ég skil þig meir en vel. Eitt er bara víst að hestur sem er vinur manns er orðinn hluti af manni sjálfum. Og því ættir þú ekki að syrgja hann eins og vin.



Guðmundur Guðmundsson á Stóra-Brún

Ásta! Eitt langar mig til að biðja þig um. Ef þú átt nokkra góða amatörmynd af þér á Brún þínum, þá láttu stækka hana svolítið handa mér, ég vil hafa ykkur bæði á veggnum við hliðina á gamla Brún og Gvendi bróður. Þú færð nýjan hest, indælt og ég samgleðst þér Ásta mín, mamma er frú sem skilur þetta svona vel - en hún missti jú Brún einu sinni og hann var hennar tíunda barn, svo það er náttúrulegt að hún skilur. Þér kemur (til með) að þykja eins vænt um hann, ef ekki vænna.

En nú hefði verið heppilegra að þú hefðir verið í Stokkhólmi í vetur, þá hefði ekkert dregið þig heim svona hrapalega eins og síðast. En það skildi ég líka vel, því hvað er að vera í bæ í öllum gauragangi á móts við (það að vera) heima og hafa hest. Ekkert jafnast á við hest (ég undanskil Ivar og krakkana mína). Hvað hefði nú verið gaman að vera með í reiðtúrum með Manzi minni, hvað hún hefur haft gaman og hvað hún hefur gaman alla daga litla krúttið mitt, og á það nú við hana að hafa alla í vasanum, því systkini hennar eru ekki svo sérlega veik fyrir henni, og ég býst ekki við að hún sakni þeirra svo sérstaklega. Hún er jú mömmubarnið í Álsten.⁶ -- Jæja Brynja mín,

¹ Hugmynd.

² Vexti.

³ Var stundum nefnt ameríkuveiki.

⁴ Vestari hlutinn af Nesi.

⁵ Sveinn Sveinsson, f. 1911 í Reykjavík var eitt af þeim mörgu börnum sem Kristín tók að sér. Fluttist ungur til Ameríku. Var sagður systursonur Kjarvals. Hann tók þátt í síðari heimsófriðnum og bardist á Ítalíu, Hollandi og Þýskalandi. Mér hefur ekki tekist að hafa upp á upplýsingum um hann, jú eina litla mynd. Fáa hef ég heyrt tala jafn ve log mikið um *fænda Kjarvals*.

⁶ Álsten, nýtt hverfi í Stokkhólmi, þekkt fyrir fagra húsagerð, - líka þekkt á íbúa. M.a. bjó þar seinna Per Albin Hanson forsætisráðherra.

kannski giftist hún einhverju misjöfnu eins og pabbi hennar og hún þarf á sínum gæðum að halda. Verður nú ekki smávegis lítið gaman að hitta alla sína unga aftur og koma heim úthvöld og glöð. Þetta var nú nokkuð fyrir mig að fá að komast burtu -- og fá að gera þessa ferð með mínum ágæta manni *vars studie-intresse*¹ er óbılanlegt. Alltaf á *fartinni* nótt og dag, pikkar upp fólk af öllum sortum og spyr og spyr. Skil ekki hvernig hann heldur út. 20 nætur hefur hann keyrt á járnbraut og svo unnið á daginn og alltaf jafngóður og jafnglaður. Vesturferðin tók 38 daga, þar af 12 næturferðir. Mikið var það nú *interessant* allt saman og mikið fallett og ólíkt hef ég séð, og margt duglegt fólk, en það er langt mál sem er betra að geyma (þar) til ég sé ykkur heima. Meiningin er nú að koma heim í vetur. Ivar vill að ég verði honum samferða heim á Kungsholm² sem fer frá New York þann 8. Verð heima yfir jól og legg svo á stað heim til Íslands í byrjun janúar. Kem þegar ég kem, spássera fram að Nesi og ber að dyrum. Þessi ferð getur ekki verið hentugri nokkurn tíma fyrir mig. Dæturnar til að sækja, þessi góðu hjón sem sjá um Gvend og Ivar og húsið. Ómögulegt að hafa það betra. --

Í dag er þessi breski *thanksgiving day* með tveggja mín. þögn og friðar og kirkjuferðir og slíkt. Einar Páll vildi við kæmum með sér í Lúthersku kirkjuna (ekki Unitara - Kvarans) en íslensk þó. Og við erum að hugsa um að sjá þeirra guð líka. Í þessu landi eru margar tegundir af guði almáttugum, og hver fyrir sig er sá eini sanni. Fékk lánaða Kristínu Lavrandsdóttur af frk. Thompson, hef ekkert að lesa. Er byrjuð og hálfnuð með fyrsta heftið. Vil ég segja að stúlkurnar og konurnar lifðu víst frískt og frítt í þá daga, allar voru óléttar þegar þær giftust, flestar með öðrum manni en þær giftust - og svo talar fólk um siðprýðina á fyrri tímum.



Lóa ung

18. nóv. Ekki varð nú úr að ég kláraði bréfið og er nú komin heil vika síðan ég byrjaði, en ein löng ringulreið alla vikuna. Ég er svo þreytt og hálf leið á öllu þessu fólki og tali. Er gott að hugsa til 10 daga ferðar á sjónum og fá að hvíla sig eftir allt saman. Hefi verið úti með frk. Thompson á *krysantemum* sýningu inni í vermihúsi, mikil lifandis ósköp var það nú fallett. Hundrað eftir hundrað af allavegana tegundum, stórum sem barnshöfuð, og allan daginn stóð fólk í fylkingum að komast að og sjá. --

Fékk bréf frá Brynju minni og sagði hún mér heldur en ekki frá afmælisdýrðinni hjá Manzi minni - babúskurnar³ og svo *paraplyið*⁴ og svo engin rigning, já er það ekki svo maður ekki getur sagt neitt við slíku og þvífku. Er sem ég sjái hana, regnhlíf hefur nú alltaf töfrað hana og eru þegar tvær heima sem hún hefur spásserað með svo enginn getur meira notað þær. -- Kysstu mömmu þangað til ég kem og geri það sjálf með þakklæti. Ivar fór í dag til Regina og Calgary og verður 5 daga í burtu og á sunnudaginn kemur förum við líklega héðan.

Þessa viku sit ég með mína maskínu í þinghúsinu í eigin stofu og skrifa af gömul rit. Í gær vorum við í *Gimli* við *Winnipeg-lake* í *Íslendingasettlementinu*. Heilsuðum þar á meðal upp á elliheimilið, sem er reglulegt óskabarn Vestur-Íslendinga. Hitti þar gamlan þingmann sem heitir Halldór Daníelsson, sem ekki bara þekkti mömmu, heldur þekkti báða hennar foreldra og foreldra pabba líka. Hitti þar 95 ára gamla konu sem spann frá 7-7 um eftirmiðdaginn. Kom hingað 55 ára og aldrei leiðst. Sonur hennar er læknir í Glenborn. Talaði við hana lengi og þegar við ætluðum að fara, því allir sváfu miðdegissvefn sagði hún upp á gamlan íslenskan máta: *Nei ekki megid þið fara fyrr en þið eruð búin að fá kaffi*. Með okkur var Jakob Kristjánsson bróðursonur⁵ fjármálaráðherra heima. Hann hefur tekið Ivar með sér í ferðalög og verið afskaplega hjálpsamur. En hann sagði líka við mig að *Ivar sé sá eini skandinaviski blaðamaður sem hafi viljað kynna Kanada og nennt að skapa sér meiningu um landið*. Ágætis drengur og í fyrirtaks álit hér bæði hjá Svíum og Kanadensurum.

Vertu nú margblessuð Ásta mín. Kysstu krúttið mitt elskulega og kenndu henni það sem þú vilt leggja á hana, vona að hún verði ekki svo lærð er ég kem heim að ég kannist ekki við hana, hjartabarnið. Blessuð, blessuð og allir kvaddir ástúðlegast! --

¹ Áhugi á rannsóknum.

² Frægt eimskip.

³ Kelringarnar - rússneskt tökuorð.

⁴ Regnhlíf.

⁵ Bróðir Magnúsar fjármálaráðherra, 1927-28.



Guðmundur Ólafsson - Gvendur í Mýrarhúsum



Við Veltuna, Austurstræti 1. Þá var í húsinu bókaeverslun Eggerts P. Briem. Afgreiðslustúlkurnar eru f.v.: Þórdís Briem, Matthildur Edwald, Áslaug Borg og Fjóla Haraldsdóttir. Hægra megin var gengið upp á loft. Þar sést skilti lögfræðistofu Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Ásgeirs Guðmundssonar.

Úr viðtali við Friede P. Briem. Morgunblaðið. 4.7.1989.

-- Þegar ég kom heim (frá Khöfn) fór ég aftur að vinna hjá Eimskip. En sú skipan hélst ekki til frambúðar. Einn daginn hélt stjórn félagsins fund og ákvað að lengja afgreiðslutímann um eina klukkustund á degi hverjum. Ég vildi ekki una því að stjórnin fyrirskipaði að lengja vinnutíma minn án þess að ég fengi meira kaup og fór til Emils Nielsen til að mótmæla en það þýddi ekki neitt. Þá sagðist ég ætla að hætta og stóð við það þegar þeir héldu sínum ákvörðunum til streitu án þess að vilja borga meira. Ég var svo heppin að fá undir eins vinnu á lögfræðiskrifstofu hjá Sveini Björnssyni, Guðmundi Ólafssyni og Péttri Magnússyni. Sveinn hafði áður verið formaður stjórnar Eimskips og vissi að ég var góður vélritari. Mér er minnisstætt frá þessu starfi að ég fór oft með ritvélinu inn til Guðmundar og hann las mér fyrir en ég skrifaði jafnóðum. Hann hafði svo slæma rithönd að ég átti í erfiðleikum með að lesa hana, svo við höfðum þennan hátt á og gekk vel.

Þetta sama sumar, 1927, gifti ég mig Ásgeiri Guðmunssyni frá Nesi við Seltjörn. Hann var lögfræðingur og einu ári eldri en ég. Ásgeir var nokkra mánuði í námi í París, góður frönskumaður.

Við höfðum kynnst áður en ég fór til Danmerkur, hann bauð mér oft á böll og að koma í takt sem merkti að fara saman á skauta. En skömmu áður en ég fór út kom til mín maður sem ég þekkti og sagði mér að Ásgeir væri alltaf á Mensa Academica að staupa sig ásamt fleirum. Staður þessi var matstofa stúdenta og var þar sem nú er Café Strætó og áður var kaffistofan Mensa. Þessi maður sat við kaffiborðið heima og nánast rakkaði Ásgeir niður í minni áheyrn mína og móður minnar. Þetta gerði mig svo hrædda að ég kvaddi Ásgeir ekki. Ég vildi ekki skipta við drykkjfellda menn. En um veturinn eftir að ég kom til Danmerkur fékk ég bréf frá Ásgeiri þar sem hann bar af sér drykkjuskapinn og sagði að slíkt tal væri rógur illviljaðra manna. Hann sagði jafnframt að hann vonaðist til að ég gæfi honum tækifæri til þess að sýna að hann væri ekki drykkjfelldur. Ég svaraði og sagðist ekki trúa neinu illu um hann og svo varð það ekki meira fyrr en ég kom heim. Þá fékk hann tækifæri til að sanna að hann væri ekki drykkjfelldur. Við vorum svo trúlofuð í nokkur ár og var það mjög skemmtilegur tími. Meðal annars fórum við eini sinni riðandi upp í Borgarfjörð með hesta sem við áttum að skila. Við gistum að Hvítárvöllum og þurftum að fara yfir Hvítá sem þá var óbrúuð.

Áður en við giftum okkur var Ásgeir búinn að stofna lögfræðiskrifstofu með Stefáni Jóhanni Stefánssyni í húsi sem kölluð var Veltan og var í eigu Kristínar Ólafsdóttur, móður Ásgeirs. Guðmundur Einarsson, faðir hans, sem var útvegsbóndi, hafði keypt það hús löngu áður. Guðmundur druknaði þegar Ásgeir var sjö ára gamall, en húsið var áfram í eigu fjölskyldunnar. Á þessum árum giftu ábyrgir menn sig ekki fyrr en þeir þóttust þess fullvissir að geta séð fyrir fjölskyldu. Við giftum okkur í Dómkirkjunni, Jón Helgason, móðurbróðir minn, gifti okkur. Á eftir var haldin stór veisla og svo gengum við niður í Tjarnargötu 24. Við hófum búskap að Vesturgötu 16. Þar var maður að

byggja og hann leyfði Ásgeiri að byggja eina hæð ofan á húsið og þetta hús stendur enn. Þetta var ágætt húsnæði en því fylgdi ekkert þvottahús svo ég varð að fara með þvottinn niður í Tjarnargötu til mömmu. Ég fékk dönsk stofuhúsgögn frá mömmu í brúðargjöf. Í minni fjölskyldu tíðkaðist að stúlkur fengju heimanmund og þá oftast í formi stofu og svefnherbergishúsgagna.

Á Vesturgötunni fæddist Eggert eldri sonur okkar árið 1929 en skömmu síðar leigðum við okkur hæð í nýbyggðu húsi við Bergstaðastræti. Þórhildur systir mín var þá nýflutt að Bergstaðastræti 76. Hingað fluttum við 1. desember 1930. Sama daginn sem við flytjum inn fórst togari sem annar eigandi hússins var á. Skipið fórst á sjónum milli Bretlands og Íslands og með því allir sem á því voru. Nokkru síðar var húsið auglýst til sölu og við Ásgeir keyptum það. Hér leið okkur mjög vel og hér fæddist yngri sonur okkar Páll árið 1931.

Gústav Jónasson yrkir um Ásgeir

Ekki langt fyrir utan bæinn
útvið himinbláan sæinn
þar sem aldan allan daginn
ymur þýtt við gleðisköll
stendur hin fræga forna höll.
Allt í kring er iðgrænn haginn
en í fjarska dimmblá fjöll.

Af því brátt minn óður víkur
Ásgeir þykir fáum líkur,
auðnustór og risnuríkur
ræður hann yfir miklu fé,
- öllum lætur allt í té.
Hvergi trúir ég að hittist slíkur
hér þó víða leitað sé.

Út í Nesi upp er fæddur
í æðstu skólum landsins fræddur
hæfileikum góðum gæddur
gefið er honum mikið pund
ríkidæmi og rausnarlund.
Í örðugleikum engum hræddur
þótt öðrum virðist lokuð sund.

Leynist oft í hraustum herðum
hreinn og beinn í öllum gerðum
þótt við hinir hálfir verðum
og Hermann leiki “dobbeltspil”,
slíkt á Ásgeir ekki til.
Þekktur mjög af Frakklandsferðum
á flestum tungum kann hann skil.

Gott er að hyggja hvar við stöndum

hróður berst af Íslandsströndum
ef við mannavalið vöndum
til víkingsferða um höfin blá
gott er að eiga Ásgeir þá.
Sómi er að honum suður í löndum
svo hefur Nordal greint mér frá!

Eins og mjög að líkum lætur
löngum er hann konum mætur
fíknar voru Frakklandsdætur
í faðmlög þessa dánumanns.
En hérna grétu heimasætur
yfir hegðuninni utanlands.

Engan veit ég í hann hnýta
ekki ber á slíkt að líta
þótt Erlendur með kollinn hvíta
og kjaftinn glenntan upp á skaft
kalli hann “flón og fylliraft”.
Alvanur í alla að dríta
ætla ég slíkt að litlu haft.

Gústav Jónasson

Gústav var lögreglustjóri, síðast ráðuneytistjóri, þekktur
revíuhöfundur, skáldmæltur. Sjálfur gerði hann lítt úr þeim
hæfileikum, hélt ekki kveðskap sínum til haga. Þekktast
revíuljóða nú, Tóta litla tindilfætt, var oft eignað Páli
Skúlasyni, ritstjóra Spegilsins, frænda mínum og Steinunnar,
án þess að Gústav maldaði í móinn - ekki Páll heldur, svo eftir
væri tekið!

Gústav átti Steinunni dóttur Sigurðar Sivertsen
guðfræðiprófessors og Þórdísar Helgadóttur, er dó ung,
prestkona að Hofi í Vopnafirði, systir Álfheiðar Briem. Þannig
höguðu örlögin því að þær Steinunn og Friede giftust þessum
góðu vinum.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Ásgeir Guðmundss. Álsten. 27.8. 1929.

-- Ástarþakkir fyrir bréfið og allar mínar haminguóskir með soninn Óla-Eggert, eða Eggert Ólaf - nafnið er ágætt - ég ætla bara að snúa því svona við fyrir mig. Aumingja Fríða, erfitt er það oft - en svona er það nú það erfiðasta sem fyrir kemur og máttu varla leggja slíkt á hana einu sinni til, þó oftast sé fyrsta barnið erfiðast. -- Vona ég nú sé blessunin orðin góð og allt í lagi -- Ég varð *hysterísk*¹ þegar Else-Mari var á leiðinni, þegar ég hugsaði til þessara óskapa, og þó gekk allt normalt og ekki sérlega erfitt; en *fy for den lede*,² hvað það var ógurlegt.

Jæj, Geiri minn, þá ertu orðinn pabbi, svona blátt áfram, voða piltur hlýtur þetta að verða svona smám saman, með svona framúrskarandi familíur. Ég var að segja Else-Mari frá þessu öllu, sagði henni það svo sem þrisvar sinnum Sagði hún að síðustu: „*Segðu það ekki aftur, ég verð svo leðsen*“³ að hugsa hvað Fríða átti bág.⁴

Pálmi Hannesson og frú fluttu mér fréttirnar fyrst. Þau voru hér í hálfu viku og voru í *middag*⁴ hjá okkur. Svo var Ivar með með þeim í tvo daga -- Ivar var -- *imponeraður*⁵ af Pálma. „*Hann vissi hvað hann vildi vita*“ og veit ég ekki að Ivar hafi verið svo imponeraður af neinum Íslendingi sem hingað hefur komið. -- Mér hefur nú alltaf litist fjári vel á Pálma, *intelligent*⁶ og röskur, en þó fannst mér hann tífalt betri en áður. Hann er fæddur til að stýra og stjórna, fullur af *ideum*.⁷ Reglulega gaman að hitta hann. Ég var ekki eins hrifinn af konunni.⁸ Hún er *intelligent* og er með í hans verki talsvert, en hún er ekki röskleg og -- engan *charm*,⁹ ég náði engum kontakt við hana. Þín kona hafur *charm*.

Ivar er inni í bænum að halda fyrirlestur, krakkarnir eru heima og höfum við spilað og sungið. Hér er alltaf ungið - sérstaklega að heimsækja Brynju¹⁰ og fullt af ungum piltum. Það lítur út fyrir að verða ös af *biðlum*, ef þessu heldur áfram, en anginn er orðinn voða sæt, mjó og spengileg eftir öll böðin í sumar.

Gvend¹¹ ætlum við að senda til Þýskalands í haust til að læra málið -- og svo til Englands. Svo er meiningin að hann vinni við húsabyggingar. Ætluðum við að koma honum í haust til bygginga, en *arkitekt* sem Ivar ráðfærði sig við lagði fast að honum að hann lærði málin fyrst og hitt seinnar. Hann er mjög *intresseraður* og ekkert ragur við að fara einn út í heim. -- Verður erfitt *ökonómískt* í haust, en það verður að ganga einhvern veginn. -- Else Mari er löng og mjó, en þögul. Verð að raða í hana mat til þess að fá svolítið kjöt á beinin, er villt í sund og þykir gaman að skólinn er byrjaður. --

Ég er á sama máli um Ástu (*systur þeirra*). Mér finnst vandræði að ómögulegt sé að koma því svo fyrir að stelpugreyði fái ekki sína mánaðarpeninga. Geturðu ekki, án þess að allt fari í eld, fundið upp á einhverju. Það var svo sorglegt þegar Ásta var hér úti að hún hafði enga peninga, gat ekki farið í leikhús, bókstaflega ekkert gert sér til gamans. -- Ég skil bókstaflega ekki hvernig hún og Glóa (*Eygló Kristinsdóttir fóstursystir þeirra*) standa út. -- Væri ekki hægt að útvega henni svo sem svona 2 þús. kr. svo hún gæti hreyft sig svolítið. Hugsa sér að eiga eftir eina stelpu, sem gerir allt sem hún getur upphugsað til að vera mömmu til skemmtunar og hjálpar -- ég gef minni stelpu 5 kr. á viku, svo fátæk sem ég er -- en ég veit hvað það er þroskandi að hafa auraráð, þurfa ekki að horfa í hvern aur.

¹ Óttaslegin.

² Fjandakornið.

³ Leið.

⁴ Kvöldverð.

⁵ Hrifinn.

⁶ Gáfaður.

⁷ Hugmyndaríkur.

⁸ Pálmi Hannesson (1898-1956) rektor Menntaskólans í Reykjavík og alþingismaður. Ragnheiður Skúladóttir Thoroddsen (1899-1966).

⁹ Þokka.

¹⁰ Brynja= Brynhild Vennerström (1913-).

¹¹ Guðmund Vennerström (1912-1977) bóndi að Glänne á Vermlandí.

En hver á að stinga upp á slíku, þegar maður man eftir hvaða leiðindi urðu út af því sem þú lagðir út fyrir mig, Geiri minn. En heiður og þökk bróðir og vinur, (*það*) var glæsilega hugsað og kom sér afar vel, kannski aldrei fyrr en aurar hjálpuðu mér eins vel og þá, því þingpeningar urðu *gljúpir* þegar ég var burtu - sem ekki var furða - og gat gert mig alveg skuldlaus - og svo kom þetta eins og ég hefði fengið óskastein í hendurnar - aldrei dottið slíkt í hug, Geiri minn, ennþá einu sinni þökk - þætti vænt um að einhverntíma geta launað þér greiðvikni og hugsunarsemi.

Mundu eftir, Geiri minn, að sjá um að fá *ventila*¹ í herberginu, ef ekki vegna ykkar, þá vegna Óla-Eggerts, fram yfir alla hluti að hann hafi frískt loft alltaf - litla krúttið hann Óli-Eggert.²

Vertu nú blessaður, Geiri minn, og berðu Fríðu ástarkveðju. Vona að allt sé *quite well*. Ef þú skrifar, Geiri minn, gerðu það fyrir mig að skrifa á maskínu, ég átti aldeilis voða bágð með að komast að efninu í bréfinu þínu. Ég verð að lesa aftur og aftur, alveg eins og útlensk tunga væri, en ég er aldeilis klaufi að lesa skrift í það heila tekið.

Vertu margblessaður. Sendi ég syninum allar mínar góðu óskir við skírnina sem hefur farið fram eins og átti og Fríða orðin frísk --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Önnu Guðmundsd. Álsten, 23.12.1929.

Anna mín! Hvernig getur nú svona gáfuð, skilningsgóð og hugsandi kona skrifað og sent svona bréf, sem þú sendir mér til jólanna? Að þú skrifaðir bréfið er bara gott, því það léttir, en maður sendir ekki svona bréf til systur sinnar sem býr langt í afkróki veraldar, ef hún hefur ekki drýgt synd á móti þér, sem má til með að *straffast*.³ Því, Anna mín, um jólin er maður dálítið öðruvísi en annars. En, Anna mín, ef þetta bréf hefði komið frá einhverjum öðrum, þá hefði ég orðið hissa, en nú var það frá þér, og því að mörgu leyti skiljanlegt.

Nú ætla ég fyrst svolítið að ganga inn í bréfið þitt, þótt kannski væri klókast að hreyfa ekki við því, því kannski núna, eftir á, vildirðu kannski alls ekki kannast við það sem úr þér hefur flogið.

Fyrst: Gastu ekki, systir mín góð, skilið að manneskja sem er búin að vera burtu frá sínu heimili og á ferðalagi í 8 mánuði, hefði kannski eitthvað annað sem tæki tímann hraðar en bréfaskriftir?

Að lokum skrifaði ég þér, og að mig minnir, afsakaði að ég hefði enga afsökun - t.d. hefi ég einungis skrifað eitt bréf til minna vina og kunningja í Ameríku - bara til hennar Rúnu minnar. Bréf lá fyrir mér frá henni þegar ég kom heim - þetta er fyrirgefandlegt, því þetta er jú *relativt*⁴ ókunnugt fólk mér og getur tekið það illa upp, af vanþekkingu á mér.

Ég er -- innilega þakklát fyrir allt sem manneskjur gera mér gott, og það er einsog það verði ennþá meira yfirgnæfandi af því ég er trassi við að skrifa.

Anna mín, ég þakkaði þér fyrir að hafa haft Brynju heima. Þið voruð öll henni svo góð og indæl. Þú talar á móti betri vitund að skella á mig því „að mér hefði fundist eitthvað athugavert“.

Aldrei hafði ég nein leiðindi eða hugsun um stelpurnar mínar á Íslandi, og bara það að þú og mamma tókuð þær, gerði það mögulegt að ég gat farið (*til Ameríku*). Ég vissi að þær voru í þeirri bestu hönd, sem ég gat óskað, svo ég var viss. Alltsvo: Að ég ekki skrifaði var trassaskapur, en ekki óskiljanlegt.

Að ég hafi skrifað til Ástu liggur öðruvísi til. Í öll þessi 19 ár sem ég hef verið hér, hef ég alltaf skrifast á við Ástu, jafnt og stöðugt, einu sinn til tvisvar í mánuði. Hún hefur kannski haft bestan tímann. Hún skrifar þegar andinn kemur yfir hana, eins og ég. Gegnum hana hef ég staðið í sífelldum *kontakt* við Nes, skyldfólkið og ættjörðina og ég vil segja og fullvissa (þig) að enginn Íslendingur sem býr utanlands, í svo mörg ár, hefur viðhaldið sambandinu við landið og sitt fólk eins og ég og það er mikið (gott) að fundist hefur manneskja sem stóð mér svo náíð andlega og sem skrifar mér stöðugt, ekki einu sinni eða tvisvar á ári.

Ég spurði Brynju mína - ég spyr ekki börnin mín - því milliburður er eyðileggjandi - upp á æru og trú - trúðu nú okkur báðum; hvort hún nokkru sinni hefði verið spurð í Nesi um þig og þitt heimili.

¹ Hér á hún við gott loft sem hún lagði mikið upp úr heilsunnar vegna.

² Hét í höfuðið á móður- og föðurbræðrum mínum. Lóa vildi að Ólafs-nafnið hefði komið á undan, sem er vel skiljanlegt.

³ Refsa fyrir.

⁴ Heldur.

„Aldrei“ sagði hún, „men moster¹ Anna trúði því ekki“. Anna mín, trúðu mér einu sinni enn, ég var sex vikur heima. Í Nesi sagði enginn neitt um þig, nema það besta: Að þú værir myndarleg og *intrusseruð* af garðinum og búskapnum og værir miklu frískari eftir að þú komst í Ráðagerði en meðan þú bjóst inni í bæ. Einu sinni spurði ég hvers vegna Kristinn sæist aldrei heima í Nesi. Mamma segir „Æ, þeir eru eitthvað ósáttir Einar í Bollagörðum og hann og það lítur út sem hann komi ekki hingað heldur“. Ég spurði einskis og enginn sagði mér heldur neitt. Ég veit það þarf ekki mikið svona bæja á milli og mig varðar heldur ekki um það neitt, en hitt - tók eftir því daginn eftir að ég kom, að eitthvað hefði komið (upp) í milli - þegar þú ekki vildir koma með mömmu og mér að Bollagörðum, og var ég dálítið hissa, því meiri lukka milli skyldfólks en milli Einars og ykkar, meðan þið bjugguð á Frakkastígnum, var erfitt að finna. En allt getur jú breyst og eins er það með Ástu. Manstu þegar þú heilsaðir upp á mig í Sollefteå, engin orð voru nógu sterk um ágæti hennar Ástu, ég varð nærri hrædd um að hún væri eitthvert sérstakt *dyggðamunstur*, en guðslof hún var vanaleg syndug manneskja með brestum og göllum.

Ásta finnst mér vera einhver sú huggulegasta og almennilegasta stelpa sem ég þekki til. Hún „*kritisera*“² þig víst ekki, hún lætur þig alveg hlutlaus. En ég verð að segja þér eitt. Þú, eins og við fleiri, sérð betur það sem vanti í orðum en sem vanti á öðrum og sem vanti á sjálfa þig. Þú ert áreiðanlega í afskaplega miklu álit hjá *intrusseruðum* og stórfrúnum í Reykjavík.

Þú hefur alltaf verið hafin upp til skjáanna fyrir alls konar ágæti, og ég býst við að enginn af okkur öllum hafi hvorki öfund (*af*) eða haft neitt illt af því -- en maður getur ekki verið eins við allt fólk. Meðal okkar vanalegs fólks er svolítið erfitt með þínar dýfur. -- Ef ég sagði eitthvað um einhvern, man sérstaklega eftir samtali um Guðmund í Nýjabæ (sem ég er í engum vafa um hvað þér finnst um) og svo Lóu prests. Þú álfur þig alltaf kallaða til að setja ofan í við mann, vera einslags „*móralskur vöndur*“.

Sérðu Anna mín, ef ég álit einhvern vera „*ett kräk*“³ þá hef ég ekkert á móti að segja mitt álit - ég segi það og stend fyrir því sjálf. En þú kemur alltaf með þitt sama, að slétta yfir, setja ofan í, og á mig verkar alltaf slíkt þannig: Annaðhvort er sú manneskja án mögulegleika að *reagera*⁴ móti skítmönnum og ódrengskap - eða hún vill sýnast. Að vera *tolerant*⁵ er gott, en að *tolerera* skítmenni er annað, það er *degeneration*.⁶ Hvorum klassann þú tilheyrir veistu sjálf, því þú *reagerar* móti ódrengskap og skítmönnum eins og ég - og að þú getur *kriticerað*⁷ sjálf, sýnist á bréfinu þínu - þú dæmir eins og við - þú ert *mensklig* - *gudskelof*!⁸ Til og með, Jesús Kristur dæmdi skítmenni. Með þessu meina ég ekki að þú þurfir að beygja þig niður á við um umgengni við t.d. Ástu og mig. Við stöndum þér hvorugar neitt að baki - þú hefur þína kosti og við höfum aðra - og ef þú vildir - gerðir þér svolítið erfiði - að skilja Ástu, koma til mót við hana, mundirðu brátt finna hvílík ágætis stelpa Ásta er. Því getur ekki þú og þið unað Ástu að hafa það gott heima hjá mömmu? Þið getið aldrei gleymt að hún hefur það betra en við þegar við vorum heima, þið lifið alltaf í þeim tímanum, getið ekki séð að Nesheimilið, eins og svo mörg heimili, hafa gjörbreyst með árunum.

Þið sjálf og allt fólkið frá Nesi hafið allt sem þið viljið, því getum við ekki verið þakklát Ástu að hún vilji vera heima? Og ég skal segja þér Anna mín, hvorki ég eða þú mundum hafa verið mörg ár ógiftar heima og þurfa sem hún hefur alltaf, (*þurft*) að biðja um aur og aur - aldrei eiginlega hafa neitt milli handanna að ráða yfir. Ég virði Ástu fyrir það og væri ég sjálf svo stödd skyldi ég gefa Ástu mánaðarpeninga og vera þar að auk alltaf skuldbundin henni fyrir hvað hún er dæmalaust, takmarkalaust, góð og heppileg fyrir mömmu. Látum okkur þakka hanni og ekki *kriticera* hana.

¹ Frænka.

² Gagnrýnir.

³ Aumingi.

⁴ Bregðast við, með andúð.

⁵ Þola.

⁶ Úrkynjun.

⁷ Gagnrýnt.

⁸ Mannleg, guði sé lof.

Þú talar um pabba okkar. Anna mín: Látum þá dauðu fá ró, gröfum þá ekki upp til afnota fyrir þá sem voru þá eftirlifandi. Ég man pabba minn eins vel og þú - hann var góður maður - en fékk hann að ganga og lifa í friði fyrir rógi og „*kritik*“. Hann gat aldrei hugsað og talað illa um aðra, hann átti það ekki til, en ekki einungis vanalegt fólk rógber hann, jafnvel þeir sem teljast til hans nánustu. Við minnumst hans öll; en líti maður yfir og sér þá „*utveckling*“¹ sem Nesheimilið og mamma hefur gengið á móti verð ég að segja beint: Það hefði litið öðru vísu ef hann hefði lifað.

Fáar konur - og ég þekki enga - hafa vaxið svo dásamlega eins og mamma. Hún er kát, og fjörug; intresseruð af öllu kringum hana, hún getur brosað að sjálfri sér, hún segir það sem henni sýnist, hún er hún sjálf, en samt ekki sér næg. Mamma stendur aldrei í stað, hún leitar, hún lærir - hún er dásamleg. Hún hefði aldrei náð þeirri andlegu stærð ef pabbi hefði lifað - og í þessu öllu er hún svo „*mänsklig*“.²

Væri ég skáld skyldi ég yrkja um hana, ekki það vanalega „*trams om mor*“³, heldur um óðalskonuna í Nesi, sem gerði Nes að óðalssetri, sem elskaði allt sem var fagurt; hún (*var*) ómenntaða bóndastelpan sem kenndi höfðingjunum að líta upp til hennar - ekki af því að hún væri efnuð, (*heldur*) af því að hún var „*hún sjálf*“.

Anna mín; við höfum öll börnin hennar fengið meiri og minni skólagang - en við komumst engin hálfhátt á við hana - en svo hátt getum við öll náð: Að dást að henni, hún er þess verð, alveg eins og hún er. Mér dettur alltaf í hug Kristín Lavrandsdóttir⁴ er ég hugsa um mömmu, en mamma er *virðileg* og lifandi, en hin - *en dikt!*⁵

Þetta er kannski orðið alltof langt og kannski tekur þú þetta allt sem *kritik* - þú hefur alltaf viljað sökkva þér niður í hugsun og hluti sem engum hefur dottið í hug. Eitt ráð, Anna mín: Gerðu ekki kröfur til systkina þinna, hugsaðu ekki og reiknaðu ekki með að þú hafir alltaf gefið meira. Það er *förunderligt*⁶ hvað maður öðlast mikið, ef maður krefst einskis.

Nú hætti ég, skinkan hefur soðið, á meðan ég skrifaði, og nú koma jólin. Við höfum það öll fyrirtak. Gvendur kominn heim frá Dresden stór og prýðilegur. Fór sama kvöld á mót KFUM. Fréttum frá öðrum að ræða hefði verið haldin fyrir honum: *Som kårens bästa idrottsman*.⁷ En hann er ekki bara íþróttakempa, hann er fullur af almennum *interessum*,⁸ en svo fékk hann líka átta bindi af *världshistoria*⁹ og því smellir hann *nokk* í sig.

En Brynja hefur ekki neitt um of af andlegum áhugamálum. Ég gæti trúað að hún gæti orðið saumakona, hatta og kjóla. Hún les mál í vetur. Þau eru öll voða góð við mig og þrífast vel hér heimavið. Ég hef unnið með Ívari á *Arkívinu*¹⁰ allt haustið og hef einungis tvo daga til að gera jólafest,¹¹ en ég mátti til að skrifa þér þótt tíminn væri lítill. Gott að heyra að Stína er orðin frísk. Kemur hún nokkuð út í vetur?

Vertu blessuð Anna mín, ef þú reiðist mér, skammaðu mig bara, það er mikið betra en að hugsa og hugsa um það, ég skrifa þér *nokk* aftur. Þú hefðir betra af, Anna mín, að hreyfa þig úti og *motionera*¹² meira, ekkert er svo niðurbælandi sem að sitja inni, skil ekki hvernig þið farið að lifa, ég myndi verða gallsjúk og mannýg. Heilsaðu öllum -- Gott og indælt nýár. Þín Lóa.

¹ Þroska.

² Mannleg.

³ Þvaður um mömmu.

⁴ Kristín Lavrandsdatter, skáldsaga Nóbels höfundarins norska, Sigrid Undset (1882-1949).

⁵ Skáldverk.

⁶ Undravert.

⁷ Besti íþróttamaður samtakanna.

⁸ Áhugamálum.

⁹ Veraldarsögu.

¹⁰ Skjalasafninu.

¹¹ Halda upp á jólin.

¹² Hreyfa.

1930



Eggert Ólafur og pabbi hans.

Ásgeir Guðmundsson til Friede P. Briem. Símskeyti frá Fáskrúðsf. 18.1 1930.
Briem, Vesturgata 16. Kem Esju vellíðan kveðja Ásgeir.

1931

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði Briem. 3.1.1931. Khöfn. 3.1. 1931.

Þá er Eggert hættur hjá Eimskip og vinnur að opnum bókaverslunar E.P.Briem. Nýkominn til borgarinnar með Gullfoss. Byrjaði á að fara á Íslendingamót til að sjá hvað væri af Íslendingum þar. Hitti fjölda sem hann þekkti auk stúdenta og hálfíslendinga og stúdenta sem margir þekktu líka Helga bróður hans og sýndist hann vera lifandi kominn, svo líkir væru þeir.

Hitti Rósu Þorleifsdóttur bókbindara (sem heimkomin kenndi Friede systur hans bókband) og sem stundar handband/skrautband sem lítið er fást við á Íslandi. Hétu þau hvort öðru hollustu og stuðningi. Aðalstarf hans er, að því er virðist að koma á viðskiptasamböndum.

-- hitti prestshjónin sem Sigga¹ systir magistersins er hjá. Þau komu til bæjarins í dag í bíl og Sigga með þeim og buðu mér að koma heim til þeirra. --

10. janúar fór ég til Millu Borg² sem býr hér hjá Önnu³, aðallega til að skemmta henni, milli þess sem anna er að skemmta öðrum! Anna hafði farið til Árhús að leika með einhverjum flokki frá Kgl. leikhússin. Milla bað mig koma og skemmta sér fyrst svona fór. Menn verða oft svo kunnugir í útlandinu, því eins og þú veist hef ég gert lítið að því að heimsækja Borgþór⁴ Bjarni Björnsson⁵ og Lulla Dalhoff⁶ höfðu komið sama dag með Esju og voru þau þar líka, svo að þetta var mesta *merkisselskab* þegar til kom! Anna leigir það sem hún kallar *piparkerlingalejlighed*⁷ fyrir 90 kr. á mánuði, og hefur ansi falleg húsgögn, sem Milla sagði mér að hún hefði með *skræk og bæven*⁸, keypt upp á afborgun, og hún ætti nú aðeins eftir að borga 1/3 af. Launin eru ekki há, þó þetta sé leikkona á því Konunglega, í fyrra hafði hún 200 kr. á mánuði, í ár eitthvað skár, því hún les svo oft upp í *radio* eða leikur, og fær vel borgað. Í kvöld sá ég í blaðinu, er hún að lesa upp Fjalla-Eyvind á Borups Höjskole, en þar er þessa dagana veið að lesa upp allíslenskt efni. --

Segir rækilega og vel frá ferð með Sigurði Péturssyni skipstjóra í Kgl. leikhúsið á Shakespeareleik með Reumert og Bodil Ipsen. Segir fleiri leikhúsfréttir og rækilega frá boði þeirra Sigurðar Péturssonar skipstjóra til Nielsens, sem var forstjóri Eimskips. Glæsilegt heimili, fullt af málverkum og öðru sem honum hafði mest verið gefið.

-- Hann var ágætur heim að sækja, og það er dálítið skrítið að hitta hann svona, ekki sem yfirmann og svona í *familiens skød*¹⁰, þar sem varla var minnst á skip eða fragtir¹¹.

Í gærkvöldi vildi svo Sigurður Pétursson *gera gengæld*¹² og bauð mér í *Det Nye Theater*, og sömuleiðis Péttri Benediktssyni¹³ sem var hjá mér í vísitt, ¹⁴ naut hann þannig góðs af. --

Segir frá mikilli vinnu, forlögum, rithöfundum og fyrirtækjum, sem er tilgangurinn -

--að reyna að koma með eitthvað nýtt á þessu sviði, annars er ekkert varið í það. Heima hafa bóksalarnir ekki skipt við nema 3-4 stærstu forlögin, en það er til fjöldi af öðrum --

¹ Þarna minnst hann á Sigríði Skúladóttur (1911-99), læknisdóttur frá Skálholti, systur Sigurðar Skúlasona magisters í íslensku. Þau Sigríður giftust ári síðar og fluttu inn í Tjarnargötu 24 og varð þar heilmikill hvellur í sambúðinni við Álfheiði. Þau hafa sennilega þekkt fyrir en það fór dult.

² Emelía Borg (1901-84) píanókennari og leikkona.

³ Anna Borg (1903-63) sem giftist Paul Reumert ári síðar. Þau voru bæði miklir og virtir leikarar.

⁴ Borgþór Jóseppson (1860-1934). Borgargjaldkeri.

⁵ Bjarni Björnsson (1890-1970) leikari, um skeið í Ameríku.

⁶ Tofhildur Dalhoff(sdóttir) (1895-1961).

⁷ Ógiftar konur höfðu ofan af fyrir sér með útleigu og að hafa fólk í kosti.

⁸ Ótta og löngun.

⁹ Helstu leikarar Dana.

¹⁰ Í faðmi fjölskyldunnar.

¹¹ Flutningagjöld.

¹² Borga í sama.

¹³ Pétur Benediktsson (1906-69) sendiherra, bankastjóri og alþingismaður.

¹⁴ Heimsókn.

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Kaupmannahöfn. 22.1.1931.

-- bíð eiginlega bara eftir skeyti frá Helga um að upptökubeiðnin mín í bóksalafélagið hafi verið samþykkt, því fyrir vil ég ekki almennilega fara að gera virkilega innkaup, til að allt sé í lagi.

Ég fékk *kautionsskjal*¹ frá Helga og þakka þér fyrir að vilja láta veð í húsinu (*í Tjarnargötu*), en ég býst helst við að ég þurfi að stilla kaution víðar hjá bóksölum, t.d. í Þýskalandi, Svíþjóð og Noregi, en það verður varla meira en 1000 kr. á hverjum stað. Þó veit ég ekki enn. En ég vona líka að það þurfi aldrei að fara illa því það ætti ekki að vera nein veruleg risiko² ef maður fer varlega á stað, og það segja allir vitrir menn að það sé mikið betra að byrja, þ.e. gera innkaup á vondum tíma, en góðum, því nú er allt í lægsta verði og fer frekar hækkandi, hinsvegar er verðið oft hærra í góðu árunum og fer lækkandi eftir því sem tímarnir versna. Þetta er hagfræðileg staðreynd og því er jafnvel enn minna að óttast nema þá bókstaflaga að allt fari á höfuðið.

Tvennt hefur gerst, sem ég var *behagelig overrasket*³ yfir. Ég fór um kvöldið sem ég skrifaði þér seinast á fyrirlestur hjá þýskum skólamanntil og þingmanni frá Hamborg Senator Krause.

Segir frá því að hann hefði orðið hissa á að hann skildi allt sem maðurinn sagði og hreifst af kenningum sem uppi eru í Þýskalandi um að afnema próf í skólum þar og fleira. Var hann spennur fyrir efniinu og áhrif þess á skólabókaútgáfu og ætlar að hitta manninn í Þýskalandi þegar þar að kemur. Einnig sagðist hann haf komist að því að hann gæti lesið og skilið frönsku og þó sagðist hann ekki hafa farið á nema stutt námskeið hjá Svanhildi Þorsteinsdóttur.⁴ Notar frítíma til að lesa frönsku og fór í þeim tilgangi í Kgl. bókasafnið og komst þar óvænt að samkomulagi um útvegum á ísl. bókum sem safnið ætti ekki.

-- Í dag fór ég svo að hitta Jón Krabbe.⁵ Sveinn Björnsson er semsé í siglingu, suðurgöngu eða svoleiðis.

Þá stóð nú ekki á svörum. Alveg velkomið að *kautionera*⁶ sagði Krabbe og svo töluðum við um nýtt og gamalt (ég hef reyndar aldrei fyrir talað við hann). Hann sagðist haf þekkt pabba vel, og var hissa á að hann skuli eiga svona ungan son -- ákaflega almennilegur. Svo sagði ég honum að skilnaði að ég skyldi láta hann vita þegar ég færi, svo hann þyrfti ekkert að óttast með *kautionina*. „*Nej, nej, ork nej, det behöves ikke, slet ikke!*“⁷ sagði hann og skildum við ævilangir mátar. Það er töluverður munur að eiga til góðra að telja, ef maður þarf á aðstoð eða slíku að halda, það er ég alltaf að sjá betur og betur. --

Hefur mjög mikið að gera og segir frá skipulagi vinnu sinnar. Hitti Jón Guðbrandsson skrifstofustjóra. Eimskips í Höfn og töluðu mest um Eimskip, verkföll o.fl. því tengt. Vinnur að ritun fyrirlestur.

Þá var hann í sambandi við Jonas Bruun, frænda Maríu konu Jóns biskups Helgasonar en hann varð seinna meðal helstu lögfræðinga Danmerkur og við lögfræðistofu sem mér skilst að faðir hans hafi stofnað og afkomendur hans vinni enn hjá.

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Kaupmannahöfn. 9.2.1931.

Ásgeir Guðmundsson spyr hann að því hvort Anna Friðriksson þurfi að fara strax út úr húsinu Austurstræti 1, sem Kristín móðir hans í Nesi á, en þar ætlaði Eggert að vera með bókaverslun sína. Eggert svarar að það liggi ekki á, hann þurfi lengri undirbúningstíma. Hann segir frá umræðum við forlög og viðræðum við danska bóksalafélagið.⁸

-- Einn af sem ég talaði við var Michael Jensen og leist honum illa á þegar hann heyrði að ég væri Íslendingur: *Det er de underligste mennesker jeg nogensinde har kendt, de drikker vist mere ne de læser!*⁹ Kom upp úr kafinu að hann þekkti aðeins tvo Íslendinga og það var Páll Torfason,¹⁰ svili hans, og Einar Benediktsson! Ég kvaðst auðvitað vera samþykktur áliti hans, ef aðeins væri miðað við þessa tvo, en það væri til rúm 100 þús. aðrir, flestir skárri en þeir tveir! Hann var reyndar að spauga og sagðist vona að við gætum eitthvað skipt hvor við annan, þrátt fyrir þetta!--

¹ Ábyrgð /veð.

² Áhætta.

³ Hissa og ánægður.

⁴ Svanhildur Þorsteinsdóttir (1905-66) dóttir Þorsteins Erlingssonar skálds.

⁵ Fulltrúi í sendiráðinu.

⁶ Ganga í ábyrgð.

⁷ Nei, nei, uss, alls ekki.

⁸ Húsið var Veltan sem seinna var rífið, en Veltusund lifi enn.

⁹ Þeir eru undarlegir, drekka víst meira en þeir lesa!

¹⁰ Páll Torfason (1858-1940) á Flateyri sem Íslenskar æviskrár segja að hafi stofnað Íslandsbanka m.a. Sjá: g Eggert Ásgeirsson: Helgi P. Briem: Minningar mínar.

Eitt kvöld hitti ég þennan unga, upprennandi myndhöggvara, Sigurjón Ólafsson¹ -- þar sem hann var á kaffihúsi að lesa blöðin, hafði Tímenn með sér og var að stinga honum í vasann -- kemur til mín maður af næsta borði og biður mig um að lána sér Tímenn, að mér heyrðist á dönsku. Lesið þér íslensku, ansaði ég. Ætli ekki það, sagði hann og sagðist heita Sigurjón Ólafsson. Töluðum við svo heilmikið saman og bauð ég honum að finna mig, en hann hefur ekki komið enn, samt. --

Sigga Skúladóttir kom hér á laugardaginn og fór ég með henni í Casino að sjá -- vitlausa komedíu² --

Þó þú sért lítið fyrir það, má ég til með að segja þér frá dálitlu sem kom fyrir í gærkvöldi. Við Sigga sátum hér inni (hún býr hér á pensjonatinu líka á meðan hún er í bænum) og hún fór að segja mér ýmislegt, eins og hún er vön.

Svo segir hún: *Þarna er einhver kona. Nei, hvað hún er falleg.*

Hvað heldurðu að hún heiti? segi ég.

Hún segist heita Guðrún og maðurinn hennar hafi heitað Ásmundur. Kom dálítið síðar: Þau eru bæði dín.

En áttirðu engin börn sem við könnumst við? sagði ég, því ég vissi ekkert hvað þetta var.

Jú, hún heitir Anna, dóttir hennar, og svo eru fleiri, hún heitir Guðrún Hall, segir Sigga.

Nú fór ég að átta mig á að þetta myndi vera móðir Önnu Ásmundsdóttur, en hvorugt okkar Siggu þekkir nokkur deili á henni. Svo sagði hún okkur að Indriði Einarsson hafi verið góður vinur sinn - of góður.

Hún spyrði hvort við þekktum hann ekki.

Hún hefði verið góð við Indriða, en vond við manninn sinn og hann (*Ásm.*) hafi drukkið mikið og það hafi verið sér að kenna. Hún sagðist ekki hafa alið vel upp börnin sín, og Anna ali upp börnin sín betur en hún. Ekki hafði það vantað að hún hafi verið ströng, en samt hafi hún ekki alið þau vel upp. Hún hafi ekki verið hamingjusöm. Ásmundur dó á undan henni, sagði hún, og þau eru saman núna og hann sé einlægt í einhverju fræðagrúski, það hafi hann mest gaman af.

Þetta er aðalefnið úr samtalinu; við höfum ekki hugmynd um hvort þetta er rétt, en ég býst við að þú eða Elín vitið hvort það er það, og þætti mér gaman að vita hvað margt er rétt í þessu. Auðvitað gátum við heldur tæplega verið að hugsa um manneskju, sem hvorugt okkar vissi að varla væru til! --

Í dag var opnuð *Vorsýningin á Charlottenborg* og fór ég þangað að skoða hana. Það voru mjög falleg málverk þar, og líklega öll fyrsta klassa *kunst*, því það er ekki annað sýnt þar, að sögn, en einhvern veginn finnst mér þessi dönsku *móttív*³ alltaf eitthvað lítilfjörleg og finnst mér aldrei verulega varið í málverk nema að það séu fjöll á þeim. En vitanleg geta málverkin verið mikil listaverk fyrir því, þ.e.a.s. handbragði á þeim og útlitið, burtséð frá móttívinu. Þar var standmyndin sem Sigurjón Ólafsson hafði gert. Hún var tekin þangað *kritiklaust*,⁴ af því að hann hafði fengið *medalúna*⁵ fyrir hana, og ýmislegt fleira var þar gott, en ég þekkti lítil deili á listamönnunum og get lítið um verkin, eða þá sagt.

Svo fór ég á *eftermiddags-sýningu* í Kgl. leikhúsinu að sjá *Den stundesløse*⁶ aðallega af því, hvað ég hafði heyrt frú Bruun og Jónas láta mikið af hvað Anna Borg væri góð í Leónóru. Það er heldur lítil og vond rulla, og fannst mér ekkert sérlega til Önnu koma, en það er ekki síður vandi að leika slíkar rullur, svo vel sé. Hinir léku allir vel, en það eru svo mikil læti og hávaði í þessu stykki, að ég heyrði ekki eða skildi nærri allt sem leikendurnir sögðu --

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Kaupmannahöfn. 17.2.1931.

Mikið hissa að heyra að von sé á Helga bróður hans til Hafnar. Þá segist hann hafa farið með Jónasi Bruun á ballett í fyrsta sinn og skildi lítið.

-- Sigurjón Ólafsson myndhöggvari kom til mín, aðallega til að fá lánuð blöðin. og svo skrifaði ég og vélritaði fyrir hann umsókn til Menntamálaráðs um frítt far, en það sagði hann vera sitt mesta mein að hann gæti með engu móti

¹ Sigurjón Ólafsson (1908-1982) myndhöggvari.

² Gamanleik.

³ Myndefni.

⁴ Gagnrýnislaust.

⁵ Heiðursmerki/verðlaun.

⁶ Den Stundesløse, æðikollurinn. eftir Ludvig Holberg.

sett slík *dokument*¹ saman, þó hann gæti skrifað síðu upp og síðu niður af alls konar *filósófi*², en sem *kunstnari*³ hefir hann líka allskonar fáránlega *ideur*⁴, sem ekki allir skilja.

Ræðir um ljóð Jóns G. (sennilega húsgagnasmíðurinn) sem hafði komið til að leyfa honum að heyra og þótti lítið til koma þar sem var látið ríma saman: líði þér vil og vinarþil!

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Kaupmannahöfn. 3.2.1931.

-- Ég fór í fyrsta sinni á æfinni um daginn í hið margumtalaða og umdeilda Konunglega leikhús, sem Adam greið Poulsen⁵ er alveg að fara með í hundana að því er virðist, en í dag er búið að *konstitúeara*⁶ nýjan direktör, vegna veikinda Adams og búast sumir við að þá muni það lagast eitthvað.

Það var eiginlega Anna Borg sem bauð mér og fór ég með henni og Millu.⁷ Anna átti frí þetta kvöld og fríð notar hún til að sjá leikritin frá framhliðinni. Hún fær auðvitað frítt inn, en fær önnur bílæti fyrir miklu lægra verð þegar ekki er útselt, og hún keypti því tvo handa Millu og mér, fyrir sinn næstsíðasta skilding, því hún er ekki hálaunuð, þó auðvitað hafi hún meira en í byrjun. Það er heldur ekki tekið með sitjandi sældinni; ég bauð þeim að borða *middag* fyrir skömmu, og þá hafði Anna verið á stanslausum æfingum frá kl. 8½ til kl. tæplega 6, enda var hún svo þreytt að hún var alvega að detta út af við borðhaldið, og svo fórum við Milla á *Palads-teatret* að sjá filmuna *Charlotte Lövenskjöld* eftir Selmu Lagerlöf, en Anna treysti sér ekki til annars en að fara heim að hátta. Í því Kgl. sáum við *Trold kan tæmmes*⁸ í sinni réttu gamaldags mynd. Ég sagði þér að við Sigurður Pétursson⁹ sáum það í *moderne klæder*¹⁰ áður, en það var næstum eins og annað stykki að sjá það svona, útbúnaður og orðatiltæki var svo allt öðruvísi. Svo þótti mér rétt að gera þeim glaðan dag á eftir og fórum við á *Industri*, en þar sem við erum öll *goodtemplarar*¹¹ verður kostnaðurinn við svona skemmtanir ekki nema svipur hjá sjón, og þess vegna stendur maður sig við það að vera svona flott!!

Eitt kvöld lék Anna eitt aðalhlutverkið í *Bygmester Solnes* eftir Ibsen í radióinu¹² og þá bauð Milla mér heim til þeirra til að heyra það og fylgdist ég með í bókinni um leið og leikið var og Milla sat og saumaðir svo það var ógn huggulegt. Svo kom Anna heim með 200 kr. í vasanum fyrir vikið (hún fær 100 kr. fyrir fjórar æfingar og 100 fyrir að leika). svo það var hreinasta *fryd og gammen*¹³ og slegið upp kaffigildi á staðnum með það sama. Þær eru afar almennilegar báðar og blátt áfram, svo það er verulega gaman að hitta þær með köflum, en svo er Anna orðin tölvuvert fræg hérna og þykir hin merkasta leikkona, og því vekur hún alltaf dálitla *opsigt*¹⁴ og fólk glápir á hana, það sá ég! En hún lætur það lítið á sig fá og gerir sig ekkert merkilega. -- Um daginn var mynd af henni í Berlinske Tidende og var hún talin *dönsk* tupa og þótti henni það illa farið. --

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Kaupmannahöfn. 3.3.1931.

-- Helgi og Doris voru hér viku -- Við vorum mikið saman og varð mér því lítið úr verki -- Við fórum eitt kvöld í leikhús og sáum Gösta Ekman og Bodil Ibsen¹⁵ leika hálfgerð grínstykki og gerðu þau það bæði vel og vandlega, sérstaklega var gaman að heyra sænskuna hjá Gösta. Þar missti maður ekki eitt orð svo greinileg var hún. Auðvitað talar hann alveg sérstaklega fallegt mál. --

¹ Skjöl.

² Heimspeki.

³ Listamaður.

⁴ Hugmyndir.

⁵ Adam Poulsen (1879-1969) lék m.a. í Fjalla-Eyvindi við Konungl. leikhúsið. Hafði komið í heimsókn til Íslands og vakti hrifningu. Að vísu sagði Álfheiður Briem, amma mín, að hann hefði verið spaugilegur á sviði, feitur í þröngum fötum.

⁶ Skipa.

⁷ Emelíu systur hennar.

⁸ Taming of the Shrew eftir Shakespeare.

⁹ Líkega Sigurður Pétursson gerlafræðingur, síðar samstarfsmaður minn.

¹⁰ Í nútíma búningi.

¹¹ Hófsmenn, má gera ráð fyrir að han hafi meint.

¹² Útvarpinu.

¹³ Skemmtun í alla staði.

¹⁴ Athygli.

¹⁵ Gösta Ekman og Bodil Ibsen voru þá helstu leikarar Svía og Dana.

Helgi var *interviewaður*¹ í Extrablaðinu. -- Ég hlustaði á samtalið og var það allt öðruvísi en Helgi sagði það, þó meiningin væri sú sama. Helgi var ekki nærri svona grobbinn og hann sýndist vera og svo vantar mikið af athugasemdum, sem skýra sumt betur. --

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Osló. 18.3.1931.

Hefur verið í nokkra daga vil að koma sér upp góðum samböndum, m.a. við norska bóksalafélagið, formanninn Niels Selmer Hauff² sem hafði verið á Alþingishátíðinni, hrifinn af öllu. Kynntist Sigurði Nordal sem vísaði Eggert á hann.

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Stokkhólm. 30.3.1931.

Löng, ítarleg ferða- og viðskiptasaga til Osló og Stokkhólms þar sem hann hitti ýmsa lærdómsmenn sem höfðu leigt á námstíma hjá mömmu hans í Tjarnargötu. Lýsing hans á borgunum er skemmtileg. Kemur líka í ljós hvað hann þekkti vel tengdafólk sitt, Lóu systur Ásgeirs Guðmundssonar, manns Friede systur hans, í Svíþjóð. Samband hans og þessa mágafólks hefur verið náð.

-- fór ég út í Álstén að finna Vennerstömsfólkið. Það er ca. ½ tíma ferð með sporvagni, þau búa í eigin húsi með garði í kring, afar frítt og skemmtilegt. Stína³ í Ráðagerði er þar hjá þeim í vetursetu en var hjá Guðrúnu Bergström fram að nýári. Lóa tók mér afar vel og var ég þar fram á kvöld, borðaði miðdag og allt. Else Marie hefur stækkað töluvert síðan í fyrra, en er sárfeimin við mig sem fyrr. Brynja (dóttir Lóu) hefur runnið⁴ töluvert líka frá því hún var heima. Ívar kom heim rétt eftir að ég kom og töluðum við um pólitík og svoleiðis, og hann var dús við mig strax frá byrjun án þess að nokkrir samningar væru gerðir, en það var fyrst eftir borðun að við Lóa urðum dús. Það var ákaflega blátt áfram og skemmtileg allt hjá þeim, maður gat verið alveg eins og heima hjá sér. Við töluðum um allt mögulegt eins og gamlir kunningjar, þó ég geti ekki sagt að ég hafi talað við þau fyrir nema augnablik á Þingvöllum í sumar. --

Eggert virðist hafa verið einstaklega vel tekið, enda var hann með meðmælabréf Jónasar frá Hriflu o.fl. Ýmsir mundu eftir Helga sem hafði verið á blaðamannanámskeiði í Svíþjóð fyrir nokkrum árum.

Þá skrifaði Guðmundur Gamalielsson honum um að Eggert hefði verið samþykktur félagi í Bóksalafélaginu.

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Helsinki. 12.4.1931.

Hefir verið mest í Akademiska bokhandeln, sem mun hafa verið stærsta bókaverslun á Norðurl., Evrópu, eða heiminum, eins og hann segir, á 1600 fermetrum samanborið við það pláss sem hann fær sem er 60 ferm. og 200 starfsmenn. Var mjög vel tekið og fræddur um hvaðeina sem hann vildi. Bréfið er rækileg lýsing á Finnlandi, Finnnum og Finnlands-Svíum.

Þetta er langt og ítarlegt bréf. Segir hann m.a. frá viðbrögðum í blöðum og ræðir upphlaup í stjórnmálum á Íslandi og stöðu Tryggva Þórhallssonar og Jóns Þorlákssonar.

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Kaupmannahöfn. 21.4.1931.

Á leið frá Finnlandi til Danmerkur kom Eggert við í Stokkhólm.

-- Hjá Vennerström töluðum við mest um pólitíkina heima, og spurði Ívar mig spjörunum úr. Hann hafði skrifað grein í *Social-Demokraten* um *situationina* heima og ætlaði að skrifa aðra um hvað stjórnin hefði gert gott og illt, og út af því þurfti hann mikið af upplýsingum.

Else-Mari (dóttir þeirra) og Stína Kristinsdóttir (*Kristín Kristinsdóttir frá Ráðagerði á Seltjarnarnesi, systurdóttir Ásgeirs mágs Eggerts*) koma heim með Brúarfossi í maí og verðum við þá samferða --

-- fór ég í Kgl. leikhúsið að sjá *Faust* og Önnu Borg. Hún lék afar vel, það er ómögulegt annað⁵ að segja, en ég hef aldrei séð leikritið og get því ekki borið það saman við neitt. Anna Borg er orðin afar *populær*⁵ hér, og eru stækkaðar myndir af henni útstilltar hjá kvenljósmyndar hér á *Ströginu*,⁶ og aðalmyndin á prógramminu er af henni. Jóhannes Poulsen lék líka Mefistöfeles ákaflega vel, að mér fannst, og svo var senuútbúnaðurinn fyrirtaksgóður. --

¹ Í viðtali.

² Niels Selmer Hauff (1882-1963) forystumaður norskra bóksala. Frægur fyrir að loka versluninni í Osló á degi frelsis Norðmanna 8. maí 1945 með skilti: *Lokað vegna gleði.*

³ Kristín Kristinsdóttir (1911-1936).

⁴ Megrast.

⁵ Vinsæl.

⁶ Strikinu í Khöfn.

Í kvöld fer ég að finna dr. Jón Helgason prófessor. Ég hef aldrei talað við hann, en hann vill fyrir hvern mun tala við mig, og náttúrulega stendur maður sig ekki við að neita slíku vinarboði!

Segir frá önnum sínu í Höfn og undirbúningi farar til Leipzig og Berlínar. Þá þarf hann að fara að ganga frá pöntunum. Þaðan fer hann til London.

Þá ræðir hann um sálfarir,¹ og gæti þá verið að vísa til spurningar miðilstengdra sem viðkoma Sigríði Skúladóttur, en hann spurði mömmu sína um ákveðin atriði. Konan sem kom þar fram virðist vera lifandi! og taldi hann það geta verið svokallaðar sálfarir sem hann hafði skrifað um í tímaritið Morgunn. Svo virðist sem sofandi fólk geti komið fram á miðilsfundum!!! (Sjá m.a. bréf hans 9.2.1931).

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði móður sinni. Leipzig. 3.5.1931.

Var að koma frá Berlín og er að undirbúa heimferð. Segir rækilega frá bókamessum og allskyns atriðum tengdum bóksölu og rekstri. Margir útgefendur hafa áhuga á að koma bókum á framfæri erlendis. Þar var hann einkum í sambandi við Kristín E. Andrésson, sem var þar við nám og þýðingar, og Hauk Þorleifsson (frá Hólum í Hornafirði) sem var þar við nám en sneri næsta ár frá því og gerðist bókarí Búnaðarbankanum.

-- Ég má til að fara til Kaupmannahafnar aftur til að *ordna* ýmsu við forlögin og svo að semja við *agentur* fyrir bókhaldssystem,² mjög merkilegt, sem engin leið hefði verið að gera skriflega. --

Þann 1. maí var afarmikil *demonstration*³ hér, frí allan daginn og langar lestir af *demonströntum* um allra götur, *socialistar*, *kommunistar*, *nationalistar* og hvað þeir heita allir þessir flokkar hér. --

-- Fór ég á *Thüringer Hof*, aðal- og ellilegum öldrykkjustað, en *historisk interessant*.⁴ Fór ég þetta með Hauki og Kristni, en varð alls staðar að drekka sítrón eða blávatn, því ég á ömögulegt með að venja mig á þennan þýska bjór, og reyni það heldur ekki. --

Það hafa annars verið meiri lætin heima, sé ég af blöðunum og því sem þú skrifar mér.⁵ Ég hef ekki mátt vera að lesa öll blöðin ennþá, en að Jón þinn Þorláksson skuli vera potturinn og pannan í þessu, hefði maður einhvern tíma ekki trúað.

Það hafa verið álnarlöng skeyti í dönsku blöðunum um þetta og viðtöl við útsenda blaðamenn í Berlinske Tidende og yfirleitt svo mikið verið úr þessu gert, að jafnvel hér í Þýskalandi vita menn um þetta --

Ásgeir Guðmundsson til Eggert Ólafs. Símskeyti frá Goðafossi 6.8. 1931.

Eggert Ólafur. Hamingjuóskir. Pabbi.

Ásgeir Guðmundsson til Friede P. Briem. Símskeyti frá Hull. 9.8.1931.

Friede Bergstaðastræti 69. Góð líðan kveðjur. Ásgeir.

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem, Hull. 10.8.1931

Elsku hartað mitt!

Ég má til að senda þér stutta kveðju og láta þig vita hvernig ferðin gekk. Við komum hingað í fyrrinótt, aðafararnótt sunnudags. Ferðin gekk ágætlega, sæmilega skemmtilegt fólk og sérstaklega prýðilegt veður, það hefði mátt sigla á opnum báti alla leiðina. Alltaf sól og sumar. Óskaði ég þess oft hjartað mitt að þú hefðir verið með, því um sjóveiki hefði ekki verið að tala. Hér hefur hins vegar verið rigning og rok báða dagana, sem tæplega stytta upp allan tímann. Auk þess var sunnudagur í gær og ekkert hægt að skemmta sér, allir skemmtistaðir lokaðir, allt lokað nema kirkjur og knæpur, til þess að auðga andann á. Með skipinu voru 17 farþegar á 1. farrými af öllum þjóðflokkum, Þjóðverjar, Frakkar, Englar og Írlendingar og urðum við Íslendingar alvarlega í minni hluta. En það skal ég segja þér litla *snússið* mitt án þess að *skryta*⁶ að lærðastur af öllum var ég, það er að segja í málum. Mér gekk svo ágætlega vel, auðvitað bæði með ensku og frönsku en auk þess, líka bara sæmilega, með þýskuna. Karlarnir og kerlingarnar ráku upp stór augu þegar svar kom frá mér á

¹ Sjá áður.

² Bókhaldskerfi.

³ Mótmælasamkoma.

⁴ Sögulega áhugavert.

⁵ Mótmæli. Þetta var þegar Tryggvi Þórhallsson fór frá sem forsætisráðherra og gerð var aðför að ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu 32, þar sem hann bjó með sinni stóru fjölskyldu. Flaug grjót inn um gluggana. 22. apríl fæddist Páll bróðir minn. Er pabbi kom og bankaði upp á í nr. 24, til að tilkynna atburðinn, þá þorði enginn að koma til dyra. En fjölskyldan komst að hinu sanna, einhvern veginn!

⁶ Sænska: Grobba.

Því máli sem við átti þegar á mig var varpað. Á þessu sérðu, þú getur verið stolt af stærsta drengnum þínum! - eða er ekki svo.

Við förum hédan *fragtfull*¹ eftir 2 tíma, en -- þarf ég að komast í land og þess vegna fer að detta botninn úr bréfinu, því ég er viss um að þú vilt heldur láta bréfið vera heldur styttra, en að láta mig verða strandarglóp. -- Ég man alltaf eftir ykkur öllum saman og hef gaman af því að láta hugann fljúga heim á kvöldin þegar ég er kominn í rúmið. Þá sé ég ykkur í anda þar sem þú vefur litlu hjörtun okkar ástarörmum og verndar þau frá öllu illu meðan ég er í öðrum löndum að skemmta mér. Ég vona að gæfan og gengið sé með ykkur, allt gangi vel og að guð haldi sinni verndarhendi yfir þér, sem mér er allra kærst í heiminum. Þegar ég er farinn frá þér, kann ég betur að meta þig, hjartað mitt og allt það sem þú hefur gefið mér, því þú ert hjartað í brjósti mér. Þess vegna er það ekki nein hending að ég ávarpa þig í byrjun bréfsins með því nafni. Eigi er það svo samt, og get ekki annað en líkt við það sem gefur manni lífið. Ég kyssi þig í anda og held svo áfram.

Hvernig hafa litlu drengirnir það? Eru þeir hraustir og góðir og líkjast með því pabba sínum. Þegar þú sendir mér bréf máttu til með að tala mikið um þá, mér þykir svo innilega vænt um þá. Við förum hédan kl. 4 í dag og komum líklega til Hamborgar á miðvikudagsmorgun. Geri ég ráð fyrir að vera í Hamborg í 3 daga og fara síðan til Berlín og vera þar í 12 daga. Að því búnu fer ég til Wien, er ætlun mín að vera þar í 4-5 daga og að þá kominn 22.-23. ágúst, verð ég þá að hraða mér til Stokkhólms, því frá Wien til Stokkhólms er 2ja sólarhringa ferð á járnbraut. Þú skalt ekkert vera hrædd um það að ég fari að fljúga, því í sannleika sagt er ég hálf smeykur við það og vil engar gyllingar gera til þín að koma ekki heilu og höldnu til þín og ykkar allra, hjörtun mín. --

Skrifaðu mér oft og mikið, ég mun reyna að svara í sömu mynt, eftir mætti. Ég er ekkert að biðja þig um að afsaka skriftina, þú verður að hafa mig eins og ég er með öllum göllum.

Kysstu elsku drengina okkar frá mér. Skilaðu innilegri kveðju til mammanna okkar beggja og að endingu bið ég guð að geyma þig og drengina okkar þannig að við öll megum sjást heil og hamingjusöm þegar heim kemur, glöð og ánægð. Mundu mig um að reyna að skemmta þér og ef þig vantar aura skaltu fara á skrifstofuna og fá þá. --

Friede P. Briem skrifar Ásgeiri Guðmundssyni. Reykjavík 10.8.1931

-- Þakka þér kærlega fyrir bæði skeytin, ég tek að mér að þakka fyrir hönd Eggerts Ólafs. Hann var hálf óánægður með að vanta þig fyrstu nóttina og fannst skömm til koma að hafa bara Margit², ég varð að taka hann til mín um miðja nótt og gat hann þá róast og svo vaknaði hann eldsnemma um morguninn, síðan hefur það gengið betur. Það er svo kostulegt að hann tekur símatólið af mér þegar ég er búin að nota það og kallar hárrí röddu: *babbana babb!* Nú skeytir hann "ana" aftan við öll orð sem hann segir, litla hjartað. Páll Þórir hefur verið slæmur í nefinu og í nótt var hann alltaf að vakna og ég er svo hrædd um að hann hafi haft dálítinn hita, svo í dag gerði ég alvöru úr því og bað Friðrik Björnsson³ að líta á hann, sem hann og gerði. Sagði hann að ég skyldi ekkert vera hrædd við þetta, því þetta væri afar algengt í litlum börnum, og ekkert fannst honum Páll Þórir veikindalegur, öðru nær. Geiri minn, þú manst áhyggjurnar sem ég hafði, þær hef ég ekki lengur því allt er í lagi, guði sé lof, því það er best í hófi eins og flest annað, en það verð ég að segja að mikið létti mér. Ég má til að segja þér frá afmælisdegi Eggert Ólafs, þar sem það er mesti merkisdagur í mínum augum; um morguninn lögðum við út af örkinni aðalpersónan E.Ó., Páll Þórir, Siggí⁴ og ég, og var ferðin aðallega gerð út til að kaupa húfu á E.Ó. og jafnvel eitthvað leikfang og svo fór að hvort tveggja var keypt og í ofanálág sinn hvor bananinn handa Siggí og E.Ó., svo ferðin mátti heita vellukkuð og allir voru ánægðir.

Þegar við svo komum heim kemur Páll Línal⁵ á móti okkur og er bara dálítið drýgindalegur yfir nokkru sem hann hafi séð hér heima, svo þau hraða sér á undan Siggí og Páll með Eggert Ólaf á milli sín og ég sá bara iljarnar á þeim og þegar ég svo kem inn þá er þetta hjólhestur, sem Helgi bróðir minn hafði sent honum og var heldur mikið um dýrðir, eins og þú getur nærri, svo færði Páll honum myndabók, Jóna⁶ gaf honum kubba, mamma myndabók, Lalla⁷ myndakubba, Dídí vasaklúta, Margit sumarföt, Siggí dansandi par. Fíla gamla sendi

¹ Með fullar lestir.

² Margit Borlaug, norsk aðstoðarstúlka á heimilinu, frá Leikanger, 27 ára. Hún mun hafa gifst útgerðarmanni á Austurlandi.

³ Friðrik Björnsson (1896-1968), háls-, nef- og eyrnalæknir.

⁴ Sigríður Gestsdóttir (1906-2000), brautryðjandi í flugfreyjustarfi. Dóttir Gests Pálssonar leikara og lögfr. og konu hans Dóru Þórarinsdóttur.

⁵ Páll Línal. Síðast ráðuneytisstjóri, ungur frændi Eggerts sem bjó á Bergstaðastræti 69.

⁶ Jóna Einarsdóttir uppeldissystir Friede.

⁷ Ung barnapía, Aðalbjörg Ásgeirsdóttir (1918-2005) aldavinkona fjölskyldunnar.

honum bolla, sem er lettrað á: *Drengurinn minn*. Aumingja gamla konan, það er nú meiri tryggðin, mér finnst það svo fallett að hún hlýtur að komast klakklaust inn í himnaríki fyrir það. Else-Mari kom með sendinguna, hún var á hraðri ferð eins og vant er, ef hún rekst hingað, því hún ætlaði að fara að veiða með Ástu og Karli. Ég var satt að segja svo glöð þegar hún kom því ég hélt að hún ætlaði að standa við og ég hélt kannski að það væri vegna afmælis E.Ó., en nei það var alls ekki, svo ég sagði það við hana að ég hefði orðið skúffuð yfir því að hún skyldi ekki vilja vera neitt hérna hjá okkur, því eins og þú veist, Geiri, þá hefur aldrei nokkurt barn tekið mig eins og hún gerði, og ég veit það, að þó ég eigi ef til vill aldrei eftir að hitta hana, þá gleymi ég henni aldrei, því mér finnst hún svo sérstök og einhvern veginn öðru vísi en önnur börn, að það er ómögulegt að gleyma henni. Hún var mér líka svo innilega góð að þó ég hefði verið úr steini, þá hlaut ég að komast við, ég man t.d. einu sinni að hún hafði fengið appelsínu hjá Einari og hana geymdi hún þar til hún fór í bæinn til þess að gefa mér hana, aumingja litla krílið. Jæja allt er breytingum undirorpið og svo er með þetta.

Þetta var nú nokkuð löng innskotssetning, nú kemur framhald dagsins. Um eftirmiðdaginn fórum við svo að heimsækja mömmu, sem var komin á fætur með reifað höfuðið, þar var þá Steinunn með sína dóttur¹ og seinna kom Hilda með sinn son,² svo þarna var orðinn hreinasti barnagarður. Eggert Ólafur var alltaf nr. eitt og ég fann það um kvöldið, því eftirköstin komu fram sem óþekkt, svo hann byrjaði 3ja árið með því að orga sig í svefn um kvöldið, honum sárnaði að fá ekki að hafa hjólið í rúminu um nóttina! Það var ekki að furða, þó það væri sorg!

Ragnar hefur verið þrúðmennskan sjálf, ekki smakkað vín og borgað húsaleiguna. Ég fór til Ástu Tomm³ á laugardagskvöldið að spila og þegar ég kom heim var Gestur⁴ að opna útidyrnar, hálfur og hundrennandi. Það var ausandi rigning og það mátti líka sjá það á fötunum hans, þau voru vindandi, hann vildi endilega borga húsaleiguna, þó klukkan væri hálf tvö, jæja hann fékk það, en hann stóð við í klukkutíma, það var svo margt sem hann vildi endilega segja mér, auðvitað afar merkilegt eins og þú getur nærri. Ragnar var heima og ég tel víst að hann hafi heyrt til okkar, ég gæti hugsað mér að hann tæki ekki mikið mark á minni næstu maraþonprédikun, vonandi þarf það ekki að koma til. --

17. ágúst. Mikil var ánægjan í dag að fá bréf frá þér, elsku grjónið mitt, þakka þér kærlega fyrir, við höfum skrifast á bæði sama daginn, bara ég heldur norðar á hnettinum, en bæði ánægð, þrátt fyrir aðskilnaðinn. Ég á dálítið bágð með að skrifa því mér er svolítið illt í fingri, ég brenndi mig á tveim fingrum og á ég bágð með að beygja annan, en þú mátt ekki halda að það sé mikið og því síður að það sé alvarlegt, því það er hvorugt, en bara nóg til þess að það *generar*.



Á hjólinu góða sem Helgi frændi gaf honum.

Þú varst yndislega hugsunarsamur að senda mér línu, því ekkert gleður mig eins og að heyra frá þér og sérstaklega að vita þér líða vel. Við Eggert Ólafur vorum boðin suður í Kópavog í vikunni sem leið, til hennar Siggú Tomm,⁵ hún er í sumarbústað hjá mömmu sinni og stjúpa,⁶ það var blíðasta veður, eins og alltaf núna, og við fórum í bíl, en Eggert Ólafur hélt bara endilega að við ætluðum að fara að taka á móti þér, því þegar við

¹ Steinunn Sivertsen með dótturina Þórdísi Gústavsdóttur.

² Sigurður Línal (1931) síðar prófessor.

³ Ásta Tómasdóttir g. Flygenring, frænka hennar.

⁴ Gestur Pálsson, lögfræðingur og leikari. Leigði á 3. hæð. Pabbi Siggíar.

⁵ Sigríður Tómasdóttir, systir Ástu og Helga.

⁶ Einar Erlendsson arkitekt.

vorum lögð af stað sagði hann: *bíl gaman, pabbi bibana* (skipinu); ég hef verið að mála fyrir honum hvernig það verði þegar þú kemur aftur og þá vitum við að þú keyrir í bíl heim með okkur, svo þess vegna varð þessi ruglingur. E.Ó. hefur legið í kvefi nú í tvo daga, það er eins og hann fái alltaf hita með kvefi, en hann er að verða góður aftur, ekki þorði ég annað en að láta hlusta hann, maður er svo hræddur ef eitthvað verður að þessum blessuðu litlu rollingum, en það var sem betur fer ekkert í lungunum, bara venjulegt kvef sem alltaf er að ganga. Jæja, ég varð rólegri á eftir og í kvöld var hann sama sem hitalaus, hann var að leika sér allan daginn og í dag svaf hann ekkert, svo það er ekki hægt að kalla þetta hita þó það séu fáein strik.

Ég var að tala við mömmu þína í kvöld, það lá vel á henni, hún var bærilega frísk og heyskapurinn gengur ágætlega, hann er að verða búinn. Ég tala næstum við hana daglega elsku gömlu konuna, ég finn svo vel hvað henni er annt um okkur og sérstaklega vill hún vera mér góð þegar þú ert burtu, hún skilur svo vel að mig vantar svo mikið þegar mig vantar þig.

Mamma er ennþá með plástur á höfðinu síðan hún datt, svo heldur grær þetta nú seint, annars hefur hún verið svo kvefuð að hún hefur varla komið út fyrir dyr, hún kom samt hingað í gær aðallega af því að E.Ó. var í rúminu, þá vill hún brjóta sig í mola til að hjálpa manni. Theodór er fyrir norðan, hann þurfti að fara til Siglufjarðar, en ætlar að taka sumarfrí um leið. Hann talaði við Hildu í gær og mér skildist að hann væri strax búinn að fá óyndi; þvílíkt sjálfstæði! Ég hélt þó að hann þekkti óbrigðult ráð til að skemmta sér! --



Lalla, pabbi og strákarnir.

Ég ætla að skrifa meira á morgun. Páll Þórir vakti mig í morgun kl. 5, mér fannst það nú óþarflaga snemma, en okkur kom ekki saman um það, en þó lítill sé hefur hann mig í vasanum, hann verður góður þegar hann verður vaxinn mér upp yfir höfuð, hvað heldur þú?

Þá byrja ég aftur og sit nú inni hjá Eggert Ólafi því ég er að hugsa um að hafa hann í rúminu líka í dag og láta hann svo klæða sig á morgun. Lalla er búin að liggja í viku í kvefi og hálsbólgu en var hitalaus fyrsta sinn í dag. Ekki vænti ég að þú hafir farið með hana kisu með þér, hún fór um leið og þú og hefur ekki sést síðan, það eru fleiri en ég sem ekki geta séð af þér. Ég frétti annars um kött sem lægi dauður hér á lóðinni fyrir norðan og sendi Löllu til þess að gæta að því hvort þetta væri okkar kisa; hún fann ekki kisu og spurði litlu krakkana hérna á móti hvar kisa væri en þau voru þá búin að jarða hana með tilheyrandi viðhöfn, en hin jarðsungna kisa hafði verið bröndótt, svo þá var ég jafnnær um afdrif okkar kisu.

Þá er Helgi bróðir minn búinn að fá þriðju stöðuna, fer til Spánar um nýár, þeir Helgarnir¹ eru búnir að hafa býtti, menn geta allt ef þeir eru réttu megin í *pólitíkinni*. Mömmu varð nú orðfall í þetta skipti, hún hélt kannski að hann myndi nú halda kyrru fyrir um stund, en svo var ekki. Doris² er ánægð með þetta líka, ég get ekki ímyndað mér neinar manneskjur sem eiga betur saman, og sama óeirðin í báðum, jæja það er náttúrlega öðru máli að gegna þar sem þau eru laus og liðug og eiga ekkert barnið. Ég vildi líka óska að þau kynnu við sig þarna og breyttu til batnaðar; það er líka þannig með Doris að hún er hvort sem er ekki nálægt sínu fólki, svo það má vera sama hvað það snertir. Barnið Peggy³ fitnar óðum, nú býst ég við að hún fari að vaxa upp úr

¹ Helgi Guðmundsson hafði verið fiskfulltrúi í Barcelona og tók við bankastjórástöðu Útvegsbanka Ísl. af Helga P. Briem.

² Doris Parker (1902-99) eiginkona Helga.

³ Systurdóttir Dorisar sem var hér í sumardvöl.

fötum af Doris, það verður hægt að sýna hana fyrir peninga ef þessu heldur áfram. Hún er svo skotin í Árna¹, bróður Sigurðar Skúlasonar magisters að Doris hefur fullt í fangi með að passa hana og er lánið að ástin er ekki endurgoldin. Peggy stelst til að heimsækja Árna þegar hún getur.

Nú geta Inga² og Halldór Kiljan farið að búa saman aftur, því nú er barnið þeirra fætt svo ekki er lengur “*uæstetiskt*” að búa með henni.

Mikið hlökkum við nú til að fá þig aftur hjartagullið mitt, ég vona bara að þú hafir verulega gaman af ferðinni en viljir samt koma heim og verðir hálf feginn að umgangast aftur nöldrið þitt.

Margit er úti með Pál Þóri fyrir mig og ætlar svo að fara með bréfið á pósthúsið. Nú ætla ég að fara að leika við Eggert Ólaf, því hann er hálf óþolinmóður að bíða á meðan ég lýk við bréfið. Ég á að skila kveðjum frá mömmum okkar beggja og vertu svo blessaður og líði þér vel og skemmtu þér vel. Ég bið að heilsa Lóu systur þinni, Geiri minn. --

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Dresden, 14.8.1931

-- Ég skrifaði þér kort í gær eða fyrradag en þar sem ég nú hef tíma og tækifæri, sest ég við aftur. Ég er nú staddur í Dresden á leið til Wien, Ferðin er svo löng frá Hamborg og alla leið til Wien (22 tímar) að ég gat ómögulega lagt það á mig að keyra það allt í einni lotu, það er engin ánægja, enda þótt landið sé að mörgu leyti fallett.

Allan tímann sem ég var í Hamborg var ég með dr. Guðbrandi Jónssyni,³ hann var líka með á skipinu og sá Hamborg því mjög vel því Guðbrandur þekkir hana út og inn, hefur verið þar í langan tíma. Fór hann með mig á alla þá staði sem hann taldi sjáandi og var bara gaman að vera með honum, hann er ágætur galgopi, en að mörgu leyti góður. Eitt kvöldið fór ég út með skipstjóranum á Goðafossi, Sigurði Gíslasyni, (sem keypti gamla húsið okkar). Fórum við á *varieté*, það flottasta í borginni, ógurlega stórt hús með fjölbreyttum skemmtunum og skemmti ég mér vel. Sigurður er góður þegar hann vill, þar sem fjör er, en annars er hann nú frekar leiðinlegur.

Aðalástæðan til þess að ég stoppaði hér í Dresden er sú að hér er nú sem stendur ógurlega stór og mögnuð sýning. Er nákvæmlega sýnd framleiðsla allra nauðsynjavara sem telja má “*hygienú*” viðkomandi og er hún ákaflega fjölbreytt. Hafa allar þjóðir heimsins tekið þátt í sýningu þessari, nema Ísland. Hanga þar uppi allir þjóðfánar nema okkar. Þótti mér þetta harla (?) en við því er ekkert að gera. Tók það mig 3 tíma, bara að ganga í gegnum sýninguna hjá Norðurlandþjóðunum, Þýskalandi og Englandi og geturðu þá gert þér grein fyrir því hve stór hún er. Hefur sérstakt þorp verið byggt fyrir utan bæinn og eru allar byggingarnar í *futurískum* stíl sérstaklega fallegar. Það skal ég vera viss um að ef þið Guttí⁴ hefðuð séð byggingarnar myndirðu hafa tekist á loft. Mikið lifandis ósköp hefði mig langað til að þú værir með mér, því það er allt svo mikið skemmtilegra og hjartara þegar þú ert með mér, þú lífgar tilveruna fyrir mér og gerir allt svo sólþjart. Þú skalt ekki halda, hjartað mitt, að ég sé nokkuð *melankólskur*,⁵ það er síður en svo, en það er alltaf svo að þegar ég sé eitthvað sem ég hef gaman af að sjá, óska ég þess stöðugt að þú værir komin. Þú ert eina sem ég hefði getað elskað og elska og hvernig er þá hægt annað en vera hamingjusamur.

Hvernig líður elsku litlu drengjunum okkar. Er Eggert Ólafur ekki þægur og góður drengur meðan pabbi hans er burtu og getur ekki stjórnað honum? Kysstu hann fast og innilega frá mér og hugsaðu þér að það sé ég. En litla krílið Páll Þórir? Er hann ekki að stækka og verða myndarlegur eins og foreldrarnir. Guð geymi þig og haldi sinni verndarhendi yfir þeim og ykkur öllum.

Í dag voru 10 dagar síðan ég fór að heiman. Það hefði undir venjulegum kringumstæðum ekki þótt langur tími þegar maður var hjá þér, en þú getur ekki trúað því hvað mér finnst langt síðan ég fór að heiman. Það hefur svo marga komið fyrir og eilíf breyting á umhverfinu og það gerir tímameðvitundina lengri.

Á morgun held ég áfram til Wien gegnum Prag (Tjekko-Slóvakíu) og ætla ég mér að vera þar til þriðjudagskvölds eða miðvikudagsmorguns og halda þá til Berlínar. Ég er búinn að skrifa Bjarna

¹ Árni Skúlason, húsgagnasmíðameist. Stofnaði Gamla kompaníð. Þeir Sigurður voru bræður Sigríðar konu Eggerts P. Briem.

² Inga Einarsdóttir fyrri kona Halldórs.

³ Hann var einn af Jónasar Jónssonar *prófessorunum*.

⁴ Hér mun átt við Guttorm Andrésson arkitekt. Hann teiknaði Bergstaðastræti 69 og bjó á ská á móti, að Bergstaðastræti 70 í svokölluðu Ingólfshúsi sem brann tæpum 20 árum síðar.

⁵ Þunglyndur.

Benediktssyni¹ þangað og mun hann taka á móti mér þar ef hann er ekki einhversstaðar burtu. Verð ég þar í 3 daga og ætla ég mér síðan beint til Stockholms yfir Stralsund-Trelleborg og koma ekki við hjá Gunnu fyrr en í bakslagnum. Ætla ég mér að vera kominn þar 25. þ.m.

Það er margt sem ég ætlaði að segja þér fleira, en af því að klukkan er að verða 12 og ég ætla að leggja af stað snemma í fyrramálið fer ég að slá botninn í bréfið. Ég held að þetta bréf sé einna verst skrifaða bréf sem ég hef sent þér, en ástæðan er sú að ljósið í herberginu fellur svo illa á pappírinn, skuggi kemur á pappírinn af sjálfum mér, því það er svo hátt undir loft og skrifborðið úti í horni.

Ég er búinn að kaupa mér ljós sumarföt og sendi ég svörtu fötin heim með Goðafossi.

Vertu kært kvöld elsku hjartað mitt og guð geymi þig fyrir mig og litlu hjörtun mín. Nú fer ég að sofa og læt mig dreyma um þig - þig sem ert ljós vega minna sem gerir mér ómögulegt annað en rata leiðina réttu, hvar sem ég fer. Guð blessi þig og drengina. Heilsaðu mömmum okkar. --

Friede P. Briem skrifar Ásgeiri Guðmundssyni. Rvík, 23.8.1931.

-- Nú líður okkur ágætlega. Eggert Ólafur er kominn á fætur og út, svo allt er í besta lagi, Páll Þórir hefur alltaf verið frískur og er úti allan daginn; þú sérð ábyggilega mun á honum þegar þú kemur heim, mikið lifandis ósköp hlakka ég til að sjá þig aftur elsku hjartagullið mitt; ef þú kemur með Drottningunni 13. sept., er tíminn hálfnaður þangað til þú kemur aftur. Ég fékk skeytið á brúðkaupsdaginn okkar, mikið gladdi það mig að þú skyldir muna eftir þeim merkisdegi, 4 ár, yndislegur tími og gæfan leikið við okkur, finnst þér ekki? Að eiga tvo indæla hrausta drengi (og ekki þann þriðja á leiðinni) og vera allt fyrir hvort annað, það er gæfa sem maður ætti að þakka, maður kynni að meta það ef eitthvað yrði tekið frá manni; við getum óskað hvort öðru því að við höldum áfram að elska hvort annað, því mest er undir því komið, finnst mér.

Ég fékk bréf frá þér í morgun hjartað mitt, þakka þér fyrir það, en þú verður að gæta vel að því að móðga mig ekki í bréfunum sem þú skrifar, því það er afleitt að móðga skriflega; þú talar um að við Gutti myndum takast á loft ef við sæjum einhverja kumbalda úti í löndum, nei við Gutti þurfum nú meira til, við höfum nú séð sitt af hverju, erum sem sagt ekki neitt sveitafólk, sem ekki veit nema það sem gerist hjá nágrönnunum. Gutti er afar sportmannslegur þessa dagana, hann hefur verið burtu úr bænum og er nýkominn aftur, er kolbrúnn í framan með rósrauða slykju og hárið hvítt sem nýfallinn snjór, svo gengur hann með enska húfu, sem auðvitað setur *prikken over i-et*² til að gera persónuna fullkomna, annars hefur hann víst ósköp að gera, því hann er ekki út af eins "*snakkesalig*"³ eins og í vor þegar hann stoppaði mig á götu til að segja nokkur vel valin orð húsbyggingum viðkomandi.

Ég talaði við mömmu þína í dag og það lá vel á henni. Glóa og Unna fóru austur í Fljótshlíð á föstudaginn og eru enn (í dag er sunnudagur). Halli fór með Ástu og Karli upp í Marardal, þau fóru ríðandi og Óli fór eitthvað sem ég heyrði ekki. Það er líka sú blessuð blíða hvern einasta dag, alltaf hiti og sólskin; Margit⁴ fór austur að Laugarvatni í gær og kemur líklega aftur í kvöld. Helgi bróðir minn tók hana fyrir mig í bílnum, hann fór með Peggy og Jónu og ætlaði jafnvel að taka Löllu líka, en hún var alveg nýkomin á fætur og mér fannst varla vert fyrir hana, því Doris og þær eru alltaf buslandi í lauginni og þá hefði Lalla farið líka og hún er svo óvön að synda að ég er hrædd um að hún hefði ekki þolað það, þess vegna bað ég H. að taka Margit í staðinn, ég vona bara að hún hafi gaman af þessu ferðalagi, en veðrið er gott og það er nú það fyrsta. Lalla var svo hjá mér í nótt, því ég þori ekki að vera einsömul, það er líka orðið svo dimmt á nóttunni. Það er nú loksins búið að slá blettinn, ef það er hægt að kalla það slátt, því sums staðar eru eftir toppar, en aftur annars staðar er skorið ofan af. Ég fékk karl til að slá það og taka heyið fyrir, svo ég slepp skaðlaus.

Helgi Sívertsen⁵ liggur á spítalanum, hann fékk gulu og var tekin röntgenmynd af honum sem sýndi bóligna kirtla við gallið,⁶ svo hann var skorinn upp og er bara mikið veikur síðan. Nú hætti ég því Páll Þórir kallar.

Elsku Geiri minn! Þá er kominn þriðjudagur og báðir litlu drengirnir okkar sofnaðir. Eggert Ólafur er dálítið vondur að sofna einsamall síðan hann var lasinn, hann biður mig alltaf að sitja og tekur í hendina á mér og segir "*bí bí gaka*", og þó skömm sé frá því að segja hef ég gert það, Geiri minn, hvernig heldurðu að fari með uppeldið á meðan þú ert í burtu? Ég er farin að gefa Páli Þóri ávexti, honum þykir bananarnir bestir. Hann hefur alltaf jafn sterka rödd, í gær var Lalla með hann á götunni hérna, og þá byrjar hann að gráta, rétt í því

¹ Síðast forsætisráðherra.

² Komman yfir Í-ið - áherslan.

³ Vel/hraðtalandi.

⁴ Norsk Þjónustustúlka hennar, sem settist að á Austfjörðum.

⁵ Systrungur Friede, bróðir Steinunnar.

⁶ Þetta „bóligna kirtla bakvið“ eitthvað, var helsta og vinsælasta sjúkdómsgreining lækna, kennski líka sjúklinga!

mætir hún konu sem segir við hana að láta blessað barnið ekki gráta svona, þá kemur önnur kona úr hinni áttinni, sem líka þarf að skipta sér af þessu og hún heldur nú að það geri barninu ekki mikið til, það hafi bara gott af því að gráta; og út af þessu fara þær að hnakkkrífast en Lalla hélt áfram sína leið án þess að gefa orð í, en þær stóðu eftir og héldu áfram rífrildinu og Páll Þórir hélt áfram orginu, án þess að hafa hugmynd um neinn ófrið sem hann hefði komið á stað.

Aumingja mamma, hvað hún á lengi í þessu sári á höfðinu, það var byrjað að grafa í því og henni hefur liðið svo illa út af þessu; ég get varla sagt að hún hafi tekið á heilli sér síðan hún datt. Hún tók litlu Gústavsdóttur að sér á sunnudaginn, því Steinunn var hjá Helga uppi á spítala mest allan daginn, svo var Hilda líka með sína tvo syni, Palla og Sigga, en einhver Englendingur var í heimsókn. Hann fer að *konversera* Hildu og spyr hana m.a. hvort hún eigi bæði börnin og Hilda heldur nú það, hún meinti náttúrliga Pál, og sá enski býsnast yfir þessu, en finnst hún vera nokkuð *extravagant*¹ að hafa tvo barnavagna, og þá komst misskilningurinn upp, að hann meinti kornabörnin. Ég hef fengið fötin þín og leikföngin handa litlu strákunum, þakka þér fyrir Geiri minn, ég var fegin að þú hafðir keypt þér föt, því þessi eru farin að verða hálfgerðir garmar. Ég skal muna eftir kr. 400 til Völundar.

Svo óska ég þér til hamingju með nýja árið þitt og vona að þú megir vera hraustur og ánægður, en umfram allt að vera ánægður með mig, guð veri með þér hjartað mitt og hafðu það gott og skemmtu þér vel. Bið að heilsa Lóu. Ég skrifa næst *poste restante* Köbenhavn. Okkur líður ágætlega, mömmur okkar biðja að heilsa. --

Ef þú sæir ódyra myndavél og þú ættir aura sem þú vissir ekkert hvað þú ættir að gera við, þá væri gaman!

--

¹ Rausnarlegt.

1933

Skeyti Ásgeirs Guðmundssonar til Friede P. Briem. Ísafirði, 18.1.1933

Fríða Pálsdóttir, Bergstaðastræti 69, kem með Goðafoss kveðjur. Ásgeir



Í garðinum í Tjarnargötu 24, Ásgeir, Þórdís, Jóna og Álfheiður m. strákana.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem, Stokkhólmi, 4.6.1933.

-- Þá erum við hingað komin eftir yndislegt ferðalag um Noreg og Svíþjóð. Við búum hér í besta yfirlæti hjá Vännerström, þjuggumst við að búa á hóteli hér en þegar við komum hingað var Lóa búin að flytja til í herbergjunum svo að við gætum búið hjá þeim, svo að við þáðum það, eins og þú getur nærri.

Við sóttum reyndar þannig að þau eru að byggja við húsið svo það er allt öðruvísi en vant er, ég þarf ekki að lýsa því fyrir þér, þú þekkir það. Fólki er svo gestrisið og gott við okkur að það er unun að búa hér. Veðrið er yndislegt, sólskin og hiti, en þó þannig að við erum ekkert þvinguð af hita, því það er sannarlega ekki gott, ekki fyrir fólk sem er að skoða bæinn! Við vorum viku í Noregi, 1 dag í Bergen, 3 daga í ferðalagi og 3 daga í Oslo; þaðan fórum síðan til Hålsingborg og heimsóttum Bergström. Þar hvíldum við okkur, fórum í sjó og vorum mikið heima, því það er afar gott eftir að hafa verið á sífelldri ferð að koma á heimili þar sem maður getur verið eins og heima.

Mér finnst svo langt síðan við fórum að heiman, á bágt með að átta mig á því að það sé ekki nema rúmur ½ mánuður, ég er búin að sjá svo margt nýtt og þegar dagarnir eru svo viðburðaríkir, virðist tíminn verða svo miklu lengri heldur en þegar einn dagurinn er öðrum líkur.

Við fengum myndirnar af litlu strákunum frá Eggert; viltu þakka honum fyrir þær, manni finnst svo langt síðan að maður fór frá þeim að maður er öllu feginn. Við verðum hér þangað til í næstu viku og hlakka ég til að koma til Hafnar, því þangað ætlum við, því þá vona ég að fréttu að heiman. Annars vona ég ykkur líði vel og séuð öll kát og hress. Allt ferðalagið hefur gengið ágætlega og höfum við haft afskaplega gaman af því. Bréfið er innihaldslaust, en ég verð þess innihaldsríkari þegar heim kemur. Viltu skila kærum kveðjum til allra heima og líði ykkur svo sem allra best mamma mín. --



Ásgeir og Friede í lautarferð

Ásgeir Guðmundsson skrifar Friede P. Briem. Brúarfossi 11.11.1933.

--Þó stutt sé síðan ég kvaddi þig, ætla ég úr því tækifæri er til þess að senda þér nokkrar línur. Ég sit hérna á bekknum í herberginu mínu með ritvélinu á hnjónum, því ekkert er til ritvélaborðið. Ég sofnaði strax við hafnarbakkanna og svaf þar til kl. 9 í morgun, vissi ég því ekkert af því þegar skipið lagði af stað frá Reykjavík, nema hvað mér er sagt að það munu hafa verið kl. 2-3.


Elsku hjartans yndið mitt, sem ég aldrei mun gleyma hvar sem ég ferðast, ég vona að þú látir þér ekki leiðast meðan ég er í burtu. Reyndu að láta þér líða sem allra best, því þá er ég ánægður. Aldrei finnur maður eins vel og þegar farið er frá því sem maður elskar hversu innilega manni þykir vænt um ykkur öll. Þá er það eins og fyrst renni upp fyrir manni ljós hvað ánægður og hamingjúsamur maður er, að eiga þig og elsku drengina, sem eru augasteinar okkar. Maður ætti ekki að láta smámunina í daglega lífinu hafa áhrif á sig, þegar okkur hefur verið gefið allt það sem hægt er að veita ungu fólki til þess að gera það hamingjusamt.

Þetta er víst í annað skipti sem ég sendi þér kveðju skrifaða á ritvél, eða er ekki svo. Manstu hvenær það fyrra var skrifað og hvað stóð í því? Þetta verður tæplega betur skrifað en það fyrra því nú er það öldugangur hafsins sem hefur áhrif á skriftina, en áður var það unga ástin með tilheyrandi *nervösiteti*.

Ansi er ég hræddur um að þú mundir vera sjóveik ef þú værir á ferð með mér núna. Veðrið er ekki mjög vont, ekkert hvasst, en það er í þess stað suðvestan haugasjórn þannig að á ýmsu gengur, get ég tæplega hamið ritvélinu í fanginu á mér. Veðurstofan spáir betra veðri svo allt er í lagi. Skipið kemur ekki við í Leith, heldur beint til London.

Komdu þessum skilaboðum til hennar Sesselíu¹ frá mér. Meðan ég er í burtu geri ég ráð fyrir að maður að nafni Halldór Þorkelsson muni koma á skrifstofuna til mín og krefja mig um greiðslu á 6% vöxtum af skuld minni til hans sem er annaðhvort kr. 4000.00 fjögur og tvö eða kr. 240 ca. Viltu biðja hana um að greiða þetta fyrir mig, en minntu hana á það að það þarf að gefa kvittun fyrir þessu og að auki að færa vaxtagreiðsluna inn á skuldabréfið og bæta þessu við kvittunina "Ársfrestur er veittur af afborguninni o.s.frv." Komdu þessum skilaboðum fyrir mig elsku hjartað mitt. Nú erum við að koma til Vestmannaeyja og verð ég því að slá botninn í bréfið.

Guð geymi þig elsku hjartað mitt og börnin okkar. Hugsaðu oft til mín því þá munu hugsanir okkar mætast. –



Páll Þórir í Litlabæ: Upprennandi brennustjóri og bruggari

Friede P. Briem skrifar Ásgeiri Guðmundssyni. Rvík, 15.11.1933.

-- Okkur líður ágætlega, strákarnir eru að verða góðir af kvefinu og ég ágæt í nefinu og þegar heilsan er góð, ætti allt annað að vera gott og er það líka núna, nema hvað mig vantar þig, hjartagullið mitt.

Mamma þín og Glóa komu til okkar í gær, það lá vel á mömmu þinni og hún spilaði við strákana og var engu líkara en að jólin væru komin, svo var skemmtilegt. Mamma þín hafði verið lasin daginn áður en var orðin hress, sem betur fór og voru þær fram undir 10. Það halda áfram slysin, nú um daginn varð maður héðan úr bænum úti, Sigurjón Guðmundsson skrifstofumaður hjá honum Þóroddi Jónssyni, þeir höfðu farið saman að veiða rjúpur, lentu í hríð og villtust og gafst Sigurjón upp og dó, en Þóroddur komst af.

Helgi er hér enn og veit ekkert hvað hann muni verða lengi, hann er að vinna að honum Jörundi sínum hundadagakonungi² og er ég að vélrita dálítið fyrir hann, þú veist að ég er í essinu mínu þegar ég er að vinna mér inn peninga. Ég var með strákana hjá mömmu á sunnudaginn var og kom þá skeyti frá þér, það var fallett af þér Geiri minn og þér líkt að muna eftir henni og vilja gleðja hana. Annars var ég líka í aðalgleðskapnum á laugard., þar var Sívertsen og Jón frændi³, og vakti Sívertsen almennt hneyksli af því að hann kyssti mömmu og var Jón frændi alltaf að hnussa út af þessu allan eftirmiðdaginn. Það var verið að halda Þorleifi H.

¹ Sesselía Sigurðadóttir, fangavarðar Jónssonar, systir Péturs háskólaritara. Hún vann á skrifstofu Ásgeirs og Stefáns og síðar hjá Lárusi Fjeldsted og Theodór B. Líndal.

² Vann að doktorsritgerð um efnið.

³ Jón Helgason, biskup.

Bjarnasyni¹ samsæti um daginn og þar hafði séra Bjarni² haldið eina af sínum skemmtilegu ræðum og sagði Þorleifur að hann myndi koma á hverjum sunnudegi í kirkju til hans sem væri eins skemmtileg og þessi, svo þeir yfirgengu hvor annan í *vittighedunum*.³ Annars er heldur tíðindalaust, það var ljóslaust hér í fyrirakvöld í 3 tíma, það var einhver bilun og lá við manntjóni, en varð þó ekki. --

Fyrirgefðu þetta bréf hjartað mitt en það er alltaf verið að trufla mig svo ég gleymi hvað ég ætlaði að skrifa. Guð geymi þig og varðveiti svo ég fái að sjá þig sem fyrst aftur kátan og frískan, líði þér vel og gangi þér sem best. -- Drengirnir litlu biðja að heilsa elsku pabba sínum.

Símskeyti. Ásgeir Guðmundsson til Friede P. Briem, London, 18.11.1933

Vellíðan kveðjur Ásgeir.



Heyskapur í Nesi: Ásgeir, Kristín, Friede, Óli, Hákon, Irvin (norskur vinnumaður), Elínborg Lárusdóttir, Sigurður Jónasson vinnumaður, síðar gullsmiður á Klapparstíg. Fremst: Palli og Eggert.



Í Litlabæ: Friede, Kristín og Eygló Kristinsdóttir.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede og Ásgeiri Guðmundss. Ålsten, 7.12.1933.

Finnst hún hafi fengið lítið að fréttu heimanað nema frá mömmu sinni, allir séu orðin leiðir á henni.

-- er farin að halda að þið séuð öll orðin leið á mér, og svo komi allt í einu að jólnum. --

Bréfið fjallar að nokkru leyti um möguleikann á peningaláni til greiðslu á húsinu á Bergstaðastræti 69 hjá banka sem hann og Lóa þekkja til.⁴ Hún hafði verið í vandræðum, en þegar bréfið var skrifað var það mál komið í lag og hann kominn í góða stöðu.

¹ Þorleifur Bjarnason, menntaskólakennari, bjó í Tjarnargötu 18.

² Séra Bjarni Jónsson, síðast vígslubiskup.

³ Gamanyrði.

⁴ Sýnast fjárhagsvandræði stafa af því að hann keypti húsið á Bergstaðastræti 69 í skyndingu er aðaleigandinn drukknaði 1930. Þá þurfti hann að útvega sér lán. Þar sem bankar voru varla teljandi á þessum árum, fékk hann lán hjá vinum og kunningjum. Nú virðist komið að gjalddögum. Því leitar hann erlends láns. Er hann dó, tveim árum síðar, var hlutur Ásgeirs í lögfræðistofu hans og Stefáns Jóhann Stefánssonar seldur og virðist svo sem söluverð stofunnar hafi þá bjargað Friede, móður minni, þ.e. ef ekki hafði tekist að koma lagi á fjárhaginn áður.

1934

Friede P. Briem til Ásgeirs Guðmundssonar. Litlabæ,¹ 28.7.1934.

Ég hef frétt af þér frá Helgu,² kom hún til mín í gærkvöldi og sat hjá mér, mér til mikillar skemmtunar, því alltaf finnst mér gaman að hitta hana, svo fylgdi ég henni upp á Hæðina³ og rétt í því kom strætisvagninn og var Manni⁴ í honum og hann var svo “*galant*”⁵ að hann fór úr honum og fylgdi mér heim að dyrum, mamma hans hefur nú fengið hvíldina, og er það víst gott, þar sem hún þjáðist svo mikið. Hilda Helgason kemur hingað á mánudaginn ef veðrið verður gott. Verður hún hér í nokkra daga.

Páll Línadal var hér í 4 daga í vikunni sem leið, en það var því miður leiðindaveður, en við reyndum að hafa það skemmtilegt inni og spiluðum maríás, japanska vist og þess á milli gerðum við spilagaldra, svo þú mátt trúa að það var hlegið dátt. Dídí bauð mér á bíó eitt kvöld og var reglulega gaman og fórum við inn á Borg á eftir. Karl og Ásta eru á Laugarvatni og buðu þau Else-Mari að koma þangað svo hún er þar núna. Einn eftirmiðdag fór ég með strákana að Bollagörðum og ekki get ég sagt þér hvað okkur var tekið vel. Einar var bókstaflega með Eggert Ólaf á handleggnum og vissi ekki allt það góða sem hann ætti að gera okkur.

Hjartað mitt góða, hvað ég hlakka til að fá þig heim aftur og vona ég að forsjónin gæti þín svo ég fái þig heilan og ánægðan heim aftur til litlu drengjanna sem þurfa hans góða pabba síns svo mikið með. Guð og gæfan fylgi ykkur og líði þér sem allra best. Litlu drengirnir biðja að heilsa. --Það líður öllum vel í Nesi. --



Litlabær, Nesstofa í baksýn. Eggert erlengst til hægri ásamt mömmu sinni og annari konu.



Palli Línadal á kamarþakinu í Litlabæ. Ráðagerði og traðinnar í baksýn.

¹ Sumarbústaður (áður hjáleiga) í túnfætinum í Nesi.

² Helgu Ólafs.

³ Valhúsahæð, hjá Mýrarhúsaskóla.

⁴ Sigurður Friðmann (*Manni*) Þorleifsson, stýrimaður, fóstursonur Kristins og Önnu í Ráðagerði.

⁵ Kurteis/tillitssamur.



Enn í heyi: Kristín, Friede, Else-Mari, Eygló og Unnur.



Sex ára afmæli Eggerts: Fremst: Sigurður Líndal, Sígga Gunnsteinsdóttir í Nesi, Steinunn Eggertsdóttir Briem, Margrét Viðar, Álfheiður Líndal, Þórdís Gústavsdóttir, Páll Þórir, Óttar Viðar. Aftar: Dóra Kristinsdóttir í Bygggarði, Eggert með hækjurnar og stafinn, Hafsteinn og Guðmundur Einarssynir í Bollagörðum, Hörður sumarstrákur í Nesi, Halldór Gunnsteinsson í Nesi, Kristinn Einarsson, Bollagörðum, Einar Viðar, Halldór Kristinsson, Bygggarði. Myndin tekin neðan Litlabæjar, en merki um bæinn eru nú horfin nema fyrir glögga. Að baki eru járnplötur, fengnar frá skipsstrandi, komið fyrir til að hefta sandfok í garðana fyrir austan þær.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Álstén. 15.10.1934.

-- Ástar ástsamlegustu þakkir fyrir í sumar. Var allt svo yndislegt og ég verð að láta svo að þetta var allt svo mikið að ég hef ekki mellt það ennþá. Það er ekki svona smávegis að fá að koma heim til ykkar allra sem öll eruð eins og við værum velkomin, meira að segja reglulega. Ég get ekki skýrt frá því hvílikur glans og gleði er yfir dögnum öllum sem voru bæði fáir og stuttir en þó fékk maður svo fékk maður svo (mikið) út úr þeim að þeir urðu sem ein eilífð.

Allt er héðan það besta að fréttu -- gróður vex - ósköpin öll af eplum og perum, soðið og konserverað¹ -- allir hafa borðað yfir sig. Svona er öllu ójöfnu skipt í tilverunni.

Hvernig hefur Eggert Ólafi - ég gleymi ekki hans glaða og talandi andliti, blessuninni, afar erfitt að halda honum í skefjum. Berðu honum kveðju -- Else Mari hefur verið hjá ykkur -- Þakka ennþá einusinni fyrir allt sem þið gerðuð fyrir hana. Nú er hún á Laugarvatni, býst ég við.

Hér um daginn varð stjórnin tveggja ára² og halda fæðingardagsbörnin veislu fyrir frúrnar. Höfðu samverkakonurnar hér³ saumað hvítan kjól með svörtum röndum. Þegar frú Möller - fataexpert Stockholms Tidningen - sá kjólinn, sagði hún yfir alla: *Det är den verklig perfekta klänningen.*⁴ Hún vissi ekki hver

¹ Niðurlagt/soðið..

² Ivar Vennerström var hermálaráðherra í ríkisstjórn Svíþjóðar undir forsæti Per Albin Hansson.

³ Mun vera Brynhild (1913-1935) dóttir Lóu og samstarfsskona hennar. Brynhild varð ekki margra ævídaga auðið.

⁴ Fullkominn kjóll.

hefði saumað hann og varð forviða og spurði mig út um stelpurnar. Þetta var *uppmuntran*¹ fyrir þær greyin, gat varla verið glæsilegri. Þær hafa fullt upp að gera og hafa fengið lærling, frænku frá Vermland, sem hjálpar mér á morgnana -- og svo lærir hún að sauma og fær svolítil laun --.

Á morgun fer Ivar í stórt gilli í Stadshúsinu,² ætlaði ég mér að bjóða löndunum upp á *surströmming*,³ en frú Engberg, sem ég hafði lofað að fá að vera með varð að fara til Norrlands, svo það fórst fyrir. Svo biðu þeir vesalings stjórnarmennirnir eftir komu Sybillu.⁴ Geturðu ímyndað þér, þeir eru *kommanderaðir*⁵ í kirkju daginn eftir (*til*) að þakka *vár herre*⁶ fyrir prinsinn eða nú prinsessurnar. Mikið er ég búin að gera grín að þeim, og forsætis- og utanríkisráðherrarnir verða að sitja í nánd við hana, þ.e. að vera í Slotinu þegar hún fæðir angann. Hvað segirðu? Þeir segjast ekki geta farið að þrifa (*til*) í þessu við gamla kónginn -- Hefur Per Albin⁷ lofað mér með handarbandi að þrifa burt slíkt og þvífíkt.⁸

Jæja, elskan, og þið bæði, ennþá einu sinni, ástarþakkir fyrir mig og minn karl, fyrir allt sem þið gerðuð fyrir Else Maríu Ívarsdóttur. Kannski kemur sú stund sem hægt er að sýna eitthvað á móti ef þið rækjuð inn höfuðin. Mundu að Geiri á 100 ísl. krónur hjá mér sem hann sagði að mættu vera inni *tilsvidere*⁹ ef þið kynnuð að vilja fá eitthvað héðan - svo þú vitir það. --

Berðu Helgu og Stefáni kveðju, veit ekki hversu lengi þessi skörungsskapur til skrifta stendur, getur verið að hann strandi um sinn við þetta bréf -- Heilsaðu öllum, Fríða mín og líði ykkur öllum sem allra best. --

¹ Gladdi

² Veislu.

³ Þetta er sú alræmda Eystrasaltssíld sem sett er í dósir, súrnar og bólgnar án þess þé að dósirnar springi. En bragðsterk mun hún vera og einskonar manndómsraun á bragðið.

⁴ Sybilla Þýsk prinsessa (1908-1972) sem átti prinsinn og ríkisarfann Gústaf Adolf (1906-1947). Hann fórst í flugslysi á Kastrupflugvelli. Því tók Carl XVI núverandi kóngur, sonur þeirra, við konungdómi af afas sínum og þótti það nokkur lausn, því foreldrarnir þóttu hallir undir Þjóðverja.

⁵ Skipað að --

⁶ Guði.

⁷ Per Albin Hanson (1885-1946) forsætisráðherra frá (1932-1946).

⁸ Hér talar Lóa umbúðalaust, eins og hún átti til. Ég leyfi mér að segja að hennar lausa tunga gæti hafa haft nokkur áhrif á að Ivar vék úr ráðherraembættinu stuttu síðar. En málið er áreiðanlega flóknara en það.

⁹ Áfram.

Innskot E.Á.

Tímannna tákn hve miklar sjúkdómslýsingar eru í bréfunum, einkum á börnum, sem stundum lágu í rúminu í hópum. Gengu ýmiskonar umgangssóttir sem nú eru horfnar vegna bólusetninga. Einnig lýsing á sjúkdómum sem má rekja til frumstæðrar læknislistar, lélegrar læknisþjónustu og hollustuhátta. Þá voru vandræði með tennur. Mikið af utanlandsferðum voru vegna þráláttra sjúkdóma og gerfitannakaupa sem ýmsir velmegandi gátu veit sér, einkum í Danmörku. En þó virðast læknaaðgerðir í Danmörku hafa verið hálfgerðar skottulækningar/kvakksalveri! Nudd, böð og bakstrar. Sennilega fór þetta batnandi upp úr 1950, verður kannski bærilegt með nýjum spítölum!?

Álfheiður Briem skrifar Þórdísi Briem. Reykjavík. 29.5.1935.

Þórdís er nýkomin til Barcelona, en ekkert frést þaðan en margt frá Íslandi. M.a.: Veikindi fjölda barna í fjölskyldunni, frost í Hallingdal í Noregi hjá Skúla Skúlasyni frá Odda og Nelli konu hans, gallsteinar í „töntu“ Mariu Helgason.

-- hér er konsert á hverju kvöldi sem Karlaóráinn heldur alltaf fyrir fullu húsi og mun ekki af veita því mikill „undirballance“¹ kvað vera eftir ferðina. Kaupmannahafnarbúar sóttu lakast, en ég legg það svo út sem þeir hafi ekki átt aura, eftir að þeir voru búnir að leggja í brúðargjöfina handa Ingrid litlu!!² Ég hef verið að kynna mér allt sem brúðkaupinu viðkemur; ég er nefnilega, eins og þú þekkir Dídí mín, „löja“³ út í fingurgómana og vildi ég óska að Friðrik prins reyndist Ingrid litlu vel, og færi ekkert út af velsæmisbrautinni.⁴

Morgunblaðið var svo nærgætið að hafa myndir af höttunum hennar og ætlaði ég að hafa hliðsjón af þeirri mynd þegar ég fengi mér sumarhatt, en Ingibjörg hafði þá engan sem var neitt í áttina, svo ég varð að láta mér lynda allt annan „facon“!⁵ Landið var svo „þænt“⁶ að senda brúðargjafir héðan, og er ekki að undra þótt útsvörin hækki á mér og þessum hálaunuðu; við erum alltaf að senda gjafir út um heim; mér þykir verst að Ríkharður skyldi komast í að búa til rammann um málverkið, mér finnst honum stundum verða mislagðar hendur með útskurðinn.⁷

Svo fór nú Stefán Jóhann með aðra gjöfina til Svíþjóðar, og stakk henni að þeim þar, það er meiri gjafaöldin þetta.

Jóna fór í morgun í skemmtiför til Þingvalla með bókbindara- og prentarafélaginu og hlakkaði mikið til. - Jón bróðir fór austur í Landeyjar til að vígja kirkju og Cilla með --

Soffa⁸ er að hugsa um að sigla með Gullfossi -- ef hún fær aura til þess, það gengur hálf erfiðlega.; mér fyndist nú Magnús Sigurðsson⁹ ætti að vera almennilegur og auðsveipur þegar hann er nú búinn að fá Margréti sína, þau giftu sig á laugardaginn sem þú fórst. -- Guðmundur Ólafsson¹⁰ hæstaréttarmálflutningsmaður varð bráðkvaddur fyrir nokkrum dögum. Það var viðbúið að það endaði svo fyrir honum. Konan hans þyrfti að taka sig saman um að vera drengjunum þremur til fyrirmyndar; hún kannski gerir það nú. --

Ég býst við að Helgi fái að kíkja á línurnar, ég get ekki verið að skrifa tvö bréf jafn alveg ómöguleg --

¹ Halli.

² Vætanleg drottning Dana.

³ Konungholl.

⁴ En það mun hafa borið við, m.a.s. var þrálátur orðrómur um að hann ætti barn á Íslandi.

⁵ Snið.

⁶ Huggulegt.

⁷ Ríkharður Jónsson (1888-1977) myndskeri. Reyndar var hún með mynd hjá sér á vegg eftir hann af Páli heitnum manni hennar.

⁸ Soffía Skúladóttir frá Odda.

⁹ Bankastjóri.

¹⁰ Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmálflutningsmaður, formaður Lögfræðingafélagsins og tók pabbi þá við formennskunni.

Álfheiður Briem skrifar Þórdísi Briem. Reykjavík. 12.6.1935,

-- Auður Auðuns¹ var að ljúka embættisprófi í gær, með fyrstu einkunn, og er hún fyrsti lögfræðingurinn í *pilsun* hér á landi --

Axel vinur minn Tulinius varð 70 ára í vikunni og var hann *feteraður*² og hanns minnst rétt eins og dauður væri. Hann lá nú í rúminu þann dag svo skátarnir gátu ekki gefið honum kaffi, sem þeir ætluðu, þann dag, en hann fær það seinna. Annars langar hann til að selja húsið sitt og fara með Gauju sína af landi burt frá útsvörunum og öllu því. Ég ætti að verða þeim samferða því nú eru eftirlaunin mín öll tekin í tekjuskatt og útsvar, ég held þó 17 kr. eftir handa mér til að *júbílera*³ með! -- Jæja þetta dettur nú út úr pennanum, út af Axel okkar og afmælinu hans. --

Soffa (*Skúladóttir*) sigldi með Gullfossi síðast og ætlar að bæta við sig þekkingu í matargerð, ég vona hún upplífist við það líka, það er verst að það skuli vera um þetta leyti árs sem hún fer, því hitinn í eldhúsunum er kveljandi fyrir hana. --

Stúlkurnar í (*bóka*)búðinni báðu mig einróma fyrir kveðjur, bæði margar og kröftugar, Fjóla var nú nýbúin að græða 24 kr. í happdrættinu og Jóna fékk líka 25 kr. en við greyin fengum ekkert. --

Álfheiður Briem skrifar Þórdísi Briem. Reykjavík. 26.6.1935.

-- Hilda hringdi áðan og bað mig um að segja þér að hún væri nú á sínum gömlu dögum (*rúmlega fertug*) farin að læra sund og bjóst hún hálfvegs við að þér mundi mäske detta í hug að hún væri ekki sérlega *fiks*⁴ í listinni, en hún sagði að hún væri alls ekki sú versta! og má það gott kallast.

Annars er hér ósköp af mótum, í þessari tíð, maður þverfótar ekki fyrir alls konar aðkomufólki, ungu og gömlu., mismunandi að útliti og gæðum., fjöldi útlendinga líka sem ætla að kynnast *landi* og *þjóð* meðan þeir standa við 5-14 daga. Þar má fyrst fræga telja Jakobínu Johnson,⁵ hún er að sjá alveg eins og 70 ára, með stór spangargleraugu og afskaplega saman-*skrumpet*⁶ en kvað vera afar skemmtileg að tala við. Og Kjartan⁷ brunavörður var ekki fyrr búinn að heyra að hún væri komin en hann settist niður og orti eina meiri háttar drápu, henni til dýrðar. Hann lætur ekki standa á sér hann Kjartan, hann fór í gær norður í land að syngja og ætlar svo að sigla á eftir með KFUM kórnum, en ekki veit ég hver yrkir á meðan. --

Ég held að ég sleppi að skrifa Helga því þetta sem ég send þér er allt sem ég man eftir. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem, Rvík, 29.6.1935.

-- Þakka þér kærlega fyrir bréf og kort. Ég fékk bréfið þegar ég var nýbúin að senda bréfin til Lóu, Gunnu og þín á stað, en ég vona að þið hafið komist í samband hvor við aðra svo það hafi ekkert gert til. Ég er hér niðri á skrifstofu hjá Geira og kann mjög svo illa við pennann. Nú er ég orðin alveg góð í nefinu, búið að taka kirtla líka, svo þetta verður vonandi lokaaðgerð. Það er gaman að heyra frá þér hvað þér líður vel og þú skemmtir þér. Þú minnst ekki einu sinni á nein óþægileg skorkvikindi!

Hér er annars leiðindaveður, rok og sólskinsleysi, við erum flutt út í Litla-bæ, höfum verið þar í 16 daga, þar af 3-4 sólardagar. Það er leiðinlegt ef maður verður vonsvikinn á veðrinu 3. sumarið. Annars verður það ekki betra þó maður sé að smáergja sig yfir því. Ég get sagt þér annað betra og er það með Eggert Ólaf. Hann er mikið betri, það var tekin mynd af honum í vikunni og virðist það hafa lagast mjög mikið síðan í mars⁸. Ekki má hann samt sleppa hækjunni, þ.e.a.s. meira en hann gerir, en það gerir honum víst ekkert til þó hann týni henni par sinnum á dag.

Þá er Gulla⁹ gift. Ég hef ekki orðið eins hissa á neinu sem ég hef heyrt upp á síðkastið. Bjarni¹ er dálítið ungur við hennar hlið, en hvað er um að tala þegar ástin er annarsvegur.

¹ Auður Auðuns (1911-1999) borgarstjóri og ráðherra.

² Láta mikið með.

³ Halda hátíð.

⁴ Leikin.

⁵ Jakobína Johnson (1883-1977) skáldkona leit ágætlega út er ég hitti hana í Seattle löngu síðar, glöð, kát - mikilsvirt.

⁶ Rýr.

⁷ Kjartan Ólafsson var eitt af hirðskáldunum sem hafði viðskipti við fjölrítunarstofu mömmu. Hann var líka verndari andanna á Tjörninni, en Slökkvistöðin, þar sem hann starfaði, var þá á tjarnarbakkanum. Gjarnan nefndur *andapabbi*.

⁸ Eggert með sjúkdóm í mjöðm, lá lengi í gífsi, gekk síðar við staf og hækju.

⁹ Gunnlaug Vilhjálmstöttir Briem, tvímenningur við Friede sem hafði verið samtíða henni í Höfn.

Ég fór á bíó og Borg í gærkvöldi, var bara gaman. Á Borg sá ég Ínu,² hún var þar að skemmta sér með tveim norðlenskum vinkonum sínum. Hún var ansi *strålandi*³ eins og ungt fólk á að vera þegar *Bakkus* er á borðum. Annars veit ég engar fréttir. Valli⁴ er að skána. Helga og Stefán eru komin, þau komu undir eins og þau heyrðu af veikindunum heima, og voru þau þá búin að vera rúman mánuð í ferðinni. Annars hef ég ekkert talað við hana nema augnablik morguninn eftir að hún kom.

Geiri er búinn að tala við hann Baldvin⁵ hjá Eimskip um að þú borgir ekkert fyrir far eða fæði fyrr en hér heima, hvort sem þú ferð frá Kaupmannahöfn, Hamborg eða Leith. Svo það er allt í lagi. Ég fer í spil til Steinunnar⁶ í kvöld, alltaf er maður tryggur við þau. Ég bið kærlega að heilsa Doris og Helga og óska að þið megið öll hafa það gott og skemmtilegt.



Við bræðurnir og Palli Líndal. Ekki var ég laus við hækjuna.

Dagbók Friede P. Briem og Ásgeirs Guðmundssonar í Spánar- og Ítalíuferð 1935.

Ásgeir. 4. sept.

-- Á hverjum drottins degi varð loksins af því að við, Friede Pálsdóttir, mín ágæta eiginkona og ég, Ásgeir Guðmundsson, komumst af stað á leið til Ítalíu. Höfðum við, fyrir mörgum mánuðum, ákveðið að fara til Spánar í heimsókn til Helga Briem, bróður fyrrnefndrar konu minnar. Tíminn, hvenær lagt yrði af stað, var ákveðinn seinni hluta sumars, en af ferðinni gat ekki orðið fyrr en nú, með því að ekkert skip hefur farið til Spánar með fisk, frá því í maí, en þá fór til Spánar yngismeyjan Þórdís, systir konu minnar, á eimskipinu Eddu.

Nú er ferðin hafin og var lagt af stað frá Reykjavík kl. 3 í dag á e.s. Kötlum. Um klukkutíma var ratað fram og aftur um ytri höfnina, því leiðrétt þurfti segulskekkju áttavítans. Til skips fylgdu okkur, móðir konu minnar, Álfheiður Briem, og systur hennar Þórdís og Hilda Líndal kona Theodórs Líndal hrm.,⁷ fyrrverandi skólabróðir minn, Stefán Jóh. Stefánsson hrm., félagi minn, og kona hans Helga Ólafs, frænka mín, Páll Jónsson, almennt kallaður Púlli og Þórður Albertsson fiskifulltrú, nú búandi á Hótel Borg.

Ferðafélagar voru engir, nema við fyrrnefnd hjón. Vorum við afar ánægð að fá að njóta okkar íhlutunar og truflanalaus. Veður var allan daginn yndislegt, sólskin og sléttur sjór og varð dagsins því notið vel. Á leið

¹ Bjarni Guðmundsson blaðafulltrúi og frændi Ásgeirs af Bollagarðaætt.

² Matthildur Edwald, starfaði með Þórdísi Briem í bókabúð Eggerts P. Briem, móðir Jóns E. Ragnarssonar lögfræðings.

³ Geislandi.

⁴ Stefán Valur Stefánsson, varð lengi geðsjúklingur.

⁵ Baldvin Einarsson (1901-1979), síðar forstj. í Hafnarfirði, faðir Einars yfirlæknis.

⁶ Steinunn Sigurðardóttir Sívertsen, kona Gústavs Jónssonar.

⁷ Nefnt var að breytingar hafa orðið á titlum *lögmannna*, sem nú eru nefndir. Þá var titill hæstaréttamálaflutningsmanna skammstafaður: *hrm.*

okkar til Reykjaness mættum við tveim skipum, Lyrú, sem kom frá Keflavík og vitabátur á leið til Reykjavíkur með bauju í eftirdragi.

Áður en lengra er komið af þessari frásögu skal það tekið fram að drengjunum okkar, Eggert Ólafi og Páli Þóri,¹ var komið fyrir í fóstri og umhyggju til móður minnar² að Nesi, það er Eggert Ólafi, og Páli Þóri til Guðmundar,³ bróður míns, að Móum á Kjalarnesi. Voru þeir ákaflega glaðir að komast í sveitina á ný og höfðu hlakkað til burtfarar foreldra sinna, langan tíma.

Um kl. 9 sótti svefn á Friede og óskaði hún þess að hvíla sig, sem ég og veitti henni og gekk hún samtímis til náða. Var þar með fyrsti dagur ferðalagsins á enda og vonum við að veðrið haldist.

Ásgeir. 5. sept.

-- Veðrið hélt óbreytt alla nóttina og hreyfðist skipið ekki hið minnsta. Rúmin sem við vorum í eru mjög góð og sváfum við mjög vel alla nóttina. Að vísu vöknudum við oft, vegna óvana að vera á sjó. Auk þess var hiti frá miðstöðinni mjög mikill. Vaknaði ég margsinnis til kl. 6 1/2, vakti og var að hugsa um að fara á fætur, en þá fékk svefninn yfirhöndina og ég vaknaði ekki fyrr en kl. 8 og fór á fætur.

Veðrið er ágætt, logn og sólskin en örlítil hreyfing á skýjum og það orsakar að Friede finnur ekki til sjósóttar. Fór hún samt á fætur, af veikum mætti, lá um tvo tíma í hægindastól á dekkinu og bakaði sig í sólskininu. Hún hafði enga matarlyst og sátum við því hjá skipstjóranum, Rafni Sigurðssyni,⁴ og höfðum það huggulegt. Hefur hann frá mörgu að segja, því hann er víðförull. Hefur hann verið um 30 ár á sjó, eða síðan hann var ellefu ára gamall. Fór hann þá til sjós á fiskiskútu á Vestfjörðum. Síðan sigldi hann með Englendingum og lærði sjómennsku þar í landi. Hann hefur verið skipstjóri á m/s Huginn frá Reykjavík, eign fiskveiðifélagsins Hauks; -- og m.s. Heklu frá Reykjavík og er nú skipstjóri á hinu ágæta skipi, Kötlu.

Skipstjórinn sagði margt í „*samtalens löb*“, m.a. að skemmtilegasta skipið sem hann hefði verið á væri Huginn frá Reykjavík, en það var seglskip keypt frá Ameríku í stríðinu árið 1916. Hefði hann siglt á því sem stýrimaður frá Gíbraltar til Íslands á 19 dögum. Hins vegar sagði skipstjóri að með lélegustu flutningaskipunum sem hann hefði starfað á væri m/s (?), enda hefði það líka verið óhappafleyta bæði fyrir skipsmenn og eigendur. Manntjón var á því og eignatjón gífurlegt. Var skipið keypt hingað til lands 1917 eða 1918 fyrir 560 þús. en selt til Danmerkur, þaðan sem það var keypt, árið 1920 fyrir 60 þúsund. Lýsir þetta því hvað gífurlegt verðfall hafi verið á því. Hafði þetta tjón meðal annars þau áhrif að hlutafélagið Haukur varð gjaldþrota, eftir að hafa starfað með tvo nýkeypta trollara⁶ í rúm tvö ár.

Dagurinn var frekar tilbreytingalaus, því mín litla Friede liggur fyrir. Ætlaði ég að stramma hana upp með því að fá hana í göngutúr um skipið og var hún búin að láta undan, en svo stakk hún allt í einu af meðan ég skrapp út úr herberginu okkar, afklæddi sig og lagðist fyrir. Gat ég því ekki verið svo harðbrjósta að reka hana upp og lofaði ég henni að hvíla sig í næði. En ég hef ásett mér að fá hana til þess að hreyfa sig seinni partinn í dag, en ekki veit ég hvernig mér tekst það, því hún er dálítið sjálfstæð að eðlisfari. -- *Segir frá bókinni sem hann er að lesa.* --

Klukkan er nú 9 og ekki hefur mér tekist að hafa Friede á fætur, hún liggur og hvílir sig og nærast ekkert. Ætlaði ég að færa henni mat að kvöldverði loknum, en það tókst ekki betur en svo, að í efsta þrepinu í stiganum, sem liggur upp á loft, þar sem hún lá, datt ég með bakkann, sem maturinn var á, og fór allt út í veður og vind. Ætlaði ég að sækja mat í viðbót, en við það var ekki komandi og Friede sagðist ekkert vilja borða. Leið henni ekki illa. --

Við heyrðum ágætlega í íslenska útvarpinu en fáar voru fréttir að heiman, engar svo ég talið get, nema að fréttatímanum var öllum að óvörum færður fram um hálf tíma. Tilefni þess flutnings var að endurvarpa áttir frá Íslandi ræðum tveggja lögjafnaðarnefndarmanna sem töluðu í útvarpið í Kaupmannahöfn. Voru það þeir Hálfðan -- formaður danska nefndarhlutans og Magnús Guðmundsson formaður þess íslenska Töluðu þeir um samvinnu milli þjóðanna og að nauðsynlegt væri að danskurinn keypti meira af vörum frá Íslandi og þá sérstaklega síldaröflu og síldarmjöl, en þeim kom saman um það að þetta myndi eiga langt í land. Magnús

¹ Eggert var nýorðinn sex ára og Páll fjögurra ára.

² Kristínar Ólafsdóttur.

³ Guðmundur Guðmundsson fyrr skipstjóri og bóndi þar.

⁴ Rafn Sigurðsson (1894-1960) skipstjóri. Hann lést um borð í Kötlu, skipi sínu.

⁵ Sem upp kom í viðræðum.

⁶ Þetta voru togarar nefndir í þann tíð. *Trawl* var enska heitið á botnvörpum eða veiðiaðferðinni.

taldi - af pólitískri sanngirni, sem fer flestum illa, og ekki síst Magnúsi,¹ sem aldrei veit hvað gera á, nema þá helst það sem síst skyldi. -- Illa mundi Jónasi Jónssyni hafa liðið þegar hann heyrði til Magnúsar, ekki vegna innihalds ræðunnar, heldur vegna þess að hann fékk ekki sjálfur að tala. Líklegast tel ég að þeir Jón Baldvinsson og Jónas Jónsson hafi undir ræðunni setið inn á knæpu súrmúlað² og drukkið brennivín, því það á Jónas til erlendis og Jón utanlands og innan, en í hófi.

Með kvöldinu tók að rigna, en annars var áætt veður og á sjómannamáli, stutt í sjóinn. Veðurútlit er gott, bæði heima og yfir hafinu milli Íslands og Bretlandseyja og vona ég því að mín ágæta Friede hressist á morgun og sýni hvað hún á til af dugnaði. Klukkan er nú langt gengin 10 og ætla ég að fá mér hressandi göngutúr.

6. sept.

Sama góða veðrið helst. Örlítill austan kaldi og skipið hreyfist sáralítið. Ég var að nudda í Friede og reyna af öllum mætti að fá hana til þess að fara á fætur en hún streytist við. En svo allt í einu, eftir hádegðið er hún farin að klæða sig. Gengur það frekar stirðlega, í fyrstu, en svo færist hún í ásmegin og er komin af stað út á dekk allt í einu og farin af stað í göngutúr úti á dekki. Situr hún þar og líður eftir hætti. Hún er ekki fær í nein stórræði sem stendur, en ég spái því að ekki líði á löngu þar til hún verður hin hressasta.

Um miðjan daginn áttum við skipstjórinn og ég langt samtal um alla heima og geyma og líkar mér með hverjum degi betur og betur við skipstjóran. Bauð ég honum *whisky* að drekka, en sagði hann það reglu sjómanna að smakka aldrei vín á sjó og kom okkur saman um að það ætti einnig að vera regla landmanna þegar þeir væru í landi.

Við erum nú búin að sigla 300 sjómílar frá Íslandi og eigum því um 250 mílar eftir að nyrsta hluta -?- Segir skipstjóri að fast land muni sjást á morgun seint, og ef hjart veður verði munum við sjá Kilda um 3-leytið á morgun --

Ennþá heyrir *Radio Reykjavík*, en fátt að fréttu. -- Ég átti í dag langt samtal við Árna, fyrsta vélstjóra og gaf honum sjúss. --

Segir margt af ferðum hans og starfi.

7. sept.

Heldur áfram frásögn sinni, fyrst og fremst samtölum sínum við skipverjana, því Friede var meira og minna neðan þilja vegna sjósóttar. Smám saman nálgast skipið land, fuglalífið eykst og sést til nálæggra eyja. Slóst dúfa í för með þeim. Skipaumferð eykst.

8. sept.

Þá er Friede heldur farin að hressast og situr mikið uppi á dekki. Hefur mörg orð um það sem enn heyrir í útvarpinu frá Reykjavík.

9. sept.

Komið til Port Talbot í Wales, milli Cardiff og Bristol. Fórum þar m.a.s. í bíó.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem, e.s. Katla, 9.9.1935

-- Nú erum við um það bil að koma til Port Talbot, þú sérð að það er engin smávegis sjóhetja sem þú átt fyrir dóttur. Þarna skrifa ég mína fínustu *skönskrift*³ í öllu öldurótinu. Við höfum verið mjög heppin með veður, þangað til í nótt og í dag er það talsverður kaldi á móti.

Skipstjórinn um borð er afar geðugur maður, hefur hann haft konuna sína og dóttur hér um borð í allt sumar þangað til nú þessa ferð. Dóttirin er 4 ára og hefur auðvitað aldrei mátt af henni líta, enda finnst skipstjóranum hann vera hálfgerður atvinnuleysingi fyrstu dagana eftir að við lögðum af stað. Það voru viðbrigði að hætta að elta barnið. Hann er mjög *gemytlegur*⁴ maður og hefur frá mörgu að segja. Hefur hann verið 30 ár á sjó, byrjaði þegar hann var 11 ára gamall. Það er 16 manna skipshöfn og við Ásgeir einu farþegarnir; líður okkur prýðilega. Ég hef verið mjög lítið sjóveik, kojurnar eru góðar og ég ánægð yfir að hafa blessaða dúnsængina mína með,

¹ Magnús Guðmundsson (1879-1937), þá fyrrv. fjármálaráðherra o.fl.

² Nöldrað.

³ Skrautritun.

⁴ Indæll.

þó það sé “sveitó” að ferðast með rúmfatapoka, en ef við ferðumst riðandi heima á Íslandi höfum við sitt hvort gæruskinnið!

Líklega stöndum við sólarhring við í Port Talbot og eigum við þá 10 daga ferð eftir til Genúa.

Ég vonast bara til að ykkur megi líða vel heima og litlu drengirnir okkar verði frískir, þá verður gaman að koma heim aftur eftir þetta ferðalag sem á að verða - ef gæfan er með okkur - til svo mikillar ánægju. Svo biðjum við bæði að heilsa systkinum mínum, Siggu, Theódór og litlu krökkunum. Líði þér svo sem allra best, mamma mín. Ásgeir biður að heilsa --

Ásgeir. 10.9.

Hefur undanfarið rætt mikið um sjósótt Friede. Nú brá svo við að annað hljóð var komið í strokkinn. Hún skrifaði nokkur bréf til Spánar og Íslands, einkum drengjanna litlu.

-- Væri gaman að sjá framan í andlitið á drengjunum þegar þeir fá kort frá útlöndum, sérstaklega þó Eggert Ólafi, því hans kort var af skipinu Kötlu. Hafði skipstjórinn gefið það til þess að senda honum. Páll verður ábyggilega líka hrifinn, því kort var af tveim mjálmandi köttum og hundi, sem eru hans uppáhalds dýr. -- Fórum við í land um morguninn og keyptum það allra nauðsynlegasta., sem vitanlega var margt. -- Rétt fyrir kl. 6 var haldið af stað. --

Um kl.9 ½ fórum við framhjá Lundey (*Lundy á Bristoflóa*). Þar hefur Kristján Magnússon¹ málari dvalið eitt sumar og málað hjá ríkum karli sem á eyna, sem er álíka stór og Viðey -- með vitum -- stórkostlega falleg -- svolítill kaldi -- fullt tungl. --

Nú er Friede háttuð, datt útaf með bókina í hendinni. -- Leggjum við nú í lengsta áfangann, alla leið til Genova, en það tekur 10 daga, ef vel gengur.

Í dag var ég að hugsa um að fara í land í Port Talbot og taka brautina til London og halda síðan áfram til Barcelona, via París.² En minn betri helmingur hafði mig ofan af því -- ég lét Friede mína ráða í þetta skiptið. Ráð hennar hafa reynst mér happasæl og vona ég að svo verði einnig núna.

Ásgeir. 11.9.

-- Fórum fram hjá vitanum, Wall Rock, sem er meðal hæstu vita Englands og illa gekk að byggja vegna ölduróts fyrir 8 árum. --



Wall Rock vitinn

-- Veðrið er slæmt, austanstrekkingur, með mjög mikilli undiröldu -- Ekki hefur það sjáanleg áhrif á Friede, en hún er í rúminu stanslaust og borðar ávextina sem við keyptum í gær.

Skipshöfnin er að spyrja mig hvernig konan hafi það, hvort hún sé ekki ákaflega sjóveik, en þá með ákaflegu stolti get ég sagt frá hetjuskap hennar. Skipstjórinn segir hana óvanalega sjóhrausta að standast þennan rudda. Ferðin sækist því frekar illa, þar sem vindurinn er á móti. -- Sama veðrið hélst allan daginn. - - Spáði skipstjóri að nú færi að lægja. -- Allan daginn sást töluvert af skipum. -- Kvöldið var mjög fallett, tungsljós og skýjafar. --

12.9.

-- Ferðin gengur frekar seint þó betur gangi en í gær. Vindáttin hefur snúist og höfum við vindinn nú á hlið. Aldan er við sig sama og í gær, nema að hún hefur aðeins aukist. -- Friede líður þó vel í rúminu. Hún les stanslaust og er búin með Marie Antoinette og er byrjuð á Antony Trollope.³

¹ Kristján H. Magnússon (1903-1937) listmálari, sem fór vel af stað, en varð skammlífur. Á sér merkilega sögu. Fóru hann og kona hans Klara Helgadóttir (1905-1948) til Lundeyjar. Hann sýndi víða, fékk góða dóma í Ameríku, Skandinavíu og Englandi og seldi vel, en vakti ekki athygli hér á landi og dó 34 ára gamall. Íslendingar voru þá fordómafullir gagnvart Bandaríkjum N.A.

² Finnst greinilega of mikið á Friede lagt. Hefur, sem gamall sjómaður, þráð sjóferð og átt uppástunguna.

³ Anthony Trollope (1815-1882) einn vinsælast rithöfundur viktoríutímabilsins.

Mættum við í dag engu stóru skipi nema sem komu sömu stefnu og við. Ég tók mynd af því, en það sigldi alllangt frá okkur --Hér er einnig töluvert af fiskiskipum á makrílveiðum. (*Lýsir veiðiaðferðum þeirra og þurfi að varast þau því þau veiði með slökkt á ljósum*). --

Biskayjaflóinn sem við nú siglum á er mjög breiður, eða um 540 sjómílur og í dag, um hádegi áttum við 200 mílur eftir ófarnar til Finisterre í Portúgal. Eftir ágiskun skipstjóra munum við ná Portúgalsströnd annað kvöld, ef ferðin sækist eins vel og í dag.--

13.9.

Segir enn frá veðri og siglingunni, andbyr og þeir hefðu mætt skipi með hval í eftirdragi.

-- Undir kvöld sést norðurströnd Spánar -- og er stöndin mjög há, líkt og Vestmannaeyjar. -- Siglt er mjög nærri landi -- mikið af fiskiskipum og mótorbátum. --

Friede hefur legið í rúminu í allan dag, en alveg sjóhraust. Læt ég það eftir henni að hreyfa sig ekki úr rúminu Er hún annars þæg og góð stúlka og hef ég ekki yfir henni að kvarta. --

Hér er nóg að sjá. -- Finnst mér sérstaklega hressandi að vera á sjónum. -- hitinn er um 17. gráður --

Friede. 14.9.

Aldrei fór það svo að ég legði ekki minn skerf til dagbókarinnar. Geiri er afsakaður í dag frá skrifarstörfum, því þegar ég er komin á fætur hefur hann svo mikið að gjöra að stjarna við mig. Nú er öllu snúið við. Snúist ég í kringum hann heima, er hann á þönum fyrir mig að heiman.

Ég fór á fætur kl. tæplega 9 í morgun, á undan Geira, fór aðeins í slopp og settist út á dekk. Yndislegt suðrænt loftslag svo nú þurfti maður ekki að vefja sig í ullarteppum. Geiri kom út hálfklæddur, innsápaður, nýrakaður, alltaf til að dást að veðrinu. Logn, blíða en þó dálítill undiralda.

Kom svo skipstjórinn, bauð mig velkomna á fætur og fannst tilhlýðilegt að við fengjum okkur te og sá ég þá í fyrsta skipti á ævinni *slingre-bretti* (?). Verð ég að segja að það var stolt augnablik. Að því loknu fórum við upp á dekk og „*gössuðum*“ okkur í sólinni. Um miðjan daginn voru 21°C í skugga. Urðum við að flýja í skuggann við og við. Geiri flúði meira að segja yfir í goluna. Hann var í ullarvesti og hefði vel getað leyft sér að fara úr því, þar sem hann var með spány axlabönd. Nei, fyrr fór hann bæði úr skóm og sokkum, gekk síðan um berfættur eins og börnin í fátækrahverfum stórborganna.

Hér sést tæplega nokkur fugl. Nú erum við búin að vera 10 daga á sjó og verð ég að segja að mér finnst tíminn hafa verið fljótur að líða. Hér er líka mjög frjálst, skipstjórinn mjög viðkunnaður maður, og er vel að sér og hefur glögg auga fyrir því sem fyrir augað ber, og margt hefur borið fyrir hans augu um dagana.

Þegar ég ligg í kojunni get ég lesið og líður prýðilega. Er ég að lesa Anthony Adverse¹ og er að byrja á II. bindi og er það einmitt lýsing á Genova, en sagan gerðist árið 1796, svo líklega hefur eitthvað breyst síðan á þeim dögum.

Nú býð ég góða nótt og læt Geira taka við að segja frá því sem að siglingunni lýtur. Það gerir hann fyrir mig, eins og allt annað.

Ásgeir. 14.9.

Við höfum í dag siglt meðfram Portúgal og dagurinn mjög vel lukkaður. Blæjalogn, en töluverð undiralda. Annars segir skipstjórinn að á þessum slóðum sé ákaflega oft norðan kald. --Fjöldinn allur af skipum við Lisboa (*Lissabon*) hefur verið á ferðinni, bæði flutningaskip og fiskiskip. -- Kl. um 4 saum við land og tvær háar eyjar og ákaflega stóran vita og er siglt alveg oní landi. -- Siglingin er ákaflega skemmtileg. --

Tók mynd af Friede og Gunnari Gunnarssyni² hjálparkokki.

-- við sigldum yfir flóann, 200 mílna breiðan, sem Lisbon liggur við --

15.9.

Í nótt gerði þoku og gaulaði skipið og vakti okkur, en við sofnuðum út frá öllum hávaðanum, með því að samviskan er góð. Vöknuðum kl. 8 leytið og var þá brakandi sólskin og 20 gráðu hiti. -- Upp úr hádeginu gerði þoku í þrjá tíma, og var hægt mjög á skipinu. -- Eftir að þokunni létti var glaða sólskin, hiti með andvara --

¹ Söguleg skáldsaga

² Gunnar Gunnarsson (1919-1953) síðar verslunarmaður. Bjó ungur á Bergstaðastr. 77. Einstaklega geðþekkur.

Friede sat á sólbekk nokkurn tíma og naut lífsins, en þar sem sólin var ákaflega heit var hættulegt að sólbrenna. Við erum bæði orðin sólbrennd -- Við tókum nokkrar myndir, bæði af skipshöfninni, því sem fyrir augun bar. --

16.9.

Við fórum snemma á fætur, því í dag verður farið um Gíbraltarsund á bakborða Spánn og á stjórnborða Marocco í Afríku. Afríka sést ekki vel en virðist hálend. --

Segir frá Gibraltar, fólksfjölda og landsháttum beggja vegna sundsins.

-- sólin skín meira en nokkru sinni -- ákaflega heit -- Friede er að striplast í baðfötum um allt skip og skiptir sér ekkert af því þótt sjómennirnir standi á gæjum -- Ákaflega mikill straumur er í Gíbraltarsundinu.

Friede.

Þessir dagar hér á skipinu, á siglingu um Miðjarðarhafið, eru alveg dásamlegir. Maður nýtur góða veðursins, hitinn er 22-24° en dálítill svali frá sjónum gerir það að hitinn er mjög þægilegur. Skórnir sem Dídí gaf mér koma að góðum notum, afar þægilegir í svona miklum hita og er ég berfætt í þeim mest allan daginn.

Geiri er plagaður af hita á fótunum, svo hann fór um skipið til að útvega sér sandala eða létta skó, þar sem hann hafði sjálfur enga góða. Úr þeirri leit kom hann með trétöflurnar hans Árna vélstjóra, sem voru of litlar og þurfti kunnáttu til að geta gengið á þeim, ekki síst á ný-ferniseruðu dekkinu. Þegar skipstjórinn sá göngulagið á Geira, bauðst hann til að lána honum gamla skó af sér, en þá tók ekki betra við, því þá dró hann á eftir sér. Datt mér þá í hug að taka morgunskóna hans sjálfs, sem jafnvel á Íslandi hafa reynst of lofþéttir, og búa til úr þeim sandala. Ég gerði það og kann Geiri sér nú ekki læti sakir vellíðunar. Líður dagurinn fyrir mér þannig, að ýmist ligg ég í sólinni, les, þrjóna, legg kabala eða spila fjárhættuspil við Geira. Er ég sölgin í það, þar sem, hvað mig snertir, engu er að tapa, en allt að vinna. Þetta líf er ekki beint til að venja mann á vinnusemi, en kannske maður safni svo miklum kröftum, að maður verði að nota þá, þegar heim kemur. Óskandi að svo yrði.

Hugurinn hvarflar oft heim til allra ástvinanna, ekki síst litlu drengjanna okkar. Óskum við sífellt að þeim megi öllum líða vel. Guð gefi að við eigum öll eftir að hittast heilbrigð og glöð.

Við vorum að hugsa (reyndar aðallega Geiri, því hann ber hita og þunga dagsins, líka með að hugsa) um að fara í land í Englandi og fara þá leiðina til Spánnar. Fannst mér það dálítið freistandi, gat sem sagt vel hugsað mér að sjóferðinni væri lokið í Port Talbot, en ég er afar fegin að það varð ekki, því mér líkar ferðalagið svo vel, að ég hefði ekki vilja missa af því fyrir nokkurn mun. Ég bæti því við að ég stemmdi á móti því að fara í land í Englandi. Var það einungis það sem vakti fyrir mér, að ég hélt að vasapeningarnir sem ég ef til vill fengi (elsku hjartans Geiri minn, mér þykir svo voðalega vænt um þig og ég skal alltaf vera svo voðalega góð við þig) myndu þá rjúka. Það fannst mér svo tómlegt og eitthvað snautt. Og enn lifi ég í voninni. Sú litla von má ekki svíkja það litla flón, því þá fer litla flónið að skæla - ú - hú - ú - hú.

Hér var Dídí fyrir 4 mánuðum og horfði á það sama og dáðist að því sama og við, nema að við getum auðvitað ekki dást að Valda Stephensen,¹ - því hann er svo langt í burtu. Ó - *længsel* -

17.9. Friede.

Í dag er hitinn 26° og kýs ég mér sæti í skugganum. Alltaf er logn á morgnana, en þegar dagurinn líður kemur þægilegur andvari. Land höfum við séð í dag, fjallgarður, talsvert hár og brattur, með mjög litlum gróðri, einstaka runnar hér og þar. Skömmu eftir hádegi fórum við fram hjá Cap Palos. Vorum við allengi uppi í brú hjá skipstjóranum, skoðuðum kortið og tókum á móti alls konar fróðleik frá honum. Er þetta góður tími í landafræði, að vísu dálítið *extravagant*.² Hefur mér aldrei þótt gaman að landafræði, nema svona ljóslifandi. Hér er talsvert af flugfiskum, álíka stórum og síld; taka sig upp og fljúga og geta flogið allt að því 50 faðma að sögn skipstjórans. Hliðaruggarnir ná aftur á sporð og nota þeir þá eins og vængi. Líka eru hér vatnsskjaldbökur með harðri skel og heitu blóði. Liggja þær hálfsofandi í vatnsskorpunni og taka lífinu með ró. Annars geta þær gengið á land með hreyfunum, geta verið gríðastórar. Notar fólk þær

¹ Þorvaldur Stephensen, bisnismaður! Ekki veit ég margt um hann en hann var heldur iðjulaus, þegar ég fylgdist með honum er hann og leigði í Tjarnargötu 28, hjá Guðrínu og Eggert Briem, afabróður mínum.

² Ofrausnarlegur.

hér á einstaka baðstöðum til að láta þær bera sig frá fjöru og út í sjó. Er það liður í skemmtuninni, *attraktion*¹ fyrir fólkið.

Geiri er alltaf að *traktera* mig á ávöxtum sem hann keypti í Port Talbot. Fæ ég ekkert betra -- Ég lifði á ávöxtum, nær eingöngu, í þrjá daga meðan vont var í sjóinn. Í kvöld var hitinn 23°, heitasti dagurinn -- Maður á erfitt með að gera sér grein fyrir að nú skuli komið háhaust heima; eins frábrugðið sem frekast má vera og ekki að undra þó gróðurinn sé annar. Enginn hér á skipinu virðist plagaður af hita, þrátt fyrir stöðuga vinnu, sumir eru í sínu rétta *elementi*. Skipstjóranum finnst hitinn þægilegur, á hægra með að venjast hita en kulda.

18.9. Ásgeir.

Um áttaleytið sáum við í fjarska mikið ljóshaf. Reyndist þetta vera Barcelona. Borgin virðist mjög stór frá sjó séð, eftir glampa rafmagnsljósanna að dæma. Um kl. 10 sigldum við fram hjá borginni og væri sjóferðinni hér lokið ef við hefðum eingöngu ætlað að hitta Helga Briem, en með því að skipið kemur hér ekki við og við ákveðið að halda til Genúa og mun því sjóferðin lengjast í tvo sólarhringa. -- Ferðin hefur gengið vel -- og okkur til mikillar gleði og veðrið guðdómlegt. --

Á morgun verður farið yfir Lyonflóann sem er oft slæmur í sjó vegna norðanvinda úr fjöllum, sem orsaka oft ofviðri. -- Eftirmiðdaginn á morgun munum við koma til Genúa. -- Gaman verður að vita hvort Þórður Albertsson, sem ætlaði að taka á móti okkur í Genúa, standi við orð sín. Við sjáum til. --

20.9. Friede.

Í dag er yndislegt veður og spegilsléttur sjór -- Við siglum mjög nálægt landi og sér greinilag húsin. Í morgun sigldum við framhjá Rivierunni. Er skiljanlegt að Norðurlandabúar sæki hingað meðan efnin leyfa. Ströndin er hvítur sandur, hæðir að baki, smáþorp og hallir ríka fólksins, ýmist við sjóinn eða uppi í hlíðunum.

Í morgun fórum við framhjá Monte Carlo, þessu fræga spílavíti. Frá sjó séð virðist staðurinn mjög friðsæll og rólegur, þótt mönnum sé víst annað en rótt innanbrjósts þegar þeir hafa verið í hamingju (peninga) leit þar. Þegar maður siglir hér meðfram ströndum Ítalíu, þá dettur manni ósjálfrátt í hug bíómyndir, sem Kiepora² hefur leikið í. Er líklegt að *Heute Nacht oder nie* hafi verið tekin hér á þessum slóðum --

Á ég nærri því bágð með að átta mig á því að ég skuli vera komin svona langt suður eftir, og að eftir 4 klst. Stígum við á land í Ítalíu. En auðvitað hefði ég aldrei farið þetta og látið mér nægja að sjá það í bíó, ef það væri ekki Geiri sem fer með mig í svona ferð. Er ég viss um, að þetta ferðalag okkar, eftir átta ára búskap, verður og er betra en nokkur brúðkaupsferð.

Finnst mér þetta miklu líkara ævintýri en veruleika, en það er eins og öllum gæðum veraldarinnar sé svo misskipt. Er ég ein af þeim sem virðist ætla að vera sólarlæginn í lífinu, Vildi ég óska að ef það á eftir að breytast, að ég gleymdi þér aldrei hvað ég hef verið hamingjusöm fram að þessu. --

Hér lýkur þessari „Dagbók“ Friede og Ásgeirs.

Síðustu orðin voru skrifuð síðar, að því er virðist, skjálfandi hendi: Þegar við fórum í -- en ekki meira.

Álfheiður Briem skrifar Friede P. Briem. Rvík. 18.9.1935.

-- Ég talaði við tengdamóður þína eftir að bréfið kom frá þér og sagði hún mér ágæta líðan drengjanna ykkar beggja. Eggert er alltaf úti og svo duglegur að borða að unun er að. Teitur (*í Móum*) litli, frændi þeirra hafði komið í gær að Nesi og sagði allt ágætt af Páli og veit ég að ekkert getur glatt ykkur foreldrana í fjarlægðinni meira en það. Og sannarlega gleður það mig að geta skrifað það, það eru svo margir með ugg og hræðslu út af mænusóttinni, sem stingur sér niður -- ein 17 tilfelli í okkar 30 þús. Manna bæ. -- Tengdamóðir þín var dálítið mædd yfir Ástu dóttur sinni sem „aborteraði“ fyrir viku síðan. Hún hafði lánað Glóu til hennar -- svo var hjá henni yfirsetukona - vissi engin nokkra minnstu orsök -- væri Ásta að hressast. --

Segir frá heimsókn Kristins stjúpsonar síns og fjölskyldu frá Sauðárkóki og að Páll sonur hans fari til verslunarnáms á Englandi.

-- Bubbi (*Björn*) á að vera hjá pabba sínum á skrifstofunni og kenni ég í brjóst um báða. Annars lá nú heldur betur á þeim hjónum og voru þau nokkuð svona ræðin.

¹ Aðdráttarafl.

² Jan Kiepora (1902-1966) pólskur söngvari sem bjó í New York, giftur Marta Eggert (1912-2013) frægri ungverskri söngkonu. Voru þau vinsælustu söngvararnir sem ég hlustaði ungur á í útvarpinu

Hér gengur allt sinn vanagang. Telpurnar púla mykranna á milli og ég „streytist við að sitja“ eins og þar stendur. --

Bergur Garðarson (*Gíslasonar síðar stórkaupm.*) var að gifta sig og voru 60 manns í veislunni, sem þykir *rart* nú á dögum, þegar sá dagur er gerður svo nauðahversdagslegur af mörgum. --

Þeir eru í óða önn að klára hús Steinunnar¹ og bauð hún mér að skoða það um daginn. Það er indælt, en illa farið með herbergin með þessum skápa urmúl. Mikið má nú á milli vara, eða þegar enginn skápur fékkst. Nú *dóminera* skápshurðir, upp undir loft og niðrí gólf. En hvað fólkið má vera ríkt að eiga nóg í þetta allt, allt má yfirdrífa, líka geymslurnar, en ef fólk langar til að nota herbergin öðruvísi en í fyrstu, er ég hrædd um að skáparnir standi í veginum -- Þau eru nú að flytja upp þessa dagana, verður það víst indæl íbúð, vafalítið ekki ófullkomið eða búralegt. Póstmeistarahjónin voru líka að flytja -- veit ég að það verður eins og unga fólkið segir: *draumur*. --

Jæja Friede, langt er þetta orðið. -- Mætti ferðin og samfundirnir verða ykkur öllum til góðs. Hjartans kveðjur frá Eggert litla og ömmu í Nesi --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Genova 21.9.1935.

-- Hingað komum við í gærkvöldi eftir 16 daga alveg ágæta ferð. Ég var mjög lítið sjóveik og eftir að við náðum Portúgalsströndum var veðrið alveg yndislegt, logn, sólskin og hiti. Við vorum svo frjáls um borð, gátum sólbaðað, höfðum ágæta liggistóla og nutum lífsins.

Hér sit ég nú heldur léttklædd í stóru hótélherbergi með tvennar tvöfaldar hurðir opnar upp á gátt og get lítið yfir þökin og höfnina í Genova. Bærinn er byggður í fjallshlíð og er útsýnið því mjög fallegt þegar maður er kominn hátt upp. Í gærkvöldi vorum við úti að skemmta okkur með skipstjóranum á Kötlu og Hálfðáni Bjarnasyni frá Steinnesi. Fórum við á restauration með músik og dansi og er þetta eina veitingahúsið hér í borginni þar sem er músik. --

Annars finnst mér talsvert ævintýralegt að vera komin alla leið hingað til Ítalíu, en hér er allt svo ólíkt því sem maður hefur áður séð. Hálfðán Bjarnason býður okkur í bíltúr með sér á morgun, eitthvað út á land. Hefur hann eigin bíl og bílstjóra. Við ætlum svo að fara héðan áleiðis til Barcelona á mánudaginn, en stoppum á leiðinni í Monte Carlo.

Hugsum við oft heim til ykkar allra og litlu drengjanna okkar og er það sífellt okkar eina ósk að ykkur megi líða vel og vera frísk. Ég er talsvert spennt að koma til Barcelona því þá fáum við fréttir að heiman eða vonumst fastlega eftir því. Líði þér sem allra best elsku mamma mín. Ásgeir biður kærlega að heilsa þér. Skilaðu svo kveðju til allra heima frá okkur og þú værir voða góð ef þú vildir hringja til tengdamömmu. --



Í Genúa: Ásgeir, Hálfðán Bjarnason; dóttir, sjálfur Marabotti og eiginkonan. Friede tók myndina.²

Heima hjá Helga: Doris, Friede Ásgeir og Helgi.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Barcelona. 26.9.1935

-- Ég var í þessu að fá bréf frá þér með góðum fréttum að heiman. Ég þakka þér kærlega fyrir það mamma mín, hvað þú ert hugsunarsöm að láta okkur heyra frá ykkur. Hingað komum við í gær eftir 18 tíma járnbrautarferð frá Nissa, vorum við hálfþreytt, en nú erum við vel úthvíld.

¹ Steinunn Sivertsen systurdóttir hennar, kona Gústavs Jónassonar ráðuneytisstjóra síðar, í Garðastræti.

² Marabotti (sjá síðar) mjög inn í pólitíska umræðu á Íslandi á dögum kalda stríðsins.

Við sóttum ágætlega að hjá Helga, hann var nýkomin heim frá Madrid og verður hann þá vonandi ekki kallaður í burtu á meðan við verðum hér. Við búumst við að verða hér til 9. október, förum þá til París og dveljum þar 4-5 daga, en förum síðan til London og þaðan heim með Brúarfossi sem verður í Reykjavík 29. október.

Adressa okkar í London er: Cumberland Hotel. Ef þú vildir skrifa mér þangað þætti mér mjög vænt um það.

Ferðalagið hjá okkur hefur gengið alveg ágætlega, hef ég séð svo margt fallegt, að það er miklu líkara draumi heldur en veruleika. Hálfán Bjarnason bauð okkur með sér út á land á sunnudaginn og var með okkur í bílnum ítalskur maður, *Marabotti*¹ að nafni. Er það félagi Hálfáns. Konan hans og dóttir voru á *kúrhoteli*² uppi í Norður-Ítalíu og ferðinni var heitið þangað. Leiðin lá upp fjöll og niður dali, í gegnum smábæi þar sem fólkið var að halda skemmtanir, vínuppskeran er búin þar og eru þá haldnar uppskeruhátíðir. Nautin eru skreytt með blómum, mislitum böndum og vínþrúguklössum og allur bærinn er með hátíðablæ. Náttúrufegurðin er þarna stórkostleg, enda ekki slagveðrið til þess að eyðileggja neitt fyrir manni, sól og sumar og loftið miklu tærara en í Danmörku. Mest öfundast ég yfir að sjá tennurnar í fólkinu hér í suðurlöndum, er það víst bæði sólin og fæðan, en vatnið hér er mjög ríkt af kalki.

Ég skrifa ekki langt, aðeins nokkrar línur til þess að þú fái að vita að okkur líður alveg ágætlega. --



Á Tibidabo í Barcelona

Úr viðtali í Morgunblaðinu 4.7.1989. Friede P. Briem

-- Er ég viss um að þetta ferðalag okkar, eftir átta ára búskap, verður og er betra en nokkur brúðkaupsferð. Finnst mér þetta miklu líkara ævintýri, heldur en veruleika, en það er eins og öllum gæðum veraldarinnar sé svo misskipt. Er ég ein af þeim sem virðist ætla að vera sólarmegin í lífinu og vildi ég óska, að ef það á eftir að breytast, að ég gleymdi því aldrei hvað ég hef verið hamingjusöm fram að þessu. --

-- Loks förum við með lest til Parísar og vorum þar á 35 ára afmælisdegi mínum 7. október. Að vera með honum Ásgeir þarna og sjá allt sem þar var að sjá, það var guðdómlegt. Þegar við komum heim fagnaði Þórhildur systir mín mér eins og hún hefði heimt mig úr helju. Hana hafði dreymt að ég væri búin að missa hægri handlegginn og hún hafði því verið mjög áhyggjufull. --



Lalla með strákana á sjó.



Strákarnir

¹ Marabotti var síðar dreginn in í pólitíska umræðu, af hálfu vinstri manna vegna grunaðs fjármálamisferlis.

² Heilsuhótel.

Álfheiður Briem skrifar Friede P. Briem. Rvík. 11.10.1935.

*Er hissa á að þau skuli hafa farið fyrir en ætlað var frá Barselóna.*¹

Minn útreikningur var að þið mynduð verða þar til 8. okt. -- Tengdamóðir þín sendi sagði að þið hefðuð sent henni skeyti frá París. --

Eggert litli kom og heimsótti mig í fyrradag. Er hann frísklegur og frár á fæti, finnst mér. Eygló kom og ætlaði að skilja hann eftir meðan hún færi í heimsókn til Ástu sem enn var í Landakoti. Færi svo á Bergstaðastræti og heimsækti frændur sína (*Pál og Sigurð Línal*). En hann vildi ekki gista hjá mér eina nótt og fór þetta í hund og kött, hann ságrét af því að vera þessa stund eftir hjá mér og Glóa gat ekki yfirgefið hann. Palli hafði komið til ömmu sinnar á afmælinu og var hinn glaðasti. Eggert trúði mér fyrir því að þeir hefðu fengið ís og þótti það, sem vonlegt var, heldur *rart*. --

Gulli og Halldóra² eru í óða önn að við að heimilinu --

Ræðir um sláturgerð sem henni líst ekki á, því enginn vilji bragða á slíku.

-- það er ekki til neins að vera að útbúa þann mat, sem enginn vil sjá.

Sigurður Jónasson skrifar Ásgeiri Guðmundssyni. London, 19.10.1935

Kæri Ásgeir. Ég keypti bílinn á £120; lengra var ekki hægt með neinu móti að komast. Majorinn setti £135-0-0 á bílinn fyrst og ætlaði aldrei að fást til að ganga að £120 vegna þess að þá sagðist hann eins vel geta lagt bílnum inn til Chryslerumboðsmannsins, fengið meira fyrir hann með því að láta hann ganga upp í andvirði bíls sem hann ætlaði sér hvort sem er að fá sér í vor. En um þetta get ég sagt þér meira þegar hann kemur. Sigursteinn³ sá um að búa út alla pappíra á þitt nafn og verða þeir sendir þér. Bílnum verður skipað um borð á þriðjudag 22/10 í Brúarfoss. Ég lagði út útskipun og vörugjald og sendi þér hér með nótuna að upphæð £0-16-7. Ennfremur £120-0-0 faktúru og aðra £120-0-0 skv. ósk þinni. *Konossement*⁴ hljóðar á þitt nafn.

Ég fór í prufutúr í bílnum og held ég að hann sé fyrsta klassa, sérstaklega motorinn. Ég hef hagað mér eins og engill síðan þið fóruð og fer nú í dag til Khafnar. Bestu kveðjur til frúarinnar. Pinn einl. --

Ein gleggsta minning mín af föður mínum var er þá er við fórum og sóttum bílinn, sennilega fáum dögum áður en pabbi dó, í hús Egils Vilhjálmssonar bílasala, á horni Rauðarárstígs og Laugavegar. Bílinn var á annari hæð og var ekið niður „ramapa“ eins og nú væri nefnt, niður á jarðhæðina.

¹ Mun hafa verið vegna þess að þeim líkaði ekki sérlega vel ró og aðgerðarleysi heimilisins í Barselóna.

² Gunnlaugur Briem (verkfræðingur) sonur Sigurðar Briem, síðar sítamálastjóri og Halldóra Gudjohnsen frá Húsavík. Bjuggu í Tjarnargötu 20, íhaldsmenn miklir, geri ég ráð fyrir, eins og allt það fólk, en seldu *kommum húsið*!

³ Sigursteinn Magnússon (1899-1982) konsúll í Edinborg og fkvstst. skrifstofu SÍS. Farði Magnúsar Magnússonar, þess frægða „*skoska*“ rithöfunar og fjölmiðlamanns, sem bar út hróður föðurlands síns í Skotlandi.

⁴ Fylgiskjal.

Ásgeir Guðmundsson

Morgunblaðið, frétt 9. nóv. 1935

Ásgeir Guðmundsson lögfræðingur andaðist snögglega að heimili sínu kl. 11 í gærmorgun. Hann var í fyrrakvöld hjá kunningjum sínum og kenndi sér einskis meins. Er hann kom heim lagðist hann til svefns, en um kl. 10 í gærmorgun veitti kona hans því eftirtekt, að hann var öðruvísi en hann átti að sjer að vera og hún reyndi að vekja hann, en tókst ekki. Hringdi hún svo eftir lækni, en stuttu eftir að læknir kom andaðist Ásgeir í svefni. Ásgeir Guðmundsson var aðeins 36 ára að aldri. Hann rak lögfræðiskrifstofu í fjelagi við Stefán Jóh. Stefánsson hrm. Hann var kvæntur Friede Pálsdóttur Briem amtmanns.

Framsókn, 16. nóv. 1935. Minningarorð eftir Theodór B. Líndal.

Hér nærlendis getur varla fegurra útsýni heldur en af Valhúsahæðinni á Seltjarnarnesi. Sjórinn er á þrjá vegu, borgin á einn, en fjallahringurinn - Snæfellsjökull, Akrafjall, Esja, Hengill, Vífilfell og Keilir, ásamt öllum hinum - í hæfilegri fjarlægð. Í útnorðri blasir við vídd hafsins að sjóndeildarhring. Þegar augun þreystast á bláma fjarlægðarinnar leita þau hvíldar nær, við grænan lit túnanna á nésinu og brátt festast þau við hvítt hús með háu rauðu þaki. Það er Nesstofa sem reist var 1763. Manni finnst langt síðan og margt hefur breyst á þeim tíma, en húsið er enn líkt og áður og fjöllin hin sömu. Það er ekki skýlt á Nésinu og hressandi hafgolan blæs enn frá sjónum, en stundum er stormur eins og í gamla daga.

Þau tuttugu ár, sem við Ásgeir Guðmundsson frá Nesi höfum verið samferða á lífsleiðinni eru að vísu nokkur hluti af venjulegri mannsævi, en ytra útlit Ness hefur ekki breyst að ráði þessi ár, þótt grónu svæðin hafi stækkað. Þó verður þetta annað í mínum augum þegar Ásgeir er horfinn. Orsökina er eflaust sú að kynni mín af Nésinu eru fyrst og fremst hans verk. Nesið og Ásgeir eru frá fyrstu tíð svo samvinnuð í huga mínum að mynd hvorugs kemur fram án hins. En orsökina er einnig önnur. Ásgeir var sonur Nessins, hann bar keim þess og mátt. Það átti ríkan þátt í sál hans og öllu eðli. Með honum hvarf einn dráttur úr andliti þess.

Ég man svo vel hina hressandi glaðværð Ásgeirs. Hvar sem hann kom í vinahóp varð léttara yfir og víðara til veggja. Það var eins og víkkaði, en þrengdist ekki - eins og hressandi hafgola svifti þunga og logni burtu. Og hvort heldur var um að ræða starfið í skólanum á fyrri samveruárum okkar, eða lífsstarfið síðar, var sama að segja. Hann gekk vaskur og reifur að hverju verki. Fas hans og útlit bar sömu merkin. Hann var hár vexti og vel limaður, fríður að andlitsfalli og þó ekki um of. Augun blá og bjart yfir. Oft brá fyrir glettnei í svipnum. Hann var hvatlegur á velli og léttur í spori.

Ásgeir var lánsmaður hina skömmu ævi sína. Föður síns naut hann að vísu ekki, en móðir hans gekk honum einnig í föðurstað. Henni átti hann mikið að þakka og gerði það. Og hann hafði einnig konulán. Þau voru að vísu ekki mörg árin sem hann var í hjónabandi, en það er ég viss um að þau voru mestu hamingjuárin hans. Það er oftast svo með hjónaböndin að skúr og skin skiftist á, en ég veit ekki dæmi til að skúrirnir hafi verið færri í nokkru hjónabandi, ef þær hafa verið nokkrar. Og það vita allir að sálir manna fella sig ekki hver að annarri nema báðum sé að þakka.

Þegar ég nú lít til baka yfir þessi tuttugu samvistarár og reyni að safna saman minningabrotunum öllum, verður skýrust myndin af karlmennsku og glaðværð - af vöskum manni, sem átti þrátt fyrir allt viðkvæmt hjarta. Ef til vill máist þessi mynd þegar árin líða og ys og þys lífsins fyllir hugann nýjum myndum og málum. En tuttugu ára föruneysi gleymist aldrei alveg. Og það er ég viss um að hvenær sem ég stend á Valhúsahæðinni þegar bjart er yfir og hafgolan strýkur vangann, þá rifjast upp myndin af Ásgeiri frá Nesi, sem dó á besta aldri.

Morgunblaðið 16. nóv. 1935. Minningarorð eftir Tómas Jónsson.

Í dag verður borinn til moldar Ásgeir Guðmundsson lögfræðingur.

Allir Reykvíkingar könnuðust við Ásgeir frá Nesi. Glaður og reifur, léttur í spori, en þó karlmannlegur á velli, vingjarnlegur við alla Reykjavík er mun fátæklegri eftir.

Því er viðbrugðið hversu vel systkinin í Nesi eru kostum búin og svo var um Ásgeir, sem var þeirra yngstur, er fyrst kvaddur héðan. Ásgeir heitinn var tápmikill dugnaðarmaður. Hann vandist snemma vinnu, því að í Nesi var sá virtur sem vann, og aðrir ekki.

Á æskuárunum sem urðu á vegi hans, og lét fjúka í spaugi. Vann hann öll venjuleg störf unglunga sem alast upp á sveitaheimili og síðar stundaði hann sjómennsku á sumrum jafnhliða skólanáminu. Og er hann hafði lokið háskólanámi og hafið málflutningsstarfsemi, mega kunnugir minnst áhuga hans og árvekni og þeir sem fólu honum mál sín til sóknar eða varnar máttu treysta lægni hans - og harðfylgi ef svo bar undir. Víst

er það að fyrir Ásgeiri var vinnan, ósérhlífnið eðlileg og sjálfsögð nauðsyn hvers manns sem hafði hug á að sjá sér og sínum farborða, og Ásgeiri var ríkt í huga að vera sjálfum sér nógur fjárhagslega.

Þeir sem þektu Ásgeir minnst hans einkum vegna einlægni hans og viðkvæmni. Hann var jafnan glaðvær og léttur í skapi, en við nán kynni fundu vinir hans og kunningjar að hann var mjög alvörugefinn maður, hleypidómalaus, ráðhollur og hjálpfús. Hann var vinur vina sinna svo af bar og er skarð fyrir skildi í þeim hópi. En þá fyrst var Ásgeir allur er hann minntist á heimili sitt, konu og börn og aðra ástvini. Ég hef engan þekt sem var jafn rík í skapi umhyggja fyrir sínum nánustu, enda var hann heimilisfaðir með ágætum. Er mikill mannskaði er svo röskir og góðir drengir hverfa héðan langt um aldur fram.

Alþýðublaðið 16. nóv. 1935. Minningarorð eftir Gústav A. Jónasson.

Ásgeir Guðmundsson var fæddur 31. ágúst 1899 að Nesi við Seltjörn sonur Guðmundar Einarssonar bónda og konu hans Kristínar Ólafsdóttur. Var hann yngstur sinna systkina en þau eru nú 8 álfí. Faðir hans druknaði í aprílmánuði 1906, en móðir hans býr enn í Nesi, sem kunnugt er.

Ásgeir var ungur settur til náms í Menntaskólanum og útskrifaðist þaðan vorið 1919. Um haustið innritaðist hann í lagadeild Háskólans og lauk prófi þaðan í febrúar 1924. Réðist þá um stund á skrifstofu Lárusar Fjeldsted hrm., en 1. okt. 1925 stofnaði hann ásamt Stefáni Jóhanni Stefánssyni málflutningsskrifstofu, er þeir síðan ráku í félagi í rúm 10 ár í Austurstræti 1 hér í bæ. Naut Ásgeir mikils traust sem duglegur og afkastamikill málflutningsmaður, enda var hann fljótur til og fylginn sér við hvert mál er hann tók að sér. Hann var formaður í Málflutningsmannafélagi Íslands eftir andlát Guðmundar Ólafssonar hrm.

Ásgeir kvæntist í ágúst mánuði 1927 Friede Pálsdóttur, dóttur frú Álfheiðar og Páls Briem amtmanns. Eignuðust þau tvo sonu, Eggert Ólaf, nú 6 ára og Pál Þóri, 4 ára. Hann andaðist á heimili sínu föstudaginn 8. þ.m. og er borinn til grafar í dag.

Kunningjum og vinum Ásgeirs Guðmundssonar kom hið snögga fráfall hans mjög á óvart. Ég á sannarlega bágst með að átta mig á því og sætta mig við það, að eiga ekki von á að hitta hann framar. Kunningsskapur okkar var orðinn yfir 20 ára gamall. Við hittumst fyrst ungir í Menntaskólanum, vorum mjög samrýmdir á háskólaárum okkar og eftir að við vorum báðir orðnir fulltíða menn og starfandi hér í bæ, hittu við svo að segja daglega. Og það er sannast sagt, að því betur sem ég kynntist Ásgeiri því betur fann ég hve góður drengur hann er. Hann var óvenju umgengnisgóður maður, léttur í lund, síkátur og hrókur alls fagnaðar hvar sem hann fór. Auk þess var hann hið mesta trygðatröll vinum sínum og hygg ég að það sé ekki ofmælt, að allir sem kynntust honum að ráði, hafi borið til hans hlýhug.


Það væri margs að minnst frá stúdentsárunum, þótt ekki verði það rakið hér. Oft var glatt á hjalla í gamla daga á Mensa, mótuneyti stúdenta, er það var upp á sitt besta. Þar héldu lagastudentarnir hópinn og var Ásgeir þar að vanda manna fjörugastur og glaðastur. Þá var það siður hans að bjóða nokkrum kunningjum sínum einu sinni á ári heim til sín úti að Nesi. Var til þess valinn einhver blíðviðrisdagur að vorinu og skemmtu menn sér þar allan daginn úti í guðsgrænni náttúrunni. Hygg ég að allir þeir sem þátt tóku í þessum leiðöngurum, eigi þaðan sínar ljúfustu endurminningar frá þeim árum. Olli því bæði fjör og félagslyndi Ásgeirs, og myndarbragur er yfir öllu ríkti í Nesi. Hið sama má segja um Ásgeir eftir að hann kvæntist og eignaðist eigið heimili. Þar var hann bæði gestrisinn og glaðvær og fyrirmyndar heimilisfaðir. Eiga vinir þeirra hjóna margra ánægjustunda að minnst á heimili þeirra og var kona Ásgeirs honum samhent í því sem öðru að gera mönnum vistina á heimili þeirra sem ánægjulegasta.

Ásgeir var jafnan í daglegu talið kenndur við Nes, staðinn þar sem hann fæddist og var uppalinn. Það er bjart yfir öllu þegar litið er heim að Nesi á sólríkum sumardeg. Það er enn bjart yfir er ég í huganum lít yfir minningarnar um samveru okkar Ásgeirs. Hann dó of snemma og mér finnst bærinn tómlegri eftir en áður.

Ásgeir Guðmundsson var fæddur í Nesi við Seltjörn 31. ágúst 1899 og ólst þar upp. Hann var sonur merkishjónanna Guðmundar Einarssonar og Kristínar Ólafsdóttur. Guðmundur í Nesi druknaði hinn 26. apríl 1906, sem kunnugt er, en frú Kristín hefur búið síðan í Nesi, rausnarbúi, svo af er látið. Ásgeir var yngstur nú barna þeirra hjóna og eru hin öll á lífi.

Ásgeir tók stúdentspróf við Menntaskólann í Reykjavík vorið 1919 og próf í lögum við Háskóla Íslands í febrúar 1924. Varð þá um stund fulltrúi hjá Lárusi Fjeldsted hrmflm. en fór brátt utan til framhaldsnáms og kynti sér einkum sjódomsmál. Síðan 1. okt. 1925 hefur hann rekið málflutningsskrifstofu hér í bænum með Stefáni Jóh. Stefánssyni hrmflm.

Hann kvæntist í ágúst mánuði 1927 Friede dóttur frú Álfheiðar og Páls amtmanns Briem. Eignuðust þau tvo syni sem nú eru 6 og 4 ára.



Friede P. Briem. Úr viðtali í Morgunblaðinu. 4.7.1989.

-- Nokkru eftir að við komum heim fór Ásgeir eitt sinn sem oftast að spila við kunningja sína í húsi einu við Sóleyjargötu. Seint um kvöldið datt hann þar í stiga og meiddi sig, en ekki meira en það að hann fór heim og háttaði og fór að sofa. Um morguninn þegar ég vaknaði ætlaði ég að vekja hann en gekk það illa. Þá fór ég framúr og dró frá glugganum og sá þá að hann var mjög föllur. Ég fór þá fram og kallaði í stúlku sem var okkur til hjálpar í húsinu og Olga¹ hét. Ég sagði við hana: "Olga, mér sýnist helst að Ásgeir sé dáinn. Það er eitthvað mikið að honum." Svo hringdi ég í Hannes Guðmundsson² vin hans og hann sagði strax við mig að Ásgeir væri dáinn. Ég trúði því ekki að hann væri dáinn, en það var nú. Ég gat ekki grátið, mikið lifandis ósköp leið mér illa.



Olga

ERFITT ÁR.

Þó allt virtist vel ganga árið 1935 þá steðjaði ýmislegt að Nesfólkinu.

- Ásta Guðmundsdóttir frá Nesi og Karl Torfason, maður hennar, misstu fóstur í sept. 1935. Átti hún lengi í því. Eignaðist ekki börn.
- Ásgeir Guðmundsson féll frá. 8. nóv. 1935.
- Else-Mari Vennerström hafði stundaði nám á Laugarvatni. Þar varð hún ófrísk sem var hneyksli í Svíþjóð. Eignaðist hún dóttur, Astrid, sem ættleidd var af afa sínum Ivar og Lóu. Ásgeir hafði verið verndari hennar hér á landi en fékk aldrei um að vita. Barnið fæddist 17. nóv. 1935.³
- Brynhild Vennerström var fatahönnuður, gift tannlækni í Stokkhólmi. Fékk blóðtappa í lungu og dó 22ja ára. Ágúst 1936.
- Eygló Kristinsdóttir fóstursystir Nessystkinanna veiktist af berklum 1936, var sjúklingur þau 25 ár sem hún átti ólífuð.
- Kristín Kristinsdóttir í Ráðagerði á Seltjarnarnesi, dóttir Önnu Guðmundsdóttur frá Nesi, fékk berkla og var lengi á hæli í Danmörku. Hún dó þar trúlofuð í ágúst 1936.



Frænkurnar Kristín Kristinsdóttir og Brynhild Vennerström Bergendal

¹ Olga Sikveland frá Bryne á Jaðri í Noregi, er enn vinkona fjölskyldunnar. Hún var þá 15 ára. Var hjá Friede og Ásgeiri í vist hjá þeim á Bergstaðastræti 69, en eftir að Friede flutti í Tjarnargötu var hún hjá henni á veturna og Kristínu í Nesi á sumrin, allt framundir stríð. Systir hennar Rakel var líka í Nesi og Ólafur, föðurbróðir minn ástfanginn í henni, eina ástin hans. Frændur tveir komu hingað líka til starfa, annar að Nesi og hinn Mýrarhúsum. Meðan Lyra gekk milli Bergen og Rvíkur voru samskipti nán við vestur Noreg. Var mikill gestagangur í Tjarnargötu er Lyra stóð við og skipverjar litu til Olgu. Olga er í fullu fjöri, sagnakona. Því miður er mállýskan sem hún talar torskilin og heyrn mín léleg. Þannig að ríkulegar minningar hennar fóru með henni í gröfina.

² Húðsjúkdómalæknir, bekkjarbróðir hans úr Menntaskólanum.

³ Allt þótti þetta hið undarlegasta héðan frá Íslandi séð, ekki síst þar sem Lóa og Ivar Vennerström töldust róttæk í skoðunum.

Friede P. Briem. Úr viðtali í Morgunblaðinu. 4.7.1989

-- Eftir að þessir atburðir gerðust hafði ég íbúðaskipti við Eggert bróður minn sem bjó á hæðinni niðri hjá mömmu. Ég flutti því aftur í Tjarnargötuna til mömmu og þar var ég í 26 ár og þar ól ég upp drengina mína með hjálp móður minnar sem varð 94 ára gömul. Fljótlega eftir að ég flutti setti ég á stofn fjölritunarstofu. Ég byrjaði að auglýsa að ég tæki vélritun heim, þá gat ég unnið heima hjá drengjunum. Árið 1936 stofnaði ég fjölritunarstofuna og seinna réð ég Þórdísi systur mína í vinnu til mín og hún vann hjá mér í 25 ár. Asgeir var formaður lögfræðingafélagsins þegar hann féll frá og lögfræðingarnir skiptu mjög mikið við mig. Mér gekk því mjög vel með þetta litla fyrirtæki mitt enda var mikið unnið. Eftir að mamma dó flutti ég aftur hingað á Bergstaðastrætið. Eggert sonur minn hefur búið á hæðinni fyrir ofan mig í öll þessi ár. --

Marie Licht Helgason² skrifar Friede P. Briem. Rvík. 16.11.1935.

Kære lille Frieda! Imens begravelsen foregår, sidder jeg alene hjemme, men tanken er hos dig, du kære. Jeg vilde så inderligt gerne have været med Jón og pigebørnene, enten i hjemmet eller i kirken, men turde ikke, da det kom til stykket. Jeg vidste det vilde gribe mig stærkt og jeg kan så dårligt tåle sindsbevægelse. I min ensomhed føler jeg trang til at skrive et par ord til dig; mine tanker er jo hele tiden hos dig og jeg har den inderligste deltagelse med dig, i den bitre sorg. Et ægteskab, der har været så harmonisk og lykkeligt som Eders kan ikke afbrydes af døden uden at det volder den dybeste smerte for dem for den der sidder tilbage. Endnu ligger fremtiden mørk for dig, men en ting ved jeg, som vil kunne mildne sorgen, det er den bevidsthed at du har gjort den kære Asgeir usigelig lykkelig i de år I fik lov at leve sammen, så der er meget at takke for, når du ser tilbage på svindne dage og mindes hans inderlige kærlighed. Kære Frieda, jag ser at mine ord er fattige, men du forstår hensigten, det ved jeg. Tag nu et kys og den kærligste hilsen fra din hengivne tante Maria.

Elín E. Briem.⁴ Bókhlöðustíg 7. 12.11.1935.

--Þú hefur alltaf verið í huga mínu, síðan þessi þunga sorg dundi yfir heimili þitt. Mig langar til að láta þér í ljós innilegustu samúð mína og hluttekningu og bið ég guð að gefa þér þrek og krafta til að bera þessar þungbæru raunir, að vera nú í æsku lífs þíns svift þínum ástkæra eiginmanni og blessaðir litlu drengirnir ykkar að missa föður sinn svona ungir. Guð blessi ykkur öll og styrki. Þín elskandi föðursystir Elín Briem.

Eigi fyrir löngu, er ég var að ljúka skráningu þessa bréfasafns, var ég sem oftast að skoða önnur gömul fjölskylduskjöl, kvittanir, reikninga og bréf, m.a. þessa kveðju Elínar afasystur minnar. Rakst ég þá á skinnveski. Í því voru rúmlega 150 minningarspjöld sem mömmu höfðu verið send við fráfall pabba. Sýndi sig að vinahópur þeirra var stór. Flest með nöfnum hjóna. Var merkilegt hve margt alþýðufólk hafði sent samúðaróskir, vinnufólk af Nesinu og gamlir félagar af sjónum. E.Á. 16.5.2019.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 13.12.1935.

Elsku Helgi minn! Gleðileg jól og gott nýtt ár óska ég ykkur báðum með þakklæti fyrir allt gott á árinu sem er að kveðja. Þetta eru fyrstu jólin sem ég hlakka ekki til; það eina sem ég hlakka til er að tíminn líði og græði mín ár.

Bestu kveðjur til ykkar Doris frá mér og litlu strákunum, sem eru mér nú til meiri ánægju en nokkru sinni fyrr. Páll hugsar og tala reyndar mikið um dauða og jarðarfarið, honum finnst það svo undarlegt. Líði ykkur vel, þín elskandi systir --

Álfheiður Briem var lengst af ævi sinni haldin vanheilsu. Í Minningum mínum, hefur ýmislegt af því komið fram, ekki síst nýrnaveiki. Það er þjáði hana lengst var höfuðveiki og verkur í handlegg. Síðarnefndi sjúkdómurinn, sem aldrei fékkst bót ráðin við, varð til þess að Helgi sonur hennar fékk hana ásamt Jónu uppeldisdóttur sinni til að koma sér til lækninga í Berlín. Það var þangað sem næsta bréf er skrifað.

¹ -- og hélt rekstri stofunnar áfram

² Marie Helgason (1866-1945) kona Jóns biskups Helgasonar.

³ Pigebørnene: Annie, Þórhildur og Cecilie Helgason, dætur hennar.

⁴ Elín E. Briem (1856-1937) tvíburasystir Páls Briem. Brautryðjandi í menntun kvenna, skólastjóri, bókahöfundur o.fl. Hún bjó sjálf við erfiða reynslu, hafði tvívegis orðið ekkja. Giftist ekki aftur.

⁵ Ég var alin upp meðvitaður um veikindi hennar. Hef gjarnan brotið minn leikmannsheila um hvað hafi valdið þessum verk í handleggnum, og sem amma átti við að stríða. Ég hef komist að raun um að það hafi verið sjúkdómur, sem mun nefnast mun klemmd taug (í axlarlið), sem nú er fundin bót á með skurðaðgerð.

1936

Eggert P. Briem¹ skrifar Álfheiði Briem. París. 10.3.1936.

-- Við komum til London 27. febr. Næsta dag var síðasti dagur Bresku iðnsýningarinnar, svo við notuðum tækifærið að skoða hana -- það var afar *interessant* og margt merkilegt að sjá --

Segir frá sambandi sínu við menn hjá útgáfufyrirtæki sem var honum hjálplegur og gestrisinn.

Þá hitti hann bróðurson sinn, Pál Kristinsson Briem, síðar útibússtjóra Búnaðarbankans, sem er á enskuskóla með tónum útlendingum og lærði því enga ensku.

-- Þá hitti ég vini Dídíar, Wells² og frú og borðuðum við eitt kvöld með þeim í klúbbum hans og frúin bauð Siggu í bíó á meðan við töluðum um *business*, en svo er mál með vexti að Wells þessi er einhver mesti Íslandsvinur þar í landi og ekki ólíklegt að við komum til að hafa ýmislegt saman að selda þegar fram líða stundir. --

Hitti fjölda manna, ekki síst Íslandsvini sem höfðu verið á Íslandi. Héldu þau Sigríður síðan áfram til Parísar, Leipzig, Berlínar og Khafnar, en hitti Helga bróður sinn ekki, því hann var með Sveini Björnssyni í samningaferð til Rómarborgar.

Kristín Guðmundsdóttir³ skrifar Friede Pálsdóttur Briem. Móum. 13.4.1936

Elsku Fríða mín! Ég ætla aðeins að skrifa örfáar línu. Palli litli er voða mikill draumur, bæði þægur og góður eiginlega alla daga úti að leika sér og undir sér vel, eða ekki hefur hann talað um að sér leiðist nokkuð Nú hefur veðrið verið yndislegt undanfarna daga, svo nú er ég að byrja að verða útitekin, ég hef það voða gott, og fólkið segir að ég hafi fitnað einhver ósköp, heldurðu að það sé huggulegt?

Bið voða vel að heilsa Eggert og vonast til að fá að sjá hann bráðlega. --

Þá skrifar hún bréf í nafni Páls, sem var þá fimm ára.

Elsku mamma mín! Ég þakka þér innilega fyrir kortið og pakkann sem ég fékk í dag og þótti svo vænt um og nú er ég búinn að gefa öllum að bragða á og Guðmundir frændi einnig. Nú er búið að vera yndislegt veður undanfarið og í gær fórum við Stína, Helga Hobbs⁴ og litlu stelpurnar í voða langa gönguferð út á Berg sem kallað er. og þar fundum við tvo voða fallega fossa og þar klæddum við okkur úr og Stína lét mig undir fossinn, og svo fór ég í Sólbað á eftir og lét sólina þurrka mig, svo héldum við áfram að ganga og klífruðum í voða stórum klettum og það þótt mér heldur en ekki gaman að, einnig í dag fór ég í sjóinn og lá lengi í sólbaði á eftir. Það er fyrir nokkru byrjað að slá og nú er ég alltaf að hjálpa Guðmundi frændi við heyskapinn, því eins og þú veist er ég kaupamaður. Nefið er ágætt enda ber Kristín frænka á það hvítan áburð við og við. Elsku mamma mín, nú ætla ég ekki að skrifa meira, allir biðja voða vel að heilsa, ég bið einnig að heilsa Eggert, ömmu, Dídí, Jónu og ömmu í Nesi. Þinn sonur Palli.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Álsten. Páskar, 1936.

Ágæta hugrakka vinkona! -- Þú vissir sjálf kannski best hve nærri hann og ég stóðum hvort öðru og þó - Fríða mín - hefur ekki ein lína komið frá mér. Ég afsaka mig ekki -- er ógjörlegt, ef þú skilur mig, er allt í lagi, ef ekki þá er ekki við því að gera. Verð bara að segja þér frá því er ég sagði vinkonu minni er kynntist Geira 1925; þá sagði hún: *De Gudarna älskar dör unga.*

Nú ætla ég ekki að tala um Geira meir, þú veist hvar þú hefur mig, án orða. Nú ætla ég bara að tala við þig um eitthvað og eitthvað.

Fríða mín. 1929 -- er ég var heima á Íslandi um veturinn, það var þá er þú gekkst með eldri drenginn þinn; sat ég ein inni í fremri stofunni hjá mömmu. Hún settist upp á borð og talaði við þig í síma - með málróf sem ekki var alvanalegur hjá mömmu. Einn dag sagði ég við hana: *Þér þykir ósköp vænt um hana Fríðu?*

¹ Eggert P. Briem rak fremstu bókabúð landsins í fá ár, lenti í höftum og gjaldeyrishömlum, seldi búðina og gerðist forstjóri Ferðaskrifst. ríkisins.

² Wells var liðsforingi í breska hernum og kom stundum í heimsókn í Tjarnargötu 24. Var það erfitt úrlausnarefni fjölskyldunnar, því umgengni við hermenn var erfið, hvernig sem hana bar að.

³ Kristín Guðmundsdóttir (1919-96) frænka okkar frá Móum á Kjalarnesi var í Verslunarskólanum í Reykjavík og bjó þá hjá okkur bæði á Bergstaðastræti 69 og í Tjarnargötu. Hún átti Gústaf E. Pálsson verkfræðing.

⁴ Helga Hobbs (1919) og giftist Hafsteini Guðmundssyni prentsmiðjustjóra og bókahönnuði.

Þá segir hún og snýr sér undan: „Lóa mín, hún er svo lítil og ég veit ekki hvort hún kemst í gegnum það sem fyrir henni liggur.“ Þú veist að mamma er ekki orðmörg - og nú segir hún í sínu síðasta bréfi:

„Lóa mín, ef þú vilt segja mér eitthvað af þínum hjartans málum, þá segðu mér það gegnum hana Fríðu.“

Altsvo. - þú, Fríða, stendur henni næst, mér skilst af öllum, fyrst framanaf gegnum hennar elsku börn og yngsta barn - en nú stendur þú og hefur staðið lengi henni næst gegnum sjálfa þig. Þú stendur ekki bara henni næst, þú hefur gengið á milli í þessari stóru og fjölmennu ætt, þar sem hver heldur í sína átt, náttúrlega svo lengi sem vel gengur (kannski yrði það öðruvísi þá er leiðindi koma fyrir) með vinsamlegheitum og náttúrulegri elskulegheit, gerir allt fyrir alla og brýtur beitt og hvöss orð.

Hann var sannarlega heppinn hann Geiri og oft hef ég hugsað um Geira sem var umhverfður af glettilegu og glitrandi kvenfólki; hvar fékk hann þá djúpu „urskilning“¹ að reglulega fastnast þeirri einu stúlku sem einmitt passaði honum og ekki bara honum, heldur gerði alla ættina betri, einhvern veginn.

Ég er ekki afbrýðissöm út í þig vegna elsku mömmu til þín; mér finnst hún vera svo náttúrleg og ég veit að enginn af öllum hennar börnum er henni svo algjörlega geðþekkt sem þú. Og mundu það, Fríða mín, að Geiri hefur gefið þér gleði og elsku, þá er það þinn arfur „þa gott och ont“ - að vera miðlarinn eins og hann var, hann sem bræddi bræðurna og skapaði frið, svo sem hægt var að miðla, hjá þessu okkar fólki sem að mörgu leyti „är sig selv nok“.

Lóa Hansen og Haldór,² maðurinn hennar, voru hér hjá okkur og sagði hún um Geira að það væri svo einkennilegt hvað þessa manns væri saknað alls staðar, m.a.s. af fólki sem bara sá hann á götunni. Svo sagði hún líka: „Hún mágkona þín, Fríða, hún er svo sterk.“ Hún hefur kannski varla talað við þig - en þó skilur hún þig, Fríða mín.

Mamma var svo elskuleg og sendi mynd af Geira. Hún hangir á veggnum hjá okkur og er okkar „ständiga sällskap“³. Færði henni innilega þökk og svo fyrir hennar ágæta bréf, viðvíkjandi okkar Else-Mari.⁴

Litla stúlkan okkar, Astrid Leonora (ég gat ekki fundið nafn nær Ásgeiri) er svo ágæt, vex og dafnar og er sólskin okkar alla daga. Og Else Mari - þið gætuð varla þekkt hana aftur, glöð og elskuleg, samviskusöm og stundvís - og að sjá fataskápin hennar með fötum Astrid, drifhvítt og nýstorkið. Og allt heimilið snýst um litlu stúlkuna.-- bráðum fimm mánaða gömul.

Segir það sorgarsögu með fóstursysturina Glóu, Eygló Kristinsdóttur. Hún fékk berkla sem mótaði hennar líf, og fjölskyldunnar, upp frá því. Segir líka frá hinni fóstursysturinni Unni Óladóttur.

-- Unna litla gengur hér í skólann⁵ en vildi nú náttúrlega, ef mamma þarf hennar með, fara heim strax og skólanum lýkur. Hún er svo kát og skemmtileg - og nú eru þau öll í bíó að sjá Chaplin. Brynja er hjá okkur um páskana, því maðurinn hennar vinnur uppi í Dalslandi, þangað til hann, ef til vill, opnar eigin lækningastofu í haust. Hún fór líka með hinu ungviðinu og ég er barnastúlka án *konkurans*. Brynhild er svo konuleg og ráðsett, er dálítið skrítið að eiga gifta dóttur og svo barnabarn, furðulegt hvernig maður vex inn í þetta allt saman, fljótt og skyndilega.

Gott að heyra að drengurinn (*Eggert*) þinn er orðinn góður í fætinum. Það var erfiður tími bæði fyrir hann sjálfan og ykkur, en ef bati fæst gleymir maður --

Berðu nú mömmu okkar innilegar kveðjur, ég var svo hræð þegar ég fékk bréf hennar, hún er gullið fyrirtak, blessunin. Og Fríða mín, á meðan þú stendur út með okkur Nesfólkinu -- Þú ert og verður okkar góða Norn,⁶ sem við full af þráa og einþykkni, en stóran skerf af *intolerans*⁷ sem bændum er títt að vera, þurftum svo mjög hjálp Ásgeirs, sem bræddi og miðlaði - minnst þú þess, Fríða mín.

Vertu nú blessuð Fríða mín. Það sem á vantar í bréfinu máttu til með að lesa milli línanna, faðmaðu piltana þína frá okkur. Líði þér svo vel sem unnt er og ég óska að sólin birti yfir og skíni á þína leið, hún skín þegar, en þú getur ekki ennþá tekið á móti ylnum - ekki ennþá. Alltaf blessuð elskan --

¹ Opinberun.

² Halldór Hansen yfirlæknir á Landakotsspítala. Lóa Hansen frá Ráðagerði á Seltjarnarnesi var æskuvinkona hennar.

³ Fastur liður.

⁴ Hún hafði lent í vandræðum (?), sem aldrei er að vita, að vera ófrísk á Laugarvatni. Það skýrist betur í síðari bréfum.

⁵ Fótaaðgerðaskóli dr. Scholl.

⁶ Örlaganorn.

⁷ Bráðlyndi.

Lóa Vennerström skrifar Friede P. Briem. Álsten. 26.8.1936.

-- Brynja var á góðum batavegi en svo kom „*blodpropp*“¹ í lungað sem *kollkastaði* framförinni. Hún hefur verið mjög veik og tekur langan tíma ennþá, ef hún gengur í gegnum þetta blessunin. Else Mari er búin að vera hjá henni í þrjár vikur -- er að koma heim aftur. Ég fer til hennar í æstu viku og þetta stendur ekki svo vel á, því Ásta (systir hennar) og voru að hugsa um að koma --

Brynja Vennerström virðist hafa dáið fljótt eftir að bréfið var skrifað. Ekki hefur tekist að hafa upp á nánari dagsetningu en í ágúst.

Bréfið er skrifað vegna þess að Friede hafði sent skjöl til meðferðar, en sem týndust. Biður um nýtt eintak.

¹ Blóðtappi.

1937

Lóa Vennerström skrifar Friede P. Briem. Álstén. 25.1.1937.

Eins og kemur fram í bréfinu er Lóa að flytja búferlum til Karlstad þar sem Ivar Vennerström hafði látið af störfum sem ráðherra og tekið við landshöfðingjaembætti í Vermlandslén.

-- Langt er nú síðan ég hef sent þér kveðju -- hefði átt að vera búin að þakka þér fyrir þitt innilega og elskulega bréf -- Eins og þú manst, Fríða mín, leið langur tími áður en ég gat skrifað þér, en það liggur einhvern veginn á manni að maður sé eiginlega hálfgerður ræfill að geta ekki svo mikið sem að skrifa nokkrar línur - en Fríða mín þú fannst orðin: „*ekki er ég nein manneskja til að geta huggað neinn*“. Þetta var samt, Fríða mín, það eina sem gaf mér einmitt það sem ég þufti, og þú fannst í þessum fáu orðum (til) máttvana og getulauss manns, af því, eins og þú veist fremur öðrum í svona ástandi, er maður einn og verður einn að komast í gegnum, eða ekki komast í gegnum þá. Hversu mikill vesalingur maður er sem gerir bara tilraun. -- Ennþá innilegt þakklæti fyrir þitt bréf og allt annað sem þú hefur gert mér og mínum. Ég hef heyrt að þú hafir verið slæm af taugagikt og hafir ekki getað haldið áfram með vélritun þína, en að þú kennir að spila. Vildi ég að ég væri nærri þér svo ég gæti tekið spílatíma hjá þér. Mig langar aldeilis voða mikið að halda áfram. -- Nú erum við Astrid Leonora alltaf að sauma og útbúa hitt og annað og ég hef ekki haft taugar til að spila -- en nú finnst mér ég hafi einhvern veginn náð mér, svo nú finnst mér mig langi til að spila. Nú verður svo, að í nýju íbúðinni okkar í Karlstad, þá kemur píanóið okkar til með að standa á fjórðu hæðinni, okkar *privata* hversdagsherbergi -- og í íbúðinni á þriðju hæðinni búa landshöfðingjahjónin *officiellet*. - svo fæ ég -- *flygel í stóra salongen*,¹ sem ríkið kaupir húsgögn í og sagði ég að ákjósanlegt væri að flygel heyrði til - annars kaupum við hann sjálf - alveg skínandi *instrument*, *Malmsjö-flygel*² ekki nýr - sem *musikdirektör* bauð mér fyrir 1200 kr.!! Hvað finnst þér? Hann sagðist eflaust geta selt mitt Rönich³ píanó fyrir 800 kr., ef ég vil selja. Svo eigum við tvö börn, og nú þrjú, Leonora spilar kannski þegar hún vex, í það minnsta er hún hrifin af *pekfingervalsen*,⁴ þegar ég spila fyrir hana. Spila þínir drengir enn nokkuð og eru þeir músikalskir?⁵ Það væri svolítið undarlegt ef þeir væru það ekki - en það kemur samt fyrir.

Mér dettur svo oft í hug Geira-barnið hann Eggert Ólaf - hvað það er yndislegt að (*hann*) er svo bersýnileg mynd pabba síns - ég sá hann alveg fyrir mér og ég á mynd af Geira þegar hann var lítill, sem er eins og væri tekin af Eggert Óla. Faðmaðu þá báða frá Else-Mari og mér.

Okkar sólskin - hún er ekkert smávegis Fríða mín, er alveg óskiljanlegt að maður lifði lifandi án hennar -- og hún er svo lík Brynhild (*sem þá var látin*) -- svo það er nærri sköplegt. Hún er okkar *adoptiv* dóttir nú -- hefði það líklega ekki gengið ef ekki „*svo háttstandandi*“ maður ætti ekki hlut að - því sams konar hafa þeir alltaf þverneitað. En nú er ísinn brotinn og framvegis geta þeir ekki neitað kategorískt - er góður sigur - vona að ég eigi eyðileggi hana og að ég sé ómöguleg. -- það er leiðinlegt að fá ekki að vera amma hennar. - En svo er mamma hennar mikið *munstur-nurse* samviskusöm og stundvís --

Ásta⁶ sótti hálfilla að og þótti mér svo leiðinlegt að eyðileggja ferðalag þeirra - reyndi jú það litla sem ég gat - svona einhvern veginn - en Ásta er mikið dæmalaus. Hún gerði enga tilraun að hugga mann, hún var hún, góð og taktfull eins og hún alltaf er, meira nú en nokkru sinni.--

Gaman væri nú, Fríða mín, að þegar við verðum komin í stand, að þú tækir þig upp og kæmir til okkar og værir hér nokkurn tíma, breyttir svolítið til. Gætirðu hugsað þér það?⁷

Ég skrifaði mömmu - en ekkert um Astrid - svo þú segir henni frá - hún vildi fá fréttir gegnum þig - þú ert hennar yndi - ég held henni þyki ekki eins vænt um neitt af sínum börnum eins og þig -- kærleikur gefur henni meira en allt annað. Ég skil hana fyllilega - og kærleik er ekki hægt að *dirigera*⁸ - hún flutti ekki

¹ Flygill í veislusalnum.

² Malmsjö-píanó frá Örebro, talið eitt hið besta sem framleitt var í Svíþjóð.

³ Rönisch píanó framleidd 1843-99.

⁴ Pekfingervals - spilaður með vísifingri einum.

⁵ Palli reyndist vel í því efni sem öðrum.

⁶ Ásta Guðmundsdóttir, systir hennar.

⁷ Það gerði hún áratug síðar eða meira, og var það mikil ævintýraheimsókn, þar sem hún kynntis menningarfrömuðunum, vinum Lóu.

⁸ Ákveða/stjórna.

elsku sína yfir á þig er Geiri fór - nei, þú áttir hennar hjarta og umhyggju, langt, langt áður en það, fullt og heilt.

Og Fríða mín - ennþá einu sinni, ástarþakkir fyrir þitt góða „*inflytande*“¹ á okkar -- ætt - þú varst væn, komst til okkar, við þurftum þín með - kannski þurftir þú okkur - enginn veit. Blessuð elskan og fyrirgefðu þetta mas. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Rvík. 9.10.1937.

-- Það er hálf tómlegt hér hjá okkur síðan þið fóruð, en maður hefur þá eitthvað að hlakka til og vonast eftir, sérstaklega ef maður fengi þig frískari. Ég hef mikið að gera, er með tómar tölur í höfðinu, svo andríkið verður líklega eftir því. Ég er búin að leigja bæði kvistinn og svefnherbergið þitt fyrir kr. 95.- bæði herbergin á mán.

Í öðru herberginu er danskur maður, frændi hans Torp (manni Möttu Páls) en í hinu er ungur piltur sem er að lesa undir stýrimannaskólapróf,² báðir geðugir menn, sem ganga vel um.

Við erum annars öll frísk og allt gengur sinn vanagagn. Ég tók mér að mestu frí á afmælisdaginn minn og hafði gesti um kvöldið. Það var held ég ósköp vellukkað, eins og þú getur nærri. Hilda ætlaði að kaupa silfurskeið og gefa mér frá þér; hún fékk enga sem henni líkaði, en ég þakka þér fyrir, mamma mín, að þú skyldir hafa þetta í huga þegar þú varst að far, þó þú hefðir í mörgu að snúast. --

-- Hilda hefur haft saumakonun og svo hefur hún verið að mála og veggfóðra. Hún bjóst ekki við að skrifa núna. --

Litlu strákarnir, Dídí og Olga biðja öll að heilsa. Eggert Ólafi finnst það undarlegt að ég skuli ekki geta sagt þér klukkan hvað þú komir aftur, hann ætlar nefnilega ekki að láta *snúða* sig frá því að taka á móti þér, því hann var ekki ánægður yfir því að fá ekki að fylgja þér á skipsfjölg; eins iðrast hann þess að hafa ekki haft einhver ráð með að gefa þér smá farareyri, úr því Palli var svona mikill höfðingi. Palli er sem sé alltaf að grobba af því við Egget, að hann skyldi gefa þér 20 aura. --

Helgi og Doris höfðu ekki enn fengið húsmuni sína frá Spáni, bjuggu í litlu húsnaði sem ekki var pláss líka fyrir Álfheiði og Jónu. Tóku þau því íbúð á leigu meðan þær voru hjá þeim. Fljótlega endurheimtu þau innbú sitt frá Spáni og leigðu sér íbúð, sem þau reyndar gátu ekki notað mikið því hann var í eilífum ferðalögum og Doris oft með honum.

Jóna Einarsdóttir skrifar fóstursystur sinni Friede Pálsdóttur Briem. Berlín. 16.10.1937.

-- Þá erum við mamma komnar til Helga og Doris og ég er voða fegin, sérstaklega síðustu dagana, langaði oft að vera komin heim, en það var nú bara af því að við vorum alltaf tvær einar og hvert sem við þurftum að fara, vorum við alltaf saman, nema eitt skipti þegar ég fór í bíl til Siggu,³ þá fór ég ein, ég fór í bíl til hennar því það var svo langt. Sigga ætlaði ekki að trúa sínum eigin augum þegar ég birtist í eldhúsinu hjá henni. Hún vísaði mér upp í herbergið sitt og bað mig að bíða þangað til hún væri búin, en það var eftir klukkutíma. Hún gaf mér molakaffi í herberginu sínu og síðan fórum við í bæinn og skoðuðum í búðarglugga,⁴ það þykir mér voða gaman. Meðan ég var með Siggum fór mamma heim til Inger kærustu Palla.

Um kvöldið ætluðum við Sigga að fara í National Scala. Við fórum kl. 7. Sigga þarf helst að vera komin heim fyrir 10, því hún fer kl. 6 á fætur. Svo við segjum mömmu að við komum heim kl. 9½. Jæja, þá, leggjum við af stað. Þegar við komum niður eftir, segir þjónninn að það verði ekki byrjað að „troða upp“ fyrr en kl. 9½ svo við fengum okkur bara *te* og fórum án þess að sjá nokkuð. Svo þetta var nú heldur mislukkað.

Svo næsta dag fórum við til Bibi⁵ og borðuðum *frúkost þar*. Það var voða indælt og huggulegt. Það er voða skrítið að sjást eftir svona langan tíma, við vissum ekki hvað við áttum að segja fyrst, en svo rættist úr því.

Eftir þetta var ég alltaf í gamalmennaboðum, hjá frú Bruun, sem talaði svo mikið, alveg eins og trekt upp og grobbaði svo mikið af familfunni, að við mamma vorum farnar að líta hvor á aðra og hrista höfuðin.

¹ Áhrif.

² Þykist muna að sá hafi verið Sigurður Brynjólfsson sem varð þekktur sem glímukappi Íslands 1940 og bifreiðasmiður.

³ Þá voru þær í Höfn.

⁴ Inger giftist Páli biskupssyni Helgason, sem hann kynntist meðan hann var í raftækninámi í Danmörku. Bjuggu þau í Hafnarfirði. Hún varð góðkunnur dönskukennari í Hafnarfirði.

⁵ Bibi Eskildsen, var vinkona Jónu úr Tjarnargötu. Faðir hennar mun hafa verið tæknilegur sérfræðingur.

Síðan fórum við til Maríu Tómasson¹ og prófessor Nörregård. Það er mikið ef ég verð ekki gamaldags þegar ég kem heim, ég var alveg búin að fá nóg af því. Einu sinni fórum við í bíó og sáum Magarete Viby.² Það var ansi gaman og ég held mamma hafi skemmt sér bara vel. Á föstudaginn lögðum við af stað hingað til Berlínar með járnbrautinni -- og vorum komnar kl. 8 og þar voru Helgi og Doris niður á járnbrautarstöð, og nú var heldur fagnaðarfundur eins og þú getur nærri. Síðan keyrði Helgi okkur heim í bílnum sínum, indæll bíll með útvarpi. Hér höfum við gott herbergi með teppi á gólfinu og gömlu svefnherbergishúsgögnin þeirra. Þau eru búin að fá sér önnur.

Í dag fórum við Doris í leikhús, mamma vildi ekki fara, svo Helgi og hún voru heima. Það var enskt leikrit sem hét: *You never can tell* eftir Bernhard Shaw. Ég skemmti mér ágætlega. Vertu sæl Frieda mín, ég bið að heilsa Dídí, Hildu, Eggert og öllum börnunum. --

Álfheiður Briem skrifar börnum sínum. Berlín. 16.10.1937.

-- finnst ég galdri næst að ég sitji hér. -- í Khöfn tveim dögum lengur en ég hafði ætlað mér - af því von var á *mublum* þeirra (*Helga og Doris*) frá Spáni. -- höfðu staðið á höfðinu -- við al pakka út sinni búslóð, svo skemmd og eyðilögð sem hún var. -- nýflutt í íbúðina, sem er indæl og *herrsabelig*, en samt ekki nema 5 herbergi - indæll garður -- verkamenn um allt og kvenmaðurinn sem stýrir húsinu er á stöðugum þönum -- Helgi og hún eru að taka upp bækurnar en Doris og Jóna fóru í leikhús. Mér fannst það nú óþarflega fljótt, en þau voru búin að ætla sér það fyrir löngu og panta *bílætin*.³ --

Lýsir íbúðinni og mólétnu gólfteppum þeirra, spónninn á rúmum þeirra, alveg af þegar sendingin kom frá Spáni. Þá er svo hátt undir loft og gluggar stórir að ekki er hægt að nota gömlu gluggatjöldin.

Kvartar yfir líðan sinni í handleggnum. Og lýsir nudd- og læknismedferð rækilega og er ekki hrifin af.

Pakkar bréf og er fegin Friede fyrir að hafa tekist að leigja húnsæði hennar í Tjarnargötu.

-- Hér í Berlín er ákaflega sparað á öllum sviðum, t.d. eru brauð búin til úr fimm pörtum af maísmjöli og einum af hveiti -- aldrei fæst nýtt brauð, aldrei minna en dags gamalt svo hægt sé að skera það þunnt og minna sé borðað af því. Svo er á flestum sviðum og lærdómsríkt fyrir okkur. --

Bréfið er langt með lýsingum á heimilishaldi og göngutúrum í fallegum hverfum. Einnig af nuddi og læknismedferð, sem virðist skila litlum árangri. Læknismedferðin skilar litlum árangri. Lífið tilbreytingalaust.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem í Berlín. Rvík. 21.10.1937.

-- Við fengum þrem dögum á undan skeytið frá ykkur öllum og þó að ég treysti því fullkomlega að þú myndir klára þetta, þrátt fyrir málleysið, þá urðum við afar ánægð yfir að vita þig nú komna á áfangastaði heilu og höldnu, með Jónu þér við hönd. Guð gæfi að lækarnir gætu hjálpað þér, svo þér gæti liðið vel og gætir dútlað eitthvað þó ekki væri nema rétt til dægrastyttingar, því þú kannt svo illa við iðjuleysið, þó mér á hinn bóginn finnst þú vera búin að starfa svo mikið alla ævina, að þú mættir eiga frí með góðri samvisku. --

Mér finnst svo einkennilegt að hugsa mér þig sérstaklega komna svona langt í burtu, maður er orðinn svo vanur því að hafa þig á vísun stað -- Okkur líður annars ágætlega, en mikið hlakka ég til að fá þig aftur heim, mamma mín, frískari. --

Ég hef haft mikið að gera og er ákaflega ánægð með það, því mér ógnar atvinnuleysið. Kristinn⁴ bróðir var að fara norður í morgun með fjóra minka, einn silfurref og refahirði. Hann ætlar að stækka hjá sér, en seldi heilmikið í haust, mest til bænda; þeir eru að breyta til vegna fjárpestarinnar og ætla að hafa í staðinn fyrir sauðféð, refi og hross. -- Litlu strákarnir og Olga biðja að heilsa. --

¹ María Tómasson, dóttir séra Þórðar Tómassonar sóknarprests í Danmörku, sonar Þórðar Tómassonar (Sæmundssonar Fjölnismanns) læknis sem dó ungur á Akureyri, kvæntur danskri konu sem fluttist til síns heima með börnin sín tvö.

² Revúsöngkona.

³ Miðana.

⁴ Kristinn P. Briem (1887-1970), hálfbróðir Friede, kaupmaður á Sauðárkróki, brautryðjandi í loðdýrarækt, hita- og rafvæðingu.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem til Berlínar. Rvík, 25.10.1937.

-- Þú fyrirgefur þó ég skrifi þessar línur á ritvél, ég er önnur kafin og spara með því tíma. -- við Dídí fórum í leikhúsið núna um daginn, var það Haraldur Á Sigurðsson sem aðallega skemmti manni. Þetta ver mesta léttmeti en gat komið manni til að hlæja, og er þá víst tilganginum náð. annars er hver dagur öðrum líkur. Jens Bjarnason hringdi til að spyrja um þig, ætlaði hálfpartinn að senda þér svið, en í staðin sendi hann þau til mín. Hann bað mig um kveðju til þín.

Eins átti ég að skila kveðju til þín frá séra Ásmundi Guðmundssyni, hann kom hér með vinnu handa mér. --

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði Briem til Berlínar. 2.11.1937.

-- Þú ert kannski búinn að fréttu það á skotspónum að ég er búinn að skipta um stöðu, búinn að segja upp starfinu hjá Ferðaskrifstofunni, og tekinn við framkvæmdastjórn prentsmiðjunnar Eddu, sem Framsóknarmenn ýmsir hafa stofnað. Þeir eru í stjórn prentsmiðjunnar Sigurður Jónasson,¹ Sigurður Kristinsson² og Guðbrandur Magnússon³ fóru að tala um þetta í sumar, hvort ég vildi koma til prentsmiðjunnar, en ég sagði að því aðeins að þeir settu það að skilyrði þegar Ferðaskrifstofan var stofnuð, að ég tæki við henni, vildu heldur að ég færi í þetta, þá skyldi ég gera það, en annars ekki. Og þar sem Jóna frá Hríflu og fleiri úr þeim hóp vildu það heldur, gekk ég inn á það og er tekinn við stöfum nú um mánaðamótin. Satt að segja varð Ferðaskrifstofan mér að ýmsu leyti mikil vonbrigði, sérstaklega að það var eins og öllum væri sama um hana, en frá íhaldinu mætti hún fullum fjandskap frá byrjun. Það fengust engir peningar til að gera neitt -- og þar af leiðandi var ekkert hægt að framkvæma af því sem hefði þurft að gera til að auka og efla túristatraffíkina. Svo var það ekki síst að Ragnar Kvaran⁴ skyldi vera settur þarna á þann hátt sem það var gert, nfl. án þess að vera öðruvísi en jafnréttthár og ég, og geta gert hvað sem hann vildi - en þó á mína ábyrgð að því er sneri að stjórninni, og ég varð að sjá fyrir þeim tekjum sem hann eyddi að sínum hluta. Þetta var afskaplega óþægileg *situation*, og svo var ekki hægt fyrir mig að hafa neina samvinnu við hann, m.a. af því að ég leit allt öðru vísi á margt af þessu, en hann. Og úr því ekki var hægt að aðskilja þetta eins og ég fór fram á í vetur, en það var sýnilegt að Haraldur⁵ ætlaði sér það ekki, úr því hann var ekki búinn að því og augljóst að *agiterað* hafði verið í honum í millitíðinni, því í desember í fyrra var hann búinn að ákveða það, þá var best að yfirgera þetta, úr því líka betri staða bauðst, því hvað launin snertir er hún miklu betri.

Jæja mamma mín ég er orðinn nokkuð langorður um þetta, og meira mætti segja, en ég læt þetta duga í bili.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem, Rvík. 2.11.1937.

-- Guð gæfi að þessi lækni gæti hjálpað þér, eins og hún gefur von um, svo þér mætti fá að líða bærilega. Frá okkur er allt það besta að fréttu, við öll frísk og ég hef heilmikið að starfa. Ég hef verið að kenna svo mikið í dag að heilinn er ósköp eitthvað sljór; alltaf þarf maður að hafa eitthvað sér til afsökunar þegar andleysið er í algleymingi. Þið hafið svei mér sótt vel að, að Helgi og Doris skyldu vera að fá dótið sitt, þó í óstandi væri, þá veit ég að þau hafa verið ánægð yfir að fá bækurnar sínar og þá Helgi gömlu skræðurnar, sem vonandi hafa verið með.

Eggert⁶ í Viðey kom hérna í fyrradag og sagði hann að Pétur og Nunna⁷ hefðu ekkert séð af sínu dóti; væri ósköp tómlegt kringum þau í Höfn. --

Tanta Guðrún¹ póstmestara kom hér til mín í gær og langaði til að fréttu af þér; ég sagði henni í stuttu máli það sem ég vissi best og bað hún kærlega að heilsa þér. Hún er áhyggjufull yfir hve mikið Sigrún leggur á

¹ Sigurður Jónasson lögfræðingur, þá og lengi forstj. Tóbaksverslunar ríkisins. Hann hefur áður komið við sögu, vinur pabba, og aftur síðar m.a. þegar hann gaf ríkinu Bessastaði.

² Sigurður Kristinsson (1880-1963) lengst forstj. Sambands ísl. samvinnufélaga og alþingismaður.

³ Guðbrandur Magnússon (1887-1974) lengst forstj. Áfengisverslunar ríkisins. En fyrst og fremst vinur Kjarvals.

⁴ Ragnar Kvaran (1894-1939) áður prestur í Ameríku, „landkynnir“.

⁵ Haraldur Guðmundsson (1892-1971), þá ráðherra. Hann hefur komið við sögu í Minningum Helga P. Briem. Einnig var hann frægur fyrir þegar hann gerði Guðbrand Jónsson og Guðmund G. Hagalín að (gerfi)prófessorum.

⁶ Eggert Briem (1879-1939) bóndi í Viðey og forystumaður á mörgum sviðum.

⁷ Pétur Benediktsson (1906-69) sendiherra, alþingismaður o.fl. var þá giftur Guðrúnu Eggertsdóttur Briem (1914-81). Áttu þau dótturina Ragnhildi (1937) endurskoðanda sem giftist Jan Paus málflutningsmanni í Osló. Guðrún giftist aftur, Per Varvin lækni í Osló. Eru margir afkomendur frá þeim komnir, einkum í Noregi. Pétur hafði verið fulltrúi í sendiráði Dana í Madrid en hafði 1. apríl tekið við starfi í utanríkisráðuneyti Dana.

sig; hún er að lesa undir fyrri hlutann, sem hún ætlar að taka í jan. Maðurinn hennar tekur fullnaðarpróf um sama leyti og fara svo bæði eitthvað norður í land, þar sem hann á að *vikariera*, fyrir einhvern lækni sem ætlar að sigla.

Svo hringdi Jónína frændkona þín til mín og hélt langar ræður allt frá veðráttufari og að sjúkdómum sem lýsti sér á hinum ýmsu aldursskeiðum; var það bæði fróðlegt og skemmtilegt, eins og bú þekkir. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem, 3.11.1937.

-- þetta (er) hamingjuósk -- Eggert Ólafur er að ráðgera að senda þér hamingjuósk á laglegu korti og hefur beðið mig að lána sér penna og blek, því við slíkt tækifæri sem þetta finnst honum blýantur allt of hversdaglegt áhald. Ég held ég verði að reynast honum hjálpleg með þetta. Jón Helgi² frá Mosfelli er hér nú um mánaðartíma, hann á að vera í ljósum því hann er alltaf svo vesældarlegur og lystarlaus, hann kom hér í dag og ætlaði að strika beint upp á loft og hitta þig, en ég stoppaði hann og sagði að enginn væri uppi. *Hvar er afasystir?* spurði hann. *Í Þýskalandi; veistu hvar það er?* svaraði ég. *Við María höfum aldrei fengið að fara þangað, svo þess vegna veit ég það ekki*, var svarið hjá þeim litla. Annars á ég í fullu fangi með að skilja hann, því málið er mjög svo einkennilegt sem hann talar.

Ég fór í dag niður í Ísafold að rukka inn húsaleiguna og borgaði svo um leið bókina sem bú fékkst, eins og bú talaðir um, svo bú getur verið róleg með að hún er borguð. Ég leit inn í bókbandið um leið og er svo skrýtið að koma þangað þegar Jóna er þar ekki, það er bara sviplaust í mínum augum,³ ég var að spyrja hana Auði um saumakonuna sem saumaði fyrir ykkur Jónu. --

Ég ætla að fá mér sunnudagakjól með löngum ermum, ég vil ekki gera mikið að því að vera með stuttar ermar, vegna handleggisins á mér, ég er orðin svo góð, en finnst alltaf til í honum, þegar mér er kalt, jafnvel þótt mér sé bara kalt á höndunum dálitla stund, þá er strax eins og einhver stirðleiki komi í liðamótin.

Dídi⁴ hefur ákaflega mikið að gera, því Áslaug Borg⁵ er veik, afmynduð af tannpínu, svo hún hefur ekkert getað unnið, auminginn, tannpínan getur sannarlega tekið af gamanið.

Verðrið er alltaf hálfleiðinlegt, stormar og rigning og ósköp milt. Ég er búin að panta áburð í garðinn og eins voru mér gefnir laukar, sem ég setti niður, bæði hér og uppi í kirkjugarð, þó það sé lítið getur verið gaman að sjá þetta gægjast upp á vorin. --

Álfheiður Briem skrifar börnunum. Schleinitzstrasse 3. Berlín. 4.11.1937.

-- ég var svo slæm í höfðinu í gær. Kenni ég því um að ég fór að vitleysast í bíó með unga fólkinu. Þar gekk svo mikið á, að ég varð dauðuppgefin. Hef ég heitið því að gera það ekki oft. Í dag er ég aftur betri og ætla að ætla mér af.

Helga voru send *bílæti* á söng Karlaórs Reykjavíkur, sem von hve vera á í næstu viku, og hef ég hugsað mér að fara þangað, ef ég verð nokkurn vegin, ég skil varla að klappið verði svo mikið fyrir þeim, að ég ekki þoli það.

Jóna er nú byrjuð hjá gamalli *fraulein* að búa til pappírinn⁶ og gengur það, held ég, nokkuð vel. Hún kemur með það heim sem hún gerir og er það bara laglegt. -- En dýr er kennslan -- og langt að fara. Ég geng á morgnana meðan Helgi og Jóna eru burtu (Doris fer seint á fætur) og þykir mér það gott af gamalli konunni. -- Er mér þá vanalega heitt dálítinn tíma á eftir, hér er heldur sparaður hiti. Er ég hrædd um að þið þættuð ekki ofsælar af því; mér hitnaði aldrei í gær, en það er samt undantekning. Jóna hefur nægan hita þar sem hún vinnur og þykir mér vænt um það, maður verður svo óhollur ef manni er sífellt kalt og maður iðjulaus, eina og ég er.

-- Í kvöld kemur Kristján Albertsson og annar Íslendingur að borða. --

¹ *Tanta* = Guðrún Ísleifsdóttir (1876-1951) kona Sigurðar E. Briem (1860-1952) póstméristara, föðurbróður Friede, sem bjuggu í Tjarnargötu 20.

² Jón Helgi Hálfðánarson (1933), síðast útfararstjóri, bróðursonur Álfheiðar, prestsonur frá Mosfelli.

³ Jóna systir hennar, þá í Þýskalandi, var bókbindari.

⁴ Þórdís Briem (1904) systir hennar, vann í bókaverslun Eggerts P. Briem, Austurstræti 1.

⁵ Áslaug Borg (1909-77). Síðar ljósmyndari í Khöfn. Dóttir Stefaníu Guðmundsdóttur leikkonu og Borgþórs Jósefssonar bæjargjaldkera.

⁶ Pappír notaður á ystu spjöld á bóka. Jóna gaf mér ónotaða pappírinn sinn. Hafði ég hann á nokkar handbundnar bækur en helst sem grunnmynd á nokkur smárit sem ég gaf út, löngu eftir að hún var dáið og ég sjálfur á grafarbakkanum.

⁷ Tæplega sjötug.

7.11. Kristján (lector?!) og annar Íslendingur voru hér í gærkvöldi og höfðu prýðilega matarlyst -- Það hve ekki vera neitt vel sóttir fyrirlestrarnir hjá K. -- Annars er hann ógn almennilegur að tala við og allra nettasti maður, ekki ólíkur Flygenring sáluga föðurbróður sínum.

Helgi keyrði með okkur Jónu til Potsdam í dag og er þar margt fallett að sjá, meðal annars höll Prússakonungs, sem er sýnd fyrir peninga, og er það peningana virði að sjá hana. Hvílíkt skraut! -- Það er nú aldeilis ekki eins og nútíma byggingar, hurðirnar með logagylltum upphleyptum teikningum og fullt af málverkum, sem mér finnst ósköp lík eins og Eyfells tengdabróðir¹ hefði málað þau. Þau eru svo áferðarfallæg. Gólfín í herbergjunum voru hreinustu kúnstverk, sum innlögð, önnur loga-gljáandi parkett. Var okkur skipað að fara í einhvers konar *utanyfir-töflur* sem maður dró á eftir sér. Var það hlægilegt að sjá krakka og fullorðna karlmenn með sömu stærðir. Öll drögum við lappirnar og fægðum gólfín um leið. --

8.11. Í gærkvöldi gat ég ekki meira, en ætla að segja ykkur meira frá Potsdam, sem var meiri háttar blómasýning. Ég hef aldrei séð neitt því líkt, en fæst af því þekkti ég nöfn á, nema *caprifolium* og svo *chrysantemum*. Það var meiri prýðin, eins og meðal barnshöfuð á stærð - og litirnir, þeim get ég ekki lýst þó ég hefði heila til, en satt að segja sáum við ekki alla sýninguna, því ég var orðin steinuppgefín, höfuðið eins og klettur, svo við fórum heim. -- Ef ég mætti ráða myndi ég hætta öllu þessu umstangi. Aftur á móti eru þau Helgi svo skelfing áfjáð að ég haldi áfram og það sé ekki að marka fyrr en eftir 6 vikur. Guð hjálpi mér ef ég á að hafa sömu verkina og sama stirðleikann áfram í þrjár vikur, máski lengur. Þá veit hamingjan að ég vildi heldur hafa hann (*verkinn*) eins og hann var, þó oft væri hann erfiður mér. -- ég má ekki tapa voninni. --

Segir af ferðum Karlaórs Reykjavíkur sem er á leið til Berlínar og mun nú kominn til Danmerkur.

-- Helgi var að, þangað til hann fékk Reykjavík í *radíóinu* í gærkveldi. Ragnar Kvaran² hélt fyrirlestur á ensku; svo söng útvarpskórinn, og var það alveg ómögulegt að hlusta á, svo truflað; svo talaði einhver annar og síðan var sungið *Ó, guð vors lands*. Því miður var útsendingin afleit, en þó „*smakkaði það af fugli*“, eins og segir á vondri íslensku. Það er óskemmtilegt að þurfa að hlusta á þýskum tala ensku, en hugsa á Íslensku. Er engin furða þó manni sé illt í höfðinu. Í gærkveldi las Anna Borg upp í útvarpinu íslensk kvæði, en útlögð á dönsku. Ég varð hálf „*skúffuð*“ að heyra málróminn hennar; ég hélt hann væri svo fagur og svo fannst mér þessi indælu íslensku kvæði „*Ég bið að heilsa*“ eftir Jónas Hallgrímsson o.fl ekki taka sig út í dönskum búningi. Helgi segir að hún sé að sjá heima afar „*rippildisleg*“, en það á nú ekki að berast út, sist frá mér.

Kl. 6. Ég sagði læknum að ég væri hálf leið yfir að mér skyldi ekki fara neitt fram, frekar í hina áttina, og þótti honum það líka hálf leitt, en hélt samt að það myndi lagast aftur. Ég vil gjarnan líka vona slíkt hið sama. -- Hjartans kveðjur bið ég ykkur bera öllu mínu blessaða smáfólki og öðrum ættingjum, og tengdafólki þínu, Friede mín. Það er leiðinlegt að geta ekki montað sig af því hvað ég sé frísk ---

Jóna Einarsdóttir skrifar Þórdísi Briem. Berlín. 20.11.1937.

-- Ég þakka þér kærlega fyrir kortið. Þú varst að spyrja mig hvernig gengi með þýskuna; ég er að læra hana hjá Doris, hún hefur verið á Berlitz skólanum og notar Berlitz bókina. Það er sú sama og ég lærði heima, ég les og skrifa hana á hverjum degi, en ef ég á að fara að tala hana, þá stendur allt fast. Ég er líka að læra að búa til pappír á bækur. Það er reglulega spennandi. Það er eldri kona sem ég læri hjá. Ég byrjaði 2. nóvember og verð til 1. desember. Ég er frá kl. 9½- 12½ en er ekki á laugardögum. Konan getur ekki haft mig þá. Það kosta kr. 40 á viku að læra hjá henni. Það er ansi mikið, en maður getur ekki fengið allt fyrir ekki neitt. Þar verð ég að tala mína bestu þýsku, þú getur ímyndað þér hvernig samtalið er, en það er bara gott fyrir mig.

Við erum búnir að hlusta á Karlaór Reykjavíkur og var reglulega gaman að hlusta á hann, fólkið var voða hrifið, það lét eins og það væri vitlaust, það klappaði og stappaði niður fótunum, og vildi bara ekki fara, og einn maður stóð upp og bað þá um að syngja „hinn yndislega fallega íslenska þjóðsöng“. Þú getur séð að hann hefur verið Íslandsvinur.

Sunnudaginn 14.11. fórum við og sáum óperettu sem hét *Hoffball in Schönbrunn*. Mikið var ég hrifin að sjá og heyra senurnar og dansana, sönginn og búningana. Það var allt eins og draumur, ég veit ég gleymi því aldrei. Þrátt fyrir allt þetta sem ég sé og heyri, þá langar mig alltaf heim.

¹ Eyjólfur Eyfells listmálari átti Ingibjörgu Einarsdóttur (1895-1977) dóttur Jóhönnu Briem prestfrú í Reykholti yngstu systur Páls Briem. Tengdabróðir var háðsyrði, sem Álfheiður notaði gjarnan, án þess að það sé nánar skýrt.

² Ragnar Kvaran var prestur í Ameríku. Tók við af Eggert P. Briem er hann hætti hjá ferðaskrifstofunni. Dó árið 1939.

Við mamma vorum að vona að við gætum komið heim fyrir jól, en það getur nú ekki orðið úr því lækinn segir að hún megi til með að reyna lengur, það sé ekki að marka strax, þó hún finni ekki bata. Mamma er mikið betri núna heldur en þegar hún kom. Hún stynur hérumbil aldrei og hún vill bara ekki kannast við það, það er það versta, hún *innbillir*¹ sér að þetta batni ekki og það sé ekkert gagn í því sem lækinn er að gera. Það er náttúrulega ekki gott, en þú veist hvernig mamma er þegar hún fær eitthvað í sig.

Við spilum *vist* ansi oft, og mömmu finnst alltaf hún hafa vond spil, en þó græðir hún og ef einhver segir *nóló* þá getur hún aldrei spilað hana. Við getum ekki annað en hlegið að þessu.

Ég bið að heilsa öllum. Vertu sæl Dídí mín, ég vona að þú skemmtir þér vel meðan við erum í burtu. --
Skrifaðu mér ef þú mátt vera að. Ég bið að heilsa Áslaugu og Fjólu. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Rvík, 11.11. 1937.²

-- Strákarnir litlu voru boðnir að drekka miðdegiskaffið hjá Þórdísi (*Briem*) og fóru fyrir mig niður á pósthús með blöðin; þeir rifust um að bera böggulinn, fannst þetta svo mikil trúnaðarstaða; Eggert lét undan eins og oft vill verða, og Palli hlaut heiðurinn. Ég hætti hér og verða að fara að vinna --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Rvík, 14.11.1937.

-- Nú er sunnudagskvöld -- þetta er nú bara til að láta þig fá fréttir af okkur og eru þær allar góðar. --

Sigríður gamla Skarphéðinsdóttir³ kom hérna í eftirmiðdag, aumingja gamla konan, hún er alveg eins og strá, alltaf minni og minni, en gæðin og þakklætið er alltaf það sama. Hún kom hérna til að fréttast af þér og átti ég að skila miklum og góðum kveðjum til þín; hún viknar alltaf þegar hún minnst þín, svo þykir henni vænt um þig. Hólmfríður dóttir hennar er nú komin í vist hálfan daginn, svo hún er burtu þangað til kl. 4-5 á daginn og er aumingja Sigríður að matreiða ofan í sig sjálfa, því ekki vill hún verða ördum til byrði, eins og bú veist, en mér finnst hún nú ekki vera til vinnu, því þegar hún kom hér stöð hún á öndinni, svo mikil voru andþrenglsin. Hún fór í kirkju í morgun kl. 11 og svo langaði hana að hlusta á barnaguðsþjónustu kl. 2, en treysti sé ekki til að fara heim í millitíð, svo hún sat í kirkjunni og beið og þegar barnaguðsþjónustan var búin, þá var farið að jarða einhverja stúlku sem hafði óskað að vera jörðuð á sunnudegi, og þar var hún líka við, kom svo hingað en fór aftur í kirkjuna kl. 5. Það er lærdómsríkt að tala við þessa gömlu mannseku, þar er ekki vanþakklætið eða beiskjan, þó manni finnst nú ekki björtustu hliðarnar hafa snúið að henni; það væri gott ef maður gæti lært af henni, en það er nú ekki svo vel, nema ef það væri rétt í svip.

Ég hef ekki hitt Kristínu⁴ mágkonu mína, nema augnablik síðan hún kom, en mig langaði til að fréttast af þeim, svo við Dídí fórum í göngutúr og litum þar inn um leið. Kristínu líður miklu betur í nefinu, er stöðugt að ganga í ljós, því þetta er svo gamalt. Annars var nú hálf óvistlegt þar, sérstaklega þegar maður ber saman heimilið þeirra fyrir norðan, en það er líka svo lítið í herbergjunum, eins og þú getur nærri, þegar allt verður að fá nýtt, er auðvitað ekki keypt nema það allra nauðsynlegasta. Það er sama atvinnuleysið hjá Páli, en ef til vill rætist úr því, eitthvað hefur hann verið að reyna að útvega sér.⁵ --

Dídí hefur afskaplega mikið að gera, því þau eru svo faliðar, það eru nú takmörk fyrir hvað má hlaða á fólk, en þarna virðast þau ekki vera. Áslaug Borg var veik um daginn og þá var það nú alveg hræðilegt. Fjóla⁶ er

¹ Gerir sér í hugarlund.

² Skrifað á 69 ára afmæli Á.B.

³ Sigríði þekkti ég. Minnst að þær hafi búið, Hólmfríður og hún, í Uppsalakjallaranum, ásamt skósmíðaverkstæði, sem þar var. Ég var sendur þangað með gjafir, m.a. á hátíðum. Hólmfríður dóttir hennar bjó seinna í Gröndalshúsi á Vesturgötu 16B? og var í einhverjum tengslum við Nielsensfólkið á Eyrabakka. Ég fylgdi ömmu þangað á fjölskylduhátíðum og var þar í góðum boðum auk þess sem Hólmfríður kom til okkar. Hún var reisnarkona, mikil stuðningskona borgaryfirvalda, fór til Ameríku í heimsókn til frænda sinna, en þótti ekki mikið til koma. Þeir borðuðu mikið *keiks* sem hún gat ekki séð að væru annað en venjulega kökur. Ég hef misst tengsl við þetta ágæta fólk. En ég bæti því við að það var furða hve mamma gat tekið á móti alls konar fólki sem leit inn í heimsókn. Hún hafði mikið að gera og gekk vinnutíminn út á nóttina; líka hjá okkur hinum, sem þurftum að raða, hefta eða lesa saman, hvenær sem var. Helgidagar voru ekki alltaf hátíðisdagar! Einhvern veginn finnst mér að ég hafi verið viljugri til verka en Palli.

⁴ Kristín Björnsdóttir Briem (1889-1961) frá Hofstöðum í Viðvíkursveit í Skagafirði. Húsfreyja á Sauðárkróki, kona Kristins P. Briem, elsta barns Páls Briem.

⁵ Páll Kristinsson Briem (1912-2000) seinast útíbússtjóri Búnaðarbanka Íslands í Mosfellsbæ.

⁶ Fjóla Haraldsdóttir (1913-2004). Seinast deildarstj. heilbrigðisráðuneyti. Átti þekktan menningarmann, Guðmund Sigurðsson og áttu þau ágæt börn, m.a. Óttar Guðmundsson lækni, sérfræðing á fjölmörgum sviðum.

að leita sér að atvinnu annars staðar, því hún þolir þetta alls ekki, því hún er dálítið veik.¹ Dídí er alveg hætt að koma heim í miðdagskaffi, drekkur það niður frá á hlaupum. Hún viður mig um að skila kveðjum frá sér, í gærkveldi var hún boðin til auðar Jónasdóttur, þær systurnar virðast hafa ósköp gaman af að hitta Dídí.² Auður býr mjög vistlega á Öldugötu 9, hefur eitt stórt herbergi og aðgang að eldhúsi; það er í húsinu hans Kristjáns Sveinssonar augnlæknis. Húsið er einkennilegt að í því búa 25 manns, ekkert barn og engin vinnustúlka.

Í morgun, milli 8 og 9, datt bjálkinn, sem hefur verið ómissandi á Tjarnargötuhúsinum³ niður og var það hin mesta mildi að enginn skyldi verða fyrir honum, hann var svo fúinn að hann brotnaði í miðjunni; það var mikill hávaði og tal í Brunshjónunum,⁴ býst ég við að það hafi heyrst orðaskil út til biskups.⁵ Annars var það hin mesta mildi að svona vel vildi að börnin voru ekki að leika sér í garðinum þegar þetta skeði. --



Páll Líndal⁶ skrifar Álfheiði Briem til Berlínar. Rvík, 15.11.1937.

Elsku amma mín! Ég þakka þér kærlega fyrir kortið sem ég fékk frá þér. Kortin sem þú sendir krökkunum hafa verið mjög í hávegum höfð, er víst næstum því búið að skoða þau upp til agna. En nú ætlað ég að segja þér hrapaleg tíðindi, ég var búinn að skrifa bréf til þín, en viti menn, bréfið týndist og er ekki enn þá búið að finna það. Verð ég því að hafa þetta bréf miklu eða talsvert styttra. Skólinn heldur áfram af fullum krafti, og ég reyni að læra eftir megni.

Íslensku kennir Björn Guðfinnsson cand. mag.⁷ Er hann lang verstur viðureignar af öllum kennurunum, þarf að læra málfræðina, sem hann hefur grautað saman alveg spjaldanna á milli, eru allir í bekknum, ef ekki í skólanum, dauðhræddir við hann. Þegar hann kemur inn er hann ekki sem frýnilegastur útlits, fellur flestum þá allur ketill í eld, nema einstaka málfræðispekingum, svo sem syni Guðmundar Finnbogasonar.⁸

Dönsku kennir Einar Magnússon,⁹ eru dönskutímarnir ekki neitt sérstaklega tilhlökkunarverðir. Kennir hann (einnig) sögu og landafræði, eru báðir þeir tímar ágætir, sérstaklega sögutímarnir. Ensku kennir Bogi Ólafsson,¹⁰ er hægt að hlæja dátt að því sem hann segir í tímunum. Einu sinni komu tveir með sömu framburðarvitleysuna í enskunni. Þá sagði hann: *Mér er nær að halda að þið lesið saman.* Gengur enskan hjá mér allsæmilega. Ath.: Ég hef aldrei litið fyrir í enska bók.

¹ Ekki heilbrigð.

² Auður og Gerður Jónasdætur Jónssonar frá Hríflu. Auður átti Steinþór Sigurðsson háskólakennara og jarðfræðing. Gerður átti Eggert Steinþórsson lækni. Þetta var sérstakt vinafólk Helga bróður Friede.

³ Þverbíti á stafni og kvistum.

⁴ Bruun var sendiráðsritari og bjó í nr. 22 ásamt fjölskyldu sinni.

⁵ Jóns Helgasonar í nr. 26.

⁶ Páll Jakob Líndal (1924-92) borgarlögmaður, ráðuneytisstjóri og rithöfundur var kominn í fyrsta bekk Menntaskólans.

⁷ Björn Guðfinnsson (1905-50) upphafsmaður harðsvíraðrar málfræðisstefnu sem gerði kynslóð gagnfræðaskólalæra erfitt með að elska móðurmálið.

⁸ Finnbogi Guðmundsson, síðast landsbókavörður.

⁹ Einar Magnússon (1900-86), bekkjarbróðir Friede í barnaskóla og Ásgeirs í M.R. Kennari minn og síðast rektor.

¹⁰ Bogi Ólafsson (1879-1957) hörkukennari, mikill þýðandi, hlutdrægur og/en frændrækinn. Illa þokkaður meðal sumra bekkjarsystkina minna. Yndislegur maður heim að sækja í Tjarnargötu. Kenndi mér aldrei. En ég var í vanda staddur við *dimissjón* er nemendurnir kvöddu skólann og hluti þeirra vildi sýna andúð, með því að standa ekki "hans" megin Skothúsvegar, á horninu og Tjarnargötu og Skothúsvegar. Ég lét lítið fyrir mér fara, aftast í hópnum, og skammaðist mín - og geri enn. En reynsla sumra menda hans mun ekki hafa verið ekki góð, nema þeirra sem voru úr sjómanna/Allianse-fylkingunni.

Dýrafræði kennir Jóhannes Áskelsson.¹ Er hann ágætur og tímar hans mjög skemmtilegir. Grasafræði kennir Pálmi² rektor og þingmaður. Hefur hann verið veikur í sex tíma af átta sem við höfum átt að hafa og er grasafræðikunnáttu okkar stórlega ábótavant.

Stærðfræði kennir Steinþór Sigurðsson³ magister. Eru það fremur skemmtilegir tímar. Teikningu kennir Finnur Jónsson⁴ listmálari. Eru þeir tímar skemmtilegir, en eitt setur skugga á skemmtunina, það er það að Finnur er svo andfúll að ómögulegt er að vera nálægt honum.

Umsjónarmaður er í bekknum Narfi Þorsteinsson⁵ Þorsteinssonar hagstofustjóra. Ég sit hjá Jóhannesi Nordal.⁶ Hefst skólinn kl. 8½ á hverjum degi, er tíminn 45 mínútur og frímínútur 5 mínútur. Er ég kominn heim um klukkan 12. Klukkan 1 byrjar hann aftur og stendur yfir til 2.40. Er nú ekki hægt að segja meira um skólann

Hér heima⁷ er búið að *innrétta* strauherbergi og háaloftið. Eru krakkarnir uppi á háaloftinu, ólmast þau uppi á loftinu svo Þorbjörg segir að það sé tæplega vært í herberginu sínu.

Heima skeður lítið, krakkarnir fara í skólann og lita í skrifbókina og lesa *Gagn og gaman*. Bergljót⁸ þykist ganga í *Asíuskólann* sinn. Aðal kunningi Bergljótar í þessum *skóla* er drengur *Daji* að nafni.

Núna um þessar mundir leikur Leikfélagið *Porlák preytta*, er það alveg sprenglæglegt leikrit. Hef ég séð það tvisvar. Mamma er sískrifandi til þín, svo ég býst við að hún hafi sagt frá öllu markverður og hef ég víst litlu við að bæta. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem, Rvík. 24.11.1937.

-- Ég ætlaði strax í morgun að skrifa þér -- en það hefur ekki orðið fyrr en nú -- því ég hef verið að fjölrita starfsskrá Framsóknarflokksins og fleira og á öllu lá mikið, eins og þú þekkir; bú fyrirgefur þótt ég noti ritvélinu, því þá er ég fljótari og get skrifað meira.

Ræðir lítinn árangur af lækni meðferð Álfheiðar) -- annars eru bréfin þín alltaf svo skemmtileg og fróðleg að við köstum okkur yfir þau --

Páll Þórir er hérna inni hjá mér og er að skrifa Jónu kort með penna og bleki og er hann stöðugt að trufla mig og segja mér að ég hafi skrifað villur, t.d. hafi ég skrifað rúm með litlum staf, en svo þörf *mubla* finnst honum endilega eiga að vera með stórum staf. Strákarnir hafa báðir legið í rúminu í kvæfi, ég þori aldrei annað en að fara varlega með Pál, en fjörið virðist vera vel útilátið, svo ég býst við að það sé heilsumerki, því það er hans rétta eðli, stöðugt syngjandi, galandi og hlaupandi --

Það er alltaf verið að tala við mig. Olga á frí, en Eggert Ólafur á að vera að æfa sig, en gengur það nú bara rétt í meðallagi og er það svo löngum með heimakennslu, að hún er látin mæta afgangi, ef ég hef mikið að gera þá læt ég skinnið alltaf bara bíða. Annars hef ég 10 börn að kenna og er það skrytið hvað alltaf hrúgast á mig sömu nöfnin, ég hef tvær stelpur sem heita Jakobína⁹ og dreng sem heitir Eggert, fyrir utan minn eigin Eggert. --

Kristín mágkona mín, Elín Tómasdóttir og systir.¹⁰ Við spilum og spjöllum og lá vel á öllum. Það á illa við Kristínu að búa með svona mörgu fólki, ekki síst af því hvað það gengur sóðalega um, og er það sérstaklega mikill sóðaskapur sem fylgir Sigurðar Einarssonar fjölskyldunni, því konan hans er víst langt frá því að vera myndarleg húsmóðir þó hún sitji í barnaverndarnefnd.¹¹ Það er eins og sumir sé lagnir að

¹ Jóhannes Áskelsson (1902-61), jarðfræðingur og fjölfróður.

² Pálmi Hannesson, jarðfræðingur. Hart deilt er hann var skipaður rektor, hallur þá undir Framsókn. Strangur ágætismaður, vinur Ásgeirs Guðm.

³ Steinþór Sigurðsson (1904-47), náttúrufræðingur sem fórst í Heklugosinu.

⁴ Finnur Jónsson (1902-93) listmálari.

⁵ Narfi Þorsteinsson (1922-89) nágranni Páls, tæknifræðingur.

⁶ Jóhannes Sigurðsson Nordal (1924) hagfræðingur og seðlabankastjóri.

⁷ Þau bjuggu á Bergstaðastræti 76.

⁸ Bergljót Línal (1934) hjúkrunarforstjóri.

⁹ Önnur er Jakobína Þórðardóttir, síðar bekkjarsystir E.Á í MR og starfsmaður R.K.Í., mikill tónlistaráhugakona. Eggert Brekkan varð bekkjarbróðir hinna tveggja og læknir, síðast í Uppsala.

¹⁰ Kristín er áður nefnd. Elín Tómasdóttir var kennslukona, æskuvinkona Álfheiðar, Systir er móðursystir Friede, Sigríður Helgadóttir áður prestkona í Odda.

¹¹ Sigurður Einarsson, dósent, fréttamaður og skáld. Þau munu hafa búið á Leifsgötu.

setja út á hjá öðrum heldur en standa í stöðu sinni sjálfir; kannski hún læri það þegar hún er orðin dósents eða prófessorsfrú. Ég yrði ekki hissa þó Sigurður yrði skipaður prófessor í vor úr því honum var troðið svona inn í háskólann. Það er ekki mikið *stolt* að geta tekið við stöðu sem enginn vill fá hann í, hér er ekki um annað meira talað en þessa veitingu. Það er dálítið fyndin grein sem Jónas Jónsson¹ skrifar í Nýja dagblaðið, um vopnið sem jafnaðarmenn beita, nfnl. að gera verkfall, og snýst það nú í þeirra hendi og þá nefna jafnaðarmennirnir það *fasistískt ofbeldi*, J.J. finnst nú ekki þurfi að fara alla leið til Ítalíu til að læra það, því hægt sé að læra það hér á hafnarbakkanum. Annars er þetta mjög einkennileg veiting, þessi dósentsembættisveiting, því enginn virðist mæla henni bót; daginn eftir að fréttin kom í Alþýðublaðinu var nærri vakið upp hjá Kristínu mágkonu, var það þá erindið að fá lánað Morgunblaðið frá Sig. Ein. -- svona var hann spenntur og hefur líklega grunað að hann fengi eitthvert orð í eyra, en ekki kaupa þau Morgunblaðið, kannski það eigi að vera lítilsvirðing að þykjast ekki vilja *blaðsnepilinn!* --

Álfheiður Briem skrifar börnunum sínum. Berlín. 27.11.1937.

-- Helgi fór til Vín og finnst mér vanta þó nokkuð á heimilið. Hann bjóst við að verða viku í burtu. -- Doris fór með mér til augnlækis, því hann er svo langt. Þegar dimmt er orðið rata ég ekkert. Læknirinn skoðaði afskaplega vandlega augun, hellti í þau einu og öðru og endaði með *belladonna* sem gerði mann svo glaseygan að Doris þekkti mig varla.² -- síðar á ég að koma kl. 8 um morguninn með bundið fyrir augað. Verður bæði skemmtilegt og lærdómsríkt að fara að heiman kl. sjö, en mér gerir það lítið, því handleggurinn sér um að ég sef ekki mjög fast. --

Fórum á sunnudag dálítið út að hreyfa okkur og nú höfum við setið, hvert með sína bók. -- Hér er indælis veður, (en svo hræðilega leiðinlegt). Hún verður ekki strax búin vikan sem Helgi verður í burtu. Inni í Berlín er farið að skeyta fyrir jólin og finnst mér það nokkuð snemmt. --

Við Jóna fórum ofan í bæ og versluðum fyrir 4 mörk. Fyrir þau fengum við ótrúlega mikið -- maður verður ágjarn að sjá svo margt fallegt -- sérstakleg handa smáfólkinu --

Ekkert hefur borið við, öðru meira í dag. Doris fór í bíó með enskri kellingu og við Jóna höfumorrað, hvor á sínum stól. -- Frúrnar byrja kl. 3 á daginn á „bridgeinu“. Doris fer á morgun í eitt partíð, fyrir fjórum dögum var hún í öðru, það á býsna vel við hana svona líf, en hamingja hjálpi mér -- Er rétt að brúka ævina svona? ég veit ekki, efa það stórlega. Á mig hefur iðjuleysið lamandi áhrif og lengir daginn um helming. --

Ræðir mikið heilsu sína sem sé skárri en lýst ekki á augnlækni sem hún var send til og sem vildi tengja verkinn í handleggnum og sjón hennar.

Helgi er kominn til borgarinnar úr ferðinni til Vínarborgar með Runólfi Sigurðssyni³ og ætlar hún að senda marsipankonfekt með honum til barnanna. Var Helgi mjög þreyttur eftir ferðina en fékk þá strax hringingu frá ríkisstjórn um að fara í erindum hennar til Spánar.

-- Helgi er mjög lítið fyrir að gegna þessari rellu úr Haraldi⁴ og sagðist muna bjóða honum að fara þetta strax upp út nýárinu. -- mér finnst það nú satt að segja að Helgi geti, án nokkurs samviskubits sagt Haraldi, að svona ferð sé nú ekki bara eins og að fara „*suður með sjó*“. Það lítur ekki út fyrir að hann finni það þar sem hann situr á ráðherrastól og gefur sína skipanir.

-- ég get nú ekki verið að skipta um lækni héðan af. Býst ekki við að það dygði neitt --

Helgi situr og skrifar skýrslur. Doris er í krossgátunum, Jóna er að skrifa, dauðþögn yfir öll selskabinu. --

4.12.1937. -- Helgi ætlar endilega að skrifa, en sem stendur situr hann sveittur (þó ekki sé nú af miklum hita að grobba, í skýrslugjörð. -- verið öll blessuð --

¹ Frá Hriflu.

² Belladonna varð þekkt „augnlyf“ notað m.a. í fegrunarskyni. Droparnir höfðu þau áhrif að ljósopin stækkuðu, urðu dökk og tindrandi, sem talið var til fegrunar fyrir konur (og líka karla sem voru orðnir sljóeygðir af drykkju). Kemur þetta lyf til tals síðar í bréfasafninu.

³ Runólfur Sigurðsson skrifstofustjóri Fiskimálanefndar. Fórst með *Reykjaborg* 1941 á leið til Englands 1941.

⁴ Haraldi Guðmundssyni ráðherra.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem, Rvík. 2.12.1937.

--Strákarnir hlakka heldur til að þú komir heim, eins og við gerum öll, en Páll Þórir heldur að hanna hafi breyst og stækkað svo mikið þennan tíma, hann býst jafnvel að þú munir tæplega þekkja sig, því hann ætlar líka að vera orðinn svo kurteis að hann verði svona hér um bil óaðfinnanlegur --

Ég hef nóg að gera, en hef sjaldan þurft að vinna á kvöldin eða sunnudögum, það er nú ágætt, því mér finnst ég ekki vera eins úthaldsgóð eins og ég var í fyrra. --

Við vorum í afmælisboði hjá Annie¹, var Palli² í bænum og fannst mér hann hafa hálfgerðar áhyggjur af forretningunni, það er ekki gaman að eiga að standast samkeppni við gamalt og gott útlenskt firma og við orðin talsvert hvekt á þessari íslenski framleiðslu -- Það liggur við að mér finnst það góðs viti að Palli hefur áhyggjur, því mér finnst nærri ef það væri öfugt, að það væri barnalegt, því það hlýtur að vera erfitt að vinna svona fyrirtæki upp.

Ekki er enn útkljáð deilan um dósentsembættið, en þeir kenna báðir Sigurður Einarsson og Björn Magnússon, en Sig. E. biður hvergi fyrirgefningar á sér þó hann sé ekki alltof velkominn í stöðuna, því sama daginn sem hann var skipaður í embættið, bað hann Sivertsen að lána sér bækurnar sem hann hafði notað; hefur líklega dottið í hug að gott væri að nota bækur sem er búið að skrifa ýmislegt við, til stuðnings. S. er ekki feiminn, það ætlar líklega að vera hans sterkasta stoð. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem, Rvík, 12.12.1937.

-- Dídí var að vinna í alla nótt við gluggaústillingar; það segi ég satt að ég vildi að þetta yrðu seinustu jólin sem hún þyrfti að vinna fyrir þennan mann. Skil ég varla að hún geti ekki fengið einhverja betri atvinnu, mér finnst sérstaklega um jólin það vera slæmt, þessar vikur og þetta púl. Nú eru þær þar að auki illa settar af því að stúlkan er alveg ókunnug, sem kom í staðinn fyrir Fjólu og það tefur fyrir Áslaugu og Dídí.³

Palli Helgason kom hér í gærkvöldi, nú eru þessi íslensku rafmagnsáhöld farin að seljast talsvert, svo hann var vongóður um að þetta myndi nú ganga; annars finnst mér hreinasta furða þ nokkur skuli treysta honum, því mér finnst ég sjaldan hafa talað við jafn heimskan mann, en sjálfstraustið vantar ekki, það verður kannski gott veganesti og vonandi finnst það öllum sem hann kynnist.⁴ --

Segir af barnaboðum strákanna, því þetta er og var mikill afmælistánuður Línaldsfólksins.

Maðurinn sem býr hér er bóndi úr Vatnsdalnum, ljómandi skemmtilegur maður, 45 ára, á konu og þrjár dætur.⁵ -- Hann hefur verið í læri hjá Dungal⁶ og vinnur eitthvað hér á rannsóknarstofunni og er þetta um leið lystitúr fyrir hann, því hann hefur ekki talað um annað en mæðuveiki nú síðustu mánuðina og veitir því ekki af hvíld frá því efni eins og skiljanlegt er. Annars höfum við verið ákaflega heppnar með leigjendur þennan tíma og verð ég að segja að það er töluverður munur að lenda á þessu fyrirmyndarfólki, manni líður bara vel að hafa það í húsinu og miklu skemmtilegra heldur en ef herbergin stæðu tóm. --

Nú er Elín föðursystir⁷ búin að fá hvíldina og á að jarða hana á þriðjudaginn; hún hafði verið ósköp lengi lasin, en var ekkert verri núna; hún dó í svefni --

Tengdamamma⁸ er bara hress, en hefur ekkert komið í bæinn lengi; þau systkinin voru að biðja mig að reyna að narra⁹ hana inneftir, því hún hefur svo gott af að lyfta sér upp, en það er svo mikil glerhálka á götunum, að ég þori ekki að reyna það sem stendur. --

Álfheiður kom heim eftir áramótin. Um vorið fór Friede til Hafnar til að kynna sér nýja fjölrítunartækni.¹⁰

¹ Annie Helgason, dóttir Jón biskups.

² Páll Helgason bróðir Annie, tæknifræðingur hjá raftækjaverksmiðjunni RAFHA í Hafnarfirði.

³ Eggert Briem bróðir hennar hafði selt verslunina vegna þess að hann treysti sér ekki til að reka hana í því haftaumhverfi sem þá var komið á. Kaupandinn var Finnur Einarsson og búðin hét nú Mímir.

⁴ Páll biskupsson var vel giftur, Inger, danskri konu og áttu þau ágæt börn. Hann vann í Rafha allan sinn feril.

⁵ Ágúst B. Jónsson (1892-1987) á Hofi í Vatnsdal, minnisstæður, hlýr og skemmtilegur. Átti eftir að hitta nokkrum sinnum í ferðum um landið. Hann var eftirlitsmaður með sauðfjárveikivörnum.

⁶ Niels Dungal (1897-1965) læknaprófessor.

⁷ Elín Briem (1856-1937) lengst skólasjóri.

⁸ Kristín Ólafsdóttir (1860-1945) bóndi og húsfreyja í Nesi v. Seltjörnum.

⁹ Fá hana með blekkingum til -

¹⁰ Sennilega notaði hún ferðina, eins og fleiri til að fá sér gervitennur hjá fremstu sérfræðingum í Höfn.



Friede Briem í Khöfn.

Friede hóf rekstur fjölrítunarstofu, vélritunar- og píanókennslu allt til áttæðs eftir að hún varð ekkja.

Eggert P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Reykjavík. 6.12.1937.

Ræðir sérstaklega heilsu hennar og sjúkleikann í handleggnum sem ekki vill batna. Segir að hann hafi ekki getað sagt frá stöðubreytingu sinn var sú að hún fór af landi brott áður en hún var ákveðin.

Segir frá dauðsföllum mörgum, sérstaklega að Elín Briem hafi dáið í fyrradag. Einnig af veikindum margra.

Álfheiður Briem skrifar fjölskyldunni. Berlín. 16.12.1937.

-- ég er orðin svo þreytt á öllum þessum tilraunum með mig að ég legg ekki í meira. Nú er bara hugsunin um að komast heim með skipinu 5. jan. Og sjá svo til hvort margþreyður bati kemur þá ekki. Frúin kemur nú einu sinni í viku af því að ég bað hana um að hvíla mig á þessu. -- hér er snjór sem stendur og jólalegt, en verst að það skuli ekki geta sett mann í jólaskap. Við Jóna reynum að látast vera í því, hvernig sem okkur tekst það.

Fyrir nokkru vildi Helgi drífa okkur að sjá (og heyra) Carmen; var það afar mikilfenglegt og að flestu leyti fallett að sjá, en endirinn var átakanlegur. Ég var líka „átakanlega“ þreytt eftir, en það var ekkert að marka, ég þoli svo lítið hávaða og glumrugang, þó mér þyki gaman að sjá hitt og annað í leikhúsi. Þetta er það eina sem ég hef upplifað þessa síðustu tíð. Svo hef ég farið í búðir með Helga að sjá jólasýningar, en það er þá eins, þar þoli ég heldur varla að vera, því fólkið er svo margt og glansinn svo mikill.

Það er undarlegt að sjá þau ógrynni af öllu mögulegu óþarfa dóti, en fólkið fær ekki nema ½ ? af smjöri á viku til heimilisnota, og egg sjást eigi fremur en gullið glóandi. Doris fær þau eins og flest annað frá Höfn og er svo að gefa vinkonum sínum 2-4 egg í jólabakkelsi, þýska bakkelsið er þá líka þareftir, verri ómat get ég ekki hugsað mér. Við drukkum *the* uppi í einni búð sem við komum í, og þar voru lélegar trakteringarm en rándýrt.

Doris var við *bridge-spil* heima. --

Ég er nú komin með ný gleraugu og finnst mér ég ekki sjá vitund betur með þeim en mínum gömlu. Er það leitt því „*gildið*“ kostaði kr. 70.00. --

Ekki fer Helgi með okkur heim, eins og Jónas hefur dreymt um. Hann þarf fyrst að fara til Bilbaó, eða eitthvað þangað suður, ef til kemur, hann veit ekki neitt óðar en líður. --

Segir frá viðgerðum á húsgögnunum sem skemmdust í flutningi.

-- Svo á að láta *rafvél* í eldhúsið o.fl. --

Gott var að Elín (*Briem*) mágkona þurfti ekki lengur að líða, mikið hefur hennar sjúkdómur fljótt ágerst. --

Sigríður Skúlad. Briem skrifar Álfheiði Briem. Reykjavík. 18.12.1937.

Segir frá fimm ára afmæli Steinunnar dóttur hennar og Eggerts. Ég má til með að taka þetta með, því þarna var ég nú ára gamall og man þetta afmæli eins og það hefði verið í gær. Þau bjuggu þá á Fjölnisvegi 10.

-- Við vorum að óska þess að þú værir komin, þótt ekki væri nema til að líta yfir hópinn meðan hann var að drekka. Ég veit að þú hefur notið þess. Hópurinn var svo indæll og prúður. Þegar búíð var að drekka fóru

allir að leika sér og kl. 5 kom Vigfús Sigurgeirsson¹ og Sigurður Tómasson² úrsmiður og sýndu okkur kvikmyndir. Vigfús sýndi parta af því sem hann hefur sjálfur tekið, m.a. menn með rekstra, bæði hesta og sauðafénað og þótt myndin væri hvorki með tón eða texta, skorti ekkert á gelt, jarm eða hnegg.

Sigurður sýndi eldgamla Chaplin barnamynd. Hún þótti afarskemmtileg, einkum þegar hann sýndi hluta af henni afturábak og fólkið gekk afturábak niður stiga o.s.frv. --

Fríða frá Herru³ hringdi til mín á dögunum og bað mig um að skila innilegri kveðju til þín frá sér, næst þegar ég skrifaði. Ég get bara ekki gert það eins vel og hún bað mig um, svo mörg voru þau orði, en þau komu áreiðanlega beint frá hjartanu.

¹ Vigfús Sigurgeirsson (1900-84) okkar helsti ljósmyndari.

² Sigurður Tómasson (1993-1980) úrsmiður og kvikmyndagerðarmaður.

³ Fríða Helgadóttir frá Herriðarhóli, frænka okkar margra og heimilisvinur.

1938

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Khöfn, 14.5.1938.

-- Þá er ég komin hingað og eins og bú sérð, í góðum höndum þar sem *indremissionen*¹ er, sálmaþók og biblían á borðinu, ekki held ég það skemmi. Við höfðum ágæta ferð með Drottningunni og þegar hingað er komið er verðrið yndislegt, það hefur nú alltaf betri áhrif á mína skapsmuni. Það leið vel heima, þegar ég fór, gerir það óskandi líka núna. -- Mér fannst hálferfitt að taka mig upp að heiman, en þegar maður er kominn af stað gengur það betur. -- Ó. ég hlakka svo til að heimsækja ykkur --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Khöfn, 15.5.1938.

-- Þá er ég komin hingað eftir góða ferða á sjónum; ég var dálítið sjóveik til Færeyja, en ágæt úr því. Þegar ég kom hingað fór é strax að tala við Zeuthen & Aagaard og leist mér vel á mig þar. -- á morgun tek ég til óspilltra málanna og vona bara að mér gangi þetta vel, því annars væri þetta ferðalag til lítil.

Hér er sól og sumar, hitinn er í dag 25° C. og létt yfir fólki. eins og oft þegar fyrsta sumarblíðan kemur.

Ég var í Tivoli í gærkvöld með tveim þýskum doktorum, Mixa² og Betz. Sá síðarnefndi bjó hjá Steinunni og Gústav, við heyrðum konsert og röltum um, og svo fór dr. Mixa með næturlestinni til Vín. Hann er alveg ágætur náungi, fjörugur og fyndinn. Það var alveg eins á járnbrautarstöðinni og Rosalía lýsir. Þar var ekki einn einasti *dragari*,³ heldur varð fólkið að draslast með töskurnar, mäsandi og blásandi. --

Þá er ég búin að vera að teikna frá eitt til fimm; ég er mjög spennt fyrir þessu og finnst það skemmtilegt. Þetta er firma sem hefur 50-60 manns í vinnu og er það aðallega Sví og svo útlærður teiknari, ung stúlka, sem taka mig að sér og segja að ég geti orðið bara góð, en það kostar talsverða æfingu og vona ég að fá hana, fyrst hér og svo heima, en þá fyrir borgun! --

Ég fór í Tivoli í gærkvöldi með Rögnu⁴ eins og ég ætlaði og mikið fannst mér það gaman; því hún var svo hrifin af öllu að það lá við að mér fyndist ég vera orðin ung í annað sinn; og verð að segja að hún kunni að meta skemmtanirnar þar, ljósadýrðina, blómin, og að síðustu, flugeldana. Aumingja stelpan; ég vildi að henni vegnaði vel, hún er svo ung að leggja út í heiminn; er hún dálítið kvíðin, eins og ég skil vel.

Nú rétt í þessu var síminn til mín, og það var Helgi. Hann býst við að allt sé upp í loft með sumarfrí fyrir sig, því nú vill stjórnin senda hann til Norður-Spánnar og jafnvel láta hann setjast þar að. Hann vill því að ég komi strax til Berlínar og veit ég ekki hvað ég geri; fyrst af öllu verð ég að tala við *Zeuthen og Aagaard*; en mig langar til að vera svolítinn tíma hjá Helga og Doris. Kemur það auðvitað í sama stað niður, þó ég hefði heldur kosið að ljúka fyrst við vinnuna. -- Mér finnst svo ótrúlega langt síðan ég fór að heiman, -- ótrúlegt að það skuli ekki vera nema átta dagar. -- Ég var afleit í nefinu á leiðinni, en nú er ég betri,⁵ það er blessuð sólin og hitinn -- en ég er eins og leirkerasmiðurinn⁶ ég þrái sól og meiri sól. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Khöfn, 17.5.1938

-- Ég er afskaplega spennt að heyra frá þér hvernig *forretningin*⁷ gengur, eða hvort þú ert búin að sækja um atvinnubótavinnu!

Veðrið er guðdómlegt og mér hefur orðið að ósk minni, notalega heitt allan sólarhringinn síðan ég kom. Til að byrja með er ég ánægð þess vegna.

Ég er búin að panta mér far heim með Drottningunni 29. júní, þá fer Gunna mágkona mín⁸ og það er alltaf skemmtilegra þegar maður þekkir einhvern.

¹ Kristilegt hótél, sem lengi réði hótélmarkaðinum í Khöfn.

² Dr. Franz Mixa (1902-94) áhrifamaður í ísl. tónlistarsögu sem bjó hjá Þórhildi og Theodór Línal á Bergstaðastræti 76. Hann átti Katrínu dóttur Ólafs Björnssonar ritstjóra; skrifaði bók um líf sitt og hörmungar á stríðsárunum. Þau skildu.

³ Burðarkarl.

⁴ Ragna Sigurðadóttir búnaðarmálastjóra Sigurðssonar. Ragna stofnaði og var lengi kennd við blómabúðina Fjólu og fleiri fyrirtæki. Hún átti síðar Pétur Guðmundsson sem kenndur var við Málaránn og bjuggu þau að Kjarri í Ölvusi.

⁵ Hún var lengi með sjúkdóm, nefndur *polyp*, margskorin upp, missti þefskyn. Þessi sjúkdómur var sagður ættgengur. Séra Árni Þórarinnsson, frændi hennar, var með sama sjúkdóm; þaðan er kenningin.

⁶ Vitnar til: Den politiske kandestöber eftir Ludvig Holberg.

⁷ Viðskiptin.

⁸ Guðrún Guðmundsdóttir frá Nesi, gift Bergström, bjó í Helsingborg, handan Sundsins.

Ég ætla að biðja þig að taka út fyrir mig peninga og borga farið núna strax, því annars verð ég að borga það hér í dönskum kr. Spurðu fyrir mig hvort ekki meg borga farseðilinn fyrir Gunnu líka í íslenskum peningum, og ef það er hægt, þá borgaðu hennar líka fyrir mína peninga, því þá græði ég *valútu* á því. Dídí mín skrifað mér svo um hvernig það gekk.

Ég er búin að kaupa græna *Dr. Buhls* skó handa þér,¹ þeir kosta 14.85 og ætlaði ég að senda það með Brúarfossi, en þegar ég fór að gæta að fannst mér vera vansnið á öðrum skónum, svo ég ætla að skipta þeim; er þá nóg að ég komi með þá þegar ég kem?

Ég fer til Berlínar á morgun, því Helgi vildi miklu heldur að ég kæmi strax; Zeuthen og Aagaard var alveg sama á hvaða tíma ég lærði þetta. Nú fékk ég í dag alls konar verkefni, sem ég ætla að vinn að, ef þá tíminn ekki gloprast út úr höndunum á mér í vitleysu. Ég hlakka til að koma til Berlín, þó líður mér ágætlega og er ekkert einmana; mér finnst ég sjálf svo skemmtileg að ég vil miklu heldur vera ein heldur en með fólki sem er leiðinlegt, eða svona hálf leiðinlegt.

Ég hef verið mikið með dr. Betz; hann er ágætur og mjög geðugur, en það er dálítið þreytandi lengi vegna málsins. Hann vil hjálpa mér á allar lundir og við verðum samferða á morgun til Berlín og það þykir mér sérlega þægilegt.

Ég hitti frú Ástu Ólafsson² á götunni í dag og bauð hún mér mjög stíft að heimsækja sig á *pensjonatið*³ hjá sér, sagði að Arndís Björnsdóttir⁴ byggi hjá sér; mér fannst það ekki freistandi.

Svíninn, sem kennir mér, bauð mér út í kvöld, en ég ætla heldur að eiga það til góða; ég þekki hann svo lítið. Ég fékk spádómskort í Tivoli og þar stóð að ég ætti að vera gætin með val á nýjum vinum! Ég fer blint eftir því, svo sú Tivoliferð borgaði sig. Annars er ég alltaf sú gamla Friede, varkár, stillt og dálítið afturhaldssöm!

Það var reglulega gaman seinasta daginn á skipinu; við spiluðum og vorum kát og fjörug, kona Jónasar Þorbergssonar,⁵ Kidda Ingvarsdóttir og kona Tómasar Ölgerðarmanns.⁶ Kona Jónasar Þorb. er einn grófur brandari, úppdregin, en bara skemmtileg. Kidda er að fara sér til lækninga, fékk blóðpropp þegar hún átti seinna barnið og lækarnir heima eru svo ósammála um hvað gera skuli, svo það á að skera úr því hér. --

Álfheiður Briem skrifar Friede P. Briem. Rvík. 26.5.1938.

-- sami kuldi, sama sólskinsleysið og sama annríkið hjá Dídí. Við höfum í kvöld verið að lesa saman eitt það leiðinlegasta og staglsamasta mál sem skrifað hefur verið í þessu húsi og er Dídí mikið fegin að vera nú laus við það.

-- við erum uppteknar af brúðkaupsveisluþönkum, *hele familien skal med!* Inger kom með Brúarfossi -- og hefur hún nú verið með annan fótinn í Firðinum, að pakka upp dótinu sínu -- Mikið gastu verið góð, Friede mín, að kaupa brúðargjöfina fyrir mig, ég fyrirverð mig fyrir að láta þig vera að nota þína litlu *valútu* til að kaupa fyrir mig. Ég ætla á morgun að kalsa við þá í bankanum hvort þeir geti ekki hjálpað mér um þessar krónur í danskri mynt -- Inger lét kassann með skeiðunum undir koddann sinn, en tollararnir spurðu með þjósti miklum um tollvörur og sagði hún *já*, hún hefði nokkra silfurmunni sem sér hefðu verið gefnir í búið.

Voru þeir allir teknir og kassinn með brúðarkjólnum sömuleiðis, svo gamli maðurinn Jón,⁷ fór til tollstjórans og sagði honum allar ástæður og veit ég ekki hvernig því lyktaði, að minnsta kosti hvað kjólinn snertir, því líklega búast þeir ekki við að hann hafi verið brúkaður áður.

Ég símaði kveðjuna til tengdamóður þinnar og bað hún ósköp vel að heilsa þér. Eggert litli kom inneftir rétt í svip, rjóður og glaðlegur -- Frá Palla hef ég ekkert heyrt. Eggert bróðir þinn fer á morgun, svo hann verður

¹ Þórdís hafði fengið lómunarveiki ung og var alltaf í vanda með fætuna sem voru óeðlilega grannir. Þó var hún íþróttaiðkandi.

² Ásta Ólafsson Zoëga (1895-1964) rak gistiheimili í Höfn og kom heim með Heklu frá Petsamo 1945.

³ Köllum það ódýrt hótél með matarhlunninum!

⁴ Arndís Björnsdóttir (1895-1969) helsta leikkona landsins á sinni tíð. Þær Friede urðu síðar vinkonur.

⁵ Sigurlaug Margrét Jónasdóttir.

⁶ Ingibjörg Hjartadóttir. Þau átti Valgerðir, konu Bjarna Benediktssonar, sem féll ung frá. Ingibjörg og Tómas skildu.

⁷ Jón Helgason biskup, bróðir Álfheiðar.

af brúðkaupinu. Þykist ég vitað að honum falli það ekki sérlega þungt. -- Þú heilsar upp á Maríu Tómasson í Stormgade. --¹

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Berlín, 29.5.1938.

-- Í bréfi frá mömmu til Helga sé ég að þú hefur haft mjög mikið að gera, og fengið hjálp. Ég vona að þú hafir einhverjar frístundir, sérstaklega ef veðrið skyldi vera gott, en annars vona ég að þú getur fengið frí þegar ég er komin sem verður um 3. júlí. Ég er búin að kaupa ritvél hér, hún heitir Torpedo, afskaplega góð og fullkomin og að mér sýnist sérstaklega byggð; það er ekki rafmagnsritvél, því þær eru óhentugar. Ég er að reyna að ná í umboð á þessum vélum, veit bara ekki hvort einhver hefur það heima. Þú skalt ekki nefna þetta út í frá, vegna þess að Helgi kemur ef til vill, og vonandi, heim með vélina, því ég hef ekkert leyfi fyrir henni og þar að auki er mjög erfitt að komast með slíka hluti úr Þýskalandi.

Ég fer héðan á þriðjudagsmorguninn 31.5. til Khafnar og Helgi og Doris fara sama dag áleiðist til Spánar.

Það er leiðinleg tilviljun að Helgi skuli vera að fara héðan þegar Eggert² er að koma. Helga þykir það afskaplega ergilegt, en við því er auðvitað ekki hægt að gera. Aftur á móti er það ég sem er sú heppna, fyrst að vera hér eins og blóma í eggi og síðan að hitta Eggert í Khöfn.

Það er alveg yndislegt að vera hér. Helgi hefur hjálpað mér á allar lund; ég hef notið góða veðursins, farið í óperuna og séð Berlín, annars er veðrið mjög mismunandi frá einum degi til annar; í gær var sólskin og 26° hiti, í nótt var þrumuveður -- og í dag rigning og hitinn aðeins 14°, víðar er rigning en á Íslandi. Veðrið hefur sem guðdómlegt, nema á sunnudögum; það minnir mig á Ísland -- Helgi sendir tösku heim með fötum sem hann hefur brúk fyrir heima, en hann er hræddur við melinn³ og biður hann ykkur um að sjá um að það verði tekið upp og víðrað; þú gerir það hvort sem það verður sent heim í Tjarnargötu, á

Fjölnisveginn,⁴ eða eitthvað annað. Ögmundur⁵ verkfræðingur, sem býr hér í Berlín -- tekur töskuna með sér.

Eina bréfið sem ég hef fengið síðan ég kom er frá Páli Þóri,⁶ ég býst við að það bíð mín bréf í Khöfn, annars er mér nóg að vita að ykkur leið vel, þegar mamma skrifaði Helga -- Dídí mín, ef þú hefur áframhaldandi mikið að gera, verður þú að neita einhverju, þó ég þekki að það er erfitt oft og einatt.

30.5. Þegar hér var komið í gær, kom Kristján Albertsson,⁷ svo ég hætti og ætla nú að ljúka við þetta svo það komist með Dettifossi á morgun.

Það er verið að pakka niður öllu og allt verður flutt burt á morgun; búið að taka niður alla lampa o.þ.h.; það hefur gengið fljótt og vel.

Helgi er að fara á fyrirlestur sem Níels Dungal ætlar að halda um Ísland og er kvöldverður á eftir. Hann á að *representera*⁸ Ísland og Danmörku. --

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Helsingborg, 6.6.1938.

-- Ég fór frá Berlín 1. júní og Helgi og Doris líka, þau áleiðis til Spánar, en ég til Hafnar. Ég bjóst við Eggert með Brúarfossi og fór niður að skipi, en hann hafði þá farið í land í Leith og veit ég ekkert um hans ferðir --

Ég hafði það alveg indælt í Berlín og lagði kraftana í sparisjóð svo það verður nóg af að taka síðar meir -- heimleiðis 29.6. með Drottningunni og verð að segja að það verður það allra besta þrátt fyrir alla vellíðan hér, því ég hef ekki mætt nema öllu því besta og framúrskarandi gestrisni hjá Helga.

Í gær var steikjandi hiti og sólskin og var ég hér úti í garðinum allan morguninn; seinni partinn fórum við í bíltúr og keyrðum um allan Skán. Er það frjósamt og vingjarnlegt land, án þess að hægt sté að segja að það sé hrikalegt --

¹ Maria Tómasson (1867-1943), dóttir Þórðar Tómassonar 1837-1873) lækni á Akureyri, sonar séra Tómasar Sæmundssonar Fjölnismanns og danskrar konu hans, sem fluttist eftir lát hans með tvö börnin til Danmerkur.

² Eggert P. Briem bróðir þeirra, þá forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins.

³ Meindýr: mölfluga.

⁴ Eggert var fluttur á Fjölnisveg 10.

⁵ Ögmundur Sigurðsson (1910-1979) verkfræðingur í Berlín.

⁶ Páll Þórir Ásgeirsson (1931) sonur hennar.

⁷ Kristján Albertsson, 1897-1989, sendikennari, síðar sendiráðsritari.

⁸ Koma fram fyrir hönd.

Ég talaði við Harald Sigurðsson og var hann elskulegur eins og hans er vandi og vísaði hann mér til kennslukonu sem aðallega kennir byrjendum og sem að hans sögn er sérstaklega góð og þar að auki *moderne* og leggur mikið upp úr því að þroska eyrað; ég ætla svo að tala við hana og reyna að hafa eitthvert gagn af því. Har. Sig. er á förum heim í sumarfrí og verður tæpa 2 mán. í ferðinni, svo líklega lætur hann heyra til sín í Reykjavík, ég vonast til að ég fái þá að heyra til hans.

Ég hef annars heyrt tvo konserta í Tivoli, en mér finnst dirigentinn sem nú er ekki eins góður og í gamla daga þegar Schnedler-Petersen var, en það er kannski bara að ég var þá svo óvön að heyra *strok-orkester*, og svo gamla sagan um það þegar maður lítur til baka, þá gleymist allt nema það besta. Ég heyrði þarna spænskan píanista og var það ákaflega gaman; hann er kornungur og skapmikill og hafði mikla teknik. --

Ræðir um verðrið og góð áhrif veðursins á nefið á sér og vonar að batinn haldist.

Annars kann ég ágætlega við mig í Kaupmannahöfn, þó ég sé einsömul að mestu leyti; alltaf er maður að hitta Íslendinga; ég hitti Nini Stefánsson¹ og bauð hún mér að heimsækja sig; hún býr með pabba sínum; er hann að mála mynd sem átti að vera hengd upp í *restauration Frascati* í Höfn þ. 1. júní og var búið að auglýsa það, en myndin var ekki tilbúin því Jón er alltaf sá sami, of seinn, þegar myndin kemur verður hún auðvitað blaut. Ég hef fengið bréf frá litlu strákunum mínum báðum og verð ég að segja að það er alltaf munur að vera pennafær. --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Rosendal. 18.7.1938.

-- Ég get sagt þér, Fríða mín, að gaman var að hafa þig þessa fáu daga - þó ég segi það svona blátt áfram við þig: *Þú ert mikið fyrirtak*. Lofaði mér að segja það við þig, því ég veit að það skemmir þig ekki. Frú Stjerne segir alltaf: *Gáfuð börn er ekki hægt að skemma með eftirlæti*, þ.e.a.s. ef það fer ekki út í hreina vitleysu. --

Í gær, þegar ég sat hér og átti mér einskis von var barið að dyrum og - að ég held - einhver villtist til mín í staðinn fyrir Maju, þá er það Sölvi Blöndal² og einn með honum og ætluðu að heilsa upp á Hauk,³ en hann og þau voru með Hilding og Else-Mari í Osló. Svo þeir voru hér allan daginn og lágu yfir nóttina. Sölvi er víst búinn að taka gríðarfínt próf, (sem Haukur sagði mér, ekki Sölvi sjálfur) nýlega, en á víst eitt eftir -- Afar huggulegur maður og svo gríðarlega skemmtilegur, fullur af *humor*, sá eini af þessum strákum sem voru í Stokkhólmi, sem er reglulegt *fútt* í. --

Hef ekki beint neitt sérstakt að skrifa þér - við „*töluðum út*“ þegar þú varst hjá mér, sem gaman var og gott. --

Það kemur kannski til þín vinur minn, Gústi frá Hafnarfirði - *athugaðu handtakið þegar hann heilsar* - minn ágæti kunningi og vinur. Ég borgaði fyrir hann bækur hér úti, 85 kr. og hann getur ekki fengið yfirfærslu. Ef þú vildir taka á móti þeim -- og geyma í bókinni hennar Ólafíu. Minn -- auður verður samansparaður á Íslandi - ekki vitfirrt - spara án þess eiginlega að vita af því.-- Þakklæti fyrir komuna.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Karlstad. 8.12.1938.

-- Ætla bar að senda þér og piltunum okkar góðu jólaóskir. Mér finnst ég hafa kynnst drengnum þínum svo mikið því Stína⁴ segir okkur svo mikið af honum og skemmtilegar sögur. Hún eins og víst allir á Móum svo hrifnir af honum. Stína er *príma*.

Mikið lifandis ósköp finnst mér stúlkan mikið fyrirtak, eins og hin íslenska stúlkan sem er hjá okkur - þær eru svo kátar, skynsamar og skemmtilega fíflalegar eins og ungt fólk á að vera. Svo eru þær báðar svo blátt áfram - Stína er nú bara kvenskörungur og svo lagleg að allir bara glápa á hana. Hún er að vefa og þykir það svo afar skemmtilegt - er burtu hálfan daginn. Það má segja um hana eins og maður segir hér að hún er *reell*⁵ - hún er vinur vina sinna stúlkan sú.

¹ Nini Stefánsson dóttir Jóns Stefánssonar listmálara.

² Sölvi Blöndal (1910-1981) hagfræðingur sem var að draga sig eftir frænku Ívars Elsa Maria Hedberg (1920-2016) frá Emtveik. Fékk hennar, en skildi seinna.

³ Haukur Helgason (1911-1998) hagfræðingur gegndi mörgum embættum í banka og stjórnmálakerfinu. Akomendur Sölvar og Hauks tengdust síðar.

⁴ Kristín Guðmundsdóttir (1919-1996). sjá síðar.

⁵ Sannur - sönn, eða innilegur.

Ég var með Ivari í Stokkhólmi um daginn þegar Selma Lagerlöf varð áttæð og skemmti mér kostulega. Stóð og sat, eins og mér sýndist. Fór í engin boð og slangraði um allar trissur á daginn og fór í leikhús á kvöldin. Boðum fæ ég nóg af hér. --

Það var gaman að hafa þig hér í sumar, þessa fáu daga og verð ég að segja þér það einu sinni enn - enn þökk fyrir að þú gafst þér tíma Fríða mín væna. -- Astrid Leonora er lík sér og yfiringur okkur á hverjum degi. -- Þær hafa hana á nóttinni hjá sér Stína og Veiga, svo ég fæ að sofa í ró á morgnana. -- Þær eru svo hrifnar af hanni að það er engu líkt.

Við skrifum hér allar í óða önn, því síðasta skip fer 10. des.

Heilsaðu báðum þínu þesum kærlega fá okkur. Ég vildi að þið væruð komin hingað með þá um jólin til okkar; hvað við skyldum hafa það glatt og glymjandi og þó *koseligt* við og við. --

1939

Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem. 10.1.1939.

-- Mikill rausnarmaður ertu alltaf og nýtur maður þess daglega núna, því aðra eins jólasendingu og þá sem þú sendir mér er ekki hægt að hugsa sér betri. Strákunum finnst vera eilíf jól -- appelsínur -- epli --

Eggert Ólafi veitir nú ekki af, því hann er bæði haltur og með þetta rosa-glóðarauga, ég gat ekki annað en brosað að horfa á eftir þessum kappi þegar hann var að fara í skólann svona útleikinn. Hann datt annars hér í borðstofunni og lenti með augað á stólum og var mesta mildi að hann skemmdi ekki augað, en svona er það, þegar hættan er liðin hjá, þá er hægt að hlæja. Nú er ég farin að kenna þeim að spila og er áhuginn svo mikill að það fara fram blóðugir bardagar við píanóbekkinn. Venjulega er Páll sigurvegarinn, því hjá honum hefst það með frekjunni.

Eggert var á námskeiði í skrift. Hann er svo mikill klaufi með vinstri hendinni, sérstaklega þegar hann á að skrifa með bleki. Hann hafði miklar áhyggjur af að vera látinn í tossabekk vegna skrifarinnar og langaði mig til að ekki færi þannig fyrir honum.

Jón frændi kvaddi söfnuðinn sem biskup á gamlárskvöld og var það mjög hátíðlegt og fannst manni að hann myndi auðveldlega geta unnið í mörg ár enn og það væri of snemmt sem hann færi úr embætti. Hvort sem það er á einu eða öðru sviði, þá er alltaf betra að hætta í tíma.

Séra Sigurgeir er búinn að fala Cillu sem skrifara og er það sannarlega gott fyrir hana - kannski líka gott fyrir hann --

Það er talað hér um að það standi til að fella krónuna. Magnús Sigurðsson (landsbankastjóri) hafði verið að „*delega*“ um það á nýársballinu, sem haldið er árlega á Hótel Borg. Það er líka staðurinn til að tala um leyndarmál ríkisins! Það er talsverð reiði út af veitingu bankastjóraembættanna í Útvegsbankanum, ýmsir höfðu ætlað sér að setjast í þau og þar á meðal Guðmundur Ólafsson. Stefán Jóhann er í bankaráði og eftir því sem sagt er talsvert ráðandi á hærri stöðum. Því var það talið sjálfsgott (af Guðmundi og hans fjölskyldu) að Guðm. *avanceraði* upp í bankastjóra, en þegar sú von brást bitnar öll reiðin á Stefáni og Helgu, þannig að hvorki Björn og Valgerður, né Guðmundur og Elín, né heldur Jón Steffensen og Stína systir Helgu¹ líta við Stefáni og Helgu síðan bomban féll. Þetta kallar maður nú að taka upp þykkjuna fyrir sína nánustu.² Það er ef til vill gert af velvilja, þó að ég efist, en ekki býst ég við að neinn græði á þessu. Það eru nú svo margir sem verða góðir og mildi á jölunum, en það varð ekki þar, heldur jólin notuð sem sérstaklega gott tækifæri til að sýna og undirstrika fyrirleitninguna.

Guðmundur Einarsson frá Miðtal var að eignast annað barnið með stjúpdóttur sinni Lydíu. Þegar fyrra barnið fæddist sigldu þau til útlanda, konan hans og dóttir hennar, og svo var látið í veðri vaka að konan hans ætti barnið, en nú eru þau orðin svo köld fyrir þessu að Lydia á barnið hér á Landspítalanum. Þetta er meiri þrenningin. --³

Kristín Guðmundsdóttir⁴ frá Móum skrifar Friede P. Briem. Karlstad. 22.1.1939.⁵

Fríða mín elsku! Ég er nú meiri syndaselurinn, nei, letin í mér á sér engin takmörk. Þó verð ég að segja að samviska mín var nú ekki sem rólegust eftir að ég hafði fengið jólakveðjur frá ykkur öllum, enda var það líka jafn gott, þótt hreyft sé við henni öðru hvoru. Jæja, af mér er allt hið besta að fréttu, uni mér hér þýðilega og finnst gaman.

¹ Helga Ólafsson var systir Guðmundar.

² Guðmundur Ólafsson var þá þrjátíu og þriggja ára.

³ Sú saga var sögð, kannski er ég búinn að skrifa hana áður, að Sigurðu Z. Ívarsson kom í dómsmálaráðuneytið til að heilsa upp á Gústav Jónasson, skrifstofustjóra, nú kallað ráðuneytisstjóra, og sagði honum að séra Hálfán Helgason á Mosfelli ætlaði að fara að gefa þau saman, Guðmund og Lydíu. Gústav sagði að gott væri að hann segði sér það í tíma því eflaust myndi Hálfán missa embættið ef hann gæfi saman Guðmund og stjúpdóttur sína. Mun hann hafa látið séra Hálfán vita. Hvernig málið fór þá veit ég ekki, en allavega missti Hálfán ekki embættið.

⁴ Kristín Guðmundsdóttir (1919-1996), átti Gústaf E. Pálsson borgarverkfræðing.

⁵ Kristín var hjá föðursystur sinni, Lóu Venerström og manni hennar, Ivar Venerström sem þá var landshöfðingi í Vermland og bjó í einu mest áberandi húsi í Karlstad, við aðaltorgið, kallað *residensinn*. Þegar hún talar um Emtevik er það dalur fyrir vestan Karlstad, frægastur fyrir að þar ólst Selma Lagerlöf upp og bjó þar. Í smábænum Emtevik bjó Else-Mari, dóttir Lóu en flutti síðar til Karlstad. Seinna kemur fram að Lóa og Ivar keyptu sveitabæinn Glenni þar sem fjölskyldan hefur búið síðan og stundaði búskap framan af.

Mér hefur komið oft í hug, þegar þú sagði að Lóa væri svoleiðis koma, sem ég yrði hrifin af, svo þetta hafa svei mér verið orð að sönnu. Já, mér finnst Lóa alveg sérstök, hún er mér svo góð, að ég er viss um að hún gæti ekki verið betri við mig, og lengra er nú ekki farið.

Við höfðum það ákaflega skemmtilegt yfir jólin. Þeir komu hingað frá Stokkhólmi Óli í Pálsbæ¹ og Eiríkur Briem² og dvöldu í tíu daga, þeir hvor öðrum betri og var voða gaman að hafa þá, enda fengum við að láta eins og okkur best þótti, því ekki er maður þvingaður hér.

Einnig var líka Guðmund (sonur Lóu og Ivars) heima í þrjár vikur. Ég veit ekki hvernig stóð á því, en ég hafði gert mér Guðmund í hugarlund, einhvers konar galdragrip, mér hefur alltaf fundist taða svo lítið um hann heima, svo er hann þessi líka indæli og skemmtilegi piltur, mér var farið að þykja virkilega vænt um hann, þegar hann fór. Hann er líka ógn mikill skíðagarpur. Rétt eftir að hann kom heim byrjaði að snjóá, og svo snjóaði dag og nótt, svo ég hélt að allt ætlaði á kaf að fara, greip Þá tók Guðmund skíði sín og sást ekki heima myrkranna milli. En ekki var nú þetta nóg, því nú hafði ég smitast, og fengið skíðasóttina og það hreint ekki á vægu stigi, svo blessunin hún frænka mín keypti skíðaútbúnað fyrir mig.

Fríða, getur þú hugsað þér, með öllum lipurleika mínum, á skíðum, ég get það tæplega sjálf. Frá Else-Mari er allt gott að fréttu, ég hef nú ekki komið oft til hennar, en í haust var ég hjá henni í nokkra daga. Fannst mér Else-Mari ansi dugleg, enda verður hún að vera það. Hilding er flesta daga burtu að keyra. Annars finnst mér þau ákaflega hamingjusöm og hrifin.

Fyrsti vikuna í janúar tóku hjónin sér frí og förum við 6, hjónin, ég Veiga (ísl.), Guðmund og sænskur strákur öll út í Emtevik. Fengum við þennan tíma guðdómlegt verður og vorum við alla daga á skíðum, frá morgni til kvölds. Landslagið hefur þú séð í Emtevik, enda myndi ég heldur ekki reyna að lýsa því. En ég mun lengi minnst skíðavikunnar.

Jæja, svo má ég ekki gleyma Astrid litlu, við erum þessar líka fínu vinkonur, annars er hún oft úti á Rosenberg hjá Else-Mari. Hún er voða indæll krakki, skýr og skemmtileg.

Að vefa líkar mér prýðilega, er ég búin að vera að því síðan 1. nóv., og áhuginn vex með hverjum degi.

Hvað ætli hann verði að lokum? Sölvi Blöndal,³ sem les hagfræði í Stokkhólmi, en nú búinn að vera hér síðan 8. jan. og verður eitthvað fram í febrúar, prýðispiltur.

Ó hvað mér fannst gaman að fá bréf frá litlu strákunum (Palla og Eggert) þínum, Ósköp líður tíminn fljótt, þeir farnir að skrifa, sem voru svo litlir fyrst þegar ég kom til þín. --

Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem. 5.2.1939.

-- Hér er sumarblíða upp á hvern dag með 4-9 hitastigum á þorranum, hugsaðu þér, mér list ekki á að skautadrottningin, sem von er á með *Lyr* á morgun, geti sýnt listir sínar. Tjörnin sem verið hefur á *á ís* er sem óðast að þiðna -- skíðagarparnir eru hugsjúkur yfir snjóleysinu, fara upp um fjöll og firnindi en hitta lítinn snjó, rjúpan er engin og þykir okkur húsmæðrum það hálf-illt, að fá lítið annað en íshúskjöt. Yfir höfuð er hér dýrtíð afskapleg, svo að maður skilur ekki hvernig þetta endar.

Ég held að Eysteinn skilju það ekki heldur. Núna verður ekki þverfótað í okkar höfuðborg fyrir framsóknamönnum. Þeir eru á einlægum fundum og „*væseni*“ áður en þingið byrjar. Að öðru leyti gengur allt sinn vana lestargang --

Það er nóg að heyra allar fréttirnar utan úr heimi, ekki skemmtilegri en þær eru -- Annars er ég hætt að lesa um allt þetta óstand, mér finnst það svo ægilegt allt.

Jón bróðir nýtur nú frísins og ellinnar, vikur ekki frá skrifborðinu, þrátt fyrir það. Cilla er hæsta ráða hjá Sigurgeir biskupi og kemur þeim prýðilega saman, enda er hún prýðilegasta stúlka, en okkur hefur aldrei fundist hún eiginlega flínkur biskupsskrifari, en eflaust hefur henni farið fram á seinni árum.

Inger og Páll lifa sem blóm í eggi í Firðinum og eiga ógn lítið, laglegt heimili -- Hún á afmæli á morgun og bauð mér að koma í afmælið, en ég var nýbúin að vera hjá þeim, því ég var að kaupa mér skó þar, hér fæst

¹ Ólafur Sigurðsson (1914-2003) Skipaverkfræðingur, lengst forstjóri helstu skipasmíðastöð Svía, Kockums í Svíþjóð. Hann var frá Pálsbæ á Seltjarnarnesi, sonur Sigurðar Pétussonar skipstjóra á Gullfosi Pálsbæ og Ingibjargar Ólafsdóttur í Mýrarhúsum.

² Eiríkur Eggertsson Briem (1915-89) rafmagnsverkfræðingur og síðast forstj. Landsvirkjunar.

³ Sölvi Blöndal (1910-81) hagfræðingur. Hann giftist seinna þetta ár Else Maríu Hedberg, fiskmatsmann og sjúkraliða, frá Emtevik. Þau áttu mörg börn, mörgum kunn.

ekkert nema þetta *elenduga*¹ íslenska, sem ég get ekki notað. Óskaði ég þess af hjarta að ég væri komin í *Salamander* með lófann fullan af þýskum mörkum, ég mundi ekki hafa farið þaðan á sokkaleistunum.

Séra Jón Auðuns, sem Palli býr hjá, er í óða önn að sækja um Ísafjörð, en svo er um fleiri og ekki víst að hann verði kosinn. Hann er allra skemmtilegast prestur að undanteknum rómnum, sem er hálf svona óskemmtilegur, þó maður venjist því. -- Nú þarf ég að ljúka þessu nauð leiðinlega bréfi og biðja ykkur forláts á því hvað ég er leiðinleg, því ekki er maður andríkur og upplifir fátt á þorranum. --

Systurnar skrifa hástöfum!?) og biðja að heilsa. Þær *gotta* sig á eplunum frá ykkur, Helgi minn, blessa þig fyrir vítamínurnar og allt það. Svo hætti ég og bið að heilsa Dorisi, ég á líklega ekki fleiri kunningja í Berlín. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 23.3.1939.

-- Ég hef verið að vélrita fyrir Sigurð Sigurðsson Búnaðarfélagsins nú um nokkurn tíma. Er hann að skrifa, eða réttara sagt búinn að skrifa bók um það sem Danir hafa gert á Íslandi frá fyrstu tíð í þágu landbúnaðarins á Íslandi. Ekki skal ég segja um hvað gott þetta er hjá honum, en mér finnst hann ekki hafa vísindamannshæfileika, eftir því sem ég held að vísindamenn þurfi að vera, því hann er svo ónákvæmur, bæði á nöfn og tölur. Hann hefur lesið mér þetta fyrir þar sem ég get alls ekki lesið skriftina hans, og svo þar að auki kann hann ekki dönsku, því bókin er á dönsku, þá hefur hann lesið mér fyrir og það sem ég hef m.a. haft upp úr því er að ég hef ruglast í minni finu dönsku! Ég hef oft verið mjög „*svekk*“ í orðsins fyllstu merkingu. Svo finnst mér hann líka smjæðra óþarflega mikið fyrir Dönum, en hann um það. Hann ætlar sér svo líklega að fara út til Kaupmannahafnar með þetta og reyna að fá Einar Munksgaard til að gefa þetta út fyrir sig. Ég segi þér þetta, en bið þig fyrir það, þar sem ég held að hann hafi ekki sagt frá því hér og ætlar sér víst ekki að láta neinn Íslending líta yfir það hjá sér. --

Sænski konsúllinn var um daginn að halda þessar „*officiellu*“ veislur og er þá boðið með 3ja vikna fyrirvara. Ekki veit ég hvernig stóð á því, hvort Jónas Jónsson hafði týnt boðskortinu sínu, nema hann ruglaðist í því hvenær hann átti að koma, hefur líklega ekki kunnað við að hringja sjálfur til konsúlatsins, en fer krókaleið, þannig að hann lætur Stefán Þorvarðarson² hringja fyrir sig á skrifstofuna og auðvitað, eins og hans var von og vísa, klúðrar hann því þannig að hann segir honum vitlaust til um kvöld, svo veslings hjónin þússa sig upp og drífa sig þetta umrædda laugardagskvöld.

Þegar þangað kemur veit stúlkan að Jónas á ekki að vera þar þá og nær hún í konsúlinn, sem kemur fram og bregður honum þá meira en lítið er hann sér þau hjón, en það endar þó með því að hann gat komið þeim út!! auðvitað með allri kurteisi, eins og Svím er lagið. Jónas hafði komið of seint, svo hann hitti ekki nema einn gestanna, sem var Sigurður B. Sigurðsson (*konsúll*), og heilsuðust þeir með mestu virktum. Helga Ólafs sat vinstra megin við Sigurð, við borðið, og gat hann ekki orða bundist við Helgu, að spyrja hana hvort hún sæi Jónas við borðið, - og var það fyrst að orði hvort hann væri orðinn svona kalkaður, því hann vissi ekki betur en að hann hefði heilsað honum frammi í forstofunni!

Þau sænsku konsúlshjón þurftu að skipta gestunum sem þau þurftu að bjóða í tvær veislur og höfðu þau valið J.J. í seinni veisluna til þess að „*punta upp*“ til þess að þar væri ekki allt leiðinlega fólkið saman, nefnilega Fonti,³ Brun⁴ o.fl. Svona laglega fór það.

Við höfum alltaf nóg að gera og má það heita gott í atvinnuleysinu, finnst þér ekki? Englabörnin mín eru frísk og þurfa þjónustuna sína, nú sem fyrr, nú gleðst ég aðallega yfir því að Tjörnin er orðin auð, og vona ég að hún frjósi ekki aftur á þessum vetri, - þetta eru nú mína óskir!

Ég var að kenna Eggert Ólafi litlu töfluna fyrir jólin, og þóttist ég góð að hann þó kynni hana og gæti romsað henni upp úr sér á 4 mín. (það var metið), en viti menn - nú um daginn fer ég að spyrja hann út úr henni og þá er hann búinn að týna henni niður, hvað finnst þér, og fögin í skólanum eru lestur, reikningur, skrift og dýrafræði. Eitthvað er að, annaðhvort kennaranum eða nemandanum. --

Álfheiður H. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 10.5.1939.

-- Jóna er nú að hætta í sínu starfi og býr sig undir starf sitt og ætla að gifta sig þann 20. Taka þá við alvarlegs störf og segist hún ætla að loka að sér meðan hún er að búa til matinn svo engin rugli sig í ríminu. Guð gefi þetta verði gæfuspör -- hún á það fyllilega skilið, svo indæl og trúföst, sem hún er. Og svo

¹ Ömurlega?

² Stefán var þá skrifstofustjóri, eða ráðuneytisstjóri, eins og nú er nefnt.

³ Fontenai danski sendiherrann.

⁴ C.A.C Brun, sendiráðsritari.

óvenjulega myndaleg í öllu sem hún gengur að. Ég er ekkert að dæma um Óla, hann vonandi reynist vel, en ekki finnst mér hann standi henni á sporði -- verði reglumaður -- geri hana ánægða.

Í gær varð okkar elskulegi organisti, Sigfús Einarsson bráðkvaddur. Fór þar góður maður. Fyrir ½ mánuði sat ég í útför Þórðar Péturssonar, skókaupmanns, sem líka var bráðkvaddur. -- við húskveðju hans sat ég rétt við hljóðfærið sem Sigfús spilaði á og söng sjálfur undir sálminn indæla eftir pabba minn: *Góður engill guðs oss leiði*. Ég gat ekki annað en horft á Sigfús þá. Hann var eitthvað svo yndislegur. En ekki datt mér í hug að ég sæi hann þar í síðasta sinn. En svona er það: *Allur veraldar vegur vikur að sama punkt*.

Ég var að gratúlera Guðrúnu (*Briem*) mágkonu minni sjötugri. -- þar var frændi þinn Eggert Claessen og varð ég hissa að sjá hann, svo fyrirgengilegan, að ég yrði ekki hissa þó hann ætti stutt eftir.¹ --

Hvað heldurðu nú að þú verðir lengi ennþá þarna suðurfrá?

Ræðir brúðkaupsveislu sem hún heldur heima í Tjarnargötu fyrir Jónu fösturdóttur sína. --

-- Maður fær hér ekkert í dýrtíðinni fyrir 10 kr. og svo þykist maður ætla að *festa!* Nóg eru mannalætin! --

Segir nákvæmlega frá öllu fyrirkomulagi í veislunni, sem var niðri hjá Friede, frá gestunum 30 og fjórum börnum. Skálað var fyrir brúðhjónunum uppi á lofti hjá henni meðan borð voru tekin upp niðri og stofan þar notuð fyrir „brúðardanssal“.

-- Dönsuðu þar allir sem sporið kunnu, en einna liprast Einar, pabbi Jónu, sá kunni nú aðeins sporið, þó fimmtugur sé. -- Þegar fólki var búið að dansa sig uppgefið, þá fór það að syngja, hin og önnur íslensk lög, hver með sínu nefi, eins og gerist í sveitaveislum. -- Dálítið var erfitt að *konversera* við fjölskyldu brúðgumans, sem ekki var undarlegt þar sem ég hafði aldrei talað við það. Er það líklega, líkt og Óli, ekki „*Ynder af mange ord!*“ --

-- Góður guð gefi að blessuð Jóna mín megi verða hamingjusöm í lífinu. Mér finnst hún hafa svo mörg skilyrði til þess, svo góð og elskuleg sál sem hún er og svo myndarleg í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur.

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Khöfn, 7.6.1939.

-- Þú ert nú meiri dugnaðarforkurinn, hamast og vélritar og skrifar þar að auki bréf með hverju skipi. --

Hingað kom ég í dag frá Helsingborg, verð hér þangað til ég hef lokið mínum erindum --

Ekki sé ég nokkur ráð til að kaupa mér pels; því ég fæ enga peninga hjá Guðrúnu og Lóu, því Guðmundur í Móum,² er búin að panta hvern eyri sem þær eyða á Ísland. Stína á að sigla í haust, svo það komst ekki einu sinni svo langt að ég bæði -- Heldurðu að nokkur ráð séu heima um hjálp?

Ég ætlast ekki til að þú hafir mikið fyrir því, en reynandi væri að biðja Einvarð Hallvarðsson,³ hann hefur viðtalstíma kl. 10-12, ef ekki gengur, þá læt ég hafa það.

Ég er að hugsa um að fara til læknis með handlegginn á mér, því ég er ekki alveg góð í honum, þrátt fyrir hvíldina, og ég er svo hrædd um að ég kannski sjái eftir því þegar ég kem heima; en ég er ekki viss um að ég láti gera neitt -- allt kostar þetta peninga og það útlenda. Bú kannski nefnir það líka við Einvarð.

Skúli í Mýrarhúsum kom til Helsingborg -- hann er reglulega geðugur strákur, gengur á apótekaraskólann.⁴

Sonur hans Sigurðar Péturssonar skipstjóra ætlar að gifta sig hér í Danmörku, nú í þessum mánuði.

konuefnið er síamískt-danskt, af ríku fólki og er búið að bjóða í veisluna með mánaðar fyrirvara.⁵ --

Friede P. Briem: *Indriði Einarsson (1851-1939)*.

Ég kom mjög oft til Indriða Einarssonar. Ég vélritaði fyrir hann og fór með verkin í Tjarnargötu til hans. Þar var mjög dimmt. Hann var ákaflega fátækur þótt ríkisbókari og hagfræðingur væri. Hann hafði ekki ráð á að fá rafmagn fyrr en mjög seint.

Hann drakk mjög mikið á yngri árum og Marta kona hans reyndi að fela skóna hans. Svo sneri hann sér að bindindismálum og gerðist stækur slíkur. Guðrún dóttir hans kenndi dans og þangað kom Indriði, uppvaktandi

¹ Eggert Claessen (1877-1950) hæstaréttarmálaflutningsmaður. Þeir Helgi og hann voru systkinasynir.

² Guðmundur Guðmundsson frá Nesi, bróðir þeirra og Ásgeirs heitins.

³ Einvarður Hallvarðsson (1901-1998). Lengi skrifstofustj. lögreglustjóra í Rvík..

⁴ Skúli Björnsson Ólafs (1914-) frá Mýrahúsum, systur sonur Ásgeirs. Lyfsali, bjó í BNA.

⁵ Pétur Sigurðsson (1911-98) sjóliðsforingi, forstj. Landhelgisgæslunnar.

kavalér, þótt ansi gamall væri, miðað við ungu stúlkurnar sem hann dansaði við, mikill dansari en ekki beint vinsælasti dansherrann sem þær fengu.--¹

Kristín Guðmundsdóttir skrifar Friede Pálsd. Briem. Rosendal. 3.7.1939.

-- Má til með að skrifa, þótt ekki væri nema til að þú fengir eitthvað að heyra frá eignum þínum erlendis, þú hefur heyrt að ég ætla að vera hér áfram, og get ég þá vel skilið að það er ekki svo létt fyrir þig að vera án ferðakistunnar og hattaöskjunnar, og hvort ég ætti ekki að senda hvorutveggja heim. Nei, það er ekki svo skemmtileg að lána svona fólki sem mér.

Sumarið er nú komið hingað, í sínum dásamlega skruða, berin að verða þroskuð og allt eftir því. Veðrið hefur verið mjög gott, hreint blíðuveður, nema s.l. viku hefur verið sólarlaust; annars böðum við á hverjum degi og stundum tvisvar á dag, heldurðu að það sé líf á bóndadótturinni, hún ætti ef til vill að vera heima á einhverjum öðrum stað.

Hvernig er það með litlu frændurna, mér heyrðist af bréf heiman að, að það ætti von á kaupamanni, ef til vill, svo ég hef ekki áhyggjur þótt mig vanti. Hér hefur verið hálf tómlegt eftir að frænka vor fór heim, annars höfum við verið þrjú hér í Emtevik, Guðmund og sænsk stelpa² frá Arvika, að ógleymdri mér sjálfir. Við höfum haft það ákaflega skemmtilegt og gott, Í dag kom lítill gestur, Astrid litla, ó! hvað þar er gaman að hafa hana, hún er svo skemmtileg. Frá Else-Mari er allt prýðilegt að fréttu, hún er mesta búkona og myndarleg, svo ég er hrifin af hvað hún er driftug. --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Karlstad. 23.10.1939.

-- Þakka þér ástsamlega fyrir mig og Ivar í sumar. Það var svo indælt að vera svona nærri þér -- Ég hef haft undursamlega gott af þessum túr -- fékk svefninn nokkurn veginn til baka og mín veiklun í öxlum er mikið til batnað --

Ræðir um hvað Íslendingar eig það gott að vera svona langt út í hafi svo ágjafir í heiminum snerti ykkur ekki beint.

-- Það er stundum gott að vera lítill og langt úti í hafi. Stína og ég höfum verið hjá Else Mari í tvo daga, tíndum epli. Ég þrílaði í trjánum og Stína tíndi -- kynstur sem við bárum inn í fjósið, sem svo svínin eiga að fá -- Hvílik kynstur og þó eru trén vanrækt. --

Í dag höfum við haft íslenskan dag, soðið blóðmör bæði með mör og rúsínum, soðið svið og rúllupylsu -- lítið -- en samt. Stína var yfirkokkur -- fyrirtak, ekki bara dugleg og indæl, heldur er hún svo eftirtektarsöm, hlustar og lítur í kringum sig og les afar mikið og það eru engar ruslbækur sem hún les, stúlkan. Hún er *radikal* og fylgist vel með, og lætur ekki segja sér hvað sem er. --

Ivar hefur lifandis ósköpin öll að standa í alla daga blessaður. Gott að hann gat hvílt sig í sumar. Hver veit hvað verður næst.

Sölvi Blöndal og Elsa - frænka Ivars, sem var hjá mér, þú hittir hana í Rosendal - eru nú gift. Ég sagði þér frá þessum leiðindum viðvíkjandi þeim - í sumar. Þau eru nú samt gift og mamma hennar heldur að allt sé yfirunnið -- og allar sorgir afmáðar. Það er víst mjög lítið af löndum sem hafa komið til Stokkhólms og er það eiginlega gott; það er svo leiðinlegt að vita af þeim peningalausum og allslausum --

Það er svo huggulegt hjá þér í Tjarnargötunni, Fríða mín, svo bjart og fallet. Gott að sjá ykkur systurnar vinna saman og berjast áfram, hlið við hlið.

Ivar situr hér og biður um kveðju sína og Stína heilsar auðvitað. Hún er að skrifa heim til sín. --

Álfheiður H. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 2.11.1939.

-- guði sé lof að þið komust heilu og höldnu til Danmerkur, hvað sem þá kann að taka við. Maður verður að bera sig að vera rólyndur -- þegar veröldin sýnist vera öfug og mennirnir í henni verri en örgustu villidýr.

Það var næsta tómlegt í húsinu, þegar þið voruð farin, þó vistaverunnar hjá manni séu nú býsna fátæklegar, þá er allt gott fyrst þið gerið ykkur það að góðu. Okkur er gleði að hafa ykkur, það segi ég satt -- Dýrtíð er að verða hér óttaleg og skil ég ekki hvernig það getur gengið til lengdar -- allt stígur takmarkalaust, nema inntektirnar, þær dóla í sama farinu.

¹ Þegar Indriði Einarsson var jarðaður fóst jarðarförin með húskveðju í Tjarnargötu 3c. Var áhrifamikið að sjá fylkingu góðtemplara ganga á undan líkvagninum, í fullum stúkuskrúða út í dómkirkju.

² Sænska stelpa, Ulla Wennerström (fædd Hallén 1923) gekk skömmu síðar í hjónaband með Guðmundi Vennerström. Hún var prestsdóttir, varð framámaður í héraðinu og í forystu bæjarfélagsins Karlstad eftir að héruðun sameinuðust.

Páll Líndal var fermdur á sunnudaginn og var þar enginn óviðkomandi, bara systkinin og Jón bróðir. --

Lýsir alvarlegu ástandi heilsu Sigurðar búnaðarmálastjór -- daufar vonir um bata. Segir af slæmri heilsu frú Jenson sem ekkert fer fram en Ólöf (Nordal) dóttir hennar er með betra móti. --

Prófessor Sigurður, maður Ólafar, er alltaf að tala í útvarpið, og á það nú heldur vel við mig og aðrar vildar-
Niðurlag vantar.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 21.11.1939.

Pakkar bróður sínum innilega fyrir gjöf, sem var gólfteppi fyrir borðstofuna hennar í Tjarnargötu.

-- Okkur líður vel og verð ég að segja að ég er meiri lánsmanneskjan. Ég sendi Eggert niður í bæ um daginn og fór hann á hjóli, var með tösku í hendinni, með pakkanum í, en norðanrok var þennan dag. Þegar hann kemur niður í bæ, þá kemur svo mikil vindkviða að hann feykist til og stýrir á bíl, en til allrar guðs hamingju meiddi hann sig ekki, en hjólið skemmdist talsvert og þótti mér það vel sloppið. Svona getur lánið verið yfir manni.

Theodór hefur verið skárri núna upp á síðkastið. Var hann almennilegur í rúml. ½ mánuð. Helgi Tómasson segist ekki geta tekið hann nauðugan, en hefur skyggt hann og talað við hann nokkrum sinnum. Hilda veit ekkert um það og má ekki vita það, en ég held að það hafi ef til vill einhver áhrif. Annars hefur T. ekki eins mikið að gera sem málflutningsmaður eins og áður, annars er það undarlegt að hann skuli ekki vera búinn að missa atvinnuna fyrir löngu og fyrirgera öllu sínu.

Nú er alltaf nóg að gera og verður fyrst um sinn, og er það meira en margur getur sagt nú. Það er nú þegar orðin mikil dýrtíð hér og er það sjálfsagt aðeins byrjunin, þó aldrei sé hægt að segja nákvæmlega um það og síst hér norður frá. Það er stundum gott að vera lítill og langt í burtu, þegar alls konar ógnir eru að ske.

Það var ósköp huggulegt hér á afmæli mömmu. Jón frændi var hrókur alls fagnaðar og *tanta* Maria er líkust því sem hún væri búin að kasta ellibelgnum, og er bara farin að standa uppi í hárinu á Jóni frænda. Það er aldrei hægt að fortaka neitt, maður hefði þó ekki einu sinni haldið að hún myndi taka upp á slíkri óþekkt, þegar hún væri komin á áttæðisaldur og að manni skuli finnast þetta framför - er það ekki *ómóralskt*? --

Hér er yndislegt veður, snjór yfir öllu og ósköp lítið frost en bjart veður. Börnin hafa nóg að starfa, byggja snjóhús og fara í alla þessa leiki sem alltaf endurtaka sig hjá hverri kynslóð --

Álfheiður H. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 22.11.1939.

Er hissa á hvað honum dvelst lengi í Khöfn, en þykir það þó skárri kostur en hitt --

-- með öllum þeim ósköpum sem þar ganga fyrir sig, bæði í Berlín og annars staðar í álfunni. Við þurfum svo sem ekki að vera hissa því Þorleifur,¹ vinur vor á Hólum í Hornafirði, fær ekki að sofa frameftir á morgnana, eins og hann þarfnast svefns - fyrir skothríð og skipagauli og finnst okkur -- við ekki geta kallast hlutlaus þjóð lengur. --

Sigurður búnaðarmálastj. var fluttur heim í gær. Gerðu lækarnir það fyrir þrábeiðni hans, en ekki af því að þeir álitu það skynsamlegt, hann er mesti vesalingur, en svo á ofan *deprimeraður*² --

Aðrar fréttir hef ég engar. Útvarpið er þrautleiðinlegt, meiri og minni lygaþvættingur með harmóníkuundirspili. Jón bróðir ætlar að lesa eitthvað í kvöld. Mætti segja mér að það yrði ef til vill skemmtilegt. --

Helgi frændi Hálfðanarson³ kom með Gullfossi, eins og þú skrifaðir mér, og fékk samstundis pláss á Reykjavíkrapóteki, með bestu launum, enda veitir ekki af, því Steinunn mágkona skilur ekki í að þau hafi nokkurn tíma fengið sig södd þessi tvö síðustu ár, eftir útliti þeirra að dæma. Hafði hann fengið gott próf -- er það sannarlega vel farið, eftir allt þetta strit. --

Pakkar fyrir blómlaukasendingu.

-- Skúli Skúlason systursonur er nú að fara heim til sín (*til Noregs*), og er það gott fyrir alla parta, þessi bær er ekki hentugur staður fyrir hann. --

¹ Þorleifur Jónsson (1864-1956) áður alþingismaður og bóndi á Hólum í Hornafirði.

² Niðurdreginn.

³ Helgi Hálfðanarson (1911-2009). Frægastur fyrir skáldskap og þýðingar.

Hér voru engin hátíðahöld í bænum 1. des., en aldrei hef ég séð stærri og fjölmennari skrudgöngu en þá. Lúðvig Andersen tók á móti henni niður í Hafnarhúsinu, og var víst rjóður vel. Var áætlað að þar hefði verið 8-9 þúsund manna í óstæðri hálku og stormi, sem þó stillti sig rétt á meðan þessu fór fram.

Það á nú að fara að safna handa Finnum hérna í bænum -- en hér er alltaf verið að betla og við þessir dauðans armingjar, svo ég skil ekki í að mikið muni um það sem við getum látið af hendi rakna, en víst væri gaman að geta eitthvað gert. -- Helga, veslingurinn, er aðalstoðin, þó hún sé eins og maður veit, en málhress, það er hún blessunin. Pabbi hennar spyr oft um þig og Helga bað mið fyrir bestu kveðjur til þín -- Kiljan Laxness er að skilja við sína konu, svona gengur þetta upp og niður, sannast þar sem oftast að „þeir sem saman vera vilja, vinir ættmenn hljóta að skilja.“ --¹

Þetta síðasta bréf kallast merkilega á við næsta bréf frá Stínu frænku minni frá Móum á Kjalarnesi. Sýnir stemningu og samúð á Norðurlöndum með Finnum í ófriði þeirra við Rússa. Það var ekki bara fjársöfnun heldur gáfu ýmsir ungir menn sig fram sem sjálfbodaliðar með Finnum í ófriðnum. Ég nefni einn: Snorra Hallgrímsson skurðlækni og síðast prófessor.

Kristín Guðmundsdóttir skrifar Friede. P. Briem. Karlstad. 9.12.1939.

-- skrifa til þess að óska þér og piltunum þínum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Aðalfréttirnar frá heimilinu eru að hjónin eru búin að kaupa jörð, er liggur 18 km. frá Karlstad og þykir mér mjög fallett þar úti. Byggingar eru miklar, tvö íbúðarhús, annað upp á tvær gríðarstórar hæðir, sem hjónin ætla að innrétta handa sér og flytja í þegar Ivar hættir, hitt er talsvert minna og á Guðmund að fá það til eigin afnota, svo er fjós fyrir 13 nautgripi, nýviðgert, hlaða, hesthús. Guðmund hefur verið heima um tíma og er nú fullur af áhuga yfir að fá að byrja búskapinn, hann fær ábúandaréttindi 14. mars og má byrja að vinna í skóginum 1. jan.

Hjónin eru ánægð með kaupin og vonandi verður þetta þeim allt þetta til blessunar. Else-Mari eignaðist stúlku þann 25. f. mán., dökka á brún og brá,² og var mikil lukka þar. Hilding býst við að verða innkallaður í herinn um jólin, svo alltaf er það eitthvað sem raskar ró fólksins.

Nú er ekki um annað talað hér, ekki síður en heima, sjálfsagt, en um Finnland, já maður tekur sér ekki blað í hendi án þess að síðurnar séu yfirfullar af hörmungum, já það er ekki ofsögum sagt þótt menn segi að heimsástandið sé brjálað.

Hér um allt land hafa farið fram samskot, bæði fata og peninga, til hjálpar Finnlandi. Ivar var að segja í dag að aldrei hefði þeim getað látið sig gruna að fólk yrði svo samtengt til hjálpar sem raun varð á.

Lóa og Ivar eru búin að ákveða að hafa „soaré“ hér n.k. miðvikudagskvöld á *residensinu*³ og reikna með að geta haft 200 manns og er meiningin að selja innganginn. Ágóðanum verður varið til hjálpar Finnlandi, já svo er nú ekki um annað tala hér en hvernig allt kemur til að ganga kvöldið það.

Astrid er orðin 4ra ára, yndisleg. Nú er hún byrjuð að stafa og ganga í dansskóla, svo hún kemur til með að fá á sig fínan blæ eftir námið.

Jæja þá er víst best að enda bréfið með kveðju til ömmu í Nesi og mömmu þinnar. Bið svo innilega að heilsa drengjunum þínum og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs. Lóa og Ivar biðja að heilsa og senda ykkur jólaóskir. --

¹ Þetta var eftirminnilegur fjöldafundur. Einnig annar sem var í Suðurgötu 26 þar sem finnski konsúllinn bjó. Ég fylgdist með hvou tveggja.

² Ingegerd Boström (1939-?) varð mikil forystukona í hjúkrunarstjórnun í Svíþjóð.

³ Embættisbústaðnum, sem reyndar setur svip á miðbæinn.

1940

Í bréfasafnið sem ég vinn nú úr vantar mikið af bréfum, ekki síst frá þessu og næstu árum. Þau bréf voru gagnasafn fyrir bók mína um Helga P. Briem: Minningar mínar (2011).

Bréfasafnið, bæði frá honum og frá fjölskyldu og vinum er í skjalasafni Helga í handritadeild Landsbókasafnsins.

Gögnin voru hagnýtt við ritun ævisögunnar, vitnað í þau, ýmist í meginmáli, þau talin upp í heimildasafni eða með tilvitnunum í þau, bæði í ævisögunni sjálfri: Portúgal - Bréfamiðlun - fréttabréf (bls. 270-280).

Einnig í grein minni í sama riti: Fréttabréfa- og bréfamiðlun Helga P. Briem 1940-1942. Þar er m.a. fjallað um upplýsinga- og bréfamiðlun hans milli Íslendinga og Færeyinga heima og á meginlandi Evrópu (bls. 309-330).

Naut hann þar einkum aðstoðar systur sinnar Friede P. Briem. Skrifuðust þau einkum á vegna þess.

Álfheiður H. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 2.1.1940.

-- Við höfum öðru hvoru verið að búast við að fréttu af ykkur suðrí Berlín, af því að þegar Jóhann Jósefsson¹ kom heim á annan í jólum, var eitthvað verið að *fabla*² um, að hann og þið, hefðu verið í Þýskalandi við samninga, en ég held Jóki hafi sagt það til að friða *háttvirta kjósendur*, sem líklega hefur verið farið að þykja nóg um frið og dagpeningana í Höfn. --

Við Dídí vorum niðri hjá Friede á aðfangadagskvöld, ekkert var samt jólatréð, því skipið kom ekki fyrr en á jóladag. En við höfðum það gott án þess og á jóladag vorum við hjá Hildu, og þar var nú jólatré í lagi, því vinur þeirra, Jón Árnason³ kom rétt fyrir jólin heim með tvö tré og gaf hann náðunum annað þeirra, ungvíðinu til óseggjanlegrar gleði. Á annan var svo Theodór og Hilda með allan hópinn sinn og Friede með drengina hjá mér og var selskapið vellukkað í hæsta máta. Á gamlárskvöld var svo Jón bróðir með allt sitt, börn og barnabörn, hjá mér og gekk það prýðilega og líkaði það vel sem fram var borið. --

Í dag er komið norðanveður, annars hefur verið hér þíða og blíða allt haustið -- og er það gott uppá kolin, sem nú eru komin upp í 92 kr. Rafmagnið er líka stigið, svo það er ekki einstök báran. --

Pakkar fyrir sælgætissendingu og biður guð launa honum. Einnig fyrir garðlaukasendingu sem hægt var að koma niður í garðinn þegar jörð þiðnaði um skamman tíma.

Segir frá Sigurði búnaðarmálastjóra sem aðeins er farinn að geta rölt um, samt hálf lítillsigldur.

-- Ég er svo gott sem iðjulaus, en tek því með stöiskri ró og felli mig vel við iðjuleysið og sé á því að ég er farin að ganga í barndóm. -- Mál er að hætta, enda penninn að verða galtómur, að ég nú ekki tali um andríkið, sem aldrei var neitt. --

Álfheiður H. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 29.1.1940.

-- ekki er ég að jagast yfir veðráttunni, það er líkara sumri en vetri. Ég held að maður fari að sá í garðana hjá sér!! --

Eggert (*sonur hennar*) hefur legið í þrjár vikur og er það áhyggjuefni hvað heilsan er veil, hann kann ekki að hlífa sér, hefur allt of mikið að starfa -- *væri betur jafnar skipt milli þeirra* -- þig og þína starfskrafta sýnist lítið brúk fyrir þetta síðasta ár, en hann sér ekki út úr sínu -- í þínum sporum myndi ég pakka saman innbúinu, losa mig við dýra íbúð, Sophie og Kristján Albertsson, mér finnst þetta svo meiningarlaus tilhögun, en auðvitað er þetta bara mín privata meining, sem er einskis virði.

Stjórnin okkar hefur nú ekki gert annað þessar síðustu vikur en að koma Einari Benediktssyni í jörðina, er sú athöfn búin að kosta landið ekki svo litla fúlgu, en við erum svo rík hérna að það munar ekkert um nokkrar þúsundir. Svo veit ég fyrir víst að bæði Valgerður og Hlín vilja fá eftirlaun eftir hann, Valgerður fyrir að vilja ekki vera hjá honum þessi síðustu árin, þegar aurarnir og heilsan var þrotin, og Hlín fyrir að vera hjá honum þessi síðustu árin, það er ekki öll vitleysan eins, sagði kerlingin þegar kallinn hennar varð

¹ Jóhann Þ. Jósefsson, alþingismaður Vestmannaeyinga 1923-1959.

² Rövla!

³ Jón Árnason bankastjóri Landsbankans og síðan einn af bankastjórum Alþjóðabankans í Washington.

aðventisti! Einar var klæddur í kjólföt og keyptir lakkskór á fæturna, að maður nú ekki nefni silkifána og þess háttar smálegt. Kistan var svipuð í þessu og hér voru haldnar tvær ræður og sungið einhver ósköp og spilað. Svo tók þetta sig upp aftur, daginn eftir á Þingvöllum. Það var nú mesta mildi að ekki skyldi allt fara á bólakaf í bleytunni á leiðinni austur. Þegar er nú farið að leika sér með dauðann, þá finnst okkur, sem misst höfum okkar dýrmætasta frá okkur, fara skörin upp í bekkinn, burtséð frá því, hvernig nú þessi gáfaði og glæsilegi maður fór með sitt pund í lífinu, það þekkti ég vel, bæði fyrr og síðar, sá dauði hefur sinn dóm með sér, auðvitað, en mórallinn er orðinn lítills virði í augum þjóðarinnar. Svo hoppar stjórnin okkar kringum þetta allt, og allir fínir vilja þeir gefa orð í belg. Verður svo stjórn sú er óstjórn kallast úr öllu saman. --

Segir frá hrakandi heilsu Sigurðar búnaðarmálastjór, sem þó fór austur í Hveragerði, og Sigríðar Jensson, vinkonu sinnar, sem hefur verið hálf tál á spítala, mikill aumingi.

-- Aftur var séra Árni frændi Þórarinsson að júbílara (80 ára) fyrir skömmu; ég sem stórfærka fór inneftir til hans, því ég tók ekki "deil" í samsætinu fyrir hann, maður fer ekki í þess háttar hóf nema þegar synir manns eru að "dispútera"¹ og þess háttar, enda mesti kúfurinn farinn af æskufjörunu manns. Samsætið hafði verið fyrirtak, nema hvað ræður höfðu verið eilítið og margar, ætlaði sú mælgí að gera út af við heiðursgestinn, og fleiri höfðu verið illa komnir! Það er svo, að "öfmiðið og öflítið" skaðar alltaf, en frændi var afar glaður yfir öllu "vínakinu" og var það vel farið. Væri ekki gott ef allir væru líkt skapi farnir og t.d. ég, ekki gæti mér neitt verið leiðara en svona vitleysisgangur, enda þarf maður ekki að óttast neitt slíkt um ævina, þrátt fyrir þessa samsætisöld. --

Systur þinar keppast, allt hvað af tekur, Friede með píanókennsluna að auki. --

Hjá Jóni bróður líður þrýðisvel og þau yngjast upp, gömlu hjónin, en systurnar standa í stað. --

Álfheiður H. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 20.12.1940.

-- Eggert litli Ásgeirsson er nú að komast á fætur eftir þetta síðasta kvefkast. Þau eru tíð og þreytandi síðan hann hafði lungnabólgu í sumar.² --

Í gærkveldi sátum við í kolamyrkri -- bilaði rafmagnið rétt einu sinni. Það kom sér vel, eða hitt þá heldur því verið var að kjósa presta og að halda upp á afmæli Palla Línal, drengjunum sem þar voru saman komnir, 11 að tölu, þótti það auka gleðina heldur en hitt, og fóru að segja draugasögur og bryðja brjóstsykur í dimmunni. Foreldrunum þótti það hins vegar ekki út af eins spennandi að láta jólakerti brenna niður 10 nóttum fyrir jól. --

¹ Sjá: *Minningar mínar*, bls. 250-251).

² Þannig var að hálskirtlar voru teknir úr mér af Jens Jóhannessyni, háls-, nef-, og eyrnalækni. Var það vafasöm lækning sem mikið var stunduð og lengi. Var ég reyndar í „sveitinni“ í Nesi með kvef þegar kallið kom frá Landakotsspítalanum. Upp úr því fékk ég lungnabólgu, var ekki hugað líf, lá lengi á spítalanum og var lengi að ná mér. En svo vildi til að *súlfalyfin* frumstæðu, sem komu á undan *penisillíni*, drógu dilk á eftir sér, þó þau björguðu mannslífum. Mér var þetta minnisstætt vegna þess að ég lá í rúminu en gat fylgst með hergöngum á sunnudögum eftir Tjarnargötu, þar sem Skotarnir, gengu með sekkjapíputónlist eftir Tjarnargötu, fyrir og eftir messu. Þó var legan á Landakotsspítala minnisstæðari. Hefur mér orðið tíðrætt um þá reynslu og nenni ekki að endurtaka það mál.

1941

Álfheiður H. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 16.2.1941.

-- Jóna kom verst út úr influensunni, fékk „blettalungnabólgu“ og var flutt á spítala og dóttirin, ungfrú Álfheiður var sama dag flutt í Tjarnargötu 24 og kann prýðilega við sig, efnilegt og indælt barn og svo góð og þæg að út yfir tekur. Jóna er nú að verða hitalaus, en verður að liggja áfram -- því þetta hefur tekið svo mikið upp á hana. -- Þeir virðast ekki fatlast karlarnir sem þurfa að láta vélrita fyrir sig, því enginn stans er á vinnunni. -- Á morgun á að opna skólana aftur og er það mörgun foreldrum léttir. --

Það er búið að troða upp á mann nýju prestunum og síðan þeir voru settir inn með pompi og pragt, hefur kirkjan ekki verið opnuð og er það sköpleg tilviljun. Annars höfum við séra Bjarna okkar áfram en verst af öllu er að hann er farinn að tala blaðalaust, og hefur það síst orðið kröftugra við þá breytingu. En hann gerir eins og hann getur, veslingur.¹ -

Mikið eru við lukkuleg yfir ríkisstjóranum okkar, enda varla á betra vól, þó leitað væri með logandi kerti. Hendrik sonur þeirra er nýgiftur systurdóttur Einars Jónssonar myndhöggvara, laglegheita stúlku, en ekki vel hraustri. Elísabet er í kaupavinnu og vill borða með vinnufólkinu, ekki er tepruskapurinn í telpunni, þó hún sé stúdent og dóttir föður síns. --

Drengirnir hérna eru báðir í burtu, Páll veiðir silung í frítímanum, en Eggert rekur kýrnar og keyrir rakstravélina, enda segir Ragnheiður litla Briem að hann sé fullorðinn og með flibba eins og pabbi hennar. Lengra verður ekki jafnað. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 17.2.1939.

-- Þakka þér hjartanlega fyrir rúsínur, sveskjur og epli sem maður er alltaf að gæða sér á. -- Allur minn frítími lendir í vaxti og svo að segja strákunum til í reikningi og að grípa í að hlýða þeim yfir litlu töfluna, Eggert Ól. tvítýndi henni niður í fyrravetur eftir að ég sigri hrósandi hafði kennt honum hana, það er ábyggilega met! Jæja, en nú finnst mér áhuginn hjá honum vera að glæðast, svo þetta smá kemur en hann vex svo skelfing ört að hann er orðinn 158 cm. eð 3 cm. hærri en ég. --

Segir frá influensunni sem strákarnir o.fl. lögðust í.

-- Ég hef alltaf svo mikið að starfa, nokkur spennandi mál frá Jóni Hallvarðssyni, eins og Láru-miðils málið sem var eins og meðal reyfari. Það þurfti að hraða því svo mikið að ég bað mömmu um að lesa það saman með Dídí, og gamla konan var með rósir í kinnunum og glampandi augu af spenningsvið lestinum. Það urðu nú margir slegnir þegar það allt komst upp, en frúin hlýtur að hafa haft góða leikarahæfileika, það verður ekki af henni skafið.

Nú er Ófeigur læknir (Ófeigsson) giftur og þá var hún Gerður (Jónasdóttir, Jónssonar) ekki lengi að giftast sínum gamla kærasta Eggert Steinþórssyni (lækni), svo nú verður fólk að finna eitthvað nýtt að tala um, bæði ég og aðrir - eitthvað virkilega gómsætt. --

Páll Ásgeirsson skrifar Friede Pálsdóttur Briem. Móum. 13.6.1941.

Elsku hjartans mamma mín. Ég þakka þér fyrir sendinguna. Mér líður vel.

Guðmundur sagði mér að skrifa þér stutt bréf. Mér er sagt að ég eigi að fara austu í Biskupstungur. --

Þetta var örlagaferð að Sólheimum í Biskupstungum til Sesselíu Sigmundsdóttur sem var það með barnaheimili. Svo fór að Páll veiktist þar og var lengi í rúminu, án þess að Sesselía léti mömmu okkar af því vita. Þetta var barnaheimili sem beitti einhverjum þýskum eða ítölskum uppeldisaðferðum. Sennilega veiktist Páll af berklum, sem var feimnismál, kallað bólgur kirtlar á bak við lungun! Mamma sá alla tíð eftir þessu og ásaði sjálfa sig fyrir, svo lengi sem hún lifði, þó varanleg áhrif á Palla væru engin.

Þórdís Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 4.7.1941.

-- Er mögulegt að senda þér bækur -- alltaf kemur eitthvað nýtt, t.d. Tómas Sæmundsson eftir Jón frænda; hún er alveg ljómandi skemmtilegt, mig langar bara til að heyra meira um þennan sniðuga langafa okkar, sá þorði nú að segja meiningu sína, það líkar mér nú alltaf svo prýðisvel.

¹ Þessi tímamót eru mér eftirminnileg. Ég fór frá unga aldri mikið í kirkju. Þegar heim var komið vorum við bræður jafnan spurði um hvað presturinn hefði talað um. Svo gerðist það, einhvern tíma að ég hætti að skilja hvað talað var um. Sérstaklega var séra Bjarni erfiður. Ég vissi að einhvern tíma hætti hann að skrifa ræðurnar. Nú sé ég af orðum ömmu minnar hvenær það hefur verið.

Þú getur ekki ímyndað þér hve margir hafa hringt til okkar til að þakka fyrir bréfin sem komið hafa í gegnum þig. Ef það er nokkuð sem getur gert þig *populær*¹ meðal fólks, þá eru það þessar bréfasendingar. Það var regluleg *brainwave* að þér skyldi detta í hug að hafa þetta svona. --

Vorið hefur verið með afbrigðum gott og allt stóð svo vel í garðinum. Ég hef nú verið aðal-garðyrkjukonan í vor og sumar, því Friede hefur ekkert getað gert, en hún keypti þessa forlata sláttuvel, svo nú get ég slegið, hvenær sem þörf krefur og er það mikill munur, heldur en að þurfa að vera kominn upp á þessa leiðinlegu og dýru sláttumenn. Heldurðu ekki að Brun nágranni hafi ekki verið alveg vitlaus í að eignast helminginn af gripnum, svo við létum það eftir honum og seldum honum helminginn, því annars hefðum við þurft að lána honum vélina, svo það var alveg eins gott að fá aurana.

Annars var ég alveg rasandi út í hann, þann 17. júní. Heldurðu ekki að sv. hafi flaggað með grútskítugri og rifnri dulu, það var svo sem ekki af því að hann ætti ekkert betra, því nokkrum dögum áður flaggaði hann fyrir afmæli Bretakonungs, með spánnýrri dulu. En maður verður aldrei hissa á þessari tegund af *Baunum*,² hvernig þeir leyfa sér að koma fram við okkur, en annars ætti maður ekki að vera að ergja sig --

Heldurðu að það hafi verið lagleg sending, einu sinni hérna í vor. Þá kom reyndar góður kunningi minn, sem er hérna í hernum, að heimsækja mig. Hann hefur komið nokkrum sinnum hingað heim, því ég vil helst ekki fara á Hótel Borg, og þá er ekki í annað hús að venda, en láta manninn koma heim. En þú getur trúað að móðir vor er ekki hrifin, fyrst og fremst af því að hann kemur til að heimsækja mig og svo reykir hann nokkuð mikið. svo morguninn eftir var mikið fussað og loftað út!! Svo stendur hann stundum nokkuð lengi við, en það er aldrei beint þægilegt að reka gesti sína út, svo þetta var hálf erfið „*situation*“, að mega hvorki vera heima, eða fara út, sérstaklega fyrir manneskju á mínum aldri, en hana minnir líklega alltaf að ég sé um tvítugt! blessunina, en maður verður að taka því með jafnaðargeði og láta það sem sagt er koma beint inn um annað eyrað og út um hitt, því að mörgu leyti hef ég það náttúrlega ágætt, þó svona smávegis getir verið dálítið þreytandi. --³

Jón Helgason skrifar Helga P. Briem. Reykjavík. 10.7.1941.

Elskulegi frændi! Fyrir margt hef ég ástæðu til að þakka þér. Nú síðast fyrir vinsamlegt skeyti ykkar Doris á fæðingardegi mínum hinum síðasta, er *konstateraðir*⁴ fyrir allri veröldinni, að móðurbróðir þinn væri nú hálfátræður, sem engum finnst ótrúlegra en honum sjálfum, því nú er það sannast sagna, að mér finnst ég ekki hótinu eldir en fyrir 25 árum! Hvort mér hefði fundist hið sama *ef* ég hefði enn hangið í embætti - það er annað mál.

Því næst erum við hjónin þér hjartanlega þakklát fyrir það samband, sem þú tókst upp hjá sjálfum þér, að *etablera* milli minnar gömlu mágkonu í Khöfn og Maríu *töntu*⁵ þinnar. Ég get fullvissað þig um, að þær elska þig báðar *út af lífinu* fyrir þá hugulsemi. Það var ekki hægt, eins og á stendur í veröldinni að gera þeim meiri greiða en þú gerðir með því.

Annars höfum við úti hér ekki nema allt hið besta að segja af okkar líðan.⁶ Vetur kom hér enginn, svo teljandi sé, á þeim tíma sem teljandi sé á þeim tíma, sem almanakið ætlaðist til að hér væri vetur. Eins hefur vorið verið alveg hretlaust, þó dálítið votviðrasamt núna síðustu vikunar. Rétt álitíð held ég, að segja megi með sanni, að ekkert land í Norðurálfi eigi það betra en Ísland í þessari tíð, þrátt fyrir allt. Óneitanlega gerast hér ýmsir þeir viðburðir, sem enga okkar hefur dreymt um að kæmi í okar hlut að lifa. Ég hef nú aldrei verið ginkeyptur fyrir stórbreytingum í afstöðu okkar til alheimsins, en úr því að nú ekki varð hjá því

¹ Vinsæll.

² Baunar er nú hálfgleymt orð, sem ekki er einu sinni vel skilgreint í orðabólum. Niðrunarorð sem tengist innflutningi bauna og úr því kom líka *baunskur* og *baunverskur*. Nú er þetta framandi en var á mínum æskudögum algengt og auðskilið.

³ Ég man aðra útgáfu af þessum samskiptum við Wells, eða hvað hann nú hét. Hann kom nokkrum sinnum í heimsókn og höfðum við Palli gaman af að skoða glæsilegan hermannafrakka, kaskeiti og skammbyssuna hans, sem hékk á snaga á neðri hæðinni, við útidyrnar. Ég svaf í örsmáu kamesi inn af borðstofunni á annri hæð. Þar lagði ég mig til svefnis, en varð vitni af því er amma Álfheiður, kallaði Þórdísi fyrir sig og las yfir henni og lýsti vanþóknun sinni á heimsókn Wells. Þórdís virðist hafa kynnst honum lauslega þegar þau voru við nám í Oxford, löngu fyrr. Amma skírskotaði til virðulegrar ættar og þeirrar skammar sem Þórdís kallaði yfir fjölskylduna. Ekki man ég orðin sem hún viðhafði. Ekki get ég gleymt fyrirlitningartóni hennar gagnvart Wells og niðurlægingu hennar á dóttur sinni. Viðbrögð ömmu voru þau sömu eins og gagnvart móður minni, þegar faðir minn og hún voru í tilhugalífi sínu. Strangleikinn var niðurlægjandi. Sjá þar.

⁴ Lýsti yfir.

⁵ Um öll svona óljós sambönd var þetta ágæta orð notað; *Frændi / frænka*.

⁶ Jón Helgason, biskup, dó 19.3.1942.

komist að velja sérstakan ríkisstjóra, þá finnst mér, að ekki hafi - að mér sjálfum undanteknum - verið hægt að fá betri mann í þá stöðu en Sv. B. Og ekki verður betur séð en að ánægjan með valið sé einróma um landið allt.

Um það sem gerðist í dag, get ég fáorður verið, enda hafa þeir pamfflar¹, sem mestu ráða um vorn hag, alveg látið undir höfðu leggjast að ráðfæra sig við mig, áður en þeir stigu hið þýðingarmikla spor.²

Eins og fyrra daginn hefi ég síðan við sáumst síðast lifað mestmegnis í námunda við blekbyttuna, enda uni ég mér hvergi betur en þar. „Tómas“ minn fékk loks að sigla út á markaðinn í byrjun eða um miðjan mars. Og hafði það kostað mikið arg og ergelsi að komast þá leið á enda. Móttökurnar sem bókin hefur fengið hafa verið góðar til þessa, jafnvel einn, J.J.³, hefir farið um hana lofsamlegri orðum en ég gat búist við úr þeirri átt.⁴

Um hina bókina, *Árbækur Reykjavíkur*, er það að segja að hún síðan í júní öll vélsett og prófarkir lesnar - en þegar til kom, vantaði pappírinn⁵ til að prenta á! Fyrir það gat skruddan ekki komið á þeim tíma sem áformað var - 21. júní. - En einmitt í þessu augnabliki hringir *forleggjarinn* til mín, að nú sé pappírinn kominn. Og ég sagði *bravó!* svo heyrast mátti í næsta herbergi, því satt að segja var ég orðinn hálfstúrin í skapi út af drættinum. Því þótt, gott sé og gagnlegt að ganga í þolinmæðinnar skóla, þá má of mikið af öllu gera. *Árbækurnar* verða 450 blaðsíður í *postil format* eins og Tómas, Hannes og Jón Halldórsson.

Leiðast þykir mér að geta nú ekki komið neinu af þessu *litteræra* dóti mínu suður til Portúgal! Eða getur þú kennt mér nokkuð ráð til þess?

Þá er í áformi að prenta þriðja verkið úr minni fabrikk á næsta hausti. Það ritverk kemur til að heita: *Þeir sem settu svip á bæinn* eða eitthvað því líkt, en efni bókarinnar eru sex útvarpserindi, flutt á næstliðnum vetri, sem ég nefndi þá: *Frá Reykjavík uppvaxtarára minna*. Fólki þótti gaman að þessum erindum og því komu tilmæli frá Ísafoldar-prentsmiðju til mín um að mega gefa það út. Hefi ég því búið þau, talsvert umskrifuð og endurbætt til prentunar.

Af öllu þessu gumi um sjálfan mig getur þú að minnsta kosti ráðið, að heilsa mín er allbærileg, eða hafi verið til þessa.

Og svo ætla ég ekki að mæðast lengur á þolinmæði þinni, og því slæ ég botninn í bréfið, biðjandi þig forláts á masinu öllu og óskandi þér, ásamt þinni kæru Dóris, árs og friðar og allra heilla.

Með kærstu kveðum okkar allra.

Þinn einlægur frændi. --

P.s. Úti á nr. 24 líður öllum upp á það besta. Ég talaði við Fríðu og Dídí fyrir hálfum tíma og voru þær hinar hressustu. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 19.7.1941.

-- Ég fékk aldrei fyrstu bréfin 48 og þ.a.l. engar leiðbeining í með skýringum og þínu heimilisfangi⁶ var með -- mikið er fólk búið að þakka þér þetta, þar eð þetta oft voru þetta fyrstu fréttir sem fólk hér fékk frá sínum ættingjum eftir að allir þess erfiðleikar urðu. Eins er mér þakkað mjög mikið og blessunarorðum rignir yfir mann, og er það svei mér bærilegt, en auðvitað er aðalþakklætið ætlað þér. Fyrstu bréfin komu 20./4. og 23./4. og sendi ég þér skeyti 1./5. og kvittaði fyrir 49-84 en daginn eftir fékk ég skeyti frá þér þar sem þú biður mig um að síma þér, en skeytin höfðu *krydsað*⁷ hvort annað. --

Segir hún hvernig hún ætli að hafa skipulagið framvegis og hvernig skil hafi verið. Einnig sendi hún nokkrar úrklippur til Jónasar Jónssonar úr dönskum blöðum.

-- Hann (*Jónas*) er annars norður í landi núna. Hann er talsvert breyttur þar sem sagt er t.d. að hann hafi tekið sér mjög nærri þetta eina atkvæði sem hann fékk í ríkisstjórakjörinu, ekki veit maður hver gaf honum

¹ Lukkuhrólfar.

² Ríkisstjórnin óskaði eftir hvernd Bandaríkjamanna.

³ Hriflu-Jónas lagði hann hálfgerð í einelti á biskupsárum hans, meðan Jónas hafði einhver völd.

⁴ Jónas Jónsson frá Hriflu og Jón voru lengi andstæðingar. Helgi og Jónas voru hins vegar nánir vinir.

⁵ Já, pappírinn var afleitur, enda bókin þessi góða, þykk í samræmi við það.

⁶ Aðferðin var í stuttu máli sú að fólk á meginlandi Evrópu og á Íslandi sendi Helga bréfin til Lissabon í Portúgal og hann sendi þau áfram á adressurnar hinum megin hafsins. Friede annaðist dreifingu bréfanna hér á landi og leiðbeindi fólki um hvernig koma mætti svarbréfum áfram til meginlandsins.

⁷ Mæst á leiðinni!

það, en það er getið sér til um Ísleif Högnason, Vilmund (Jónsson) eða Pál Zophoníasson, því PZ er dálítið erfiður sem stendur, og í atkvæðagreiðslunni um viðskiptaháskólann sem Jónas vildi að væri utan Háskólans, og lagði mikið kapp á, var P.Z. á móti því og var fellt, (*innan sviga skrifar F.P.B: Féll á atkvæði P.Z.*) og er nú ein deild af Háskólanum, eins og vera bar.¹

-- er almenn ánægja út af ríkisstjórákjörinu og finnst okkur að ekki hafi verið völ á betri manni í stöðuna. --

Segir frá að dauðlegt sé yfir bænum eftir að Hekla var skotin niður og 14 menn fórust.

-- Strákarnir mínir eru í sveitinni, í Nesi og Móum.

-- Jón frændi (Helgason) er búinn að ljúka einni bók núna, er það saga Reykjavíkur síðustu 200 árin, hann nefnir hana Árbækur Reykjavíkur, og stendur aðeins á pappírnum, annars væri búið að prenta hana. Hann er mjög vel ern og alltaf að starfa, og er það sjálfsagt eitt meðal annars sem hjálpar til að gera hann ungan í anda. --

Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 6.9.1941.

-- Hér var opnuð garðyrkjusýning ein mikil og gerði okkar „*rara*“² ríkisstjórafrú það og fórst víst prýðilega, að minnsta kosti gaf Unnsteinn² henni einkar fallegan blómvönd fyrir vikið. Allt þetta las ég um í Morgunblaðinu, og er þá óþarfi að efa það. Ef ég skyldi einhverntíma meðan sýningin er opin vera höfðuðverkjalítill, ætla ég að fara með tvær krónur uppá vasann, meðan sýningin stendur og kaupa mig inn, ég gleymi aldrei sýningunni sem þú fórst með mig á í Berlín, þar var gaman að vera, en þeytt var ég, það var áreiðanlegt. --

Ég upplifi ekkert, hef ætlað suðrí Hafnarfjörð að heimsækja Pál og Inger, en ekki hefur það komist í verk í framkvæmd enn, kannski ég geri bara eina ferð úr því og komi við á Bessastöðum um leið, þegar þar er komið í lag. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 11.9.1941.

-- Aðeins nokkur orð úr því ég slæ utan um bréf til þín -- Ég fékk 4. sept. ca. 50 bréf sem voru send út samdægurs og er nú alltaf verið að hringja til að þakka fyrir þau og skila ég þakklætinu hér með til þín. Engin bréf komu í ágúst, svo fólk var orðið vondauft um að þessi leið væri opin enn. Jæja, hvað um það, gott er hvað lítið sem hægt er, því allt er tekið fegins hendi.

Hefurðu nokkuð heyrt frá Halli³ syni Halls tannlæknis. Hann var ósköp dauður yfir að fá engar fréttir af syninum. -- þú værir vís til að setja þig í samband við Hall yngri, en hann er í Kaupmannahöfn og hefur numið tannlækningar.

Páll Þórir er heldur ánægður að vita að sitt bréf hafi komist í þínar hendur -- hann lifir og andar í veiðiskap -- allt frá marhnútum til laxveiði. Hann fékk stöng í afmælisgjöf, keypti sér sjálfur veiðihjól og veiddi silunga í öllum frístundum, þegar vel veiddist gaf hann fólkinu með sér af veiðinni, annars sat hann að henni einn, gerði að og frúin matreiddi.

Eggert Ólafur er ekki kominn heim, er á kafi við að taka upp kartöflur og hefur að sögn verið hinn duglegasti í sumar -- Hilda kom heim með börnin fyrir tíu dögum vikur og Sigríður sótti Steinunni fyrir viku síðan og fékk Ragnheiður að fara með henni og þótti henni æði uppbyggileg ferð að sjá allar kýrnar, hestana, kálfana og lömbin; tveir voru hundarnir og hétu báðir Snati. Þótti bæði henni og mér óþarflega mikil tryggt við nafnið. Kom okkur þó saman um að eigendurnir yrðu að fá að ráða þessu. --

Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 4.10.1941.

-- Mild veðráttan -- Þegar maður fær ekki nema ½ tonn af kolum í einu hefur veðráttan ekki lítið að segja. - Sá eini sem ekki hefur verið frískur undanfarið er Jón bróðir, hann er óþekkur að leita læknir, eða öllu heldur, hann á til að segja læknum Helga Tómassyni, bæði hvað að sér gangi og líka hvað hann eigi að brúka, hefur okkur Maríu fundist þetta býsna óvanalegt, enda Helgi enginn „*specialisti*“ í magasjúkdómum.⁴ En nú fór hann þó eftir margar eftirtölur til dr. (*Halldórs*) Hansen, og rannsakaði hann gamla manninn, „*kleip hann og kreisti*“ og í gær var svo tekin mynd af honum, þótti honum þetta óþarfa íhlutunarsemi, var óvanur að fá ekki að vera í biskupsskrúða eða „*kjól og hvítu*“ á mynd. Varð úr þessu

¹ Stjórnandi Viðskiptaháskólans var Steinþór Sigurðsson (1904-1947) jarðfræðingur sem fórst í Heklugosinu; giftur Auði dóttur Jónasar.

² Unnsteinn Ólafsson skólastjóri Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði.

³ Hallur Hallsson (1920-1980) tannlæknir sonur Halls Hallssonar (1890-1968) tannlæknir.

⁴ Helgi Tómasson, bróðursonur hennar var geðlæknir

mesti gáski. Í dag segist hann vera frískur, en myndin verður ekki framkölluð fyrr en á morgun. Annars hefur Jón ofboðið sér með vinnu við þessa nýju bók, lítur ekki út fyrir að hann munu eftir því að hann er hálfátræður. --

Segir frá Kristni stjúpssyni sínum og Kristínu konu hans sem er á spítala. -- Páll sonur þeirra er nýtrúlofaður laglegri vestfirskri stúlkunni.

Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 10.11.1941.

-- Frá okkur er allt gott að fréttu, allir eru frískir -- Allt ungviðið gengur nú í skóla og „týnir niður“, en engin leið er að frá breytt um, þó greyin séu langt fram úr hinum, verður svo *resúltatið*, að enginn lærir neitt, það er aumi tíðarandinn þetta, svo er stungið upp í þau „vítamín“töflum. Á það sjálfsagt að vera til þess að andagiftin og heilabúið aukist!¹ Páll litli, hennar Friede, virðist ætlað að verða áhugasamari en hann hefur verið við lærdóminn, og segist ekki „ansa strákunum í tímunum“. Þykir okkur gamla fólkinu það góð framför, því manni hefur ekki fundist vera skortur á andsvörum þegar Hafsteinn Ziemsen² hefur ávarpað hann, þó í skólanum væri. Líka er Páll minn farinn að vera áhugasamur með músikkina. Er það mömmu hans mikið gleðiefni.

Eggert minn er fremur daufgerður við vísindin og hefur nú verið með hönd í fatla í ½ mánuð en hann datt í skólafortinu. Hann er eitthvað svo stíður aumingja strákurinn. Báðir finnast mér þeir vera vel innrættir og vænir drengirnir. Finnast mér það alltaf vera það fyrsta, að vera góð manneskja.

Jón bróðir hefur verið ósköp lasinn í allt haust. Heldur finnast mér hann hressari þessa síðustu daga, hann leggur ósköp af og er gugginn í útliti, enda matarlyst engin. Það sem hann má fá er ósköp kraftlítið. Hann leggur líka fullmikið að sér með bókaútgáfu, man aldrei að hann getur ekki boðið sér það sama nú eins og meðan heilsan og fjörið voru í algleymingi. --

Friede P. Briem skrifar Doris og Helga P. Briem. Rvík 16.11.1941.

Í bréfinu eru upplýsingar um bréfasendingar, sjá H.P.B.: Minningar mínar.

-- Mestu gleðitíðindin þóttu mér samt af ykkur *privat* og vona ég að allt gangi nú vel fyrir Doris blessuninni, því að það er nú svo að mér finnast engin hamingja jafnast á við það að eignast barn og sjá það lifa og dafna og verða að lítilli sjálfstæðri veru sem hefur sínar skoðanir og sín persónueinkenni. Verð ég að segja að þessi einstaklingur verður í góðum höndum ef þið lifið og blessað litla barnið fær að njóta ykkar. Ég óska ykkur alls hins besta Helgi minna, það veistu líka. Maður á Fjalli veit um þetta og það er ekki verra.³ --

Nú í dag kom Jón frændi⁴ með Árbækurnar handa þér og sendi ég þær af stað á morgun -- og eitthvað ætlaði ég að ná í fleira nýútkomið. Eins sendi ég þér úrklippur úr Vísi, grein um Árbækurnar og eins greinar út af nýrri útgáfu á Laxdælu, eins mun ég senda þér hana þegar myndirnar í hana eru komnar. Mér finnast hún mjög aðgengileg til aflestrar fyrir börn og álíka gáfaða og mig og hafa strákarnir rifist um hana til að lesa; aftur á móti hefur Eggert guggnað á Grettissögu í nýju fornritaútgáfunni.

Ég hef verið að vinna dálítið fyrir próf. Nordal. Kom hann fyrir nokkrum dögum og barst þessi útgáfa þá í tal og er hann mjög ánægður með hana og segist ómögulega geta hneykslast á þessu og sagði t.d. um Grettis sögu að sér fyndist ætti að sleppa innganginum sem væri lítills virði og byrja strax á að segja frá æskuárum Grettis. Út af *skopfrumvarpinu* í þinginu um útgáfu Íslendingasagna, sem e.t.v. yrði fljótlega að lögum, var prentun Laxdælu hraðað svo að unnið var að henni dag og nótt og hún látin koma út þó að myndirnar væru ekki tilbúnar; og sama kvöldið settist menntamálaráðherra á rökstóla hvað gera skyldi og gat ekki dottið betra ráð í hug en að snúa sér til Fornritafélagsins og láta það nú banna sölu bókarinnar og brosti S.N. í kampinn yfir þessari molbúasögu - þar sem einmitt þeir höfðu leyft að fara eftir þeirri útgáfu. H.K.L. sagði N. þetta en þegar S.N. sagði okkur þetta höfðu þeir ekki komið til hans. Það er margt broslagt í litlu bæjarfélagi.

¹ Hér á amma mín sjálfsagt við að til landsins barna kom gjöf frá Ameríku, „vítamín“, áttstrendar, aflangar töflur, sem við tókum heim með okkur í öskju. Ekki veit ég hvað aðrir gerður, sjálfur át ég þessar töflur eins og hvert annað sælgæti, sem voru innan seilingar hjá rúminu mínu. Þekkti ég hvorki kost né löst á þeim. Hafði aldrei heyrt nafnið. *Fjörefni* kom síðar.

² Hafsteinn Zimsen (1931-1956). Dó úr krabbameini eftir miklar hörmungar og rangar sjúkdómsgreiningar. Hann var frændi okkar af Bollagarðaætt, bjó í nágrenninu á Bjarkargötu 6, þar sem Sirrí bjó síðar með fjölskyldu sinni.

³ Hér er tilvísun til einhvernna sálarrannsóknareynslu.

⁴ Jón Helgason (1866-1942) fyrrum biskup.

Nú er Stella og Þórður Albertsson farin til Ameríku, gekk í talsverður stappi með passa vegna þess að ekkert giftingarvottorð var fyrir hendi, hefur mér verið sagt að hann verði konsúll í N.Y. en Aggi¹ legationsráð hjá Thor. Yvonne bað nú Þórð um að taka drenginn þeirra með sér, þar sem hún er húsnaðislaus og búin að selja allt sitt, brúðargjafir, hvað þá annað, og ætlar að lifa vel meðan það endist, en Baldvin langaði svo að hafa drenginn, sem hafði verið hjá honum, þó þau væru skilin, og honum þótti mjög vænt um hann, en það fór á aðra leið.

Sigurður Jónasson fór einnig til Ameríku og sagt að hann eigi að fá einhvern bita fyrir Bessastaði; það er sorglegt til þess að vita Pétur og Páll geta *gefið* ríkinu allt mögulegt drasl og það tekur við því og notar það eins og *gefandinn* skipar fyrir, það er ekki víst að allir *gefendur*² séu eins smekklegir. Það er nokkuð til sem heiti hefndargjöf og svo er um þessa. Því á Bessastöðum stendur varla steinn yfir steini og þó hefur ekki verið mölvað allt sem raunverulega er fyrir og þyrfti að sópa í burtu. Öllu hefur verið umturnað innanhúss, og Sigurður var búinn að láta hraunpússa húsið að utan með silfurbergi og öllum mögulegum bergtegundum, en þegar því er lokið kemur það upp úr kafinu að stíllinn þolir ekki hraunpússningu og þá er tekið til á ný og allt sléttað yfir aftur og gert sem aldrei hefði verið hraunpússað verið. Svo stendur til að brjóta fjósið niður og öll útihús og planta þeim einhvers annars staðar, og síðan er byggt hús í mátulegri fjarlægð fyrir vinnufólkið, svo er heimreiðinn breytt o.s.frv. og vertu viss að húsið verður aldrei gott, jafnvel þó reynt yrði að pússa það einu sinni enn. Svo stendur kirkjan þarna og þangað verða auðvitað allir gestir leiddir og hvað tekur þá við - hvað á að sýna? Veggi, gólf og bekki, fátækt og aftur fátækt og bætt með ofurlitlu smekkleysi, svo sem að láta söngfólkið og organistann upp á veigalítinn bollabakka, nei - drottinn minn dýri - hvað skeður næst á voru landi? Aldrei hefur nokkur maður á Íslandi gefið aðra eins *gjöf* og verið verðlaunaður fyrir.

Nú er næsta áhyggjuefnið með Menntaskólann, að hann verði fluttur eitthvað út í buskann, og þá er það hvort Jörundur³ muni gefa Skálholt, svo skólinn geti orðið fullkominn, því það er nóg ef hann stendur á merkilegri hundabúfu, þá verður skólinn merkilegur. En hvað væri hægt að gera fyrir hann þar sem hann stendur, það vitum vér eigi. Næsta lagafrumvarp þyrfti að banna mönnum að gefa ríkinu, og hananú! Ég er orðin talsvert heit, svo það verður víst best fyrir mig að fara fram og fá mér glas af vatni, - en líklega hefði ég átt að drekka það áður en ég byrjaði að tala um gjafir, ef það hefði átt að koma að gagni.

Nú eru afskapleg vandræði með alla heimilishjálpi, og stend ég uppi ein, sem stendur, og þykir það slæmt þar sem mjög mikið er að gera á skrifstofunni, og ég hef meira en nóg þar þó ég slepti húsverkunum og matreiðslu og þ.h. smávegis, en börnin hrópa á mat og ég get heldur ekki án hans verið, svo ég skipti mér eftir bestu geti milli heimilis og skrifstofu; ég vona á hverjum degi að eitthvað rætist úr fyrir mér og ég trúi ekki öðru en svo verði.

Strákarnir eru frískir (*touch wood*)⁴ og bara áhugasamir um lærdóminn og slagsmál hafa verið lögð á hilluna, síðan Erik⁵ fór, og ekki sakna ég þeirra, friðurinn fyrir öllu og væri vel að fleiri hugsuðu svo, því þá væri ekki heimurinn í svo miklum sárum. Eggert Ól. brákaði á sér vinstri handlegginn um daginn, svo hann gengur með hönd í fatla, og varð það til þess að hann skrifar með hægri hendinni stundum og þeirri vinstri stundum, svo að því leyti varð það honum til góðs að meiða sig; hann er nú alveg orðinn góður.

Sagt er að hér eigi að skapast hirðsiðir í kringum okkar nýja mann, og t.d. um hvað við erum fljót að læra skal ég segja þér þetta. Þegar maðurinn var í opinberri heimsókn á Norðurlandi sagði Sig. Eggerz við skólameistara að hann gerði sér grein fyrir því að ekki dygði að vera allt of *familiar*⁶ þegar hann kæmi með föruneyti sínu til Ak. og sagðist skólameistari skilja það mjög vel og tók því ekki fjarri. Svo rann dagurinn upp og Sveinn kom með sína frú og varð þá skólameistara að orði, eftir að hafa boðið hjónin velkomin: *Mikið andskoti er hún Georgía orðin slank!* Ég veit ekki hvernig öðrum gengur lærdómurinn, ég gæti ímyndað mér að ýmsir verði tornæmir.

Jóni frænda hefur farið talsvert aftur upp á síðkastið, hann er með magasár og heldur *diet* og stórsér á honum, því hann er aldrei frískur. Hann fékkst ekki til að fara til lækni fyrir en seint og síðar meir, en fyrsta skrefið sem hægt var að nudda honum til að gera var að hringja til Helga Tómassonar og sagði hann þá

¹ Agnar Kl. Jónsson.

² Bessastöðum.

³ Jörundur Brynjólfsson (1884-1979), áður kennari, bóndi í Skálholti og Kaldaðarnesi. Alþingismaður.

⁴ Hjátrú: Snerta við, ef eitthvað er ógætilega sagt.

⁵ Erik Bruun, sonur sendiráðsritarans í Tjarnarg. 22, jafnaldri Eggerts. Síðast spurði til hans á Grænlandi.

⁶ Nærgöngull - uppþrengjandi.

Helga hvað að sér gengi, hann væri með *lumbago* og sagðist vilja fá eitthvað við því. Þá stakk H. upp á leirböðum við hann; *Nei, nei, blessaður*; svaraði þá Jón fr.; *láttu mig heldur fá einhverja mixtúru*. Og mixtúruna fékk hann án frekari skoðunar, en þegar mixtúran kom fannst Jóni frænda hún svo ódýr að hann hafði ekki nokkra trú á henni, en tók hana samt við þessum sjúkdómi, sem hann hafði sjálfur fundið út; að tveim mánuðum liðnum kom í ljós að þetta var magasár.¹ Ég býst svo sem ekki við að mixtúran hafi skemmt hann, en eitt er víst, hún hefur ekki bætt hann.

Jæja nú hætti ég þessu masi sem e.t.v. er orðið allt of langt og leiðinlegt og ef þú skyldir fá þetta bréf, og það kannski kæmi til ykkar í kringum jólin, þá óska ég ykkur gleðilegra jóla og við þess að ykkur megi líða sem allra best og allt hafi góða vegi fyrir ykkur, elsku bróðir minn og mágkona; vonandi verður ekki allt of langt að bíða þess að við fáum að sjást og hittast og hópurinn hafi stækkað, - og að ég nú ekki tali um - fríkkad.

Strákarnir eru báðir sofnaðir fyrir löngu, en ég veit að þeim sárnar við mig ef ég gleymi að skila kveðjum frá þeim, því oft er nú rifjað upp ýmislegt skemmtilegt og alveg sérstakt í sinni röð í sambandi við ykkur hjónin. Þetta síðasta sumar er fyrsta sumarið lengi, sem ég man eftir, þar sem Eggert Ólafur hefur verið frískur og ekki þurft að fara á spítala; hann vann og var hinn duglegasti úti í Nesi, en hann horaðist talsvert, sem von var, þetta er svo ungt og óharðnað, hann lítur nú aftur ágætlega út, þótt alltaf vilji brenna við að hann gleymi að rétta úr sér --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 13.10.1941.

Ræðir útvegum Helga á fatnaði og segir frá verði, framboði og okri.

-- Hér er svo margt fólk sem aldrei hefur séð peninga fyrr, að heitið geti, og það er það sem kaupir þessar vörur Verkamenn og sjómenn hafa meira en lærðir embættismenn og er dýrtíðin óskapleg, en samt er allt keypt. Mjólkin kostaði 38 pr. líter en kosta nú 1,50 og smjörkílóíð kostar 18.70. Stúlkukaup er 250-500 kr. á mánuði og fást ekki samt. Ég hef verið svo heppin að fá eina 52 ára gamla, hún hefur herbergi hér og auðvitað allt frítt, mat o.þ.h. Hún vinnur hjá mér frá 8-2½ og kaupir 125 kr. á mánuði og þyki ég sérstaklega heppin.

En mikið er ég vonsvikin yfir hvernig Inger reyndist ykkur, af því mér skilst á bréfinu þínu, að hún sé farin alveg frá ykkur og hafi aðeins notað þetta tækifæri til þess að komast til Ameríku, og hefði mér aldrei getað dottið þetta í hug vegna þess að mér finnst svo margri menn sem eru að stúðera, ekki hafa ráð á að hafa konu með sér, þykir nóg að komast áfram sjálfir með ekkert í eftirdragi. En ég hef ekki heyrt getið um verri svik en þessi, og ég sem var með skriflega samninga og þóttist hafa gengið svo vel frá þessu sem ég gat, þar sem ég hafði ekkert til að styðjast við. Mér hefði eiginlega fundist að réttast hefði verið að senda hana heim aftur og hjálpa henni ekki neitt og sérstaklega þar sem vegabréfið var svo ófullnægjandi, en Stefán

Þorvarðarson² sagði að innflytjandavegabréf væri algjörlega óþarft, og samt sagði ég honum að þú hefðir sérstaklega tekið þetta fram, svo þess vegna vildi ég helst að farið yrði eftir því, en hann sagði að þetta væri ekki siður, þar sem stúlkan væri send vestur í þessum eina tilgangi og ætti að því búnu að koma heim aftur. Annars get ég ekki hugsað mér aðra eins stétt og vinnukonustéttina hér; það er gjörsamlega óupplýst stétt, sem bara setur fram kröfur og heimtar, en hvað húsmóðirin fær í staðinn, það er oft bágborið. Þar að auki er lifnaðurinn oft þannig að þær koma heim kl. 2, 3 og 4, eða þegar þeim þóknast, reykja við verkin, þó enginn reyki í húsinu og draga alls konar fólk á eftir sér inn í húsin; ef fundið er að þessu - farnar, því nógir eru staðirnir. Þess vegna er maður feginn þó fólk, sem maður fær til hjálpar, sé gamalt og fákunnandi og vinni aðeins það grófasta, sem kallað er, bara ef maður er laus við að hleypa götustelpum inn á heimilið, sem ef til vill fara ofan um miðjar nætur, svo elskhuginn komist inn, ef honum skyldi þóknast það. Þetta reyndi ég í fyrra og langar ekki til að reyna það aftur. Af þessari reynslu fannst mér það meðmæli að Inger var dönsk, því þær væru yfirleitt skylduræknari, og svo voru meðmæli með henni frá fólki sem ég kannaðist við sem gott fólk.

Jæja Helgi minn, þá er nú þessum lestri lokið, en verst þykir mér ef þú þorir aldrei að biðja mig aftur, úr því að þetta tókst svona illa, en manni getur nú heppnast í annað sinn þó allt mistakist í fyrsta.

Í dag komu hingað ca. 70 bréf frá Danmörku og Þýskalandi til fólks hér, og eins til þín, og þau legg ég hér með. En bréf sem send eru héðan endursendir breska ritskoðunin víst oftast nær, að minnsta kosti hafa mörg bréf komið hingað til mín þar sem heimilisfang sendanda hefur verið ófullnægjandi, en fólk hér er ógurlega niðurdregið yfir því að geta engan veginn skrifað lengur, þar sem þetta gekk svo vel, á meðan þú

¹ Reyndar mun það hafa verið krabbamein.

² Stefán Þorvarðarson (1900-51), þá skrifstofustjóri í utanríkismáladeild Stjórnarráðsins. Síðar sendiherra.

varst í L.¹ Pósthúsið hér tekur alls ekki við bréfum til Danmerkur, nema eftir krókaleiðum, svo það er sannarlega illa sett.

Svo þakka ég þér enn fyrir lánið á peningunum; ég skildi þig alveg þegar þú talaðir um kjörin, því ég þekki þig það vel að ég veit að þú vilt alltaf heldur tapa sjálfur en hafa af öðrum; og þá ekki síst þega um viðskipti við mig er að ræða. Ef ég á eitthvað inni hjá þér, þá þykir mér gott að ég mætti einhvern tíma aftur kvabba á þig með eitthvað, en það getur verið að dýrtíðin sé engu minni í Ameríku en hérna, og þá er kannski ekki neinn hagur að því að vera að níðast á þér með útréttingar.

Mikið vildi ég nú að þið kynnuð vel við ykkur í nýju heimkynnunum og að blessuð litla Álfheiður Sylvia dafnaði vel eins og hingað til, það liggur við að maður gæli við myndirnar af henni, hún er hreinasta premíubarn, elskan litla, hvenær skyldi maður fá að sjá hana. Það eru ekki beint tímar til ferðalaga eins og stendur, en vonandi lagast það ef þessu hræðilega stríði lýkur einhvern tíma Þjóðirnar hafa líklega átt að komast í gegnum þetta, verið lagt á þær, svo enn þurfi að byrja að byggja upp, svo eitthvað verið hægt að brjóta niður í næsta stríði.

M.S. málið: nýjustu fréttir. X-frúin húsnæðislaus og allt í vandræðum, hótar að flytja inn aftur á sitt gamla heimili. Elín og Guðmundur buðust til að flytja inn til M.S. með sínar tvær dætur og eftirláta frúnni sína íbúð, en húseigandinn sagði nei. ef íbúðin yrði laus ætlaði hún að ráðstafa henni, og vildi alls ekki Margréti inn í húsið. Þetta er basl - að *róða* sér inn í þetta á gamals aldri, það er grátbroslegt. Um daginn var eitthvert hóf í Verslunarmannafélaginu, afmæli og mikið um dýrðir og var M.S. og frú sent boðskort, en M.S. gerði sér lítið fyrir, sendi aðgöngumiðann til Margrétar, mætti ekki sjálfur, en hún fór!

Maja Magnúsar er gift Sverri Briem og þau eiga lítinn strák, og það átti að skíra hann eins og lög gera ráð fyrir, en Margrét var alltaf að spyrja hvenær ætti að skíra, því hún hafði ekki hugsað sér að láta sig vanta, þangað til Maju hugkvæmdist að segja henni að ef hún yrði í veislunni myndi enginn af hennar fólki koma; og þá var loksins hægt að skíra barnið í friði.

Steinunn Sívertsen er aldrei vel frísk og yngsta barnið² er farinn að ganga þó fætturnir litlu séu *deformeraðir*,³ en það hefur lagast við *operation* og gibsumbúðir og vonandi verður hægt, þegar hann er orðinn stór, að fá skófatnað handa honum, sem hylur alla vankanta, svo auminginn litli þurfi ekki að ganga með vanmáttarkennd alla ævi. Hendurnar hafa lagast mjög mikið og hann virðist hafa alveg fullan styrk í þeim, hann þrífst vel og er uppáhald mömmu sinnar. annars eru þessir tímar verstir fyrir barnaheimilin, þegar svona erfitt er um hjálp, því þá hvílir svo mikið á húsmóðurinni.

Okkur líður vel, drengirnir komnir heim úr sveitinni, frískir og þroskaðri með ári hverju og eru nú báðir byrjaðir í skólanum. Eggert Ólafur er ekki lengur í barnaskóla, heldur í undirbúningsskóla, undir gagnfræðaskóla, hjá Einari Magnússyni. Páll Þórir er í barnaskólanum, svo er hann í Tónlistarskólanum, svo þeir hafa báðir mikið að gera, og er þá minni tími til óláta, og alltaf þykir mér það fengur. Ég er nú alveg hætt að kenna að spila, þegar ég hef ekki meiri hjálp en þetta, treysti mér ekki til þess með skrifstofunni, enda þarf ég þess ekki.

Einu verð ég að gleðja ykkur með. Lampinn, sem þið gáfuð mér, hefur algjörlega læknað mig í handleggnum, svo ég get gert hvað sem er, er það nú það besta af öllu að heilsan sé í lagi. Ég er farin að sauma á mig sjálf, því hér fæst engin saumakona til að sauma á mann nema keypt sé efni í kjólinn hjá henni og er þá vel lagt á allt, efni í kjól kostar kannski 50-60 kt., en tilbúinn 200 kr.; ég get ekki látið fara svona með mig, svo ég reyni að vera myndarleg, en oft er mikið fyrir því haft.

Eitt dettur mér í hug. Fást ekki snið í N.Y., ef ég hefði snið, þættist ég bara góð, en þau fást ekki hérna. Ef þú gætir útvegað mér snið að 1-2 kjólum, og sent mér tískublað værir þú ógurlega góður, en þú mátt ekki hafa of mikið fyrir því, og elsku fyrirgefðu hvað ég er frek, því ég veit það, Helgi minn, að þú ert ógurlega upptekinn, og Doris bundin við heimilið þar sem dóttirin heimtar sitt; auðvitað látið í té með mikilli ánægju og færðar fórnir fyrir jafn velkomna dömu. Og eins liggur ekkert á því, fyrr en bara við tækifæri.

Það líður vel hjá Hildu, nema alltaf sama stríðið með þetta gamla, en Hilda tekur þessu með svo mikilli þrýði að furðu gegnir. Það voru teknir hálskirtlarnir úr Hildu fyrir mánuði síðan, ef það gæti haft einhver áhrif á gigtina sem kvelur hana öll ósköp, en enginn hefur enn getað læknað; eitthvað er hún betri, en það er víst ekki alveg að marka ennþá, það er mjög mikið gert að því hér að taka hálskirtla úr fólki við öllu

¹ Lissabon.

² Jónas Gústavsson (1941-1993) héraðsdómari.

³ Fætturnir voru snúnir.

mögulegu, ekki veit ég hvað mikið gagn það gerir annað en að veita læknum atvinnu - skömm er að mér að tala svona.

Hjá Eggert líður svona sæmilega. Steinunn litla fékk brjósthimnubólgu, en er komin á fætur aftur og vonandi nær hún sér að fullu, því hún er full áhuga fyrir lærdómi, músik og öllu sem hún snýr sér að. Ragnheiður er alveg draumur, skemmtileg, vel gefin og *musíkölsk*. Þegar Steinunn var hjá mér í spílatíma í fyrra lærði Ragnheiður jafnharðan allt af henni; ég hef aldrei séð eins einkennilegt og að sjá hana við hljóðfærið; svona litla, fæturnir dingluðu og fart á fingrunum. En þegar hún hætti að heyra spilað gleymdi hún öllu, því Steinunn var í sveit. Gat hún þá ekki hermt eftir henni.

-- Dídí bíður að heilsa. Er hún að smá koma eftir uppskurðinn, þó hægt gangi, en er farin að vinna, svo allt gengur í áttina. Það eru ljótu ósköpin að þurfa að undirgangast svona *operation*, láta skera yfir allar taugar og vera svo hent út af spítalanum og standa þar skjálfaði á beinunum og taugakerfið allt í ólagi. --

Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 27.11.1941.

-- Þakka skeytið - þann merkisdag var drukkið súkkulaði í Tjarnargötu 24, en klént var um kökur, hér fást ekki egg fremur en gullið glóandi, smjör talar maður ekki um, að öðru leyti var samkoman hin puntulegasta og það sem mér þótti vænst um var, hvað Jón bróðir var frískur þann dag, suma daga kemst hann varla upp stigann, yfir höfuð finnst mér hann hafa verið betri þessar síðustu vikur. Í fyrradag fór hann til Fonteney sendiherra, til að vera við skírn Eiríks litla --

Við höfum í allan dag verið að bíða eftir einni stórkostlegri loftvarnaræfingu, sem auglýst hefur verið undanfarna daga, en ennþá heyrir ekkert í flautum og því síður skot, mér þykir tómleg ef það á að ske um hánótt. -- Theodór kom snemma heim, af því hann hefur einu sinni orðið fyrir því að vera settur fastur í loftvarnabirgi og vildi ekki eiga það á hættu og því síður vita af Hildu og börnunum í kolamyrkri heima.

Það á að myrkva bæinn segir Kofoed-Hansen okkur. -- Annars eru þeir hálf baldnir Bandaríkjaþeyjarnir hérna; hinir sem á undan komu eru afar meinlausir. Þeir paufast við að hlað byrgi og rífa þau aftur næsta dag og slétta yfir. Það þætti ekki arðvænleg vinna hjá okkur hér á landi, en það er nú sama. --

Gunnlaug Briem hefur eignast prýðilegan son¹ nýlega, í viðbót við þrjár heimasætur, allar útgengilegustu stúlkur. Bjarni (*Guðmundsson*) maður hennar er í London og talar við okkur í útvarp á sunnudögum, er þó nokkur huggun (?) í því. --

¹ Gunnlaugur Bjarni Bjarnason (1941-1954). Dó af slysförum.

1942

Álfheiður Helgadóttir Briem skifa Helga P. Briem. Rvík. 25.1.1942.

Hamingjuóskir vegna fæðingar frumburðarins Álfheiðar Sylvíu Briem, sem fæddist 17.1.1942 í Lissabon.

-- Erfitt að geta ekkert frétt nema eftir langan tíma -- Hilda systir þín var búin að biðja fyrir nafnið sitt¹ á henni, en systur hennar gleymdu að þær hefðu lofað henni þessu og þóttir bæði henni og mér það miður, en ekki dugir að tala um það. --

Ræðir óverðurshaminn undanfarið sem m.a. hefur varlið því að girðingin við Tjarnargötu og næstu húsum féll og grjót fauk á kjallaragluggann og braut hann. Sama átti sér stað hjá póstmeistara og þakjárn fauk af húsi Jóns bróður hennar nr. 26. Auk þess rifnuðu tré upp frá rótum.

-- Systur þínar eru eins og vant er í afskapa önnun. Í fyrradag voru þær að senda frá sér 2500 eintök af „Lögbirtingabladinu“. Það er ekki spaug ef öll bráðabirgðalögin, sem alltaf er verið að semja, geta ekki komið fyrir almenningssjónir. Fyrr mán nú líka vera vandræði.

Bróðir minn er með hressara móti núna aftur og er það gleðilegt fyrir okkur öll; hann bað mig fyrir alveg „speciella“ kveðju og lukkuósk til ykkar með litlu dótturina. Það sama bað systir mín (*Sigríður*) fyrir frá sér. Hún verður 80 ára þann 9. febr. Hún er svo frísk og frá á fæti alltaf, og er það sannarlega indælt, þegar maður er komin á þennan aldur. Ef ég væri ekki farin að sjá svo illa, mundi ég líka geta verið frá á fæti, en ég fer aldrei út eftir að dimmt er orðið, því ég sé alls ekki hvar ég geng og er þá hentara að sitja heima og - raula. -- Þakka þér. Helgi minn, fyrir hjartahlýjuna sem andar á móti mér. Kærleiki ykkar barnanna minna og tengdabarna hefur stutt mig í gegnum mitt bráðum lang líf. Þó það á stundum hefði hinar og aðrar áhyggjur í för með sér, þá reyni ég alltaf að hugsa um það að guð hefði gefið mér svo dýrar gjafir í pabba ykkar og ykkur börnunum, að ég mætti ekki gefast upp þó kraftarnir væru stundum litlir og úrræðin smá. Þegar svo ellin færast yfir og börnin dreifð um allt, þá koma elskulegu barnabörnin og lífga ömmu upp, gremjulegt að sú yngsta og ekki sú sísta, skuli vera svona skelfing langt í burtu -- öll fjölskyldan gerir gælur við myndirnar af henni -- Nöfnin á henni fara vel saman, en þó firrtist ég ekkert þó þið hefðu mitt nafn nr. 2, sumpart af því að það er erfitt að úttala það í framandi löndum og sumpart af því að það er aldrei neitt verulega fagurt, en njóta skal hún nafns blessunum, að mér heilli og lifandi. --

Bróðir minn er mikið lasinn, hann fer þó suma daga í föt í tvo tíma, rétt til að hvíla sig. Honum hefur farið mikið aftur -- varla fylgt förum, enda segir hann sjálfur að þetta muni vera *síðasti áfanginn*. Hann smakkar varla mat og ef hann bragðar eitthvað fær hann ógleði og uppköst, en sem betur fer hefur hann ekki miklar þjáningar. Mín heitasta ósk er að hann þurfi ekki að líða lengi. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 17.2.1942.

Óskar með fögrum orðum til hamingju með fæðingu dótturinnar.

-- Þakka -- fyrir bréf -- Þú segir að þú sendir úrklippur úr *Handels- och Sjöfartstidningen*, þar sem skrifað er um Vännerström, en það hefur ekki komið. Annars er alltaf við og við að koma bréf frá þér til áframsendingar. Stöðugar blessunaróskir færðu og fólk er þér svo þakklátt að það veit ekki hvernig það á að láta. Frú Guðrún Erlings² biður mig að skila til þín kveðjum og þakklæti fyrir allt sem þú hefur gert fyrir hana, aumingja fólkið, ég sannarlega skil vel að það sé þér þakklátt, þar eð þetta eru mjög oft einu fréttirnar með það hefur fengið af sínu fólki árum og mánuðum saman.

Hér eru farnar að heyrast háværar raddir, sem heimta að aðrir menn verði skipaðir í Menntamálaráð. Er Bandalag ísl. listamanna mjög óánægt með styrkveitingar til meðlima sinna, þar sem meðalmennskunni er hampað á kostnað afburðamannanna. Er þetta auðvitað skrifað á reikning formannsins, þar sem ráðin eru í hans höndum. Bandalagið hefur nú verið endurskipulagt - niður í sjálfstæðar deildir - innan Bandalagsins. - Þórbergur tók ekki við sínum styrk að upphæð 1800 kr. eða a.m.k. ráðstafaði honum þannig að J., Á.P., G.F. og Pálmi³ fengu 450 kr. hvert höfuð, eins og Þórb. orðaði það, en Barði (*Guðmundsson*) fékk ekkert,

¹ Og ömmu sinnar Þórhildar Tómasdóttur (Sæmundssonar). Hennar nafn var valið af séra Tómasi Sæmundssyni og Sigríði eftir nöfnum móðurforeldra þeirra, Þórðar og Bóthildar.

² Kona Þorsteins Erlingssonar skálds.

³ Munu líklega vera Jónas Jónsson, Árni Pálsson, Guðmundur Finnbogason og Pálmi Hannesson?

hann er alltaf hálf óþekkur við formanninn en J. hafði kímnið áfu og gaf Hallgrímskirkju sinn hluta! -- ég gæti trúað að þetta endi með hveli. --

Jón frændi er afar lítilfjörlegur, hann horast niður og er rétt aðeins hægt að segja að hann sé á fótum. Þetta er víst mjög alvarlegt sem er að honum og vonar maður bara -- að hann eigi ekki að líða mikið. --

Páll Þórir skrifaði þér fyrir skömmu, en hann fékk ekki að senda bréfið af stað því það var ekkert í því annað en slys, sjúkdómar og hroðasögur rifjaðar upp langt aftur í tímann. Ég skipaði honum að skrifa nýtt, sem væri miklu meira upplífandi, en það vildi hann auðvitað ekki. Annars sendi ég strákana stundum með bréfin sem koma frá þér. Sendi ég hann einn daginn til frú Fenger, og var hún svo glöð að Páll var sóttur langt út á götu og voru honum gefin sex epli. Hann varð svo hræðilega glaður að daginn eftir skrifaði hann stíl um atburðinn, svo hann var færður í letur, og nú les hann stílinn yfir sér til uppbyggingar, þegar honum finnst lífið tilbreytingalaust og dauft. --

Þórdís Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 29.2.1942.

Óskar þeim Dorisi til hamingju með nýfæddu dótturina.

-- En hvað mér fannst það ágætt að það skyldi vera dóttir; strákar eru eitthvað svo fyrirferðarmiklir, er hún ekki voða sæt? --

Við Friede höfum haft alveg ógurlega mikið að gera allan janúar, svo við höfum orðið að vinna langt fram á kvöld, sumpart vegna verkfalls hjá prenturum, en annað bara fyrir ýmsa sem við erum vara að vinna fyrir, en til allrar hamingju er maður alltaf fílhraustur og verður aldrei misdægur; ég held það hljóti að vera miklu hollara að vinna of mikið heldur en of lítið, því þá hefur maður engan tíma til að hugsa um hvernig manni líði. --

5.3.1942. Er það ekki undarlegt hvað tíminn getur flogið frá manni, að það skuli vera meira en mánuður síðan ég byrjaði á þessu -- bréfi og myndir meira að segja komnar af Álfheiði Sylvíu. Hún er alveg draumur sæt og dugnaðarleg, eins og hún á ætt til. Mikið ósköp er hún lík þér, Helgi minn, geturðu nokkuð unnið fyrir aðdáun, ertu ekki alltaf að horfa á hana. Afskaplega er mamma hrifin af henni, og ekki síst fyrir það að hún skuli heita í höfuðið á henni - henni þótti ákaflega vænt um það - hvað sem hún annars kann að segja --

Ég var að fréttu í gær að Gerður Jónasar hefði eignast son í desember og kynni ágætlega við sig í Ameríku og liði alveg prýðilega. Annars sé ég Auði aldrei, því hún er alveg hætt að heimsækja mig síðan hún giftist, til allrar hamingju, því mér þótti ekki gaman þegar hún var alltaf að hringja til mín og koma í heimsókn. Hún er of lík föðurnum til þess að mér liði reglulega vel í nærveru hennar.

Ef eitthvað af þeim blessunaróskum sem þú færð fyrir þessar bréfafyrirgreiðslu, þá býst ég við að þú fáiir nóg fyrir lífið. Þú getur ekki ímyndað þér hvað fólkið er þakklátt og svo drýpur líka dálftið á okkur Friede, þegar við erum að hringja til fólksins og segja því um bréfin. Ég er hrædd um að það verði eins og vængbrotið, ef það á að missa þessa leið --

Hrædd er ég um að þú eigir ekki eftir að sjá Jón frænda lifandi, því hans heilsa fer óðum niður á við, en hann getur dáið ánægður, því síðasta árið hefur verið honum sérstök uppreisn sem rithöfundur, það er alveg einstakt hvað bækurnar hafa gengið vel út og honum hrósað mikið fyrir þær. En bærinn rankar náttúrulega ekki við sér fyrr en um seint, að veita honum einhverja heiðursviðurkenningu. Ég vildi óska að þú værir kominn til að ljúka einhverju af sem hann á ógert, því ekki getur hann notað þessi börn sín til þess --

Álfheiður Helgadóttir Briem skifir Helga P. Briem. Rvík. 29.3.1942.

-- Fyrir átta dögum sendum við skeyti til ykkar um andlát ástkærs bróður míns og sá ég á svarskeyti sem þú sendir mágkonu minn að það hafði komist til skila. Bað Maria mig að flytja ykkur hjartans kveðjur og þakklæti fyrir hluttekninguna og kærleika, sem hún var svo hræð yfir. --

Bróðir minn lá réttar fimm vikur og sýndist eiginlega ekki þjáast mikið fyrr en síðasta ½ mánuð, að hann fékk deyfandi meðöl á hverri nóttu, en kraftarnir voru engir og næringin því minni, en rænu hafði hann alltaf og vissi vel að engin von var um bata. Guð var góður að lofa honum að hvílast, eftir svo langan starfsdag og vel unnið starf, enda sofnaði hann út af svo rólega og öruggur. Í fyrradag var hann jarðaður á kostnað bæjarins, og með mikilli hluttöku og viðhöfn. -- Séra Bjarni og biskup töluðu í kirkjunni, en séra Friðrik og Hálfván heima. Öll ógrynni af blómum bárust og krönsum. Eggert lét prenta minningarkort upp á sjóð sem stofnaður var þegar pabbi minn dó. Gáfum við í hann í stað þessara blssaðra blóma sem deyja í höndunum á manni. --

Mér finnst eitthvað svo skelfing autt og tomt síðan hann hvarf sjónum, en ekki má maður tala um slíkt, því *sælt er þreyttum að sofa*. Hann hafði slitið sínum kröftum alveg upp, enda sagði hann það oft, þegar við vorum að biðja hann að ætlar sér af, að hann yrði að vinna meðan dagur væri.

-- enginn reyndist mér betur þegar ég var ein eftirskilin og fannst ég uppgefin bæði á sál og líkama. --

Ekkert veit maður um þína framtíð. --

1943

Friede P. Breim skrifar Helga P. Briem, Reykjavík, 13. 6.1943.

Á þessum tárur var mikill skortur á ýmsum vörum, einkum sérvörum, t.d. til fjölritunarstarfa. Minnst sérstaklega vandræða með leiðréttingarlakk sem Friede reyndi að biðja ýmsa skipstjóra í fjölskyldunni að útvega sér frá Bretlandseyjum. Það gekk illa, því enginn vissi hvað korrekturlakk, sem það nefndist svo á dönsku, hétu á ensku. Komu því með furðulegust lakkvörur þaðan. Hér ræðir hún um eitt smálegt en nauðsynlegt efni. Hún þakkar fyrir

-- gúmmítúttur, sem komu sér sérstaklega vel þar sem við höfum að undanföruna notað sjúkrafingurtúttur, og held ég að fólkið í apótekinu hafi verið farið að líta með samúð á mig og haldið að ég hefði krónískt fingermeið -- En látum nú vera með þessar apótekstúttur, ef þær hefði verið þægilegar, en svo var ekki, þess vegna hugsa ég hlýlega til þín í hvert skipti sem ég nota þær, og valsinn¹ hefur haldið sér betur en ef hann hefði verið hefлаður upp hér --

Mikið ósköp hefur verið að starfa hér á skrifstofunni í vetur, við skrifuðum allar yfirheyrslurnar í hinu umfangsmikla máli Guðmundar H. Þórðarsonar, og voru það rétt að segja 700 bls., svo það var ekki hægt að hrista það út úr erminni svona í einu vetfangi, svo voru hæstaréttarmál og vinna fyrir stjórnarskránefnd, fyrir nú utan öll pólitísku vinarbréfin, ýmist fyrir sjálfstæðismenn eða framsóknarmenn, en þetta fer auðvitað allt inn um annað eyrað og út um hitt, eins og vera ber. Ég er ánægð með afkomuna, en vildi gjarnan hafa fleiri frístundir. Ég ætla nú að loka skrifstofunni í mánuð í sumar, en hef ekki getað afraðið hvert ég fer; það er svo erfitt að fá pláss á hótélum, vegna þess að blessuð börnin eru svo víða,² það er orðið eins og mannfólkið sé orðið allt of margt fyrir húsin -- að minnsta kosti sem stendur. Fólkið vantar þak yfir höfuðið, og fólkinu býðst allt of mikil vinna. Svona er allt öfugsnúið og ólíkt því sem áður var. Fyrst var reynt að lokka fólk með alls konar brögðum til að henda gasvélum sínum út á haug, hita og lýsa með rafmagninu, nú er fólk sektað fyrir að nota það, og reynt að koma aftan að manni með öllu móti og sjá hvort ekki sé kveikt á rafmagnsöfni hjá manni; svo er það vatnið, fólk er sektað fyrir að þvo hjá sér gluggana og vökva garða, harðabannað að bera mjólk eða rjóma í flösku, engin mjólk seld *pasteuriseruð* - svona mætti lengi telja, en það þýðir ekkert fyrir mig, en það þýðir ekkert fyrir mig, því þá heldur þú að ég væri orðin kölluð. Annars gengur fólk í fylkingum með mjólkurbrúsa, þegar húsfeðurnir fara til vinnunnar, fara þeir með mjólkurbrúsa og þegar þeir koma heim kl. 12, koma þeir svífandi með brúsana fulla; það er hálfhlægilegt að sjá þá kannski 3-4 samferða og alla með mjólkurbrúsa; þetta er kannski aðalsmerki, því auðvitað er konan heima stúlkulaus.

Ég get ekki annað en stórskammast mín fyrir að Páll skuli líka vera að kvabba á þér yfir skautunum. Hann var skorinn upp við botnlangabólgu núna síðast í maí, svo þega Þorsteinn Loftsson kom hingað með pakkann til hans var hann um það bil að fara að háttu; en hann margfór í stígvélin uppi í rúminu, bæði um kvöldið og um morguninn, svo móðirin var nú orðin allt annað en blíð, því máttu trúu. Ég bið þig um að láta mig vita um verðið á skautunum, því hann var búinn að safna sér fyrir þessu og ég tek ekki í mál anað en að hann borgi þá, nóg er nú samt haft fyrir þess. En ég þakka þér kærlega fyrir hann, Helgi minn, og lukkulegur var hann og þráir nú ekkert annað en frost.

Eggert Ólafur er kominn í sveitina, er nú farið að ætlast til heldur meira af honum en áður, þegar hann er orðinn svona stór. Nú um daginn átti hann að taka saman afrakstur af túninu og svo þegar Ólafur frændi hans koma að honum og hélt að hann væri búinn, þá var kauði auðvitað ekki byrjaður og lék sér við hundinn eins og það væri aðal starfið. Ólafur varð reiður við og rak hann heim og vildi ekkert af honum þiggja; og það sem Ó. þótti verst að honum fannst Eggert ekkert skömmustulegur. Svo fór ég að áminna Eggert í dag um að vera skyldurækin og fljótur til o.fl., o.fl., þá sagði Eggert mér þetta, en Óli hefði sagt við hann að dunda við þetta, og þá hélt E. auðvitað að það væri *Fred og ingen Fare* og bara ólmaðist við hundinn, sem rétt einu sinni át sundur böndin, sem hann hafði yfir hárinu, svo það sé ekki alltaf ofan í augum, en þau eru víst eins oft uppi í hundinum eins og á höfðinu á Eggert. Ég býst ekki við að Ólafur segi honum aftur að dunda við eitthvert verk -- Það var eins og er Ásta Flygenring bað Siguu dóttur sína að þvo fyrir sig bollana, já hún gerði það, en hún slepti líka öllum undirskálunum, hvað þá teskeiðum. Þetta var ekki ætlað sem fyndni. Börn hugsa bara öðruvísi en fullorðnir. --

14. júní. -- Ég hef sent þér tímaritið Helgafell frá upphafi því okkur hér heima finnst það svo gott, að slíkt má ekki fara fram hjá þér, ég hef gert þig að áskrifanda að því, en viltu ekki, Helgi minn segja mér -- ef þú

¹ Ritvélarvals.

² Börn voru send úr bænum vegna stríðshættu.

vilt ekki kaupa þetta. -- Ég sendi þér að gamni mínu bók Einar Ólafs,¹ ég vona að þú syngir barnagælnar við hana dóttur þína, með hinni alkunnu rödd þinni. Eins sendi ég Álfheiði Sylvíu myndabók, mér skilst á öllu að hún sé mjög bókhneigð, eða er það ekki að vera bókhneigð að rífa bækurnar hans pabba síns út úr bókaskápnunum eða ýta þeim eins innarlega og hægt er að koma þeim, ó jú, það hefur hingað til þótt svo. --

10. júní. Morguninn eftir að ég var að skrifa þér sat ég við borðstofugluggann, var að drekka morgunteið meitt og lesa Alþýðublaðið; stoppaði bíll fyrir utan og út úr sté Páll Þórir og var draghaltur. Hann var uppi í Móum og fékk þá allt í einu eitthvað í fótinn, sem hefur verið eitthvað líkast sinadrætti, en nokkuð var það að honum fannst ómögulegt að rétta úr fætinum vegna þess að eitthvað stríkkaði á innanfótar; hann lá í rúminu en þetta vildi ekki batna, svo hann var sendur til Reykjavíkur. Fékk ég lækni til þess að líta á það. Var hann svo látinn hafa bakstra við fótinn og hélt lækurinn að þetta stafaði af því að hann hafi ekki haft innlegg í skóna, þó ekki væri nema part úr degi. Þegar vika var liðin og fóturinn var alltaf í þessari óeðlilegu stellingu þá sneri ég mér til sérfræðings í *orthopedi* og daginn eftir var fóturinn strekktur og látinn í gífsumbúðir upp undir hné. Nú í gær var gífsið tekið af og sýnist mér þetta alveg hafa lagast, en sérfræðingurinn er í sumarfrí núna, en hann ætlar að líta á þetta þegar hann kemur aftur; hann áleit þetta vera einhvers konar taugakrampa, sem stafaði af ilsiginu sem ekki hefur lagast ennþá, en hefur ekki þvingað Pál, að öðru leyti en því að hann má ekki stunda leikfimi og drengurinn er nú ekki mjög leiður yfir því, verð ég að segja. Þú mátt trúa því að ég var spennt fyrir því þegar gíbsið var tekið af og finnst mér ég geta skrifað þar sem þessi slæmska virðist vera liðin hjá. Aumingja strákurinn að vera svona ræfilslegur í fótunum, ég skil ekkert í því, og ég veit ekkert hvað hægt er að gera til þess að stykja fæturna á honum.

Unnur² í Nesi gaf honum nudd um tíma í vetur og lét hann gera einhverjar æfingar, en samt er eins og ekkert megi út af bera svo hann verði ekki haltur. --

Hér má vísa í bókina um Helga P. Briem en þar eru birt nokkur bréf sem fylla upp í eyðurnar 1943-1944.

¹ Einar Ólafur Sveinsson prófessor.

² Unnur Óladóttir.

1944

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 17.7.1944.

Biður hann um hjálp vegna bilunar á fjölrítara.

--Ef hægt er vildi ég kaupa þetta strax, því ég treysti mér varla til að bíða mjög lengi með að endurnýja þessar vélar; að vinna að einhverju öðru langar mig ekki beint til þar sem vinnan sem býðst virðist alltaf vera að aukast, svo hægt er meira að velja hvaða verkefni eru tekin, og skáldin sem pláguðu okkur, hér á árunum, eru að heita má útilokuð.

Nú veit ég ekki hvernig er með greiðslu á þessu, en ef til kemur og nokkur leið er að fá þetta, treysti ég þér til að hjálpa mér einhvern veginn, en ég get greitt þetta hvenær sem er, þegar ég veit hvernig á að snúast í því, því nóg er skotsilfrið hjá mér eins og öðrum!! Ég hrópa til þín eins og einhvern undrakraft, og veit að þú leysir þetta ef hægt er --

1945

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 7.3.1945.

-- Þakka þér fyrir allt sem ég á þér óþakkað og margt er það, bæði vítamín¹ og annað. --

Helgi hafði sent móður sinni 300 dali sem keypt var fyrir gólfteppi sem hún gladdist mjög yfir. Í framhaldinu ræðir hún fatnað móður sinnar og fjármál. Segir frá gjöfum dætra hennar á kjól o.s.frv. Þá ræðir hún kostnað vegna hússins í Tjarnargötu 24, einkum rafmagnskostnaðar.

-- Ég er annars að koma af konsert í Háskólanum, sem Árni Kristjánsson² hélt, það voru yndislegir Beethoven tónleikar - og Árni var vel upplagður, og það verður hann að vera, ef nokkur á að hafa ánægju af músikinni hans. Hann er svo afskaplega nervös - og hættir oft við allt á síðustu stundu - því þá treystir hann sér ekki, skil ég ekkert í þessu svona *charmerandi*³ manni, sem alltaf gerir lukku. Hann var annars að segja mér að hann hefði skrifað til þín út af verki eftir Þórarin Jónsson⁴, sem er til, að mér skildist, í handriti í Ameríku. Þeir alla í vor að halda listamannaping og þá vantar tónsmíðar eftir Íslendinga, sem þeir gætu spilað. Hann var ógurlega spenntur fyrir því hvort þú myndir hafa upp á því fyrir hann.

Ég sný mér nú að Páli Þóri. Hann hefur fengið þetta sama í fætuna, alltaf við og við í vetur og nú fyrir 3 vikum leist mér ekki á blikuna, því einn mogun vakanaði hann með báða fætur snúna, svo hann gat ekki gengið. Þá hugkvæmdist mér ennþá einn læknir, sem sé gamli dr. Kroner,⁵ þinn gamli vinur, sem nú hefur fengið lækningaleyfi hér, og bað hann um að koma og líta á Pál. Hann skoðaði hann og ráðlagði síðan að vefja fætuna á hverju kvöldi með léreftsbindum og fara í léttar æfingar ofan í vatni, en bara heima. Þetta gerði hann og eftir nokkra daga var honum batnað. Svo líður nokkur tími. Þá einn morgun vaknar Páll og er nú bráðhress, en þennan dag átti hann frí í skólanum, 1. mars, og átti að fara fyrir mig með reikninga. Um níu leytið kalla ég til hans og segi honum að fara nú að klæða sig, en þá segist hann vera með svo mikinn rígg í hálsinum að hann geti ekki farið á fætur. Ég segist nú ekki ansa því, segi honum að klæða sig og þetta hljóti að lagast. En svo er rígurinn geysilegur að höfuðið er alveg á skakk. En ég tek nokkra reikninga og af stað fer Páll þó hann halli við. Eftir klukkutíma kemur hann aftur og er höfuðið alveg jafn skakkt. svo ég hef engin önnur ráð en láta lampann góða⁶ skína á hann góða stund og svo varð hann að leggja sig

Þennan sama dag hringdi dr. Kroner til mín og spyr nú hvernig gangi. Ég sagði honum allt af léttu og segist hann ætla að líta á hann aftur. Þegar hann kemur segir hann mér að strax þegar hann hafi séð hann hafi hann sé að þetta var bara *nervöst* og sagðist hann þekkja ýmis dæmi um slíkt, og sagðist hann ábyggilega geta læknað hann. Nú er höfuðið komið í samt lag - og Páll gengur hvern dag til dr. Kroner og vona ég að guð gefi að þetta sé rétt athugað og ekki síst það að hann geti læknað hann, - ég segi þér þetta, en bið þig að tala *ekki* um það við mömmu, þegar þú skrifar henni, minnst alls ekki á það, því dr. Kroner bað mig að láta Pál sjálfan ekkert vita og helst sem fæsta, því það væri drengnum fyrir bestu.

Ég get vel trúað því sem dr. Kroner segir, því Páll er svo órólegt barn, hann á bágt með að vera kyrr nokkra stund, og ýmislegt sem ég gæti sagt sem mér finnst benda til þess að þetta sé rétt; og vill dr. Kroner bæði láta hann venja sig af þessum þungu og óþægilegu innleggjum sem hann hefur í skónum, aumingja strákurinn.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 2.4.1945.

Þakkar fyrir bréfið til móður hans sem olli því að allir inspírerast til skrifta. Einnig fyrir ræðu sem Helgi hélt á þjóðræknisþingi V-Íslendinga.

-- Ég las ræðuna hátt fyrir Eggert og Palla og hrifumst við öll af þinni andagift, sem ég verð að segja að er mikil og frumleg. Mér finnst ræðan alveg prýðileg; sérstaklega finnst mér þú ræða flutninga fólksins vestur um haf frá alveg nýju sjónarmiði, sem mér finnst ég ekki hafa heyrt fyrr. Og frá þínu sjónarmiði - sem sé

¹ Þau hjón, Doris og Helgi, einkum Doris, voru miklir áhugamenn um fjörefni, sem þau sendu í stöðugum straumi einkum Álfheiði móður Helga. Segja má að þetta hafi haft mjög góð áhrif á heilsu hennar, þannig að hún yngdist upp þegar hún byrjaði að taka fjörefnin. Síðar þegar hún varð enn eldri fékk hún vínglas að kvöldi, sem hún barðist gegn, því hún vildi ekki venja sig á það. Sætti sig samt við það og yndist enn, um nokkurt skeið.

² Árni Kristjánsson.

³ Þokkafullum.

⁴ Þórarinn Jónsson.

⁵ Dr. Karl Kroner.

⁶ Ljósalamppinn sem hún fékk frá Þýskalandi og sem hafði bætandi áhrif á verk sem hún hafði í handleggnum.

útþránni - minnst mér ég líta allt öðrum augum á þetta fólk, skilji það betur og vil halda tryggðaböndum við það. Það er svo einkennilegt að þessir menn sem tala mest um þjóðarbrotið í Vesturheimi, svo sem Árni Eylands,¹ Jónas² o.fl. Þeir hafa hrósað þeim, samt dálítið blandað vorkunnsemi og hefur það alveg gagnstæð áhrif á mann, manni leiðist að hlusta á þá og finnst þetta fólk hafa gefist upp í lífsbaráttunni og vantað trú á sitt lands. En eins og þú lýsir því hefur það þau áhrif sem það hefði átt að hafa hjá Á.E. og sérstaklega er það svo guðdómlega laust við alla þessa ógeðslegu væmni sem á svo illa við mig. Annars ætla ég að skrifa ræðuna upp og lesa hana þegar mér finnst ég þurfa þess með.

Hver ætti líka að skilja útþrana ef þú skildir hana ekki? Ekki var það af því að fjármunir væru svo miklir sem þú fátækur stúdent lagðir út í heiminn; nei, það var þrá eftir að komast út og til þess að menntast. Og þegar ég lít á ykkur tvo bræður mína og ber ykkur saman, finnst mér að einmitt þetta, að þú fóst út en Eggert sat heima, hafi markað ykkur mest. Eggert varð veikur og hans menntavegur slitnaði, hann fór að vinna og það varð eins og sjálfsagt að hann legði heimilinu til og væri sá sem hægt var að leita til peningalega. Ekki var það af gáfnaskorti. Þú hefur flugið, getur miðlað öðrum af því sem þú hefur séð og lært á lífsleiðinni, en hann sigur og sér ekki út yfir þessa smáu, daglegu erfiðleika, velur sér vini, sem standa honum ekki jafnfætis, heldur fyrir neðan hann; hann er eins og þú ógurlega sár á tíma, að eyða honum illa, en samt getur hann farið í heimsókn til fyrrverandi vinnustúlkna, sem hafa verið á heimilinu, en nú giftar, og umgangast Siggu svo þær eru þar algerir heimagangar. Þetta er eins konar minnimáttarkenndi, sem kemur þannig út að honum líklega betur í návist þess fólks, heldur en þeirra sem ef til vill standa honum framar, að einhverju leyti.

Ég talaði einmitt við hann Eggert bróður rétt áðan. Ég fór að segja honum að við ætluðum í leikhúsið í kvöld og sjá Kaupmanninn í Feneyjum eftir Shakespeare. Þá fór hann að segja mér að þau hefðu einmitt ætlað með stelpurnar litlu á Álfhól, en það var ómögulegt, hann stóð upp undir klukkutíma³ og beið og þegar hann loks komst að, var allt uppselt nema á aftasta bekk og það vildi hann auðvitað ekki. En það er eins og ekkert komist í verk þar fyrr en á síðustu stundu og var auðvitað búið að sýna Álfhól 24 sinnum, þegar E. ætlaði að ná í miða var það 25. og síðasta skipti, og auðvitað gat enginn náð í miða nema Eggert.

Hér þarf nefnilega talsvert þrek og dugnað til að skemmta sér. Alltaf uppselt á bíó, leikhús, og yfirleitt allar skemmtanir; fólkið hefur það svo gott og hefur nóga aura til að skemmta sér, og gerir það sannarlega.

Það er hörgull á rjóma, mjólk, smjöri o.fl. og maður þarf að vera kominn að dyrum mjólkurbúðanna löngu áður en opnað er, ef maður ætlar að ná í rjómadropa, en það er ekki af því að minna sé um rjóma og smjör en áður, nei, það er bara það að fólk sem ekki lét sig dreyma um að borða smjör og hafa rjóma út í kaffið sitt, getur veit sér það núna, og mér finnst að við sem alltaf höfum keypt rjóma og smjör ættum að geta unnað þessu fólki dásemdinar núna.

Kaupgetan er svo mikil, að það er sama hvort það eru amerískar kápur, eða annað, það er alltaf ös og allt selt upp á klukkutíma. Ég hef einu sinni lent í þessu með Dídí, hana vantaði kápu; það var hópur kvenna fyrir utan búðardyrnar, við vorum hálf skömmustulegar að standa þarna, en það þurfti ekki, því von bráðar var komið fullt af fólki sem skyggði á okkur, síðan var opnað, og aldrei hef ég komið inn á öðru eins stökki í nokkurt hús á afi minni; ég réð mér sem sagt alls ekki, því hraðinn var svo geysilegur á þeim sem aftar stóðu og ætluðu ekki að missa af kaupnum.

Svona erum við frumstæð og sá sem hefur beittasta olnbogana er afgreiddur fyrstur. Þarna kynntist ég alveg nýrri hlið á Reykjavíkurlífinu og þess vegna veit ég að ég er ómöguleg í útveganir, því ég er mjög ópolinmód, og þar að auki vil ég láta afgreiðslufólkið vera kurteist við mig, en þegar allt sem maður fær er af náð, snýst þetta óþyrmilega við. Þess vegna á Eggert alls ekki að fara í svona erindi, heldur senda Steinunni, eða hafa önnur ráð, því hann er ennþá ópolinmóðari en ég (á) miklu minni tíma. Mér finnst ég aldrei þekkja minn gamla bróður, sem var svo létt yfir, mér finnst hann vera óánægður og í einhverri leit, ýmist breytir hann um vinnu, eða hann breytir um hús og það er samt eins og hann finni ekki það sem hann leitar að. Eitthvað utanaðkomandi ergir hann, vondar götur, vont veður, erfiðleikar á að komast í bíó, þó hann fari þangað aldrei - o.fl., o.fl. þetta fer illa með hann, hann verður nervös og æstur, - svo þegar heim kemur eru þessi eilífu húsverk, þvottar, bótastagl og ég veit ekki hvað sem getur verið að gera, þar sem húsmóðirin er alveg ómöguleg til að stjórna heimili, alltaf á hausnum í þessu, aldrei tími til að líta í bók eða blað, aldrei tími til að sjá manneskjur hjá sér, nema þessar fyrrverandi vinnustúlkur, sem allar eru

¹ Árni Eylands

² Jónas Jónsson frá Hríflu.

³ Í biðröð.

heimagangar þar. Ég þekki ekkert heimili þar sem er verið jafn *familiært*¹ við stúlkurnar, dúsdrykkja, borða við borðið, eru teknar sem fjölskyldumeðlimir, og samt helst Sigu ekkert betur á stúlkum en hverjum öðrum, nema síður sé. Tvær hefur hún haft í vetur og báðar hafa farið úr vistinni. Það er ekki þannig; það eru ógurlegir erfiðleikar með stúlkur og eru þær orðnar þannig að maður á svo lítið sameiginlegt með þeim, og þess vegna á maður ekki að setja þær við sitt borð, hefði kannski aldrei átt að gera það, síst núna.

Ég get sagt þér að ég á mér ekki heitari ósk en að ró geti færst yfir hann Eggert; en ég þori ekki að skipta mér af þessu, en þó langar mig til þess, því það er eins og þetta nervösitet í Eggert komi mest fram í því að hann verður uppstökkur, hann segir það sem er ófyrirvegað og svo slettist upp á vináttuna og hann getur ekki þolað það fólk sem ef til vill voru hans bestu vinir áður. Hvað á að gera við slíku? Þessi ágæti drengur, reglusamur, sívinnandi og góði heimilisfaðir.

Eiginlega átti bréfið ekki að vera um Eggert, en af því ég talaði við hann þá kom þetta svona, því það var ótal margt sem hann ergði sig yfir við mig í símanum. --

Sendir fjölda bóka og gerir grein fyrir ýmsum útgjöldum sem hún annaðist fyrir hann.

-- Hér hætti ég; vil heldur láta bréfið fara svona strax heldur en að bæta einhverju við og láta það svo kannski aldrei komast af stað, þó það sé ómerkilegt, þá voru þetta mínar hugsanir í dag, og það hefur það. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem, Rvík, 1.9.1945.

-- Ég get nú ekki annað sagt en að allt hafi gengið vel með Palla Þóri, hann er að vísu ekki orðinn góður ennþá, sárið ekki enn gróíð og svo sígur alltaf bólga niður í fótinn; nú eru þetta orðnir tveir mánuðir síðan hann meiddist og hann fer tvisvar í viku á spítalann. Hann er nú farinn að hjóla aftur og virðist alveg kominn yfir sjokkið sem hann fékk. --

Slýsið átti sér stað á horni Skothúsvegur og Suðurgötu. Páll var að sækja mjólk frá ömmu okkar í Nesi, sem selflutt var þaðan að Ólafsdal við Kaplaskjósveg. Eins og fram kemur í bréfinu var þá mjólkuskortur. Ég kenndi mér nokkuð um þetta því ég var í bæjarvinnunni að grafa fyrir frárennslislögn í Sörlaskjól hinu nýja fyrir Skjólin sem voru að byrja að byggjast. Þetta var skammt frá Ólafsdal og ég hefði getað hjólað og tekið mjólkina í leiðinni. Í stað þess vildi ég vera maður með hinum verkamönnum og láta flytja mig á bíl niður í bæ í hádeginu.

Í bréfinu segir FPB frá slæmu tíðarfari sem hafi orðið til þess að hún fór ekki í sumarleyfi, heldur ekki Þórdís systir hennar, sem vann með henni.

Áður kom fram að Þórdís leysti Friede af meðan hún var í Danmörku, en þá hafði hún sagt upp starfi í bókaversluninni og var þá atvinnulaus. Þetta varð til þess að hún hóf störf hjá Friede í húsinu þar sem hún bjó líka og starfaði þar lengi. Hér kemur fram að Friede er hugað um að hún geti haft ánægjulegt líf.

-- Kannski hún gæti tekið sér gott frí næsta sumar, nú er líka hægt að komast heimsálfanna milli á nokkrum klukkutímum og það væri nú það besta fyrir hana, því það er svo mikil andleg hressing um leið og maður fær loftlagsbreytingu. Hver veit nema hún geti heimsótt ykkur, hvað heldur ú um það; er það fjarstæða. --

Mamma² er bara hress, en auðvitað eldist hún ekki síður en aðrir, en alltaf kann hún betur við að fylgjast með ferðum fólksins sín, hvort heldur það er fimmtugt eða fimmtán ára og það tekst furðanlega hjá henni, blessaðri, hún heyrir líka svo vel og er það sannarlega mikil blessun³ og er það nú sannarlega mikil blessun, því alltaf verður nú fólk utan hjá ef það heyrir illa. Mamma er frá á fæti og ekki er spikið utan á henni -- Systir⁴ er orðin ósköp haltrandi, en það er járnviljinn sem knýr hana áfram; hún er ósköp mikið í heimsóknum og mamma segir að það skuli enginn ætla sér að hitta hana heima, því þar sé hún aldrei. Eina vopnið sem systir hefur þá í hendi sér er að segja að hún hafi alltaf verið að hringja til mömmu, hún hafi setið við símann, en það hafi verið tilgangslaust því mamma hafi auðvitað ekki verið heima; aftur finnst mömmu hún aldrei fara neitt og aldrei sjá manneskju. Þetta er sá venjulegi inngangur þegar systurnar hittast; þeim er það svo sem ekki frjálst að frlísta sig úti. Annars er systir farin að tapa sér og sofnar ósköp vært í boðum, í stólnum þar sem hún situr; en hún vill bara ekkert kannast við það og segir já um leið og hún vaknar til þess að láta alla sjá að hún hafi ekki blundað, en það er bara ekki víst að jáið passi inn í samræðurnar.--

¹ Nánar og leyfa þeim að vera sem hluti af fjölskyldunni.

² Álfheiður Briem.

³ Hún var þá 73ja ára!

⁴ Móðursystir Friede, Sigríður Helgadóttir (1862-1947), prestkona í Odda.

Segir frá tónleikum Adolf Busch o.fl. Segir líka frá frumburði Jónu fóstursystur sinnar. Þá var allt fullt á Landspítalanum, engin húshjálp fáanleg og tók Þórhildur systir F.P.B. hana þá heim til sín og þar var hún og dóttir hennar - Álfheiður - meðan þær þurftu. Var þetta mikið miskunnarverk.

Þá segir F.P.B. frá viðbyggingu hússins í Tjarnargötu 24 og vandræði með vinnukraft og byggingarefni. Var mikið óhapp að á þeim tíma mátt ekki byggja timburviðbyggingu, þó um timburhús væri að ræða. En plássleysi var orðið mikið í húsinu þegar við bræður vorum orðnir stálpaðir.

-- Ég á alltaf svo bágð með að trúa að ég verði, ekki fyrr en ég reyni það og vona að mér verði að trú minni, að ég verði ekki svikin nema lítið. Ég mátti til með að kasta mér út í þetta, því til hvers er að vera að lifa lífinu og reyna ekki að hafa það eins þægilegt og hægt er, það er þá bara unnið fyrir gýg, finnst þér ekki. --

Svo er tengdamóðir mín¹ fallin frá, blessuð gamla konan; hún var södd lífdaganna og var ósköp fegin hvíldinni, sem kom til hennar án þess að hún þyrfti að líða; lífið smáfjaraði út þangað til hún sofnaði svefninum langa á þessum stað sem hún hafði verið í 84 ár. Þar verður sjálfsagt einhver breyting líka, þó það verði vonandi ekki strax því það liggur við að mér finnst það óviðkunnanlegt að húsmóðirin sé ekki fyrr farin en erfingjarnir komi og heimti skipti og það upp á stundina.

Það eina sem gerst hefur í Nesi var að við komum þar saman á sunnudaginn var og Guðmundur² las upp erfðaskrá gömlu konunnar þar sem hún arfleiddi fósturdætur sínar tvær að jöfnum hluta og systkinin og Ólafur fái allan búpening auk síns hluta. Þetta fannst mér líkt henni Kristínu minni í Nesi, að kunna að meta fósturdæturnar, því fáir hafa reynst henni betur síðustu árin, en einmitt þær.

Ætlar þú að vera áfram í þínu starfi, þrátt fyrir annaríki? Heppinn varstu að koma ekki hingað í sumar, í alla þessa óhemju rigningu, þó hins vegar hefði þér ekki veitt af að fá frí og leggja konsúlstörfin á hilluna, þó ekki væri nema um stund. Mér finnst verst við það hvað þú hefur annríkt að þú skulir ekki geta stundað einhver ritstörf og sinnt þínum hugðarefnum; eða hefurðu nokkurn tíma til þess? Jæja; ég hélt að þú værir fæddur til þess að verða háskólakennari og er eiginlega alltaf að bíða eftir því að fréttu einhverja breytingu í þá átt! Þú sem varst svo *disträit*³ smábarn, er það ekki nóg til að hreppa stöðuna? Góði taktu ekki mark á þessu hjali. Það getur vel verið að fólk sem hefur verið svo lengi erlendis kunni alls ekki við sig herna; þó okkur heimskingjunum finnst það dýrðlegt síðan hitaveitan kom! Annars held ég að öllum hugsandi mönnum sem koma hingað blöskri pólitíkin, allt það baktjaldamakk og bitlingar, að maður nú ekki tali um þegar einhver er skammaður fyrir athæfi sem ekki þolir dagsbirtuna; þá eru alltaf sömu rök: Þér ferst, þú ert víst síst betri né flokksmennirnir, en aldrei hirt um að afsanna sökina. Þeir eru víst svo djúpt sokknir í þetta þessir svokölluðu stjórnmálamenn okkar, að þeir sjá ekki hversu lítilfjörlegt og spillandi fyrir þjóðina þetta er, og ef einhver hefur umbótavilja og föðurlandsást er það strax sokkið til botns og allur tíminn fer í að finna höggstað á andstæðingnum.

Útlagarnir -- eru alltaf að koma heim og sem betur fer ætlar flestir að setjast hér að og láta landið njóta góðs af lærdómi þeirra. Það hlýtur að hafa einhver áhrif, ef þeim eru fengin einhver verkefni í hendur.

Annars höfum við margt lært af hermönnum, sem verið hafa hér í landi og auðvitað spillst líka eitthvað. En hvað vinnubrögð snertir hafa þeir komið með marga nýja strauma inn í landið, og eins hafa þeir komið með vélar sem aldrei hafa sést hér fyrr, enda er vöknud hér alda að auka vinnuhraðann --

Annars er það svo, ef ég sný mér að mínum privátmálum, þá er ég alltaf hál áhyggjufull út af heilsunni strákanna minna, það er eins og um leið og eitthvað batnar komi annað í staðinn. Nú hefur Palli verið með þetta í fótunum, þangað til hann varð fyrir bílnum, en síðan hefur hann ekki fengið það, og er ég að vona að guð gefi að það sé orðið gott, hvernig svo sem á því stendur. En þá verður Eggert Ólafur draghatur og er enn, á þessum fæti sem hann var veikur í þegar hann var lítill. Og það er nú það versta, því eftir því sem mér heyrir á læknum, er svo lítið hægt að gera fyrir hann. Hann er nú í stuttbylgjum og er ég spennt fyrir hvaða áhrif það hefur, en það er ekki hægt annað að segja um Eggert, að hann er draghatur, og er mér það mikil raun. Ekkert get ég hugsað mér leiðinlegra en að sjá ungan dreng, sem hefur fulla starfslöngun, verða að hanga heima og gera ekki neitt. Það getur vel verið að maður geti kennt því um að hann langaði svo til þess að vinna útvinnu og fá mikið kaup, svo hann fór að vinna við garðyrkju, sem ég hélt að væri létt og gott fyrir hann en í þess stað er ég hrædd um að hann hafi ofreynt sig, því þá fór að bera á þessari heltu. En þó veit ég svo sem ekki, kannski hann hefði fengið það hvort sem er.

¹ Kristín Ólafsdóttir í Nesi v. Seltjörn.

² Guðmundur skipstjóri, síðar bóndi í Móum á Kjalarnesi.

³ Annars hugar.

Það er leiðinlegt að vera alltaf kvartandi, en úr því ég fer að skrifa þér, þá finnst mér ég mega til með að segja þér frá öllum mínum högum, illum og góðum. Ég vona nú samt að hann geti farið í skólann og fylgst með sínum kunningjum, því hann hlakkar svo til að skólinn byrji. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 23.10.1945.

Sala búslóðar Helga sem strandaði í Khöfn öll stríðsárin. Þakkar húsgögn sem hún fékk fyrir hjálpina við söluna og ætlar að hafa í viðbyggingunni.

-- Ég veit ekki hvernig ég á að byrja þetta bréf til þess að þakka ykkur hjónunum nóg samlega vel fyrir húsgögnin sem þið hafið gefið mér. Ég hlakka svo til þegar herbergin verða tilbúin að koma þessu indæla dóti fyrir, en það verður nú sjálfsagt ekki fyrr en eftir nýár, því ennþá er það þannig að eftirspurn eftir vinnu er miklu meiri en framboð.

Ég ætla að segja ykkur hvað þið hafið gefið mér. Er það fyrst að telja þennan framúrskarandi vandaða og fallega sófa, sem hrein unun er að sofa á --, lampaborð sem er svo mikill gripur og góður að ég tók það strax inn í dagstofu og finnst ég varla megí af því að sjá það; borðið eitt er eins og verulega flot silfurbrúðkaupsgjöf. Svo var það ein af hnotubókahillunum og þrjár rimlabókahillur; og að lokum ein *alabatursskál*¹ til að hafa í loft.

Þegar ég skrifa þetta allt upp, sem þið hafið gefið okkur, svitna ég yfir að taka á móti svo miklu af ykkur, svo gjörsamlega óverðskuldað og sem ég sjálfsagt aldrei get launa, og því reyni ég aðeins að segja: guð blessi ykkur og launi fyrir það hvað þið eruð mér framúrskarandi góð og hugulsöm. En verst þykir mér nú samt ef ég hef verið alltof frek og ágjörn og hef gramsað í alltof miklu, en þetta voru allt hlutir sem mér fannst sérstaklega eigulegir og hentugir og hefði reynt að kaupa það ef þið hefðuð ekki gert mér svo stórhöfðinglegt boð.

Árni² hefur sjálfsagt skrifað þér um söluna á hinum húsgögnunum og því sem ekki er selt ennþá.

Theodór³ útvegaði salinn í Útvegsbankanum til að stilla húsgögnunum upp í og selja þau. Hér hafa tæplega sést eins fögur borðstofuhúsgögn og voru margir sem horfðu á þau löngunaraugum, þó þeir hins vegar treystu sér ekki til að kaupa svona stór húsgögn, því þau þurfa næstum því salarkynni.

-- datt Theodór þessi salur í hug, sem gekk greiðlega að fá, og þar fannst mér húsgögnin taka sig virkilega vel út, og voru eins og stofur. Við reyndum að pússa þau eins vel og við gátum; eins gerði Árni við ýmislegt sem hafði brotnað, það hafði ekki verið sett grind utan um fætur og höfðu þeir ýmsir ekki þolað þungann -- Eins var spónn víða farinn af og var það einna verst.

Við tókum pappíra, myndir o.fl. sem var í skrifborði og saumaborði, settum í pakka sem geymdir eru hér uppi á háalofti. Eins er með stytur, málverk og ýmislegt smávegis, sem teljast til gjafa, það er í kössum hér uppi. Dúnteppi, ullarteppi, koddar og púðar og nokkuð af gardinum er líka hér uppi. Við Dídí sprautuðum það með meleitri og gengum eins vel frá því og við gátum.

Aftur á móti var leirtauð selt og metið af Ísleifi⁴ og Árna Birni.⁵ Mikið vildi ég að hvorki Árni eða við höfum gert neina vitleysu með þetta og svo að þið yrðuð ánægð með söluna.

Ég er viss um að Árni (Skúlason) reyndi að gera sitt besta, þó auðvitað viti ég ekki hversu mikla provision hann tekur af þessu. Hann þykir nú dálítið dýr; en hvað sem því líður, er hann ákaflega almennilegur og var okkur svo þakklátur fyrir það sem við hjálpuðum til, að það voru hrein undur. Ég var nú feginn að kannast við sumt af eigum ykkar, svo sem t.d. flöskurnar gömlu sem þú hafðir grafið upp frá þeim tímum þegar menn kunnu ekki að blása gler. Þær eru líka geymdar hér.

Hilda og Theodór keyptu Chippendale húsgögnin, nema skápinn, sem átti að selja sérstakan. Þau eru ákaflega ánægð enda eru húsgögnin ákaflega falleg. Theodór hefur skrifborðið inni hjá sér og eins tvo stólana, en Hilda hefur inni í dagstofunni kringlótt borðið og litla skrifborðið með skúffunum. Páll Líndal hafði mikinn augastað á klausturstólnum með handsaumaða merkinu og keypti hann stólinn og var mjög ánægður. Mér fannst gaman að hann fór ekki til ókunnugra, því þá getur maður horft á hann sér til ánægju, við og við. --

¹ Mjúk steintegund, auðvelt að móta, vinsælt til að nota í vasa og fljósakrónur, en nú orðið mjög sjaldgæft nema mit nota í litla skrautmuni.

² Árni Skúlason.

³ Theodór B. Líndal.

⁴ Ísleifur Briem.

⁵ Árni B. Björnsson

Theodór er í máli fyrir hann (Pál Þóri) ef hann fengi einhverjar skaðabætur (eftir slysið) en mest er ég þó þakklát fyrir að hann náði sér eftir þetta og það einkennilega er að hann hefur verið góður í fótunum síðan, hefur ekki innlegg og er byrjaður í leikfimi. -- Eggert Ólafur hefur líka náð sér og er ekki haltu lengur, nema það sem óhjákvæmilegt er, þar sem fóturinn annar er styttri. --

Mamma er ósköp svipuð til heilsunnar, heyrir vel en sér illa og er alltaf jafn trygg við vinkonur sínar, sem eru rúmliggjandi, eins og frú Jensson,¹ hún mamma er alltaf svo hugulsöm við þá sem eiga erfitt; hún er að fara með kökur og ýmislegt góðgæti til frú Jensson, því hún fær svo vondan mat á Elliheimilinu og reynir að gleðja hana á allan hátt.

Drengirnir er ógurlega ánægðir yfir því að eiga að fá herbergi og ekki síst að fá svona fínt inn í þau, þeir eru mikið heima og kannski einhverjir kunningjar hjá þeim, virðast báðir vilja hafa það huggulegt og láta fara vel um sig. Annars er Palli óðum að vitkast, þó alltaf hafi hann gaman af einhverju fíkti, sem ekki er sérlega vel séð hérna í húsinu og vantar ekki uppáfinningarsemina þá. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 18.11.1945

Þakkar bréf, fjörefnasendingu og fermingargjöf til Páls. Segir frá skírnarveislu Eyglóar dóttur Jónu fóstursystur. Er ánægð með nýja nágranna í Tjarnargötu 26, gamla biskupshúsinu. Segir frá byggingarframkvæmdum sínum.

-- Mér finnst miklu skemmtilegra að þarna skuli búa fjölskylda heldur en ef hefðu verið settar þarna upp skrifstofur, því alltaf er verið að tala um að húsin hérna eigi að hverfa og koma í staðinn stór hús, sem eigi að vera skrifstofuhús fyrir ríkið, en það er bara ekki búi að samþykkja skipulag bæjarins ennþá, svo enginn veit hvað verður í þeim efnum og ekki var gerð nein athugasemd þegar ég sótti um viðbygginguna hérna. Ég er að minnsta kosti fegin að ríkið keypti ekki húsið, enda dragnast allt niður sem ríkið á og viðhald á húsum í einkaeign miklu betra en hjá ríkinu.

Mér fannst ógurlega einkennileg stemmning þegar verið var að flytja húsgögn og dót út úr húsinu, eins og verið væri að slíta eitthvað upp með rót, sem aldrei geti vaxil að nýju, en maður venst því eins og öðru og húsið missti svip sinn þegar Jón frændi féll frá. --

¹ Sigríður Hjaltadóttir Jensson.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 18.4.1946.

-- Ég læt mig hafa það, þó að skírdagur sé og sest við ritvélinu til þess að skrifa þér; því samviskan er hábölvuð hjá okkur Dídí báðum. Það er eins og þú veist út af bréfinu sem þú skrifaðir okkur í vetur þar sem þú baðst okkur um að skrifa upp það sem geymt er hér á háaloftinu fyrir þig.

Okkur fannst það hálf eiginlegt að fara að taka upp út kössunum aftur og báðum Árna Skúlason að gefa okkur lista yfir það sem komið hefði frá Höfn og það dróst nú eilíffðar tíma, og svo þegar við fengum listann, græddum við ekkert á því, vegna þess að Árni hafði auðvitað tekið upp allt dótið og sumt alls ekki komið niður í Útvegsbankann, ýmist selt þar uppfæra eða þurft einhverrar lagfæringar við, og ekkert af því sem á listanum stóð var hér á háaloftinu. Svo er auðvitað alltof langt liðið frá þessu og allt tómt svik frá okkar hálfu, tíminn farinn út ú höndunum á manni, dagarnir verða að vikum, vikurnar að mánuðum og maður dauðskammast fyrir sjálfan sig.

Ég hef alls ekki séð ljósakrónuna sem þú talar um, en Árni sagðist gera þér grein fyrir öllu, svo það er víst allt í lagi hvað hann snertir. Ég veit ekki til að neitt af ljósmyndavél hafi verið í dótinu, en það gæti þó verið að maður þekkti það ekki og vissi ekki hvað það væri. Það sem er uppi eru stytur (Ásmundur Sveinsson), brjóstlíkan af pabba og marmarasúla undir hana, koddar og púðar, ýmislegt úr rúmi (Dún teppi, ullarteppi o.þ.h.), gardínur, myndir, kristallsvasar og ýmislegt smávegis sem ég get ekki ímyndað mér að þú vildir selja.

Mér finnst það leiðinlegt ef þér sárnar mjög mikið við okkur út af þessu, en ég hef því miður ekki aðrar afsakanir en þær, að við ætluðum að gera þetta, en drógum það þangað til við sáum að það var allt um seinan, maður er alltaf að vonast eftir að þið séuð að koma heim, eða heldur þú ekki að þú þyrftir að koma, til þess að slitna ekki of mikið úr tengslum við allt herna, að ég ekki tali um, fyrir okkur að fá ánægjuna af ykkur, þó ekki væri nema um mánaðartíma. Nú verða margir frídagar og maður nýtur þess í ríkum mæli að eiga frí, Ég var líka svo óheppin að missa stúlkuna mína um tíma, -- það er ekki þægilegt þegar maður hefur meira en nóg að gera á skrifstofunni, enda var það svo að ég mátti varla vera að því að líta á blöðin fyrr en á kvöldin og datt þá út af. Svo það átti við mig eins og skáldið sagði - *sálin var ægileg eyðimörk!* og mátti hún illa við því tetrið að tarna.

Jæja, vinur minn; ég vona að þú fyrirgefir manni. Eins og svo oft áður þarf maður á því að halda að fólk sé umburðarlynt við mann og væri kannski skárri ef maður ekki alltaf reiknaði með því. --

Strákarnir hafa sérstaklega gaman af blöðunum (sem þú sendir) og er ég feginn að þeir kannski læra dálítið í ensku um leið og þeir skemmta sér. --

Það eru meiri breytingarnar alltaf í kringum mann, fyrst var Tjarnargata 26 tæmd og öllu þar tvístrað og nýtt fólk komið í staðinn; nú er um það bil búið að selja Nes og fer folkið þaðan 1. maí. Búið er að selja Veltuna og allt er í umróti. Ásgeir Gunnlaugsson og Finnur Einarsson keypti Veltuna saman og eru þeir þar kyrrir með sínar verslanir.¹

Stofnað hefur verið hlutafélag sem heitir Nes hf. og það kaupir jörðina, búpening og allt saman; það eru Skúli Thorarensen, Jónas Hvannberg, Jón Árnason og einhverjir fleiri sem eru hluthafa og ætla þeir að hafa búskap þarna áfram, en annars er víst ætlunin að búta Nesið niður í byggingarlóðir, svona í framtíðinni.

Ólafur vill ekki búa í Nesi og er ánægður með að vera laus. Lóa Vennerström er komin hingað í þeim erindum m.a. að sækja Óla; hún er búin að bjóða honum að vera á búgarðinum sínum í Svíþjóð, og þar vonast hún til að hann geti áttað sig, hvílt sig og haft ánægju af verunni; hún er búin að missa manninn sinn,² og er nú flutt úr landshöfðingjabústaðnum, og þó hún auðvitað sakni mannsins sín, þá saknar hún ekki stöðunnar, því það fannst henni ljóta þvingunin og þurfa að stunda samkvæmislífið eins og hverja aðra vinnu. fannst það andlaust og falskt, sem sagt, það átti ekki við hana. Óli er nú í fyrsta skipti að fara af landi burt og er að verða fimmtugur; það er einkennilegt að hugsa til þess þar sem hann vitnar enn í það þegar hann var á síldinni og á Hvanneyri. Það eru einu skiptin sem hann hefur verið nótt að heiman. Ég óska þess af heilum hug að hann fái að njóta einhvers í lífinu, þó seint sé, því mér finnst hann ekki hafa gert það hingað til, eftir venjulegum jarðbundnum mælikvarða. --

Það eru að koma gestir til mín, svo ég slæ botninn í þetta í snatri, svo ég salti það ekki í nokkrar vikur. --

¹ Eignir sem Kristín Ólafsdóttir í Nesi lét eftir sig. Veltan, Austurstræti 1, var ekki löngu síðar rifin, af alkunnu tilgangsleysi.

² Ivar Vennerström.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík 18.8.1946

Nú hefur H.P.B. og fjölskylda verið í Tjarnargötunni í sumarleyfi og er söknuður mikill við brottförina og táraflóð.

-- þakka fyrir allt gott og skemmtilegt -- Elsku Helgi minn, ég varð fyrir þeim töfrum af henni dóttur þinni, að þeir gleymast mér aldrei - hún er sú dásamlegasta vera sem ég hef nokkurn tíma kynnst, - falleg, gáfuð og hrifandi, blessunin litla. Ég sé hana fyrir mér, frá því hún kom fram á náttfötunum á morgnana, þögl eins og hún væri ennþá í draumaheimi, og þangað til á kvöldin þegar hún sofnaði með fingurinn uppi í sér og sneri upp á lokkinn.

Ég veit ekki hvernig ég á að koma orðum að því að þakka þér fyrir gjöfina, þessa seinustu, Ég er í svo mikilli þakkarskuld við þig, að engin orð nægja til að þakka allar þær velgjörðir, mér fannst ánægjan sannarlega nóg, þó ekki væru stórkostlegar fjárgjafir líka; svo ég segi bara, guð launi þér allan þinn höfðingsskap, elsku besti bróðir minn. --

Það er ótrúlega hljótt hér; drengirnir fóru á flugsýningu og var víst ætlunin hjá þeim að komast upp í flugvél í hringflug yfir bænum, vonandi tekst þeim það --

21.8.1946. Palli og Eggert flugu á sunnudaginn, fannst það auðvitað dásamlegt og aurunum ekki betur varið í annað. --

Þá kom lýsing á miðilsfundi, áframhald af heimsókn Helga og Dorisar er voru upptekin af sálarrannsóknunum og héldu slíka fundi í húsinu. Þetta tengist veikindum Þórhildar systur þeirra.

1947

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Karlstad. 13.1.1947.

-- Heyrði rétt í þessu í útvarpinu að Helgi væri útnefndur sendiherra í Stokkhólmi. Það er allt of gott til að geta verið satt! Doktor Briem -- Getur varla hafa verið neinn annar -- Ég hafði ekki heyrt að (*Vilhjálmur*) Finsen ætlaði að hætta eða flytja - en það heyrðist svo einkennilegt „*hann tæki semester*“ hvað það nú hefur að þýða. Eitthvað er bogið við þessa frétt sem ég veit ekki hvað er. Finsen var jú vissulega huggulegur „*strákur*“ en því miður ekki mikið annað. Og mér finnst nú að ef á að halda dýrum mönnum í útlandinu, þá eigi það að vera menn með „höfuð“ og ekki bara Mogga. Fer ég nú rétt með Friede mín, er ég fyrir mig persónulega ákaflega glöð yfir fréttinni. Ég sé fyrir mér Helga og Ivar í bókaherberginu okkar á Essingen, hlustandi á þeirra samtal - og, eftir á, hvað Ivar var imponeraður af Helga bróður þínum - líklega 1924, getur það ekki verið rétt eða þar um bil.¹ Hann hélt stíft upp á Helga sem ákaflega kunnáttusaman ungan mann og menntaðan. -- Nú eru þessi ár liðin og nýtt ár, sem allir líta á með mikilli alvöru og þungum brúnum. Þingið hefur verið byrjað og okkar Vigfors, fjármálaráðherrann, hefur boðað mikil skattþyngsli. Hann má búast við að önnur kinnin hitni næstu vikurnar. -- Fólki þreytist -- aldrei á að skamma hann og³ úthúða honum og kalla hann „*dårhus patient*“² Merkilegt ef taugar hans hafi staðist þetta, allt frá 1932. Veslings maðurinn og vesaling konan! --

*Ræðir mikið um vin sinn Ernst Vigfors (1881-1977) sem var með Ivori í ríkisstjórn Per Albin Hanson, og mörg ár til viðbótar, forystumaður í kvennasamtökum sósíaldemókrata. Var helsti hugmyndafræðingur sænskra sósíaldemókrata.*⁴

-- Friede mín, ég er leið að ég er svo slæm að skrifa, ég vildi svo gjarna og innilega komast í kontakt við þig, þú varst mín elskaða bróður góða og dýmæta kona, og oft er ég hissa á að hann skyldi hafa haft svo mikinn skilning að hann festi sig við þig, sem ekki bara hann þurfti með, heldur öll okkar ætt. Ég minnst svo vel okkar seinustu kvöldstundar heima hjá þér, það var svo hlýtt og hljótt milli okkar og stundin var svo góð. Svona stundir koma ekki oft, en þegar þær koma minnst maður þeirra svo oft, eins og smá geislar og lífið verður ríkt -- Við þurfum þeirra með, við erum einar. Friede mín elsku, vertu vinsamlega blessið og ég geymi þig í hjarta mínu. --

Álfheiður Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík. 22.5.1947.

Saknar hennar mjög og þakkar innilega bréf hennar.

-- hér er ósegjanlega tómlegt að snúast í kringum mig sjálfa -- fór að viðra út úr klæðaskápnum -- Sá Áslaugu hans séra Bjarna sem var á nr. 22 -- var þá fædd dóttir og drifið upp flagg í tilefni af því, hún var 16 merkur, litla sponsið, prýðisbarn, sagði Agnar við Friede sem var að vinna í garðinum. Ólöfu líður vel, nema hvað hún er slæm í brjóstinu --⁵

Ekki er forsetinn kominn heim, en hann er alltaf að gefa þeim orðurnar, sem eru honum hjartfólgastir, svo sem eins og Brun mínum⁶, og þess konar heiðursmönnum, sem aldrei verður of mikið gert fyrir. -- Friede keppist við að neita um vinnu, segir hún, þó mér finnst hún keppast við að vinna

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík 26.5.1947.

Hér kemur í ljós að það sem F.P.B. orðaði við Helga er komið í framkvæmd. Þórdís systir þeirra er komin vestur og vinnur ýmis störf, einkum f. Helga og einnig nokkuð f. konsúlatið.

-- Mér finnst eitthvað svo undarlegt að skrifa þér bréf í stað þess að rabba við þig hérna við hliðina á sér, það liggur við að maður þurfi allt í einu að fara að hugsa, í stað þess venjulega að láta dæluna ganga umhugsunarlaust með ritvélar og fjölrítara að undirspili.

¹ Rétt munað hjá Lóu því Helgi heimsótti þau það ár og ferðaðist síðan með Ivori Vennerström nokkuð um landið. Þá var Helgi í blaðamannaferð til og um landið. Sjá Helgi P. Briem: *Mínningar mínar* (útg. 2011), bls. 102 og áfr.

² Ætli meggi ekki þýða þetta á íslensku sem: Kleppara. Við ættum að kannast við slíkt orðbragð.

³ Reyndar frá 1925.

⁴ Minntist Friede kynna af honum lengi eftir að hún hafði sótt veislu hans með Lóu.

⁵ Þetta var Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði við H.Í., nú *emeritus*. Titillinn notaður til að hanga á fortíðinni!

⁶ Fyrr nágranni í nr. 22.

Mikið er nú tómlegt sætið þitt, og undalega sviplaust herbergið þitt, þó dótið þitt standi þar með ummerkjum. Já elskan, engar raunatölur, því nú skaltu sannarlega reyna að njóta lífsins og hvíla þig og sólbaka; ég vona sannarlega að allt verði þér til gleði og upplýtingar. --

Segir frá einleik Steingerðar Guðmundsdóttur¹ sem fluttur var í Íðnó með grammófónundirleik, sem ekki var nógu góður. Ekki var uppselt og varð að aflýsa þeim næsta. Ýmislegt var mjög vel gert, en ekki gott að flytja efni úr mörgum áttum. Vonar að hún fái að sjá Steingerði á leiksviði, því hún er góð leikkona, þó dómarnir séu misjafnir. Sagði frá samtali við Cecilíu Helgason, frænku sinni, sem lýst ekki á að vera með börn í slæmum bæ í Þverárhlið. Þá lýsir hún fjölskyldubóði fyrir fjölda fólks sem móðir hennar hélt (en hún annaðist að sjálf sögðu sem mater familia).

-- og kom Skúli Skúlason² líka -- þröng á þingi -- börnin í boltaleik bæði upp á altan³ og niðri í garði og þess á milli skemmt sér með *dyraaparatið*⁴ frá Helga, það má segja að það sé bæði til gagns og gleði.

Mamma hefur líklega sagt þér að Agnar og Ólöf⁵ eignuðust dóttur 14. maí, prýðisbarn, efnilegt og pattaralegt. Er mikill fögnuður í fjölskyldunni, eins og nærri má gat og sannarlega vonandi að þau fái að halda henni og njóta hennar.

Ég var í gærkvöldi hjá Steinunni Sívertsen, það er orðið svo fínt og fallet hjá henni, óvíða sér maður fallet gra heimili, nú er allt nýmálað og húsgögnin njóta sín alveg sérstaklega vel. Annars er Gústav á spítala og verður þar víst allan júnímánuð, hann liggur á Hvítabandinu. Það er svo einkennilegt fyrir hann, sem var á spítala í Kaupmannahöfn í fyrra að bera saman andann á þessum tveim spítölum, Í Khöfn var hann ávarpaður sem *herr* eða *kontorchef* og öllum þessum titlum sem Dönum er tamt að nota við slíka menn, en hér búa gangastúlkurnar hann og kalla hann Gústav og Gústav sinn. Þegar hann var búinn að liggja þarna einn dag, og var í svelt, sagði stúlkan þegar hún var að bera mat til herbergisfélaganna: *Ósköp þykir mér leiðinlegt að mega ekki gefa þér neitt*. Þegar hún er að taka til segir hún við þá: *Ósköp eruð þið daufir núna. Eruð þið alltaf svona?*

Kristín⁶ var rétt að byrja að ná eðlilegum holdum núna þegar hún fór aftur í sveitina til Ólínu og búðinganna, svo Steinunn⁷ kvíðir fyrir að hún afmyndist öll aftur. Þórdís⁸ á að fara á skrifstofu til sakadómara sem lærlingur kauplaust til að byrja með, en ég ætla að kenna henni vélritun. Annars fer Lilja⁹ núna um mánaðamótin, svo nú verður maður að fara í einhverjar hreingerningar --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík, 9.6.1947.

Segir frá prófum Eggert og Palla. Einnig frá flugslysum og tónleikum Bush í því nýja Austbæjarbíói. útsendingin var misheppnuð og heyrðist ekki.

Strákarnir voru að ljúka prófum.

-- Svo er nú fullur bærinn fullur af tónlistamönnum -- Fríða hlustaði á þá í fyrrakvöld og var hrifin, en talsvert eftir sig þar eð sætin í þessu nýja Austbæjarbíói hve vera ótæk, til að geta notið Bush og svoléiðis manna, ég hlustaði í útvarpinu en missti af kjaftaganginum í Páli Ísólfsyni og klappinu, og sætt mig við hvor tveggja. --

¹ Steingerður Guðmundsdóttir.

² Skúli Skúlason.

³ Þá hafði henni tekist að ljúka viðbyggingunni, með stórum svölum.

⁴ Einhver fyrsti „dyrasíminn“ í bænum, reyndar ekki mað taltæki, en með vélarhljóði merkilegu. Gestir hrukku við þegar opnað var og lögðu ekki í að opna hurðina, svona fyrsta kastið. Alla vega þurfti ekki að hlaupa niður milli hæða til að opna.

⁵ Agnar Kl. Jónsson síðar ráðuneytisstjóri og Ólöf Bjarnadóttir, Jónssonar dómkirkjuprests og Áslaugar Ágústsdóttur.

⁶ Kristín Gústavsdóttir (1936), fjölskyldu- og félagsfræðingur í Gautaborg, síðar í Garðabæ, gift Karl Gustaf Piltz, lög- og sálfræðingi.

⁷ Móðir hennar, Steinunn Sigurðardóttir Sívertsen.

⁸ Þórdís Gústavsdóttir (1931) kona Jóhanns Níelssonar hrl.

⁹ Lilja Eiríksdóttir (1926) frá Dröngum í Strandasýslu, skemmtileg stúlka og myndarleg, gerði bestu heilhevitibrauð áður en þau urðu þekkt. Hef saknað alla tíð að missa samband við hana. Hitti hana einu sinni á balli í Árnesi í Trékyllisvík. Hún varð skipstjórafrú í Kópavogi.

Drengirnir herna eru búnir í prófunum -- Eggert finnst tómlegt ef Pálmi (*Hannesson*) vill ekki taka þá í menntaskólann sem staðið hafa prófið. Hann er ljóti vingullinn og allur með hugann við Heklu.¹ Páll átti að byrja á morgun að vinna í garðyrkjunni, en þá var komið verkfall, svo nú er hann atvinnulaus., nema hvað hann er að vélrita kvæði eftir Odd Ólafsson,² þann mesta heilaspuna sem ég hef séð. Eggert er að læra vélritun og er að lesa saman með mömmu sinni. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík, 1.7.1947.

-- Ég er ógurlega spennt að heyra frá þér og hvernig þú kannt við vinnuna. Ertu ef til vill að hugsa um að flendast eitthvað þar vestra? Þú veist að þú ræður því alveg og mátt ekkert vera að huga um mig, því það draslast einhver veginn og þá reyni ég seinna í sumar að fá stúlku; gæti verið að ég gerði það hvort sem væri ef ég fær fleiri ritvélar. --

Ræðir um móður sína, sem virðist vera hjá henni í fæði; enda geti hún illa séð um matargerð. Segir að vel gangi með hana og fólk líti til hennar þegar það veit af henni einni. Hefur tekið ákvörðun um framtíðina sem hún sá stundum eftir þar sem hún leiddi til að næði heimilisins var rofið. Ég var ósammála henni um, hversu oft sem hún rifjaði málið upp í ellinni. Stundum var hins vegar vafi í þeirra brjósti um Þórdísi og hennar skapferli þá áratugi sem hún átti eftir að vera í fæði hjá systur sinni.

-- Ég býst ekki við að ég breyti til þó að þú komir heim, ég er fastákveðin að bjóða ykkur hvort sem er að borða miðdegismat hjá mér -- og auk þess finnst mér svo leiðinlegt fyrir þig að hlusta á hana einsömul tala um gamla daga. Það er allt öðru vísi þegar við erum fleiri, þá getur maður brosað að því. En svona verðum við öll sjálfsagt með aldrinum. Mér finnst Eggert og Palli hafa gott af að vera með henni, það er lærdómur fyrir sig og gott fyrir þá að vera samtíða gamalli ömmu sinni. Mér finnst mamma annars vera reglulega ánægð og heilsan er ekki sem verst; er nú margt sem ég held að hún kynni að hafa gaman af, sem hún treystir sér ekki til.

Þú hefur líklega ekki séð mikið af blöðum, því hér er verkfallið búið að standa í tæpan mánuð og skipin æ fleiri hér á höfninni óafgreidd. Lyra kom með Snorrastyttuna en Dagsbrún neitaði að skipa henni upp, svo hún fer aftur til Noregs og ég býst ekki við að neitt verði úr þessari mikið auglýstu Snorrahátíð, úr því þennan mikla grip vantar. Ekki veit ég hvernig Norðmenn taka þessu, en auðvitað þekkjast verkföll alls staðar, svo óþarft er að firrtast við, en það er dálítið óheppilegt ef svona þungur og fyrirferðarmikill gripur þarf að fara oft yfir hafið áður en styttni verður komið fyrir í Reykholti. Það er ótrúlegt hvað ber orðið mikið á þessu verkfalli. Austurvöllur, Hljómskálagarðurinn og allir garðar, sem bærinn sér um, eru í megnustu órækt, plönturnar dauðar eða illa farnar; arfinn er það eina sem fær að þroskast og blómstra; sorptunnur hafa ekki verið hreinsaðar á þessum tíma, engin götuhreinsun, engir strætisvagnar; vörunar ýmist ofan í skipunum eða í pakkhúsum, allar húsbyggingar stöðvaðar; sem sagt, bærinn lítur ekki blómlega út.

Annars hefur verið rigning hér allan júní að undantekinni einni viku þegar Palli og Jón voru að smíða grindurnar.³ -- Palli er að vélrita kvæði Odds Ólafssonar.⁴ Ef það væri ekki neyðin sem ræki hann til þessa starfa mundi hann ekki snerta þau, hvert kvæði sem kemst frá er sigur unninn. Ég verð að gera honum úrlausn einstaka sinnum og lesa þvættinginn, svo við getum ergt okkur saman. Þú þekkir leirinn. Nú er ég að hugsa um að tala við Odd og segja honum að þetta verði hræðilega dýrt fyrir hann, svo maður geti losnað við eitthvað af því. Palli verður að grípa til lýsingaorðafjöldans úr Þjóðviljanum til að fá loft fyrir gremjuna.--

Nú lýsir hún móttöku fyrir fræga Zontakonu, miss Carlson, með Arndísi Björnsdóttur, Auði Auðuns, Önnu Sigurðardóttur og Sigríði Helgadóttur.⁵ Sem vænta mátti bauð hún í hádegisverð.

Á sunnudaginn áttum við að borða með henni á Hótel Borg og Anna Sigurðardóttir formaður Zonta líka. Ég gat ekki farið en hinar mættu, síðan fóru þær á landbúnaðarsýninguna með frk. Carlson. Anna fór til systur sinnar og ætlaði svo að hitta þær aftur um kvöldið.

¹ Pálmi Hannesson rektor var rektor.

² Oddur Ólafsson frkkvstj. Leikfélags Reykjavíkur,

³ Jón Jónsson á Freyjugötu 9, heimilisvinur og trésmiður fjölskyldunnar. Þetta var girðingin umhverfis garðinn milli húsanna og við götuna. Léttari girðingar voru í brekkunni og við Suðurgötuna.

⁴ Oddur Ólafsson var framkvæmdastjóri Iðná, mikill krati, vinur Þórbergs Þórðarsona og þekktur úr ritum hans. Fyrst og fremst viðskiptavinur Friede. Símanúmerið hans var 2350 og var stöðugt verið að hringja í vitlaust númer hjá okkur 2250.

⁵ Auður Auðuns lögfræðingur og ráðherra. Arndís, sjá áður, Sigríður Helgadóttir, var með hljóðfæraverslun, og Anna Sigurðardóttir, starfsm. O. Johnson & Kaaber.

En margt er ráðgert sem þó aldrei verður, því um eftirmiðdaginn veiktist Anna skyndilega og var flutt heim til sín og skipti það engum togum að hún var dáið eftir skamma stund. Það átti að verða skemmtifundur -- vegna gestsins; við aflýstum honum auðvitað og mátti heita að allur dagurinn færi í símhringingar út af þessu. Frú Sen¹ er varaformaður, en hún var veik, hefur verið með ígerð í fætinum og auk þess sykursýki, svo hún þarf að fara á spítala; svo röðin var allt í einu komin að mér og ég þarf að taka að mér formannssæti um stundarsakir og er ég sannarlega kvíðafull yfir að eiga nú -- að halda þarna ræðu. Ég vona að ég verði ekki allri ættinni minni til skammar, nóg er að verða sjálfri sér til minnkunnar, þó maður dragi ekki aðra með sér.

Á föstudaginn ætlum við að borða hádegisverð með frk. C., sem svo fer að öllum líkindum á laugardaginn aftur burtu. Ég reyni að koma einhverju saman og þylja það svo upp af blöðum, verst þykir mér af ég þarf að segja eitthvað óundirbúið, ég gæti trúað að mér yrði ekki rorra innanbrjóst en mönnum sem sjá til Helgu Sigurðardóttur!² --

Þú hefur kannske fengið blöð hjá Helga -- og séð þar um slysið sem Helgi Guðmundsson³ varð fyrir. Helgi er ákaflega mikið veikur, en er þó víst á batavegi, hann viðbeinsbrotnaði, möluðust í honum rifin og við það kom gat á brjósthimnuna, svo annað lungað varð óstarfhæft. Það var reynt að gefa honum súrefni, og um tíma var hann látinn í stállunga⁴ og var hann milli heims og helju, en er nú eitthvað betri, þó líðanin sé ekki góð.

Helgi og Kaja,⁵ Adolf Busch,⁶ Þóra⁷ og Stína⁸ voru í bílnum en Þórhallur,⁹ maður Þóru stýrði og voru þau á leið að Gljúfrasteini til Halldórs Kiljans í eftirmiðdagsboð. Busch meiddist nú ekki, sem betur fór, að öðru leyti en því að hann fékk taugaáfall, en jafnaði sig þó vonum frammar, hann mátti líka ekki vel við því, hann hefur verið veikur, bæði áður en hann kom hingað og líka hér, auk þess hefur hann einhvers konar dofa eða máttleysi í fingrunum, svo hann á bágð með að spila. Þóra viðbeinsbrotnaðir, en Kaja, Stína og Þórhallur meiddust víst ekkert að ráði. Það var stór vörubíll sem ók þvert á þau og er það eina bótin að bíll Helga var í fullum rétti. Vörubílstjórinn leit víst alls ekki fram fyrir sig, enda segist hann ekki hafa séð bílinn. Þetta var á Sóleyjargötunni -- Þórhallur hægði á sér til þess að sjá hvað vörubíllinn ætlaði sér, þó að hans bíll væri á aðalbraut; þá hægði vörubíllinn á sér, svo þá setti Þórhallur aftur á fulla ferð, því hann hélt að vörubíllinn ætlaði að bíða, en þá hafði bílstjórinn verið að skipta um gír til þess að komast upp brekkuna, sem hann átti fyrir höndum, en leit ekki upp fyrir en ekki var hægt að forða árekstri. -- Annars hefur þessi bíll Helga verið óhappaverkfæri, þann stutta tíma sem hann hefur átt hann; hefur bíllinn verið fimm sinnum á verkstæði vegna óhappa, árekstra eða því um líku.

Ég sendi Sigrúnu Eiríksdóttur¹⁰ uppsögn frá 1. okt. n.k., en fékk svar um hæl að hún hefði ekki von um neina íbúð og færi þess vegna ekki úr íbúðinni. Ég var vonsvikin yfir því að þau ætluðu ekki einu sinni að reyna að fá sér aðra íbúð, og sérstaklega vænti ég þess ekki af Páli Ísólfsyni að fá svona svör og get ekki annað sagt en það, að ekki get ímyndað mér að hann geti skapað listaverk, ef hann hagar sér svona við marga. Mér datt í hug að hann kannski gæti fengið íbúðina sem annað hvort Jón Kjartansson er að fara úr, þegar hann flytur til Víkur, eða Henrik Sv. Björnsson, þegar hann fer til Svíþjóðar. En þau ætla ekki að reyna það. Annars ætla ég ekki að setja þetta fyrir mig, því það er verst fyrir mann sjálfan, svo ég hætti bara

¹ Oddný Erlendsdóttir Sen (1889-1963) frá Breiðabólssstöðum á Álftanesi, kennari og Kínafræðingur.

² Hér á hún við Helgu dóttur Sigurðar búnaðarmálastjóra. Skólastjóri Húsmæðrakennarskóla Íslands.

³ Helgi Guðmundsson (1890-1972) bankastjóri Útvegsbankans.

⁴ Af stállunganu er fræg saga. Sjá: Helgi P. Briem: Minningar mínar.

⁵ Karítas Ólafsdóttir (1884-1951) frá Stóra-Hrauni, frænka Friede.

⁶ Adolf Busch (1891-1952), frægur fiðluleikari, er tengdist Tónlistarfélagi Reykjavíkur traustum böndum. Skírði son eftir Ragnari í Smára.

⁷ Þóra Helgadóttir (1922-1996), bankamaður. Átti þá Þórhall.

⁸ Kristín Helgadóttir (1925), bankamaður. Átti Einar Kvaran (1924-85).

⁹ Þórhallur Halldórsson (1922-10) frá Hvanneyri, mjólkurfræðingur og forstjóri. Lengi samstarfsmaður minn í Heilsuverndarstöðinni.

¹⁰ Sigrún Eiríksdóttir Dürr (1911-90). Dóttir Eiríks Ormssonar, stofnanda Bræðranna Ormsson. Hún og þýskur maður hennar, höfðu fyrir stríð tekið á leigu íbúð Friede á Bergstaðastræti 69. Dürr var tekinn fastur þegar Bretar hernámu landið. Síðar giftist hún Páli Ísólfsyni, sem flutti þangað inn og vildi aðild að leigusamningnum. Þá voru leigulög í gildi, m.a. um óbreytta leigu og bann við að segja leigumála upp nema skv. ströngum reglum, m.a. að náskyldir tækju við húsnæði. Ákvæði um óbreytta leigu leiddi til þess að fjöldi íbúða niðurníddust vegna ónógs viðhald þar sem húsnæðið bar sig ekki og var svo lengur.

að hugsa um það, en ekki trúir ég samt að ég geti stillt mig um að tala við Pál, því ég veit að það þýðir ekki að tala við frúna. Annars finnst mér Páll Ís. vera hálf hundlegur þegar hann sér mig og augnaráðið flóttalegt.¹ --

Páll Ásgeirsson skrifar Þórdísi Briem. Rvík. 12.7.1947.

-- Nú loks kem ég mér til þess að skrifa þér. En ekki er ég í huggulegum erindagerðum, þ.e.a.s. fyrir þig. Ég ætla að hlífa þér við frekjuganginum þangað til seinast í þessu veglega bréfi.

Nú er ég byrjaður að vinna og er búinn að vera í viku. Ég byrjaði að vinna strax og verkfallið var búið -- Þú veist kannski, að ég er hjá garðyrkjunni eins og í hittifyrri. Ég vinn með þrem kennurum sem hafa ákaflega gaman að tala, tveir þeirra samgóma aldrei, þeir eru mjög montnir. Annar er svo lyginn að ég þori ekki að trúa einu einasta orði af því sem hann segir. Ég vinn í Hljómskálagarðinum, þeim mikla park.

Ekki þarf maður að kvarta yfir hitanum hérna, eins og þú. Við höfum ekki séð sól nema einu sinni síðan um miðjan júní. Einn morguninn kom ég heim úr vinnunni blautur upp í mitti.

Garðurinn okkar er óttalega ljótur núna, þunginn af rigningunni og rokið hafa brotið allt niður. annars var hann mjög fallegur fyrr í sumar, þegar laukarnir voru í blóma. En eitt er þó skemmtilegt við hann og það er rósinn sem Helgi kom með heim í sumar og fer bráðum að blómstra. --

Mamma hefur verið mjög slæm af gigt upp á síðkastið en er orðin nokkurn veginn góð aftur, en hún er samt ekkert farin að fara út. Þegar hún fór til læknisins snarversnaði henni svo hún gat ekki hreyft sig. Hún fékk annars mjög skemmtilegt bréf frá þér í dag, sem hún þakkar kærlega fyrir.

Nú er annarhvor maður sem maður sér á götunum, útlendingur. Það stafar mikið af því að öll leiguskipin eru stödd hér og að Snorrahátíðin er í nánd. Þetta eru allra þjóða kvikind allt frá Kínverjum að Færeyingum. Til dæmis er hér einn sem er kominn 17-18 þús. km. Hann er frá Shanghai. Hann var sendur hingað til að athuga veiðarfæri sem nefnist snurpunót. En þar heima þekkist ekkert annað en handfæri. Hann sagði að þar byggju allt að því 40 manns á 70 feta báti. Það er nú eitthvað annað en nýsköpunartogararnir okkar.

Ég þakka þér kærlega fyrir allt sælgætið sem þú sendir okkur, og einnig það sem við eigum að fá með *True Knot*.

Hér hefur allt verið full af sveitamönnum sem eru komnir til þess að sjá landbúnaðarsýninguna hina miklu sem hér hefur staðið undanfarið. Hún er ákaflega vel heppnuð, enda hafa sótt hana 50 þús. manns. Sá fimmtíuþúsundasti fékk sérstaka viðurkenning, en hann var bóndi austan af landi.

Ég á að fara á mánudaginn upp að Reykjum í Mosfellssveit til að undirbúa hina konunglegu heimsókn sem nú stendur til, það er Ólaf ríkisarfi Norðmanna sem kemur. Amma bað mig um að skila kveðju til hans og biðja hann um að líta inn til sín, ef hann ætti leið hérna um. Ég tel víst að ég eigi að heilsa honum frá þér, að minnsta kosti ætla ég að gera það.

Jæja, loksins færðu ekki lengur að hlífast við frekjuganginum í mér. Ég hef gengið snapandi um í amerísku skipunum hér í höfninni og reynt að herja dollara út úr körlunum. Loksins er ég búinn að nurla saman \$10 og ætlað að biðja þig um að kaupa fyrir mig buxur fyrir þá. (*lýsir málinu á sér*). Ég vil helst hafa þær brúnar, fremur dökkar. Ég læt svolitla pjötlu úr jakkanum fylgja, ef þú vildir hafa þær í lit sem passar við hann. Heldurðu að þú gætir lagt út fyrir þær þangað til ég get komið peningum á einhvern. Kannski þú vildir reyna að koma þeim í stjórnapóstinn.

Annars ætla ég að reyna að safna dálítið meiru, annaðhvort handa þér eða mér. Nú er ég orðinn andlaus, þetta litla andríki, sem ég hafði nælt mér í er fokið út í veður og vind. Allir í húsinu biðja að heilsa. --

Álfheiður Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík. 14.7.1947.

-- Ekki gengur að koma Páli Ísólfsyni út. Frúin svaraði bara kuldalega til þegar Friede sendi þeim uppsögn. Háflangar hana til að tala við Pál sjálfan, hún heldur hálfpartinn að hann fylgist ekki með í þessu öllu --

Páll Ásgeirsson skrifar Þórdísi Briem. Rvík. 17.8.1947.

-- Ég þakka þér kærlega fyrir sendinguna, sem ég fékk frá þér í fyrradag. Ég er mjög ánægður með buxurnar, þær passa alveg, liturinn er ágætur og efnið prýðilegt, en ég get bara ekki skilið hvar þú hefur fengið svona góðan hlut fyrir svona lítið verð. Ég ætla að hætta á að senda aurana í þessu bréfi, af því að ég þekki engan sem er á leið vestur.

¹ Kristín Normann, fyrri kona Páls og Friede voru æskuvinkonur.

Annars hef ég ákaflega lítið að segja, dagarnir eru svo óttalega viðburðalitir. Alltaf helst sama óveðrið. Það er afskaplega óþægilegt að eiga við garðinn, blómin liggja útaf vegna rigningar og roks, en rósirnar sem Helgi kom eru voða fallegar, hárauðar og stórar.

Þú hefur ekki getað farið eins að og hann Árni Friðriksson fiskifræðingur. Þegar hann hefur ekki gjaldeyri selur hann bara frímerkin sín, en ég er viss um að þú getur selt þau, ef þú reynir bara nógu mikið, en passaði nú að okra vel, því svona frímerkjasalar eru víst svo afleitir með að féfletta fólk.

Nú fara amerísku skipin að koma, og þá ætla ég að reyna að ná í svolítið af dollurum, annars hafa engin skip komið nýlega.

Hér er allt að verða vitlaust af hamstri, fólkíð kaupir ekkert nema það sem það veita að högull er á, jafnvel þó það vanta það alls ekki sjálft.

Afsakaðu þennan leiðindableðil -- Palli.

Nú gleymdu ég þó ekki að setja nafnið mitt undir, svo þú getur hætt að gera grín að mér, tófan þín. Sami.

Jóna Einarsdóttir skrifar Þórdísi Briem. Rvík. 19.8.1947.

Þórdís var í New York hjá Helga bróður sínum og starfaði í konsúlatinu. Sjáanlegt af bréfsöfninu að Jóna er tengd hönnunarbransanum. Þær voru uppeldissystur.



-- Nú er loksins búið að skrifa firmanu sem sendir til þín þessa 100 dollara sem ég var að tala um áður en þú fórst. Ég hélt að maðurinn ætlaði að svíkja mig um þá, við vorum alltaf að minna hann á að skrifa, hann jáknaði því alltaf en gerði það nú samt ekki fyrr, en meira býst ég ekki við að geta fengið, svo ef þetta nægir ekki fyrir pels, viltu þá kaupa vetrarkápu fyrir mig, eða þá eitthvað, því nú er farið að skammta flestar vöru svo maður er feginn öllu. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 3.9.1947

Bréfið hefur birst í: Helgi P. Briem: Minningar mínar, bls. 290.

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík, 3.9.1947.

Ræðir vandræði með gjaldeyrisyfirfærslu til systur sinnar og er mikið niðri fyrir. Þá hafði sumarveðrið verið slæmt. Þórdís hafði m.a. skrifað bókahandritið sem Friede ræddi við Helga í fyrra bréfi.

-- Ég er svo sár út af öllu þessu að mannaskammirnar skuli vera svona hlutdrægir í veitingum, t.d. nú í júní fór Sigurður¹ berklalæknir til Ameríku og ætlar hann að dvelja þar eitt ár, það er gott og blessað að hann vilji kynna sér nýjungar í starfi sínu, en hann fór með konu, þrjú börn og stúlku, hvað heldur þú að honum dygðu lengi 200 dalir? Þegar þú fórst til Ameríku varstu samferða Ingólfi Guðmundssyni og konunni hans,² þau voru að fara í skemmtiferðalag í tvo mánuði, heldurðu að nokkur þurfi að segja manni að fólk fari í svona ferð ef það hefur ekki rúmt með peninga; nei, það er þetta sem gerir mann reiðan, en auðvitað er það þýðingarlaust. Ég skal gjarnan reyna meira, en það verður að vera á einhverjum grundvelli, nám, eða annað slíkt. Þú verður nú að kynna þér eitthvað í þessum sökum, þó ekki væri nema til málamynda, líta á vélritunarskóla, ef þú gætir lært eitthvað á því. Þú mátt ekki koma heim nema að hafa farið í Metropolitan óperuna og hlusta, helst á Lily Pons, og einhverja fræga. --

Jóna Einarsdóttir skrifar Þórdísi Briem. Reykjavík, 29.9.1947.

-- Mikill draumur ertu að vera búin að fá pels handa mér, ég er voða spennt að sjá hann og þakka þér fyrir að þú lánaðir mér það sem á vantaði af því litla sem þú hefur. Ekki hefur Óli getað fengið dollara ennþá sem komið er, en það er óskaplega vont að fá þá, en ég vildi ekki draga lengur að skrifa. Ég skrifaði Helga núna og bað hann um að lána mér 10 dollara og láta þig hafa þá, svo borga ég honum þá, þó síðar verði.

Það kom nú heldur slys fyrir Eygló. Hún gleypiti hnapp á stærð við 2 aura. Ég var í miðju Bankastræti þegar þetta kom fyrir. Ég hljóp til læknis, en þá var hann farinn af stofunni. Þá hringdi ég til hans og hann sagði að hnappurinn væri sennilega kominn niður í maga, en ef hann væri ekki kominn niður eftir tvo daga þyrfti

¹ Sigurður Sigurðsson (1903-86) berklalæknir varð síðar landlæknir.

² I.G. (1905-95) mun hfa verið starfsmaður verðlagseftirlits og fleiri opinberra stofnana.

að taka mynd. En alla nóttina var hún að vakna og fannst þurfa að kasta upp, Um morguninn fann hún ekkert til, nema þegar hún borðaði kom allt upp aftur, svo við sáu að það var ekki allt í lagi. Óli hringdi eftir læknum, hann var þá ekki við, en það voru látin liggja skilaboð fyrir honum. Um hádegi var hann ókomin.

Frieda gat ekki hugsað af barninu svona, svo hún kom í bíl til mín og dreif mig upp á spítala með hana og þar var tekin mynd af henni og sást hnappurinn standa fastur í hálsinum. Síðan talaði læknirinn við Erling Þorsteinsson hálslækni og fór ég til hans og þar vorum við fjögur í kringum hana. Snorri Hallgrímsson læknir hélt um höfuðið á henni og hélt um hendurnar, og þar að auki var hún bundin á bekk, þetta litla skinn. Mikið vorkenndi ég henni. Svo var maður sem hélt á áhöldunum og svo Erlingur sjálfur. En mikið var erfitt að ná hnappinum, hann var kominn það langt niður, um 11 cm. Hún var því svæfð.

Mikið var ég fegin þegar þessi dagur var búinn. Það er eins gott að passa vel upp á þessa óvita. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík, 12.10.1947.

Pakkar símskeyti og afmælisgjafir sem hún fékk frá fjölskyldunni í N.Y., m.a. yndislega nylonsokka!

-- Ég hélt upp á afmælið mitt um eftirmiðdaginn, því ekki er hægt að fá bíl í Reykjavík eftir kl. 11 á kvöldin og ekki viðlit að hrekja fólk út að kvöldi til og vita ekki hvernig eigi að koma því heim aftur! Það eru ýmsir erfiðleikar í Reykjavík núna, bæði skömmun og annað óþægilegt, sem fólk á mjög bág með að setta sig við. Maður þyrfti bara að eiga bíl sjálfur, því bílstjórinn er til á heimilinu, en það verður nú kannski bið á því. --

Nú hefur Páll Líndal riðið á vaðið í kynslóðinni; barnabarn mömmu, og sett upp glóandi gullhring og fengið sér konuefni, sú hin sama sem við sáu hann með á Bankastræti --

Segir deili á Evu Úlfarsdóttur.

-- Við mamma vorum boðnar upp til Hildu til þess að skoða stúlkuna og umfaðma parið. Hún er reglulega geðug stúlka, frjálst og sæt, mátulega stór og mátulega mikil persóna fyrir Palla; mér fyndist ekki passa vel fyrir hann að fá einhverja heimskonu. --

Stóð í deilum um leigu íbúðarinnar á 1. hæð á Bergstaðastr. 69, þangað sem Páll Ísólfsen tónskáld hafði flutt inn til Sigrúnar Eiríksdóttur (Dürr) og vildi taka yfir leigumálann. Friede vildi ekki láta hann njóta fornra leigulaga og óbreyttrar húsaleigu, að mestu frá því fyrir stríð og barðist fyrir að losna við þau. Skjalið sem hún vitnar í hefur ekki fundist.

Ég legg hér inn í, að gamni mínu, það sem ég tók saman viðvíkjandi viðskiptum okkar Páls. Ís., því ég fór til Eggerts Claessen og lét hann lesa það, hvort hann gæti nokkuð ráðlagt mér í þessu efni. Einasta ráðið sem hann sagðist gefa mér væri að láta hann borga nógu mikið, því með svona leigu yrði hann kyrr. Ég bað svo Theodór (Líndal) að taka við leigugreiðslum fyrir mig og ef eitthvað væri viðvíkjandi húsnæðinu, því ég er búin að vera reglulega leið út af þessu; og ekki síst finnst mér leiðinlegt að kynnast fólki frá sínum verstu hliðum, þegar maður áður hefur haft mikið álit á því, og hefði ég alltaf álit á Páll Ísólfsen myndi koma drengilega fram, en raunin er því miður önnur.

Síðan hefur Páll viljað tala við Theodór og talað um misskilning okkar á milli, og að hann hefði rokið upp á nef sér, og ég veit ekki hvað og hvað. En ég vildi bara óska að ég fengi að vera í friði, mér leiðist að fá menn inn til mín, sem haga sér svona, og vildi líka vera laus við einhverjar afsakanir. Álit mitt á Páli er gjörbreytt og ég vildi að ég hefði ekki kynnst honum. Ég segi bara, að mér finnst Sigrún ekki öfundsverð, með stórt heimili, lélega hjálp, taugaveiklaðan mann og sjálfsagt fleiri óþægindi, þó undan séu dregin óþægindi við að hafa allt of þröngt húsnæði.

Ég hef fengið tilkynningu frá Póststofunni um að ég ætti sendingu þar, ég þykist vita að þetta sé frá Helga og mamma hefur fengið aðra tilkynningu um sendingu frá þér, það mun vera sápa, sápuðuft og kaffi, það er dýrðleg sending, en það þarf að fá leyfi skömmunarskrifstofu, en ösin er alltaf svo mikið á skömmunarskrifstofunni, að ekki er viðlit að ná tali af mönnum á minna en 2-3 klst., svo ég er ekki búin að útvega mér leyfið.

En ástandið er þannig í búðunum, að þó að skömmun á handsápu hafi gengið í gildi 1. okt., þá fæst engin handsápa ennþá, svo fólk spyr með gremjubrosi, hvort það eigi að þvo sér á (skömmunar)seðlunum; Þjóðviljinn segist þekkja hamstrarana úr, þar sem þeir séu hreinir, en hinir óhreinir. Nú er sómi að því að vera óhreinir hér í Reykjavík að ég nú ekki tali um hvað það er göfugmannlegt að vera skóhlífalaus á götugum skóm. Skömmunin er annars ótrúlega knöpp og asnæg; tvo kjóla má maður fá á næstu fimmtán mánuðum, en maður verður að kaupa þá báða í einu og hjá sömu verslun, því aðeins einn seðill er fyrir báða. Hlægilegir árekstrar eru alls staðar í verslunum, en kaupmönnum finnst þetta víst ekki hlægilegt. Hjá

Haraldi er alveg búið að loka Stemmunni.¹ Sigurjón á Álafossi lokar sinni verslun í mótmælaskyni, því allt sem fæst hjá honum er skammtað, en hins vegar er allt íslenskt, en það má heldur ekki selja það.

Mig langar svo til að biðja þig að lána peninga hjá honum helga og kaupa fyrir mig Dún léreft, svo þú getir fengið sængina þína þegar þú kemur heim, en þetta fæst ekki hérna í bænum --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 21.10.1947.

Móttaka sendinga búslóðar Helga vestur um haf tókst vel en var vandræðamál og olli nokkrum ágreiningi eins og kom fram í: Minningar mínar.

--Mikið afskaplega þótti mér leiðinlegt að heyra hversu illa tókst með dótið þitt; mikið gat ég verið barnaleg að halda að ég gæti þetta, og mér þótti sérstaklega leiðinlegt með myndina af honum pabba, þú ert búinn að láta búa til lágmynd og gefa okkur öllum, en þegar þú loks færð þína er hún brotin og kannske ónýt, það er alveg dæmalaust hvað ég get verið óheppin. Hér er ómögulegt að fá hjálp til þesskonar hluta, enginn maður tekur að sér að pakka niður fyrir fólk. Svo að auki skuli kvikna í bílnum á leiðinni;² það er allt sem leggst á eitt með þetta, en ég skil ekkert í að það skuli ekki vera hægt að tryggja gegn því. Ég fer nú líklega ekki að leggja á ráðin hvernig tryggingafélögin hafi það í sínum reglugerðum, síst er gagn að því núna að vera að fírást yfir þessu. En ég segi bara við þig Helgi minn: fyrirgefðu mér þetta glapræði, að ég skyldi hafa svona oftrú á sjálfri mér; þetta er dýr reynsla fyrir þig.³

Ég sný mér þá að öðru og vil nú enn þakka þér þína rausn, eins og fyrri daginn. Ég fékk skeyti frá ykkur á afmælinu mínu og þakka allar góðu óskirnar, svo þakka ég þér fyrir strokleðrið; síðan fyrir alla sápu. Ég þurfti að láta skömmtunarseðla fyrir hana; en ég hvísla því að þér, að ég stógræddi samt, því ég hefði aldrei getað fengið svona mikla sápu, fyrir ekki fleiri seðla, og síst svona góða. Pakkinn með *Spic and Span* til þess að þvo málaða fleti, er alveg sérstaklega góður. Það er leikur einn að gera hreint úr því; ég reyndi það á gluggunum, því ég ætlaði að fara að setja tvöfalda glugga fyrir. Þann daginn var frost og snjór, en svo breyttist veðrið, svo að blíða er á hverjum degi 10-12 st. hiti; þá dró ég líka að setja gluggana fyrir. Efníð er alveg sérstaklega gott. --

Það er nú meira strandið hér á öllum hlustum. Alla vantar efni, bókbíndara, skósmíði, prentsmiðjurnar, saumakonur, iðnfyrirtæki; og svo eru yfirvöldin alltaf að hrósa sér af þessum mikla sparnaði, enn sem komið er hefur bara verið eytt því sem til er í landinu, þar til algert strand verður. Það er ógurlegur hörgull á pappír; hef ég reynt að hafa það þannig að menn sem þurfa að fá eitthvað fjölritað komi með pappír, en hann er stundum svo óhentugur að óhæfur má teljast. Eitthvað af pappír liggur hér í pakkhúsunum, en það stendur bara á því að hægt sé að fá gjaldeyri til að leysa hann út. Ég hef haft ógurlega stór verkefni núna, fyrst hæstaréttarmál vegna íkveikju hér og á Akranesi sem átta menn voru flæktir í; það var tæpar 400 bls. í 40 eint. Nú hef ég verið að skrifa fyrir stjórnarráðið alls konar töflur og skýrslur um leiðir til að lækka dýrtíðina; þ.e. vísitöluna sem nú hækkaði í þessum mánuði um 13 stig vegna hækkunar á mjólk og landbúnaðarvörum.

Annars hafa þau gleðitíðindi gerst, að Páll Ísólfsson flytur burtu úr íbúðinni á Bergstr. 69, en Jóna flytur inn. Þetta kom snögglega og var ég satt að segja alveg hissa, þar sem ég hélt að Páll ætlaði að nota sér húsaleigulögin og mína heimsku. Hann flytur í íbúð í húsi Önnu Ásmundsdóttur og þar á hann að greiða 1.600 kr. á mánuði í leigu, og sá þegir nú ekki aldeilis yfir því hvað hann eigi að greiða. Ég held að eftir 3-4 daga eftir að það var ákveðið hafi allur Reykjavíkurbæ vitað það. Eins er alltaf verið að hringja til mín, því allir vilja fá leigt hjá mér, enda virðist erfitt að fá leigt nema með miklum fjárútlátum; og þó að P.Í. geti þetta, þá er það auðvitað erfitt fyrir marga. Ég er ógurlega fegin þessu, því ég gæti ekki okrað á bíbúðinni á neinum; vil heldur láta einhvern sem mér er vel við njóta þess, vona ég nú bara að Jóna verði ánægð þarna og þeim komi til að líða vel.

27.10.1947. Ennþá hefur tíminn farið út úr höndunum á mér, svo nú slæ ég botn í bréfið áður en það er komið í pappírskörfuna. --

Eggert bróðir hefur bókina þína núna; þegar hann er búinn að lesa hana fæ ég hana og sendi þér síðan. Mér finnst ekki að þú ættir að senda forsetanum hana til yfirlestrar núna þar sem þú gefur hana ekki út í þessu

¹ Kvenfatadeild Haraldarbúðar í Austurstræti.

² Í annari útgáfu bréfsins: - frá skipinu

³ Í hinni útgáfunni segir: --Ég hringdi til Péturs Péturssonar glersala til þess að biðja hann um að hjálpa okkur við þetta, en það var ekki viðlit að fá mann, enda sagðist hann ekki taka neitt slíkt að 'se; en ég hef aldrei gert neitt svona fyrr, og hélt að ég gæti það, það var dýr reynsla fyrir þig. Það þýðir ekki að ergja sig yfir orðnum hlut, en samt gerir maður það. Það eina sem ég get beðið þig er að fyrirgefa mér þetta mikla glapræði, og það geri ég líka --

formi og væri þá betra að hann læsi hana yfir síðar. Annars finnst mér reglur um hvernig eigi að umgangast forsetann ekki þyrftu að vera í svona bók; miklu fremur finnst mér að þær reglur yrðu að koma frá utanríkisráðuneytinu og þeir sem þyrftu að kunna þær, gætu fengið þær þar, en almenningur þar ekki að kunna þær, þar eð svo fáir umgangast hann. Hann býður mörgum útlendingum, jafnvel filmstjörnum, til Bessastaða, er t.d. kennarar háskólans hér (hafa) aldrei verið boðnir sem slíkir þangað suðureftir; einu sinni á ári fá þeir boðskort forsetans og er það boð um, að þeir skuli mæta kl. 10 f.h. á nýársdag í Alþingishúsinu, til þess að bera fram nýárskveðjur. Þar eru þeir flokkaðir eftir stigum og þykir lítið til koma.

Okkur líður annars öllum vel og vona ég að sama megi segja um okkur. Mamma er furðanlega hress og reglulega ánægð að borða hér niðri, enda finnst mér það svo vel að hún er ekki manneskja til þess að halda hús að öllu leyti. Vona ég að hún þiggi (*þegar Dídí kemur heim*) að borða hér áfram. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík, 29.10.1947.

Þakkar útvegum á ýmsum hlutum til fjölrítunar sem ófáanlegir voru á Íslandi. Síðan hvetur hún hana til að kynna sér hraðritunarvélar, sambærilegar þeim sem Margrét Thoroddsen, frænka þeirra, hafði lært á. væri gagnlegt að læra á slíkan grip.

-- Magnús Jochumsson¹ kom hérna um daginn og hann var að segja mér frá kongress sem hann fór á í París, þar voru stúlkur með hraðritunarvélar, sem tóku niður allt sem gerðir á fundinum. Kannski þú gætir ferðast sem ritari ýmissa útsendara ríkisstjórnarinnar, ef þú kynnir þetta. Athugaðu það nú; þó ekki væri nema til málamynda.

Við höfum haft svo stór verkefni og erum með eitt, ég hugsaði til þín, því ekki veitti af liðugri hendi til að flýta fyrir. Annars kom Jóna² og hjálpaði mér með sorteringu og heftingu, það er ágætt að geta leitað til hennar, en hún hefur bara blessuð börnin í eftirdragi, svo maður er á glóðum að eitthvað af þessum dýrmætu skjölum séu snert af litlum óvitahöndum, annars er Eygló³ alveg yndislegt barn og svo fallega byggð, að hún gæti orðið dansmær, enda hefur hún alveg lag og kann ýmislegt að syngja og hreyfir sig í takt við það. --

-- Nú fer ég í alvöru að hlakka til að fá þig heim. -

¹ Magnús Jochumsson (1889-1973) pósthjálpari og forystumaður Oddfellowa lengi.

² Uppeldissystir þeirra. Jóna Einarsdóttir.

³ Dætur Jónu og Óla voru Álfheiður (1944), Eygla (1945) og Sigrún (1955).

1948

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 3.1.1948.

Ræðir Bók Helga. Kaflar úr bréfinu birtust í: Helgi P. Briem: Minningar mínar, Rvík, 2011, bls. 291.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 30.1.1948.

Þakka þér fyrir bréf og símskeyti sem ég fékk -- þar sem þú biður mig að greiða fyrir þig fargjald frá New York þ. 17. febr. til Stokkhólms, með viðstöðu í Reykjavík. --

Mikið hlakka ég til að sjá ykkur öll aftur og vona að þetta verði happaferð og öll breytingin ykkur til góðs. -- vona sannarlega líka að flutningarnir verði happasælli frá New York heldur en héðan til New York, ég fæ sting í mig þegar ég hugsa til þess. Nú ertu náttúrlega orðinn svo ríkur af alls konar góssi, eftir 18 ára hjúskap, að aldrei verður fyrirhöfnin meiri en nú. --

Lóa (*Vennerström*) mágkona mín skrifaði mér í *virðilegri stemningu*, og gladdist yfir því að þú flyttist til Svíþjóðar, fannst bara grunsamlegt að (*Vilhjálmur*) Finsen fengi *frí* til sex mánaðar, eitthvað hlyti að vera á bakvið. --

Þakka þér fyrir þitt höfðinglega boð um kaupskap; ég skil nú ekki að þú hafir mikinn tíma afgangss til innkaupa -- kannske þú vildir gefa mér svolítið Nescafé, en ég er þónokkuð fyrir sopann, en skammturinn hins vegar svo lítill og Nescafé er svo handhægt þegar mann langar í dropann. --

Hilda systir þeirra hafði áhuga á að hann keypti fyrir sig gleraugu og Eggert hefur áhuga á að gefa konu sinni Sigríði strauvél sem hann hefur lengi leitast við að fá en allur innflutningur í strandi.

Hildu langar svo mikið til að fá að hafa ykkur þegar þið komið hingað; ég er strax farin að öfunda hana af ykkur, en hér er náttúrlega allt annað en rólegt, því oft er mikið annríki og mikið ráp, enda ritvélaglamrið þreytandi. Fólk kvartar dálítið um kulda á Hótel Borg, enda ekki skemmtilegt að þurfa að vera með blessað barnið á hóteli þegar ættingjarnir eru alls staðar og finnst það auk þess hinn mesti fengur að fá að njóta ykkar. --

Jón Helgason¹ skrifar Helga P. Briem. Khöfn. 25.3.1948.

-- Um daginn rakst ég á *Dagens Nyheter* og sá þar mynd af ykkur hjónum með dóttur, og þá fannst mér sem ég mætti til að senda eina línu til að segja þér frá því hversu vænt mér þykir að þú skulir vera kominn í svo nálægt land. Svei mér sem ég man hvort ég hef nokkurn tíma þakkað þér fyrir kaffið góða sem þú sendir mér úr því góða landi, Portúgal, og kom helmingur fram, en öðrum helmingi var stolið á leiðinni. Samgöngurnar voru ekki sem greiðastar í þá tíð. En mikið varst þú veggamaður meðal landa fyrir fréttirnar.

Bréf var ég að fá að vestan frá Halldóri Hermannssyni, og kvað hann þín mundu saknað af öllum löndum þar vestra. Sjálfsagt er það vandasamt starf sem þú hefur nú tekist á hendur, og hefur mér skilist að sumum kollegum þínum hér á Norðurlöndum hafi ekki tekist að gera öllum til hæfis. Svo er konungum að fylgja, stendur í Heimskringlu, að þeir menn hafa metnað mikinn, en oft verða þeir í lífsháska, og verður hvorutveggja vel að kunna. Það má vera svipað hvort menn fylgja heldur konungi, eða forseta eins og þú.

Já þetta var ekkert bréf, ekkert erindi, heldur marklaust rabb sem ég bið þig virða á betri veg. Ég vildi bara óska alls góðs í starfinu.

Með bestu kveðjum. Þinn einlægur --

Friede P. Briem skrifar Þórhildi Líndal. Rvík, 28.8.1948.

-- Loksins verður úr því að ég skrifa þér línu til þess að gefa þér skýringu á Zonta-prjóninum sem ég sendi þér. Mig langaði að biðja þig að útvega okkur svona átta nálar. Okkur voru gefnar 20 nálar, en þar eð við erum 28 er ekki hægt að afhenda nálarnar fyrr en allir geta fengið þær, en því miður höfum við ekki fengið gjaldeyri fyrir þeim yfirfærðan, en mig langar til að biðja þig um að leggja þetta út fyrir klúbbinn í þeirri von að við getum greitt það seinna í sænskum krónum. Sumarið er liðið áður en ég vissi af, ætlaði að skrifa þér miklu fyrr, en svona líður tíminn út úr höndunum á manni; er það að mörgu leyti góðs viti, þá líður manni vel og nóg að starfa. Fröken Ása Ásmundsdóttir ljósmóðir verður á ferðinni í Stokkhólmi einhvern tíma í september og hún mun taka nálarnar hjá þér, ef þú gætir verið búinn að útvega þær fyrir okkur. Þú kannast við frk. Ásu; hún var hjúkrunarkona á Sólheimum þegar Doris lá þar, svo hún kannast við hana síðan frk. Ása er meðlimur í Zontaklúbbum og góð kunningjakona mín, enda ljósa beggja strákanna minna. -- Frúin sem sendi okkur nálarnar heitir: Hilda S. Lindstedt, bibliotekar, Pipersgatan 27, svo ef þú

¹ Jón Helgason (1899-1986) prófessor í Kaupmannahöfn.

veist ekki hvar þær eru búnar til þá getur hún sagt þér það. -- Fyrirgefðu þetta kvabb; vona ég að við getum greitt þetta aftur í útlendum peningum, þó seint verði.

Ræðir heimsókn Þórhildar og Theodórs til hans í Stokkhólmi; vonar að allt verði komið í lag í Íbúðinni og þau laus við handverksmenn og segir ýmsar sögur af vandræðum þegar illa stendur á.

Helga og Stefán búa í Konungshúsinu á Þingvöllum í sumar og buðu mér þangað; ég var þar í tvo daga í besta yfirlæti; get ekki svo vel verið lengi burtu að heiman, þó mamma vilji gjarna búa til fyrir mig matinn, þá versnar hún í höfðinu hvað lítið sem hún þarf að reyna á sig fram yfir þetta venjulega -- En mér fannst indælt að fara þetta, enda veðrið eins og það getur verið best. --

Strákarnir eru báðir í erfiðisvinnu, Eggert er að vinna við uppskipun, en palli er í gatnagerð. Eggert er stundum að vinna í 16°C frosti um borði í kæliskipum og verður að kappklæða sig, en ekkert hefur honum orðið meint við að vinna þessa vinnu.

Allar mínar frístundir fara í þjónustubrögð og bótastagl, því hér er svo erfitt að fá fatnað, enda kennir þetta manni nýtni, sem ég hef ekki kunnað áður, en oft sé ég eftir tímanum sem fer í þetta, finnst það ekki hagsýni þegar önnur störf bíða eftir manni. En þegar heimurinn allur er vitlaus berst vitleysan líka inn á heimilið, og ekki er tímasóunin hvað minnst á skrifstofunum þar sem leyfi verður að fá fyrir öllu, og er þá viðskiptanefndin, Fjárhagsráð og Skömmtnunarskrifstofa einna verstar með að láta fólk eyða tímanum til einskis.

Ég hef eitt herbergi sem ég ætlaði að reyna að leigja einhverjum útlendingum, svo ég geti aflað mér gjaldeyris, þó ekki sé það kannske alveg löglegt, en ekki hef ég komist á það spor nema að mjög litlu leyti. Herbergið staðið lengur autt en leigt. --

Ræðir áætlanir sonanna, Páls og Eggerts, um að komast til útlanda næsta sumar en sem er óráðið.

-- Allt er komið undir síldinni og heimsfriðnum. Þá hefði verið þægilegt að eiga eitthvað smávegis erlendis, því ekki býst ég við að fá mikið frá bönkunum hér.

Koma Svíar sem ætla til Íslands nokkurn tíma á sendiráðið til þín og spyrjast fyrir um dvalarstað á Íslandi? Mér datt það bara í hug. Annars leigi ég þá herbergið einhverjum hér. Viðgerð og málning hefur staðið yfir á Bergstaðastr. svo ég þarf að fá upp í þann kostnað, því ekki er leigan svo mikil fyrir það að öðru leyti. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 10.10.1948.

-- Hér legg ég ávísun á kr. 30.00 sænskar til greiðslu Zontanálanna, sem ég gerði margar atrennur til að fá, en eins og rellóttu börnin fékk ég leyfið að lokum, það er víst best ráðið hjá viðskiptanefnd.

Gaman var að heyra frá ykkur gegnum Hildu og Theodór¹ og mikið fannst þeim indælt að heimsækja ykkur. Ég kalla þig heppinn að fá svona skemmtilega íbúð í öllu húsnæðisleysinu og vona ég að ykkur megi líða þar vel í framtíðinni og að störf í þágu landsins okkar verði metin.²

Hvað list þér, Gunnar Viðar orðinn bankastjóri Landsbankans? Það er nóg að vera mágur Ólafs Thors til þess að vera skipaður í hæstlaunuðu embætti landsins, enda er mikill gleðskapur hjá Gunnari síðan, eins og nærri má geta. Það er þegar farið að fala íbúðina³ sem Gunnar leigir, því fólk finnst ekki svona maður geti nú lengur búið undir súð, en hann er ekki farinn að segja henni lausri ennþá, svo fljótt er að fala hana.⁴

Ekki fór svo að þau segðu upp risíbúðinni. Þurfti að beita fyrrnefndu ákvæði í húsaleigulögum til að segja þeim upp og í skjóli sömu laga hýsa Pál Línal, frænda okkar, og Evu. Ég heimsótti þau Gunnar og Guðrúnu eitt sinn á heimili þeirra í Teigunum, en þau höfðu kvartað til heilbrigðiseftirlitsins um óþægindi frá fiskbúð í húsinu. Var gott að koma til þeirra, ræða um gamla tíma og sambýlið. Þau gerðu sér grein fyrir að það hafi verið ógæfa að búa við þrengsli í skjóli húsaleigulaga í stað þess að koma sér upp góðu eigin húsnæði eins og því sem þau bjuggu þá í.

¹ Þórhildur systir þeirra og Theodór B. Línal. Sjá fyrr.

² Þetta var það fræga hús, Kommendörsgatan 25 á Norrmalm. Þar var sendiráðið og sendiherrabústaðurinn í sambýli á annarri hæð. Það olli ónæði fyrir fjölskylduna, en bætti auðvitað þjónustuna, var eins og rausnarheimili í sveit. Hér komu menn saman, sem frægt er, til að fagna Haldóri Kiljan Laxness; og samfagna honum á þeim mikla nóbelsverðlaunadegi árum síðar. Þessa sambýlistefnu hóf Helgi til virðingar seinna í Bad Godesberg.

³ Á þriðju hæð á Bergstaðastræti 69.

⁴ Gunnar Viðar (1897-1972) hagfræðingur, sonur Indriða Einarssonar sem áður er getið um, sem m.a. var forkólfur góðtemplara. Hann átti Guðrúnu dóttur Helga Sveinssonar bankastjóra á Ílafirði. Þau áttu ágæt börn, Einar hrl., Margrėti lækisfrú og Óttar bóndi í Köldukinn.

Þá segir hún frá veikindum Páls sonar síns og læknisþjónustu dr. Snorra Hallgrímssonar og Eggerts Steinþórssonar, sem allt fór, þrátt fyrir allt, vel. Eggert var mikill vinur Helga frá New York og tengdasonur Jónasar frá Hriflu, sem líka var vinur hans og Gerður kona hans, eins og fram kemur í: Helgi P. Briem: Endurminningar mínar.

Ég ætla ekki að lýsa fyrir þér hvað ég var áhyggjufull á meðan á þessu stóð. Auk þess var Eggert aldrei við nema annan daginn, ýmist var sagt að hann hefði farið upp í sveit, eða enginn svaraði í símann og ekkert stóð á hurðinni um orsök fjarvistanna. Ég held að hann sé hálfgerður óreglupési --

Hilda og Theodór eiga silfurbrúðkaup núna 19. október -- Mér fannst Hilda hressast afar mikið eftir ferðalagið, enda veitt henni ekki af, eftir veikindin í vor. Það hefur líka verið ágætt fyrir Ölfu¹ að spreyta sig á húsmóðurstörfunum upp á eigin spýtur. Allt gekk líka svo vel þennan tíka, allir frískir -- og aldrei sofði yfir sig. Bergljót mætti hjá mér á hverjum morgni kl. 9 og eftir þrjá mánuði virtist hún ekkert vera orðin leið á vistinni og var eins velupplögð þann síðasta og þann fyrsta, og það þótti mér mest um vert, því ég hélt nú kannske að hún yrði leið á öllu saman. Hún er mesti kvenkostur, myndarleg, viljug og bráðgreind. Mætti kannske hafa heldur meira sjálfstraust, en bræðurnir² hafa grafið undan sjálfsálitinu og þá sérstaklega Siggi, sem auk þess að finnast lítið til um kvenfólk er kvenhatari.³ --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 27.11.1948.

-- Ég hef verið að hlusta á ljóðskáldakvöld í útvarpinu, eru það ýmis núlifandi skál sem annaðhvort lesa sjálf eða aðrir lesa. Ég er orðin þunglynd af að hlusta, því þau kveða aðeins um horfnar ástir eða óhamingju; manni finnst sjálfur maður hafi reynt þetta allt. Ég hressi mig upp og skrifa þér -- Það gladdi mig að heyra þetta og vona að þú eigir eftir að fá marga gesti sem fara jafn ánægðir burtu. --

Segir frá frásögn Stefáns Jóhanns forsætiráðherra af heimsókn sinni til Stokkhólm og vinsamleg orð hans og Helgu Ólafs konu hans um Helga og móttökur hans. Sjá: H.P.B.: Minningar mínar.

Þá segir hún líka frá áttæðisafmæli Álfheiðar mömmu þeirra og væntanlegu fimmtugsafmæli Theodórs Línal mágs þeirra.

Þá segir hún frá hrakfallasögu Bruun sendiherra Dana þegar hann fluttist burt.

Nú er Gunnar Gunnarsson búinn að gefa ríkinu Skriðuklaustur; menn spá því, að það verði ein af dýru gjöfunum, auk þess sem enginn veit hvað á að gera við það. Þó erfitt sé að flytja austan af Héraði, þá tók hann nú allt með sér, sem hann gat komist með og var ekki beinlínis múr- og naglfast. Síðastliðið sumar fékk Gunnar ekkert fólk og var túnið ekki einu sinni nytjað. Ráðsmaðurinn sem hann hafði haft var orðinn þreyttur á því að vera þar; hann mátti ekki yrða á skáldið nema tvisvar í viku, hvernig sem á stóð, til þess að trufla ekki hið skáldlega flug; fólkið borðaði ekki sama mat og hjónin og allt var til þess að gera lífið einmanalegt og óheimilislegt. Auk þess er kona Gunnars kapólsk, svo hún gat ekki einu sinni farið til kirkju að gamni sínu. Að lokum voru hjónin ein með son sinn og fluttu burtu alfarin hingað til Reykjavíkur í hótélherbergi á Borginni og vita ekki hvað til bragðs á að taka. --

Álfheiður Helgadóttir Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 14.12.1948.

-- systur þínar eru að kafna í vinnu, ætlaði Friede að fá sér hjálp um tíma, en engin gaf sig fram svo þær verða að púla sig í gegnum bunkana sem fyrir liggja, og vísa frá sér meira og minna. Öll skriffinnskan kringum eignakönnunina, skömmun og allt það brjálæði, en hvað er um að tala þegar við ætlum að fylgjast með tímanum. Ég keifaði í bankann með 250 kr. og getur þú séð á því hve vel ég bý, enda enginn hlutur hér í búðum, sem mann langar til að kaupa. Ef það er eitthvað nýtilegt þá þarf maður skömmunarseðla fyrir því og þá strandar allt. Þetta átti maður eftir að upplifa. Þetta hefði þurft að koma fyrir svo stórlaxarnir væru ekki búnir að byrgja sig upp áður --

¹ Álfheiður Línal Jetzek (1932).

² Páll og Sigurður Línal.

³ Sigurður gekk upp í því í félaglífinu að lýsa yfir kvenhatri sínu. Systur hans báru honum ekki alltaf vel kveðjurnar í þessu efni. Móðir þeirra var ekki baráttukona á þessu sviði og hafði þurft að láta í minni pokann. En skemmtileg, gamansöm og manna orðheppnust var hún. *Men det er en anden sag!*

1949

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 9.5.1949.

Pakkar bréf og heimboð en biður afsökunar á að hafa ekki svarað fyrr.

-- og þó að ég hafi dregið þetta skammarlega lengi, þá máttu ekki halda að það sé af því að ég sé svo vanþakklát -- heldur er það vegna vinnunnar sem alltaf er meiri en ég ræð við. Þannig líða vikur, mánuðir og ár, án þess að úr ýmsum ráðagerðum verði -- Annars er ég þakklát fyrir að hafa nóg að gera og geta starfað að því, vinnan er líka *stímúlerandi* og dásamleg gjöf.

Segir af ráðagerðum um að synirnir fari utan, Eggert til Frakklands eftir stúdentspróf; Páll til að starfa á Langalandi í Danmörku. Verstur er gjaldeyrisskorturinn; hún hefur eitt laust herbergi á Bergstaðastræti 69 sem hún gæti leigt útlendingi sem gæti greitt leiguna í gjaldeyri. En ekkert gengur.

-- Það gengur svona með þetta líf, annað hvort á maður enga eða litla peninga þegar maður fer út að ferðast, en þá er gjaldeyri til, - eða þá að maður á nóga peninga og getur þá ekki farið af því að gjaldeyri fæst ekki. Þetta er allt svo öfugt og snúið; það versta er að mennirnir skapa sér þetta allt meira og minna sjálfir, eilíf höft og reglur -- Ég veit að þú hristir höfuðið yfir heimsku minni -- en svona er það, ef maður er ekki að vinna, þá talar maður af sér.

Mér finnst ekki tímabært fyrir mig að fara út að ferðast, hvað góð boð sem ég fæ frá þér, þá get ég ekki þegið að þú leggir mér allt til, því ég veit að þig vantar ekki íslenska peninga og ekki getur þú heldur fengið neitt yfirfært þó þér bráðlægi á því. Þegar þetta breytist og hægara verður með gjaldeyri, þá máttu reiða þig á að ég verð ekki lengi að söðla minn hest ef þitt boð stendur ennþá.

Ég talaði við Agnar í morgun og sagði hann að ákveðið væri nú með þitt frí, þú myndir taka það frá 1. júní. Ólöf fór á spítalann í morgun kl. 7 til að eiga barnið sitt, en það er ekki enn fætt, þó kl. sé orðin 10; mamma hringdi til Agnars til þess að fá fregnir af því og var hann áhyggjufullur og óþreyjufullur, eins og skiljanlegt er --

Ræðir um dvalarstað fyrir hann. Eggert bróðir þeirra vill endilega fá þau til að búa hjá sér. Synir Friede eru í prófum fram um miðjan júní.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 13.5.1949.

-- Þakka þér fyrir Zontanálarnar sem ég fékk í gær og alla þá fyrirhöfn sem þú hefur haft við útvegum þeirra. Seinasti fundur vetrarins verður á föstudaginn kemur og verða þá nálararnar afhentar, svo það var þrýðilegt að fá þær núna.

Agnar og Ólöf hafa nú eignast dóttur, hina myndarlegustu og eru rétt tvö ár á milli þeirra, svo Anna fær nú leiksysstur, enda er hún hreykin þegar hún segir frá því. --

Ræðir um ferðir sonanna, gjaldeyrismál og ferðaáætlanir þeirra. Þá svarar hún spurningum Helga um gjafir til fólks.

-- kaupa eitthvað handa henni mömmu. Hún á ekkert nema eldgamla vetrarkápu og væri það ábyggilega vel þegið ef þú gætir gefið henni efni í annaðhvort sumar- eða vetrarkápu, það þarf að vera svart, létt ullartau, því ef það er þungt og stíft þvingar það hana, og ef þú kaupir það þarftu endilega að láta bæði fóður og hnappa fylgja, því búðirnar hér eru svo tómar. Eins væri gott að gefa henni svart tau í kjól og svartan undirkjól. Skó finnst mér svo erfitt að kaupa á aðra, en hún notar númer 37. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 24.5.1949.

Nú hefur Helgi skrifað Friede og beðið hana um að kanna ferða- og viðlegubúnað v. ferðarinnar til Íslands. Eins og fyrr reiðir hann sig á hana um flest. Bréfið fékk hún um morguninn og svarar samdegis. Búnaðurinn er sennilega frá því að hann var á ferðalögum varla skemur en 15 árum fyrr.

-- Tjaldið er geymt hjá Hildu og er í lagi. Í tösku hér uppi á hálofti eru: Vatnsleðurstígvél á þig, Regnjakki m. hettu, Olúbuxur, Hosur og sokkar. Tjaldbotn og smákoddi.

Strákarnir eiga báðir svefnpoka, sem þér er hjartanlega velkomið að lána; þeir eru 5 kg. hvor; eins eiga þeir bakpoka, tvær stærðir, og er annar nýr en hinn eldri, báðir nothæfir. Ég sá aðeins reiðbuxur af Doris, en ekki af þér; eruð þeir líka uppi.

¹ Agnar Kl. Jónsson sem þá var skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu og Ólöf Bjarnadóttir. Dóttir fæddist og var það Áslaug sem fæddist síðar þennan dag. Fyrir áttu þau Önnu sem þá var tæpra tveggja ára en höfðu misst son þrem árum fyrr.

Hilda keypti bomsur handa stelpunum sínum í fyrra; Dídí á bomsur og ég á líka bomsur.

Þetta kemur hingað við og við (*í búðir*) en er erfitt að ná í það; en með dugnaði og dálítilli frekju er það hægt, - að minnsta kosti tókst mér það.

Ég gæti trúað að vel yrði þegið hjá kvenþjóðinni (að fá) efni í blússur; það má heita að öll kjóla-, kápu- og blússuefni séu ófáanleg; allt fer til kaupmanna, sem láta sauma úr því, og selja tilbúið með margfaldri álagningu. Ef þú kaupir svona efni þá er engin hætt á því að það passi ekki eins og með skó og aðrar flíkur.

Ég bið þig um að gefa mér ekkert, ef þú vilt hjálpa mér með drengina og skipta fyrir þá ísl. peningum í erl. mynt, þá er það allt sem ég óska.

Ég hef þetta ekki lengra, því bréfið þarf að komast af stað ef það á að verða að nokkrum notum fyrir þig. --

Friede P. Briem skrifar Kristjáni Albertssyni. Rvík, 30.5.1949.

*Hér skrifar móðir mín langt og gott kynningarbréf fyrir mig til Kristjáns og bað hann um að hjálpa mér með ýmislegt. Ekki varð nú af því þar sem Kristján var fjarverandi. Hins vegar hitti ég hann í sendiráðinu og tók hann mér einstaklega vel og vinsamlega, minntist föður mín og þátt mömmu í bréfamiðlun Helga bróður hennar á stríðsárunum. Þá kom kveðja til mín frá **Péttri Benediktssyni** sendiherra þar sem hann lagði fyrir sendiráðið að veita mér fyrirgreiðslu ef ég þyrfti, t.d. gjaldeyris.*

Seinna skýrði Pétur mér frá því að hann væri foreldrum mínum þakklátur. Eins og vitað er var móðir hans ströng mjög og andsnúin drykkjuskap, sérstaklega Benedikts mannsins hennar. 20. febr. 1930 lauk hann lagaprófi. Þann dag hitti hann Ásgeir á götu. Hann óskaði Péttri til hamingju og spurði hvað hann ætlaði að gera í tilefni prófsins. Péttri varð fátt um svör og sagði að það yrði mest lítið. Þá sagði Ásgeir að það dygði ekki. Var ákveðin veisla fyrir Pétur heima á Vesturgötu 16 og fór vel fram. Fyrir þetta sagðist hann ævinlega þakklátur foreldrum mínum.

Friede P. Briem skrifar Lóu Vennerström, 3.6.1949.

-- Svo er mál með vexti að Páll Þórir fer með Drottningunni héðan þ. 13. júní vegna þess að hann hefur fengið loforð fyrir dvalarstað á dönskum búgarði á Langalandi. Því miður breyttist dálítið því viðvíkjandi, svo hann getur ekki komist þangað fyrr en 10. júlí, vegna þess að hinir tilvonandi húsbændur hans verða á ferðalagi þangað til. En vegna þess, að ég á gott fólk að í Svíþjóð, sem ég treysti til að gera mér greiða og taka hann þennan tíma, þá var ferðinni ekki frestað um eina ferð. --

Biður hún um að tekið yrði við honum og hann fengi að dvelja hjá frændum sínum þann tíma sem er á milli.

Þetta er nú meira flakkið á piltinum, enda er flýtt sér að nota sér það um leið og ferðabannið var uppleyst hér á þinginu. Palli er 18 ára og langar nú að spreyta sig og fara að sjá sig um, en eins og gjaldreishögum okkar er nú háttað er það ýmsum erfiðleikum bundið, en vonandi draslast það af með góðra manna hjálp. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 3.6.1949.

Ferð Helga til Íslands dregst um mánaðartíma. Segir ferð Páls hafa breyst og skýrir áætlunina. Þá lýsir hún gjaldeyrimálum hans; hann fékk danskar kr. á svörtum.

-- Ég dauðkvíði fyrir að Palli fari, en ég vona bara að hann komi sér vel og verði frískur, en ekki þannig að allir sem hann kemur til með að dvelja hjá, verði þeirri stundu fegnastir þegar hann væri að fara. Það væri ömurlegt fyrir hann ef svo yrði. --

Okkur líður ágætlega, vorum hjá kandidatinum Páli,¹ sem tók fínt próf, eins og vænta mátti. Var mjög skemmtilegt þar og margir gestir, bæði ungir og gamlir, boðnir og óboðnir, enda sannarlega hægt að gleðjast með þeim sem hafa náð þessu langþráða takmarki, að ljúka embættisprófi í þeirri grein sem þeir hafa valið sér að lífsstarfi. Ekki veit ég hvað hann ætlar nú að gera og vissi hann það ekki sjálfur, enda veitir mönnum ekki af að hvíla sig eftir slíkt púl.

-- þú ert minn bjargvættur með Palla Þóri --

Nú gerðist það sem gjörbreytti heimilinu. Þann 16.6.1949 meðan ég var í stúdentsveislu minni datt amma Álfheiður stiganum milli hæða. Varð henni ófært eftir það að búa á efri hæð. Var ákveðið var að breyta skipulagi innanhúss. Flutti hún flutti niður, í viðbygginguna sem mamma hafði reist. Við Palli fluttum á efri hæðina. Breytingin hafði einkum mikil áhrif á líf Friede, sem ekki hafði lengur það næði sem hún þurfti. Hafði reyndar aldrei haft svefnherbergi, en bjó um sig í sófa í borðstofunni niðri. Þessi breyting olli henni eftirsjá að hafa á sínum tíma flutt af Bergstaðastræti í Tjarnargötu þegar faðir minn dó, m.a. í því skyni að leysa sambúðarvanda Álfheiðar og fjölskyldu Eggerts sonar hennar. Hún tók gjarna ákvarðanir um sitt

¹ Páll Línadal.

líf er hliðruðu fyrir hagsmunum annarra. Með þessu afsalað hún sér öllu sem kalla mátti einkalíf. Það var ekki aðeins sem hún tók móður sína inn á heimili, heldur líka Þórdísi systur sína sem aldrei giftist.

Ég reyndi ávallt síðar að stappa í hana stálinu, sýndi henni fram á að þrátt fyrir allt þetta var heimilislífið bæði gott og skemmtilegt. Enda virtist hún ánægð með lífshlaup sona sinna, sem gat hafa átt rætur í uppeldi okkar og skilyrðum. Það var hálfum öðrum áratug síðar, eftir dauða móður sinnar, sem hún fluttist með fjölrítunarstofuna að Bergstaðastræti 69 og endurheimti einkalíf sitt. Þá eignaðist Þórdís líka heimili fyrir sig.

Þetta leiddi líka til þess að líf okkar Sigríðar á Bergstaðastræti 69 breyttist líka. Eins og við móðir mín og við Sigríður margræddum um, þurftum við að líta á allt þetta sem eina heild. Niðurstaða okkar var sú, að allar þessar breytingar voru okkur og börnum okkar til blessunar.

Eggert Ásgeirsson: **Ferðadagbók til Englands**

7.7.1949. Garðar Þorsteinsson lagði af stað frá Hafnarfirði í blæjalogni um kl. 5. e.h. í gær. Á skipinu er 21 maður, en af þeim eru fimm farþegar. Þrír þeirra eru konur skipsmannanna sem fara út þega þetta ágæta tækifæri býðst, þ.e. að skipið á að standa um þrjár vikur við á Englandi.

Ein þessara kvenna er kona Guðmundar 1. stýrimanns. Þau hjónin eru prýðilega geðug, en að auki er frúin alveg sérstaklega lagleg. Hún er svo lík Dorisi Briem að þær gætu hæglega verið tvíburasystur. Hár þeirra og augu gætu verið af sömu persónunni. Jafnvel vaxtarlagið er líkt þó ekki sé hún eins gífurlega feit og Doris.

Mér var fenginn bústaður í káetu skipstjórans, bý þar ásamt Rúnu og Gvendi. Er það alveg stórkostlega góður og vistlegu íverustaður. Liggur káetan undir stýrishúsinu, kortaherberginu og klefa Gísla loftskýtamanns.

Í kortaherberginu býr einkennilegur gestur. Er það dúfa sem kom um borð í seinasta Englandstúr og settist þarna að. Heldur hún sig þarna að mestu leyti og unir hag sínum hið besta. Fer hún samt í smáreisur frá borði en kemur ávallt aftur þótt skipið sé komið langt frá þeim stað sem hún skildi við það.

Svo ég snúi mér aftur að káetunni þá er mikið pláss í henni og hún hin vistlegasta, öll klædd innan með mahóní. Þar er eitt rúm og sinnhvör legubekkurinn handa okkur Guðmundi.

Meðan við sigldum út Faxaflóa var verður hið besta, það mikið skyggni að sást til Reykjavíkur og suður á Reykjanes. Við Rúna sátum uppi í stýrishúsi, skemmtum okkur fyrst við að rabba við þá sem voru á vakt, fyrsta stýrimann og tvo háseta. Einnig við loftskýtamanninn, en hann er nokkuð skríttinn. Hann er þannig að hann fer alltaf á það þegar hann er í landi og leikur þá við hvern sinn fingur og segir brandara. En þegar hann er kominn út á sjó smakkar hann ekki vín, sést aldrei nema þegar hann borðar, liggur uppi hjá sér og les ekkert nema bækur um rafmagnsfræði og Þjóðviljann.

Er komið var út á Faxaflóa fór að versna í sjóinn, en við Rúna sátum sem stífast uppi í stýrishúsi og kenndum ekki neins, en um kl. 10 fór ég niður, sat þar og las í rúman hálf tíma. Ég þurfti ekki meira, stökk fram á klósett og kastaði upp þessum ágæta mat, sem ég hafði borðað, soðinni ýsu, kartöflum, harðfiski, mjólk og brauði með sméri. Eftir það hef ég ekki kennt neins. Rúna hefur þraukað það en fær alltaf velgju eftir máltíðir.

Við saúm alltaf til lands, en eftir að við fórum framhjá Þorbirni¹ höfum við ekki séð til lands. Við fórum niður kl. 11.45. Eftir það var komin svört þoka svo ekki sést nema 20 metra frá skipinu. Við byrjuðum að flauta og hefur verið flautað með stuttu millibili næstum alla nóttina.

Í dag hefur verið þoka í kringum skipið með um 200 m. skyggni; samt hefur sólin skinið glatt.

Maturinn er alltaf jafn góður, Kokkurinn sem nú er með er venjulega hjálpakokkur, 17 ára. Hann hefur til aðstoðar strák um tvítugt sem lengi hefur verið háseti með Gvendi, en er nú í sjómannaskólanum. Gaf hann dauðann og djöfulinn í allt nám til að geta komist í þessa ferð til Englands.

Yfirleitt mun vera heldur lítil sókn eftir að komast til Þýskalands og Englands. Hásetarnir komast ekki nema fimmta hvern túr. Fá þeir ekki nema 10 pund hver og dugir það aðeins fyrir fötum og nauðsynjum. Hafa þeir þá mjög litla peninga eftir til að kaupa á börnin og konuna. Sigli þeir á Þýskaland fá þeir enn minna af gjaldeyri. Kjósa sjómennirnir alla jafna að sitja heima. Þeir eru uppgefnir eftir erfiða fiskitúra og finnst gott að hvílast heima hjá sér. Maður sér að ekki er Gvendur lítið þreyttur eftir fiskiríði. Eftir að við komumst frá landi svaf hann 18 klst. í næstum einum dúr og síðan hefur hann mikið sofíð. Hann stendur aðeins vakt við land eða sker.

8.7.1949. Sama verður og áður fyrri hluta dags. Er líða tók á daginn birti upp og sólin skein glatt. Við saúm öðru hvoru enska dalla á veiðum. Þeir og útlendu skipin yfirleitt þekkjast á hvað mikið rýkur úr þeim. Þau eru kolakynt en það eru fæstir íslenskir togarar.

Um klukkan 12 fórum við framhjá, eða réttara sagt milli tveggja eyja. Annað er öllu heldur sker og heitir *North Rona*. Á hinni eyjunni er viti og heitir eyjan *Sule Skerry*. Er við vorum nýfarin framhjá henni bilaði vélín í fyrsta sinn síðan skipið fór á flot, en fór í gang aftur eftir klukkutíma.

Um kl. sex næsta morgun fórum við í gegnum Pentland Firth. Við sundið er mjög mikið af vitum, oft svo að sjá má 8-10 vita. Einnig er heilmikið af byggingum uppi á landi, mest hálfhrundar. Á nokkrum stöðum saúst þó akrar sem voru farnir að grænka, en trúað get ég að þar sé nokkuð harðbýlt þar sem tún eru ekki orðin græn.

11.7.1949. Er komið var nálægt Hollands- og Þýskalandsströndum fóru að sjást mörg vöruflutningaskip á leið til Þýskalands. Nóttina áður lágum við við festar í mynni Saxelfar meðan beðið var eftir leyfi til að sigla inn til Cuxhaven. Um morguninn kom það og var þá siglt sem leið liggur og eftir nokkurn tíma komum við að vitaskipinu *Elbe I* og var þar tekinn hafnsögumaður. Hann sigldi með okkur að hafnarmynninu en þá kom annar sem þar hafði réttindi. Tókst

¹ Þorbjörn, fjall við Grindavík.

honum innsiglingin listavel. Hann virtist stýra beint á hafnargarðinn, en þegar komið var í svo sem 15 metra fjarlægð frá honum, þá tók straumurinn skipið og það sigldi tígulega inn á milli garðanna. Er lagst var að bryggju var þar fyrir Akureyrartogari sem landað hafði nóttina áður. Á bryggjunni var margt fólk samankomið. Að einu leytinu var það allt eins. Allir voru með ráptuðrur til að geta fengið einhverjar vörur um borð sem skortur er á í landi. Var hér heldur lítið að fá nema það að hinn 17 ára gamli kokkur seldi nokkuð af smjörliki á tvö mörk pakkann til að geta fengið sér efni í föt. Hann hefur lagt mestalla sín peninga til hliðar og safnað að sér mörkum. Efni í föt kosta hér 89 mörk. Er þetta ágætt amerískt gaberðínefni (ísl. kr. er tvö mörk).

Á bryggjunni var fjöldi þýskra einkennisbúinna manna. Flestir þeirra voru tollmenn. Búningur þeirra er að líkindum gamall litaður einkennisbúningur. Þarna voru einnig börn, nokkuð vel klædd, þrífalegg og þrífleg, eins og allir sem við sáum. Tollmenn og útlendingaeftirlitsmenn komu strax í stórum skörum um borð og allir hingað niður. Gvendur gaf þeim viskí og voru þeir hinir ánægðustu. Gvendur ætlaði aldrei að geta mokað þeim út.

Þá var nú að fá landgönguleyfi og gekk það nokkuð greitt. Við Rúna vorum skráðir hásetar en kona smyrjarans í vélinni var gefin öðrum stýrimanni, þar eð einungis yfirmenn fá að taka konur sínar í land.

Um kl. 3½ héldum við Rúna og Gvendur í land og fórum upp í bæinn. Er hann alveg óskemmdur vegna stríðsins. Var aðeins eitt hús skotið niður í lofárás. Göturnar eru allar steinlagðar og alls staðar meðfram þeim standa gífurlega há og falleg trú. Það sem maður rekur helst augun í eru búðargluggarnir. Þeir eru allir fullir af vörum og eru engar vörur skammtaðar nema súkkulaði. Er þetta allt milli himins og jarðar, allt frá bílum niður í *ég veit ekki hvað!*

Bílar og brúður eru mjög dýrar. Bílar sem eru fyrsta flokks er hægt að fá á 8 þús. mörk og brúður á 30-40 mörk. Er lygilegt hver ósköp er hægt að fá af silfurbörum. Til dæmis keypti ég silfurskeið, sem hægt er að nota í salat o.fl. á 11½ mark og lítinn postulínsvasa á 7. Hér er feykilegt úrval að postulínsvarmingi, bollastellum o.fl. fyrir skít og ekki neitt, eins og mín kæra frænka segir. Verkamenn fá um 8 mörk á dag (16 kr.).

Er við höfðum þrammað okkur upp að hnjám fórum við aftur um borð og gengum mat. Að honum loknum kom Pétur Eggerz Stefánsson og kona hans um borð. Seinna komu tveir Þjóðverjar, annar reyndar sænskur í aðra ættina, og drukku hér kaffi. Varð Pétur hálfpartinn að reka þá á dyr, en þó með fullri kurteisi, þar eð hann hafði boðið okkur að aka út fyrir bæinn. Þau hjón eru alveg sérstaklega skemmtileg, viðkunnað fólk og íslensk í húð og hár (máskulega full mikið). Þau eiga þrjú börn. Í miðri er stúlka sem hætti námi í hittifyrri á 5. bekk M.R. Eldri dóttirin er gift á Íslandi. Yngst er sextán ára piltur, háseti á b.v. Venus (*því það besta sem börn geta gert er að vinna*, segir Pétur.) Dóttirin sem hætti námi gerði það til að fara í hjúkrunarnám á Englandi.

Þau keyrðu okkur til staða sem eru 3-40 km. í burtu. Landslagið er dásamlegt með fjölda trjáa og húsum sem falla alveg inn í landslagið með vafningsjurtir upp eftir þeim og allt fullt af rósum. Þá sér maður túngyasið bylgtast í golunnu og margar dagsláttur af eintómu káli.

Er við komum heim um kl. 9 fórum við á flandur milli danshúsa og bjórstofa, var flest fámenn og leiðinlegt. Fyrst fórum við á aðalhötel bæjarins, Atlantic. Þar var heldur lítið dansað, en hissa vorum við að lagið sem mestu lukku gerði var *Tondeleyó eftir Sigfús Halldórsson*. Fjörugast var á einu veitingahúsinu þar sem mestöll skipshöfnin var saman komin. Hissa var ég á að aðeins einn úr skipshöfninni var drukinn, margir hálfir en allt eins margir þurrir.

12.7.1949. Þrammað í búðir eins og fyrri daginn, en ekki að öllu leyti. Skipið átti að fara kl. 1 á ísl. tíma. Klukkan 12.15 fer ég fyrir konu 1. stýrim. til að kaupa klukku og fara í pósthús fyrir sjálfan mig. Fann ég ekki pósthúsið fyrst og hálfvilltist, gat þó náð í klukkuna. Er ég átti svo sem 1000 m. ófarna var klukkan eitt og skipið byrjað að pípa í gríð og ergi. Ég tek þá til fótanna sem best ég gat. Var ekki hægt um vik með klukkuna í fanginu í steikjandi sólarhita, í dökku, tékknesku fötunum. Náði ég til skipsins kl. 1.05 Skipið lagði úr höfn kl. 1.30. Gvendur átti vitanlega að flauta en gerði það miklu meira til að gera mig hræddan *ska!* Því hann er nefnilega sko af Nesættinni sko.

13.7.1949. Leiðin frá Cuxhaven til Grimsby var ákaflega erfið sigling, þar eð farið er yfir mjög fjölfarna skipaleið. Esbjerg-Antwerpen-London. Það gerði siglinguna langtum erfiðari þar sem mikill þokuslæðingur er á leiðinni. Þótt flautað sé heyrast það skammt. Þar að auki er ákaflega vont að taka land við Humberósa, vegna grynninga. Allt þetta verður erfiðara vegna þess að Gvendur er óvanur leiðinni. Allt gekk samt vel. Tekinn var hafnsögumaður er klukkutíma sigling var eftir til Grimsby. Er þangað komið þurfti að bíða í 2 klst. eftir flóði, en þá eru dokkirnar opnaðar. Lögðumst við upp að hafnarbakkanum um 9.30.

Þá strax komu menn frá einhvers konar útlendingaeftirliti og lögreglunni. Voru skoðaðir passir hjá öllum nema mér, þar eð ég er ekki skráður á skipið sem háseti heldur sem farþegi. Var ég spurður í þaula og gekk allt vel, þar til ég gaf upp að ég hefði sjö pund meðferðir. Þá spurðu þeim mig hvernig í ósköpunum ég ætlaði að komast til Parísar með aðeins sjö pund. Vissi ég ekki hverju svara ætti, en þá kom staðgöngumaður fulltrúa íslenskra togareigenda Þórarins Olgeirssonar; Kristinn Ottesen (Bróðir Hensa „Siemsen“) mér til hjálpar og sagði þeim að frændi minn *the skipper* ætlaði að gefa mér það sem á vantaði. Meðal annars sagði ég að ég ætlaði að fara beint til Parísar. Þá sagði aðalmaðurinn að ég ætti að vera kominn þangað eftir 24 tíma. Gat ég fengið þetta lengt með því að lofa að dvelja um borð í skipinu það sem fram yfir væri.

Við gátum ekki farið í land um kvöldið vegna þess að tollararnir komu ekki fyrr en klukkan var að verða 12. Voru þeir báðir með heljarmiklar töskur sem þeir létu í bæði súkkulaði, brjóstsykur og sígarettur, því að þessa menn verður að hafa góða. Reyndi Gvendur að lauma í þá dönsku *akvavite* og voru þeir farnir heldur að *sljóvgast* er þeir fóru í land eftir að hafa gert ekki neitt um borð.

14.7.1949. Um morguninn fórum við í land og gengum sem leið liggur niður í nýja verslunarhverfið. Leiðin frá dokkinni í bæinn er ansi löng, eða 20-25 mín. gangur. Á þessari leið hef ég séð hvað flest fátægleg og óhreinn börn á ævi

minni. Þau eru allt í senn, rifin, horuð, óhrein og flest mjög kyrkingsleg. Þarf maður ekki að ganga nema fáa metra úr hinum blómlegu verslunargötum út í verstu fátækrahverfin. Mikill er munurinn á börnunum í Þýskalandi og hér á Englandi. Þótt börnin á fyrri staðnum séu sokka- og skólaus, þá er fæturnir að minnsta kosti hreinir og alveg kolbrúnir. En hér eru þetta bara töttrar; óhreinir töttrar, sem börnin hafa utan á sér.

Við höldum niður í bæinn og skoðuðum þar í búðarglugga, en keyptum sama sem ekkert, enda var lítil tími til þess, þar eð öllum búðum í Grimsby er lokað kl. 12 á fimmtudögum. Þó fórum við inn í Woolworth magasín og keypti ég mér þar tvö pör af ágætum sokkum. Töluvert úrval er hér af vörum, einkum kvenskóm, karlmannaftaefnum og barnaleikföngum. Er þetta eiginlega ekki eins mikið úrval og í Þýskalandi, svo ég tali nú ekki um hvað það er miklu dýrara.

Um kvöldið fórum við út í Cleethorpes, sem er skemmtistaður í úthverfi bæjarins. Þar vorum við að dóla um kvöldið og voru skemmtiatriðin heldur leiðinleg. Við tókum þátt í nokkrum leikjum og unnum verðlaun, eitthvert okkar í öllu sem við tókum þátt í. Reyndar var ekki vona að þarna væri skemmtilegt þar eð kalt var í veðrir og strekkingur.

Er við komum *heim!* vorum við að tala saman um alla heima og geima og var Gvendur að segja mér frá siglingum sínum á stríðsárunum. Var eitt af því skemmtilegasta sem ég hef heyrt eftirfarandi.

Eitt sinn voru þeir á heimleið frá Hull, staddir í Norðursjónum. Var Gvendur vanur að láta sigla í myrkri, en það gerður ekki nærri allir togaraskipstjórar. Nótt eina kemur boð til hans neðan úr vélarrúmin og honum tilkynnt að bilun sé í einum katlinum og verði að stöðva skipið til að gera við þetta. Var það gert og skipið liggur þarna í kolniðamyrkri og getur enga björg sér veitt. Er þetta hafði gengið svo um hríð kviknar allt í einu á öllum ljósum og skipið baðað í þeim, stafna milli. Gvendur sendir strax menn niður í vél til að láta slökkva, því að á gömlu togurunum var það ekki hægt uppi í brú. Eftir nokkra stund koma þeir aftur og segja að slökkt sé á öllum rofum og þeir hafi tekið öll öryggi úr, en allt komi fyrir ekki. Þá segir hann þeim að brjóta allra perur. En er hann hefur sagt þetta sér hann að skipið er statt mitt í ákaflega stórra skipalest og stór skip, kannske 10 þús. lestir eða meira, eru eins og veggir allt í kring. Segir 100% líkur á að hann hefði verið sigldur niður, ef hann hefði ekki verið með ljósum.

15.7.1949. Við fórum út eftir hádegi til að kaupa og vöndruðum búð úr búð og er hér ákaflega mikið úrval af öllum hlutum í gamla verslunarhverfinu. Vorum við uppgefin og rétt drögumst inn í bíó og sáum þar ákaflega skemmtilega gamanmynd með Bing Crosby og af veikum mætti borðuðum við okkur södd af döðlum. Er við komum þaðan ætluðum við að fá okkur mat eða kaffi, en þá er það hvergi að fá, því að öllum eða allflestum matsöluhúsum er lokað kl. 5½-6 e.h.

Daginn áður en við komum til Grimsby kom Filippus hertogi af Edinborg þangað, skoðaði fiskiðjuverin og togara. Hann skoðaði *Rinovia* skipið sem Páll Aðalsteinsson er skipstjóri á (hann er sonur Aðalsteins Pálssonar skipstjóra). Páll er mesti aflakóngur á öllu Bretlandi og þess vegna nýbúinn að fá nýjan togara, annan tveggja þeirra bestu sem Englendingar eiga.

Hinn togara hefur Sigurður Þorsteinsson (maður Önnu Gunnsteinsdóttur í Nesi). Hefði hertoginn komið tveim dögum fyrr hefði hann skoðað skip Sigurðar. Er heldur kurr í enskum skipstjórum út af því að íslenskum mönnum skuli veitast þessi heiður. Er það engin furða.

16.7.1949. Um kvöldið fórum við í heimsókn að *Nesi* til Önnu Gunnsteinsdóttur, ásamt skipstjóranum af Ingólfi Arnarsyni, Hannesi Pálssyni, konu hans og Braga¹ 16 ára gömlum syni þeirra. Hannes er ákaflega skemmtilegur, konan ekki eins, sonurinn fram úr hófi skikkanlegur. Ingólfur Arnarson er einn togara Bæjarútgerðar Reykjavíkur og lenti í árekstri við Vörð frá Patreksfirði og skemmdust stefni þeirra. Hannes sagði að við áreksturinn, voru einmitt liðin 25 ár síðan hann sjálfur og skipstjórinn á Verði útskrifuðst úr Stýrimannaskólanum. Síðan hefðu þeir aldrei hist, fyrr en þetta. Nes er alveg yndislegt heimili, á enn yndislegri stað í skemmtilegasta hverfi bæjarins. Þar er langt á milli húsa, stórir garðar með dásamlegum trjágróðri. Húsið er mjög fallett og skemmtilega innréttað, innbúið svo að segja alíslenskt. Síðan Anna var heima í stríðinu hefur hún átt einn son, sem nú er 4ra ára, mesti fjörkálfur og ólátabelgur. Eldri börnin eru Helga, 14 ára og Tryggvi 17 ára. Helga er há stúlka og myndarleg og samsvarar sér vel, en má ekki vaxa meira. Hún er mjög frískleg og sérstaklega geðug. Helga er gerólik Tryggva bróður sínum, en hann er óhugnanlega líkur Tryggva móðurbróður sínum, að líkindum 195 sm. á hæð. Af þesari hæð eru fæturnir mestur hluti; er hann hreint ekki hár í sessi. Tryggvi er alveg voðalega boginn í bakið og hefur mjög leiðinlegt höfuðlag. Er mestur hluti þess nef, en hann hefur eiginlega engan hnakka.

Anna er alveg sérstaklega geðug, skemmtileg og gestrisin. Á heimilinu hefur dvalist í hálfan mánuð Gróa Pétursdóttir² kona Nikuláss skipstjóra á Haukanesinu. Er hún systir konu Kristins í Geysi og besta vinkona Kristínar í Móum. Er hún mjög kvikk, talar margt og er fljót að gefa hverjum hlut nafn. Við veltumst úr hlátri mestan hluta kvöldsins að því sem Gróa sagði. Þó skemmdi það kvöldið fyrir Rúnu að hún frétti óljóst um bruna Almenna byggingafélagsins³ og var slegin eftir það.

21.7.1949. Klukkan sex fórum við á fætur þar eð við frændsystkinin höfðum ákveðið að halda til London með sjölestinni. Lestin var hægfara og þurftum við að skipta um lest í Peterburgh og komum til London rétt fyrir 11. Leiðin var falleg en landið helsti flatneskjulegt í augum Íslendinga. --

¹ Hannes Pálsson var síðar einn helsti atvinnuforkólfur í sjávarútvegi. Bragi sonur hans varð bankastjóri.

² Gróa Pétusdóttir var forystukona í slysavarnamálum. Heitir Gróubúð í höfuðið á henni, en það er einhver miðstöð í slysavörnum úti á Granda.

³ Gústaf Pálsson verkfræðingur, mágur Rúnu var eigandi og stjórnandi Almenna byggingafélagsins.



1. F. v. Siglt frá Cuxhaven. f.v. Ingimundur Sigurjónsson háseti, Guðmundur Þorleifsson 1. stýrim. og Pétur Stefánsson háseti. 2. Matsveinarnir Geir Þórðarson og Einar Þórðarson. 3. Löndun í Cuxhaven. 4. Guðmundur og Rúna Guðmundarbörn frá Móum koma úr kaupstað.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 8.7.1949.

Segir fréttir af Álfheiði móður sinni. Segist vera með gigt og gengur í nudd. Segir áætluð Helga vera að fara norður í land. Svo ferri hann með skipi til Danmerkur og gæti tekið Pál með sér til Stokkhólms.

-- Eggert fór héðan á miðvikudag og fékk far með Guðmundi¹ Rúna² fór líka með skipinu. -- Guðmundur bjóst við að fara til Þýskalands og selja þar og síðan á skipið að fara til Englands til að fá frystivélar og verður hálfan mánuð um kyrrt þar. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 13.7.1949.

Ber sig illa vegna þess að hún fékk algjöra synjun um gjaldeyri fyrir Eggert. Veldur það henni hugarangri. Þá vissi hún ekki að Pétur Benediktsson lánaði mér upphæð sem Helgi greiddi honum fyrir mig. Nú segir hún fréttir úr húsínu vegna breytinga á heimilishögum.

-- Ég er miklu betri af gigtinni og nú er búið að mála herbergin ykkar og veggfóðra, svo hægt var að flytja mömmu niður í gær. Nú liggur hún hér í þínu herbergi, eru rósrauðar gardínur fyrir gluggunum, búið að flytja myndirnar sem henni þykir vænst um hingað niður og fer eins vel um hana og hægt er, ef þessi óþægindi væru ekki af meiðslunum. --

Ég sit við skrifborðið þitt, sem enn er í þínu herbergi og á því er dásamlegur rósavöndur frá Charles H. Bonesteel,³ átti hann að fara til Dorisar, en þar eð þau eru fyrir norðan, standa blómin hér og við njótum þeirra. --

¹ Guðmundur Guðmundsson (1917-93) frá Móum á Kjalarnesi, skipstjóri á bv. Garðari Þorsteinssyni. Þeir Eggert voru bræðrasynir.

² Rúna Guðmundsdóttir (1926-88) frá Móum, systir Guðmundar. Síðar kaupkona.

³ Charles H. Bonesteel (1909-77) yfirmaður bandaríkjahers á Íslandi í stríðinu og síðar háttsettur í utanríkisþjónustunni. Hann mun hafa stungið upp á 66. breiddargráðu sem landamærum Norður- og Suður-Kóreu. Hann fékk stórriddarakross fálkaorðunnar og virðist hafa verið á Íslandi í einhverjum erindum.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 16.7.1949.

Hefur áhyggjur af ferðalagi mínu, biður mig að ferðast ekki á hjóli og borða vel.

--Amma þín er svolítið farin að sitja í stól, en ósköp er batinn hægfara, enda aldurinn hár (80!).

Við erum alltaf að reyna að stytta fyrir henni daginn, eftir því sem við getum og eru Hilda og Jóna okkar besta hjálp því þær koma hér á hverjum einasta degi.

Alfa og Bergljót (*Líndal*) slógu og klipptu grasfletina fyrir mig í gær og fyrradag, bæði vegna þess hvað við erum bundnar og eins vegna gíttarinnar í mér. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 16.7.1949.

Pakkar bréf og kaup fyrir hana á bollum.

-- lét ég smíða hurð úr skrifstofunni til að útiloka hávaða (inn í herbergi móður hennar) og er það prýðilegt. Í gær fékk ég sólgluggatjöld fyrir suðurgluggann svo birtan þreyti ekki hana ömmu þína -- hún hefur setið í stól tæpan hálf tíma nú seinustu dagana svo þetta smámjakað í áttina þótt hægt fari. --

Hér er á ferð amerísk kona sem hringdi til mín og langaði til að heimsækja mig vegna þess að hún væri í Zontaklúbbnum. Ég náði í tíu Zontasystur á sunnudagskvöldið til að hún fengi tækifæri til að kynnst þeim, ætlaði hún að koma hér um 8½. En þegar kl. var 7½ fékk ég símskeyti frá henni þar sem hún var stödd á Minni-Borg, bíllinn bilaður og hún strönduð og gat auðvitað ekki mætt í boðinu. En allar Zontasysturnar mættu og skemmtum við okkur ágætlega þó heiðursgestinn vantaði! En í gærkvöldi hringdi hún til mín eftir að hafa ferðast norður með þeim gætnasta bílstjóra, sem hún hafði kynnst; þau voru 15 klst. héðan og til Akureyrar og fór á þeirri leið aldrei fram úr bíl, hinsvegar allir bílar fram úr þeim, Hugsaði ég til Karls Torfasonar.¹ Í dag kom svo frúin að heimsækja mig, en þá kom upp úr kafinu að hún var alls ekki í Zontaklúbbnum, heldur hefur aðeins komið þangað sem gestur! Þetta var prýðiskona, gift einhverjum mektarmanni sem vinnur hjá General Electric í Ameríku og var mjög gaman að kynnst henni, víðförul, fróð og heilbrigð í hugsunarhætti. --

Mér finnst aldrei að ég hafi tekist á hendur eins mikla ábyrgð og núna þegar ég tek hana mömmu, vona ég að guð gefi mér styrk til að leysa það verk vel af hendi og gera það með gleði og kærleika. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Grimsby, 18.7.1949.

-- Ferðin frá Íslandi gekk eins og best verður á kosið. Var yndislegt veður og logn allan tímann, en þó var ekki sól nema 1½ dag. en það varð þó nóg til að allir urðu eins og eldslogar í framan, enginn varaði sig á því að sólin hækkaði svo mjög á lofti. (Segist senda dagbókina).

Þér finnst kannske nokkuð einkennilegt að ég sé að flækjast um hér í Grimsby, en það er sakir þess að lögreglan sagði að ég mætti ekki dvelja lengur en 24 klst. í Bretlandi eftir að ég fer frá borði. Í Grimsby er skemmtilegt að vera svona nokkra daga, sérstaklega þegar maður er með svona dásamlega skemmtilegu fólki eins og Gvendur og Rúna eru; framúrskarandi góð mér að öllu leyti. Skipshöfnin er líka úrvalslíð, skemmtileg og hjálpsöm, alveg undraverð að því leyti að næstum allir eru framúrskarandi reglusamir. Þar eð ég er með Gvendi sé ég miklu meira en ella, kynnist fleirum og kem víðar.

Meðal annars fórum við í heimsókn að Nesi til Önnu Gunnsteinsdóttur og eyddum þar einu kvöldi ásamt skipstjóranum á Ingólfi Arnarsyni, konu hans og syni. Er heimili þeirra hjónanna, Sigurðar Þorsteinssonar og Önnu, yndislegt og smekklegt að öllu leyti öðru en því að þar er uppi herfileg mynd af Nesi, áreiðanlega aðeins Ness vegna.

Segir þau ætla til London næsta dag. Þykir slæmt að hafa ekki frétt neitt af Álfheiði ömmu sinni sem slasaðist daginn sem hann varð stúdent. Segir frá því sem hann keypti og sendi með Rúnu til Íslands, hönskum, tekati, silfuskeið, postulínsvasa og plastik-barnadóti handa dætrum Jónu uppeldissystur F.B.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 20.7.1949.

Segir frá bréfi Eggerts skrifuðu í Cuxhaven.

-- Ég er að smávenjast því að hafa mömmu hér niðri, er hún afar slæm í handleggnum og er höndin bólgin. Mikið sakna ég ykkar þó tíminn líði ótrúlega fljótt, því alltaf er eitthvað sem kallar að, ýmist að sinna mömmu eða einhverjum gestum, og síðast en ekki síst skrifstofan, þó hún hafi heldur verið látin sitja á hakanum. Nú býst ég við að byrjað verði að gera við herbergin uppi. kvistinn og norðurherbergið, skilrímið

¹ Karl Torfason svili Friede, aðalborgari Rvíkurborgar. Sam alltaf var að býsnast yfir að konur gætu ekki stýrt bílum.

tekið og smíðaðir skápar undir súðinni, því líklega verður það þannig að þið flytjið upp, en mamma verði niðri. Er ég sannarlega fegin að hafa þessi herbergi niðri til þess að grípa til þegar svona stendur á.

-- Mig langar til að senda frúnni þinni eitthvað, getur þú ráðlagt mér -- ulla herðasjal, ofinn borðdregill, útskorinn askur, silfurskeið með gjósandi Heklu, víravirkisbrjóstnál. Hvað heldurðu með það? --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. London, 24.7.1949.

Er í vandræðum vegna þess að allar lestir eru upppantaðar til Parísar og hefur áhyggjur af orðum lögreglumanns í Grimsby.

-- Tók ég það ráð að halda til sendiráðsins íslenska og spyrja einhvern þar ráða. Sendiráðið er ekki til húsa á neinum sóðastað. Það er í næsta (eða næstnæsta) húsi við konungsgarð. Þar kom til dyra Englendingur, nokkuð við aldur. Spurði ég hann hvort ég mætti tala við sendiráðsritarann. Kom þá í ljós að hann skildi ekki íslensku. Ég hafði komið í sendiráðið nokkrum dögum áður. Þá kom stúlka til dyra. Skildi hún ekki heldur íslensku. Finnst mér þetta nokkuð asnalegt þar eð áreiðanlega væri hægt að fá einhverja íslenska stúlku, t.d. ráðherra- eða alþingismannsdóttur, til að fara þar til dyra. -- Sá gamli vísaði mér til einhvers manns í einkaskrifstofu með stóru skrifborði og mörgum stoppuðum stólum. Sat hann þar ósköp virðulegur. -- Hann sagði að ég skyldi fá mér far með flugvél þangað. Það kostaði 8 pund en borðaði sig. --

Hvatti ritarinn mig til að tala við lögregluna um dvalartímann. Hún tók honum vel, baða hann engar áhyggjur hafa og bauð fram skömmunarseðla.

Annars er lögreglan alveg sérstök. Virðist hún samanstanda af einvala liði. Má ég segja að allir laglegustu og myndarlegustu mennirnir sem maður sér, séu lögregluþjónar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. París, 25.7.1949.

-- Mikið lifandis ósköp þakka ég þér fyrir bréfið sem ég fékk í sendiráðinu í dag. Ég sakna þín alveg óumræðilega mikið og vona að ég komist til þín sem allra fyrst. Ég er orðinn hálfleiddur á þessu flakki, að minnsta kosti þegar ég er einn. vona ég að við Palli getum hist sem fyrst.

Ferðin til Parísar gekk vel -- Ég hélt þegar til sendiráðsins. Reyndist það vera lokað og varð ég því að eyða tímanum í að labba upp og niður strætið. Þegar ég kom í sendiráðið reyndist Kristján Albertsson vera í sumarfríi og lét ég þá sendiherrannhafa opna bréfið í fyrramálið, en lét hitt bíða þar til Kristján kemur. --

Á hótelinu sem ég bý á eru auk mín þrír Íslendingar, Björg Valgeirsdóttir,¹ Þórdís Kalman, kona læknaútdentsins (sem gengur oft hjá húsinu heima)² og Kristján Davíðsson³ abstraktmálari. Hef ég ekkert talað við Þórdísi og Kristján en Björgu talaði ég við. hjálpaði hún mér að tala við konuna sem hefur hótelið og var hin elskulegasta í alla staði.

Það er auman að tala við þessa Frakka. Þeir pata út í allar áttir og ryðja út úr sér einhverjum ósköpum. Þó hef ég talaði rétt aðeins við einn, en hann talaði svo hægt og drafandi að hann hlýtur að hafa verið fullur. Ég er alveg hjálparlaus, veit ekkert hvernig ég á að segja: *Viljið þér tala svolítið hæggar, herra minn* á frönsku.

--

P.s. Ég fór í morgun í sendiráðið og talaði við Pétur Benediktsson. Var hann ákaflega elskulegur við mig. Lét hann mig hafa 20.000 franka og sagði að ég gæti fengið eins mikið og ég vildi í viðbót. Töluðum við síðan lengi saman. Spurði hann mig mikið um þig og hvernig þér liði.⁴ --

¹ Björg Valgeirsdóttir (1925), ekkja Eggerts Kirstjánssonar hrl.

² Þau voru Björn Kalman (1922-81) læknir og Þórdís Ingibergsdóttir (1924), bókmenntafræðingur, sem lengst bjuggu í N-Svíþjóð.

³ Kristján Davíðsson (1917) listmálari.

⁴ Pétur var þá og alltaf síðar einstaklega vinsamlegur. Þarna sagði hann mér að hann ætti foreldrum mínum mikið að þakka. Sem vitað er var pabbi hans, Benedikt Sveinsson, alþingisforseti og bókavörður, heldur drykkfeldur. Guðrún Pétursdóttir frá Engey, mamma hans, ströng og ósveigjanleg, einkum í gleðskaparmálum. Sagði Pétur mér sögu sem ég hef ekki gleymt og hann áréttaði stundum síðar er við fundumst. Ásgeir Guðmundsson, faðir minn, hitti Pétur á götu daginn sem hann tók lagapróf og óskaði honum til hamingju. Spurði pabbi hvað hann ætlaði að gera til hátíðabrigða. Pétri varð fátt um svör. Þá sagði pabbi við hann að nú skyldu þeir halda upp á áfangann. Þau öll, mamma, pabbi og Pétur efndu til fagnaðar á Vesturgötu 17 vegna prófsins. Þessu sagðist Pétur aldrei mundu gleyma. Sannaði hann það á sinn elskulega hátt með ýmsu móti síðar.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. París, 25.7.1949.

-- Loksins er maður nú kominn á endastöðina. Óskaplega hafði ég gert mér París mikið öðruvísi í hugalund. Virðist mér heldur leiðinlegur bragur yfir henni, að minnsta kosti þeim hluta borgarinnar sem ég hef séð. Er kannski ekki enn að marka dóma mína á borginni, þar eð ég hef aðeins verið hér í hálfan dag! --

Það verð ég að segja að heldur er ég orðinn þreyttur á að vera þetta að flækjast, einkum þegar ég er einn. Þrái ég alveg óumræðilega mikið að sjá þig og vona að það verði sem fyrst. Viltu skrifa mér, elsku best, og segja mér frá plani þínu. Vildi ég að þú kæmir því þannig fyrir að ég gæti komist til Helga frænda sem fyrst og síðan sem allra, allar fyrst heim svo ég geti farið að vinna. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 26.7.1949.

Þakkar bréf frá Grimsby.

-- Amma þín er ósköp svipuð og gengur hægt með bata -- hún er farin að geta lesið svolítið -- Annars situr hún í stól 1-2 klt. og gengur um, en ekki samt öðru vísi en studd af tveimur --

Sigurður Briem fékk æðastíflu og liggur veikur, en er samt á batavegi --

Jón smiður er að vinna hér uppi og Sveinbjörn veggfóðrari og *Kiddi* sonur hans; það er skritin samkunda, en reynist mér sem áður hið besta. Skilrímið var tekið niður í svefnherbergi ömmu þinnar og flutt innar, svo þar verða manngengir skápar, sem hægt verður að komast í úr svefnherbergi mömmu og líka frá kvistinum; er gert ráð fyrir að þetta verði ykkar samastaðir, ef allt fer að óskum, sem ég vona og hlakka til þegar búið er að ganga frá því og allt komið í lag.

Palla líður vel á Emmeböllegård á Langalandi. Helgi og fjölskylda eru að fara héðan með m.s. Heklu þ. 4. ágúst og svo fer bíllinn í gegnum England. Doris getur þá heimsótt fólkið sitt í leiðinni --

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Emmeböllegård. 29.7.1949.

Elsku stórbró! Ég þakka þér átsamlega þetta indæla bréf -- Ég sé að þig er farið að dauðvanta einhvern til að slást við. Sama segi ég. Ég sakna þín ósköpin öll og yfirleitt allra Íslendinga. Ég hef ekki hitt einn einasta í næstum þrjár vikur og aldrei tala íslenskt orð nema þegar ég sletti íslensku í minni feiknarlegu dönsku og þegar ég tala við skepnurnar, en ég reyni að tala sem mest við þær. En gallin er sá að þær svar mér aldrei.

Annars uni ég mér hér alveg þrýðilega, allir eru framúrskarandi góðir við mig og gestrisnir og vilja allt fyrir mig gera. Ég fer í bíltúra, næstum á hverju kvöldi og fullt í heimsóknum um leið. Mikið er gaman að kynnast landinu og fólkinu alveg inn í merginn. Það sem mér finnst skrítnast er að enginn hefur minnsta áhuga á pólitík. Ég hef aldrei heyrt neinn minnast á hana. Og svo líka hvað allir eru fjörugir, lífsglaðir og nægjusamir. Mætti það vera eitthvað meira í þá átt heima. Ég er afskaplega hrifinn af fegurðinni hérna í sveitinni, en ekki jafnast hún á nokkurn hátt okkar ástkæra Íslandi. En ekki er ég eins hrifinn af stórborgunum, en ég hef sé tvær, Khöfn og Óðinsvé. Þar finnst mér allt eitthvað svo yfirborðslegt og auglýsingafarganið alveg ópolandi, sérstaklega skrumið til að draga að ferðamenn. En að skemmta sér í kóngsins Kaupinhafn, það er hægt, og þegar við förum þangað skulum við skemmta okkur dýrðlega, en það er eiginlega ekkert varið í að vera þar einn að flækjast.

Ég sé að þér er alveg eins innanbrjóst og mér þegar ég kom fyrst til Hafnar. Mér fannst ég ekkert geta, ekkert skilja og hafði feiknarlega heimþrá, en það varð strax betra, þegar frá leið og eins held ég að það verði með þig. Blessaður, reyndu að ferðast eins mikið og efni og tími leyfa.

Út af minni ferðaáætlun get ég sagt þér ýmislegt, en hún er alls ekki fullmótuð. Ég ætla mér undir öllum kringumstæðum að vera þér þangað til 6.-10 ágúst, nema þú komir fyrr. En þá er ekkert ákveðið, alveg komið undir þér og Helga frænda. Hann ætlar að senda bílinn á undan sér til Hafnar og vera þar kringum þann 10., en síðan ætlar hann að keyra norður Svíþjóð og lofa mér að vera með og sleppa mér út í Karlstad, þar sem ég ætlaði að vera í nokkra daga og síðan hitta þig í Stokkhólmi.

En ég ætla ekki að reyna að lýsa hvað mér þætti gaman ef þú gætir orðið með frá Khöfn og við færum þá fyrst til Stokkhólms og á heimleiðinni yrðum við nokkra daga hjá Lóu og Gunnu, og skemmtum okkur síðan dálítinn tíma í Höfn (ég hef nóga peninga) og þaðan yfir Esbjerg til Englands og þaðan með togara heim. Hjónin hér hafa boðið okkur að koma við hjá sér á leiðinni til Esbjerg og vera við uppskeruhátíðina, en ég veit ekki hvort við getum það. Svaraðu mér um álit þitt á þessu -- *Gvöð hvað mér hlakkar til!!* -- blessaður komdu sem allra fyrst.

Skrifaðu fljótt - bless elskan, Lillibó.

P.S. *Hurðu, kvuddnin* skammstafar maður herra á frönsku?

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem, 30.7.1949.

-- Er ég nú sem stendur fyrir framan kirkju hins heila hjarta - Sacré Cœur. Var ég að enda við að skoða hana, vitanlega ósköp hrifinn, eins og vera ber. Ég er búinn að sjá svo margt fallett hér í París að ég er hreint alveg ruglaður. Meðal annars fór ég í Louvre safnið. Finnst mér það alltof stórt. Maður er orðinn dauðþreyttur áður en maður er búinn að sjá tíunda hluta safnsins. --

Eitthvað var ég farinn að hugsa um framtíðina því ég bið mömmu um að kaupa fyrir mig kennslubækur í læknisfræði í bókabúð Kron. En einnig farið að langa til að komast til Stokkhólms til Helga frænda síns. Sagði frá óperusýningum sem hann hefði séð. Carmen, Madam Butterfly og Rakarann. Farinn að heykjast á að skrá sig í frönsku þar sem námskeiðið er langt komið og dýrt.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 31.7.1949.

Segir fréttir af Álfheiði, gangi veikindanna og grun dr. Snorra Hallgrímsson¹ um að eitthvað hafi farið illa þegar beinin voru sett saman. Segir af ferðum Helga bróður síns og fjölskyldu.

-- Ég sit hér úti í garði² og skrifa þér. Óli og Heidi³ eru í heimsókn hjá mömmu, svo óþarft er að ég sé inni. Mér gengur mjög lítið með skrifstofuvinnuna, vegna þess að hér koma svo margir gestir til mömmu og svo auk þess ýmislegt sem þarf að gera fyrir hana, þar sem hún getur enga björg sér veitt, nema hún getur borðað sjálf, svo hafa líka verið smiðir og veggfóðarar uppi á lofti að gera herbergin sem þið eigið að fá í stand. --

Á skilrímið ætla ég að fá smíðaða bókaskápa sem verða í sama lit og veggurinn, býst ég við að þetta verði ágætt -- en leiðinlegt meðan á því stendur og mjög tafsamt fyrir mig, annars veit ég ekki af hverju mér liggur svona mikið á, það er sjálfsagt ein af vitleysunum í þessu lífi að vera alltaf að flýta sér.

Á laugardaginn var stofnað til ferðar fyrir gamalt einstæðingsfólk og fólk af Elliheimilinu og farið til Þingvalla. Þar var drukkið kaffi og þegar drykkjan stóð sem hæst kom Brynjólfur Jóhannesson⁴ í salinn til að fá sér kaffisopa; var hann þar á ferð með nokkrum leikurum að gamni sínu, en þegar gamalmennin sáu Brynjólf héldu þau að hann væri þangað kominn til þess að skemmta þeim og allir tóku til að klappa og fagna honum. Hann átti alls ekki vona á þessu, en fannst hinsvegar leiðinlegt að láta fólkið verða fyrir vonbrigðum, en kunni ekkert nógu vel til að geta farið með það skammlaust. Var nú hafin leit að kvæðabók svo hann gæti lesið eitt kvæði fyrir þau. En gripur eins og kvæðabók var ekki til í Valhöll, hvorki hjá gestum né heimafólki, svo nú vandaðist málið. Þá datt Brynjólfi í hug hvort þau gætu ekki leikið smápátt úr Gullna hliðinu, því Arndís og Valur voru þar líka stödd og gerðu það og vakti mikla hrifningu; en Arndís sem er vön að vera ein um að mismæla sig var aldeilis ekki ein, því bæði Valur og Brynjólfur mismæltu sig hrapalega, svo á tímabili var kerlingin komin í pokann í stað Jóns og allt eftir þessu. Var þetta aðalskemmtunin við ferðalagið --

Ég heyri hér hljóðfærslátt úr fjarska, því hljómsveit Kristjáns Kristjánssonar leikur á Austurvelli og allt leikur í leyndi þegar blessuð sólin skín og maður leggur svartsýnisglæraugun á hilluna.--

Palli Líndal er farinn að vinna í dómsmálaráðuneytinu, en í fyrradag var honum boðin staða sem fulltrúi borgarstjóra. Er nú úr vöndu að ráða hvað gera skal. Kemur nú íhaldssemin honum að gagni, því auðvitað væri honum ekki boðin þessi staða nema vegna þess hve hreinræktaður sjálfstæðismaður hann er, því þar er ábyggilega enga veilu að finna, né nokkurt hik í skoðunum. Þótt hann sé ljóngáfaður og námsmaður mikill, er hann held ég enginn hugsjónamaður, það held ég sé hægt að segja með sanni.

-- Ég gat ekki annað en hlegið að Sigurði Þorsteinssyni, þau hjónin⁵ voru í heimsókn hjá Hildu og barst talið að ykkur bræðrum, og þegar Sigurður heyrði að þú værir að fara til Parísar, sagðist hann vera fegin að Thor Vilhjálmsson⁶ væri kominn heim, svo þú lentir ekki í klónum á honum. Svona vil fólk þér vel en hefur

¹ Snorri Hallgrímsson (1912-73) síðar prófessor. Frægur fyrir framgöngu sína sem herlæknir í vetrarstríði Finna 1939. Einkalæknir EÁ um árabíl.

² Úr skrifstofunni var hægt að ganga út á garðpall sem hægt var að ganga af niður í garðinn; óvenjulegt þá en kom til af því að Eggert Briem var sjúklingur ungur. Þá var þessu svo komið fyrir að hann gæti setið eða legið í sólinni. Þetta kom sér vel fyrir skrifstofuna þegar hægt var að vinna í garðinum er veður leyfði.

³ Óli Vestmann Einarsson (1916-44) maður Jónu Einarsdóttur fóstursystur þeirra systkina. Heidi er dóttir þeirra.

⁴ Brynjólfur Jóhannesson (1896-1975) bankamaður og leikari.

⁵ Sigurður Þorsteinsson hafnargjaldkeri og kona hans Kristjana Kristjana Einarsdóttir.

⁶ Vilhjálmsson, er skrítið að nota. En ég hef, síðan ég vann um tíma hjá Eimskip og vélritunarstúlkurnar sögðu mér að grundvallaratriði væri að skrifa nafn forstjórans Ekki upp á Íslensku: Vilhjálmsson. Forstjórinn hafði vanist því er hann

illan bifur á Thor. En ég segi nú bara, það eru líklega margir *Thor* í heiminum, ef menn vilja fara í hundana og lenda á einhverjum þeirra, þá er það víst alltaf hægt. En þú veist, Eggert minn, að þér treysti ég alltaf, ekki síður en sjálfri mér.¹

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 31.7.1949.

Segir fréttir af ferðum Helga P. Briem, gjafakaupum handa fólkinu sem hann var hjá o.fl.

-- Gaman er að bréfunum þínum, það er eins og þú sért ljóslifandi kominn. Það gleður mig hvað þér fellur vel við fólkið, því þá get ég trúað að því falli vel við þig.--

Hljómsveit Kristjáns Kristjánssonar var að spila á Austurvelli en nú kemur hún akandi á vörupalli, allir spilandi og í miðju stendur hljómsveitarstjórinn með taktstokkin og fólkið á eftir, því nú er haldið suður í Tívoli þar sem eru skemmtiatriði í sambandi við frídag verslunarmanna. --

Segir frá ferðum Helga og fjölskyldu.

-- ég hef ekki boðið þeim nema einu sinni í mat, en auðvitað séð þau oft þegar þau hafa vitjað um mömmu; ég er alls ekki upplögð til að hafa gesti og vil helst stytta henni stundirnar eins og ég get, enda finnst mér þegar húsmóðurinni, sem hefur gesti, er þannig innanbrjóst, að það geti ekki verið til skemmtunar fyrir neinn. Þau eru líka boðin mikið með skemmtilegu fólki, eins og þú veist. og vona ég að þau hafi haft ánægju af ferðinni og geti hugsað sér að dvelja hér aftur. Ég hef ekki talað nærri nóg við Doris, og verð ég að segja að mér finnst það skaði, þar sem hún er bæði skemmtileg og hefur annað viðhorf á ýmsu en annað fólk sem ég þekki, og það þykir mér skemmtilegt. Álfheiður Sylvia er jafn *charmerandi* og töfrandi eins og alltaf, bæði útlitið og allt sem hún segir, hún er yndislegasta barn sem ég hef á ævi minni kynnst og eins og skart í stofunni þegar hún er þar.

Helga Sigurðardóttir er á Laugavatni og að biðja F. um að dvelja þar hjá sér --

-- í nokkra daga og hjálpa sér með viðbætur og leiðréttingar á matreiðslubók sem hana langar til að komi út með haustinu. Ekki veit ég hvað úr því verður, en ef mamma verður ekki lakari og ef Helga leggur að mér, getur vel verið að ég fari. --

Þú biður mig um að þú fáið betra herbergið og hef ég reiknað með að þar verði bókaskápar upp undir loft, en við sjáum nú til, en ég hef mælt fyrir sófanum hans Eggerts á veggnum gegnt glugganum, og verða skáparnir úr báðum herbergjunum undir súðinni, báðir stóri og manngengir. Ég hef kannski lýst því fyrir þér áður, ég man nefnilega ekkert hvað ég segi í bréfum til Eggerts og hvað í þínum, þess vegna staglast ég kannski alltaf á því sama við hvorn ykkar um sig, en þegar ég ætlaði að fara að skrifa ykkur sameiginlega og senda öðrum afritið, þá fór allt út um þúfur fyrir mér og bréfið lenti í pappírskörfunni, var í eins konar ræðustíls formi, eða líkt og fréttabréf að norðan, sem svo oft birtast í Tímanum, svo það var ómögulegt. En þetta hefðu getað verið vinnuvísindi, en ég bara gat ekki notfært mér þau.

Annars finnst mér alltaf mér liggja svo mikið á, og finnst alltaf að ég þurfi að flýta mér. Ég byrja daginn á því að flýta mér á fætur; svo flýti ég mér að gefa mömmu te og gera henni til góða, svo flýti ég mér að skrifa á ritvél, og svo flýti ég mér að drekka ellefukaffið. Svo hætti ég að flýta mér svolitla stund og sötra í mig kaffið og renni augunum yfir Morgunblaðið; þá flýti ég mér aftur að ritvélinni, flyti mér að skrifa nokkrar línur eða blaðsíður eða hvað það kann nú að vera, svo flýti ég mér fram að búa til matinn; hann bý ég nú til í hraðsuðupotti og svona held ég áfram að flýta mér allan daginn þangað til ég flýti mér að fara að hátta, svo ég geri ekki mömmu ónæði með næturdrolli.

Þarna sérðu; er nokkurt vit í að lifa lífinu svona; enginn maður hefur sett mér neitt fyrir sem ég verð að ljúka í þessu lífi, heldur er þetta einhver asnaskapur sem er orðinn samgróinn manni og eltir mann eins og skugginn manns. En þetta sé ég ekki nema stundum og þess vegna held ég áfram að flýta mér og finnst það sjálfsagt.

Betra hefði nú verið að taka ekki nýja örk, heldur en að vera að þvæla þetta fram og aftur, en þá skalt þú bara henda henni í klósettið og láta bara eins og ég hefði sett allar blessunaróskirnar sem koma hér á eftir neðst á hina örkina, þú veist hvort sem er að þær sendi ég þér alltaf, þó ég skrifi þær ekki nema einu sinni í viku.

Hér er svo hátt til lofts og vítt til veggja, blómin blessuð dásamlega fögur í kringum mig; Tjörnin á vinstri hlið með allt fuglalífið og ys og þys *stórborgarlífsins* í mátulega miklum fjarska, þá verð ég svona að mér finnst sjálfsagðir og vanabundnir hlutir asnalegir, svo þegar ég kem inn í 4x4 metra stofu og gulan vegg

starfaði á Skotlandi og legði mikið upp úr því, líka hér. Ég nefndi þetta aldrei við Thor eða Margréti, börn hans, fannst óþarfi að vera með hótmyndni.

¹ Þau voru grannar: Sigurður og Kristjana bjuggu á Bergstaðastræti 77. Hilda og Theodór á nr. 76 og Thor á nr. 75.

fyrir nefinu á mér, þá breytist ég aftur skyndilega, og þá gleymi ég gersamlega að ég hafi nokkurn tíma hugsað svona, og eftir klukkutíma trúi ég því ekki að mér hafi dottið það í hug. Svo er ég líka í nýjum kjól, á nýja blússu inni í skáp og þetta allt gleður mig líka og finnst það notalegt að hugsa um það.

Nú á þriðjudaginn kemur verður reynt hér heima að taka mynd af handleggnum á henni mömmu, því nú hefur dr. Snorri búinn í þrjár vikur að segja að hann skildi ekkert í því að manna skuli hafa svona mikinn verk í handleggnum, vona ég bara að verkurinn fari að skána, svo ekki þurfi að brjóta upp handlegginn eða gera einhverja aðgerð á mömmu en ég er hrædd um að handleggurinn hafi ekki gróið rétt saman --

Kannske líka að ekkert sé hægt að gera og þetta verði að taka sinn tíma, en leiðinlegt er að horfa á fólk þjást og geta ekkert gert fyrir það annað en að alltaf að bjóðast til að hrista koddanna --

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Emmeböllegård. 4.8.1949.

-- Ég fékk bréfið þitt í morgun og varð nú heldur en ekki glaður. Ég bjóst alls ekki við að hitta þig fyrr en kringum þann 20, en mamma hélt að það yrði svoleiðis. Strax og ég hafði fengið nánar að vita um komutímann pantaði ég hótelplass fyrir okkur á góðu en ódýru hóteli, Hebron, rétt við járnbrautarstöðina. Annars býst ég við að helgi verði komin frá Reykjavík til Glasgow, en hvenær hann verður í Höfn veit ég ekki.

Segir fréttir úr breytingum í húsinu sem koma fram í bréfi frá mömmu 31.7.

-- Mér þykir þú aldeilis skemmta þér og ekki eru skemmtanirnar af lakara taginu. Ég vildi að ég gæti séð svona nokkuð líka. Það kemur seinna.

Mér þykir Örn (*Clausen*) standa sig vel, Ég hafði ekki frétt neitt um þetta, heyrði af tilviljun hluta af samtali við einhver íþróttamann í norska útvarpinu. Hann kunni varla að gera sig skiljanlegan og að auki frámunarlega leiðinlegur. Annars hef ég engar fréttir fengið. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 6.8.1949.

Skrifar Páli einum því Eggert er farinn frá París og er því bréfið til beggja sem hittast senn.

-- Ekki gengur vel með ömmu þína, Það eru nú þau mestu mistök sem ég get ímyndað mér að gætu komið fyrir á þessum tímum. Snorri bjó um handlegginn á ömmu þinni, kippti í liðinn og setti gibsumbúðir á allt saman. Síðan er amma þín með gibsið í þrjár vikur, þá er það tekið af og hann segir ömmu þinni að hreyfa nú handlegginn og fingurna eins og hún geti, en alltaf eykst verkurinn og bólgan; við alltaf að biðja Snorra að gera eitthvað fyrir hana, en maður fær alltaf sama svarið, að hann skilji ekkert í þessu, hvað hún hafi mikinn verk; eftir viku skellir hann á gibsi aftur án þess að taka nokkra mynd. Þannig líður svo hálfur mánuður og alltaf líður ömmu þinni jafn illa; þá tekur hann gibsið af og segir henni að gera æfingar með hendi og handlegg þó hún segist helst ekki geta það; við alltaf að tala um hvað okkur finnst handleggurinn einkennilegur í laginu. Loksins eftir viku þegar ekkert lagast nema síður væri, þá segir hann að best sé að taka mynd af handleggnum. Þá held ég auðvitað að hún eigi að fara upp á spítala, en blessaður vertu, þess þarf ekki, því það er hægt að taka myndina hér heima, og það er oft gert. Það datt ofan yfir okkur að hann skyldi ekki hafa framkvæmt þetta fyrr og þá loksins var myndin tekin eftir þrjá daga, þar eð þetta var verslunarmannahelgin og ekki var þá hægt að aðhafast neitt; og hún sýndi að lækurinn hefði að vísu kippt í liðinn við fyrstu aðgerð, en þegar hann hefur lagt gibsumbúðirnar á, hefur hann aftur farið úr liðnum og þannig hefur þetta verið þennan óralanga tíma. Svo amma þín var flutt upp á Landspítala á miðvikudaginn var og þar fór fram aðgerð á handleggnum á fimmtudaginn; það þurfti auðvitað að svæfa hana og aðgerðin stór yfir í 1½ klukkutíma og vonar maður að þetta fari að smá lagast, en er hins vegar miklu vondafari en fyrst, enda hefur ömmu þinni liðið illa síðan, kastaði upp í meira en sólarhring eftir svæfinguna og umbúðirnar eru mjög þungar, þvinga hana óskaplega. Finnst mér sannarlega tilfinnalegt að svona hrapalega skyldi fara, þar eð Snorri sagði í fyrstu að handleggsbrotið væri ekkert hjá höfuðhögginu; verð ég að segja að þar reyndist hann sannarlega ekki sannspár, og mér finnst hann aldrei hafa verið annað en harður og lítið vorkunnsamur við aumingja ömmu þína. Nú er hann farinn í mánaðar frí og ekki hafði hann svo mikið fyrir að einu sinni kveðja ömmu þína og segja henni að annar lækur tæki við henni, heldur stóð það í Morgunblaðinu að hann væri í fríi. Amma þín fær einhver ósköp af *penicillíni* og veit ég ekki hversu lengi hún verður á spítalanum, en hún hlakkar ósköp til að koma heim, þar eð henni finnst fara svo miklu betur um sig hérna og hjúkrunin auk þess betri.

Nú varð hlé á bréfaskriftunum því Rúna¹ kom hingað heldur en ekki færandi hendi, með alls konar yndislegar gjafir frá Eggert, það er aldeilis öfugt að ég tek við gjöfum frá honum á afmælinu hans, en hann fær ekki svo mikið sem votan vatnsdrukk frá mér. Þetta sem hann sendi er bæði fallegt og nytsamt, hanskar, vasi, silfurskeið, tepottur, heimapermanent og auk þess leikföng (þau eru að vísu ekki ætluð mér), sem maður ósjálfrátt fer að gæla við. Ég er svo aldeilis hissa á barninu hvað hann gefur mér mikið, en þetta eru allt ógurlega fallegir munir og sérkennilegir.

Nú fer að styttest dvöl þína á Langalandi -- þú manst að láta í ljósi þakklæti og gleði fyrir hvað sem fólk gerir fyrir þig -- fólk verður svo ánægt ef það sér að því heppnast að gera öðrum ánægju. Ég á sérstaklega við að þú sért þakklátur honum Helga, því hann er fús til að gera þér allt til geðs, ferðast með ykkur, hýsa ykkur, skemmta ykkur og gefa ykkur auk þess peninga. Vonandi heppnast manni seinna að endurgreiða eitthvað af þessu og gera einhvern greiða í staðinn, en þegar hann Helgi gerir ykkur greiða, hugsar hann aldrei um endurgreiðslu.

Ég get ekki hugsað mér meiri mun fyrir mig en að vita ykkur eiga hann að, enda býðst hann til að gera mér alla hugsanlega greiða og hef ég þegið margt af honum og á margt eftir að þiggja. Þetta er nú meiri *romsan*, en samt bæti ég við að þú réttir henni Doris hjálparhönd, eins og þú gerir hér heima, takir af borðinu o.þ.h.

Helgi ætlar svo að hitta þig í Kaupmannahöfn og taka þig í bílinn. að líkindum verður Eggert þá líka, eða það vona ég enda ólíkt skemmtilegra fyrir ykkur að vera saman og þá líka að eiga einhverja sameiginlegar ferðaminningar.

Eggert sendi mér afskaplega skemmtilega dagbók, sem hann bað mig að senda þér, en ég geymi hana heldur hér heima -- ég er svo hrædd um að hún fari á flækning --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 8.8.1949.

-- Ég á ekki orð til að þakka þér fyrir sendingarnar sem ég fékk með Rúnu, ég er svo aldeilis hissa á þér hvað þú hefur keypt mikið og fallegt og nytsamlegt handa mér. Litli vasinn stendur á saumaborðinu hjá myndunum af ykkur og eru nallikur úr garðinum í honum; hann ef afskaplega fallegur og fara blóm vel í honum. Svo liggur skeiðin á borðinu til skrauts, því hún er svo falleg. Ég geymi svo leikföngin þangað til þú kemur, en sé til hvort ég gef Eygló eitthvað af þeim frá þér á afmælinu hennar. Ég legg hér með 10 \$, sem er afmælisgjöf til þín -- -- sendi þér afmæliskeyti -- vona að öll þín sport og ákvarðanir verði þér til gæfu. Eins þakka ég þér fyrir bréfið og dagbókina sem er afar skemmtileg -- geymi hana -- verst að ég skuli ekki geta sent þér einhverja útlenda peninga, svo þú þurfir ekki að sækja hvern eyri til Helga -- þú manst að skrifa hvern eyri hjá þér það sem þú tekur við hjá honum upp á síðari reikningsskil. -- ég er ekki eins bundin núna á meðan amma þín blessuð er á spítalanum, en annars eru hér líka ýmsir handverksmenn og er það tafsamt fyrir mig --

Viðvíkjandi 100 krónurnar (sænskar sem hún fékk í húsaleigu hjá stúdent) býst ég við að biðja Agnar (Kl. Jónsson) fyrir þær, því hann fer á embættismannamót í Noregi og þaðan til Svíþjóðar. --

Friede P. Briem skrifar Eggert og Páli. Rvík, 16.8.1949.

Ræðir um námsbókakaup fyrir Eggert og segir frá heilsu Álfheiðar móður sinnar sem enn er á spítala.
-- ég hef verið með tveim Zontasystrum frá Ameríku í dag, við borðuðum saman í Tjarnarcafé um hádegis og síðan bauð ég þeim hingað heim með nokkrum fleirum. Fyrst sátum við úti í garði, því veðrið var svo gott, og þær dáðust að blómunum, og rósunum sem nú eru í fullum skróða; síðan fluttum við okkur inn og röbbuðum saman.

Þetta eru mjög geðugar konur, önnur rekur bókaverslun og hin er nokkurs konar ráðgjafi eða *prófastur* kvenstúdenta sem lesa við háskólann í Columbus. --

Ræðir peningamál og biður um kveðjur til ættingjanna í Svíþjóð.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Ljungby, 14.8.1949.

Segir frá ferð sinni og ferðafélögum með Linjebuss frá París til Hafnar. Var í mestu vandræðum með að skilja Svíana. Var ánægður með kynni við sænskan bókavörð frá Borgarbókasafninu í Stokkhólmi, en einkum þó Rússa, prófessor við Iowaháskólann í mjólkurverkfræði. Bauð sá Eggert að koma til náms hjá sér. Sagði hann margt af sinni fræðigreini og námstillhögun í USA. Á leiðinni náttáði hópurinn í Brussel, Boekelo og Åbenrå.

¹ Rúna Guðmundsdóttir frá Móum á Kjalarnesi, síðar kaupkona. Hún og synir Friede voru bræðrabörn. Eggert Hafði farið með henni í til Þýskalands og Englands með b.v. Garðari Þorsteinssyni sem Guðmundur bróðir hennar var skipstjóri á.

--Er við komum til Hafnar birtist Palli og fáu hef ég orðið eins feginn. -- Þegar ég var í París hafði ég séð það í Politiken að doktor Norðdal væri í borginni. Eitt af því fyrsta sem ég gerði var að leita hann uppi og gá hvort Þorvaldur¹ væri með honum. Reyndist svo vera. vorum við síðan með þeim feðgum og systur Þorvaldar það sem eftir var dvalarinnar í Höfn. Var Lúðvík alveg sérstaklega góður við okkur og skemmti okkur eins og hann mögulega gat. Gekk það svo til þar til við hittum Helga og varð það heldur fagnaðarfundur. Varð það úr að við fórum með honum beint til Stokkhólms. þar sem hann er að flýta sér. --

Friede Briem skrifar Eggert og Páli Ásgeirss. Rvík. 23.8.1949.

Segir fréttir af ömmu drengjanna, sem er komin heim af spítalanum við slæma heilsu.² Segir af iðnaðarmönnum. Veit ekki hvernig hún á að skipuleggja skápana -- Ræðir líka gjaldeyrisútleitu og sendingu.

-- því hugmyndirnar eru ekki nógu góðar, eins og þú veist Palli, þá sé ég það ekki fyrr en búið er að smíða hvað hefði mátt betur fara.

Ef þið getið þá þyrftuð þið að kaupa ykkur: greiður, sokka (helst ull eða nælon), bomsur og stakar buxur. Þetta fæst ekki hérna, en auðvitað verður fjárhagur að ráða hvort þetta er möglegt.

Þorvaldur Lúðvíksson (og Páll Pálsson³) komu hingað á sunnudaginn og sögðu mér fréttir af ykkur, þ.e. Þorvaldur sagði fréttirnar. Hafði ég mjög gaman af því að þeir skyldu koma og var hann (Þ.L.) uppburðarmeiri en nokkru sinni fyrr og reglulega skrafhreypinn. --

Friede Briem skrifar Helga Briem. Rvík, 23.10.1949.

Segir fréttir af móður þeirra sem er farin að fá nudd. Dr. Snorri Hallgrímsson telur í hana kjark; hefur góð áhrif á hana og hressir við hverja heimsókn. Fótaferð lengist og margir líta til hennar með blóm. Hún les og er ekki gott að hafa lesefni. Þá segir hún fréttir af Sigurðir og Guðrúnu Briem, sem eru að hjarna við; Gunnlaugur sonur þeirra og Dóra átti dóttur og var lengi að ná sér og dauft yfir heimilinu. Þá segir hún frá kosningunum.

-- Er ég búin að kjósa Rannveigu⁴ og vildi ég að við fengjum sem flesta nýja þingmenn, því það er eins og þessir gömlu þingmenn séu gjörsamlega búnir að gleyma því af hverju þeir sitji á þingi; það má segja að þeir séu að útkljá persónuleg mál sín á milli á meðan húsið brennur ofan af þeim. -- Verslunarmálin eru í því öngþveiti og virðist það hagur hvers kaupmann að kauða sem dýrast inn til verslunar sinnar; allt er keypt hvað sem það kostar og því meiri verður hagur kaupmannsins. Í fyrrihaust komu sokkabandabelti, sem eru næstum ófánleg og þá helst í gegnum kunningsskap við búðarfélkið eða kaupmanninn. Þau kostuðu 258 kr. og mátti segja að fengju færri en vildu; nú voru seld svipuð belti í Kron⁵ og kostuðu þau 27.00 krónur, og má nærri geta að hagnaðurinn hefur ekki verið meiri hjá Haraldi (en þar fengust dýru beltin fyrir náð) en hjá Kron.

Eins er skömmtnunin svo naum, að það kemur ekki til mála, að nokkur maður, sem á annað borð hefur fótavist, komist af með það sem honum er ætlað af fatnaði. 1. okt. 1947 var skömmtnuninni skellt á hér, þegar allur fatnaður hafði verið ófánlegur undarfarandi, var gefinn út stofnauki, sem gildi fyrir karlmenn, annaðhvort fyrir einum fötum eða fyrir einn frakka, en fyrir kvenfólkið, annaðhvort fyrir einni kápu eða fyrir tveim kjólum. Nú er fastlega búist við nýjum skömmtnunarseðli, en nei!, það brást, enginn fatnaður.

Hver sem mögulega getur reynir að kaupa gjaldeyri á svörtum markaði, því annar er ekki fánlegur, lætur kaupa handa sér fatnað erlendis, og síðan smygla kaupandinn, sem venjulega er sjómaður eða einhver ferðalangur, og ríkiskassinn fær ekki eyri af þessu. Hér er fólk elegant klætt og yfirvöldunum finnst allt eins og það á að vera og þau hafi kennt þjóðinni nýtni. --

¹ Þorvaldur Lúðvíksson (1928-2007) frá Selfossi, bekkjarbróðir Eggerts, síðar hæstaréttarlögmaður. Þorvaldur og bræðurnir Páll og Eggert höfðu hist í Khöfn þar sem hann var ásamt föður sínum og systur. Lúðvík Norðdal Davíðsson var þá héraðslæknir á Selfossi. Ingibjörg systir Þorvaldar (1922) átti síðar Gunnar Björnsson Ólafs (1911-2003) frá Mýrarhúsum. Er hún móðir Davís Oddssonar (1948) ritstjóra.

² Álfheiður Briem átti raunar eftir að lifa í þrettán ár í umsjá Friede í Tjarnargötu.

³ Páll Pálsson (1927-2010), bekkjarbróðir Eggerts, síðast sóknarprestur á Bergþórshvoli.

⁴ Rannveig Þorsteinsdóttir (1904-87), sem varð fullorðin lögfræðingur og hæstaréttarlögmaður og bjargaði Framsóknarflokki í Reykjavík er hún var kosin til Alþingis þetta ár.

⁵ Kaupfélag Rvíkur og nágrennis. Samvinnufélagaverslun, á vinstri kantinum, ef reynt er að skýra það á nútímamáli. Kommúnistar, sögðu íhaldsmenn.

1950

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 5.1.1950.

Pakkar velgjörðir við synina en ekki síst fyrir þvottavél sem Helgi gaf henni. Þá keypti hún fyrir hann blóm handa mömmu þeirra sem að þessu sinni voru borguð með vinningi hans í Hapdrætti háskólans. Þá fékk hún aðstoðarstúlku á fjölrítunarstofuna. Þá segir hún frá veikindum sínum, vegna nefsins og aðgerða á því. Missti hún bæði bragð og lykt, en bragðskynið kom aftur.

-- Einni erfiðustu vinnu heimilisins hefur þú stuðlað að, með höfðingsskap og hjálpssemi, að verði eftirsótt skemmtun og er þá að nefna þvottadaginn. Vélin er komin í kjallarann og búið að setja hana niður og tengja hana og vígja. Eggert Ólafur stjórnaði, en við Palli vorum áhorfendur, full aðdáunar og verð ég að segja að aldrei hefur betra verkfæri verið borið hér inn í húsið. Ég þakka þér fyrir þetta, Helgi minn, og mun hugurinn hverfa til þín þegar ég nota gripinn. --

Hér er algjör kaffiskortur í bænum, en ég var svo mikil búkona (að vísu hefur hugtakið breyst í orðið *hamstur*) að ég átti kaffi og gat örlítið miðlað öðrum. Kaffið vill maður ógjarnan missa, önnur eins lífgrös, og þá ekki síst ellefukaffið, sem mest hressir og gleður.

Mamma er farin að ganga út á hverjum degi -- og dáist ég að blessaðri gömlu konunni, hvað hún er farin að sætta sig við þetta hlutskipti að vera upp á aðra komin með flest, er mér hin mesta ánægja að hafa hana hér á heimilinu, glaða og þakkláta með allt, því það er hún sannarlega. Svo er lánið mitt að hafa Guðrúnu mér til hjálpar, því hún er framúrskarandi góð við mömmu, þó hún þurfi að bæta á sig verkum hennar vegna, þó henni sé að sjálfsögðu greitt aukalega fyrir það --

Ég man ekki hvort ég hef sagt þér að ég hef nú sagt þér að ég hef nú sagt Gunnari viðar upp húsnæðinu,¹ og ef hann fer, sem menn eru vantrúaðir á, mun ég leigja Páli Líndal hæðina, þar eð hann fær ekkert viðunandi húsnæði, það sem honum býðst er annað hvort svo dýrt að það er algjörlega ókleyft fyrir hann eða þá svo lélegt að enginn lítur við því, eða þá í útjöðrum bæjarins; venjulega einhverjir annmarkar á. Finnst mér Gunnari ekki vorkennandi að taka á sig skuldbindingar út af húsakaupum eða leigu, en fólk segir mér að hann sé alls ekki fjáðari nú en áður, þar eð hann hafði svo mikla bitlinga, að það hafi verið rífleg bankastjórallaun. Vona ég að hann fari illindalaust og sjái sóma sinn í því að sitja ekki í óþökk, þó lögin heimil það.

Frú Ingibjörg Jónasdóttir² (móðir Jónasar Sveinssonar læknis) hefur verið hér hjá mömmu í eftirmiðdag og malað eins og kvörn í þrjár stundir, hún talar alltaf og verður mamma mjög þreytt á því að geta ekki skotið inn orði við og við; reyndar var það svo með eina söguna sem hún var að segja og var orðin býsna löng, að mamma spurði hana hvað klukkan væri orðin margt, rétt til að stytta söguna um 10 mín eða svo. Ólafur³ mágur minn kom hér og spurði í sakleysi hver væri að lesa hátt fyrir mömmu! Kristján⁴ sonur Ingibjargar er ákaflega góður við gömlu konuna, og hún mikið upp í heiminn, hafði boðið henni á skemmtun í Sjálfstöðishúsinu og var bæði danssýning og gamanvísur aðalskemmtunin, hvað hún vorkenndi Alfreð Andréssyni að þurfa að geifla sig svona framan í fólkið til þess að skemmta því. Þá sagði kona Kristjáns henni að hún skyldi bara leggja aftur augun og blunda svolítið til að hvíla sig á skemmtuninni, en þá vorkenndi hún ekki síður dansmeynni, sem hún hélt að beinbryti sig á að kasta sér í gólfíð. Þetta var talin ein besta skemmtun bæjarins og fólk leggur á sig biðraðir til að fá að njóta þeirra.

En svo ég víki nú að öðru þá furðar mig á því hvernig stjórnin alltaf reynist þér.⁵ Finnst mér bara þú hefðir átt að láta stúdéntana senda mótmælaskjal við að þú yrðir fluttur frá Stokkhólmi; tímarnir eru breyttir og það er engu líkara en slíkar aðgerðir séu áhrifaríkastar og það eina sem þessir ráðandi menn hér hjá okkur eru hræddir við, er að mæta opinberri andúð og þá ef til vill sem hefði í för með sér atkvæðamissi, því á því lifa þessir menn. Enda⁷ geturðu séð skrumið í blöðunum, Víkverji⁶ með sitt heimskulega hrós um borgarstjórnanna okkar⁷ vegna þess að kosningar standa fyrir dyrum. Allt þetta væmna, ógeðslega skrum

¹ Á þriðju hæð, Bergstaðastræti 69.

² Ingibjörg vinkona. Ingibjörg Jónasdóttir (1866-), ekkja séra Sveins Guðmundssonar síðast prests í Árnesi.

³ Ólafur Guðmundsson frá Nesi.

⁴ Kristján Sveinsson augnlæknir, síðar heiðursborgari Reykjavíkur.

⁵ Sjá *Mínningar mínar*, bls. 293.

⁶ Ívar Guðmundsson blaðamaður, síðar tekinn inn í utanríkisþjónustuna.

⁷ Gunnar Thoroddsen (1910-83) frændi þeirra.

hefur ábyggilega sín áhrif, við erum orðin svo forheimskuð af blaðaskrifum að almenningur er farinn að trúa því að þessir menn séu ómissandi til að stjórna landinu og bænum, að hinir sem ekki trúa því og eru með mótmæli, eru bara kallaðir kommúnistar og undirróðursmenn. Ég veit að þessi orð mín hafa engin áhrif á þig í þessu efni vegna þess að þú ert andvígur slíkum aðferðum og hvorki vilt láta skrifa um þig hrós eða gera það sjálfur, en það er engu að síður einn liðurinn í því að þessir menn fara svona með þig, og þá um leið þjóðina alla, sem nýtur starfsins. Veit ég vel að það er ekki haldgóð upphefð að komast í valdasæti á þennan hátt, en þessir menn hugsa ekki lengra og njóta þess og nota sér það eftir föngum á meðan föng eru á, og þjóðin spillist um leið, svo að lokum vitum við ekki hvað er rétt og hvað rangt. Jæja, hvað sem þeir hafa áprjónunum, vona ég að þú getir unnið þjóðinni gagn þar sem þú ert, og verðir ekki fluttur, einungis til að svala hégómagirnd einhvers stjórnálamanns og láta hann setjast í sætið þitt. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 19.3.1950.

Segir frá heimilinu og líðan móður sinnar. Segir sögu af Hálfadáni Helgasyni frænda sínum, sjá Minningar mínar, bls. 295. Vonast til að fara í heimsókn til Helga en segir að því lengur sem hún sé um kyrrt, þeim mun erfiðara sé að koma sér af stað. Segir Guðrúnu mágkonu sína vera í bænum. Hún verði að koma til að eyða peningunum sínum, sem hún erfði eftir móður sína, en ekki sé hægt að yfirfærslu til Svíþjóðar. Enda nauðsynlegt vegna stöðugs falls krónunnar, reyna allir að eyða og njóta.

Ræðir um hve miklar annir hafi verið hjá honum, einkum vegna þess að ráðherranefndarstörf bættust við, en Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra mun ekki hafa sótt fundinn. Spyr hvað taki við eftir að ný ríkisstjórnin Steingrims Steinþórssonar tók við. Bjarni Benediktsson var utanríkisráðherra samfleytt 1947-53.

-- er verið að smáympra á því að flytja þig, eða heldurðu að þú verðir kyrr? --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 20.4.1950.

Sjá Minningar mína, bls. 296 en þar ráðgerir hún að fara til Svíþjóðar. Segir frá undirbúning brúðkaupsveislu Páls Líndal og Evu Úlfarsdóttur sem verður haldið heima hjá honum þar sem foreldrar hennar búi á Seyðisfirði. Þar segir líka frá vígslu Þjóðleikhússins.

-- Palli Þórir var á aðalæfingunni í gærkvöldi og sá Nýársnóttina, hann hringdi til mín að gamni sínu í hlénu og talaði hann svo illa um leikinn, að kunningi hans sem með honum var, og hafði boðið honum, varð að þagga niður í honum, því hann hélt auðsjánalega að Vilhjálmur Þ.¹ lægi í símanum og hlustaði á samtalið og myndi fella hann á stúdentsprófi í Verslunarskólanum, til þess að ná sér niður á honum fyrir aðgangast svona menn eins og Pál. Palla fannst leikritið hvorki eiga rétt á sér sem leikrit eða sem skrautsýning -- er það kannski bjarnargreiði við Indriða (Einarsson) að niðjarnir skuli trana honum svo fram, að ekki sé nærri komandi að annað skáld komist að., því um leið og sjálft leikhúsið er fullkomið, eru gerðar meiri kröfur til leikaranna og til þess að þeir geti blásið lífi í persónurnar. Þá verður eitthvað vit að vera í þeim frá höfundarins hálfu.

-- það sem Hildu langaði svo til að biðja þig um, var, hvort þú héldir þú gætir, ekki með alltof mikilli fyrirhöfn, sent henni kerti. Hér fást engin almennileg kerti, en henni finnst svo gaman að skreyta með kertum á slíkum hátíðisdegi. Vildi hún gjarna hafa þau mislit, rauð, græn eða gul. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 2.5.1950.

Er að undirbúa ferð til Norðurlanda.

-- Ég er að hamast við að koma ýmsu frá hér á skrifstofunni áður en ég fer, skrifa reikninga og rukka inn, áður en ég fæ Dídí alla súpuna í hendur, ef hún væri ekki hér til að taka við gæti ég alls ekki farið. --

Friede Briem skrifar Þórdísi Briem. Stokkh. 21.5.1950.

Segir frá ferðinni. Gleymdi að taka með sér stensilhaus sem hún þarf að hafa þegar hún heimsækir Zeuthen & Ågård í Höfn. Fór í heimsókn til Birnu Hjaltested, fyrrum grannkonu úr Suðurgötu, og mann hennar Geir Stefánsson sem henni þótti heldur hasarderaður, enda lifi hann á spekulastjónum.² Lýsir dætrunum fögrum orðum.

Hefur líka áhyggjur af önnur Þórdísar og leggur á ráðin um að hún kalli til aukahjálp.

¹ Vilhjálmur Þ. Gíslason (1897-1982) var form. Þjóðleikráðs.

² Enda fór illa fyrir honum í þeim efnum.

-- búðirnar eru dásamlegar, allt sem nöfnum tjáir að nefna fæst hér og úrvalið geysilegt. Ég fer í óperuna í kvöld, auðvitað í boði hjónanna, þau bjóða líka ekkju Bror Kronstrand listmálara, sem er nýdáiinn. Hann málaði mynd af Doris og Álfheiði Sylviu og ætlaði að mála mynd af Helga líka, en tími var ekki til þess, svo það verður ekki í þessu lífi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede Briem. Rvík, 31.5.1950.

-- Þú vilt endilega að við söknum þín, er það að vonum, allir vilja vera ómissandi. Sú hefur ekki orðið raunin, a.m.k. ekki eins og við hjuggumst við að það yrði þegar þú fórst. Ástæðan er fyrst og fremst sú að við skemmtum okkur við að hugsa um þig skemmta þér; loks sú að Dídí¹ er svo dásamlega góð og indæl. Hún leggur sig fram um að gera okkur til hæfis og spara okkur spor; slíkt er gott um tíma, en varasamt til lengdar. Aldrei hefur hún skipt skapi síðan þú fórst, að undanteknu einu sinni, en þá var hún vond og með svip í hæsta lagi tvær mínútur. Við höfum reynt að endurgjalda henni þetta sem best við höfum mátt, t.d. fór Palli með hana á nemendatónleikana (reyndar var það bjarnargreiði. Palli svaf allan tímann sem Inga Heiða Loftsdóttir² spilaði og Dídí skammaðist sín hræðilega fyrir hann; söm er hans gerð), og ég bauð henni í bíó í gær. Þetta er fyllilega þess virði að getið sé í fréttayfirliti, þótt ekki sé meðal æsifregna.

Meðal æsifregna má telja próf og refsáká fjármálamanna. Hvað því fyrra viðvíkur er þetta helst.

Þriðjudagurinn 30. maí (þriðjudagur til þrautar), á því herrans ári 1950, rann upp bjartur og fagur að flestra dómi. Undirrituðum fannst nóttin sæmileg, en hann sofnaði um kl. 2 eftir að hafa legið andvaka frá því kl. 22.30 að kvöldi hins 29. maí. Síðan hrökk vinur vor upp með andfælum kl. 6 og hóf þá lestur sem læs hestur. Reyndar var það erfitt þar sem hann vissi ekki hvað helst ætti að lesa, þar eð hann sá ekki að hann væri lakari í einu en öðru.

Kl. 9.30 fór fyrsti maður í próf og kemur út hálf tíma síðar með einkunn: mínus 1/3. Næstur fór Dabbi Scheving,³ Gekk honum sæmilega og hjálpaði Trausti honum vel. Þriðji var vinurinn. Hann þrammar inn í stofuna þar sem sitja þrír þungbúnir menn, Trausti,⁴ Halldór Hansen⁵ og Kristinn Stefánsson.⁶ Sest hann niður og dregur seðil. Á meðan þyrpast 30-35 manns inn í stofuna. Á miðanum voru allgóð verkefni. hófst nú glíman. Var fyrst spurt um alls konar atómteoría, sem einmitt vildi svo til að Trausti hafði látið sleppa um veturinn. Gekk heldur seint að tína fram það sem vinur vor vissi um þetta. Var það fengið úr fréttauka í útvarpinu þar sem Þorbjörn Sigurgeirsson⁷ sagði frá framleiðslu vetnissprengju. Var karpað um þetta langa hríð. Þá var almenn álitid að spurt yrði eitthvað meira út úr klóri en atóminu, en það kunni vinur vor sæmilega. Þá sagðist Trausti ekki hafa meiri tíma til þess og fór í aðalatriðin í næstu spurningu, hvað ágætlega gekk. Hann vildi ekki fara í fleiri atriði henni viðvíkjandi, sem gengið hefði vel. Sagði hann að þetta væri nóg og síðan hélt vinur vor út.

Meðan beðið var eftir einkunnum komu deildarsystkinin saman til að mótmæla því að spurt væri út úr kafla sem hefði átt að sleppa, en Trausti neitaði að taka mótmæli til greina og sagðist aldrei hafa sleppt þessum kafla; gaf einkunn 8 og skellti hurðinni í lás.

Er þetta mjög erfið einkunn, þar sem miklum vafa er bundið hvort ég eigi að taka prófið upp eða ekki. -- Allt verður afráðið í haust. --

Gulli, *Gunnlaugur*, Briem þóttist í dag ekki geta útvegað vinnu og er ég búinn að fá hana hjá Sigurði Sveinssyni.⁸ --

P.s. Ég legg inn í bréfið farseðilinn og seðil sem þú getur skemmt þér fyrir um boð. Vertu ekkert að kaupa handa mér. -- Þú veist hvað má segjast af því sem ég hef sagt þér.

¹ Þórdís Briem.

² Inga Heiða Loftsdótti (1925-93) frá Hafnarfirði. Stundaði framhaldsnám í Khöfn. Giftir þar bandarískum vísindamanni og fluttist með honum til Kaliforníu.

³ Davíð Sch. Thorsteinsson (1930). Hann hætti námi og helgaði sig viðskiptum.

⁴ Trausti Ólafsson (1891-1961) efnafræðiprófessor.

⁵ Halldór Hansen (1889-1975), síðast yfirlækni á Landakotsspítala.

⁶ Kristinn Stefánsson (1903-67), læknir, prófessor í lyfjafræði.

⁷ Þorbjörn Sigurgeirsson (1917-88), menntaskólakennari og síðar jarðfræðiprófessor.

⁸ Sigurður Sveinsson, garðyrkjuráðunautur Reykjavíkurborgar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede Briem. Rvík, 3.6.1950.

Þakkar bréf til þeirra Palla, en hann er á Akureyri. Hún hafði beðið hann um einhverja gjöf til Helga og sendir hann Íslenska Hafnarstúdenta eftir Bjarna frá Unnarholti og síðan Setið að sumbli eftir Magnús storm, þegar hún kemur út. Segir bréfaþakkuð mikið ánægjuþefni fyrir ömmu hans því þá hefur hún tækifæri til að hringja um allt til að segja fréttir og auðvitað til að fréttu eitthvað um leið.

Friede P. Briem skrifar Álfheiði Briem. Stokkhólm, 4.6.1950.

*Þakkar bréf frá henni sem hún fékk þegar hún kom frá Uppsöllum. Segir frá skóla Álfheiðar Sylviu. Hún er jafn indæl og áður, einkennileg sambland af barni og heimsborgara, mjög stekur persónuleiki. Hesturinn í reiðskólanum var slæmur og minnti helst á **Aura** í Odda!*

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede Briem. Rvík, 12.6.1950.

-- Ég vona að þú skemmtir þér heldur betur en ég. Hér er argasta neyðarástand sem hugsast getur. Skólafólk og fleiri ganga um götur bæjarins með hendur í vörum og fær ekkert að gera. Þeir allra fá alls ekkert að gera en ríkra manna synir komast allir í vinnu.--

Segir frá verðlagi og miklu vöruvali í búðum sem enginn vill kaupa og jafnvel búist ýmsir við ríkisgjaldþroti.

-- Eftir að ég tók efnafræðina og meðan ég las undir fíluna hef ég skriðið fyrir helstu kalla bæjarins. Bulli Briem svíkur mig, Sigurður Sveinsson vill endilega fá mig í vinnu, en Þorlákur í Ráðningarskrifstofunni neitar að ráða mig. Sigurgísli er nýbúinn að segja upp 20 mönnum. Gústaf Pálsson var að segja 30 mönnum upp, Brú hefur næstum enga vinnu. Háskólinn hefur aðeins um 5 eða 6 manns og bætir engum við. Sigurður Jónasson hefði gjarnan viljað taka mig í Olúfélagið ef ég hefði komið fyrir ½-1 mánuði. Svona gengur það. Ég verða að nota tímann með lestri anatómíu, en þú veist hvernig slíkt gengur.

Við Palli vorum um daginn hjá Palla Línal og skemmtum okkur vel og þáðum ágætari veitingar. Hann hefur ekki enn þakkað okkur fyrir það sem þú sendir þeim Evu. --

Friede Briem skrifar Álfheiði Briem. Rättvik í Svíþjóð. 12.6.1950.

Var að leggja af stað til Karlstad til að heimsækja Lóu Vennerström, mágkonu sína. Voru þær boðnar saman til belgíska konsúlsins í Karlstad og þurfti hún að útvega sér síðan kjól, sem var annað en Lóa hafði áður sagt að hún ætti að koma með gúmmístígvél og göngustaf, ekki selskabskjól.

-- Fórum við svo í veisluna og það var hreinn viðburður að vera þar gestur, því ég held aldrei séð annan eins *eleganse*. Garðurinn, heimilið og allur viðurgerningurinn eins og maður les um í skáldsögu; allir voru mér svo góðir og elskulegir að ótrúlegt er. Þarna voru 30 gestir og mikið fjör á ferðum, dansað og sungið þangað til kl. 01.30. að við fórum heim að hvíla okkur.

Morguninn eftir fórum við Lóa svo út að Glänne, sem er rúml. 20 km. frá Karlstad. Það er stór búgarður þar sem Guðmundur Vennerström býr með konu sinni og fjórum börnum, en Lóa hefur sérstaka íbúð uppi og auk þess tvö gestaherbergi. Þar var ég svo í tvo daga, en fórum svo aftur til Karlstad. Heimsótti ég Else Mari, sem býr í hina áttina frá Karlstad, í bæ sem heitir Elvenäs. Sunnudagsmorguninn sótti Helgi mig svo til Karlstad. Eftir að hafa drukkið morgunkaffið hjá Lóu með Helga, Doris og Álfh. Sylviu þá ókum við til Mårbacka, þar sem Selma Lagerlöf ólst upp og eignaðist síðar, og gaf ríkinu eftir sinn dag, svo nú er það eins og það var meðan hún bjó þar og koma þarna margir ferðamenn, víðs vegar að, til þess að skoða það. Það er ákaflega fallett og mjög skemmtilegt að koma þar.

Hingað komum við svo í gærkveldi á þetta hótél, sem liggur við stórt vatn, Siljan. Er hér dásamlega fagurt umhverfi með hinum sérkennilega byggingarstíl, sem tíðkaðist hið forna, er hér á flestum bæjum, en er nú óðum að hverfa. Höfum við verið að skoða okkur um í dag, en á miðvikudaginn fórum við aftur til Stokkhólms. Býst ég við að fara þaðan á sunnudagskvöldið, ef ég fæ næturlest, annara á mánudagsmorgunn. Ætla ég að dvelja hjá Gunnu í tvo daga og síðan að fara til Kaupmannahafnar og heim þ. 24., eins og ég hafði ákveðið. --

Friede Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Helsingborg, 19.6.1950.

Gleðst yfir 1. einkunn hans í heimspekiþrófunu (fýlunni).¹ Bréfið birtist að miklu leyti í: Minningar mínar, bls. 296.

¹ Hið eina sem gladdi hana á námsferlinum.

-- Bréfið er ekkert nema bölsýni út af atvinnuleysi.-- Ég kom hingað í morgun og urðum við Gunna samferða til Stokkhólms. -- Ég kvaddi þau (Helga og fjölskyldu) með trega fyrir dásamlegar stundir með þeim og framúrskarandi gestrisni og höfðingsskap, því mun ég seint gleyma, og aldrei get ég endurgoldið það sem Helgi hefur gert fyrir mig.

Sautjándi júní var *cocktail*-boð frá kl. 5-7. með 200 gestum; var bæði fjörugt og *óstíft*, en það er nú fyrir mestu að gestirnir geti verið eins og heima hjá sér, en það fer mikið eftir húsbændunum. Síðan var gleðskapur hjá Íslendingunum um kvöldið, með borðhaldi og balli og komum við ekki heim fyrr en kl. tvö um nóttina.

-- Ég sit hér úti í garði og skrifa, Gunna kemur hér við og við og talar við mig, svo bréfið er kannske svolítið truflað --

Friede P. Briem skrifar Doris og Helga P. Briem. Rvík, 1.7.1950.

Pakkar innilega fyrir móttökurnar. Segir lík frá óbreyttir heilsu Álfheiðar móður þeirra.

-- Ég naut ferðarinnar frá fyrsta að síðasta augnabliki, flugferðin var dýrðleg og sjóferðin dásamleg, dvölin í Stokkhólmi eins og ævintýri. Og gaman að koma heim með varninginn, eitthvað handa öllum og allt vel heppnað sem ég hafði keypt, nema skórnir á Bergljótu¹ og Ölfu² voru af stórir. Eggert og Páll eru í sjöunda himni yfir fatnaðinum - allt passaði ágætlega - það er svellandi fínt.

Eini skugginn á heimkomunni var að Siggi Línal³ var svo mikið veikur, þó hann væri á batavegi, og sé nú í dag alveg hitalaus, þá vita lækarnir ekkert hvað að honum er. Hann var að vinna við að mála olíugeyma og ætlaði svo að fara upp í Borgarfjörð að vinna hjá veiðimönnum, eins og hann hefur áður gert, og var alveg ferðbúinn, þá er hann svo lasinn að Theodór finnst ómögulegt að hann færi þó Siggi vildi ekkert gera úr þessu, en sem betur fer hætti hann við það, um kvöldið var hann alveg viðþolslaus af kvölum í höfðinu og lá síðan stokkbólgin og þjáður, með 40 st. hita. Nú er búið að gefa honum penisillin og sulfa í tíu daga og hefur lækurinn sem stundar hann nú komið tvisvar á dag -- en enginn læknanna veit upp á víst hvað þetta hefur verið, en halda þó frekast að það hafi verið gröftur í ennisholunum; um tíma var tvísýnt um hvort ekki þyrfti að stinga á enninu. --

Eggert Ólafur hefur fengið vinnu við síldarverksmiðjuna á Djúpavík og fer norður á þriðjudag, verða þeir saman fjórir góðkunningjar og bekkjarbræður, svo ég vona að þetta verði ekki sem verst fyrir þá, þó kannske sé vinnan heldur óþrifaleg og aðbúðin kannske ekki sem best.

Palli Þórir hefur ekki fengið neitt að gera ennþá, enda mjög erfitt að komast í vinnu þar sem framkvæmdir hafa dregist saman.

-- ég fékk blómvönd frá Zontaklúbbnum í Khöfn daginn áður en ég fór. Ég hef litla ánægju af blómum á ferðalögum, svo ég fór með blómin til frú Bruun⁵ og gaf henni -- Ég held ég hafi aldrei þekkt nokkra manneskju yfir nírætt og enga 94ra ára, en ekki sá ég eftir tímanum sem fór í þá heimsókn. Frú Brunn lék við hvern sinn fingur, lék á hljóðfærið fyrir mig, drakk kaffi og hegðaði sér eins og manneskja á besta aldri, hlakkaði til að fara í sumarfrí og bauð mér að heimsækja sig næst þegar ég kæmi til Hafnar! --

Hún bað mig að skila góðri kveðju til þín, Helgi, hún gleymir aldrei hvernig þú reyndist henni þegar þú varst í Portúgal, öll þín hugulsemi þegar Danmörk var lokað land og engar fréttir bárust.⁶

Ferðin með Gullfossi var skemmtileg -- maður kynntist fljótt, fólkið skrafhreyfið og blátt áfram. Þó forsetinn væri með skipinu frá Leith var alveg óþvingað; virtist hann ekkert forðast að vera innan um fólkið, Hann kom til mín þegar skipið var að fara frá Leith og heilsaði upp á mig; hann lét mjög vel yfir heilsunni og lítur prýðilega út. Ég sagði honum að þú hefðir minnst hans 17. júní á Íslendingasamkomu, rekið hin gifturiku störf hans o.s.frv., en bætti við að auðvitað vissi hann um þetta, vegna símskeytis sem sent hafði verið til hans frá þessari samkomu. En skeytið hafði hann ekki fengið þó liðnir væru níu dagar frá því það var sent. Var hann undrandi yfir að hafa ekki fengið þessa kveðju, því fátt hlýjaði sér eins um

¹ Bergljót Línal (19349, síðar hjúkrunarforstjóri Heilsuverndarstöðvarinnar.

² Álfheiður Línal Jetzek (1932).

³ Sigurður Línal (1931) bróðir þeirra.

⁴ Við Kjarrá.

⁵ Mágkona Jón Helgasonar biskups, sem hún hafði hitt á ungum aldri í Höfn.

⁶ Sjá: Minngar mínar, bls. 325 og áfr.

hjartaræturnar og að fá kveðjur og góðar óskir og var hann mjög feginn að heyra þetta,¹ -- Hann var í Englandi frá því um miðjan júní, vegna þess að það var orðið svo heitt í S-Frakkl. --²

Sama ástandið er hjá póstmeistara,³ tanta Guðrún mikið veik, álíta lækarnir að hún sé með krabbamein í maganum og engin von um bata. Ísleifur⁴ er slæmur í fótunum, er það aðallega þreyta, hann stendur mikið í búðinni, og hefur það þess á milli mjög erfitt heima; sjaldan fær hann að sofa heila nótt, því hann sinnir mömmu sinni og þarf oft að fara niður á nóttunni. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 12.7.1950.

-- Siggi Línal er orðinn alveg hress að öðru leyti en því að hann er dálítið bólginn á enninu, en finnur ekkert til; getur lesið án þess að þreytast, en hann hafði svo voðalegan verk í augunum, að honum fannst ekki nóg að hafa bundið fyrir augun, svo engin birta nægði þeir, heldur hafði hann líka kotta ofan á þeim og var samt viðþolslaus. Blessaður drengurinn, guði sé lof að hann komst yfir þetta lifandi, hvaða eftirköst sem það kann að hafa.

Eggert Ólafur er farinn norður á Djúpuvík að vinna í verksmiðjunni. Talaði ég við hann og leið honum ágætlega, sagði að allur aðbúnaður væri góður, nógur og góður matur. Hann er þarna með fjórum kunningjum sínum, svo ég vona að hann spillist ekki af slæmum félagskap.. Ég segi það satt að þú ég hafi ekki verið lengi í burtu, þá ofþýður mér að sjá hve æskan er tryllingsleg, aðallega sú æska sem sést hér á götunum og í kvikmyndahúsunum. Það er eins og einhver svo mikill frumbýlingsblær og svo miklar öfgar. Stúlkurnar svo puntaðar og málaðar, en gauragangurinn og hlástrasköllinn á götunni svo mikil, að maður gæti haldið að þær væru frá hinum örgustu og aumustu heimilu, en þetta eru stúlkur af góðu fólki og frá góðum heimilum sem hegða sér svona og halda auk þess að þetta sé fínt.

Ég get sagt þér það að á Gullfossi var ég í káetu með ungri stúlku sem var að koma úr matreiðsluskóla frá Noregi. Í þessum skóla voru aðeins 30 stúlkur, en af þeim voru 19 íslenskar. Þegar ég spurði hana hvort hún hefði lært mikið í matreiðslu og kannski nýngar í hollustuháttum, þá svaraði hún: *Við lærðum að búa til ægilega flotta deserta*. Svona var málið og þetta fannst henni auðsjáanlega aðalatriðið. Eina nóttina kom hún í kojuna klukkan um sex og aðra nóttina alls ekki. Að vísu sagði hún að hún hefði sofið inni hjá systur sinni, sem er jómfrú á Gullfossi, en mér fannst það ótrúleg saga, því ef það hefði verið hægt að vera þar, finnst mér ótrúlegt að hún hefði keypt sér far á I. farrými, sem kostar á annað þúsund krónur. Ég segi þetta ekki sem slúðursögu um þessa sérstöku stúlku, því til þess var hún ekki nógú interessant, en ég segi það vegna þess að ég áltíð að svona skólaganga hafi ekki tilætluð áhrif og að hún komi jafnnaer og hún fór, hvað lifnaðarhætti í Noregi snertir og hafi kannske ekki einu sinni lært nokkuð að ráði í málinu. --

Palli er farinn að vinna í uppskipunarvinnu og er ánægður yfir að hafa fengið atvinnu, en hér eru ýmsir skólapilta atvinnulausir, sumir fóru á síld, feginn var ég að hann fór ekki þangað; bæði er það hasarderað og einnig misjafn sauður í mörgu fé. Mér fyndist hræðilegt er drengirnir lentu í slarki --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Djúpavík, 15.7.1950.

-- tíminn líður hér sem örskot þar eð maður hefur alltaf vinnu og þess á milli étur maður, sefur og hlustar á útvarp. Vinnuveitendurnir virðast mjög svo hliðhollir okkur og láta okkur alltaf fá vinnu á laugardögum og sunnudögum þótt aðrir fái slíka vinnu ekki nema endrum og eins, t.d. fékk tæplega helmingur mannanna vinnu við að losa salt úr *Fellinu* um síðustu helgi. Þá byrjaði vinnan kl. 7 f.h. og lauk kl. 7.15 e.h. og fengum við þar 220 kr. Í gær kom *Tryggvi gamli* til að taka kol. Byrjaði vinnan kl. 4 og stóð til 7, byrjaði í morgun klukkan 7 og stóð til 10.20 og fengum við þar fallegan skilding. Í gær voru aðeins teknir menn sem ekki höfðu haft vinnu um síðstu helgi og við fjórmenningsarnir.⁵ Vinna byrjar hér kl. 7 f.h. að loknu brauðáti og kaffidrykkju. Er unnið til kl. 9. Þá fáum við skyr eða hafragraut, ásamt mjólk og brauði. Standa kaffitímar hálfan tíma. Matur kl. 12-1. vinnu lokið kl. 4 og er þá drukkið meðdagskaffi. Unnið er til kl. 4 alla virka daga. Síðan er borða kl. 7 og kvöldkaffi kl. 9. Við leggjum okkur venjulega eftir miðdagskaffi og sofum fram að kvöldmat; eftir hann förum við út í fótbolta eða gönguferðir um nágrennið, þ.e.a.s. ef veður

¹ Var í París um þær mundir.

² Friede hafði starfað á skrifstofu hans eftir að hún sagði upp hjá Eimskeip þegar kaupið var lækkað.

³ Sigurði Briem, föðurbróður hennar og Guðrúnu.

⁴ Sonur þeirra.

⁵ Fjórmenningsarnir voru: Jónas Thorarensen, síðar tannlæknir, Stefán Sturla Stefánsson (1929-1980), síðar bankastjóri, Þorvaldur Lúðvíksson, síðar hrl. og E.Á. Þá voru í Djúpavík tveir aðrir bekkjarbræður: Magnús Björnsson (1929-1969), síðar starfsmannastjóri Flugfélags Íslands, og Gunnlaugur Kristjánsson (1929-1991), síðar bankastjóri

er gott, annars erum við að hlusta á útvarpið, sem okkur finnst auðvitað mjög skemmtileg, en innlendar fréttir með afbrigðum fáar og slæmar, einkum síldarfréttir; við njótum alls, jafnvel tilkynninganna, að útvarpssögunni undanskilinni.

Hér í Djúpvík er fallegt og heldur veðursælt, þó er hér oft þoka í firðinum. Plássið stendur norðan undir háu fjalli. Sólin skín samt, en við áttum okkur alls ekki á því að sólin skíni í suðri, okkur finnst svo sjálfsagt að bæir standi sunnan undir fjöllum.

Það er heldur lítið fyrir verkamennina að gera. Fyrst vorum við látnir moka kolum, en seinustu dagana höfum við verið að snyrta hér í kring og tekst okkur það mjög svo vel, þótt mikill tími fari í fokk, eins og oft vill verða þegar maður vinnur verk sem hefur litla eða enga þýðingu aðra en þá að það takur tíma að vinna þau. Yfirmaður verksmiðjunnar Er Guðmundur Guðjónsson¹ yfirmaður verksmiðjunnar, sem kvæntur er systur Skúla Hansen (tannlæknis). Maður talar heldur lítið við hann; en hann er ágætur húsbóndi. Sama er að segja um Sigurð Guðjónsson² sem er bæði skemmtilegur og fyndinn. Hann las t.d. mjög skemmtilega frumsamda sögu ágætir skemmtun sem kvenfélagið hélt í gærkvöldi.

Hér er bæði kaupfélag og venjuleg verslun; einnig þvottahús.

Ég hef þetta ekki lengra en bréfið er bæði þurrt og leiðinleg. Mér líður ágætlega og hef ekki verið betri í fætinum mörg undanfarin sumur.³ Bið að heilsa öllum.

Ég þakka fyrir sendinguna. Láttu engan sjá þetta óþverrabréf. --

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 5.8.1950.

Jæja, kallinn. Ég nota tækifærið að skrifa meðan ég hef húsnæði. Annars hef ég alveg verið á götunni fyrir fjárgræðgi fjölskyldunnar. Við erum alltaf að leigja herbergin okkar allra þjóða kvikindum. Fyrst var hér amerískur dvergur, síðan enskur læknir með son sinn. Nú eru hér tveir blaða-Finnar, hjón; og í morgun fór sænsk júska, sem hafði verið í kaupavinnu vestur í Ásgarði í Dölum. Við höfum rokna pening upp úr þessu. Auk þess er hér alltaf fullt af útlendingum í heimsókn, doktorar, prófessorar og annað dót.

Til allrar hamingju hef ég vinnu, hér um bil alltaf, og einmitt núna í morgun var ég að hækka í tigninni og er orðin skrifstofufylgda. Það er hjá Eimskip í pakkhúsunum. Ég er að leysa skrifstofumanninn af í frí og sé um vöruafgreiðslu, *konnossement*⁴ og þess háttar. Reynir komst í tjöruvinnu og hefur eftirvinnu daglega og rífandi kaup. Auðvitað var það fyrir frændsemi við Baldur.⁵

Dídi fer utan næst með Gullfossi, „*sér til heilsubótar*“. Hún heldur að hún fái í Danmörku lækningu við þessu margumkvartaða exemi. En hún hefur ekkert gert í sambandi við það (siglinguna) heldur látið mömmu gera allt, en það er ábyggilegt að ekki hefði hún getað fengið neinn ágætari til þess. Mamma er búin að útvega allt, pláss á Gullfossi, Skodsborg, vottorð fjá læknum en Dídi hefur ekki einu sinni farið til þeirra, og síðast en ekki síst gjaldeyri á réttu verði. Hún fékk vottorð hjá Ófeigi (lyflækni) og undirskrift hjá Helga Tomm,⁶ en það nægir vegna þess að hann er trúnaðarlæknir Fjárhagsráðs.

Lítið færðu af síldinni. Síðast þegar fréttist höfðu þið fengið hundrað má. Þó eru menn vongóðir hér um sæmilegt síldarár og Vísir ræður sér varla.⁷

Þú hefur líklega ekki frétt um ófarir Clausensbræðra. Daginn eftir landskeppnina við Dani fóru allir keppendurnir í kokkteilpartý til Bodilar Begtrup.⁸ Clausensbræðurnir fóru í það þó þeir ættu að keppa daginn eftir í aukakeppni. Þeir hittu Jóel Sigurðsson (spjótkastara) sem skammar þá fyrir þetta svínari, en Haukur reiðist svo að hann tekur að þjarma að Jóel og snýr upp á fingur hans, svo að hann sér fram á að geta ekki keppt daginn eftir. Þá bara lemur Jóel þá, nefbrýtur Hauk og gefur Erni glóðarauga. En viti menn.

¹ Guðmundur Guðjónss. (1903-66) arkitekt, faðir Maríu Guðmundsd., ljósmyndara og fegurðardrottningar sem þar var líka.

² Sigurður Guðjónsson (1913-57). Hann var tvíburabróðir hins merka grasafæðings, Guðna Guðjónssonar, sem dó 1948. Ég held að hann hafi verið skrifstofustjóri Djúpvíkurfélagsins sem var í eigu Allianceútgerarfélagsins.

³ E.A. hafði lengi verið veikur í hægri mjöðm. Hafði það nokkuð hamlað störfum hans; en lagaðist seinna.

⁴ Fylgibréf.

⁵ Andrés Reynir Kristjánsson (1931-2007) hét þá Reynir Kornerup Hansen, heildsalasonur úr Suðurgötu, breytti um nafn og gerðist sjálfur heildsali í Fönix. Systursonur Baldurs Andréssonar guðfræðings og tónlistafræðings, sem var yfirmaður í skrifstofu borgarstjóra.

⁶ Helga Tómassyni yfirlækni á Kleppi, frændi okkar.

⁷ Þróun síldveiðanna var sú að hún síldin flutti sig austur m. norðurlandi og endaði á Seyðisfirði og hvarf að mestu á sumrin.

⁸ Bodil Begtrup, sendiherra Dana.

Daginn eftir bætir hinn stolti faðir, Arbó Clausen, gráu oná svart og stefni Jóel og krefst þess að hann verði rekinn úr lögreglunni. Síðan hefur ekki meira frétt. -- Bless og mikla síld! --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 17.9.1950.

Sendir nákvæma skilagrein og kvittanir fyrir peningasamskiptum þeirra og annarra. Segir frá Geysisslysinu; en ekki voru komnar fréttir af björguninni. Þér er hún að láta mála húsnæðið. Þakkar fyrir allt sem fyrir hana var gert.

-- Okkur líður vel öllum og ég hef mikið að gera á skrifstofunni; staflarnir af hálfjörlrituðum bókum standa hér og er stúlkan sem vinnur hér að ganga frá þeim; hún er svo ágæt við allt slíkt, þó hún sé ekki sem bestur vélritari, enda ekki nógu vel að sér í stafsetningu. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Djúpavík, 21.7.1950.

-- Mér líður ágætlega, þótt heldur sé óskemmtilegt lífið hér eins og eyra má af veðurfregnum. alltaf þoka, rigning og norðaustanrok, hiti um 5°C.

Annars líður manni vel hérna, reynir að ná því besta út úr dvölinni hér. Maður sleppur vel með peninga; ég hef alls eytt 40 kr. síðan ég kom hingað, auk fæðispeninganna. --

Biður fjölskylduna um bréf.

-- fyllumst við allir fögnuði þegar einhver okkar fær bréf, en við höfum alls fengið eitt bréf, frá þér --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Djúpavík, 11.8.1950.

-- Um kl. 6 í gærkvöldi varð skýfall hér í Djúpavík og stóð til kl. 10. Á þessum skamma tíma óx svo í fossinum sem fellur niður fjallið ofan við verksmiðjuna að menn voru orðnir hræddir um hann myndi breyta sér og falla niður gil, ofurlítið vestar. Hefði það komið fyrir myndi áin hafa valdið ýmsum spjöllum á húsunum og verksmiðjunni, eins og í fyrra er hún rann inn í vélasalinn og olli ýmsu tjóni. Rigningin hætti það snemma að af þessu varð ekki í þetta skipti. Það lá við að Suðurlandið flyti á haf út.

Áður en ég kom hingað hefði ég aldrei búist við að eiga eftir að koma um borð í suðurlandið gamla, en það hef ég nú gert. Suðurlandinu var nefnilega rennt hér á land fyrir nokkrum árum til að hefta að framburður árinir ylli spjöllum á höfninni.

Ég er búinn að vera þrjá daga í vegavinnu og hef aldrei haft jafn léttu vinnu með höndum. Ég hafði eftirlit með vegarspotta og átti að fylla í allra ójöfnur sem mynduðust við umferðina.² Var alveg steikjandi hiti og skein sólin á fannirnar í fjöllum hinum megin fjarðarins. Í fjörunni korraði æðarfuglinn í stórum hópum, á skerjunum byltu sér kópar og horfðu forvitnum augum á þetta. *Lazybone, walking in the sun!* Í sjónum blésu hrefnur, smjattandi á síld og síli. Getur myndin verið fullkomnari? Milli þess sem ég var að vinna lá ég í hlíðinni og tindi ber -- sem var svart af krækiberjum og hef ég aldrei séð svo mikil ber. Í dag át ég, þótt skömm sé frá að segja, svo mikil ber að ég var á takmörkunum með að verða veikur.

Við höfum litla síld séð, nema úr reknetum og er hún öll söltuð. Sú síld, sem landað hafur verið til bræðslu, nemur samtals 315 málum en afköst verksmiðjunnar eru 8000 mál á sólarhring svo hægt hefði verið að bræða síldina á einum klukkutíma, svo ekki eru vænlegar horfur í síldarvinnslu hér á Djúpavík.

Nú fer maður þó vonandi að hafa peninga upp úr sé. Við eigum að fara að vinna á vöktum á mánudaginn. Norðfjarðatogararnir þrír og Ísölfur frá Seyðisfirði eiga að fara á karfaveiðar og leggja þá upp hér til vinnslu. Fari svo getur verið að maður fái vinnu eitthvað fram eftir september.

Ég er orðinn steinhissa á bréfunum sem þú sagðist hafa sent mér. -- Þeir eru nefnilega þeir dæmalaustustu skarfar í pósthúsinu í Reykjavík að þeir senda bréfin sem eiga að fara til Djúpavíkur oft til Djúpavogs og öfugt.

Ég læt þetta nægja í kvöld. Mér líður alveg ágætlega og þyngist stöðugt. --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Karlstad. 12.12.1950.

-- Sleppi öllum „þakklætisýfirlýsingum“ -- Ég veit að þú veist að það var dásamlegt að koma heim, er alltaf en aldrei eins og núna. --ég hef reynt að ná út, af hverju, annað en ég er eldri og krefst kannski minna af

¹ Suðurlandið strandaði fyrir mörgum árum, í fjörunni, fyrir ánni og framburði í höfnina. Þetta er skritinn strandstaður. Önnus skýring hlýtur að vera trúverðugri.

² Í veginn frá Djúpavík og í Kjós var árlega veitt fé á fjárlögum. Á þessum spotta voru tveir bílar; (engir hestvagnar), mýrar og keldur. Hafði ofaniburðurinn ávallt horfið í mýrina, og mun svo hafa verið lengi enn þar til núverandi vegur var gerður.

öðrum og meira af sjálfri mér. -- Ég tók Ísland og Gunnlaug með mér. Hugsu sér að ef vesalings Gunnlaugur vissi að ég hef hann hér hjá mér og finnst eins og ég eigi hann! --

Segir rækilega frá Astrid dóttur sinni og skólagöngu hennar og danssýningum.

-- Það var yndislegt hjá þér, Fríða mín, og hjá þínum indælu piltum, allt húsið og atmosferan og allt var eitthvað gott. Og þú sjálf hefur fundið sjálfa þig, *utvecklast fantastiskt*, ekki síst eftir að þú varðst ein. Það er nú svo, að annaðhvort verða konur ímyndun manns síns, þær hugsu og standa eins og þær hugsi að þeir vilji hafa þær - eða maðurinn verður að núlli. Mín persónulega skoðun er að 10-15 ár, alls ekki meir, er ágætt að lifa í hjónabandi, en svo - já hvað svo - svo á hvort fyrir sig að vaxa og þroskast. Það er einstaka hjónaband sem gefur möguleika, en ekki mörg. Þú veist hvað ég hélt upp á og elskaði Geira, en Fríða mín, aldrei hefðirðu vaxið eins stórkostlega með honum persónulega. Hann var sterkur og dóminerandi - hann hélt eins og margir halda að svona og svona megi þetta til með að vera - svo og svo - en svo er ekki; því það sem á við einn -- á sér ekki við aðra. Og mér finnst piltarnir þínir eiga fantastiskt gott og ég held að þeir viti báðir af því -- sjálfir. Ég veit að þú hefur lítinn tíma til að skrifa - en gæti ekki annar hvor þeirra skrifað mér þegar andinn kæmi yfir þá --

Hugsaðu þér að Guðmundur sonur minn ætlar sér til Reykjavíkur í febr./mars, Ég varð svo hissa þegar ég heyrði að mætti hann velja að fara til Ítalíu, Ameríku eða Íslands, þá færi hann til Íslands. -- Hann getur ekki komist frá -- um vetur og hann er sportmaður og stendur algjörlega á sama hvaða tími ársins er -- Heldurðu að piltarnir þín gætu grenslast eftir ferðum -- Hann les íslensku - ég legg það í hendur þínar, Ástu og Kalla -- honum leiðist aldrei. --

1951

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 4.1.1951.

-- Loksins kemst ég til þess að óska þér til hamingju með sendiherraembættið, sem mér finnst raunar að þú hefðir átt að vera búinn að fá fyrir löngu -- vona ég að þetta verði til þess að þú fái fulltrúa til þess að létta á þínum stöfum -- Annars var maður að vona að þú kæmir heim um tíma, en ég skil að þú værir ekki spenntur fyrir nýjum flutningum. -- Jæja, hvað um það, ég samgleðst þér með þetta allt saman og óska að gæfan fylgi þér í nýja starfinu. --

Er Friede óskar honum til hamingju með sendiherraembætti þarf að skýra skritinn hátt landans sem lýst er í æviskrá Helga í Viðskipta- og hagfræðingatalinu 1986: Sendifulltrúi í Stokkhólmi 1948-55; jafnframt sendiherra í Finnlandi, Íran og Ísrael frá 1951; í Júgóslavíu frá 1953. Ambassador ad hoc við útför Gústafs V. 1950 og sérstakur fulltrúi ríkisstjórnarinnar við afhendingu Nóbelsverðlauna Halldórs Laxness 1955. (Minnir þetta á einelti, en Helgi var orðaður við Framsókn vegna vináttu sinnar við Jónas frá Hríflu.) Síðan sendiherra í Þýskalandi.

-- Þakka þér hjartanlega fyrir allt sælgætið, sem mamma skipti milli okkar systkinanna, ein var það *afternens clou* á gamlárskvöld, en þá var fjölskylduboð hérna hjá mér. Börnin héldu að þau sæju ofsjónir, þegar dýrðin var borin fram --

Elín¹ dóttir Kristins bróður er hérna hjá mér sem stendur er hún ákaflega geðug stúlka, 21 árs, hef ég komið henni fyrir á saumastofu, því hana langar til þess að læra kjólasaum. Saknar hún Gunnlaugs² bróður síns, og er, held ég, farin að hlakka til þegar hann kemur aftur. Er hún miklu hrifnari af honum en Páli,³ enda var Gunnlaugur svo góður við hana þegar hún var hérna á húsmæðraskólanum. Það er gaman að kynnst Ellu, kát og fjörug --

Ég er svo slæm í nefinu núna, að ég býst við að ég láti enn einu sinni taka úr mér *polypa* núna bráðlega, þegar vel stendur á. Nú tala ég alveg eins og séra Árni Þórarinsson⁴ og fjölskyldan skemmtir sér aðallega við að herma eftir mér - heldurðu að það sé virðing að tarna fyrir húsmóðurnefnunni. Annars líður okkur vel. Palli er að vinna í bókabúð í jólafríinu --

Segir fréttir af Álfheiði sem er ekki góð til heilsunnar, hefur samt getað lesið meira en áður og þrjónaði ýmislegt til að gefa barnabörnum og frændum fyrir jólin, þó er mikill skortur á garni í búðunum.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Karlstad, 18.1.1951.

Þakkar innilega glöð fyrir boð til Guðmundar sonar hennar um að fá að búa hjá henni í Tjarnarg.

-- Bréfið þitt er fyrir utan þetta er „ett kapitel för sig“. Ég held ég hafi aldrei fengið bréf sem fór beint inn í sálina -- slíkt hendir bara einu sinni í lífinu - skært augnablik allt hvar nema þessi bréfsnepill. Mér fannst meira gaman að koma heim til ykkar allra en nokkru sinni fyrr. Það þarf ekki að vera að þið séuð breytt - miklu meiri líkur til að ég sé móttækilegri -- Ég sé ykkur fyrir mér ykkur í stofunum, þig og þína prýðileg syni, mína frændur. Ég verð að segja að ég er glöð yfir þeim, piltunum þínum og svo yndislega sem þú ert búin að búa um þá. --

Segir rækilega frá jólahaldinu á Glenni, sænskri sveit með fjölda barna. Svo fékk hún bréf frá æskuvinkonu sinni, Tobbu í Hrífunesi, sem var þá vitavörðu á Garðskaga og kann að gleðja alla.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 23.1.1951.

Segir af hjónabandi Helga Tómassonar, frænda hennar, og hans nýju konu, sem hafði annast heimili í veikindum og dauða Kristínar konu hans.

Þakkar fyrir garn sem Helgi hafði sent móður sinni. Handavinnan róar hana og stytir henni stundir. Margir koma til hennar í heimsókn og að auki gleður það hana að heyra velahljóðið og talið í viðskiptavinunum gegnum hurðina.

¹ Elín Briem (1929-2008), átti Sigurð Sveinsson (1923-2010), borgarfégeti.

² Gunnlaugur Briem (1922) síðast yfirsakadómari.

³ Páll Briem (1912-2000) síðast bankaútibússtjóri.

⁴ Þessi sjúkdómur virtist lengi ættarfylgja en spurðist ekki til frekar.

⁵ Helgi Tómasson (1896-1958), yfirlæknir. Átti Kristínu Bjarnadóttur (1894-1949) frá Engey, nú Ragnheiði Brynjólfsdóttur (1912-2004) frá Hlöðutúni í Stafholtstungum.

Eigi sjaldan minnst ég að hún hafi rekist á áhugaverða viðskiptavinum *fyrir tilviljun!*¹

-- yfirleitt er mér mikil ánægja að geta haft mömmu á heimilinu hjá mér, enda líka líður mér vel herna í húsinu - aldrei hefur hún farið upp síðan hún flutti niður, það er eins og beygur í henni við stigann og ég held, líka við breytingarnar sem orðið hafa uppi. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 23.3.1951.

Þakkar fyrir bók sem hann sendi henni og mun vera myndabókin: Island, með myndum Hans Malmers og meginmáli og textum Helga. Er hún mikið hrifin, minnst gamalla daga, þakkar fyrir hve vel honum hefur tekist að koma miklum fróðleik fyrir í fáum orðum;

-- þú lyftir þessari ætt með störfum þínum, skrifum og framkomu, og um leið lyftir þú þjóðinni á hærra menningarstig. Þakka þér fyrir bókina, hún er perla. --

Langt er síðan ég skrifaði þér seinast, allt of langt, en það hefur tekið mikinn tíma hjá mér þessi formennska í Zonta. Ég hef lagt í það mikla vinnu, og auk þess eru bréfaskriftir á ensku, og það er nú ekki gert í neinni fljúgandi fart að koma bréfum saman á því flókna máli, svo skammlaust sé. Það er auðvitað ágætt fyrir mig, því kannske fer mér eitthvað fram á því og orðaforðinn aukist ofulítið. Árhátíðin hjá okkur var 7. mars og var þetta í mínum augum mikið afrek, því ég held að allir hafi skemmt sér vel og allt farið vel fram. Við buðum þrem heiðursgestum, frú (Bodil) Begtrup, frú Önnu Borg og frú Helgu, dóttur Jóns Jakobssonar, sem nú heitir Potter, er gift amerískum manni sem var í hernum, en er nú að hætta sökum aldurs. Hún var fyrsti formaður klúbbsins. Frú Helga dvaldi í Þýskalandi fyrstu árin eftir stríði og sagði hún okkur frá dvöl sinni þar. Var það skemmtilegt hjá henni, nema hvað hún hafði algerlega glatað sinni þjóðarsál, er orðin amerísk og allt mat hennar og viðhorf byggt á því. Þó ekki sé gott að geta ekki samlagast umhverfi sínu, og þreytandi að vera alltaf með hugann heima í *gamla landinu*, þá er hitt jafn slæmt að koma eins og útlendur gestur heim til sín, því ekki eru liðin nema 6-7 ár síðan hún flutti héðan og hún komin nálægt fimmtugu. Síðan talaði frú Begtrup af mikilli snilli og lauk ræðunni á íslensku og gerði mikla lukku. Hún var bæði skemmtileg og eðlileg - gat ég ekki annað en hlegið að henni þegar hún var að lýsa fyrir mér hvernig gekk til áður en hún kom í veisluna. Hún vildi finna eitthvert snjallt *citat* úr fornsögunum. Þau hjónin voru komin með allar Íslendingasögurnar í kringum sig. Átti það bæði að eiga við konur með sjálfstæða atvinnu og líka friðunnendur. Þau flettu og flettu, og lásu og lásu, og það síðasta sem maðurinn hennar kallaði á eftir henni var: *Þú getur bara líkt þeim við Bergþóru - en hennar síðasta kveðja var: forkasteligt!* Og svo kom hún auðvitað ekki nálægt fornsögunum í ræðunni. Hún lýsti þessu fyrir mér ógurlega skemmtilega og setti líka í mig kjark áður en ég stóð upp og hélt RÆÐUNA. Ég reyndi að læra af orðum þínum að enda í gamansömum stíl og ég held að það hafi verið sæmilegt.

En fegin verð ég að losna í vor, því engin kona á að vera lengur en eitt ár formaður, skv. lögum.

Segir af heimsókn Guðmundar Vännerström frá Glänne í Vermland, systurson Ásgeir manns hennar; bónda sem hún hafði heimsótt í Svíþjóðarförinni; íþróttamaður, eða fjallamaður. Hann hafði verið mikið á skíðum og ferðalögum á Íslandi.

Ég hafði boð fyrir hann í fyrrakvöld, vorum við 15 við borðið, var mikið fjör, söngur og hávaði, eins og þegar Nesættin hittist. Lóa (móðir Guðmundar) bendir þeim á, í hvert skipti sem hún kemur hingað, að óparfi sé að grenja upp í eyrun hvort á öðru, eins og staðið væri ofan í flæðarmáli í roki og brimi; en öll þessi heilræði gleymast furðu fljótt og hið rétta eðli kemur fram aftur.--

Heldur byrjaði Stefán Þorvarðarson laglega í Kaupmannahöfn, svo óheppilegt var viðtalið sem birtist í dönsku blöðunum, þegar hann var nýkominn til Hafnar, að utanríkisráðherra gaf honum áminningu.

Það er ósköp tómlegt að líta út í nr. 22, sem stendur, og ekki þarf maður að búast við að fá Önnu² litlu í heimsókn, kom hún stundum og fékk köku, og þá þurftu allir krakkarnir sem hún var með, líka að fá köku og eins Áslaug systir hennar og mamma og amma! Hún gat ekki notið neins nema allir nánustu ættingjar og vinir hennar fengju sinn skammt líka. Annars var ógurlegaerfitt fyrir Agnar þegar þau voru að flytja, því bæði mamma hans og Ólöf voru veikar með hita dagana áður en þau fóru og rétt klæddust til þess að fara um borð og háttá. Ég fékk bréf frá Ólöfu eftir að hún kom til London, hafði hún legið þar veik fyrstu þrjá dagana eftir að hún kom þangað, en lét annars sæmilega vel af þeim, nema hvað henni þótti húsið

¹ Þegar amma heyrði í fólki sem hljómaði vel, gekk hun í gegnum skrifstofuna og inn í stofu, þar sem margir höfðu stundum sest niður, sögðu og hlustuð á sögur og tóku henni fagnandi, þó hún væri saklaus á svipinn, bara að skila Mogganum, kannski vikugömlum.

² Anna, söguþrófessor, og Áslaug Agnarsdóttir bókavörður á landsbókasafninu, þýðandi o.fl.

óþægilegt, en auðvitað voru þau ekki búin að koma sér fyrir. Ég sakna þeirra úr nágrenninu, þetta er svo gott fólk.

Það hafa áreiðanlega verið velheppnuð hjá ykkur jólaboðin, því ég hef heyrt svo marga vini og ættingja þeirra sem boðnir voru tala um hvað boðin hafi verið skemmtileg og eins að þið hafðið leyst alla út með gjöfum að skilnaði. Þetta fréttist svo sem.

Nú eru allra búðir að fyllast af vörum, það er unaðslegt að ganga um Austurstræti, sokkar, nærföt og alls konar álnavara í gluggunum og fólk sem maður mætir er ánægt á svipinn, með pakka í höndunum, gengur í búðirnar, velur og hafnar. En mikil er dýrtíðin samt; toiletþappír hefur ekki fengist í marga mánuði, en nú er hann kominn og kosta rúllan 5 kr. og nylonsokkar eru útstílltir í búð uppi á Laugavegi og kostar parið 96 kr. Í sumum verslunum fást þeir á 50 kr. en í Kron keypti ég þá fyrir 28 kr. út á vöruföfnun sem viðskiptamenn fá. Eru það aðrir sokkarnir sem ég hef keypti í búð í Reykjavík þessi síðustu 5-6 ár. Svo fæst handsápa, matarlím, þvottaduft í pökkum, gráfíkjur og margt og margt sem ekki hefur sést undanfarið. Það verður ekki vandi að búa ef eitthvað verður til að kaupa fyrir!

Ragna Sigurðadóttir (*Sig. búnaðarmálstjóra*) var að gifta sig um daginn Pétri Guðmundssyni í Málaranum. Er það hálfleiðinlegt að hún skyldi ekki geta valið sér einhvern lífsförunaut annan, því ekki er gæfulegt að þurfa að taka mann frá annari konu eins og hún gerði. Að vísu var hjónabandið hjá Pétri dálítið skrykkjótt, hann var alltaf við og við að hlaupa að heiman; en alltaf kom hann aftur. -- Annars fór Ragna og Pétur með Goðafossi norður um landið og til útlanda, en þegar þau voru komin á síðustu höfnina hér á landi var Goðafossi snúið aftur til Reykjavíkur til þess að sækja forsetann, sem þurfti vegna veikinda að komast til Suður-Frakklands, svo brúðkaupsferðin byrjaði sem hringferð í kringum landið. --

Biskupinn¹ hefur verið að segja okkur ferðasögu sína í útvarpinu; minnir það helst á ritgerðir drengs í barnaskóla hvað þroskann snertir, það er svo með hann, að því meira sem hann talar, því betur kemst alþjóð að því hve treggáfaður hann er. Svo sníkir hann sig alls staðar áfram, og ferðin sem í fyrstu var farin til heilsubótar, er áður en varir búin að snúast upp í skemmtiferðalag og tilgangurinn rokinn út í veður og vind. Hann var að vísit rannsakaður á Mayo Clinic, og var þar í hálfan mánuð, en þrjá mánuði var hann í ferðinni, og auðvitað var hann ákaflega hrifinn af þessari merkilegu stofnun og gerir það að tillögu sinni að einhverri hliðstæðri stofnun yrði komið upp hér í Reykjavík. Hann hitti Gústaf og Steinunni² eftir að hann kom heim og hvatti þau óspart til þess að fara til Ameríku, þetta væri bara ekkert dýrt, því gestrisnin væri svo mikil!

Það er nú best að ég hætti þessu gaspri og slái botn í þetta, Okkur líður vel og er mamma bærileg til heilsunnar; ekki treystir hún sér samt til að þiggja hádegisverðarboð til frú Begtrup -- Það er nú meira hvað blessaður sendiherrann er elskuleg við mömmu, ég verð líklega að bjóða henni hingað svo hún geti kynnst mömmu, - eg er bara svo hrædd um að það eigi ekki við mig að bjóða svona háttstandandi konu, þó ég hafi margoft notið gestrisni á hennar heimili. -1- viltu segja mér hvað við á. --

¹ Sigurgeir Sigurðsson (1890-1953).

² Gústav Jónasson ráðuneytisstjóri og Steinunn Sívertsen.

1952

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 28.2.1952.

Ræðir veikindi bróður síns, gleðst yfir hve vel hann lætur af sér. Gleðst yfir að yfirmenn hans bjóði honum í hressingarfrí. Skorar á hann að þiggja það og koma heim. --

-- Mitt heimili stendur alltaf opið - Gæti Palli auðveldlega flutt úr sínu herbergi -- ef þið kæmuð öll býður Dídí ykkur sín herbergi, það er orðið svo langt síðan þú hefur komið heim að ekki má líða lengri tími til þess að halda tengslunum við það land sem þú vinnur fyrir. --

Jæja, vinur minn, athugaðu nú málið áður en þú afþakkar boð utanríkisráðuneytisins, - eins þarftu líka að reyna hvernig maður skelfur í Þjóðleikhúsinu, hvernig nýtísku loftræsting blæs o.fl. sem þú þarft nauðsynlega að kynna. Ég segi þetta í gamni um Þjóðleikhúsið, því auðvitað erum við öll jafn montin af því að hafa eignast það --

Ólóf Jónsd. Nordal skrifar Álfheiði H. Briem. Khöfn, 16.3.1952.

-- Þegar við hjónin vorum að ráðgera ferð til Svíþjóðar hét ég því með sjálfri mér að senda þér línu, þegar heim væri komið, ef ég yrði svo heppin að hitta Helga. Ég var búin að vera þungt hugsandi út af veikindum hans og varð þá alltaf hugsað til þín. Svo fórum við þessa ferð um síðustu mánaðamót og þá var Helgi orðinn vel frískur. Hélt hann veislu fyrir okkur kvöldið sem við komum og hafði ég mikla ánægju af því að vera á heimili hans og einkanlega að hitta hann sjálfan og tala við hann. Lítur hann ágætlega út, er glaður og reifur og lét vel af sinni heilsu nú.

Það var sannarlega ánægjulegt að kynna því hve vinsæll Helgi er í Stokkhólmi, og um dugnað hans í starfinu þarf ég ekki að tala, enda á hann til þeirra að telja, sem láts skylduna ganga fyrir öllu. Doris virðist una sér mjög vel þarna og eru þau bæði frábærlega gestrisin. Miðdagurinn var mjög glæsilegur.

Ég sá telpuna þeirra einu sinni; hún er indælt barn.

Af okkur er allt sæmilegt að fréttu. Við höfum fengið ágætt hús úti í Hellerup og er langt komin með að koma öllu fyrir og kaupa í það. En þetta hefur verið býsna erfitt og mikil vinna. Gaman væri er þú gætir heimsótt okkur og séð heimilið. Ég hef haft gaman að þessu í aðra röndina, en það hefur verið erfitt fyrir mig hvað kraftarnir eru takmarkaðir. Í raun og veru kann ég vel við mig og hlakka mjög mikið til að fá drengina hingað. Jóhannes var hér eina viku og kemur svo í páskafríinu.

Það sem er erfiðast fyrir mig, er að hugsa um að Jón verður einn heima þegar hann heldur sína fyrstu hljómleika, það á ég bágð með að setta mig við.

Sigurður biður hjartanlega að heilsa þér. Með bestu óskum til þín og þinna, og innilegar þakkir fyrir gamalt og gott.

Þín einlæg vinkona --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 14.4.1952.

Segir í bréfinu fréttir af uppreisn gegn Helgu Sigurðardóttur skólastjóra Húsmæðrakennarskóla Íslands, en fjölskyldan er í vinfengi Helga og Friede. Segir frá ágreiningi Helgu og skólanefndarinnar.

Ræðir lát forsetan og annir Helga í sambandi við það í Stokkhólmi. Einnig um væntanlegt forsetakjör og þýðingu forsetafrúarinnar í því sambandi.

-- forseta frúin hefur ekki minni þýðingu en sjálfur forsetinn, enda hefur hvílt geysimikið á frú Björnsson og hennar manngæsla mikið rómuð, enda staðan aldrei spilt henni. -- Ég hef verið slæm af kvefi lengi -- alveg þegjandi í fjóra daga -- Flestir sem komu á skrifstofuna gáfu mér góð ráð. -- Annars hættir fólki mjög til að hvísla að manni þegar maður þarf sjálfur að hvísla. Guðrún, húshjálpin mín, hvíslaði meira að segja að mér hvort hún ætti að sjóða kartöflur og í eldhúsinu lék hún ýmsa látbragðslist til að koma mér í skilning um hvað hún meinti. --

Helga Sigurðardóttir hefur átt í miklum erfiðleikum með skólann¹ í vetur og mættu ekki í skólann í heila viku og allt var á öðrum endanum. Auður Jónasdóttir² er nemandi í Húsmæðrakennarskólanum og er eftir því sem Helga segir forsprakkinn í öllu þessu. Verkfallið gerðu þær vegna þess að þeim finnst þær hafa allt

¹ Helga Sigurðardóttir (1904-62), skólastjóri Húsmæðrakennarskóla Íslands.

² Auður Jónasdóttir (1913-2010) dóttir Jónasar Jónssonar frá Hriflu og Guðrúnar Stefánsdóttir. Eiginkona Steinþórs Sigurðssonar eðlisfræðings.

of mikið að gera, og eins segjast þær vera hálfsveltar í skólanum og sjálfsagt eitthvað fleira fundið að. Þær sneru sér beint til menntamálaráðherra með sínar kvartanir, en ekki til Helgu, eftir því sem hún segir, og fundir haldnir í skólanefndinni. Eftir mikil leiðindi komu svo stúlkurnar aftur í skólann eftir rúma viku; en andinn í skólanum er gjörbreyttur; er Helga óánægð með hvað völdin hafa verið tekin úr hennar höndum --

Privat sagt finnst mér Helga alls ekki vera, eða hafa nokkurn tíma verið starfi sínu -- vaxin. Hún er hvorki nógu menntuð, né nógu gáfuð, til þess að geta leyst þetta starf sómasamlega af hendi. Og því fleiri stúlkur sem hún útskrifar og kyntust henni, því fleiri eru það sem gagnrýna hana og sjá hennar stóru gloppur. Og þegar nemendurnir eru þroskaðar og fullorðnar manneskjur, eins og Auður og fleiri á hennar aldri, verður erfiðara fyrir Helgu að vera *höfuðið*, og auðvitað á skólinn alls ekki heima í Háskólanum, þó plássið væri nóg, hvað þá þegar Háskólan bráðvantar þessi herbergi.

Ég vorkenni Helgu hins vegar og á bágt með að óska þess af heilum hug að hún verði skólastjóri þarna áfram, enda mjög hæpið hvort skólinn á beinlínis rétt á sér, hann er óskaplega dýr, og kannski alls ekki til bóta þjóðhagslega séð, að matselda þannig að engin vítamín standist allt það grufl, og má kannski segja, að þar sé hið einfalda gert flókið. Annars kemst enginn áfram með tómt sjálfstraust; gott er að treysta sjálfum sér, en betra er þó ef einhverjir fleiri geri það líka.

Jón Nordal hélt sína fyrstu píanótónleika nú um daginn. Það eru nú meiri töfrarnir sem fylgja honum sjálfum og hans túlkun. Ég var hugfangin þar sem ég sat og hlustaði; finnst mér stórmerkilegt hversu mikilli tækni hann hefur náð, þrátt fyrir hans mikla veikindastríð, en nú virðist hann, og er vonandi alveg kominn yfir það. Oft hef ég hugsað til þess, þegar hann var einu sinni að spila fyrir mig og Doris leit í lófann á honum og sagði af sannfæringarkrafti: *Hann kemst yfir þessi veikindi - ég sé það í lófa hans*. Fleira sagði hún sem ég endurtek ekki nú; en, en oft hefur Jón verið hætt kominn og legið dauðveikur.

Mikið voru Nordalshjónin¹ hrifin af því að heimsækja ykkur; rómuðu gestrisni og ljómandi samræður. Ólöf er mjög ánægð með þessa nýju stöðu og eins er heilsa hennar miklu betri en oft áður. Annars þarf hún alltaf einhverjar sveiflur og andlegan *stimulans*, til þess að koma sér upp, og kannske hún verði friskari með hverju árinu -- og verði síðan *allra kerlinga elst*, þó ég vilji ekki óska neinum þess að verða mjög gamall, hvorki sjálfri mér né öðrum. Mér finnst það erfiðasta við ellina, ef ekki er beinlínis um veikindi að ræða, að vera skilin eftir með kynslóð sem maður á ekki samleið með; önnur sjónarmið og allt aðrar skoðanir á öllum hlutum; og jafnaldrarnir sem enn lifa komast ekkert fyrir ellihrumleika, sjóndepru og heyrnarleysi. Ætli gamla fólkið verði ekki alltaf einmana, þó alltaf sé talsvert af yngra fólki í kringum það.

Segir frá Steinunni Eggertsdóttir Briem og lokaprófi hennar frá Tónlistarskólanum og spyr hvort Árni Kristjánsson sé stoltur af því að hafa leitt hana alla leið - og og bera alveg ábyrgð á henni sem píanista. Dáist að dugnaði hennar.

-- En ekki nær hún tökum á mér með sinni túlkun -- Ég veit ekki hvað það er, mér finnst eitthvað öðruvísi en það á að vera, - ég vildi bara að hún hitti góðan pilt, sem hún giftist og yrði hamingjusöm með. Þetta er yndisleg stúlka, hreinasta gull og framúrskarandi vel gefin. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 18.5.1952.

-- Hér tala allir um forsetakjörið og forsetaefnin. Er óskaplega mikill áróður hjá Sjálfstæðisflokkun fyrir séra Bjarna, þó ekki sé hann (flokkurinn) heil og óskiptur, en það er látið líta svo út í Morgunblaðinu. Persónulega vildi ég óska þess að séra Bjarni yrði ekki forseti, vegna þess að mér finnst hann ekki nógu víðsýnn, enginn málamaður, og auk þess sem hann kann ekkert í utanríkismálefnum, enda ekki staðið til fyrir dómkirkjuprest. Frúin auk þess engin persóna eða atkvæðamanneskja, heldur góðlátleg og almennilegheita manneskja, orðvör og trúð, en hvorki heimskona né með nokkra málakunnáttu. Auk þess eru þau hjónin vön að vera gestir annarra, en sjálf aldrei veitandi húsbændur, því vinahópurinn er svo stór en húsnæðið lítið. --

Loksins gat Framsókn og Íhald orðið sammála. Enda lítur út fyrir að Morgunblaðið ætli að nota öll sín tromp strax; yfirskriftirnar eru orðnar svo geysilegar. Sagt er að Gísli Sveinsson muni tæplega fá noga meðmælendur, hvað þá að hann nái kosningu. Það er nú bættur skaðinn, en hins vegar hætt við, ef hann dregur sig til baka, að séra Bjarni verði kosinn.

Ég ætla mér að kjósa Ásgeir og sumir ætla að kjósa Ásgeir vegna frú Dóru, enda býst ég varla við að völ sé á betri forsetafrú, og þau hjónin auk þess glæsileg að ytra útliti.

Annars ganga margar sögur í sambandi við þetta, auðvitað meira og minna ósannar, ein er sú að séra Bjarni hafi viljað verða forseti vegna þess að þá þyrfti biskupinn alltaf að vera að biðja fyrir honum.

¹ Ólöf Jónsdóttir og Sigurður Nordal. Þá voru þau orðin sendiherrahjón í Khöfn.

25.5.1952. Svona fer tíminn alltaf út úr höndunum á mér -- ég er nefnilega að láta gera við eldhúsið, svo ég er alltaf með mismunandi tegundir af handverksmönnum, svo suma daga verður mér ekkert úr verki --

Býður Þórdís upp á sín herbergi ef þau vilja koma.

-- Finnst henni þetta alveg sjálfsgætt, bæði af því að þetta er nú mömmu hús, sem þið eigið hreint tilkall til -- svo segir hún að þetta sé það einasta lítilræði sem hún geti fyrir ykkur gert í staðinn fyrir allt sem þið hafið gert fyrir hana.

Þetta verðið þið nú að gera svo vel að þiggja, enda er Dídí orðin mjög breytt og það sannarlega allt til batnaðar. Hefur það haft sérstaklega góð áhrif á hana að fá að vera svolítið frjáls, eftir því sem völ er á, og ekki alltaf undir stjórn mömmu blessaðrar. Það er nú þreytandi fyrir fullorðið fólk að geta ekki hreyft sig, farið á bíó eða fengið gesti öðruvísi en að athugasemdir séu gerðar við það; ekki fengið sér flík nema að fá hálfgerðar ákúru og ekki lagt aðrar niður: *Því líklega sé flíkin ekki verri nú, en hún var þegar hún var seinast notuð!*

Þeim, sem ekki hafa reynt þetta finnst auðvitað að ekkert sé að rífa sig undan þessu, eða láta það eins og vind um eyrun þjóta, en það er hægara sagt en gert að ansa ekki þegar talað er við mann, - og ef maður ansar, þá eru byrjaðar kappræður áður en nokkur veit af. Það getur verið að til sé fólk sem taki þessu öllu með jafnaðargeði, en það er ábyggilega ekki algengt.

-- Eggert bróðir og Steinunn eru að fara til Bretlands -- því Steinunn á að taka inntökupróf í konunglega tónlistarskólann í London, en í hann ætlar hún svo í haust, blessunin litla. -- Steinunn er nú að ljúka prófi í Tónlistarskólanum hér með ágætum vitnisburði kennara sinna. Gæti ég trúað að aldrei hafi nám verið stundað þar af jafn mikilli samviskusemi og áhuga; er ég að vona að mínir dómar um músik Steinunnar séu alrangir og tóm vitleysa, ég óska henni sannarlega góðs á listabrautinni þó ég hafi aldrei hvatt hana til að leggja þetta fyrir sig, enda hefur verið varast að spyrja mig. --

Jæja, elsku vinur minn og bróðir! Það verður gaman að sjást og hittast og vita það, að þó að þið gætuð valið um staði til að dvelja á í sumarfríinu, að þið viljið samt koma heim, þó að svo undurmargt vanti hér sem önnur lönd og auðugar þjóðir geta boðið sínum gestum. Hér er allt í sköpun, margt hálfkarað og ógert, og annað sem gert hefur verið væri betur ógert, en landið okkar á fögnum sumardegum er og verður unaðslegt, svo að ég sem sit hér við ritvélinu mína, get jafnvel orðið skáldleg bara af að hugsa til þess. --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Karlstad. 27.6.1952.

Lýsir vorinu, sumrinu og gróðrinu. Segir frá muninum á Dönun, sem eru vingjarnlegir en Svíar stífir, kannski af hléðrægni, en svo þegar hún kemur heim um vorið eru allir sem hún hitti í sólinni bæði glaðir og vinsamlegir, jafnvel í stætisvagninum.

-- Ég þakka þér og þínum vænu sonum fyrir ógleymanlegar stundir - hvernig stendur á að alltaf er svo huggulegt að hitta ykkur, þið hafið það svo *fantastiskt stimulerandi* í kringum ykkur - ég veit hvað það er og hversvegna, en það geymi ég hjá mér - tek það fram og hugsa um við og við. --

Í Höfn hitti ég kunningjakonu, Stínu Steff,¹ einhver prófessorsfrú, því hún býr í prófessorshöfuðborginni -- ég hafði aldrei komið auga á hana um borð - var með á fyrsta plássi - hin lögulegasta kona. --

Í Leith var mikill gleðskapur, spegilblönd höfnin - tindrandi stjörnur og mínir blessaðir Svíar, sem ég hafði plokkað úr feimnina og *inferiority-kompleks* settu í gang „*alla tiders*“ ball - kom allt unga fólk af öðru plássi og gleðskapurinn var mikill. Svona ball hafði *mótorvessilið* (?) Gullfoss ekki upplifað -- *Landsmennirnir* voru svo miklir *uppvaktandi kavalerar* við mig, svo ég fékk um of mikið af lofti í hálsinn - en gaman.

Svo komum við í land með minni litlu dönsku Ástu, og með henni var frelsi mínu lokið. Fyrst sagði hún: Á laugardag förum við á Vivex til að skoða feðurðardrottninguna -- og þá sagði ég nei! Ég sagði nú, ekki nei, en ég væri að kvefast - og sat heima.

Seinna birtust hjón sem ég kynntist á skipinu - Hafsteinn og Magnea² (vinir Einars bróður), Jón Gíslason og Anna frá Hafnarfirði. Hefði hann verið ekkjumaður, fráskilinn eða bara ógiftur, þá viti það sem heilagt er

¹ Kristín Ólafs. Reyndar systurdóttir Lóu frá Mýrahúsum, kona Jón Steffensen læknafrófessors, þurrlegs manns og inn í sig. Þau bjuggu í prófessorsbústað á háskólalóðinni. Þarna er vottur af vaxandi þvermóðsku í henni. Enginn skilningur á að Stína frænka hennar var mikið skemmtileg kona, gift einhverjum þurrlegasta, jafnvel leiðinlegasta manni sem uppi var. En þau höfðu góðan hug til Nesheimilisins, þar sem Valgerður mamma Stínu var fædd. Þau áttu ekki bör nog létu allar sínar eigur ganga til Landsbókasafns og til að kaupa Nesstofu og gera hana að sögusafni. Þeir sem þágu gjafir þeirra, sviku skilmálana. Er þeir væntanlega runnir út í sandinn, nema að hluta. Sjá og EÁ: *Nesstofa við Seltjörn*.

² Hafsteinn Bergþórsson (1892-1981) skipstjóri og útgerðarmaður; Magnea Ingibjörg Jónsdóttir (1895-1985).

hvort ég hefði ekki sett öll segl upp til að krækja í hann og tekið hofmeistarann með - því efni voru þar fyrir einn slíkan - það sá maður þegar blessaðar konurnar fóru að versla: *orgíur!* Þessum hjónum var ég með í þrjá daga. 17. júní tók ég þau með mér til *gesant* (Sigurðar) Nordals og *gesantinnunnar* (Ólafar) - leituðum að höllinni yfir klst. og þegar við fundum réttu adressuna undir *gesanter* - var húsið **tíl sölu**.

Svo komumst við á staðinn og fengum góðar viðtökur hjá þessum gæðahjónum -- Utanlands þúast Íslendingar mest og þarna líka nema Lilla Fontenay¹ þéradí mig -- Fontenay þúaðí mig og bauð mér heim á Brantingsgötuna og *reglérétt* gaf mér nafnspjaldið með öllu á. Ég sá að Lillu þótti það heldur um of og varð skelkuð að ég mundi koma og kannski er hún enn hrædd að svara í símann. Þau buðu mér „*lift*“ til bæjarins, en ég var með mínum indælu hjónum og afþakkaði. Svo borðuðum við á Hafnia og fórum svo á Íslendingaballið - og þá sýndi sig að þessi blessaði maður dansaði ekki bara vel og taktfast - hann dansaði með ánægju.

Það er eitthvað athugasvert við heiminn að svona maður megji ekki gera fleiri kvenmenn hamingjusama. *Ack ja!* --

Gleymdi að segja þér að ég er búin að kaupa mér harmóníkku. Minn *repertoire* er *Irene - Mocking bird hill, Det var dans bort i vägen, Óli skans og Komdu og skoðaðu í kistuna mína*. Vona að hann Páll fái ekki heilablóðfall yfir að eiga svona *faster*, en mér finnst þetta svo *fantastiskt* gaman - *silly but funny*.

Kom við hjá Gunnu² systur og er hún að rísa upp úr *familíuslaverínu*³ og að verða skemmtileg. Hún er farin að hlæja að þeirra *fussi* og *nuddi* - mikið getur þetta fólk, sérstaklega Tryggvi og pabbinn *tjatað* um ekkert. En við Gunna höfðum það reglulega gott saman. Keypti ég mér mynd - lit - blóm í Höfn. Óttalega fallega. Asta litla fussaði - óþekktur málari - hún gengur í *antikvitetsbranchen*.⁴ Mér var alveg sama þótt ekkert nafn væri á blessaðri myndinni - hún á að gleðja mig og hvort hún hefur eitthvað peningavirði seinna, er mér algjörlega sama um. --

Blessuð þið, blessuð mæðgin - hugsa sér að ég skuli enn muna svona orð. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Sigurðardóttur. Rvík, 21.8.1952.

Helga er í Danmörku. Friede ræðir ýmislegt varðandi næsta skólaár Húsmæðrakennaraskóla Íslands en hún virðist hafa tekið að sér ýmis undirbúningsstörf, innritun nemenda, að því er virðist, í einhverju samráði við nýja húsmæðrakennara við skólann: Önnu Gísladóttur⁵ og Kristjönu Steingrímsdóttur,⁶ sem var ákveðin í að verða kennari við skólann. Anna nokkuð svo. Þær voru báðar velmenntaðar, miðað við Helgu. Helga virðist hafa verið á Emmeböllegård þar sem Páll var í sumardvöl, tveim árum fyrr og var Helga milliliður í því sambandi. Biður Friede um kveðju til bóndahjónanna. Segir frá Páli.

-- Palli var á Raufarhöfn í sex vikur, án þess að fá nokkuð að gera við síldarverksmiðjuna, svo hann kom hingað suður og er nú farinn austur að Sogi og vinnur þar við virkjunina. --

Við fórum norður að Reykjahlíð og Ásbyrgi,⁷ fengum sólskin hvern einasta dag í níu daga og heppnaðist ferðin í alla staði ágætlega. Gistum á heimleiðinni í Fornahvammi, talaði ég aðeins við Pál bróður þinn, en Helgi hitti hann ekki, því hann var ekki kominn heim frá heyskap um kvöldið, en farinn eitthvað burtu um morguninn.⁸ --

¹ Hefur fyrr komið við sögu, meðan þau voru sendiherrahjón í Rvík. Hún var móðir Birgis Möller (1922_2012) forsetaritara og sendifulltrúa af fyrra hjónabandi.

² Í Helsingborg.

³ Fjölskylduþræðómi.

⁴ Fornsölur.

⁵ Anna Gísladóttir (1924), f.k. Sigurðar Baldurssonar hrl.

⁶ Kristjana Steingrímsdóttir (1923-2005).

⁷ Ég sagði í *Minningar mínar H.P.B.* að ég hefði ekki vitað hvenær hann hefði fengið tækifæri til að athuga Ásbyrgi og komast að merkingum niðurstöðum sínum um tilurð þess. Kenninguna setti hann fram í riti sínu *Iceland and the Icelanders*, 1945. Lengi var hann upptekinn af jarðfræðirannsóknum sem finna má í handirtasafni hans í LBS. Hér sýnist hann hafa fengið tækifæri til að athuga málið nánar en ég áleit fyrr.

⁸ Þeir Páll Sigurðsson, sonur Sigurðar Sigðssonar búnaðarmálastjóra, vinar Helga, Páll má segja að hafi verið björgunarmaður þeirra sem á þessum árum áttu leið um Holtavörðuheidi. Þeir voru saman á Hólum ungir. Páll var eitthvað fráhræfður því að hitta Helga, bæði þarna og einnig síðar er við Helgi og gistum í hótelinu sem hann rak með dóttur sinni í Varmahlíð í Skagafirði.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 27.8.1952.

Pakkar fyrir skemmtun og ferðalög. Eins og fyrr og síðar vill hún alls ekki láta Helga eiga neitt hjá sér.

-- En eitt er það sem ég verð að gera og það er að gera öðruvísi upp skuldaskilin en þú gerir, það nær ekki nokkurri átt að heimsóknin hingað á mitt heimili, og öll skipti mín við þig, eigi að ganga út á það eitt að féfletta þig; og ég segi þér það að allt vildi ég heldur gera en það. Og hér komar reikningarnir:

Prjú innskotsborð	kr.	950
12 silfurdiskar	kr.	1.200
Teppi	kr.	6.000
	kr.	8.150
Matur í 45. daga á kr. 70	kr.	3.150
	Kr.	5.000

Veit ég að þetta er of lágt metið og stórkostlegur hagur fyrir mig að fá þetta allt fyrir svo litla peninga; ég bið þig að greiða ekki einn einasta eyri inn á sparisjóðsbókina mína í Stokkhólmi, heldur er ég þakklát þér ef ég má greiða þér skuldina í íslenskum peningum.

Ég hvorki vil eða get hugsað mér að hafa þetta öðruvísi, ég er fyrir í margfaldri skuld við þig., fyrir alla góðsemi við mig alltaf, - vertu þess fullviss, elsku Helgi minn, að hvaða vandræði sem ég kynni að rata í; en vona hinsvegar að til þess komi ekki - þá kem ég örugg til þín, og veit þá að allt vildir þú fyrir mig gera. Þú lofar mér að ráða þessum reikningsskilum sem þó eru mér í hag, því annað veit ég að ekki þýðir fyrir mig að gera þegar ég á viðskipti við þig, veit að þú hlýtur að samþykkja þetta.

Mikið var ég feginn að ég skyldi ekki fara að vatna músum úti á flugvellinum framan í öllum, og verða mér og ykkur til skammar. En ég á svo bágð með að kveðja þá sem mér eru hjartfólgir án þess --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 9.12.1952.

-- Þá er maður að vakna til lífsins aftur, ef hægt er að segja svo, en í tvo mánuði gat ég varla hreyft mig fyrir gigt, staulaðist fram í eldhús, og reyndi að matreiða, þó með hvíldum væri, án þess nokkurn tíma ég gæti rétt úr mér; hélt að ég myndi verða svona framvegis. En heppnin var með mér eins og oft áður og það undarlega skeði. --

Átti í miklu basli með bakveiki en er nú ánægð þar sem allt snertist til bóta.

Segir frá verkfalli og var gefinn fiskur úr b.v. Hallveigu Fróðadóttur.

-- Mamma er hin brattasta, fer daglega út að versla - enda er hún með rjóðar kinnar og hressilegt yfirbrag, uppfull af fréttum þegar heim kemur. --

En hvað var sviplegt með hann Ísleif Briem -- finnst mér mikið hafa steðjað að þessu heimili síðasta árið og síst búist við að Ísleifur¹ yrði sá næsti. Mamma hefur sjálfsagt skrifað þér um að, en hann fékk influensu, var kominn á fætur en sló niður aftur og var dáiinn eftir tæpan sólarhring. Kara (*systir hans*) kom suður, þó hún væri illa fær til þess, því hún var nýlega komin á fætur eftir hræðilega mikinn uppskurð, sem gerður var á henni í haust, en hún er svo ótrúlega kjarkmikil, og nú gefur lækinn henni von um að vera komin yfir þetta, enda sagði hún mér þegar ég talaði við hana í símann, að sér liði bara vel og ætti vel við sig *að vera orðin hol að innan* --

Segir frá heimkomu Steinunnar Eggertsdóttur Briem.

-- Ég held eftir því sem ég hef heyrt frá S. að allur minn ótti um að hún sé ekki nógu músikölsk, til að leggja út á þessa braut tónlistainnar, sé ástæðulaus, og ég hafi algerlega haft rangt fyrir mér. Ekkert gleður mig jafn innilega. Steinunn er frábær, dugleg og gáfuð, að maður ekki tali um hjartalagið, sem ekki getur verið betra, hefur hún notað tímann, hverja sekúndu til þess að komast áfram með námið og býst ég við að hún hafi frábæra kennara. Hún hefur alls staðar mætt góðu og frá fyrsta degi kunnað vel við sig í London,-- Við höfum stundum heyrt glefsur úr bréfunum frá henni sem eru framúrskarandi skemmtileg -- En alveg þurfti hún að breyta um aðferð, svo varla er hægt að búast enn við miklum framförum, en því meir sem er breytt, því betur lýst mér á það.

Segir líka frá systkinunum, Ragnheiði og Gunnlaugi sem bæði voru slæm til heilsunnar, en áttu aldeilis eftir að komast áfram.

-- Sigga Briem² er alltaf að dóla sér með Magnúsi Thorsteinsson¹ og segja ýmsir að þau séu í giftingarhugleiðingum. Ekki veit ég hvort hún hefur kjark til þess, en oft sér maður bílinn hans fyrir utan

¹ Ísleifur Briem

² Sigríður Eggertsdóttir Briem (1901-98), handavinnukennari; bjó í Tjarnargötu 28.

hjá henni. Er það ekkert smáræði að leggja út í, að taka Magnús og fjögur börn, fyrir heilsuveila konu. Veit ég ekki hvers skal óska í þeim efnum sem væri Siguu fyrir bestu. --

Steingrímur Hermannsson² er búinn að fá frúna heim, er þetta snotrasta kona og vonandi helst honum á henni --

Mamma fór í kirkju í fyrradag og þar voru forsetahjónin³ og sátu þau bara á bekk, eins og hitt fólkið, þetta þykir okkur svo íslenskt og alþýðlegt; þetta kunnum við svo vel við.

Annars skyggðu fréttirnar af Alþýðusambandsþinginu alveg á verkfallið, daginn sem Stefán Jóhann féll ú formannssæti og allir hinir fylgdu með.

Er ég hrædd um að Stefán taki þetta sér mjög nærri og hafi í lengstu lög vonað að öðruvísi færi. Finnst mér hann hefði frekar átt að draga sig úr áður en svona fór; vera feginn að þurfa ekki að stand í þessu lengur --

¹ Magnús Schevint Thorsteinsson (1893-1974), fóstjóri í Reykjavík. Úr þessu varð hið farsælasta hjónaband.

² Steingrímur Hermannsson (1928-2010) verkfr., síðar forsætisráðherra. Alinn upp í Ráðherrabústaðnum, Tjarnargötu 33.

³ Ásgeir Ásgeirsson (1994-1972) og Dóra Þórhallsdóttir (1893-1964). Hann hafði verið kosinn þá um sumarið.

1953

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 1.3.1953.

Friede stendur í útréttingum. Doris kona Helga hefur hug á að fá sér skautbúning, m.a. vegna boðs í konungsveislur. Setur F. sig rækilega inn í málið og talar við þá sem best kunna og geta aðstoðað við gerð slíkra búninga. Fékk Sigríði E. Briem, frænku sína, með sér og leitaði tilboða. Lýsingin á þessu öllu er fróðleg. Sendir prufur af efnum. Segir frá hvernig Dóra forsetafrú fór að. Þá skoðaði hún búninga í Þjóðminjasafninu og fékk ráð Friðriks Á. Brekkan, starfsmanns safnsins. Niðurstöðan var að henni leist best á búning Sigríðar með mynstri Sigurðar málara. Gefur Friede svo ráð um hvernig kaupa eigi inn efni í búninginn.

-- Einhverntíma hefði manni fundist ótrúlegt að eiga bróður og mágkonu sem væru boðin til kóngsins, eiginlega líkara ævintýri en veruleika, en nú er maður orðin svo að manni finnst þetta næstum eins og sjálfsagt. En mikið hlýtur þetta nú að vera gaman og svo að sjá alla dýrdina með eigin augum og vera þarna þáttakandi. En ósköp hlýtur maður að þurfa að kunna sig vel á svona stöðum. Það er nú líklega lærdómur fyrir sig; og svo hneigingarnar, þá er nú betra að vera ekki stíður af gigt. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 23.3.1953.

Hefur ekki heyrt frá Helga lengi og ekki skrifað honum; er forvitin um hvað hann segir um skautbúninginn. Eitthvað virðist hafa komið til mála að hún færi með Helga eitthvað í suðurátt. Segir frá ferðahugmyndum frænda sinna til Suðurlanda með Gullfossi.

-- enginn skilur ferðaprá fólks betur en ég geri, því ekkert finnst mér ég þekkja af skemmtun sem jafnast á við ferðalög. Þau gefa lífinu einhverja fyllingu og daglegum störfum oft mikinn unað. Ég var fyrir nokkru að vélrita hæstaréttarmál út af sölu á fiski og þref hver ætti að taka á sig peningatap sem varð út af henni. Ekki virðist efnið beint skáldlegt. En fyrir mér var það sannarlega dásamlegt.

Ýmsir staðir voru nefndir í sambandi við þetta mál þar sem ég hafði komið. Mér var eins og kippt langt burtu í löngu liðnar stundir, ég sá fyrir mér borgir og atburði, - og þetta mál varð mér ánægja og upplýfting, vegna alls þess marga sem ég hef fengið að njóta og sem alltaf verður minn mesti auður og fjársjóður, með öðrum gæðum sem mér hafa verið veitt og ég fæ aldrei fullþakkað.

En ef þú þarft að fara til Júgóslavíu og gætir notið einhverrar hvíldar um leið með Dorisi og dótturinni, finnst mér hin mesta fjarstæða að ég færi að hengja mig á ykkur til hinna mestu óþæginda. Þetta gæti orðið til þess að þú yrðir fyrir marvíslegum erfiðleikum -- Þið ferðist á diplómatapassa, þar sem alls staðar er flogið í gegn --

Segir frá vorinu, hitaveitan hafi nægt öllum og engin beinbrot í hálku.

--Það eru næstum allir hættir að skamma bæjarstjórnina, þar er bara þetta innbyrðis rífrildi, og þó mest milli frændanna Gunnars og Þórðar.¹

Gunnar Thoroddsen er farinn að hugsa til kosninganna og farinn að mýkja liðið. Palli Línal² og Eva voru þar í miklu kvöldverðarboði -- þar voru 30 manns, starfsmenn bæjarins aðallega. Þar var allt með miklum rausnarbar, mikið skemmt sér og sungið - Jafnvel Kalli Torfa³ var svo fjörugur að hann gleymdi tímanum og reyndi ekki að ná í síðasta strætisvagn --

--

Eggert Ásgeirsson: Úr dagbók.

9.4.1953. Þá er ég búinn að láta innrita mig til prófs og vona ég að það sé upphaf góðs, en ekki ills.

Ég veit eiginlega ekki hvers vegna ég er að þvælast í þessum blessuðum háskóla, mér virðist sem það sé miklu fremur til að sýnast en að ég hafi energi til að vinna markvisst að nokkru marki; þó er ég að sannfæra sjálfan mig um að ná í ekki því marki að verða lækni þá verði lífið mér óbærilegt. Einkum er það voðalegt að ég geti ekki unnað Palla að verða það sem mig skortir til að verða, en hann hefur öll skilyrði til, einkum og sér í lagi góðar gáfur. Einn galla hefur hann þó og það er að hann virðist ekki vera liðugur að ræða við fólk svo sem búast mætti við; hann hefur ekki móðgað eða sært svo fáa, þótt þar hafi ekkert legið á bak við nema góðvildin ein.

¹ Gunnar Thoroddsen var borgarstjóri og Þórður Björnsson fulltrúi Framsóknar. Þeir voru þremenningar af Briemsætt.

² Palli Línal; enn annar þremenningur.

³ Karl Torfason aðalbókari, svili Friede.

7.5.1953. Þá er ég nú búinn að falla aftur í þessari blessaðri læknadeild. Ég vissi það reyndar fyrirfram, en vildi nú samt reyna við prófið vegna þess að efafræðin er að renna út -- Ég gekk inn í prófstofuna og dró miða sem á stóð *fossa poplitea*. Þetta þótti mér sémilegt verkefni. Einnig sýndist mér standa *ventriculus dexter* sem síðara verkefni og hefði ég ráðið við það því hjartað kunni ég. En svo fór ég að segja frá fossunni, lýsti takmörkum hennar, innervasjón í húð, fascium og lögun fossunnar. Sagði ég hana vera tígullaga, en átti nokkuð erfitt með að lýsa hliðum hennar, því þótt ég vissi insertionir vöðva var ég nokkuð ruglaður í hvernig vöðvarnir gengju hver utan um annan. En í því augnabliki heyri ég próf. Guðmund Thoroddsen vera að hvísla að dr. Snorra Hallgrímssyni eitthvað um *ventriculus lateralis*. Þá gáði ég á miðann aftur og sá að ég mundi aldrei fara svo pósitívur út úr fyrra spursmáli að það myndi vega upp á móti algjöru gati í heilaverkefninu. Ég stóð því upp og sagði að þetta þýddi ekki neitt og gekk út þennan örlagaríka þriðjudag.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 22.5.1953.

Virðist standa fyrir dyrum hennar að fara til Suðurlanda með Helga og fjölskyldu, virðist allt klappað og klárt og mikill spennningur. Í síðara bréfi virðist eitthvað hafa haldið aftur af henni, ýmislegt hamli, m.a. próf Eggerts. En lætur sér detta í huga að koma á eftir þeim.

-- Þetta er mjög örlagaríkt próf, því ég gæti best trúað því að ef hann fellur nú aftur, sem ég vona að guð gefi að verði ekki, þá verður það meira högg fyrir hann en maður vill gera sér grein fyrir sem stendur. --

Segir fréttir af dvöl Ragnheiðar E. Briem hjá Steinunni í London. Hún hefur arið til lækna þar og horfir allt betur.

-- Allir eru góðir við þær systur, Steinunn er nú líka farin að læra að syngja, er það einn liður námsins, og þá kemur það upp úr dúrnum að hún kemst leikandi upp á háa C. en getur komist upp á G, þar fyrir ofan, þó, eftir því sem hún segir sjálf, að það sé enginn söngur. Enginn hefur vitað að hún hefði söngrödd., síst svona háa, hvorki hún sjálf né aðrir í fjölskyldunni. Sigga er búin að hlæja mikið að þessu, enda er hún alltaf sjálfri sér lík, er alltaf glöð og ánægð, þó enginn sem ég þekki sé eins bundin og skemmti sér jafn lítið og hún. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 11.5.1953.

Hafði haft samband við Magnús Magnússon, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Sá hann ekki möguleika á að senda mann í stað svo Helgi gæti tekið frí.

Síðan, og í mörgum bréfum koma bollaleggingar um framtíð mína (Eggerts). Ég rekest á þessar umræður milli þeirra systkinanna í fyrsta sinn, þó ég hafi haft nassjón af einhverju. Mikið af þessu var fyrnt, enda var ég á þessum árum mjög svo kærulaus (- er kannski enn).

-- Hvað mig senertir -- sá ég það betur og betur hvað ég hafði verið bjartsýn að leggja upp í ferðina, því auðvitað er ýmislegt sem torveldar að ég fari, en sérstaklega finnst mér ég ekki geta verið mjög lengi í burtu.

Annars ætla ég að segja þér það strax að ekki gekk vel með próf Eggerts. Um páskaleytið sagðist Eggert ekki treysta sér í prófið og brá mér heldur óþyrmilega, svo ég gerði mér lítið fyrir og talaði við Jón Steffensen.¹ Hvatti hann mig til að stappa í hann stálinu og láta hann reyna. Fannst honum að betra væri hreinlega að falla, heldur en að guggna þá þegar, því þá gæti orðið hætt við að hræðsla við próf yrði meiri því lengri tími sem liði. Svo fór Eggert í prófið, dró verkefni um heilann og gekk út. Ég var alveg hissa á hvað þetta getur gengið illa, því mikið er hann búinn að lesa í vetur.

Ekki er þetta einsdæmi, heldur er það talsvert vanalegt, er það svolítið skárri þess vegna, þó ekki sé það gott. Ég býst samt við að hann haldi áfram náminu, hvernig sem það kann að ganga. Nú ætlar hann til sjós sem háseti. -- Ég kvíði hræðilega fyrir, en ekki finnst mér ég megi leggja á móti, enda Keflavíkurflugvöllur annars vegar. Þangað fara nú allflestir, því þar er kaupið langhæst, en flestir spillast af því að vera þar, enda er farið að bera á manneklu við framleiðslustörfin.

Palli fór í efnafræðipróf 29. maí, er hann búinn með verklega prófið og gekk það vel. Vona ég að hitt gangi vel, þó hann hafi ekki byrjað fyrr en um áramótin.²

Mikið hefur verið að gera á skrifstofunni undanfarið og verður út þennan mánuð, hvað sem síðar verður. Þegar ég er í garðinum að vinna, finnst mér nærri því að ég sé að ræna tíma frá skrifstofustörfunum. Svona lifir maður lífinu, alltaf að keppast við klukkuna, og áður en maður veit af er maður orðinn gamall og kannske búinn að missa öll sín hugðarefni, - en ekki er ég komin á það stig enn. --

¹ Jón Steffensen (1905-91), prófessor. Hann átti Kristínu Ólafs frá Mýrarhúsum, systurdóttur Ásgeirs manns Friede.

² Páll Ásgeirsson hafði verið áður hálf tónn ári í lögfræði.

Segir frá finnskri nýstárlegri óperu og ýmsum uppákomum af hálfu Guðlaugs Rósinkrans þjóðleikhússtjóra.

Einnig af sölu húsanna, Tjarnargötu 20, eftir dauða póstmestarhjonanna, og 28, eftir að Sigríður Briem gifti sig. Flutti Gunnlaugur ráðuneytisstjóri, bróðir hennar, inn í húsið ásamt Þóru og börnum.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 23.6.1953.

-- Eggert Ólafur er búinn að fara tvo túra sem háseti á togara, síðari túrinn tók næstum þrjár vikur og var ég orðin langeyg að fá hann heim, eða að fá einhverjar fréttir af honum. Nú er ég sæl yfir að hafa hann heima og yfir því að allt gekk vel og giftusamlega. Nú er togarinn að búa sig til Grænlandsveiða og verður í þeim túr 40-50 daga, og má ég hreint ekki hugsa að Eggert fari með skipinu. Nú er hann að leita sér að vinnu í landi -- Mér finnst líka að ég verði að hafa eitthvert samband við hann og geti tala við hann um framtíðina - þó kannske sé lítið á því að græða fyrir hann.

Hreint út sagt, þá finnst mér ekki neitt sérstaklega eftirsóknarvert fyrir hann að leggja þessi ósköp á sig til þess kannske einhvern tíma að geta náð takmarkinu og orðið héraðslæknir. Af 50 piltum sem árlega innritast í læknadeildina eru 20 sem halda velli. Þeir falla bæði á 1. hlutanum og miðhluta, en fáir á embættisprófi, er þetta miklu meiri píslarganga í læknadeild en í hinum deildunum. Eggert er mjög langt niðri út af þessu og ekki upplagður í nýjan próflestur. --

Þá ræðir hún ýmislegt um framtíð sonar síns, m.a. að læra bókaverslun og tungumal.

Segir frá Áslaugu ritara og nánasta samsatarfsmanni Helga,¹ sem var mætt þá um sumarið og tók þátt í öllum fjölskyldubodum, eins og lengi síðar. Segir líka af ferðum Álfheiðar Línal, sem fer í sveitavist í Danmörku og einnig frá Páli Línal og Evu konu hans en hann virðist hafa leyst Helga af í sendiráðinu.

² Þórhildur litla dóttir þeirra er á Seyðisfirði hjá mömmu Evu; og Hilda systir ætlar að taka Jón. Hann er bráðum árgamall, en hann er ekkert farinn að stíga í fætturna og er mjög framfaralítill. Hann er undir læknishendi og fær mikið af vítamínum; finnst Eva það hafa góðáhrif á hann.³ --

Jón Úlfar hefur reynst indælis maður þó hindraður væri af erfðagalla. Þegar Álfheiður sá hann á Fæðingardeildinni brá henni. Hún sá þegar hvað var að. Þegar ég fluttist síðar á Bergstaðastræti 69 kynntist ég Jóni, þeim yndislega dreng og manni, og sá að enn voru þau í afneitun Páll og Eva á hæðinni fyrir ofan. Um sumarið var stofnað Styrktarfélag vangefinna. Ég gerðist stofnandi til að lokka Pál og Evu í félagsskapinn svo þau áttuðu sig á sjúkdómi Jóns. Ég minnst þess að mér seinkaði fjölskylduhátíð 1958 á Bergstaðastræti 76, hjá foreldrum Páls. Var ég spurður hvað hefði tafið mig; og ég sagði það. Þá sló þögn á. Seinna gekk Páll Línal inn í félagið, auðvitað í stjórn, en þó ekki af þeirri sannfæringu og baráttuhug sem þurfti.

-- Annars líður okkur vel, mamma er ótrúlega hress, mikið hefur hún gaman af blöðunum frá ykkur -- Þegar blöðin koma situr hún róleg inni hjá sér allan daginn, svo maður er stundum að kíkja inn til hennar, hvort ekki sé allt í lagi. Situr hún þá niðursokkin í lestur og veit hvorki stund né stað. Hún fylgist vel með öllu⁴ og Jóna segist ekki þora annað en að lesa blöðin sérstaklega vel, áður en hún kemur til mömmu, því hún er vís til að segja: *Hvað er þetta, lestu ekki blöðin barn?* Get ég ekki þakkað það eins og það er vert, hve vel hún heldur sínum andlegu kröftum. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 20.7.1953.

Nú gleðst yfir að Helgi skuli loksins fá frí. Enn þakkar hún fyrir boð til sín um að ferðast með Helga og fjölskyldu. Hún kys heldur að vera heima og styðja mig (Eggert) til einhvers. Hún sagðist heldur ekki hefði treyst sér til að fara vegna veikinda Álfheiðar móður þeirra, sem hún bærir ábyrgð á.

Páll Línal og Eva eru lögð af stað til Stokkhólms. Þá segir hún frá því að Steinunn Briem hafi staðist sitt próf í píanóleik í London.

-- Ég ætlaði að skrifa þér með laugardagsferðinni, en við höfum haft svo annaríkt þessa daga vegna félagsmálaráðherafundarins, þó ég hafi ekki setið fundinn!! Þá þurftum við að skrifa samningana milli Norðurlandanna -- það var svo mikið verk að við sátum við, allan laugardaginn og sunnudaginn líka, svo

¹ Áslaug Skúladóttir (1924-2003), síðar sendiráðsritari var náinn samverkamaður Helga allt til starfsloka hans og í vinfengi við fjölskylduna alla tíð.

² Þórhildur Línal (1951) lögfræingur og umboðsmaður barna.

³ Jón Úlfar Línal (1952).

⁴ Álfheiður var þá 85 ára.

voru samningarnir undirritaðir í morgun. Það er einna erfiðast að skrifa finnskuna, ekki þorði ég að bera ábyrgð á að hún væri alveg rétt. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 27.7.1953.

Segir Pál son sinn ætla 1.8. m. Gullfoss til Leith og ferðast síðan á „chance“ bílum og á puttunum og búa á farfulglaheimilum. Biður hún Helga um að ábyrgjast úttekt í sendiráðinu í London ef hann þyrfti á að halda.

Þá segir hún frá ferð Óla Vestmanns Einarssonar, mann Jónu systur þeirra sem er prentari á leið í prentaranám sem hann kvíðir fyrir því hann hefur aldrei áður farið til útlanda. Þetta varð að frækilegum náms-, kennslu og brautryðjandaferli.

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert Ásgeirss. París. 31.8.1953.

-- Hamingjunni sé lof, að þú fórst þér ekki að voða í eldinum, heldur nokkrar spýtur og ónýtt hjól.¹ Allt gott að fréttu herna megin hafsins. --

Friede Briem skrifar Helga Briem. Rvík, 18.10.1953.

Ánægð með að ferð hans suður í lönd hafi gengið vel og þakkar fyrir ferðasöguna.

Þá gekk ferð Páls vel í alla staði og naut hann fyrirgreiðslu Helga. Þá hafði franskt fólk sem leigði í Tjarnargötu meðan Páll var burtu greitt andvirðið í sendiráðinu í París þar sem hann mætti sækja þá.

-- Páll, (heimkominn) sagði að þegar hann kom í sendiráðið í París til að sækja frankana, segir maður (þar) hvort hann ætli ekki að taka meira. Páll kveður nei við því, og fer við svo búíð. En þegar hann var kominn út á götunar fer hann að hugsa um það hvort hann hefði heyrt rétt, hvort hann vilji meira. Gat þetta verið? Hann snýr því aftur upp á skrifstofuna og spyr hvort hann hafi tekið rétt eftir að hann gæti fengið peninga? Já sagði maðurinn, sendiherrann símaði og sagði að: *þér ættuð hér þessa franka, og auk þess að láta yður fá eins mikið og þér þyrftuð.* Palli lifði svo á því sem hann tók út í sendiráðinu og hélt að annað hvort þú eða einhver annar honum hlyntur, eða hann vissi ekki hvað hann átti að halda - hefði þarna hjálpað honum.

Pétur Benediktsson var hér ennþá þegar hann kom heim og talaði hann þá við hann. Sagði Pétur að sig hefði langað til að gera eitthvað fyrir hann í vináttuskyni við foreldra hans --

Vorum við agndofa og munum við seint gleyma Pétri þennan óvænta og algerlega óverðskuldaða greiða, sem hann gerði af mikill hjartagæsku. --

Hér varð hlé á bréfaskriftunum. Ég fór að hita teið, en þegar við ætluðum að fara að drekka það þá komu Jón² og Jóhannes Nordal³ í heimsókn; voru þeir að koma af Þjóðskjalasafninu⁴ og voru fegnir tesopanam. Svo sátu þeir hér og röbbuðu við okkur, þangað til Jón þurfti að fara á æfingu, því hann á að spila undir hjá ungum fiðluleikara, sem ætla að halda hljómléika -- Jóhannes sat svo kyrr hér þangað til um hálf sjö, en þá hringdi Jón til hans til að segja honum að Bergur⁵ móðurbróðir þeirra væri dáinn.

Fjölskylda Lóu⁶ og líklega þeirra beggja, hafði skotið saman til þess að Bergur gæti komist á eitthvað hressingarhæli, því svefnleysið og öll þessi undarlegheit, sem sjálfsagt hafa stafað af notkun eiturlyfja, voru að yfirbuga heimilið og fjárhagsástæður þeirra mjög bágbornar. Fóru þau hjónin því til Noregs núna fyrir ca. hálfum mánuði -- Það er annað gæfa og gjörvuleiki má segja um aumingja Berg.

¹ Hér ræðir hann það er ég vann við Sogslínuna og að kviknaðir í svefnbragganum verkamannanna við Skíðaskálann í Hveradölum. Við misstum allt sem við vorum með, m.a. veiðigræjur Palla, sem ég hef (væntanlega) tekið traustataki. Sjá EÁ: Veitustarfsmaðurinn ég.

² Jón Nordal (1926). Tónskáld og áður nemandi Friede í píanóleik. Mikil vinátta milli fjölsskyldnanna. Sigríður Hjaltadóttir Jensson, amma þeirra og Álfheiður Briem, voru nánar vinkonur.

³ Jóhannes Nordal (1924) hagfr., lengst seðlabankastjóri. Margnefndur Páll Línal, frændi þeirra, og Jóhannes voru bekkjarbræður og vinir.

⁴ Við Hverfisgötu. Sjá og: Helgi P. Briem: Minningar mínar, bls. 249-252.

⁵ Bergur Jónsson (1898-d.1953 í Osló), síðast sakadómari var móðurbróðir þeirra. Ásgeir maður Friede og hann voru bekkjarbræður og félagar. Að auki voru Jón (1927), afgreiðslumaður, og Þórir (1929-87), tryggingastærðfræðingur, bekkjarbræður E.Á. Bergur átti lengi í erfiðleikum vegna einhvers konar geðveilu, sem olli afbrigðilegri hegðun hans. Sennilega hefur það byrjað snemma. Saga var sögð úr Miðbæjarskólanum þar sem hann réðst á kennara sinn með höggum.

⁶ Lóa, Ólafía (1906-) var síðari kona Bergs. Þau áttu ekki börn saman.

Mikið eru þeir dásamlegir, vel gefnir og gerðir Jón og Jóhannes. Það var sannarlega skemmtilegur eftirmiðdagur að fá svona góða gesti --

Eins vildi ég láta þig vita um Eggert Ólaf. Hann ætlar að halda áfram með læknisfræðina --

Friede Briem skrifar Helga Briem. Rvík, 15.11.1953.

Segir frá velheppnuðu 85 ára afmæli Álfheiðar með fjölda gesta. Þá eru margar sjúkdóms- lækninga- og slysalýsingar.

-- Hún var svo glöð og ánægð, bráfyndin og skemmtileg --

Ekkert hef ég heyrt um Pétur Benediktsson eða annað um flutning á sendiherrum -- en einkennilegt er að danski sendiherrann skyldi hafa heyrt þetta, ef það er alveg út í hött. Annars er aumingja Thor Thors¹ dreginn í sundur í háði í Þjóðviljanum í dag, út af grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið um daginn, þar sem hann lýsir hvernig dagur liði hjá sér. Svona er það stundum það sem sagt er til að fræða og impónera mann, og svo notað aftur á hinn lúalegasta hátt. Annars vorkennir maður Thor Thors að hafa fengið Daða Hjörvar² sem eins konar málsvara hér, því engum finnst neitt til hans koma nema kannski pabbanum Helga einum.

Eggert Ólafur var búinn að klippa greinina úr Þjóðviljanum til að senda þér, því það er oftast Eggert sem tekur blöðin og sendir þér, minnsta kosti alltaf þegar regla er á blaðasendingunum. Þegar Eggert fór á sjóinn í vor komst allt á ringulreið, eins og þetta er nú lítið og ómerkilegt, þá er merkilegt hvað hægt er að vanrækja það af miklum fullkomleik, en það er gamla orðtakið: Heiður þeim sem heiður ber.³

Páll Línadal var kosinn formaður Stúdentafélags Reykjavíkur um daginn; hefur honum aukist sjálfstraust við vegtylluna í sumar⁴ enda sannarlega engin furða úr því það tókst allt vel.--

Friede P. Briem skrifar Doris Briem. Rvík, 2.12.1953.

Í bréfi þessu biður hún mágkonu sína að aðstoða og líta til Margrétar Árnadóttur Zontasystur og næstu grannkonu, Tjarnarg. 26. Hún á að ganga undir uppskurð hjartalæknisins í Stokkhólmi og fræga, dr. Crawford. Sonur hennar, Valur Egilsson fylgir henni en getur ekki dvalið nema stutt því hann var að opna tannlæknastofu í Rvík.

Friede Briem skrifar Helga Briem. Rvík, 13.12.1953.

Biðst afsökunar á að hafa beðið Doris um að aðstoða Margréti. Segist líka hafa skrifað Zontavinkonum sínum Astri Richards og Greta Hammersten, yfirlækni, og beðið þær að aðstoða Margréti. Þær tóku vel í það og þekktu líka Helga. Annars birtist bréfið að hluta til í H.P.B.: Minningar mínar, bls. 297-298 þar sem fjallað er um bók Helga um Suðurlönd.

-- Annars hef ég líka verið að lesa bók Vilhjálms Finsen.⁵ Mér finnst hún, það sem af er, lýsa mjög ómerkilegum atburðum og manni sem er ákaflega grunnur. Orðaforðinn lítill og fáskrúðugur og hann segja frá því sem allir vita, en hann heldur að það séu einhver vísindi sem engir eða fáir viti. En um leið lýsir hann mjög vel hvaða kröfur þjóðfélagið gerir til þeirra manna sem mest er hossað. Því svona maður hefði sannarlega ekki átt að fá *heiðurs-sendiherra* titil, eins og hann fékk, enda finnst mér hann skrifa bókina mikið til þess að lýsa fyrir öðrum hvað hann hafi verið mikilvægur fyrir þjóðina. T.d. á stríðsárunum þegar hann var að fara með skjöl til Hafnar til Jóns Krabbe o.fl. of vitna í sextugsafmælisgreinar um sjálfan sig og skálaræður. Mér finnst það nauðaómerkilegt, og ég hélt að Finsen væri miklu skemmtilegri og andrífari.

Annars er það ekki ætlunin að fara að skrifa þér einhver ósköp um bók Finsens, heldur er það bara það að ósjáfrátt verður manni á að bera ykkur tvo sendiherra okkar í Svíþjóð saman, af bókunum ykkar, og mætti segja mér að fleiri myndu gera það og þar ferð þú út með stóran plús, þori ég að segja. --

Finnst þér ekki prestarnir einkennilegir ef þeir velja Ásmund Guðmundsson sem biskup? Hann var 65 ára nú í október, en þó fannst mér það verra með Magnús Jónsson, sem einhver sagði að þyrfti að margvígja til

¹ Thor Thors (1903-65), sendiherra lengi í Washington.

² Daði Hjörvar (1928-54), efnismaður mikill, en skammlífur. Menntunin og fjölmiðlablaer BNA, þar sem hann hafði dvalið, vann gegn honum. Hann átti mörg góð systkini, sonur Helga (1888-1965), skrifstofustjóra útvarpsráðs.

³ Þar sem námsástundun Egerts (mín) ber stundum á góma, má segja að hér sé meðal annars komin skýring á lökum árangri.

⁴ Þegar hann var staðgengill Helga í Stokkhólmi.

⁵ Vilhjálmur Finsen (1883-1960). Var stjórnarfulltrúi Íslandi í Svíþjóð og síðar í Þýskalandi.

Þess að hreinsa hann eftir störfín í Fjárhagsráði. -- Annars er ekkert sérstakt út á Ásmund að setja nema hvað hann er orðinn gamall, en enginn býst við að hann geti lægt ófriðaröldurnar innan prestastéttarinnar. --

Friede Briem skrifar Lóu Vennerström. Rvík, 13.12.1953.

Segir af fjölskyldunni, ævintýraferð Páls um England, og Frakkland og norður til Khafnar og heim. Einnig hásetastörfum Eggert og vinnu hans við byggingu raflínumastra frá Sogi til Reykjavíkur.

Þá segir hún frá Ólafi Guðmundssyni, mági sínum og bróður Lóu. Vorkennir honum mjög vegna einstæðingsskapar hans og að hann þurfi að búa í illa upphituðum kjallarakompum og þægindasnauðum. Hann bjó lengst í Odda við Nesveg á Seltjarnarnesi og kenndur við þann stað..

Segir frá Brynhildi Boström, dótturdóttur Lóu, sem uppalin var hjá Ástu Guðmundsdóttur systur Lóu og Karli Á Torfasyni í Ólafsdal v. Kaplaskjósveg. Einnig fréttir af Helgu Ólafs frá Mýrarhúsum vinkonu sinni og systurdóttur Lóu, sem er í basli vegna sinnisveiki elsta sonar þeirra. Svolítið er hann betri og hefur nokkrum sinnum komið í heimsókn í Tjarnargötu 24.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne gård. 21.12.1953.

-- Elskulegust af öllum mágkonum! Hvað hef ég gert að hafa unnið til svona bréfs frá þér? Ég er ekki trúuð, en ég trúi og veit að allt verður maður að borga --Bréfið, diskurinn og blómin; ég held engum hefði getað dottið neitt svo undarlegt nema þér. -- Og allar sögurnar um Pál og hans ferðir og Eggert og hans himnastormandi vinnu í sumar. Ég sé hann brúnan eða gulhærðan og hugsa einu sinni enn hvað þessir ungu menn, synir bróður mín og minnar „elskulegustu“ hvað eiga þeir ekki af ríku lífi. Og sem merkilegra er, ég held þeir séu svo vitrir að þeir skilja það sjálfir. --

Segir frá öllu fólkinu sem verður á Glenni yfir jólin. Líka Guðmund sonur Lóu, Ulla kona hans fjölskyldan, en þau hafa alltaf verið há foreldrum hennar í Arvika.

Segir líka frá ráðagjörð sinni og Else-Mari, dóttur hennar að fara til Íslands. Ásta systir hennar vill að þær búi hjá sér en Lóa kys að búa ein.

Er orðin svo að ég þoli ekki að vara að heiman nema hálfan mánuð ef hún á að búa inni á öðrum, annars lengur annars gæti hún verið mun lengur. Skrifaði Hafsteini Bergþórssyni, vini sínum og bað hann um að útvega sér herbergi eða íbúð.

1954

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne gård, 2.1.1954.

Svarar bréfi Friede frá 13.12. '54.

-- Höfðum hér *dopp i grytan* hjá Guðmundi og Ullu á aðfangadagskvöld. Voðalegur siður sem ég get aldrei sætt mig við, en er Svíanna uppáhald og þetta *dopp i grytan* er alltaf endurtekið, ekki kanski kl. 10 um formiddaginn, en annars nærri því hvenær sem er létt, að því leyti með borðhaldið. Þetta er skinkusoðið sjóðandi og svo er sérstakt brauð sem kallast „vört“ brauð skorið í sneiðar og því svo dyfið í og borðað með skinku, pylsusultu og ýmsu af því taginu - en ekki með síldinni og síldarsaladinu. Það var *festlegt* hjá Ullu í stóra eldhúsinu, kertaljós á (*brúninni á*) hálfmáanalagaða háfnum yfir eldavélinni, allur maturinn *uppdúkaður* á tilheyrandi járnplötu sem var þar frá gamalli tíð, og allt létum við vera og settum í stand og er svo fallett. -- Það er -- merkilegt að þó -- mikið sé til af grænu hér, eru jólatré alltaf í elsku af öllum, meira að segja hafði ég jólatré, í þetta sinn -- Ég hef svo safnað einiberjarsí, sem ég kveikti á í krukku sem reykelsi - það var svo yndislegt að draga finna ilminn. --

Ég sé fyrir mér Óla okkar. Merkilegt að hann skyldi fylgja Birni¹ í Mýrahúsum til grafar, en þó. En sjáðu, vinkona mín, ég held að Óli hafi verið of lengi á Norðurendanum² í Nesi - hann þrífst ekki í góðri stofu - allt verður útatað í neftóbaki og tóbakslykt. Hann var allt of lengi undir hönd mömmu, og svo kom Eygló (fóstursystir þeirra) með stjórn (-semi) og þau hötuðu hvort annað Var synd að aumingja mamma var varnarlaus -- og Óli svo kraftlítil og tók ekki fyrir þetta og lét ekki einu sinni Ást vita af hvað var að gerast. Nei - nú er þetta allt skeð og ekki hægt að bæta úr - og Óli og Eygló bæði einmana og vinalaus, að mér virðist. Ég held að ekkert sé fyrir Óla hægt að gera og kannski hefur hann það betra en við höldum, af því að við höfum ekki búið með gömlum körlum og karlmönnum, rúm við rúm í lítilli stofu. Hann kann alls ekki við sig í rúmgóðri stofu, vill hafa litlar kompur, sagði hann mér. --

Ég upplifði nýjar árið alein við kertaljós og *brösu* (arinneld) -- á morgun fæ ég heimsókn gamallar kennslukonu sem var í *Säffle Folkhögskola* þegar ég var þar -- Hlakka til að sjá hana - vonast ég til að henni finnist ég hafi farið fram á þessum 45 árum. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 15.2.1954.

Gleðst yfir að Helgi hugsi til Íslandsferðar. Segir að hann megi ekki láta líða langt milli ferða hingað til lands.

Segir frá því að Ólafur Lárusson sé að hætta kennslu í lagadeild og hefur komið til mála að Theodór mágur þeirra, sæki um. Einnig segir hún fréttir af breytingum í utanríkisþjónustunni, m.a. vegna þess að stjarna Hans Andersen hafi farið lækandi hjá Bjarna Benediktssyni utanríkisráðherra. Þá sagði hún fyrirhugað að byggja nýtt stjórnarráðshús (þar sem Torfan er nú) og Gimli, skrifstofa biskups, verði rifin.

Þá ræðir hún hörmulegt dauðaslys sem Leifur Bjarnason, Tjarnargötu 18, varð fyrir í Ameríku, frá konu og tveim dætrum. Mamma hans, Sigrún Bjarnason, er kölluð og sljó og hefur ekki náð sér eftir áföll í Tjarnargötu 20, þar sem Guðrún Briem systir hennar bjó, einkum eftir að Ísleifur Briem dó.

Þakkar aðstoð vegna veikinda og spítalavistar Margrétar Árnadóttur, Zontasystur og grannkonu.

Nú verður líklega nóg fyrir ykkur að gera, ofan á allt annað, í samband við komu forsetans Ásgeirs Ásgeirssonar og Dóru. Ósköp er nú ánægjulegt hvað þau hjón eru glæsileg útlits og í framkomu. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 21.3.1954.

-- Nú langar mig til að bera undir þig mál, sem ég hef ekki minnst á við nokkurn mann, og það er af því að hvort tveggja er, að ég vil ekki láta það berast, og annað að ég býst ekki við að neinn geti gefið mér góð ráð í því, nema ef vera kynni að þú hefðir stund til að íhuga það fyrir mig, þá veit ég að öll þín ráð eru bæði heil og viturleg. --

Nú fjallar hún rækilega um mig, son sinn, sem enn var að basla í lækisfræðinámi og komst hvergi.

Þetta hvíldi mjög þungt á henni og hún er að velta því fyrir sér og finna ráð út úr vandræðum sínum- og mínum. Þessar bollaleggingar fóru annað hvort hjá mér eða þurrkast út úr minninu.

¹ Hér talar hún um Ólaf bróður sinn og Björn Ólafs skipstjóri frá Mýrarhúsum, sem giftur Valgerði systur hennar frá Nesi.

² Vinnumannaherbergi með fimm rúmum á annari hæð, vestanvert, í því tvíbýlishúsi, sem ekiptist milli fjölskyldna.

-- Hann er reglusamur og ég treysti honum fullkomlega, hvar sem hann væri og ég trúði ekki öðru en að honum takist að komast í gegnum þetta erfiða nám, þó ekki væri nema fyrir b.... þráann, sem hann hefur fengið úr Nes-ættinni, blessaður. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 26.4.1954.

Segir frá fimmtugsafmæli Þórdísar systur sinnar, velheppnaðri gjöf systkinanna og veislu. Munaði litlu að illa færi.

-- Gústav Jónasson¹ veiktist mjög hættulega rétt á eftir og vart hugað líf -- síðan dó Hálfmán² svona skyndilega. Fórum við uppeftir og vorum við jarðarförina í Lágafellskirkju og hef ég tæplega verið við fegurri athöfn, og annar eins mannfjöldi hefur víst ekki sést hér við sveitajarðarför. Fór allt mjög vel fram og virðist Hálfmán hafa verið í miklum tengslum við sín sóknarbörn og þeim þótt vænt um hann, enda koma það fram við jarðarförina. Lára er ákaflega beygð, enda mikið umrót hjá henni, fyrir utan missinn missir hún líka heimili sitt í sveitinni. --

Ósköp samgledst ég þér að forsetaheimsókninni skuli vera lokið, þetta hlýtur að hafa verið strangur tími³ og með afbrigðum erfiður, bæði á meðan á heimsókninni stóð og ekki síst á undan, en ég vona að allt hafi gengið vel og farið glæsilega fram og eftir áætlun. Þetta má vera hræðilegt í aðra röndina að standa í öllu þessu, en kannske verður það skemmtilegt eftir á.

Annars var ræðan sem þú hélt, þegar viðurkenningin við björgun *Hanön* var veitt, einhver sú allra besta ræða sem ég hef heyrt við slíkar athafnir. Mér finnst svo oft vilja vera innantóm orðskráð, en þín ræða var allt önnur -- Var hún lesin orðrétt í útvarpinu.

-- Þakka ég ykkur hjónum báðum fyrir alla ykkar miklu góðvild sem þið hafið sýnt Margréti.⁴ Er það miklu meira en mér hafði getað dottið í hug að þið hefðuð tíma eða tækifæri til að gera -- Er Margrét alltaf að dásama ykkur, og synirnir hennar báðir, sem verið hafa í Stokkhólmi. Gladdist hún mjög yfir vínfloösku sem þú hafðir fært henni. Þykir henni sjálfsagt gaman, einu sinni á ævinni, að geta átt floösku sem ekki er misnotuð, því hún hefur haft mikið af því að segja hjá mannum. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 17.5.1954.

Eggert og nokkrir félagar eru nú við lestur á Laugarmel, bústað Rögnvaldar Sigurjónssonar píanóleikara í landi Síðumúla í Hvítársíðu. Ekki var mikill árangur af náminu hjá þrem; tveir luku prófi. Hinsvegar lærðu þeir húshald o.fl. Friede sendi þeim leiðbeiningar um einföldustu matargerð.

Um þetta leyti skrifaði Eggert margt, greinar í blöð og skiptist á fréttum við félaga sína í útlöndum og sagði margt í fréttum úr stúdentalífinu, fylgdist með listalífinu.

-- Okkur líður ágætlega hér, en því miður fengum við fréttir frá Helga bróður um að hann væri veikur.⁵ Doris skrifar mér um það, en kannske ekki nógu nákvæmlega, segir að hann hafi verið að vinna laugardaginn 8. maí og hafi hann þá veikt skyndilega, fengið *slight stroke*, en lækinnirinn telji það svo lítið að hann muni fá sig fullkomlega góðan, ef hann fái nægilega hvíld. Segir þetta hafi orsakast af ofþreytu og of mikilli vinnu; hann liggur alveg í rúminu; þegar hann kemst á fætur búast þau við að fara til Suður-Englands til hressingar og hvíldar.

Birgir Möller⁶ er farinn til að sjá um sendiráðið fyrst um sinn. Það er ekki laust við að maður sé dálítið sleginn ef Helgi missir heilsuna svona á miðjum aldri, svo hann tapar sinni starfsorku --

Friede P. Briem skrifar Áslaugu Skúladóttur. Rvík, 18.5.1954.

Friede skrifar Áslaugu Skúladóttur, samstarfskonu Helga P. Briem í sendiráðinu í Stokkhólmi. Spyrr fréttu af því hvernig veikindi Helga báru að. Hún hafði fengið bréf frá Doris, en ekki þótt þær greinargott.

¹ Gústav A. Jónasson (1896-61) ráðuneytisstjóri frá Sólheimatungu, giftur Steinunni Sívertsen frænku þeirra. Með sykursýki á hæsta stigi.

² Hálfmán Helgason prófastur á Mosfelli í Mosfellsdal. Þau voru systkinabörn, alin upp hlið við hlið í Tjarnargötu.

³ Enn strangari fyrir það að hann þurfti líka að skipuleggja heimsókn forseta til Finnlands.

⁴ Margrét Árnadóttir Zonta- og veitingakona í Oddfellowcafé, helsta veitinga- og ballhúsið á þeim árum.

⁵ Sjá: H.P.B.: Minningar mínar, bls. 298-299.

⁶ Birgir Möller (1922-2012), starfaði lengst í utanríkisþjónustunni. Sonur Tage Möller tónlistarmanns og Guðrúnar Eiríksdóttur sem giftist aftur Fontenay sendiherra Dana.

-- Nú skrifa ég þér, Áslaug mín, til þess að biðja þig um að segja mér allt um það og líðan Helga, því mér finnst ég ekki geta spurt Doris eins og ég vildi. Ég er hrædd um að kannski myndi hún ekki skilja mig, myndi þá sýna Helga bréfið, en það vil ég ekki, því það er erfitt að tala um þetta, finnst mér, og þá sérstaklega við Doris. Það sem mig langar sérstaklega til að fá að vita er hvort Helgi hefur lamast að einhverju leyti og þá hvað mikið. Ég hef alltaf viljað forðast alla sjálfsblekkingu, hvað erfiður sem sannleikurinn er þá vil ég heldur fá að vita hann, maður veit að lífið er ekki alltaf dans á rósum, en þrátt fyrir erfiðleika stundum þá á maður samt svo mikið að þakka fyrir allt sem maður hefur fengið að njóta. Þó Helgi hafi lifað í útlöndum öll þessi mörgu ár, þá hefur maður staðið í svo nánnum tengslum við hann þar sem hann hefur alltaf skrifað reglulega heim, þó að oft hafi hann þurft að skrifa seint á kvöldin -- þá hefur hann aldrei sleppt að skrifa gömlu mömmu.

Svo þegar hann heim hefur þetta verið eins og ein hátíð sem maður hefur notið í ríku mæli. --

Ég vona það Áslaug mín, að þú gerir það fyrir mig að skrifa mér (um) þetta og það sem allra fyrst --

Héðan er annars allt gott að fréttu, mikið talað um filmutökuna í Grindavík,¹ enda ekki að furða þegar svona mjög svo ómerkilegt pláss í veraldarsögunni, allt í einu fær svo fræga gesti. Grindvíkingarnir máluðu húsin sín svo mikið og fallega í fyrra að þeir voru nærri búnir að eyðileggja plássið fyrir filmutökuna, en bæði er austanrigningin trygg við okkur, og málningin úr Hörpu léleg, svo núna kemur þetta ekkert að sök lengur. Bárujárn farið að ryðga að nýju og girðingarnar skakkar og snúnar; sem sé, hið rétta andrúmsloft. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 19.5.1954.

Hinrik Sv. Björnsson hafði fengið bréf frá Áslaugu þar sem hún lýsir því hvernig áfall Helga bar að höndum.

-- Hún var að taka niður bréf frá honum sem hann las henni fyrir, en sagðist vera ógurlega þreyttur, en hélt samt áfram. En svo segir hann: *Mér finnst ég vera svo þreyttur, að ég sé að brotna*; og um leið hné hann fram á borðið. Síðan var læknir sóttur og var yfir honum í 2 kl.; en hann álitur að hann muni með langri hvíld fá sig góðan, þó mér finnst þetta mjög alvarleg viðvörðun, þá er samt von um bata. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 21.5.1954.

Skrifar glöð í bragði. Hafði fengið bréf sem Helgi skrifaði sjálfur, segist ekkert lamaður, finnst þó hann vera eitthvað einkennilegur í tungubroddinum, en ekki loðmæltur og því væri líklega ekkert lengur sem amaði að.

Friede P. Briem skrifar Lóu Vennerström. Rvík, 20.5.1954.

Skrifar til að bjóða henni að búa hjá sér, á kvistinum, í herbergi Palla, sem er burtu, þó hún viti að hún hafi fengið íbúð v. Íslandsferðarinnar. Hún hafði áður vísað henni á bug þar sem Helgi hafði ætlað sér að koma og búa hjá henni með fjölskyldu sinni. Segir henni frá veikindum Helga. Lóa var mjög sjálfstæð og ákveðin kona. Til að gera henni til hæfis lýsir Friede hvernig hún getið haft það sjálfstætt, verið sjálfstæð um morgunmat, svarað í símann og opnað fyrir gestum með dyrasíma.

-- Það hefði verið mér mikil gleði ef ég einhvern tíma á ævinni hefði getað sýnt þér í verki, að ég hefði kunnað að meta þá mörgu ánægjudaga, sem ég hef notið hjá þér, ýmist ein, eða með mínum elskulega Geira, en svo hefur aldrei atvikast að það gæti orðið -- Nú þegar ég veit að þú ert að koma hingað langaði mig svo mikið til að stinga upp á því við þig hvort þú vildir nú ekki breyta til og verða hér heldur. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 30.5.1954.

Bréfið skrifað til að samgledjast þeim með hressingardvölina í Cornwall og að Doris fái tækifæri til að hitta fjölskyldu sína í Birmingham.

Skrifar líka um útgáfu enskrar útgáfu bókarinnar um Ísland, með myndum eftir Hans Malmberg og texta Helga. Bókin hafði áður komið út á sænsku.

-- Mikið fannst mér þú Helgi komast vel frá formálanum í ensku bókinni þinni. Gæti ég trúað að fáir hefðu getað skrifað hann snjallari, og það ætti eftir að hafa sín áhrif, til að auka skilning á þessu áhrifamikla landhelgismáli. Mikið fannst mér gaman að bókin skyldi vera komin út fyrir forsetakomuna. --

¹ Taka á Sölku Völku eftir Halldór K. Laxness.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 6.7.1954.

Ræðir við bróður sinn um heilsu hans og sölu á bifreið hans sem Geir Stefánsson (heimkominn frá Svíþjóð) annast fyrir hann.

-- Þá er Theodór (Líndal) orðinn prófessor. Lárus Fjeldsted (félagi hans) hvatti hann til að taka við þessari virðingarstöðu -- hann getur átt málflutningsstofuna áfram, enda væri óþarft fyrir hann að selja þar eð hann á tvo syni í faginu, og sem gætu tekið við ef svo vildi verkast. Annars veit ég ekki hvað ákveðið er með það, en Páll hefur gott orð á sér sem duglegur og skarpur starfsmaður. Bergljót varð stúdent núna og ætlar að byrja hjúkrunarnám -- svo fara Theodór og Hilda á lögfræðingamót í Osló -- á Theodór að halda þar fyrirlestur og virðist nú allt brosa við fjölskyldunni. Eini skugginn er með Jón litla, son Palla, sem er ákaflega framfaralaus og sjálfsagt eitthvað vanheill, blessaður litli drengurinn, hann er orðin tveggja ára en ekki farinn að ganga ennþá. --

Segir frá ofnæmi sínu og rannsókn Niels Dungals. Reyndist hún ofnæm m.a. fyrir dún, mjólk, rúgi, súkkulaði o.fl.

-- Skipti engum togum að þegar ég fór að sofa við teppi og hætti við þessar fæðutegundir var ég alheil og hef verið eins og önnur manneskja síðan.

Fjallar um 25 ára sjúkdómssstrið, lækniðagerður, endurteknar kirtlatökur.

Þá segir hún frá giftingu Helga Guðmundssonar bankastjóra er hafði verið giftur Karitas Ólafsdóttur frænku hennar. Börn hans séu ekki óánægð.

-- En Dú¹ mágkona hans er bálvond, skil ég ekki af hverju, en hún hefur alltaf verið með einhvern skæting. Annars er hún í boðsferð til Rússlands, sem stendur, það fer að verða þó nokkur hluti Reykvíkinga sem ýmist hefur farið í boðsferð til Rússlands, Ameríku eða Kína, svo Íslendingar fara sannarlega að verða viðförl þjóð Ekki skal ég segja hvort allir hafa jafn mikið gagn af þessum ferðum, sérstaklega ef þeir eru alveg mállausir, en flestir eru hrifnir áður en þeir leggja af stað, og það er oftast óbreytt þegar heim kemur, því okkur er alltaf að fara fram með kurteisina og hví skyldum við þá fara að lasta svona mikla gestrisni. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 9.7.1954.

--Ég fékk bréf frá Helga, var hann staddur í London, en Doris og Sylvia í Birmingham. Mér fannst Helgi heldur daufur í dálkinn, sagðist þreystast mjög ef hann þyrfti að tala mikið. Veðrir væri óstjórnlega leiðinlegt -- Ég gæti trúað að hann kynni því illa að eiga að hvíla sig, enda alls ekki búinn að læra það, sem ekki er von, jafn starfsamur að eðlisfari.

Ég var í 35 ára stúdentshófinu² og þar var nú gaman. Allir í þessum hópi eru mér svo góðir að leitun er á öðru eins, enda kunni ég reglulega vel við mig í alla staði. Við Lóa sátum við háborðið milli Bolla og Theodórs.³ Annars var mátulega mikið af ræðum -- Bolli þykir mér hinsvegar leiðinlegur ræðumaður, en kannske það falli ekki í minn smekk, vegna þess hvað hann talar oft um pabba þinn í sambandi við ýmsa atburði, bæði í skóla og stúdentsafmælum; það hefur líklega verið svona skemmtilegt þegar það gerðist að enginn getur gleymt því og bekkjarbræðurnir skemmta sér vel þegar minnst er á það. --

Hófið stóð svo til kl. 3½ og fóru þá meira að segja ekki allir beint heim. Bolli vildi endilega fá Sigurð⁴ bróður sinn --

Svo vildi Einar Magg⁵ endilega fá Hildu og Theodór með sér og fá kaffi, en þegar þangað kom sat Rósa (kona hans) bara í kápu og var eins og gestur, en Einar bjó til kaffið, og bauð þeim glaðklakkalegur að gera svo vel. En þá vantaði alla bolla og annað sem þykir nauðsynlegt við kaffidrykkju, svo hann dreif sig í að ná í sparibollana og missti þá nokkur stykki í einu sem brotnuðu þá ýmist til hálfis eða fulls, en þá vaknaði Rósa. Einar lofaði fullum bótum og var kaffið drukkið í bróðerni -- og hófinu lauk.

Lóa frænka þín (Vennerström) býr her -- Hún er dálítið kostulegur gestur og ekki beint lík því að hún væri mér nátengd -- Palli var heima (um helgina) eftir að hún kom. Þó hún vissi að hann væri hér kom hún ekkert inn til að heilsa honum. Var Palli dálítið særður, sérstaklega vegna þess að hún var í hans herbergi,

¹ Þórhildur Ólafsdóttir systir Karitasar. Þá forstöðukona barnaheimilisins Tjarnarborgar, síða Laufásborgar.

² Samstúdentar Ásgeirs buðu Friede ávallt á sína samfundi. Að þessu sinni einnig með Lóu mágkonu sinni Vennerström.

³ Bolli Thoroddsen (1901-74) vefrfræðingur og Theodór B. Líndal.

⁴ Sigurður Thoroddsen (1902-83) verkfræðingur.

⁵ Einar Magnússon (1900-86) síðar rektor M.R.

og þar hafði hún tínt myndirnar ofan af veggnum, þ.e.a.s. trúðinn.¹ Það er vandi að hafa gesti, en kannske það sé ekki síður vandi að vera gestur! --

Við höfum haft ógurlega mikið að gera, en nú býst ég við að það fari að minnka. Jóna² vinnur hér ennþá -- Ég kvíði að missa hana.

Er að ljúka miklu sjótjónsskjali fyrir Valgarð Briem hrl. og segist verða eftir það frjáls manneskja.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 15.7.1954.

Ræðir enn um heilsu hans. Segir frá Margréti Árnadóttur veitingakonu í Oddfellow, sem er komin heim frá Stokkhólmi eftir aðgerð.

-- mátti segja að hún kæmi alltaf að því aftur hvað þú hefðir verið henni góður, og miklu meira en það, svo notalegur, uppörvandi og gjafmildur; fræðandi og undursamlegur. Hún þurfti ekki að lýsa því fyrir mér, samt fannst mér það svo dásamlegt að heyra það frá öðrum. --

Eggert Ásgeirsson:

Steingrímur Sigurðsson

Steingrímur Sigurðsson er kominn hingað í Síðumúla til kaupavinnu, afvötnunar eða annarrar ástæðu. Hvað um það, þá plagar hann okkur hér á Laugarmel sérhvert kvöld, kjaftar, drekkur kaffi, les upp úr óúgefinni bók, svo aldrei er neitt kvöld frí frá honum. Ég verð bráðum vitlausari en ella. Það er líka helvíti hart að geta aldrei haft stundlegan frið, manns góðu vinir úr sveitinni eru hættir að líta inn, ekki af því að hann sé svo hroðalega leiðinlegur. Þannig er að sonur Sigga gráa talar slíkt mál að þeir sem eru ólangskólagengnir skilja hann ekki. Þrátt fyrir nám alþjóðaðorða undir handleiðslu Óla Hans. verður maður iðulega að fletta upp orðum eins og *voiristi*, en Steingrímur er snarvitlaus Freudsinni, þekkir flesta hérlanda kynvillinga, án þess þó að taka þátt í þeirra skemmtanalífi. Náunginn hefur sjálfsag verið að upplagi greindarkvikind, en er nú mjög spilltur. Ekki vantar að hann komi ekki vel fyrir (aldrei kemur hann öðruvísi fyrir). Hann hefur sjálfsagt haft kjaftavit frá æsku en spillst gífurlega af því að alast upp í skólahúsi þar sem margt fullorðinni var sem eflaust hafa spilað með hann og gert hann *innbildskan*. Síðan hefur hann sem nemandi í skólanum aldrei verið tekinn sem fullgildur félagi vegna skyldleika við skólameistara, höfuðandstæðing nemenda og tortryggður af þeim sökum, enda segir hann þá oft hafa grunað sig um kjafthátt. Fyrst smakkaði hann vín eftir stúdentspróf og drakk sig þá dauðan. Hefur hann sjálfsagt viljað vera góður kamerat, gera eins og hinir, gengið skrefi of langt og sjálfsagt orðið að athlægis vegna þess hvernig fór. Eftir þetta hefur hann ekki fest sig við neitt.

Best tókst honum með Líf og list. Það gekk ágætlega, en hann drakk sig fullan eftir hverja útkomu ritsins; gerði þá tvennt í einu að eyða kapitali ritsins og vanrækja efnisöflun fyrir næstu útkomu.

Hingað er hann kominn m.a. til að skrifa bók, sem koma á út í haust. Segir hann hana eiga að vera mikla að vöxtum. Erfitt að hugsa sér að hægt sé að hrista góða bók fram úr erminni. Vinnur hann eitthvað að henni hér, við mikla eigin hrifningu, kemur svo hingað í heimsókn og les árangurinn upp. Hugsun hans er að skrifa skáldsögu sem byggist á eigin líffsögu, þar sem hann gerir alveg hreint fyrir sínum dyrum. Komi sjálfsævisagan inn sem millikaflar en uppistaðan verði skáldsögulegs eðlis, aðallega fantasía. Ekki verður þó berlega sagt frá nöfnum, enda allt með sniði skáldskapar. Söguhetjan sé aldrei nefnd annað en hann. Get ég ekki annað séð en það sé mjög torvelt þar sem frásögninni hættir til að verða einhæf. Það sem gerir þetta enn torveldara er að Steingrímur gerir ekki ráð fyrir að nefna sannsögulegar persónur sínar eigin nöfnum, og ekki breyta þeim, heldur ætlar hann sér vísast að tala mest um aðra menn sem þá og kemur það fram í þeim köflum sem ég hef heyrt.

Einn kaflinn byrjar svona: Það var helvíti að vera svona lítill, það var helvíti að vera ekki sterkur, það var helvíti að mega ekki vera í friði fyrir stærri strákunum ... Í framhaldinu segir þegar bræður hans hrektu hann sjö ára gamlan ásamt vinum sínum. Hvernig þeir kaffærðu hann í tjörninni fyrir framan skólahúsið, fyrir framan alla þess nemendur. Hann lýsir breytingunni sem verður í huga hans frá því að hann kom sæll út með heita köku sem mamma hans hafði gefið honum beint úr ofninum, eftir að hafa verið að lesa Njálu. Síðan er hann kaffærður, og allir hlægja að honum. Sagan altók hann, en hann harkaði af sér, grét ekki. Þetta getur komið skemmtilega fram, en Steingrímur er greinilega haldinn þeirri *idé fixe* að hans misheppni í lífinu sé öðrum að kenna, hann reynir ítrekað að kasta skuldinni af sjálfum sér. Rétt getur verið að uppeldisskilyrði ungra manna séu ekki góð innan um eintómt eldra fólk, einkum í skólahúsi þar sem menn hafa gaman af bráðþroska strák, sem líklega hefur haft kjaftavit og gerir hann því oft uppivöðslusaman.

Verst hefur honum þótt að ganga sem sonur skólameistara gegnum skólann. Hversu góður sem skólameistari er, fer ekki hjá því að nemendur líti á hann sem óvin, að einhverju eða öllu leyti. Börnum hans er því þröngur stakkur skorinn í félagslífi skólans. Forystumenn nemenda eru oftlega forsvarsmenn gangvart skólameistara og sjálfsagðir andstæðingar. Er því eðlilegt að börn hans hefjist ekki til valda meðal nemenda. Væri látið þar við sitja þyrfti þetta ekki að hafa áhrif á börnin. Hætt er við að þau fái ekki að komast inn í skólalífið og fyrir þeim sé haldið leyndum ýmsum ráðagerðum. Enda hefur Steingrímur orð á því að oftsinnis hefði mátt finna hvernig umræður féllu niður þegar hann birtist. Það er erfitt að komast öðru vísi en særður frá slíku. Hver og einn sem er svo óheppinn í slíkt að komast verður að streytast gegn því að láta það hafa áhrif á sig. Þetta hefur Steingrímur ekki gert. Hann hefur orðið *introvert* af öllu saman en skellir skuldinni á bræður sína og skólasystkin og vill þannig hlaupast frá ábyrgð. Úr öllu saman kemur brotinn karakter. Hann neyddist upphaflega til *introvertisma*, þótt hann

¹ Eftir Georges Rouault, uppáhaldslistamann Palla.

² Jóna Gróa Sigurðardóttir (), síðar borgarfulltrúi.

hafi sjálfsagt verið ósköp venjulegur. Strax og losnar um breytist hann í *extrovert*, til að vinna upp það sem á hann hafði fengið. Af rótum sjúklegs *extrovertisma* sprettur bókin; óþverralegur pappír þegar um það er að ræða að kenna bræðrunum um ófarir lífsins. Foreldrunum ekki, til þess dáið hann þau of mikið, þótt eflaust megi finna sök hjá þeim vegna skilningsleysis þeirra á drengnum.

Annað

Eitt sinn sem oftast kom ferðamaður að Húsafelli og hitti þar Kobba gamla. Ferðamaðurinn sagði: Komið þér sælir. Kobbi svaraði: Komdu sæll. Ferðamanninum þótti þetta, brást illa við og sagði: *Hvenær kom okkur saman um að þúast?* Þá svaraði Kobbi: *Hvenær kom okkur saman um að þérast, væni minn?*

--

Ferðamenn áttu leið í bíl að Kalmannstungu. Leiðin lá framhjá Hraunsási í Hálsasveit og yfir óbrúað Deildargil. Bíllinn komst ekki yfir ána og stóðu ferðamennirnir uppi hjálparlausir. Varð það til ráða að fá einn soninn á Húsafelli til hjálpar. Var það auðsött mál, en pilturinn heyrðist segja: *Það er allt í lagi að sækja fólkið, en verst þykir mér ef ég þarf að þera þetta fólk.*

--

Í byggðasafninu í Glaumbæ í Skagafirði var til forlata náttkoppur, girtur. Gjarðirnar eru fagurlega mynstraðar. Þegar forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson kom þangað í heimsókn var koppurinn fjarlægður og læstur inni í skáp. Þótti ekki viðeigandi að forsetinn sæi slíkan grip.

Sumarið 1954

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 8.9.1954.

Skrifar honum sestum aftur í skrifborðsstólinn sinn.

-- Ég fékk fréttir af þér gegnum Guðmund Hlíðdal¹ og sagði hann að þú værir hress, eins og ekkert hefði í skorist. --

Hefur ekki lengi fengið bréf, sem þau sakna skyldmennin, finnst þó að hann sé að læra að hvíla sig, megi ekki nota nætturnar til að skrifa henni og fjölskyldunni. Bréfaskrif megi ekki ganga yfir nauðsynlegan hvíldaríma.

-- Ég var að gamni mínu að lesa bréfin frá þér, og það má heita að hvert einasta þeirra sé skrifað seint á kvöldin vegna þess að þú hefur ekki haft tíma að deginum.

Segir frá veikindum í fjölskyldu Eggerts bróður þeirra og barnanna: Gunnlaugs, astma; Ragnheiðar, ókenndur sjúkdómur; Steinunnar, mjög slæm í tönnunum. Skúli læknir, afi barnanna er háaldraður, lasburða, dó reyndar nú dögum síðar.

-- En ekki er að tala um heimilisbraginn, allt umvafið kærleik og samheldnin einsdæmi --

Lóa Guðmunds. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Karlstad. 23.9.1954.

Þakkar mörgum fögrum orðum móttökurnar í Tjarnargötu sem gert hafi Íslandsferðina stórgóða en þær hafi ekki haft mikinn tíma til að hittast, vegna anna beggja, en heimsóknin virðist hafa verið stórgóð. Síðan var hún veik þegar heim kom en virðist nú komin yfir það. Þá tók við leiðinlegt afmæli tengdaföður Guðmundar sonar hennar og eftir það heimsókn í garðinn Rotneros sem er fullur af myndarstyttum, og sem henni fannst allt bera merki viðskiptahagsmuna.

Segir fréttir af Astrid dóttur sinni sem er á saumaskóla, en hún varð fatahönnuður og er enn þó fullorðin sé.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 29.9.1954.

Enn er Helgi að hjálpa systur sinni um innkaup á ritvél. Ráðgast þau um hentuga leturgerð. Hann virðist hafa ráðlagt henni að fá umboð fyrir vélina, en henni lýst ekki rétt vel á það. Þá ræddi hún fráfall Skúla Árnasonar, læknis, tendaföður Eggert bróður hennar.

Þá ræddi hún líka um það sem hún hafði heyrt frá Kristni Guðmundssyni, utanríkisráðherra, um að Helgi flytjist til Bonn. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Helga P. Briem. Rvík, 29.9.1954.

-- við Palli erum komnir fyrir nokkru úr sveitinni, hressir og að flestu leyti ánægðir. Þarna var afargott að dvelja, næði gott og þess á milli ánægjuleg umgengni við fyrirtaks nágranna. Að sjálfsögðu nýttist næðið misvel hjá hverjum einstökum, eins og gengur --

¹ Guðmundur Hlíðdal (1886-1965), póst-, og símamálastjóri. Hann var faðir Einars Hlíðdals bekkjarbróður míns og varð ferðafélagi minn í jöklaféðurn.

Eftir að ég kom heim fór ég að meta árangurinn af allri þessari vinnu. Ég spurði sjálfan mig að því hvort afrakstur vinnunnar hefði verið sá sem gera hefði mátt kröfur til. Ég verð að viðurkenna að útkoman arð ekki sú sem ég hefði viljað og þegar ég reyndi að komast til botns í hvernig á því hefði staðið, þá fékk ég þetta út.

Eftir að ég innritaðist í læknaeildina sló ég mjög slöku við lengi framan af. Þegar fór að líða að prófi las ég af miklu kappi -- þannig að ég hélt að mér væri óhætt. Eins og þú veist skreið ég í gegnum fyrri helminginn, en fór hallloka með litlum mun á síðara helmingnum. Miðað við fyrri einkunnina hélt ég að ég gæti fengið betra út á síðara prófinu. Þetta var alger tálvon og ég sjokkeraðist alveg hræðilega þegar í ljós kom að ég var fallinn. vissulega sá ég þegar ég fór að hugsa málið, að miðað við frammistöðuna átti ég fullkomlega skilið að falla. Sárgrætilegast fannst mér samt að vera svo taugaveiklaður að geta ekki sagt hluti sem lágu í augum uppi. --

Eftir fyrri próflesturinn var ég örþreyttur, auk þess sem áreynslan við að setjast aftur og lesa á ný bækur, sem ég hafði haldið og vonað að ég þyrfti ekki að læra framar, var svo mikil að ég held að um beina afturför hafi verið að ræða. Þess vegna fór sem fór. Ekki varð ég þó fyrir neinu áfalli, því baráttuhugurinn var enginn og í hjarta mínu vissi ég alltaf að svona myndi fara.

Hversvegna lagði ég ekki niður rófunu og sagði skilið við þetta og sneri mér að einhverju öðrum sem gagn gæti verið í? Um margar ára bil hef ég grannskoðað sjálfan mig og spurt á hvaða sviði ég gæti orðið til gagns fyrir náungann, sjálfan mig og fólkið mitt. Ég reyndi að draga fram fyrir eigin dóm alla mína kosti og galla. Að telja þá upp væri langt mál og leiðinlegt. Sá kostur sem ég áleit bestan hjá mér var samúð mín með náunganum, sem er illa farinn, sérstaklega sé hann það fyrir eigin tilverknað. Þannig er ég enn að vona að ég teljist ekki montinn, þótt ég telji mig fremur góðan mann en hitt; þó held ég ekki að ég sé gauð sem láti vaða ofan í mig. Hinsvegar er minn stóri ókostur að ég hef aldrei verið námsmaður. Ekki fyrst og fremst vegna heimsku, heldur einnig, kannski aðallega vegna þess að ég á ákaflega erfitt með að einblína lengi á ákveðið mark þar sem ég hef vakandi áhuga fyrir miklu fleiri hlutum. --

Það hefur ýtt undir mig að halda áfram að sú reynsla sem ég hef fengið af læknisstörfum hefur styrkt mig í þeirri trú að ég gæti orðið hlutgengur á því sviði. Þeir sem ég vann með á (Hvítabands)spítalanum, bæði læknar og hjúkrunarkonur, hafa hvatt mig til áframhalds. Þeim virðist því hafa líka vel við mig, enda lagði ég mig allan fram um að svo mætti verða. Starfið var afar erfitt og vinnutími takmarkalaus, en ég naut hvernar mínútu, enda er ég, held ég ekki, latur að eðlisfari.¹

Þegar ég athuga gengi mitt við lestur frá því er ég féll í fyrra skiptið sé ég að afköst hafa farið minnkandi með hverjum mánuðinum. Einkum er það vegna þess að ég er þreyttur að hafa mörg ár setið við sömu bækurnar, aldrei neitt nýtt. -- Þegar ég auk þess treysti sjálfum mér ekki til að rísa undir því að falla aftur. Þá er sjálfhætt. Vissulega tekur mig það sárt, en við því verður ekki gert -- og þarf kjark til.

Á þann hátt kemst maður helst hjá erfiðleikum í lífinu að fara menntavegin og hans troðnu slóðir til embætta án þess að verulega reyni á, að því tilskyldu að maðurinn hafi námsgetur. Hafi hann úr minna að spila getur hann sótt verslunarskóla eða iðnskóla. Alls staðar eru til troðnar slóðir.

Ég spyr sjálfan mig. Hvað ætlar þú að taka þér fyrir hendur? Fátt verður um svör. Spurningunni verður að snúa við. Hvað vilt þú ekki taka þér fyrir hendur? Eftir allt þetta er ég ákveðinn í að hald ekki áfram á skólabekk, þótt ég verði að viðurkenna að það er harla fátt sem stúdent, ómenntaður að öðru leyti, getur tekið sér fyrir hendur. Auk þess sem sá hinn sami vill ekki selja sál sína til Keflavíkur eða hneppa hana í pólitísk flokksbönd. Ég er óhræddur við hvað sem er. Síður vil ég samt fara í verkamannavinnu eða á togara vegna þess að hætta væri á að ég myndi festast þar. Ég er ekki svo líkamlega hraustur að ég héldi það út til lengdar og biði þannig tjón á heilsu minni. Aðra vinnu er yfirleitt ekki hægt að finna nema eftir kunningsskaparleiðum, sem neyðin rekur menn út á. Þar er fremur fárra fanga að vænta fyrir mig, því enda þótt ættingjarnir og kunningjarnir séu margir, þá er þetta yfirleitt fólk sem á lítið undir sér af veraldlegum gæðum.

Ég veit að þú ert mér vinveittur og ég á hauk í horni þar sem þú ert. Þess vegna leita ég til þín. Getur þú ráðlagt mér eitthvað? Væri von til að ég gæti fengið eitthvert starf hjá þér, nú eða síðar? Færi svo vil ég þig að láta mig ekki fá það af tómri miskunnssemi, og ekki nema þú teljir þig geta haft gagn af mér. Ef til vildi gæti ég undirbúið mig með einhverju mótí. Ég segi eins og er að engin framtíð er á þessu sviði fyrir ómenntaðan mann. En mig langar og þarf að gera eitthvað og álít að ég geti að mörgu leyti haft gott af að vinna undir þinni stjórn. Ég veit að þú ert kröfuharður og mikill verkmaður og það er gott hverjum -- (niðurlag vantar).

¹ Hér á ég við tveggja sumra starf sem „kandidat“ á Hvítabandsspítala.

Eggert Ásgeirss. skrifar Helga P. Briem. Rvík, 7.11.1954.

-- Ég þakka þér kærlega fyrir þitt indæla og vingjarnlega bréf, sem reyndar hefur dregist fyrir mér að svara vegna þess að ég hef hangið í svo lausu lofti án neinna ákvarðana.

Nú hefur ræst úr fyrir mér og vona ég að til frambúðar verði. Eggert frændi hefur hjálpað mér til að komast að hjá Eimskip, sem einhvers konar aðstoðarmaður hans. Er ætlun hans að ég vinni við hluthafaskrána, *statistikk* og fara yfir og endurskipa niður gömlum skjölum, sem eru bæði fyrirferðarmikil og í óreiðu. Ég vona innilega að ég verði til gagns og að honum falli við mig frá því fyrsta til hins síðasta. að mér skilst er ekki þörf á sérmenntuðum manni til þessa starf, heldur manns sem hefur áhuga. Ekkert nema reynslan getur þó skorið úr um hæfni mína. Einn er þó galli við mig að ég skrifa illa, enda hef ég litla tilsögn fengið í því.¹ Ég reyni mitt ítrasta til að bæta rithöndina og vona að vel gangi þótt fátt sé verra viðfangs -- Ég vona að þið séuð öll við góða heilsu og flutningurinn til Bonn færi ykkur gæfu. --

Ömmu líður vel, þótt alltaf sé hún hneigð til svartsýni, en við sem umgöngumst hana mest höfum alltaf best lag á henni því vondeyfðin á sér ekki djúpar rætur og auðvelt að láta hana gleyma henni með því að leiða talið að öðru. --

Eggert Ásgeirss.: Starfsumsókn til dr. med. Jóns Sigurðss borgarlæknis. Rvík 11.12.1954.

Sótti um stöðu eftirlitsmanns við heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík. Honum var veitt staðan frá 15.1.1955.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 21.12.1954.

-- Fyrir löngu ætlaði ég -- að skrifa þér hversu hugfangin ég var af þínum þætti af Sigurði búnaðarmálastjóra. Mikið er það skemmtilegt að þér skyldi takast að fá þessar upplýsingar hjá Sigurði áður en hann dó, og síðan að festa þær svona skemmtilega á pappír. Það er mér alltaf ráðgáta hvað þú kemst yfir að gera, auk þeirra umfangsmiklu starfa sem þú hefur alltaf með höndum. Og minnið þitt, það er býsna ólíkt mínu, allt hripar jafnan úr mér. Helga (Sigurðardóttir) var afskapleg ánægð með þennan kafla; var ég eitt kvöld hjá henni að grúska í gömlum bréfum. Þótti mér sérstaklega skemmtilegt að lesa bréf frá pabba, o eins frá mömmu eftir að pabbi var dáinn; er hún að biðja Sigurð að útvega sér trjáplöntur. Það er einkennilegt að handleika svona gömul bréf, sérstaklega eiginhandarbréf. Það er eins og allt verði sálarlausara þegar ritvélin tekur við, þó þægindin séu mikil, þá hverfur þessi persónulegi blær.

Jón Nordal koma að heimsækja mig um daginn, borðaði með okkur og sat og spjallaði í rólegheitum. Nú er hann kennari í tónfræði við Tónlistarskólann í fjarveru Jóns Þórarinssonar, sem er í Vín. Ekki heyrðist mér á honum að pabbi hans ynni nokkuð að ritstörfum, nema ef um smáfyrirlestra eða annað þvílíkt væri að ræða. Þó hefur hann framúrskarandi starfslið í sendiráðinu, og svo líka er Danmörk eina landið sem hann er sendiherra í.² Ósjálfrátt verður manni á að bera ykkur tvo saman, en þú líka ætlar þér varla af hvað vinnu snertir, fyrr en þú mátt til; vona ég að þú gleymir því ekki, að þú mátt ekki misbjóða þér lengur.

Nú er Eggert Ólafur farinn að vinna á skrifstofu Eimskipafélagsins. Var það Eggert (Briem) sem útvegaði honum vinnuna sérstakt starf við hlutabréfin, en hélst ekki á honum, þar eð mann vantaði í afgreiðsluna. Finnst mér það sannarlega heppni fyrir Eggert Ólaf að komast að hjá svona stóru fyrirtæki, þar sem ég tel ýmsa möguleika fyrir ungan mann, ef hann reynist vel, og það vona ég að guð gefi. Þetta hefur verið svolítið erfitt tímabil, en það er margt sem maður verður að komast í gegnum í lífinu, og enginn veit hvar maður finnur mesta fullnægju og hamingju. --

¹ E.Á. var og er örfhentur og á hans uppvaxtarárum var slíkur skavanki litinn hornauga af kennurum og afræktur.

² Enda mun hann hafa verið ráðinn fyrst og fremst til að koma handritamálinu í höfn, sem tókst.

1955

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 16.1.1955.

--Ég hef haft mjög mikið að gera í vetur, varla um frjálst höfuð strokið, við Dídí erum nú bara tvær á skrifstofunni, Eggert hjálpar mikið til með samlestur í sínum frítímum -- Við höfum nýlokið mjög miklu fyrir sakadómarann, 3-400 bls., svo nú er ég svolítið frjálssari í svipinn --

Annars líður okkur öllum vel og var Eggert Ólafur í gær að byrja vinnu sína hjá borgarlækni og vona ég að hann verði ánægður með starfið, enda er víst óhætt að gera ráð fyrir að allt viðvirkjandi heilbrigðiseftirliti hér eigi fyrir sér að aukast.

-- Sem betur fer er ég ekkert *blönk*, enda er Eggert nú farinn að borga með sér blessaður. --

Lóa Vennerström skrifar Friede P. Briem. Karlstad. 16.1.1955.

-- þegar ég heyri útvarp frá Íslandi finn ég að ég er orðin „foreigner“ þó sárt sé, en með „vanalegu“ fólki 45-70 ára er ég ennþá íslensk, því það talar sama mál og ég. --

Ég sá Sölku Völku nýlega. Ég vissi fyrirfram að það myndi verða voðalegt, því Svíar eyðileggja bókstaflega allt *material*, en svona yfirgnæfandi „smörja“¹ sem þeir hafa gert úr bókinni er ófyrirgefanlegt. Ekki var neitt sem gaf, nema sjórinn sem féll að bláum sandinum - merkilegt að þeir skyldu ekki eyðileggja bylgjurnar líka. Mikið hlýtur að vera ógurlegt fyrir Kiljan Laxness að vera við frumsýningar hér og upplifa svona misþyrmingu á þó nokkuð góðri bók --

Segir það vera andlega fátækt að fara að lesa gamlar bækur hans aftur.

-- Í þessu máli erum við ekki á sömu bylgju, en það gerir ekkert til. Hann getur verið frámunalega góður rithöfundur þótt hann falli ekki að mínum smekki. Vildi ég óska að ég hefði aldrei hitt hann persónulega, þá hefði ég kannski getað melt hann; að kynnast honum var hræðilegt. En ég hef alltaf -- viljað vita neitt um privatlíf rithöfunda, mér finnst það ekki koma mér við, en það atvikaðis svo illa að ég sat hjá honum og seinna heimsótti hann mig. Ekki svo að skilja að persónulega hafi (*verið*) neitt óviðfeldið við hann, hann var bara ógleymanlegar ógurlegur, og ég er ekki nógu stór í mér að aðskilja persónuleikann frá hlutverkinu. --

Hvað ég hugsa oft til ykkar í stóra rúmgóða húsinu og hvað ég -- hafði það dásamlegt og ógleymanlegt. Hvenær ætlar þú að taka þér frí frá vinnu - og *familien*? Það er auðvitað gott með góða *familíu*, en 365 daga á ári, er of mikið af *familien*. Þegar ég verð leið á stelpunum sting ég af út að Glänne og þar spilli ég börnunum í allskyns sporti og spilamennsku og gef mér nógan tíma með þeim.² --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 20.1.1955.

Segir Eggert Ólafí, starfi hans; mun hann verða sendur til náms og þjálfunar í starfinu í Stokkhólmi. --

-- Annars er þessi vinna fólgin í allskonar eftirliti þar sem framleidd eru eða seld matvæli og þarf hann að fá bíl þegar hann er búinn á námskeiðinu í Svíþjóð og mun þá fá einhvern bílastyrk mánaðarlega og kannski einhverja hjálp til að eignast bílinn. --

Ætli það standi ekki nokkurn veginn að þú verðir farinn þaðan? --

Segir frá námi Ragnheiðar Eggertsdóttir Briem, sem er með hæstu einkunnir í Verslunarskólanum, en leggur, kannski of hart að sér. Steinunni gengur vel í tónlistarnáminu og ætlar að vera í London í vetur.

-- Mér finnst reglulega gaman að heyra hana spila núna, sérstaklega nútímamúsik, þó er hún aldrei fullkomlega örugg í taktinum, en ég efast ekki um að það komi eins og annað. --

Lífið er svona ef fólkið setur markið hátt, eilíf próf, erfiðara og erfiðara með hverju árinu, taugaspenningur og eldraunir. Ætli maður sé ekki bara heppinn þegar maður hefur engin markmið, dagarnir bara líða áfram, stundum skemmtilegir, stundum leiðinlegir, vinna og hvíld til skiptis, svo hægt er að njóta hvors tveggja. Annars engar *ambitionir*, bara miðlungsmanneskja. Heimurinn yrði náttúrlega dálítið leiðinlegur ef allt fólkið væri svona og enginn stæði upp úr.

Jæja, Cilla frænka¹ er nýbúin að vera hér á ferð, Hún er eitt af undrum veraldar; að búskaparhneigðin skuli koma svona seint fram; maður veit svo sem ekki mikið hvað í manni kann að búa, þó maður sé kominn á

¹ Neikvætt: Óþverri, drasl.

² Lóa hugsar ekki út í að hún væri á landshöfðingjaeftirlaunum, en Friede engum. Lóa leitar að tilbreytingu, en það skorti Friede ekki, en starfið og fjölskyldan sem hún stjórnaði og fyrirtækið krafðist mikils..

sextugsaldurinn! Cilla bjó með Sigurbjörgu fösturdóttur sinni hjá Hildu og Anní (*systrum hennar*), en annars var hún í heimsóknum frá morgni til kvölds, hjá kunningjum og vinum, en Jón (sonur hennar) bjó hjá Palla (móðurbróður sínum) og Inger í Hafnarfirði. Húsið í sveitinni er nú komið undir þak, en allt ógert inni og engin hitunartæki komin í það, og kostar nú rúm 150 þús. kr. Cilla býr í tveggja herbergja íbúð og hefur aðgang að eldhúsi í Borgarnesi, hefur ekkert að gera nema hugsa um heimilið fyrir börnin, því Guðbjörn er hér og hefur sína vinnu. Ég segi bara það að Cilla hafði ekki áhyggjur af framtíðinni, og því skyldi maður þá hafa það fyrir hennar hönd. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 2.2.1955.

-- Ég var að skrifa Zontakonu í Ameríku bréf á ensku; finnst mér hreinasta þrekvirki að koma því frá, og þó verð ég að sækja hjálp til bæði Eggerts og Palla, að maður tali ekki um orðabækurnar. --

Sendi bók Helga Iceland and the Icelanders og gleðst yfir því að geta sent slíka bók, með fallegum myndum; sama að segja um bók hans og Hans Malmberg.

-- Siggí Línal var að ljúka fyrri hluta lagaprófs og tók ágætt próf. Þó er ekki alveg laust við að námsleiði geri vart við sig hjá honum, þrátt fyrir hans miklu námshæfileika og góðu gáfur. Það er gert svo mikið að því að þyngja námið í öllum greinum, að jafnvel þeir sem eru verulega miklir námsmenn og lifa og anda í bókum þreytast svo, að það flökrar að þeim að sjá eftir að hafa lagt út í þetta. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 17.2.1955.

Er heldur glöð því hún er búin að fá ritvél af Torpedo-gerð sem Helgi keypti fyrir hana og leysir af hólmi aðra sömu tegundar sem hún var búin að nota í sautján ár. Hún var viðkvæm þegar hún setti dúk utan um vélina og fór með hana í kjallarann.

Hefur verið að útvega pláss fyrir Álfheiði Sylviu í sveit. Komu margir bæir til greina, Hvítárakki, Hólar og Hrafnkelsstað en ekkert ákveðið, því alls staðar voru einhver vandkvæði. Varð skömmu síðar úr að hún færi að Seglbúðum í Landbroti (Sjá: Minningar mínar.) en þaðan var Jón Helgason bekkjarbróðir Páls og Margrét Helgadóttir, kona Erlendar Einarssonar hjá SÍS, og vildi allt gera til að úr því yrði.

-- Jóhannes Nordal kom hér um daginn með dóttur 4½ mánaðar og konu sína Dóru. Var það skemmtileg og glæsileg þrenning, sú litla er bæði falleg og gáfuleg.² Páll Línal og Eva komu líka með Þórhildi, sem nú er orðin fjögurra ára, mjög sjálfstæð persóna, greind og ákveðin. Var mjög gaman að fá þau í heimsókn; Páll og Jóhannes eru báðir bráðskemmtilegir og njóta sín vel saman. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Helga P. Briem. Rvík, 3.4.1955.

Segir fréttir af fjölskyldunni, handleggsbroti Þórhildar systur Helga o.fl. Einnig segir hann frá starfi sínu og biður hann um aðstoð við að útvega ýmsar samþykktir um heilbrigðismál. Þá segir hann frá því að hann hafi tekið að sér kennslu um tíma í vélritun við Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hafi gaman af og líki vel við nemendur sína.

15.5.1955 eignaðist Eggert dóttur með Ingibjörgu Andrésdóttur, sem var skírð: Ingibjörg.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 19.6.1955.

Óskar honum alls góðs með sendiherrastöðuna í Þýskalandi, vonar að embættið verði ánægjuleg og ekki of erfitt. Hlakkar til að fá Álfheiði Sylviu til sín.

*Sigríður mágkona hennar er að fara til Steinunnar í London.*³

-- Sigrún (*Ísleifsdóttir*) Bjarnason⁴ átti áttatréðisafmæli þ. 17., komu Karilla⁵ og hennar maður til að vera hjá henni þennan dag. --Ingi Bjarnason¹ brenndist svo illa fyrir nokkrum vikum og hefur legið alltaf síðan.

¹ Cecilia Helgason, frænka hennar, flutti að Lindarkoti (síðar Lindarhvoli) í Þverársíðu. Byggði upp búskap, sem enn stendur með sóma.

² Þetta var Bera Nordal, síðar listfræðingur.

³ Var stundum brosað að því í Tjarnargötu 24 að hún tók með sér saumavél. Enginn skildi að vitanlega þyrfti hún að hafa eitthvað fyrir stafni.

⁴ Sigrún Ísleifsdóttir (1875-1961) frá Arnarbæli, Tjarnargötu 18, var systir Guðrúnar Briem, Tjarnargötu 20. Hún var ekkja eftir Björn Ólafsson (1862-1909) augnlækni og Þorleif Bjarnason (1863-) menntaskólakennara.

⁵ Karitas Björnsdóttir (1903-88), g. Andersen. Hún var dóttir Björns, fyrri manns Sigrúnar.

Hann brenndi sig á gufu í verksmiðjunni á Akranesi þar sem hann hefur unnið í vetur við efnafræðirannsóknir. Hann brenndist mest á fótum og þar er erfiðast að græða sárin, því þau eru svo djúp. Annars er hann næstum orðinn góður í andlitinu og á höndunum, en þó fær hann við og við mikinn hita svo hann er ákaflega veikur ennþá.

Skúli Skúlason² kom hérna áðan, var hann nýkominn frá Kanada, var þar á ferð í tvær vikur í boði NATO; voru í þeirri ferð 20 blaðamenn, Hann var mjög uppflyttr af ferðinni, þó hefði hann viljað skoða allt annað en þeim var sýnt, því þar var allt miðað við hernað --

Ég hef haft mjög mikið að gera -- byrjaði ég á bréfi frá nokkru síðan, og sem ég ekki lauk við, en bréfin mín þola enga geymslu, ef þau ekki komast strax af stað eru þau gersamlega úrelt, bókmenntagildið er af því tagi.

Palli var að koma úr veiðiferð frá Þingvöllum með silungakippu. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 5.7.1955.

Segir frá komu Álfheiðar Sylviu og ferðina að Seglbúðum og öllu umstangi í kringum það. Var það enn meira vegna þess að einhver flóð höfðu orðið, brýr skemmst og þurfti hún að fara fljúgandi. Álfheiður er hvers manns hugljúfi og allir keppast um að hafa hana hjá sér.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 28.8.1955.

Pakkar fyrir skemmtun sem hún virðist hafa haft af samferðalögum þegar þau komu til Íslands í sumarfrí áður en þau fluttust til Þýskalands. Álfheiður Sylvia er enn í Seglbúðum og gengur það hið besta.

-- Theodór var að gera upp skrifstofuna við Fjeldsted, því hann hættir það algerlega og helgar sig kennslustörfum eingöngu í framtíðinni og var Hilda mjög ánægð með útkomuna. Í stað þess að hún bjóst við skuldabagga, sem Theodór yrði að greiða voru þvert á móti góðar innstæður sem þau eiga von á næstu árum. Ég held að Theodór hafi líka verið hissa! Þetta er okkar á milli --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 25.9.1955.

Fjallar mest um reikningsskil þeirra milli eftir komu Helga til Íslands og ýmislegrar varðaði dvöl Álfheiðar Sylviu. Dásamar hún að hafa fengið tækifæri til að kynnast henni og ekki síst ánægð með öll bréfanna frá henni, bæði fyndin og fróðleg. Pakkar hún alla hans hjálp og höfðingslund sem hún er hrædd um að fjölskyldan noti sér um of. Eggert er um það bil að fra til Svíþjóðar.

Steinunn Briem hætti við konsert sinn þar sem Tónlistarfélagið var búið að skipuleggja sig fram að nýári. Fer til Rómar og framhaldsnáms.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Helsingborg 7.10.1955.

Kominn til Helsingborg þar sem Guðrún frænka hans bjó, á leið til náms í heilbrigðisfræðum í Svíþjóð. Óskar móður sinni til hamingju með 55 ára afmælið.

-- yndislegt að vera hér. Það er allt of langt að skemmta sér viðstöðulaust frá morgni til nætur í heila viku - slæmur veltingur -- undarlegt uppátæki að setja kojurnar þvert í skipið -- óþægilegt endastingast allan tímann sem maður liggur út af. Það var sungið og dansað alla leiðina og alveg furðulega skemmtilegt að dansa í veltingi, maður vissi stundum ekki fyrr en allir lágu í hrúgu öðrum megin í skipinu. Hópur af enskum og dönskum stúdentum kom með frá Leith og urðu alveg furðu lostnir. Einn spurði hvort þjóðin væri virkileg svo smá að allir þekktust vel, en ég sagði honum sem var að ég hefði engan þekkt af þeim sem þá voru um borð --

Í Höfn hjálpaði hann fólki sem komu í fyrsta sinn til útlanda, m.a. Rannveigu (1936) dóttur séra Sigurbjarnar Einarssonar. Hún var á leið í kristilegan skóla í Sigtuna. Var með Friðriki Kristjánssyni frá Hvoli í Mýrdal, vélsmið, á leið til Gautaborgar, og Kristni Ketilssyni, sem var á leið á vegum SÍS í rekstri kjörbúða, svokölluðum gripdeildum! Þeir leigðu sér bíl og komstu til Bellahöj og Hróarskeldu og var E. einn með ökuréttindi og ófróður um reglur (þá var enn vinsti umferð á Ísl.).

Segir frá heimili Guðrúnar föðursystur sinnar í Helsingborg. Karl Bergström maður hennar er ritstjóri og þingmaður, Ásta, dóttir þeirra er blaðamaður. Tók að sér að aka með fjölskylduna til

¹ Ingi Bjarnason (1914-589, efnafræðingur. Eldir bróðir hans var Leifur (1912-54), sjá fyrr.

² Skúli Skúlason frá Odda, ritstjóri (sjá fyrr).

postulínsfabríkkunnar frægu, Höganäs. Einnig til vandræðadrengeheimilisins Östra Späng í Örkelfunga þar sem Karl er í stjórn.

Friede P. Briem skrifar Hilmarí Kristjónss. í Róm. Rvík, 8.10.1955.

Skrifar beiðni til hans og konu hans, Önnu Ólafsdóttur, um hjálp við Steinunni Briem, en Hilmar hafði þá tekið við starfi hjá Matvælastofnun S.P. Friede þekkti Hilmar, hafði unnið fyrir hann, og einnig kunnug fjölskyldu Önnu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Stokkhólmi, 17.10.1955.

Segir frá ferð sinni til Glänne, þar sem Lóa Wennerström, föðursystir hans býr í fornu, stóru, húsi, með Guðmundi syni sínum, Ullu konu sinni, sem eru bændur þar, og fjórum börnum. Ræðir líka um gjaldeyrisskort og vandræði þar sem hann þurfi að fara í námsdvöl bæði til Örebro og Falun.

-- Yfirboðararnir hér á Statens Institutet för Folkhälsan er afskaplega óformlegir og þægilegir menn sem vilja allt fyrir mig gera. Einn þeirra hringdi til alls konar stofnana og sníkti bækur handa mér, sagði í sífellu að eins og menn vissu væru alls starf gjaldeyriserfiðleikar, en þar sem þessi Íslendingur væri svo mikill áhugamaður um sænsk málefni, yrðu menn að hjálpa honum. Hafði ég ekkert minnst á erfiðleika, því síður sýnt áhuga, en eitthvert sambland af eynd og áhuga hlýtur að hafa skinið út úr andlitinu á mér. -- Kuldinn er að drepa alla Íslendinga --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 18.10.1955.

Segir honum frá mænuveikifaraldrinum sem gengur í Reykjavík og afrek Svavars Pálssonar formanns Félags fatlaðra og lamaðra að fá til landsins lækna og hjúkrunarlið með reynslu frá faraldrinum í Danmörku ári áður. Þá segir hún frá viðgerð á miðhæð Bergstaðastrætis 69, en það höfðu tekið til leigu Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt og Kristín Guðmundsdóttir húsgagnaarkitekt. Jóna systir hennar sagði frá þeirri miklu framför þegar hún fór í mæðraskoðun í nýju Heilsuverndarstöðina v. Barónsstíg. Þar hittust þær sambýliskonurnar, Kristín og hún, og voru báðar jafn hissa.

-- Styrjöldin út af stúdentaráðskosningunum er byrjuð og Siggi Líndal vinnur baki brotnu fram á nætur. Vilja strákarnir setja hann efstan á lista Vöku, en hann vill það helst ekki, en hins vegar langar Þór Vilhjálmsson, og þennan Halldór frá Mel, mikið í sætið en þá vantar vinsældirnar, svo allt er að verða vitlaust. Gæti ég trúað að Þorvaldur gæti lýst þessu fyrir þér, því hann er eins og púkarnir sem fitna af blótsyrðum manna, hann nýtur fyrst lífsins almennilega þegar allt er að klofna af ósamlyndi. Það eru hans bætiefni. Hilda (systir hennar) var að lýsa þessu fyrir okkur og hlógum við mikið að. --

Úr dagbók Eggerts Ásgeirssonar. Örbero. 19.10.1955.

-- Við skoðuðum *kombinerað* ellihæli, geðveikrahæli og hjúkrunarspítala fyrir króníska sjúklinga. Þetta er ekki stórt, sér fyrir þörfum 3000 manna þorps, Veservåg. Reyndar á að fara að leggja það niður, því verið er að byggja annað stærra fyrir fleiri kommúnur. Alveg var frábærlega vel um gengið og snyrtilegt í alla stað og alveg ótrúleg hversu heilbrigðiseftirlitið hefur gengið langt í sínum kröfum. Engu var mótmælt, þó skipað væri að leggja í talsverðan kostnað. Menn virðast líta á það sem sjálfsagðan hlut að verða við kröfunum. Stundum er þó farið í mál við eftirlitið og tekur oft langan tíma að upplýsa málið, en við því getur eftirlitið ekkert gert og ábyrgðin þá komin á herðar dómsvaldsins. Við komum á sorphauginn í Lindisberg. Þar sá ég hvað sorpið er ólíkt því íslenska. Að *kvantíteti* er það 90% pappír. Magnið er óskaplegt --

Í gærkvöld fór ég að sjá *East of Eden*. Það er afargóð og vel leikin mynd í *cinemascope* og litum og er það stórkostlegt. Það góða við litina að þeir eru svo mildir að maður tekur ekki eftir þeim; hinsvegar auka þeir á dýpt myndarinnar og gera allt mjög eðlilegt. Baráttan í myndinni er hörð, bæði fyrir sál og líkama, og skilur mann eftir djúpt hugsandi.

20. okt. Ég fór á skrifstofu fyrsta *stadlækaren* í dag og var kynntur fyrir hóp þar sem allir virðast ætla að gera sitt til að dvölin verði lærdómsrík. Mér lýst þó ekki almennilega á borgarlækninn. Hann er eitthvað tortrygginn á svipinn. Af svipnum að dæma lýst honum engan veginn á mig og er það von. Ég vona bar að hann komist lífs af úr samskiptunum við mig, Hann er fyrsti maðurinn sem ég hitti hér í Svíaríki sem mér lýst svona á. --

Ég hef alltaf haldið að aðferðin sem höfð var við Þórberg í baðhúsinu formuð væri fyrir löngu lögð niður, en það kom í ljós að hún er ekki aldeilis dauð. Ég álpaðist í baðhús í dag og varð að reka einhverja *kerlingarkvelju* út þegar hún ætlaði að fara að baða mig og aftur þegar hún vildi þurrka mér. --

Annars fær maður að heyra fullmikið af skólpvandamálum hér, eins og reyndar eðlilegt er svo innarlega í landinu. Heilbrigðisstarssmennirnir hérna eru steinhissa þegar maður segir þeim að þetta sé ekki okkar vandamál, síðan átta þeir sig og segja: „Það er satt, þið hafið allt Atlantshafið“. --

-- svo fór ég til Karlstad -- Fór til Glenni, þar var Lóa. -- Þar var ákaflega velt tekið á móti mér eins og vant er. --

Rétt á eftir mér kom þangað norrænumagister sem býr nú í Karlstad og er nú að leysa herskylduna. Hann hafði tekið eftir mér í áætlunarbílnum vegna úlpunnar, en þorði ekki að spyrja manninn hvar hann hefði fengið flíkina. Hann heitir *Bo Almqvist* og kallar sig *Búa Ásgeirsson* því pabbi hans heitir Oscar. Hann talar mjög vel íslensku og kemur að minnsta kosti einu sinni í viku til að æfa sig í íslensku. Hann er yfir sig hrifinn af landinu og þjóðinni á Íslandi, afar feiminn og mætti segja mér að sé aðallega formleysi í umgengnisháttum heima sem dragi hann til sín. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Jóni Sigurðss. borgarlækni. Örebro, 24.10.1955.

*Ræðir m.a. fréttir af mænuóttinni á Íslandi og sagði hvernig Svíar brygðust við. Þetta var mikið mál fyrir embætti borgarlæknis á Íslandi og þurfti að leita til og fá aðstoð sérfræðilækna frá öðrum löndum. Segir frá dvöl sinni, ýmsum heilbrigðimálum (t.d. rotþróm!), sem og Svíum titlatogi þeirra og skringilegheitum. Sagði sögu Bo Almqvist.*¹

-- Þegar systir hans hafði tekið stúdentspróf í vor varð erfiðara fyrir kennarana að ávarpa hana, Einn kennarinn reyndi að sleppa við að þéra hana, nota eftirnafn hennar og titil:

Vad skall vi nu göra när vi har tagit studenten. Skall vi gifta oss!

Eggert Ásgeirsson: Dagbók. Örebro 27. 10.1955.

-- Það var dásamlegt að sjá íslenska fánan hérna í Örebro. Hann var settur út í einn búðargluggann hérna ásamt mynd af Kiljani þegar hann fékk verðlaunin. Ég stóð góða stund fyrir utan gluggann til að heyra hvað fólk hefði um þetta að segja sín á milli, en enginn leit við, nema eins stúlka sem glaðnaði og brosti þegar hún sá myndina. Þegar ég kom heim um hálfátta í kvöld var hann að kveðja í viðtali sem var í útvarpinu. Ég heyrði hann ekki segja annað en að þetta væri heiður, eingöngu fyrir Ísland, eða fyrir Ísland fyrst og fremst. Pétur Hallbeg hélt leiðinleg erindi um Laxness og síðan las einhver leikkona frábærlega vel upp úr Sölku Völku um hin mörgu afbrigði veðurs og ólyktar. Annars er skrifað um Laxness í *Stockhoms-tidningen*. Hann var í Danmörku á leið heim, en sneri við og ákvað að verða nokkra daga í Svíþjóð. Bláðamennirnir spurðu hann á hótelinu í Helsingborg hvort hann hefði heyrt nokkuð um að hann fengi verðlaunin. Hann sagðist löngu uppgefinn á þessu sífellda tali um Nóbelsverðlaunin. Hann svaraði svona:

Vet du, jag är så trött på allt tjatet om Nobelpriset att jag känner mig fullkommligt blasé inför utsikten eller möjligheten att jag skulle kunna få det nu. Ni måste förstå mig, hur det känns när man, åtta år i rad, ända sedan 1948 så gott som varje år allvarligt förs fram som kandidat. Jag hade tänkt fara över till Köpenhamn nu för att återvända till Island om någon vevka.

Síðan sagðist hann haf ákveðið að heimsækja nokkra vini sína í Svíþjóð. Aðspurður kvað hann það ekki standa í sambandi við að hann hefði heyrt neitt um verðlaunin.

Consulet Lindqvist þúaði mig óvart í dag og bauð mér ósköp vandræðalegur dús á eftir. Feginn er ég. Ég hef oft verið í háska staddur en aldrei hef ég þúað neinn mann í misgripum. Það er varla til eymdarlegri hlutur en að geta ekki haldið strikinu í þeim efnum. --

28.10.1955.

Nú fór ég með Lindqvist til héraðs hér fyrir norðan sem ég hef heyrt nafnið á í sænskri vísu: *Bergslagen*.

Það er gamla námabær sem heitir *Guldsmedshyttan*. Þar er unnið úr hráefnum gull en í Stråssa, þar rétt hjá, eru aldagamlar námur, alveg stórkostlegt undur að allt þetta jarðrask hafi verið gert af mannahöndum, mest fyrir vélaöldina. Gryfjurnar eru sumar 150 m. djúpar, en hálffullar af vatni. Það varð alltaf erfiðara eftir því sem námurnar urðu dýpri að halda þeim þurrum með þeim ófullkomnu tækjum sem menn höfðu í þá daga. Auk þess urðu þær að vera opnar, því ekki voru ráð með að loftræsa þær. Námarekstur hætti þarna 1923. Þegar öll hús brunnu að mestu, en nú ætla eithvað ríkasta námafélagið að hefja hér vinnslu á ný og er

¹ Bo Almqvist (1931) hafði stundað nám á Ísland, varð síðar prófessor í þjóðsagnafræði í Uppsölum og Dublin og E. hafði hitt á Glänne hjá Lóu Guðmundsdóttur Wennerström. Sjá síðar.

byrjað að dæla vatninu úr námunum -- Útsýni yfir Bergslagen er alveg stórkostlegt -- Kerið er óásjállegt í samanburði við þessar fornu námur.¹ --

Fólkið í sveitinni er mjög gestrisið og má segja að það sé þægilegra eftir því sem það stendur lægra í þjóðfélagsstiganum. Sveitafólkið, þ.e. bændurnir sem ég talaði við, er einnig að jafnaði fróðar um Ísland en bæjarfólkið og hefur miklu meiri áhuga fyrir því. --

Stokkhólmi. 29.10.1955.

-- Um morguninn fór ég í sendiráðið og las blöðin. Það er gott að koma en fjarskalega ósendiráðsleg.

Jón Hnefill (*Aðalsteinsson* og Svava (*Jakobsdóttir*) höfðu lent í bílslysi þegar þau ætluðu til Hafnar að heimsækja Diddu.² Bíllinn var keyrður í klessu sen sem betur fer slasaðist enginn og bíllinn í kaskó. Í sendiráðinu voru allir jafn glaðir vegna Kiljans. Stóra myndir hengu af honum í bókaverslunargluggum Stokkhólms. Öllum þykir hálfleiðinlegt allt þetta kjaftæði út af peningunum og sköttum. --

30.10.1955. Ég fór í dag að sjá leikriti eftir Ingmar Bergmann á litlu senu Dramaten. Eru í því aðeins leikendur úr leikskóla hússins en þó var það alveg stórvel leikið, allir góðir -- dálítið torskilið -- og vekur mikla umhugsun. -- Merkilegt að leikritið var bara skrifað til að æfa nemendur leikhússins í Malmö. --

Ég fór með Kristinn (Ketilsson) á Historiska Muséet. Hann, Hnefill og svafa gera ekkert hérna. Jón og Svafa höfðu til dæmis aldrei farið í leikhús og er Svafa þó búin að vera hér, að ég held, í sex mán. Mér finnst tíminn hinsvegar mjög dýrmætur, svo að ekki megí sitja auðum höndum. Það mætti segja mér að fæstir stúdentanna haf farið á söfnin, hinsvegar nenna þeir að hanga á kaffihúsum á hverju kvöldi og sumir gera ekkert á laugardagseftirmiðdögum. --

Svívar eiga mjög erfitt með að tala við Dani -- gengur svo langt að Danir tala ensku við afgrieðslufólki --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 31.10.1955.

-- Ég hef fengið ágætari fréttir frá Eggert Ólafi, og lætur vel af öll, sérstaklega eru yfirmenn hans mjög elskulegir við hann. Hann er í Örebro sem stendur, verður svo um tíma í Falun og fer 1. des. til Stokkhólms, þar sem hann verður til næsta sumars. Honum finnst kalt, enda hafa þar verið frost, svo hann mátti kaupa sér ullarnærföt og allskyns hlýjan fatnað -- En heldur fannst honum tómlegt að koma upp í Kommendörsgatan 35, þar sem þið hafið átt svo mörg spor og blærinn í sendiráðinu allur anna, svo ekki sé meira sagt. Hér er verið að tala um að ætlunin sé að láta Valtý Blöndal verða sendiherra í Stokkhólmi, aðalllega til að losa sætið hans í Útvegssbankanum. --

Engum dettur í hug að trúa því að Helgi Guðmundsson hafi sagt upp að eigin ósk, heldur sé eitthvað allt annað sem liggi undir. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 9.10.1955.

Segir ítarlega frá afmæli sínu, tilheyrandi veislu og af börnunum og ýmsum atburðum í fjölskyldu og götunni - og vandræðum með að útvega mér gjaldeyri og stingur upp á ráðum sem gætu bætt úr, t.d. að ég skrifaði gjaldeyrisnefnd m. vottorðum.

Þá sendi hún mér nafn og heimilisfang ágætrar Zontakonu, sem ég gæti heimsótt!!

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 25.10.1955.

Þakkar bréf þar sem lýst er góðum móttökum frændfólksins á Glänne í Vermland.

-- Í gær kom bréf til Palla frá þér. Hann var ekki heima og þarna lá það í fjóra langa klukkutíma í skálinni á borstofuborðinu, aðeins næfurþunnt umslag milli þín og mín. Svo kom Palli, reif bréfið upp og las það, bar mér kveðju og okkur öllum, sagði að þér liði vel og að þú værir í Örebro (en það sá ég á stimplinum), stakk því í vasann; meira var það ekki. Tíminn líður fljótt hjá manni milli þess sem maður skrifar bréf, en aldrei nógu fljótt á milli þess að maður fær bréf. --

Segir frá mænuveikifaraldrinum og að Haukur Kristjánsson yfirlæknir slysavarðstofunnar hafi veikt og lamast og ekki líti vel út með hans framtíð sem lækni. Hann átti reyndar eftir að vera áfram yfirlæknir lengi, góður samstarfsmaður í Heilsuverndarstöðinni, þó alltaf væri bagaður af holti.

Segir líka frá eldsvoða í Tjarnargötu 26, þar sem kviknaði í potti þar sem Margrét³ var að sjóða rúllupylsu, mátti litlu muna því að stórbruni yrði ef hún hefði ekki lokað á eftir sér. Í húsinu bjá þá með foreldrunum, Valur Egilsson tannlæknir, sem síðar bjó í Ameríku, með fjölskyldu sinni.

¹ Námapinnslu var endanlega hætt og námasvæðið sett í verndarflokk.

² Svava og Guðrun (Didda) Jakobsdætur voru bekkjarsystur mínar í M.R.

³ Húsið var komið í eigu Margrétar veitingakonu í Oddfellow og Egils manns hennar. Vinátta milli húsanna.

--Sigurður gamli Thoroddsen¹ er nú dáinn, og var það nú blessun fyrir svo gamlan mann. Á laugardaginn varð lítill sjö ára gamall nafni hans og sonarsonur fyrir bíl og meiddist svo mikið að hann dó eftir sólarhring. Var það sonur Jónasar Thoroddsen lögfræðings, þungur missi fyrir þau hjónin -- Skeði þetta um svipað leyti sem verið var formlega að opna hjúkrunarheimilið Bláa bandið á Flókagötu 29,² en þar er Jónas einn af stofnendunum og í stjórn þess. Hefur hann verið alger reglumaður síðustu mánuðina og áhugamaður um þessa stofnun. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Jónasi Thorarensen.³ Örebro, 27.10.1955.

Segir fréttir, m.a. um vín- og bjórfrelsi Svía og að Jón Hnefill Aðalsteinsson⁴ hafi í misgripum drukkið alkóhólfrían Kirchesteiner!

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Örebro, 27.10.1955.

-- Ég var að koma heim úr vinnunni kl. hálf átta í kvöld þegar mér varð litið í búðarglugga og sá þar mynd af H.K.L. Það var alveg dásamlegt sem stóð undir myndinni. Ég varð mér til stórskammar því ég hrópaði upp yfir mig af gleði og hló hátt alla leiðina heim á hótelið. Þegar þangað kom heyrði ég kveðjuorð sem akkúrat voru Kiljans í útvarpinu. Það var leiðinlegt að geta ekki heyrt meira af honum. Síðan hélt Peter Hallberg alltof langan og leiðinlegan fyrirlestur um H.K.L. Loks las leikkona upp úr Sölku Völku og mér þótti kaflinn dásamlegri en mér hefur nokkru sinni fundist hann. Það var kaflinn um margbreytileika veðursins og fisklyktarinnar, alveg frábærlega vel lesið. --

HLAKKAR TIL AÐ KOMA Í SENDIRÁÐIÐ. Segir sendiráðið allt annað þegar Helgi er farinn þaðan. Blöðin gömul. Afgreiðslan og einkum stundvísi með opnun til stórskammar.

-- Þeir voru samt mjög æstir í að afsaka þetta þegar þeir fengu að vita að ég væri honum skyldur, þeir vilja líklega ógjarnan láta hann fréttu það. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Falun, 27.10.1955.

Hrósar samstarfsmanni sínum konsulent Jansson mjög hefði verið gaman að ferðast með honum og starfa, einnig væru þau hjón mjög gestrisin. Gaman að ferðast með honum um afskekktar sveitir. Annars ræði ég mikið um peninga, sennilega til að brýna mömmu í baráttunni við gjaldeyrisfyrirvöldin.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Örebro, 30.10.1955.

Stockholm tidningen brást illa við þegar Laxness svaraði hvort hann hefði nokkuð frétt um verðlaunin: -- *Nei það hef ég ekki, það er víst einhver nefnd sem ákveður það og því gengur það svo seint.*

Í sama skipti sagði hann að það ætti að veita Snorra Sturlusyni verðlaunin. --

Þetta þótti hinum blöðunum vísdomsorð og sögðu að verðlaunin fengju aldrei nema eins konar Snorrrar og væri úthlutunin til Laxness dæmi um það. Ef hann hefði fengið verðlaunin fyrir fimm árum hefði það verið frumlegt. Nú væri hann orðinn eins konar Snorri og úthlutunin því ekkert nema viðurkenning á því sem allir vissu og hefðu lengi vitað.

Úr dagbók E.Á. 4.11.1955. Staddur á Glenni.

-- Ég talaði mikið við Lóu og sagði hún mér ýmislegt merkilegt. Afi (*Guðmundur Einarsson*) í Nesi smakkaði aldrei vín fyrr en hann var 36 ára (1884) og varð mjög drykkfeldur þar til hann druknaði 1906. Hann stundaði sjóinn en drakk þess á milli. Fékk þetta svo mjög á ömmu (*Kristínu Ólafsdóttur*) að hún var farin að smakka það líka, en hætti alveg þegar afi dó.

Pabbi var geysilegur bissnissmaður. Hann vildi að amma keypti stórt hverfi í miðbænum, fyrir lítið verð, en hún vildi ekki ráðast í slíkt.

Ömmu var ráðlagt af öllum sínum vinum að selja Nes strax og afi dó, en hann hafði sagt henni að selja það aldrei, svo ekkert varð úr því. --

¹ Sigurður Thoroddsen (1863-1955) verkfræðingur og menntaskólakennari, átti Maríu f. Claessen, frænku Friede.

² Húsið sem Eggert bróðir hennar hafði selt samtökum um hjálp við áfengissjúklinga er hann flutti í Hofteig.

³ Jónas Thorarensen (1929), bekkjarbróðir og tannlæknir.

⁴ Jón Hnefill Aðalsteinsson (1927-2010), vinur Eggert, síðar þjóðfræðiprófessor frá Vaðbrekku. Hann var þá við störf í Stokkhólmi og Svava Jakobsdóttir (1930-2004) rithöfundur og alþingismaður.

Þá er lýst för til Falun í Dölunum þar sem ég var nokkra daga í námsheimsókn hjá merkilegum manni, heilbrigðiseftirlitsstjóranum í léninu, Willy Janson.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 6.11.1955.

Pakkar bréf sem gladdi hana.

-- enda skrifað í gleðivímu út af Halldóri Kiljan, sem ekki var furða. Við tókum á móti honum á föstudagsmorguninn var, í blíðskaparveðri og sól; og á hafnarbakkanum var saman koninn múgur og margmenni, þó ekki forseti borgarstjórnar né ríkisstjórn. Það lætur sig hins vegar ekki vanta það fagna fótbolta- eða íþróttamönnum, þá eru bæði blómvendir og ræðuhöld; eins hafði líka *gleymst* að flagga. Jæja, það er ekki vert að láta neitt af þessu skyggja á gleði manns, eða stemninguna niður við skip. Jón Leifs talaði þrýðilegal nema hvað manni fannst auðvitað alltaf að hann hefði sjálfan sig mest í huga. Síðan ávarpaði Hannibal Valdimarsson skáldið og að lokum talaði Halldór Kiljan sjálfur. -- Var ég ennþá mjög snortin þegar heim kom og dagurinn varð hálfgerður hátíðisdagur hjá okkur --

Gleðst hún yfir hve frændfólkið í Svíþjóð tekur mér vel. Þá segir hún frá því hve erfitt hefi verið fyrir Steinunni Briem að fá húsnæði í Róm. Hilmar Kristjónsson tók henni mjög vel er hún fór með bréfið frá Friede til þeirra hjóna og buðu henni að búa hjá sér þar til hún fengi fastan samastað. Sigríður Skúladóttir, móðir Steinunnar fékk lómunarveiki en lamaðist ekki. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Falun, 7.11.1955.

Er kominn til Falun eftir að hafa verið hjá frændum sínum á Vermland. Í Falun er mjög dýrt að lifa, einkum vegna hótélverðs, því verður að stytta dvölina þar. Í flestum stærri bæjum eru sjálfsafgreiðslubarir, en svo er ekki hér, því er dýrt að borða.

Úr dagbók E.Á. 9. nóv. Staddur í Falun í Dölunum.

--Í morgun fórum við fra Dala-Järna til Älvdalen. Leiðin liggur yfir Mora (Morastrands) en þaðan eru Aners Zorn¹ og Mora-Nisse² en hann hefur verslun í Mora. Bærinn rennur þar sem Österdalsälven rennur út í Siljan. Dala-Järna liggur við Väster-Dalälven, en þessar ár mynda Dalälven og eru árnar miklar trjáflutningsár. Þessi svæði eru með afarmiklum skógum og langt milli bæja þar sem bændabýlin standa enn saman í þorpum með landinu allt í kring. Sumir bændanna hafa enn í seli, og þó hefur það minnkað mjög vegna þess að erfitt er að flytja mjólk frá seljunum, og nú gera bændur ekki ostinn sjálfir. --

Það er mikið um það að stór félög, ríkið og kirkjan, eigi skóginn, en ekki bændurnir, en þeir eiga land á milli skóganna og rækta næstum eingöngu hey og þurrka á hesjum. -- Við fórum með *landfiskalen*³ upp í Älvdalen. Hann er formaður heilbrigðisnefndarinnar í því héraði, til Evertsverg, en það er smáþorp bænda sem vinna við skóginn, við plöntun og högg, með búskap sem aukavinnu. Var það til að ræða *vattenfrågor*⁴ eins og oftast. --

-- Ég skýtt því inn hér að í einum leiðangri mínum um landsbyggðina í Svíþjóð var fundur um vatns- og frárænnislismál, sem hvarvetna var þýðingarmikið hitamál, enda snerti það og snertir landsbyggðina. Í umræðunum var orðinu vikið til mín og spurt um ástandið í þeim efnum á Íslands. Ég svaraði, fávís byrjandi, eins og Íslendingar hafa löngum gert í því máli: „Það hefur ekki þýðingu á Íslandi“ sagði ég, góður með mig. Viðmælendur mínir litu hver á annan og sögðu svo: „Ja, ni har hela Atlanten! Féll málið þar með niður, og ég slapp úr gildunni að sinni. Þetta var árið 1955.

Barðist ég svo í þessum hjá heilbrigðiseftirlitinu fram á árið 1969. Hefur þjóð mín sömu skoðun, ef skoðun mætti kalla, og ég hafði fyrir sjö áratugum?

*Landfiskalen*¹ bauð okkur upp á kaffi og var skemmtilegt að sjá heimilið hans sem var líkt heimilunum þarna í bæjunum. Ég hef því miður ekki séð raunverulegt sveitaheimili. Heimilið var fyrst og fremst kalt, því þarna er mjög lítið um það, eins og annars staðar í sveitaþorpunum, þar sem yfirleitt eru gömul hús, að þar sé miðstöðvarupphitun. Gólfíð er trégólf án dúka, með smáteppi á gólfinu, auðvitað úr tuskum eins og

¹ Anders Zorn (1869-1920) fremsti listmálari Svía á sínum tíma og enn mikils metinn.

² Mora-Nisse Karlson (1917-2012) dádur skíðamaður og ólympíugullverðlaunaþegi í 50 km. göngu.

³ Landfiskal var þá einskonar sýslumaður, sem hafði ákærvald.

⁴ Vatnsverndarmál.

hér er algengast,² og afar ósmekklegar myndir á veggjum. Bakkelsi er borið hér fram í ríkum mæli, eins og í sveitum Íslands. Á flestum heimilanna sem ég kom á eru bornar fram svo sem 8-10 kökusortir, og er það gert bæði í sveitum og bæjum. Húsgögn eru mjög þunglamaleg og sjálfsagt dý, og þar af leiðandi ljót. Á sveitabæjum er hinsvegar mikið um afar gamla hluti, slitnir og kúnstugir í útliti, og virðist haldið fast í slíka hluti þótt búskapur sé með nútímasniði og efnahagur virðist góður.

Hér eru menn enn að smíða Dalahesta og eru þeir mótaðir fyrst og fremst í vélum og síðan skornir með höndunum. *Hemslöjd*³ hefur tekið tæknina mikið í þjónustu sína, þó ekki nema að vissu marki En bara það að menn smíði enn Dala-hesta sýnir vissa stöðnun og er einmitt dauðamerki að ekki skuli vera fundið upp á nýjum hlutum. Það mun þó gert eitthvað í skipulögðu *hemslöjd*-i. Anars eru gamlir siðir hér mjög hafðir í hávegum, samt eingöngu til sýnis ferðamönnum og er þar til dæmis að telja þjóðbúningana og bátana á Siljan (kirkjubátar). --

-- Peningarnir eru hræðilega fljótir að fara, en ég vona að úr rætist. Þó ég geti náð mér í peninga á einhvern hátt, vildi ég heldur fá þá í gengum ísl. banka á heiðarlegan hátt.

13. nóv. -- Ég fór í Kristine kirkjuna og var það aldeilis leiðinleg skemmtun! Ekki voru presturinn skemmtilegri en heima. Þessi var með sameinuðum göllum beggja, séra Jóns og Óskars. Var fátt við messu, aðallega fermingarbörn. --

Á eftir fór ég að skoða námuna hér í Falun og er það afar stórt og merkilegt á að líta. Það er bannað að koma nálægt, allt umkringt girðingum, en ég stalst inn þegar vörðurinn skrapp frá. Það var svo kalt að fáir voru til að horfa á Stora Kopparbergs AB er elsta eða svo til elsta fyrirtækið í heiminum, nýlega 500 ára gamalt. Það hefur heilmikið námusafn --

Friede Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 12.11.1955.

Segir frá vel heppnuðu og fjölmennu afmæli Álfheiðar móður þeirra.

Þá sér hún eftir að hafa sent honum úrklippur úr Vísi, þar sem gert er heldur lítið úr embætti hans og vonar að hann taki það ekki nærri sér. Þá segir hún að mikil óvissa sé um sendiherra í Stokkhólmi; og það hljóti að auka álag á hann að þurfa að fara aftur þangað til að sjá um Nóbels hátíðina fyrir Íslands hönd.

Eggert Ásgeirsson skrifar Þorvaldi Lúðvíkssyni. Falun, 12.11.1955.

-- Fyrsti langi túrin hjá Jóni Hnefli og Svöfu á nýja Volksvagninum byrjaði með því að bíllinn var keyrður í klessu. Þau ætluðu að fara til Hafnar að heimsækja Diddu.⁴ --

Bílstjórinn sem ók á þau stakk af, en þau fengu tjónið bætt og slösuðust ekki.

Páll Ásgeirs. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 14.11.1955.

-- Mér sýnist vanta sálina í klíkuna þína síðan þú fórst. Reyndar er Gísli (Ísleifsson) eins og venjulega, skellihlæjandi þegar honum er sagt eitthvað, en mér finnst hann ekki fá mikil tækifæri til þess með Agnari (Biering), hann er svo virðulegur. Agnar er reyndar farinn að kenna litlu löggunum lögfræði, og ég held að hann þurfi að lesa mikið fyrir tímana -- Auður (Þorbergsdóttir, síðar dómari) dásamar þig og biður að heilsa. Alfa (Álfheiður Línal) er öllum stundum með Þjóðverja⁵ nokkrum sem elti hana frá Þýskalandi, hagræðistúdent er hann víst.

Stundum sé ég Þorvald (Lúðvíksson). Hann var í essinu sínu kringum kosningarnar, þegar allt var að verða vitlaust í vöku, því ánægðari sem samkomulagið var verra. Mér datt í hug skrattinn og blótsyrðin. Hann var í uppstillingarnefnd, sem ætlaði að bera fram Halldór Jónsson⁶ frá Mel, en í miðjum klíðum var kosin önnur

¹ Ákerandi.

² Tuskuteppi voru ekki mikils metin. Kallast slík teppi á sænsku *trasmatta*, ofið úr tuskum og enn mikið notað, líka á Íslandi eftir að IKEA gerði innrás. Var þetta hagkvæmt, því hægt var að vefa þetta á venjulegum heimilum til endurnýtingar á efnisafgöngum og útslitnum efnum.

³ Heimilisiðnaður.

⁴ Guðrún Jakobsdóttir (1929), systir Svöfu, starfaði sem hjúkrunarkona í Höfn þar sem hún giftist og átti börn. Hún sneri sér síðar að fornfræði.

⁵ Þau Álfheiður Línal (1932) og Hans Jetzek (1927-94) gengu svo í hjónaband, langt og farsælt. Hann starfaði lengst sem deildarstjóri í álverinu í Straumsvík.

⁶ Halldór Jónsson (1920-95) lögfræðingur m.a. bæjarstjóri.

nefnd, en gleymdist að setja þessa af, og ætluðu báðar að bjóða fram. Um tím valt allt á Halldóri og Þór Vilhjálmssyni,¹ en að lokum varð Siggi Línal málamiðlunin. --

Hér hefur lómunarveikin herjað allgeyst. -- Haukur Kristjánsson² lamaðist mjög illa á öðrum fæti og enginn bati enn. Ófeigur Ófeigsson læknir, enn verr en ekki eins þjáður. Þórir Helgason (síðar læknir) lamaðist í löpp en nærri góður nú -- Dóri Steinsen³ hefur fengið að skera nokkra skurði sjálfstætt hjá Eggert Steinþórssyni⁴ af því að Þórarinn⁵ var í útlöndum.

Rúna í Móum er orðin verslunarstjóri í nýjum Markaði, sem kom í húsnæði Liverpool. Það er tvímælalaust fallegasta búðin í bænum, einföld og skreytt járnmyndum Gerðar Helgadóttur. --

Þór Vilhjálmsson og Auður Þorbergs⁶ eru þau helstu sem biðja að heilsa, Reyndar eru það miklu fleiri, en ég man ekki fleiri nöfn. Fysiologian bíður. --

Lóa Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 15.11.1955.

-- nú hefur þinn ágæti son og sonur míns indæla bróður komið inn í mitt líf og mér finnst eins og Geiri vera kominn afturborinn í fullgerðri útgáfu. Þér að segja finnst mér sonur þinn nokkuð framar en allt annað ungt fólk sem ég hef hitt fyrir, en það er kannski ekki svo mikið, því mest hefur mér leiðst ungdæmi yfirleitt eins og ég býst við fullorðnu fólki leiddist ég á yngri árum. Ég man bara eftir einum fullorðnum manni sem beygði sig svo auðveldlega niður og gera sér far um að skemmta sér með mér. Það var hann Jón Ólafsson,⁷ faðir Gísla Ólafssonar.⁸ Nú get ég ekki skilið hvernig hann stóð út - kannski var hann bara innilega *polite*, stjórnmalamaður, sem gat verið fantastískt *polite* og *rough*. „*Geiri yngri*“⁹ hefur verið þrisvar hjá okkur og alltaf jafn indæll. Það er *til og með* svo hægt að sitja með honum og ræða allt mögulegt - hann hefur sína meiningu - ég mína, og það virðist sem hvorugt hafi þörf á að breyta hinu til eigin skoðana. Hann er intresseraður af sínum *stúdíum* og svo mörgu sem fyrir augun ber - hann í það heila langar til að læra, ekki bara það sem nytsamt er fyrir starfið, heldur líka annað sem ekki gefur aur eða gull. Og svo hvað sprenglæglegir þeir eru Malte litli, yngsta barnið og Eggert. Hef alltaf haldið því fram áður, en nú varð ég hissa. Öllu fólkinu hérna finnst Eggert indæll - það þarf kannski að ítreka þetta við mömmuna, því við vitum eiginlega svo lítið um hvernig börnin okkar eru gagnvart öðrum. Við erum kannski ekki persónur sem geta séð hlutlaust á börnin okkar. Okkur kannski leiðist þau meira og minna af því maður hefur haft þau hversaglega - þau fara í taugarnar á manni eins og við förum í þau. -- Jæja ekki meira um Geira yngri. Hann kemur líklega á jölunum ef hann fær ekkert skemmtilegra að gera. Hér er gott um pláss. --

*Segir frá dóttur sinni sem er veik og Ulu tengdadóttur sem er líka ekki sem best, líka með „stáðmani“.*¹⁰

-- Hún er ein af þeim sem sér ryk alls staðar og byrjar á ný, þegar hreingerningu er lokið. --

Segir frá því að Ulla¹¹ hafi á heimilinu stúlku úr Dölunum sem er þar á vegum barnaverndarinnar og sem borgað er með.

-- svo hefur nú þinn dýrkaði Kiljan fengið Nóbelsverðlaunin - eftir sjö ára *kandidatur* - sem hann sagði sjálfur. Ég hef aldrei heyrt að neinn hafi „*stíllt upp*“ sem Nóbelskandidat nema Kiljan, því venjulega hafa þeir pikkað upp einhvern sem maður hefur aldrei heyrt um. Sonur þinn var yfir sig ánægður -- frá Höfn hef ég heyrt syrgt yfir að Gunnar Gunnarsson fékk ekki hálf verðlaunin, en það hefði verið hroðalegt. --

¹ Þór Vilhjálmsson (1930-2015), prófessor, hæstaréttardómari o.fl..

² Haukur Kristjánsson (1913-2001) frá Hreðavatni, yfirlæknir Slysavarðstofu og bráðamóttöku Borgarspítala. Náði sér aldrei.

³ Halldór Steinsen (1931-2005) síðar gitgtsjúkdómalæknir, vinur Palla.

⁴ Eggert Steinþórsson (1911-99) skurðlæknir og trúnaðarlæknir Sjúkrasamlagsins.

⁵ Þórarinn Guðnason (1914-95) skurðlæknir. Góður vinur minn alla tíð og jöklaferðamaður.

⁶ Síðar dómar.

⁷ Jón Ólafsson (1850-1916) alþingismaður.

⁸ Gísli (Jónsson) Ólafsson (1888-1931) landsímastjóri.

⁹ Maðurinn sem um er rætt mun vera ég, Eggert.

¹⁰ Hreingerningarárátta.

¹¹ Ulla Wennerström (1923) dóttir Haralds Halléns prófests í Torrskog og þingmans jafnaðarmanna. Þeir Ivar Vennerström voru kennarar við Lýðháskólann sem Lóa var send á ung til Svíþjóðar. Grunur er um að báðir, Ivar og Harald hafi skotið sig í henni. Má geta þess að Lóa og Ivar virðast hafa skrifað ættarnafnið með einföldu vaffi, en börnin notað tvöfalt vaff. Ulla tók að sér börn í vandræðum og varð síðar kunn sem félags/uppeldisfræðingur og stjórnmalamaður í Vermlandsléni.

Ég hugsa um þig og mömmu þína. Merkilegt var að fyrst eftir að mamma dó, sem mér fannst ég frjáls -- og var ég þó langt í burtu. Erfitt með svona sterkar manneskjur. Það er viss *tragikk* með gamalt fólk sem þar hjálpar með, að engin lausn eða úrlausn finnst þegar gott fólk á í hlut. -- mikið held ég að vesalings mamma hafi átt reglulega bágst síðustu árin --og hvað einmana hún varð eftir að Geiri dó. Hann var hennar sól og blíða - gleði og ánægja og ekki gerðir þú minnst til að gera hennar líf ánægjulegra og lífgaðir tilfinningar hennar -- sem hún átti varla til handa eigin börnum -- en Geiri var öðruvísi --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni, 21.11.1955.

Fréttir af veislu sem hún hélt fyrir tengdasystur! sínar úr Nesættinni, einkum af verslunarstjórastarfi sem Rúna Guðmundsdóttir frá Móum fékk í helstu tískuvörubúð Ragnars Þórðarsonar og glæsilegri og listrænni innréttingu búðarinnar eftir Gerði Helgadóttur. Þá segir hún frá veikindum félaga sona sinna og mænuveikilifellum.

Helgi bróðir hennar þarf að fara til Stokkhólms vegna Halldórs Laxness því meðan enginn sendiherra er skipaður er hann enn í embættinu formlega.

Segir rækilega frá uppistandi í útvarpinu eftir að Vilhjálmur Þ. Gíslason tók þar við störfum.

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 24.11.1955.

Er búinn að hlaupa undir bagga fyrir mig. þannig að ég gat tekið út þær bækur sem ég þurfti í Stokkhólmi og senda þeir reikninginn til bókabúðar Snæbjarnar. Svo er hann líka að möndla eitthvað svipa með myndavélar frá Þýskalandi en það gekk ekki jafn greitt.

Segir frá alvarlegum sjúkleika Halldór Steinsen sem ekki er hægt að taka til meðferðar meðan lömunarveikin gengur, en hugsanlega má senda hann til Danmerkur. Þannig að aumingja strákurinn var í rusli.

Þá er verið að hjálpa mér hjá Mbl. með blaðamannaskírteini á Nóbels hátíðina og vinnur Gísli Ástþórsson að því, Frimann Helgason á Vikunni og Þórarinn Þórarinsson hjá Tímanum, sem reyndist vera í Ameríku og blaðið lamað á meðan.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 1.12.1955.

-- Við Palli vorum boðin að borða -- til Barböru og Magnúsar Árnasonar;¹ var Barbara að ljúka við teppi sem Helgi bróðir hafði pantað hjá henni -- ljómandi fallet. Var þetta mjög vel heppnað kvöld, hjartahlýja húsbændanna ljómaði af þeim, og auk þess eru þau sérlega skemmtileg, sérstaklega Magnús, sem kann margar sögur af frægum mönnum og segir vel frá þeim. -- Auk þess komu eftir matinn í heimsókn Valgerður Briem og Bergur Pálsson.² Eru þau ljómandi skemmtileg og þá sérstaklega -- Bergur. Þó heimili Barböru og Magnúsar sé á margan hátt mjög frumstætt er einhver ólýsanlega skemmtilegur blær yfir því, ólíkt öllum venjulegum heimilum. Til dæmis er teppið sem breitt er yfir sófann úr skinnum af bröndóttum afrikönskum villiköttum, og eru rófurnar eins og kögur á öðrum endanum; *borðið* fyrir framan sófann var rauðmálaður vínberjakútur með strámottu ofan á; en þar var hlýtt og fór vel um mann.

Sagði frá mikilli og háværri veislu í afmæli Annie Helgason og var þar mikið talað. CCilla um vandamál sveitanna, dóða, og vandamál lausagöngu búfjár sem sækja í nýræktina hennar.

-- Ég bauð frú Sigrúnu Bjarnason³ að borða með okkur hádegismatinn; það er tómlegt hjá henni, því hún er ein í húsinu (Tjarnarg. 18), þ.e. konan sem leigir hjá henni er þar á nóttinni). Ingi er á Skodsborg til lækninga, fóru þau hjónin til Danmerkur undir eins og hann var ferðafær, fór fyrst á *Finsens Institut* og voru reynd við hann ljós og síðan var honum ráðlagt að fara á Skodsborg og þegar hann var búinn að vera þar nokkra daga fór Steinunn.⁴ Hún hafði komið dætrunum fyrir, en það var mjög erfitt nema stuttan tíma.⁵ Þegar hún var búin að vera einn dag heima hringdi Karilla⁶ frá Kaupmannahöfn til hennar og sagði henni að Ingi væri svo veikur að hún mætti til að koma, var hann með yfir 40 stiga hita svo hún kom telpunum

¹ Barbara Morey Williams Árnason (1911-75), listakona. Magnús Á Árnason (1894-1980), Bæði listamenn með marga strengi.

² Valgerður Briem (1914-2002) dóttir séra Þorsteins Briem á Akranesi og ráðherra. Hún vekur æ meiri athygli fyrir brautryðjandastör í liftfræðikennslu. Bergur Pálsson (1914-84) var deildarstjóri í ýmsum deildum stjórnarráðs og ríkisbókhaldi.

³ Sigrún Ísleifsdóttir Bjarnason (1875-1961).

⁴ Steinun Jónsdóttir Bjarnason (1923).

⁵ Dóra S. Bjarnason (1947) prófessor og Inga Bjarnason (1951) leikstjóri.

⁶ Sjá fyrr, hálf systir Inga.

fyrir aftur og fór með flugvélinni morguninn eftir. Nú líður Inga eitthvað betur og hafði aðeins klæðst og gengið út, öll blóðrásin hefur raskast vegna þess að æðarnar sviðnuðu bæði á höndum og fótum og verður það víst mjög lengi að lagast og ótrúlegt að það lagist nokkurn tíma, nema að litlu leyti. Svo fékk Una¹ lungnabólgu og var flutt á spítalann í gær. Var aumingja frú Sigrún afskaplega þakklát fyrir að ég skyldi bjóða henni; en mér fannst ekki síður skemmtilegt að hafa hana, er hún bráðskemmtileg, en er bara gleymín á nöfn, en við hjálpuðum henni öll til að muna nöfnin á þeim sem hún var að tala um, svo jafnvel gat minnt á spurningaleiki í útvarpinu. --

Ég talaði við Palla Líndal út af viðbótargjaldeyri handa þér, samdi hann strax bréf til gjaldeyrisnefndar í nafni borgarlæknis og skrifaði hann undir það breytingalaust. --

Helgi bróðir býst við að fara til Stokkhólms 6. des. --

Úr dagbók E.Á. Stokkhólmi 3.12.1955.

Fullveldisfagnaðurinn var haldinn 1. d.es. Var það afar skemmtilegt, þótt ég væri í fyrstu hræddur við allt útlendingastóðið sem Sveinn Einarsson² hafði smalað saman. Í ljós kom að hann hafði bara boðið fjórum kunningjum, en hitt voru þrjár stelpur, sem mér var skipað að sitja hjá. Var ég ári hræddur. Það reyndist hin mesta góðgjörð við mig. Tvær voru finnskar, eða Finnlandssvías, kunningjakonur þeirrar þriðju sem ég hafði til borðs, Katie hafði t.d. aldrei komið. Hún er dóttir Johannsons fyrrum sendiherra, en hann hafði líka verið í Finnlandi. Katie fór frá Íslandi 1945 en talar svona fjandi vel, en hefur aldrei komið til Íslands síðan. Áslaug Skúldadóttir, sendiráðsritari, kom henni fyrir tveim árum í kynni við Stokkhólms-íslendinga. Borðhaldið var ári skemmtilegt þótt Sveinn væri klaufalegur við stjórnina. Öll skemmtun, svo sem ræður og söngur, komu í miðjum réttum, svo allt kólnaði eða bráðnaði.

Árni Björnsson³ læknir hélt asanlega ræðu fyrir minni Íslands. Ingvar Ásmundsson⁴ mælti frábærlega skemmtilega fyrir minni kvenna og kona, embættismaður við Fríhöfnina, og sem Lóa hefur mikið talað um mælti fyrir minni karla. --

Þarna var sungið þindarlaust og skemmt sér þangað til við vorum rekin út langt gengið í tvö. Útlendingarnir skemmtu sér stórkostlega, sérstaklega þær finnsku, en þær sögðu að menn skemmtu sér þarna eins og best gerðist í Finnlandi.

Á eftir var farið í partí í Högdalen, sem var heldur vafasamt, því þangað var svo löng leið í lestinni og langt að ganga, en um nóttina var rigning og pollarnir og svaðið alveg eins og verst getur orðið heima. Stelpurnar útlendu voru í svo fínun skóm og höfðu svo miklar áhyggjur yfir öllu. Katie hafði t.d. aldrei komið svo seint heim á æfi sinni en þær íslensku voru slarkinu vanari og kunna að gefa dauðann og djöfulinn í slíkt. Annars var einhver skemmtilegast hluti leiðarinnar í lestinni, því við lögðum hana undir okkur og sungum hástöfum alla leiðina, Svíunum til furðu.

Annars hafa þrír strákar íbúð þarna í Högdalen, nýfluttir inn og eiga enga stóla, hver sitt skrifborð og ottómana, svo þar var heldur tómlegt. Annars er aðdáunarvert hve húsin hér eru vel einangruð, því enginn í húsinu varð okkar var og þó var mikið sungið. Einkum var ferlegt þegar -- fór að syngja. Hann hefur þóst vera við söngnám hér í mörg ár, já, ekki aðeins hér, heldur út um allar trissur -- margoft gift sig og er svokallaður vor og haustmaður. --

Lóa Vennerström skrifar Eggert Ásgeirssyni. Glänne. 5.12.1955.

Lætur gamminn geysa, eins og hún átti til. Tók dræmt í að ég kæmi í heimsókn að Glänne um jólin.

Sagði Bo Almqvist fluttan til Stokkhólms í herskyldunni. Hnn gafst upp á hermennskunni og fluttur á skrifstofu í Stokkhólmi.

-- Þú ert velkominn - en ef eitthvað skemmtilegra kemur upp - hugsaðu þá ekki um okkur, hér getur þú alltaf verið, þ.e. þú mátt ekki missa af neinu sænsku - ef þú fengir tækifæri. --

¹ Una var húshjálpin aldraða.

² Sveinn Einarsson (1934) síðar þjóðleikhússtjóri.

³ Árni Björnsson (1923-84) síðar góður vinur minn. Hann var forystumaður lækna og skurðlæknir.

⁴ Ingvar Ásmundsson (1934-2007) skákmeistari og skólustjóri Iðnskólans í Rvík.

P.S. Nú hittir þú Helga (*P. Briem*) bráðum - sá að hann á að vera (í Stokkhólmi) þegar á að „*dubba*“ Kiljan Laxness. Hvað fólk leggur á sig. Fjórum sinnum vorum við boðin í Nobelsveisluna og fórum aldrei.¹ --

Agnar Biering² skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 6.12.1955.

Segir fréttir af kunningjum og skemmtanalífínu. Verkfall á veitingahúsum var yfirvofandi en leystist þannig að úti varð um reglusamt líf. Hann var settur fulltrúi lögreglustjóra og segir frá kennslu sinni í lögregluskólanum í allskyns lögum og reglugerðum, en heldur starfinu meðan skólinn stendur. Segist svo muni sækja um starfið.

-- Mér leist satt að segja ekki á blikuna í upphafi, því eins og þú manst var maður aldrei sérlega móttækilegur í skóla, því síður að miðla öðrum af þekkingu sinni -- enn er ein hinna eldri verslana bæjarins að hætta störfum og á ég þar við skóverslun Björgúlfs Stefánssonar við Laugaveg. Strákkfílið sem stjórnaði versluninni lenti í klóm okkara og þá er ekki að sökum að spyrja. Um daginn var gerð húsrannsókn hjá nokkrum orkurum, þar á meðal Brandi Brynjólfssyni og Sigurði Berndsen og má búast við að margt skrítið komi í ljós--

Ekki hafa verið haldin nein partí hjá Eyjólfri eftir að þú fórst, sem í frásögu eru færandi. Að vísu höfum við kynnst tveim öndvegisstúlkum, sem heita Auður (19 ára) og Dóra (18 ára).³ Þetta eru sömu stúlkurnar sem settust við borðið hjá okkur í Þjóðleikhúskjallaranum, kvöldið sem við borðuðum allir saman. En þar sem þetta er alla á *byrjunarstigi* þá mun ég ekki ræða það frekar, en gefa þér smá skýrslu ef eitthvað sögulegt gerist. --

Úr dagbók E.Á. Stokkhólmi. 7.12.1955.

Í gærmorgunn fór ég svo að taka á móti Helga frænda á járnbrautarstöðina og þar voru líka Birgir Möller og frú Brinck konsúlsfrú. Þau Helgi og fjölskylda eru mjög ánægð að sjá og virðist falla vel að búa í Bonn. Álfheiður Sylvía sagðist hafa kynnst fleirum á þeim stutta tíma sem hún hefur dvalist þar en á allri dvölinni hér í Stokkhólmi þau vonast til að geta flutt inn í nýja húsið fyrir jólin -- Mér finnst þetta hús gera svo miklar kröfur til þjónaliðs að mér alveg ofbýður. Það er varla hægt að láta Íslendinga vita af slíku, það er alveg rétt að við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti og reyna að spara -- Það er alveg ómögulegt að við stöndum jafnfætist stórveldum með veisluhöld og annað. -- Helgi er sjálfur mjög hress og virðist líða vel og Doris sömuleiðis. Mér lýst ekki á hve Álfheiður hefur safnað á sig fitu og er að verða ein og móðirin í vexti --

Helgi útvegaði mér miða á Nóbels hátíðina og ég leigði mér kjólföt á 40 kr. Er það dýr skemmtun en vel þess virði, því þess verður líklega langt að bíða að Íslendingur taki við slíkum verðlaunum aftur. -- 8.12.1955.

Þegar ég kom úr vinnunni reyndi ég mikið að ná í Helga --en hann er erfitt að finna. -- Hann hafði sagt mér að hringja í sig öðru hverju en þó finnst mér sem hann eigi að kalla í mig. Ekki get ég verið að hengja mig í þau, sem ég geri ef ég hringi í hann. Ég verð næstum því meira einmana af því að hafa þau hér í Stokkhólmi og hitta þau ekki en ef ég væri hér einn úr fjölskyldunni. Ég er eiginlega alltaf að bíða eftir hringingu frá honum.⁴

Ég fór að leita að jólagjöfum, í þetta skipti á PUB, en fann lítið. Ég hitti þó Bessie Dammert⁵ og er það stórkostlegt að hitta hana, því það er svo óskaplega sjaldgæft að hitta neinn af tilviljun í þessari borg. Hún gaf mér nokkrar hugmyndir um jólagjafir, en því miður þurfti hún að fara í skólann kl. 6.

Þegar ég var orðinn úrkula vonar fór ég á *Krokan* og hitti þar Steina, Stefán og Garðar. Var það ágætur tími og skemmtilegur, þó ég skammist mín fyrir að hafa alltaf talað sjálfur, eða svo til.

¹ Stjórmálamenn, ekki síst, úr vinstri/verkalýðsarmi Sósíaldemókrata, gengu upp í að brjóta gamlar „*snobb*“ hefðir.

² Agnar Biering (1929-95), héraðsdómslög. í Rvík. Við vorum bekkjarbræður og vinir. Sjá Mbl. 6.12.1995. EÁ: Minningarorð. Hafði verið settur fulltrúi lögreglustjóra.

³ Þetta munu vera Auður Þorbergsdóttir (1933) dómari, og Halldóra Sigurðardóttir (1933) húsmóðir sem urðu góðar vinkonur okkar félaga.

⁴ Það kom í ljós áratugum síðar þegar ég var að skrifa bók um hann, að hann lenti heldur en ekki í vandræðum vegna ástandsins í sendiráðsíbúðinni við Kommendörsгатan 35 þar sem átti að halda veislu. Sjá Minningar mínar, bls. 301.

⁵ Bessie Dammert var fræg listakona, sem ég sennilega hafði hitt á 1. des. hátíðinni. Ég var búin að gleyma henni, þangað til ég skrifaði þetta upp ansi mörgum áratugum síðar.

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi 9.12.1955.

Nú eru allir Nóbelsverðlaunanna komnir hingað til Skokkhólma. Síðastur kom Halldór Kiljan Laxness ásamt frú Auði, konu sinni, með morgunlestinni frá Höfn. Allmargt manna var á brautarstöðinni til að taka á móti honum og var fremstur í flokki Helgi P. Briem, sem íslenska ríkisstjórnin hafði sent hingað frá Bonn sem fulltrúa sinn við hátíðahöldin, en hér er sem kunnugt er sendiherralaust íslenskt sendiráð og hefur verið í 6 mánuði. Auk sendiherrans og konu hans voru þar m.a. prófessor Elias Vessén, en hann á að kynna Laxness við verðlaunaafhendinguna á morgun. Einnig var þar Uno Willers ríkisbókavörður.

Þá héldu þau hjón til Grand Hotel en þar dveljast allir Nóbelsverðlaunamennirnir í ár, í boði Nóbelsstofnunarinnar og þar hafði HKL móttöku fyrir blaðamenn. Laxness verður því meiri „diplomat“ sem lengra líður. Hann vill helst ekki tala um stjórnsmál og ekki um bækur, því hann leggur allt kapp á að gera ekki upp á milli eins eða neins. Hins vegar verður hann skemmtilegri þegar hann fer að tala um annað og þá fjúka frá honum brandararnir.

Annars verður dvölin hér erfið, eins og við er að búast, þar sem allt er nákvæmlega skipulagt fyrir fram og þétt raðað niður. Í dag voru allir verðlaunamennirnir kynntir helstu menntamönnum af fulltrúum þjóða sinna í móttöku hjá formanni Nóbelsstofnunarinnar, ríkismarskálki Ekeberg og konu hans.

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi 10.12.1955.

Ég hitti Helga ekki fyrr en kl. 7 þegar hann bauð mér að borða á Grand Hotel. Því miður var ég að vinna um morguninn svo ég gat ekki farið að taka á móti Kiljani og vissi heldur ekki um viðtalið sem hann hafði á Grand strax eftir að hann kom. Annars var það, eftir blöðunum að dæma, heldur misheppnað nema að því leyti að Svenska dagbladet lýsir því þannig að það hlýtur að hafa verið mjög óskemmtilegt, en hins vegnar er því lýst mjög skemmtilega hversu leiðinlegt það hafi verið, enda sýnast blaðaviðtölin helst vera þannig að blaðamennirnir reyna að draga hann í ógöngur, eins og S.D. segir:

„að sem fórnardýr blaðamanna hafi hann þann stóra galla að ganga ekki í gildir. Hann hefur einkennilegt samband af karlmennsku, nákvæmni, dirfsku og forsjálmi -- Fyrst og fremst hefur hann lært listina að tala ekki af sér.“ --

Vetrargaðurinn á Grand var sá fínasti sem ég hef enn borðað á. Þar voru einnig próf. Nordal og Ólöf, ásamt Ragnari í smára. Báðu Nordalshjónin kærlega að heilsa heim. Álfheiður Sylvia kom svo, en hún hafði verið í útreiðatúr --

Í gær rann svo hinn mikli dagur upp og hófst spennan með því að fara í fyrstu kjölfötin og var það ekki þægilegt, en þegar ég hafði verið nokkurn tíma í þeim voru þau létt og ekki heit. Stefán Karlsson¹ kom hingað til mín og fékk að skipta um föt og svo kom Stefán frá Fagraskógi² og urðum við samferða og mættum við Hauki Tómassyni³ og Erlendi Lárussyni.⁴ Var undarlegt að sjá Hauk við tunnelinn í úlpunni sinni með kjöllöfin niður undan.

Svava Jakobs og Jón Hnefill voru með miða Stefáns Karlss. og þurfti hann að bíða lengi eftir þeim og var það annað en skemmtilegt, því þau komu 10 mín. of seint og athöfnin byrjuð. Meðan Stefán beið niðri í ganginum kom Jón Helgason heldur seint og fór inn ásamt konu sinni, en er á að giska 10 mín. voruð liðnar koma hann aftur út og sá þá Stefán og sagðist þurfa að fara heim aftur „því ég hef farið í vitlaus föt.“⁵

Ég kom í Konserthúsið á að giska 30 mín. fyrir tímann og hitti þá Helga, Dorisi og Álfheiði, Nordal og Ólöfu. Halldóru Briem og Jan Ek, mann hennar, sem er ósköp að sjá. Guðbrand Hlíðar dýralæknir, Auk

¹ Stefán Karlsson (1928-2006) hanritafræðingur og forstöðum Árnastofnunar.

² Stefán Stefánsson (1932-2009) síðast bæjarverkf. á Akureyri.

³ Haukur Tómasson (1932-2014) jarðfræðingur, síðast forstjóri Orkustofnunar.

⁴ Erlendur Lárusson (1934-2005) tryggingafræðingur og síðast forstöðumaður Tryggingaefirlitsins.

⁵ Þetta er margendurtekin gamansaga. Þegar ég hitti Jón löngu síðar Á afmælishátíð Kiljans spurði ég hann hvort hann myndi eftir mér frá hátíðinni. Þá svaraði hann: „Þegar ég var í náttfatubuxunum.“ Þá var hann margbúið að segja þessa gamansögu sem varð stöðugt ævintýralegrí.

Þess voru þarna Árni Björnsson læknir og kona hans Páll og Æsa Árdal, Rannveig Sigurbjörnsdóttir, Árni Gunnarsson og kona hans, Sveinn Einarsson og Katie Johanson.

Hátíðin hóft kl. 16.30 með því að kóngurinn og fjölskylda hans, drottningin Luise, Wihelm prins, Sybilla, tengdadóttir konungs, og dætur hennar, Bertil sonur konungs, sem gegnir störfum í fjarveru kóngsins var þarna einnig.

Á fremsta bekk til vinstri við konungsfjölskylduna sátu konur nóbelsverðlaunamannanna, þ.á.m. Auður Laxness og einnig Halla Bergs,¹ ritari Laxness. Handan við konungsfjölskylduna á fremsta bekk sátu Helgi, Doris og Álfheiður Sylvia sem vakti mikla athygli vegna þess að hún bar litskrúðugan skautbúning.

Þegar allir höfðu tekið sér sæti stóðu allir upp og var konungssöngurinn spilaður. og eftir hljómsveitarleik komu allir heiðursgestirnir inn ásamt þeim sænsku virðingarmönnum sem áttu að kynna þá. Einnig voru þarna nokkrir fyrrverandi verðlaunþegar og sænska akademían og meðlimir Nóbelsstofnunarinnar og Karólínska institútsins. --

Elias Wessén prófessor í norrænum málum og meðlimur akademíunnar gengur fram og kynnir Halldór Kiljan Laxness. Hann hefur mál sitt með því að gera grein fyrir því grasi sem HKL og ritlist hans er vaxin úr og hversu vaxtarskilyrði eru góð fyrir ritlistarmenn eru með íslensku þjóðinni. Þar sem stéttir hafa aldrei skilist og lærdómur hefur aldrei orðið séreign neins. Fæddust bókmenntir sem stóðu með höfuð og herðar upp úr öllu því sem ritað var á miðöldum annars staðar í Evrópu. Þar sem þráðurinn hefur aldrei slitnað stendur íslenska þjóðin algjörlega fremst í röð norrænna bókmenntaþjóða. Prófessorinn sagði HKL hafa endurnýjað frásagnarlist fornra sagna með verkum sínum. Þá rakti hann nokkur helstu verk HKL og hverjir væru helstu þættir í ritlist hans. Að lokum sagði prófessorinn að mesta afrek HKL væri að hann hefði endurvakið trú íslenskra rithöfunda á eigin tungu og gefið þeim kjark til að skrifa verk sín á íslensku og stöðvað strauminn á náðir erlendra þjóða. --

Samkvæmt þeirri venju að ávarpa verðlaunahafa á eigin máli ávarpaði hann nú HKL.

Þá gekk Halldór Kiljan Laxness fram og niður af sviðinu, hneigði sig fyrir kónginum, Síðan gengu þeir hvort til annars og konungurinn rétti Halldóri verðlaunaskjalið og ávísunina um leið og þeyttir voru lúðrar. Konungur gekk til sætis síns og Laxness upp á sviðið og hneigði sig djúpt áður en hann gekk til sætis síns.

Þegar hann tók við skjalinu var klukkan 17.55 og verður það hverjum þeim Íslendingi sem á horfði afar eftirminnilegt, því meiri heiður getur varla sonur bókmenntaþjóðar hlotið frá neinni erlendri þjóð.

-- Nú stóðu allir viðstaddir upp og sungu þjóðsöng Svía; *Du gamla, du fria* og var þá þessari athöfn lokið og menn stóðu upp og nokkrir þeirra héldu til veislu sem þeim var búinn í ráðhúsi borgarinnar. Ég fór svo og fylgdi Álfheiði Sylvíu heim.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásg. Rvík, 11.12.1955.

Lýsir hrifningu sinni yfir Nóbels hátíðinni og langar til að heyra meira frá henni.

-- Sjaldan hef ég verið snortnari af nokkrum atburði, stolt af skáldinu íslenska, sem hlotnaðist þessi mikla sæmd hrifin af orðunum sem það mælti til viðhafnarmanna, konungshjónanna og allra viðstaddra, allt þetta hlýtur að hafa haft djúp áhrif á alla sem það heyrðu. Hjá mér snerti það strengi sem ég vissi tæplega að væru til.

Nú í dag hef ég hinsvegar verið að baka lafabrauð, sem venjulega eru hjá mér, eins og þú þekkir, bakaði ég líka kleinur og fólkinu fannst vera komin nokkurs konar litlu jóla, enda lyktaði húsið allt og ég sjálf með. Kannski bréfið lykti líka þegar þú opnar það!

Segir fréttir af félögum EÁ, Jónasi Thorarensen sem kom frá Sviss og fer svo aftur eftir jóla, og veikindum Halldórs Steinsen. Einnig af veikindum Þórhildar systur sinnar og Sigga Línal.

-- Þorvaldur (Lúðvíksson) ætlar í próf um áramót, svo maður sér hann aldrei frekar en aðra; því Palli er líka að keppast við og vill enga gesti.

-- Þá kom heldur en ekki óvænt happ fyrir hana (Þórhildi) í gær, fékk hún hæsta vinning í Happraetti Háskólans - þó aðeins á fjórðungsmiða - og eru það rúm 60 þús. í peningum. Hún varð bara stórkostlega andvaka út af öllu saman í nótt, var að velta þessu fyrir sér fram og aftur, hvað hún ætti að gera við þetta

¹ Halla Bergs (1922-1994) stjómarráðsritari.

allt, og var eiginlega búin með alla peningana og komin í skuld áður en hún vissi af. Og það sem manni þótti verst, var að hún hafði ekki gefið Theodór neitt af því. --

Eggert Ásg. skrifar Friede P. Briem. Stokkhólmi. 13.12.1955.

-- Blysförin var mjög vel heppnuð í gær og H.K.L. var svo hrærður að hann mátti ekki mæla og tárin streymdu niður kinnarnar á honum, svo hann varð að gera hlé í þakkarræðunni --

Eftir móttökuna í sendiráðinu bauð Helgi mér að koma í veislu sem hann hélt Kiljanshjónum. Þar voru Nordalshjónin (sem báðu að heilsa), próf. Jón Helgason og kona hans, Sven B.F. Janson próf. og kona hans, Peter Hallberg og frú, Ólafur Ólafsson menntaskólakennari (sonur Ólafs í Fálkanum (hrútleiðinlegur maður), Halla Bergs¹ og Birgir Möller.

Á eftir var farið á skemmtifund í Stúdentafélaginu og þar héldu Helgi og Janni alveg stórskemmtilegar ræður. Það er svo margt sem gerist hér um þessar mundir, en því miður fer Helgi og þau öll heim í kvöld.--

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 14.12.1955.

-- Á mánudaginn, 12.12. komum við saman í Humlegården við Linnéstyttunum um kl. 17.45.. Það voru ansi margir mættir, eða að ég held 48. Reyndar voru það ekki allt Íslendingar, því Steenberg gamli var mættur með heilmikið af *Íslandssirklinum* sínum. En þegar farið var af stað var þetta ansi myndarleg ganga, sérstakleg fremsti hlutinn. Stefán frá Fagraskógi gekk fremstur með fánann, Ingvar Ásmundsson og Sveinn Einarsson sitt hvorum megin við hann. Menn sungu af miklum krafti ættjarðarlög og var skemmtilegt að heyra þau bergmála í Kommendörsgötunni. Fólkið sem þar gekk hjá var hlessa á svipinn yfir þessu.

Annar var það alveg stórkostlega virðuleg sjón að koma gangandi að sendiráðinu, því fáninn á svölunum var lýstur upp og var fallegt að sjá þennan stóra silkifána blakta í golunni. Þegar við komum að sendiráðinu kom Halldór Kiljan. og frú Auður, ásamt Helga, Dorisi og Álfheiði Sylvíu fram á svalirnar. Hópurinn söng *Öxar við ána*. Að því loknu gekk Sveinn fram og flutti stutt en ágætt ávarp. Eftir það hrópuðu menn ferfalt húrra fyrir skáldinu. Halldór svaraði með fáum orðum. Helgi og Sylvia sögðu mér á eftir að hann hefði ekki getað sagt meira, hætt eftir tvær setningar, svo hrærður var hann. Þegar hann hafði talað sungum við *Ísland ögrum skorið* og svo bauð Helgi okkur upp.

Þarna var allt fullt af ljósmyndurum. Blaðakona frá Morgon Tidningen dró Stefán, Kiri Johanson og mig fram fyrir einn þeirra og lét hann taka mynd af okkur.

Það var óskaplega þröngt þegar inn var komið, því bæði voru alveg óskaplega margir boðnir og einnig voru þeir sem voru þar fyrir að koma sér af stað. En skemmtileg var þarna, því bæði er það að ég hef aldrei verið á svona stað fyrr (né við svipað tækifæri!) og svo þekki ég svo geysimarga hér í bænum, þótt ég hafi ekki verið hér lengi. Annars kunnu landarnir sig heldur illa, þeir voru sumir búnir að drekka sig fulla áður en þeir heilsuðu Helga og Dorisi, ef þeir þá skeyttu um það. Annars var enginn stuðningur fyrir Helga af þessum starfsmönnum í sendiráðinu, þetta eru allt helvísis gauð.² Álfheiður frændkona var alveg í sjöunda himni, alveg bálskotin í Erni Baldvinssyni³ enda var hann afskaplega góður við hana, tók hana með sér í Kårhuset og var hún mjög fegin að losna stundarkorn við foreldrana, enda hefur hún fjarlægst þá --

Helgi hafði boðið HKL og frú. Sig. Nordal og Ólöfu, Jóni Helgasyni og frú, Peter Hallberg og frú, Sven BF Janson og frú og þeim einstæðingunum þrem, Birgi Möller, Höllu Bergs og mér í kvöldverð á Ambassadör. Þar var afar gaman, fyrst og fremst vegna þess að Helgi hélt afar skemmtilegr ræður. Mig hefði langað afskaplega til að sitja nálægt Jóni Helgasyni, því hann var í essinu sínu, og er það alltaf í Svíþjóð, eftir því sem konan hans segir, því Svíar séu miklu þægilegri en Danir. Er þetta mjög athyglisvert og allólíkt því sem t.d. Hafnarstúdentar halda um þetta mál.

Á eftir fórum við upp í Kårhus og var þar allt í fullum gangi, en þó held ég að dofnað hafi yfir selskapinu þvegar við komum. Sveinn er ekki nærri nógu myndugur í að stjórna svona, en þó gat ég fengið hann til

¹ Halla Bergs (1922-94) var starfsmaður utanríkisráðuneytisins og sett til að vera aðstoðarmaður H.K.L. m.a. í heimsreisnu þeirra hjóna.

² Spaugilega lýsingu á aðdraganda þessarar hátíðar má finna í bókinni: Helgi P. Briem: Minningar mínar (2011), bls. 301-304.

³ Örn Baldvinsson (1935-1991) vélaverkfræðingur, lengst á Akureyri.

að byrja dansinn og þá færðist ágætis fjör í leikinn. Örn spilaði og er hann prýðilega músikalskur. Janni (Sv.BF Janson) hélt mjög góða (ógleymalega) ræðu enda getur hann víst ekki annað og Helgi hélt aðra. Þó ekki eins skemmtilega. Kiljan talaði einnig og lýsti því hvers vegna hann hefði ekki getað haldið lengra mál af svölunum. --

Í gærkvöld fóru gestirnir svo héðan með kvöldlestinni. Ég kom of seint á Grand, en náði þeim, sem betur fer, á Centralen. Við Álfheiður Sylvía höfðum góða stund til að tala saman og þá heyrði ég að hún var nokkuð óánægð með móður sína. Hún sagði mér um daginn að hún (Á.S.B.) hefði verið að tala í síma og sagt eitthvað sem móður hennar líkaði ekki og hefði gefið sér utan undir og hefði hún farið að grenja og stelpan sem hún var að tala við hefði ekki skilið neitt í neinu. Nú sagði hún mér aftur að hún hefði talað í símann í klukkutíma við vinkonu og hefði Doris gefið henni aftur utan undir. Ég spurði hvort þetta væri oft og hún sagði að það væri óvenju oft hér í Stokkhómi núna, því þá hefði hún fengið utan undir á hverjum einasta degi, en svo oft væri það ekki venjulega. Ég spurði hana hvort hún færi ekki að gráta, en hún sagðist löngu vera hætt því, því hún sæi að það þýddi ekki neitt og þess vegna færi hún venjulega að hlæja, en ef það kæmi óvænt, hrykki hún svo við að hún færi að gráta.

Sigurður Nordal og Ólöf voru að fara heim um samal leyti. Hitti ég þau af tilviljun á stöðinni og báðu þau enn einu sinni að heilsa heim. --

Þá sagði ég frá heilbrigðiseftirliti í Stokkhólmi, sóðalegum bakaríum o.fl.

Friede Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 16.12.1955.

-- Aðeins örfá orð til að þakka þér hjartanlega fyrir bréfið og allar dásamlegu úrklippurnar, Ég er í sjöunda himni yfir þessu öllu; lífi og anda í Kiljan og ykkur í Stokkhólmi. Finnst engar fréttir vera í blöðunum, ef ekki er minnst á atburðina þar.

Ég var svo ánægð að fá bréfið frá þér og fréttu þennan stórviðburð; að þú skyldir fá að vera á Nóbels hátíðinni - mér finnst stórkostlegur viðburður; ég hlustaði hugfangin með tárin í augunum -- Það heyrðist allt vel, þangað til síðast - þegar mest reið á - bilaði rafmagnið.

Við erum í annríki á skrifstofunni, erum að fjölrita skipslýsingu fyrir Eimskip o.fl., svo þurfti ég að fara í jarðarför Unu gömlu hjá frú Sigrúnu, sem nú er dain --

Pakki var í þessu að koma frá þér gegnum utanríkisráðuneytið. Takk - takk - takk.

Eggert Ásgeirss. skrifar Valdimar Kristinss. ¹ Stokkhólmi 15.12.1955.

-- hafi einhverjir verið í vafa um réttmæti þessarar verðlaunaveitingar hafa þær allar horfið eins og dögg fyrir sólu, þegar þeir heyrðu ræðu H.K.L. sem hann hélt kvöldið sem hann fékk verðlaunin. -- Ræðan var svo full af hjartans einlægni að allir hrifust sem hlustuðu á hana. Útlendingar eru yfirleitt ekki vanir að skáld þeirra og rithöfundar tali svo neinn skilji -- hvert á móti virðast -- þeir reyna að vera svo gáfulegir að fólk eins og hér er, miklu óbókfróðara en landar okkar, skilur ekki -- Auk þess var ræðan flutt á svo stórgóðri sænsku að Svíar hrifust líka af því. --

Friede Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 19.12.1955.

-- Þakka þér fyrir bréf sem ég fékk í dag og ógurlega skemmtilegar myndir. Ég nýt þess að fá þetta og skoða og lesa og er stórhvín af því hvað þú hefur verið sniðugur og fengsæll. --

Viltu nú gera svo vel að þiggja af mér s.kr. 600.- í áramótagjöf. -- Ef þú vilt ekki taka við þessu verð ég reið, og enginn skyldi viljandi valda því.

Segist búinn að senda þakka frá mér að Síðumúla.² Ræðir jólagjafasendingar o.fl.

-- fór í kirkju vegna hálku -- mamma var kát og gamansöm og við vöktum fram undir kl. tvö. --

Segir frá jólaboði hjá Þórhildi systur sinni. Þar var kominn þýskur stúdent sem Alfa kynntist í Köln, sem eitthvað virðist vera á milli þó hún voni að svo sé ekki! Bergljót var farin til Akureyrar vegna hjúkrunarnámsins.

Þá hækkaði gjaldeyrisnefnd yfirfærslu til Eggert í 735 kr. á mán., árangur bréfaskrifta Páls Líndal og borgarlæknis.

--Þú átt góðan mann að sem Páll Líndal er og fáa veit ég sem betra er að biðja. --

¹ Valdimar Kristinsson (1929) viðskiptafræðingur og ritstjóri, lengst í Seðlabankanum. Bekkjarbróðir og félagi alla tíð.

² Í fyrsta sinn sem minnst er bréflaga á að ég hafði eignast dóttur, Ingibjörgu, 15. maí.

Úr dagbók E.Á: Glenni, Vermlandi. 25.12.1955.

-- Í dag nefndi Else Mari að hún væri oft slegin af því hve Ingegerd væri lík Unni. Ég var líka sleginn af þessu vegna fyrri vitneskju. Spurði ég Lóu þessvegna út í þetta í dag. Hún var alls ekki hissa á þessu.

Húns sagði að á þeim tíma sem Unna hefði átt að koma undir hefði pabbi sofið í rúm með mömmu Unnar, eins og algengt var þá. Þegar hún komst að því að hún væri með barni hefði hún sagt ömmu það, en sagt um leið: „Vertu óhrædd, það er enginn af þínu fólki.“

Að því er ég best gat séð var Óli á Hvanneyri þá, Einar og Guðmundur báðir til sjós. En pabbi var þá aðeins 14 ára. Óli Ísakson var úrskurðaður faðir hennar, en hann var varla meira en 16 ára.

Úr þessu varð svo mikið rífrildi að móðir Óla flutti og seldi Nes (*hinummegin*). Þega Unna bjó hjá hjá Lóu sló það hana hvað hún var lík Guðmundir í Nesi og pabba (mér núna), hvernig hún stóð og hallaði sér til hægri, öxlun lægri en sú vinstri, og hægri hönd brugðið aftur fyrir þegar hún hugsaði. Lóa sagði næst þegar hún hitti ömmu að nú væri tími til kominn að hún liti á Unnu sem sonardóttur sína.

„Mamma tók því viðsfjarri.“ Sagði mamma Unnar, eitthvað á þá leið, að hún gæti verið örugg að synir hennar ættu ekki neitt í henni. Þó segir Lóa að hún hefði nokkru síðar breytt erfðaskránni og ánafnað Eygló og Unnu fullum erfðahlut.

Ólí Ísakars hefur aldrei haft samband við Unnu og ekki gert neitt fyrir hana. Einu sinni kom hann til Ástu (Guðmundsdóttur) og beðið hana að fá Unnu til að afsala sér sínum erfðahlut, því eins og Ásta vissi væri hann ekki farður Unnu. Ásta spurði hann þá hvort hann þyrði að standa á því og hvort hann ætlaði að svifta hana förðunafninu. Gekk hann þá frá kröfunni. Lóa segist alveg ganga út frá því sem gefnu að Unna sé dóttir einhvers bræðranna, en hvers, það vissi hún ekki.¹

Friede Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 25.12.1955.

Pakkar jólagjafir.

-- Ég verð að segja að valið hafði þér tekist vel og svörtu skálarnar komust allar í notkun um leið og þær birtust; stendur ei hérna á dagstofuborðinu fyrir framan mig með rauðum og gulum túlþönum og grenigreinum. Fer það mjög vel í skálinni. Eins er borðburstinn hið þarfasta þing og hangir nú í borðstofunni til prýði og þæginda. Teppisjakkinn sem þú sendir mömmu er hið sniðugasta plagg sem ég hef séð og hef ég þegar fengið hann að láni og hugsa gott til að búa til eftirlíkingu. Þú átt sannarlega hrós skilið fyrir alla hugulsemína á þessum jólum og gaman að þú skyldir senda svona mörgum jólakveðjur. Unna á Bakka² var mjög hrifin af því að fá kveðju frá þér og fleiri sem ég hef talað við.

Svo var það möndlugjöfin. Ég vildi helst alls ekki setja þetta sem möndlugjöf ef það lenti ekki hjá mér, og vildi stofna happdrætti í kringum það; það sem inn kæmi átti að fara sem skaðabætur til hinna óheppnu. Alsælar, þessar umræður urðu til þess að við fórum í pakkann og sjá - ekkert súkkulaði - heldur dýrðlegur svissneskur ostur - þá róaðist ég, því ég vissi að hann myndi lenda hjá mér undir öllum kringumstæðum.

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 28.12.1955.

Í morgun fórum við Guðmundur út í skóg á sleða og drógum saman timbur og var alveg dásamlega skemmtilegt, enda var veðrið fallegt, en því miður fór að rigna svo mikið að við urðum að fara heim.

29.12. Við Guðmundur fórum í skóginn, veðrið var dásamlegt, að vísu nokkuð blautt. en í góðum ullarfötum gerði það ekkert til. Starfið er afar erfitt, en maður hefur bara gott af því, ef maður hefur það ekki að æfistarfi. Ég hef varla gert neitt skemmtilegra (a.m.k. í akstri) en að aka á sleða. Ég kom auga á þrjú elgsdýr, þegar við komum úr hádegismat. Guðmundur hefur aðeins séð slíkt einu sinni, svo ég má teljast heppinn að hafa bæði séð þau í Dölunum og hér. Elgsspor sér maður alls staðar, en dýrin eru svo stygg að þau sjást eiginlega aldrei, svo allir öfunduðu mig. Um kvöldið kenndi ég öllum að spila landa og þótti öllum það skemmtilegt, sérstakleg mér.

Ég svaf yfir mig í morgun en Guðmundur vakti mig til að vera vitni að lánsskuldbindingu vegna traktorskaupa. Bændurnir fá vaxtalaust lán, fyrstu árin, gegn því að þeir láni traktorslausum tilteknum nágrannabændum, vissan lágmarkstíma ef þeir krefjast þess. Síðan fórum við í skóginn og keyrðum

¹ Ég frétti löngu síðar að Ólí Ísaksson hefði löngu síðar snúið sér til Unnar og fengið hana til að afsala sér erfðahlut sínum.

² Unnur Óladóttir, Baka á Seltjarnarnesi, uppeldissystir Ásgeirs í Nesi.

saman stóra viðardrumba, sem er fremur létt. Er sérstök kló notuð og svo dregur hesturinn einn og einn í einu. Síðan keyrðum við heim eldivið sem Guðmundur selur skólanum.

31.12. Ég svaf fram eftir og leið þrýðilega í alla staði. Eftir hádegið kom Guðmundur og við fórum að spila lander þangað til Hilding, Else-Mari, Ingegerd og Ivar komu. -- Ég sá að ekkert var framundan nema bridge-spil svo ég fór að undirbúa samkvæmisleiki uppi hjá Lóu. Astrid, Jan og China voru að tala um að fara á ball, en ég sá að það myndi leiðinlegt fyrir þá sem eftir væru heima. Við fórum svo aftur niður eftir til Guðmundar og Ullu. Hún er alveg frábærlega myndarleg. -- Var alveg yndislegt að koma niður í eldhúsið til hennar og háfurinn yfir eldavélinni fagurlega skreyttur. Maturinn var ákaflega góður, þessi venjulegi sænski jólamatur, sem allir borða þessa þrettán daga.

Eftir matinn fór ég að ryðja frá stólum og borðum svo hægt væri að gera eitthvað, en þá fór krakkarnir á svo allt fór um koll og Lóa stórmóðgaðist. Eftir svo sem hálf tíma komu þau aftur og hafði þá ekkert ball verið svo fórum í leiki. enginn ætlaði að þora að spyrja Lóu hvort við mættum leika okkur uppi hjá henni, en ég tók það að mér og fékk leyfi. Allir skemmtu sér konunglega þangað til 23.30 að Lóa kom upp og sagðist þurfa að fara að háttu. Bæði var að hún var reið og þreytt sem hún hefði ekki verið ef hún hefði fengið að spila. Lóa er tilfinningamanneskja, en vill vera alveg saman um jól og slíkar hátíðir, reynir að loka slíkar tilfinningar úti.

Við fórum þá niður og höfðum það dásamlegt. Guðmundur fór út í kartöflugeymsluna og sótti eplasvín, sem er alveg eins og besta sérrí á bragðið. Síðan var dansað, setið og hlustað á útvarpið. Við áramót var lesið klassískt kvæði eftir Tennyson og dómkirkjukukkur Svíþjóðar hljómuðu undir.

Annars var ég í þungum þönkum, því ég hugsaði heim. Þessi stund er ávallt ógleymanleg þegar maður er heima. Og hérna vegna þess að maður er ekki heima. Guðmundur sat við píanóið, spilaði og söng, fram að því að við fórum að háttu. Ég gat ekki stillt mig og söng fyrir fólkið, *Máninn hátt á himni skín*, ég mátti til með að leysa úr viðjum stemninguna sem ég var í.

1956

Friede Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 1.1.1956.

Segir frá því að Jóna uppeldissystir hennar hafi eignast dóttur¹ og liggur á sæng í herbergi með sjö konum, þ.á.m. Ragnhildi Helgadóttur, frænku okkar, sem líka átti dóttur.² Þakkar kort sem hún fékk frá Karlstad. Er að undirbúa stórveislu sem urðu alltaf miklar vegna þess að hún bauð oft ungu fólki, gjarnan utan af landi, sem henni fannst vera einmana á hátíðum.

-- Ég varð stórkostlega hamingjusöm að fréttu frá þér -- Ekki veitti mér af einhverju uppörvandi, því ég var að undirbúa árlegt fjölskylduboð, en það leit ekki vel út með hvort gestirnir gætu komið, því ofsarok, stórhrið og skafrenningur var og versnaði er á daginn leið. Svo var rafmagnið alltaf að *blikka* svo ég þorði ekki annað en að sjóða matinn í tæka tíð og hræðslan við rafmagnsskort olli því auðvitað varð hann ofsoðinn. Ég átti von á konu mér til aðstoðar, en hún komst ekki vegna ófærðar. Þegar klukkan var að verða fimm hringdi Eggert til þess að segja að þau gætu ekki komið, því hann var svo hræddur um, að þó hann kæmist myndi hann verða veðurtepptur og yrði að standa allt of lengi við! Ég var búin að leggja á borð í báðum stofunum, því ég bjóst við að við yrðum 21; ég bauð Palla Línal og Evu, systur hennar og börnum, og líka bauð ég Hönnu³ og Jóni Bjarman.⁴ Ég þurfti svo að umturna öllu og auk þess var ég alltaf í símanum -- Ég vissi varla hvað ég hét um tíma, svo ringluð var ég.

Úr þessu rættist svo sem betur fer, því allir komu, líka aðstoðarstúkan þó á síðasta augnabliki væru, nema Eggert bróðir; svo betur fór en á horfðist, og boðið var ekki lagt í rúst fyrir mér. Seinna um kvöldið birtust svo Eggert og fjölskylda, því þá var komin rigning og færðin batnaði. --

Þórdís Gústavsdóttir⁵ var að opinbera í gærkvöldi með Jóhanni Nielssyni⁶ -- hann hefur fengist við húsasmíðar upp á síðkastið, en Steinunn sagði mér að hann væri að tala um að fara í lagadeild, og fannst okkur það báðum mjög vitlaust þar eð húsasmíðir hafa sem stendur miklu meira kaup en lögfræðingar -- Hér er mikill bílagangur á götunni, því boðsgestirnir þyrpast í ráðherrabústaðinn til að óska gleðilegs árs. Nú er búið að ákveða að ráðhúsið verði reist við norðurenda tjarnarinnar og jafnvel talað um að byggja þinghús við suðurendann, eða nánar tiltekið þar sem íshúsið stendur. Ég er ósköp ánægð með þessa ráðstöfun og finnst það hagur fyrir Tjarnargötuna að fá svo veglegar byggingar í nágrennið sem eykur gildi og verð húsanna hér.⁷ --

Ætlað að hlusta á útvarpið.

--Það er von á átta nýársgestum í útvarpið og eru það allt konur; ég verð að fræðast af þeim --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 2.1.1956.

-- Ég fór eftir hádegisloki inn í bæinn og í lestina. Lóa fylgdi mér. Það var sannarlega með söknuði sem ég kvaddi hana og fólkið allt, sérstaklega hana, því það hefur verið frábærlega gestrisið við mig. Astrid er yndisleg stúlka og skemmtileg. Kemur okkur afskaplega vel saman. Galli er á henni að hún er fáfróð -- Hins vegar er hún mjög myndarleg í höndunum og fellur aldrei verk úr hendi. -- Märtha¹ er heldur leiðinleg, vond við systkini sín og að flestu leyti geðvond, en er greinilega uppáhaldsbarnið. Hins vegar get ég ekki dæmt um hana, því hún ásótti mig voðalega, lét mig aldrei í friði og veit ég ekki hvað það getur þýtt?! Katarina er mitt uppáhald, greind og eitthvað svo dásamlega *grasíus*.² Hún er eina barnið sem er líkt Ívari afa sínum.

3.1.1956. Um eftirmiðdaginn fór ég til rakara og lét hann klippa mig og þvo á mér hárið. Þegar hann var búinn að þvo það drullaði hann einhverju í það og þurrkaði með hitara. Ég sá hverju fram vatt og það

¹ Sigrún Óladóttir, síðar bankafulltrúi.

² Inga Þórsdóttir, síðar prófessor.

³ Jóhanna Pálsdóttir (1933-2017). Þorleifssonar frá Skinnastað. Hún varð síðast bankaútibússtjóri.

⁴ Jón Bjarman (1933-2011), sóknarprestur, fangaprestur o.fl. Einnig skáld.

⁵ Þórdís Gústavsdóttir (1931) húsmóðir í Garðabæ. Dóttir Steinunnar Sívertsen, frænku og Gústavs Jónassonar, ráðuneytisstjóra, vinar Ásgeir frá Nesi.

⁶ Jóhann Nielsson (1931) síðar hæstaréttarlögmaður frá Norðfirði.

⁷ Ekki varð af þessum framkvæmdum. Þegar ráðhúsið var síðar byggt í norðurhluta Tjarnarinnar snerist Friede öndverð gegn framkvæmdinni.

hann um að setja ekki liði í það. Hann var útlendingur og ég með lítinn orðaforða viðkomandi hári, svo hann skildi mig ekki og kallaði í hina rakarana og það þá um að hjálpa sér að skilja mig. Þá kom í ljós að þeir voru líka útlendingar. Þeir klöppuðu mér róandi á öxlina og endurtóku: *Inga kruller!* og síðan hélt rakarinn áfram enn ákafara en fyrr. Ég ætlaði að verða vitlaus af hlátri yfir hve hárið breyttist hroðalega, ég varð eins og versti sænski stælgæi. Er það slæmt, svo ekki sé sterkar að orði kveðið. Þegar ég kom heim reyndi ég að greiða þetta úr, en allt kom fyrir ekki. Ég hringdi í Gunnu frænku, og sagði hún að þetta hlyti að vera olíupermanent svo ég varð að þvo hárið þrisvar og er þetta nú farið úr. -- Um kvöldið fór ég á alveg frábærar kvikmynd Ingmars Bergman, *Lektion i kärlek*. Vel stjórnað, gott handrit, vel tekin og afskaplega vel leikin, einkum af Evu Dahlbeck.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem og Páli Ásgeirss. Stokkhólmi 4.1.1956.

Segi frá jólnum en hann eyddi aðfangadagskvöldi hjá Else Mari Wennerström Boström og hennar fjölskyldu. Áramótin voru á Glänne hjá Lóu og Guðmundir Wennerström og hans stóru fjölskyldu.

-- Milli jóla og nýárs vann ég í skóginum með Guðmundi og var það ný og skemmtileg reynsla, veðrið dásamlegt, skógurinn fagur, aldrei eins og undir snjó. Þarna rússaði maður á magasleða með hesti fyrir³ og fékk strengi í kroppinn --

Sagði frá fjörinu á Glänne. Ulla Wennerström var félagsmálamanneskju, í barnaverndarnefnd (seinna reyndar framámaður borgarstjórnar fyrir Centerpartiet í Karlstad). Þau Guðmundur komust þá ekki vel af í landbúnaðinum með stóra fjölskyldu og tóku að sér börn á villigötum í uppeldinu, gjarna börn frægasta fólksins.

-- Að þessu sinni var hjá henni fimmtána ára stúlka, spillt af meðlæti og ósamkomulagi foreldranna. Faðir hennar er Stig Dagerwall, einhver besti leikari Svía, bæði í kvikmyndum og á senu. Hann vann stórsigur núna á nýársdag sem góði dátinn Sveik, (leikrit) sem sérstaklega var skrifað fyrir þessa uppfærslu, ólíkt því sem var heima, vegna þess að þar eru miklu fleiri leikarar og kannski fleiri ástæður; og þóttist takast vel. Hann er skilinn við konu sína, sem er dóttir Victor Sjöström, líka mjög þekktur leikari. Sjálfur er hann ágætismaður en konan hans fyrrverandi er að sama skapi ómöguleg, svo hún hefur verið dæmd frá því að sjá um þessa dóttur sína, en gerir það samt á laun, ber á hana fé svo vandræði er að. Stelpan er bráðskemmtileg, greind og hefur aldrei hugsað neitt, frekar en svo margir Svíar. Ég tel það fremur hugsunarleysi að hugsa um föt og andlitfarða. Mér þótti afar gaman að tala við hana og kynnst lífi og hugsunarhætti unga fólksins, því stelpan er alveg hömlulaus, segir frá öllu sem hún veit og lýgur í tilbót og er ég síst fallinn til að lasta það hjá unglingum!!! Sem sagt góð tilbreytni á Glänne. --

Fólkið er alveg framúrskarandi gott við mig -- Ég er stórum ríkari eftir langar og góðar samræður við Lóu því hún er fróð og margreynd. Annars held ég að hjá henni njóti ég gestrisni vegna tveggja persóna sem henni er betur við en nokkrar aðrar sem ég hef heyrt hana tala um, og er hún þó hvorki sentimental⁴ né talhlýðin. Þetta eru þú, elsku mamma mín, og pabbi. --

Þegar allt kemur til alls og gert upp held ég að í ljós komi að maður eigi dýpstar rætur í eigin ætt, meðal síns eigin fólks. Blóðtengsl og tengdir eru miklu óbrotgjarnari stöðir en flest annað, að minnsta kosti í okkar ætt og vona ég að hamingjan gefi að það haldist --

Lóa Vennerström skrifar Eggert Ásgeirss. Karlstad. 6.1.1956.

-- Daginn eftir að þú fórst hringdi Búi Ásgeirsson.⁵ Það var nærri eins og hann hefði beðið eftir að þú værir farinn til Stokkhólms. Hann ætlar að fara til Íslands - í mars - Hann vildu auðheyrrilega koma til mín áður en hann færi til Ísland, en ég gat ekki lagt það á mig einhvernveginn, ég var eitthvað þreytt á honum og hans „*university-anda*“ síðast þegar hann kom. Ég er ekki *universitets-manneskja* og ég skil ekki hvað hann vill mér, nema að hann sé „*extremely lonely*“, þekki engan, geti ekki lesið alltaf, og ég er þá betri en ekki neitt - kannski.⁶ --

¹ Märta Wennerström (1944) síða listfræðingur og kennari. Býr enn með fjölskyldu sinni á Glänne.

² Tignarleg. Hún er hjúkrunarfræðingur, býr alltaf á Glänne og á myndarlegar dætur. Hún reyndist Auði dóttur okkar einkar vel á unglingarárum hennar þegar hún var „í sveit“ í Svíþjóð og starfaði í Karlstað.

³ Þarna vitna ég í sjálfan mig frá því er ég var lítill og fór eitt sinn í *stræk* (þegar strætisvagnar gengu ekki) á hestasleða.

⁴ Viðkvæm.

⁵ Bo Almqvist.

⁶ Bo hafði aldeilis aðra hugmynd um viðmælanda sinn, þótti Lóa skemmtileg og tala góða íslensku. Hann lagði sig mjög eftir íslenskukunnáttu.

En jólin voru bara þolanleg, ég kvíði mest/alltaf fyrir jólnum einhvern veginn. Það er eitthvað svo „*kunslat*“ yfir þessum gjöfum og jólaatlátum - hátíð er góð, bara ekki upp á *kommando* og eftir almanakinu -- Þökk fyrir komuna og sífellt velkominn. --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 6.1.1956.

-- Fór ásamt Birgi Möller á jólaóráttir Bach og var það frábær skemmtun. Á eftir fórum við heim til Birgis og sátum þar í góðu yfirlæti. Hann var nýkominn frá Höfn þar sem hann hitti mömmu sína. Þar hitti hann Laxness, en hann var að fara til Rómar og síðan til Finnlands. Hann hafði fengið mikið af skeytum í sambandi við verðlaunin en hann sagðist ekki hafa svarað þeim nema einu. Það var frá félagi rörlagningamanna einhvers staðar í norður Svíþjóð. Honum fannst það svo rörandi og sagði: *Hugsðið ykkur mennina koma upp úr klóökkunum til að senda mér skeyti*“.

Jón Helgason sagðist hafa nýlega fengið handrit frá Kiljani og hafði lesið það fyrir konuna sína og fannst það alveg óskaplega lélegt. Laxness skrifar hverja bók mörgum sinnum en Jón sagðist ekkert skilja í því að hann reyndi ekki að hafa uppkastið heldur betra. --

Jónas Thorarensen¹ skrifar Eggert Ásgeirss. Rinkydink.² 7.1.1956.

-- Ég var þrjá daga í Kaupinhöfn í góðu yfirlæti hjá fólki sem ég þekki -- var að hálfvonast eftir að heyra frá þér en þú hefur ekki séð þér fært að fara alla þessa leið, eins og færðin var líka. Á leiðinni heim urðum við að náttu í Stavanger. -- Einn helsti maðurinn um borð var Birgir nokkur Finnsson, sem nú var á heimleið eftir þessa fýluferð sína til Stokkhólms³ en þar munu menn ekki hafa viljað taka við honum til náms. Hann virðist vera að hugsa um að fara til Vínar og taka læknisfræðina þar --

Sverrir⁴ kom til bæjarins frá Vestmannaeyjum þar sem hann virðist vera að hugsa um að setjast að þar fyrir full og allt; kann ágætlega við Vestmannaeyinga og vera vel liðinn eins og annars staðar. Við höfum verið næstum óaðskiljanlegir þennan tíma, oftast rakir en aldrei fullir. Diddann (*Þorvald Lúðvíksson*) sá ég þann 28. og aftur 30. Í fyrra skiptið vorum við með Gvendi Jónasar,⁵ en þrátt fyrir nóg vín og sæmilega stemmningu hvarf Diddinn frá hálflokinni flösku og þætti það eflaust ekki einleikið ef hann væri ekki að fara í próf upp úr áramótum, fyrir hvert hann segist algerlega ólesinn. Í seinna sinni gegndi öðru máli. Þá var þessi ágæta hjúkrunkona, sem hann er orðinn fastur við nú þegar, aftur farin til Akureyrar, svo sjálfsagt var að nota tækifærið til drykkju. Hann dró okkur Sverri með á ball í Vetrargarðinum, sem við höfðum enga löngun til að fara á og hvarf þar frá okkur til að dobbla vín frá aðskiljanlegum væmíkarakterum. Það gekk ekki sem best og hann fór loks til Sigga Óla,⁶ en við Sverrir tókum þann kostinn að sitja áfram yfir tónum glösum, enda miklu hollara mannorði og heilsu. Þorvaldur hefur horast nokkuð og er orðinn skaplegur í vexti aftur, eftir atvikum. En karakterinn blívur, því miður, og heldur áfram að hneyksla góða menn og ærlega eins og t.d. Vestmannaeyjatannlækninn, og jafnvel ég er lítið hrifinn.

Agga Biering⁷ hitti ég á Borginni í gær. Hann er nú farinn að kenna lögreglumönnum undirstöðuatriðin í einhverju júrídísku og má búast við að þeir fari að virða lögin, þótt ótrúlegt megj teljast.

Gauji Valgeirs⁸ er orðinn fulltrúi lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli og orðinn virðulegur og settur í allri framkomu og farinn að fitna, kominn með vísi að impónerandi heildsalaýstru. Hann verður jafnvel boðinn í tveggja mánaða *brainwashing-tour of the United States* seinna partinn í sumar.⁹ --

¹ Jónas Thorarensen (1929) bekkjarbróðir og félagi.

² Þetta nafn notuðu Kanar á Keflavíkurflugvelli um Reykjavík.

³ Birgir Finnsson (1927-2003) sem ég hafði hitt í Stokkhólmi. Hann átti Hildi Knútsdóttur (1930-85) bekkjarsystur mína skólastjóra.

⁴ Sverrir Einarsson tannlæknir (1927-2015), bekkjarbróðir minn og forystumaður í Tannlæknafélaginu.

⁵ Guðmundur Jónasson (1929-62) félagi okkar er seinna átti Bergljótu Líndal, frænku mína. Síðast frkvstj. RKÍ.

⁶ Sigurður Ólason (1907-88) hæstaréttarlögmaður og síðar starfsfélagi Þorvaldar.

⁷ Agnar Biering (1928-95) lögfræðingur og kaupsýslumaður. Þá fulltrúi hjá lögreglustjóra í Rvík.

⁸ Guðjón Valgeirsson (1929-93) bekkjarbróðir okkar í MR um skeið var fulltrúi lögreglustjóra á Vellinum. Hann fór til Ameríku, sállar minningar og lenti í mesta vesni vegna óreglu og var umfjöllun fjölmiðla sem *lögregustjórinn í Reykjavík* sem ekki vakti hrifningu hjá því embætti. En hann eignaðist góða afkomendur.

⁹ Sagt var að þeir félagar Jón Þorláksson lögfræðingar hefðu gert áfengi upptækt í flugvallarhlíðinu. Þeir helltu því í vaskinn en höfðu flát sitt fyrir neðan. Þetta er sjálfsagt ósatt, en gæti verið satt.

Segir að hann sé að fara á skipi til Rússlands á leið sinni í framhaldsnám í Sviss en hann var hinn mesti tungumálaáhugamaður og er.

Þú hefur líklega lifað eins og blóm í eggi yfir hátíðarnar, þarna hjá Svíum, er ekki svo? Og *hans Geistlegheit*, Jón Hnef-ílla, og frú? --

Hvað er meiningin að gera? Blessaður gefðu skýrslu! Og gerðu enga skömm af þér, strákur!

Pinn vinur, Nasinn.

Eggert Ásgeirss. skrifar Álfheiði Sylvíu Helgadóttur. Briem. Stokkh. 7.1.1956.

Segir sögu af Þórhildi Pálsdóttur Línadal.

--Þórhildur litla verður fimm ára gömul bráðum. Hún heldur að hún breytist að öllu leyti á afmælisdaginn sinn. Hún kom í Tjarnargötuna, steig upp á vigtina sem sýndi að hún væri 20 kg. Hún benti á töluna 50 og sagði: *Svona verð ég þung á afmælisdaginn minn.* --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 10.1.1956.

-- Í morgun fór ég á námskeiðið fyrsta daginn og lýst mér bölvánlega á að það verði til gagns fyrir mig. Eintóm djöfuls skrifleg próf í fögum sem ég hef bæði litla interressu á og kannski litla þörf fyrir. Ég vona þó að gagnið verði eins mikið og mögulegt er. Félagarnir eru sumir geðugir en aðrir óskapar þöngulhausar að sjá, enn maður getur ekki dæmt neinn mann eftir útliti!

Ég fékk sendingu -- frá mömmu og voru það gjafir, svo ofboðslegar að ég var hálf niðurdreginn yfir að fá svona mikið. Sérstaklega er með fádæmum að vera að senda mér föt hingað, næstum hlálegt þega útsölnar standa hér sem hæst. --

Samur er hennar hugur og er það verst að ég skuli ekki vera þakklátur fyrir gjafirnar. En ég kemst við af allri góðgirninni og hennar takmarkalaus elsku, sem allt sigrar. Því betri manneskja en mamma er finnst tæpast og betri móðir ekki heldur, og það góða við það er að fleiri skuli mega njóta þessa alls hjá henni, því hún snýr sér varla við svo að hún geri ekki eitthvað fyrir einhvern. Ég vona bara að guð gefi að ég geti einhvern tíma endurgoldið henni eitthvað af því sem hún hefur fyrir mig gert, allt get ég ekki endurborgað, réttara að segja að gera eitthvað í staðinn.

12.1.1956. Í gær byrjaði námskeiði af fullum krafti og vona ég að það verði mikið og gott -- ýmislegt er ópraktískt, einkum var kennslan í statistikk út í bláinn -- Sænsk lög eru ákaflega erfið -- eintóm ný nöfn - - vonandi verður ekki tekið hart á mér þar.

Mamma sendi mér tvö hundruð krónur í jólaglaðning sem hún gat pín út úr gjaldeyrisnefndinni ásamt bréfi frá Ingibjörgu eldri, með yndislegum myndum af elskunni litlu. Varst var að mér fannst Didda heldur súr og er það kannski ekki furða. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Þórdísi Briem. Stokkhólmi, 13.1.1956.

Er spennur vegna Páls bróður síns.

-- vona að fá skeyti um gengi Palla. Ég veit að honum hefur gengið vel, og muni ganga vel, en þegar svona mikið er í húfi er maður á nálum. -- Allra helst hefur maður þörf á að taka einhvern nákominn tali -- því þá ekki að skrifa bréf --

Heldur hefur *Sálmurinn*¹ ferðast um hér í borg. Ég las hann strax, þótti skemmtilegur, kannske ekki skemmtilegastur meðan ég var að lesa hann, en þegar frá líður fer maður að hugsa um hann og njóta hans - - oft hefur hann komið til umræðu meðal landa, því bókin hefur farið víða. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Stokkhólmi, 13.1.1956.

Þykir leitt að heyra að Karl maður hennar sé veikur og þau geti ekki komið hingað til þings. Biður að heilsa honum. Ræðir um að yfirleitt þyki sér fólk utan Stokkhólms skemmtilegra en hitt.

Friede P. Briem. Skeyti til Eggert Ásgeirssonar. Rvík, 13.1.1956.

ASGEIRSSON UPPLANDSGATAN 50 STKM - GLEÐITIDINDI PALLI 14 - ASTARKVEDJUR
MAMMA

¹ Sámurinn um blómið eftir Þórberg Þórðarson.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 15.1.1956.

Þakkar kærlega fyrir Eggert og þess sem hann fékk að njóta með þeim í Stokkhólmi.

-- Frábært var hvernig þú skipulagðir allt þessu viðvirkjandi -- Ekki get ég hugsað mér annan eins sauð og Birgi Möller í sambandi við málninguna á sendiráðinu. Að þú skyldir komast í gegnum þetta. Svona aðkoma þegar slík móttaka átti að vera eftir nokkra daga - það er næstum óskiljanlegt að allt skyldi komast í lag í tæka tíð. Og guði sé lof að það gerði það og líka að það varð ykkur ekki ofraun. --

Svo er Palli minn blessaður með sitt próf. Tók hann anatómíuna og gekk það bærilega og fékk 14.

Eftir hálfan mánuð er svo fysiologi og biokemi. Segir fréttir af námi Bergljótar Líndal í hjúkrun og þýskuprófi Álfheiðar systur hennar, sem hún lauk með vinnu sinni í stjórnarráðinu.

Þá frétti hún hjá Guðmundi Ólafs bankastjóra, frænda Ásgeirs, að mágur hans Magnús Vignir Magnússon, sem bjó í Ráðherrabústaðnum ætti að fara þaðan eftir 12 daga vegna þess að Friðrik konungur og drottning hans ættu að búa þar meðan þau dvelja í Reykjavík í vor.

-- Nú sé ég í blaðinu að Magnús er að auglýsa alla sína búslóð til sölu, svo maður er að geta sér þess til að húsnæðisvandamálið verði leyst með því að gera hann að sendiherra í Stokkhólmi? --

Segir frá Inga Bjarnason og að hann sé kominn heim og hefur mikið látið á sjá svo hann líkist gömlum manni. Hefur hún séð hann nokkrum sinnum ganga sér til hressingar þó erfitt sé vegna færðarinnar.

-- Vel reynist hitaveitan hér í Tjarnargötunni, það eru mörg hlunnindi sem fylgja þeim stað, að maður ekki tali um að fá heil konungshjón í götuna!

Þjóðleikhúsið ætlar aðhafa hátíðasýningu á Íslandsklukkunni -- þegar skáldið kemur til landsins, hann kemur með Gullfossi 3. febr. En ástandið er ekki gott; Lárus Pálsson¹ liggur á spítala með sár á maga og skeifugörn, fékk hann mikla blæðingu og var hætt kominn. Hann er nú að hjarna við, hvernig sem hann verður til starfa. Hann er leikstjóri Íslandsklukkunnar og leikur auk þess Jón Grindvíking. Brynjólfur² er svo hjartveikur að hann treystir sér illa í Jón Hreggviðsson og Anna Guðmundsdóttir,³ sem leikur móður Jóns liggur á spítala. Svona er heilsufarið á þeim slóðum. Þeir sem þekkja Lárus best eru að vona að veikindin verði kannski einhver hvíld fyrir hann, þar sem hann hefur mjög slæmar heimilisástæður, kona hans (*Sista Ellingsen*) alltaf sjúklingur og Lárus er á snöpum eftir allri þeirri vinnu sem hann getur náð í og borgun fæst fyrir til að geta haldið heimilinu gangandi. --

Ég á að skila -- kveðjum frá mömmu, henni finnst hún ekki beint vera að skrifa þér þegar hún les mér fyrir - Hún er oft búin að koma Palla til að hlæja þegar hann hefur verið ónýtur að borða og áhyggjufullur fyrir prófið! Hún mamma er sannarlega dásamlegt gamalmenni og eiginlega miklu glaðari núna en hún var fyrr meir. Vona ég að guð gefi að henni endist þetta þangað til hún hverfur héðan, því ég vil alltaf muna hana svona, blessunina.

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 14.1.1956.

-- Heldur eru nú að vænkast vonirnar um að maður fái að læra eitthvað af gagni, því í ljós kemur að fögin sem maður kann eru ekki tekin til prófs. Það er einkum gaman að kennslunni í bakteríólógíu, því hún er svo lifandi og praktísk og margar tilraunir gerðar á skepnum. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 15.1.1956.

Segir frá prófi Páls.

-- Þeir skrifuðu sig 16 inn í prófið, 3 drógu sig til baka, en aðeins einn féll af þessum 13. Nokkrir féllu í miðhluta, Emil Als⁴ og Árni Ingólfsson⁵ --

Palli er orðinn svo líkur Friðrik Ólafssyni⁶ taflmeistara, að til vandræða horfir -- Palli fór í Naustið og borðaði með Reyni⁷ og Dóru,¹ daginn sem hann tók prófið. Þar var Friðrik staddur og héldu sumir gestanna

¹ Lárus Pálsson (1914-68), leikari og leikstjóri. Konan hans, *Sista* (1912-80).

² Brynjólfur Jóhannesson (1897-1973), bankamaður og leikari.

³ Anna Guðmundsdóttir (1902-

⁴ Emil Als (1920) augnlæknir.

⁵ Árni Ingólfsson (1929), skurðlæknir.

⁶ Friðrik Ólafsson (), lögfræðingur, skrifstofustjóri Alþingis.

⁷ Reynir Kristjánsson (f. Kornerup-Hansen) síðar stórkaupmaður í Föenix.

að þeir sæju tvöfalt og höfðu miklar og þungar áhyggjur. Palli var sárergilegur út af þessu. Var mamma ekki lengi á sér að klipp út mynd af Friðrik yfir taflborðinu og setja hana í ramma, hún á enga mynd af Palla og notast þá alveg eins við Friðrik! Hún er gamansöm, eins og þú þekkir.

Eins er skóverslun Stefáns Gunnarssonar að hætta. Mamma skilaði aftur morgunskóm á 95 kr., sem hún gat ekkert tekið út á, svo hún á þær inni. Einn dag kom hún, sagðist vita hvernig hún ætti að fara að. Ætlar hún að biðja Gunnar² (sem alltaf er að mála listaverk) að mála mynd af sé; ætlaði að bæta fimm kr. við, svo þær yrðu 100, því þá vissi hún að myndin gæti orðið almennileg.

-- Mikið hefur nú Lóa frænka þín verið elskuleg og góð við þig; er ég svo ánægð að þú skilir fá að kynnst því besta hjá henni, líka er skemmtilegt fyrir þig að kynnst hinum ættingjunum.

Ég hef haft mikið að gera á skrifstofunni, og svo er þetta leiðinlega skattaframtal -- Eins eru bréfaskriftir í sambandi við Zontaklúbbinn, tekur það alltaf mikinn tíma að hnoða saman setningum á ensku; vantar mig að hafa þig mér til hjálpar til að koma sköpulagi á bréfin, það er nógu vont að skrifa bréf á íslensku, svo vel fari, enda læt ég það heldur fokka, þó að þau séu að ýmsu leyti óskiljanleg.

Friede P. Briem. Skeyti til Eggerts Ásgeirssonar. Rvík, 15.1.1956.

ASGEIRSSON FRU LUND UPPLANDSG 50 STKM PALLI BÚINN PRÓFI FEKK 15
ASTARKVEDJUR MAMMA

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 15.1.1956.

Sæll og gleðilegt nýár. Ég er að komast aftur niður úr skýjunum. Kátur var ég, en nú segir bíókemían mér að ég kunni bara ekkert í sér. Djöfuls bit. Fyrst eftir fyrra prófið fannst mér allt myndi opið, ég gæti allt og vissi allt. En verr liði mér hefði ég ekki þessa furðutölu að styðjast við. Þakka jólagjöfina. --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 16.1.1956.

-- Á laugardag fórum við margir landar á veitingahúsið *Búlevarð* -- Því miður hafði ég ekki verið heima um kvöldið því bæði Birgir Möller og Gunna frænka reyndu mikið að ná í mig til að koma út um kvöldið og einnig til að fá mig með sér til Södetälje. --

Í morgun þakkaði Hammarfors mér fyrir frímerkin sem ég gaf honum og bauð mér heim í vikunni. Það fór dult vegna hinna strákanna, því það er svo hér í þessu landi að mjög misjafnlega háttsett fólk kemur afskaplega lítið í kontakt hvort við annað. Ætti ekki svo að vera. Strákarnir voru afskaplega forvitnir að vita hvað hann hefði viljað mér --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 19.1.1956.

-- Í gær fór ég til Hammarfors ásamt Starbrink aðstoðarmanni hans ásamt Reutler eftirlitsmanni á Djursholm. Þar var framúrskarandi ánægjulegt og fjörugt enda fólkið skemmtilegt og ákaflega vel veitt. Ég fræddist mikið við að ræða við þá um vandamálin, hins vegar var kona H. ekki eins hrifin af -- Hammarfors byrjaði á því með því að segja: *Er nokkur á móti því að við þúumst öll hér?* og gat vitaskuld enginn mótmælt, enda urðu allir hrifnir, því sambandið er betra titlalaust. Þeir sögðu mér ákaflega margt athyglisvert og spurðu mig margs á móti.

Ég sagði þeim álit mitt á kursinum, sagði meðal annars frá ýmsu sem mér þætti á of lágu plani. Ég vona bara að það verði ekki til þess að allt verði þyngt, svo að ég falli, því á mörgum sviðum er erfitt fyrir mig að fylgjast með og skil ég varla hvernig ég á að klara mig í gegnum prófin. Hins vegar hef ég mjög gaman af að nema það sem ég hef sérstakt gagn af og verð að verja tímanum til að læra það sem gagnlegt er og láta slag standa með hitt. Það er einkum erfitt að læra reglur og lög, þar sem ég þekki varla nein þeirra orða sem notuð eru og skýringarnar verð ég að læra nákvæmlega, því engir möguleikar eru á að nota önnur orð um hlutina, bæði getur meiningin breyst og auk þess á ég engin *synonym*.

Dr. Ottoson sagði í dag að gallinn með alla meðferð matvara væru að mjög illa væri farið með þær á vinnslustiginu, en allt mjög fullkomið þegar komið væri í búðir og nálægt kaupandanum --

¹ Dóru Þórhallsdóttur, systur Ólafs Gauks tónlistarmanns.

² Gunnar Stefánsson (1904-1967) skókaupmaður. Hann og systur hans munu hafa gefið Listasafni Íslands eigur sínar.

Haukur, Erlendur, Ingvar og ég hittumst ásamt Birgi Möller sem bauð okkur heim í nýju íbúðina til að ráðleggja sér hvað hann ætti að kaupa af húsgögnum og fá eina flösku af bjór (við drukkum þrjár), og var þetta ágætlega heppnað.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. og Friede Briem. Stokkhólm, 19.1.1956.

-- Palli minn, ég vona að þér gangi jafn vel á næsta prófi; og um alla framtíð.--

Segir frá kennara sínum Håggmark helsta lögfræðingi heilbrigðisstjórnarinnar (og kennara sínum) sem sagðist hafa verið sendur til Íslands til eftirlits með Thule -tryggingafélaginu 1935. hitti þar ýmsa lögfræðinga, auk Carls Tulinius, sem fór fyrir því. Spyr hvort Ásgeir faðir hans eða Theodór Líndal hefðu eitthvað unnið fyrir félagið.¹

Segir frá mikill veislu sem yfirmaður hjá Folkhälsan hélt fyrir nemendurna, mjög skemmtilega og sem lengi stóð enda byrjaði að hann bauð öllum dús sem vakti fögnuð og þótti óvenjulegt.²

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 22.1.1956.

Er í mestu vandræðum vegna sjúkdóms í nefinu og efast um ráðgjöf sérfræðinga í því efni og spyr sigldan son sinn ráða! Þá er hún í vandræðum með ritvél, biður Eggert um að fara til umboðsfyrirtækis Torpedo og fá ráð hjá þeim eða fá nýjan vals frá þeim eða framleiðandanum í Frankfurt am Main.

-- Þá er loksins búið að skipa sendiherra í Svíþjóð og tókst ríkisstjórninni það ljómandi vel, að taka nú einu sinni mann út utanríkisþjónustunni. --

Magnús Magnússon missti húsnæðið í Ráðherrabústaðnum vegna konungskomunnar.

-- svo nú er hvort tveggja leyst, fenginn sendiherra í Svíþjóð og Magnúsi fengið ágætt húsnæði. --

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 27.1.1956.

-- Þú hefur ekki fyrr fengið bréf frá himnum, en nú færðu það, meira að segja frá þeim sjöunda. Vel gekk mér, enda margt búið að stuðla að því, ekki síst þú, elsku Eggert minn. Aldrei hefði mér geta gengið svona vel við 1. hluta námið ef ég hefði ekki notið þinnar leiðsagnar. Nú er tæpur sólarhringur síðan prófið var enn ótekið, mér finnst það ótrúlegt að svona stutt sé frá skelfingunni, svo unaðsleg hefur sælan verið síðan. --

Segir frá þeim sem tóku prófið með honum og hvaða einkunnir þeir þessir 13 fengu og stóðust allir nema einn.

-- Ég var 40 mín. inni, ónervös nema allra fyrst. En þegar út á gang kom byrjaði skjálftinn og stóð þangað til Jón (Steffensen) kemur og segir 14. Ég var næstum rokinn um. -- Ég brosti út að eyrum það sem eftir var dagsins --

Í síðara prófinu (fysiólógíu) var hann efstur ásamt Guðmundi Georgssyni³ síðar fostöðumanni á Keldum.

-- Í gærkvöldi buðu Jón L. Sigurðsson⁴ og Reynir mér í átveislu í Þjóðleikhúsinu og fórum við síðan á Borgina þar sem ég vissi af kollegunum. Á eftir fór ég með hersinguna heim, rak mömmu blessaða, hálfsofandi á fætur og hélt þetta logandi gildi. Það voru um tuttugu. Stemmningin var einhver sú besta sem ég hef vitað í partyi, fólkið samvalið með afbrigðim -- Þar uppgötvaði ég að Þór Halldórsson⁵ er einhver músikalskasti maður sem ég hef vitað og kom það sé vel að þurfa ekki að vera þrælbundinn við hljóðfærið. Þau fóru klukka að verða fjögur.

-- Ég er alltaf að hitta kvenfólk, sem hefur haft góða reynslu af þér í geimum í útlandinu. --

Álfheiður H. Briem skrifa Helga P. Briem. Rvík. 28.1.1956.

-- Fríða var svo væn að bjóðast til að skrifa fyrir mig, og þykir mér vænt um það, þó ég vildi heldur geta párað sjálf.. --

¹ Það rifjast upp fyrir mér að pabbi lét tryggja sig hjá félaginu um sumarið, ef rétt er munað, en féll frá um haustið. Fengum við Palli einhverja upphæð greidda þegar við náðum einhverjum vissum aldri.

² Per Hammarfors var mikill velgerðarmaður Íslendinga. Skrifuðumst við lengi á, þótt ég væri hætur í heilbrigðiseftirliti.

³ Guðmundur Georgsson (1932-2013) forstöðumaður á Keldum.

⁴ Jón L. Sigurðsson (1931) síðar geislalæknir.

⁵ Þór Halldórsson (1929) síðar öldrunaryfirlæknir.

Við höfum það ágætt og gleðjumst mikið yfir prófi Páls Þóris. Það var sannkallaður gleðidagur þegar hann kom með ágætis einkunn, mér finnst ég aldrei fá það fullþakkað. --

Bergljót (*Líndal*) frænka er farinn til Akureyrar á spítalann þar og lenti fyrsta daginn í 21° frosti. --

Mér þykir gaman að fréttu um þýsku frænkurnar og tengdafólkið, og veit að þýska fólkið er ekki síður ánægt að hitta ykkur. --

Þórhildur litla Líndal er 5 ára í dag. Sagði hún mér að hún hefði verið fjögurra ára í gærkvöldi, en væri orðin fimm ára í dag. -- Byrjaði daginn á að bjóða fjórum telpum og var svo lengi burtu að Evar var orðin dauðhrædd um hana. Svo átti amman auðvitað að vera. Jóni litla fer fram en ekkert getur hann talað. --

Mikið þótti mér skemmtileg bréfið frá Álfheiði Sylvíu, hún getur einhvern tíma svarað vel fyrir sig. Leiðinlegt var að heyra um vatnsgelginn hjá ykkur og furðulegt að mönnum skyldi detta í hug að negla í vatnsrör. Ég gat vorkennt ykkur þegar allt að það var að komast í lag.

Hér hefur hitaveitan ekki reynst nægileg í frostunum, en ekki hefur verið kalt hjá okkur, guði sé lof.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 29.1.1956.

-- Þorvaldi¹ gekk vel í prófinu, fékk 1. einkunn og sendi ég honum hamingjuóskir frá okkur þrem, Palla, þér og mér; voru það fáeinir túlípanar og whiskyflaska. Vona ég að það hafi allt verið í lagi (hvað mömmu hans snertir), ég ákvað þetta svo fljótlegar að ég fékk bakþanka þar eð Þorvaldur er heldur leiðinlegur ef hann fær of mikið. Vona ég að hann hafi veitt öðrum það af meiri höfðingsskap en sjálfum sér. --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 29.1.1956.

Fór á skemmtilegan fund í Birkagårdens Islandsirkel og hitti þar marga. Var skemmtilegt að heyra íslandsvinina tala um ýmsar nýjungar, ameríkaniseringu og snobb sem ætti sér stað, t.d. byggingar ríka fólksins við Ægissíðu.

-- Annars kynntist ég þarna Nils Hjalmar Bosson sem var skólastjóri Tärna folkhögskola. Hann er mikill Íslandsvinur og hefur fengið fálkaorðuna fyrir starf sitt Íslendinga. Fyrsti nemandinn var Guðlaugu Rósinkrans, en síðan hafa verið yfir 100 í skólanum hjá honum. Hann var mjög hrifinn af þessum nemendum því geðslag þeirra væri þannig að þeir féllu inn í allt löngu á undan Svíunum og þó væru þjóðirnar líkar, alúð Íslðneinganna væri þó miklu meiri. --

1.2.1956. Jæja. Ég fór í fysiólógíuna í morgun og gekk fjandalega. Guð hjálpi mér til að láta mennina skilja það rétta í úrlausnunum. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirsyni. Stokkhólmi, 1.2.1956.

Segist ganga með sælubros vegna þess hve Palla gekk vel í prófinu. Byðst til að útvega honum kennslubækur o.fl. Spyr líka hvort hann hafi lesið bók Vaino Linna, sem vakti mikla hrifningu í Svíþjóð og bókstaflega allir hafi lesið og séð kvikmynd um bókina.

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede Pálsdóttur Briem. Stokkhólmi, 2.2.1956.

Ræðir um Torpedoritvél mömmu sem hafði bilað og bað hún mig um að fara og tala við umboðið í Stokkhólmi, sem ég og gerði, með litlum árangir öðrum en ég lærði þó að losa valsinn úr vélinni og leiðbeindi mömmu með það. Ræði um Þorvald Lúðvíksson, hrifninguna sem Friðrik Ólafsson vekur í sænskum skákheimi og nefsjúkdóm mömmu.

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 6.2.1956.

Segir frá viðburðum dagsins sem voru fólgnir í því að þeir nokkrir vinir hittu Svein Einarsson nýkominn að heiman með Árna Stefánssyni sem var kominn til að læra landafræði.

Fóru þeir á listsýningu með helstu meisturum myndlistarinnar og sem mikla athygli hefur vakið. Segir frá því hve verkin væru góð án þess þó að vekja sömu hrifninguna eins og færi um hann þegar hann væri á íslenskum sýningum nútímalistamanna.

-- Á leiðinni þaðan ætlaði ég að spyrja Svein og Árna hvað þeir hefðu lesið heima um jólin. Viku þá að sér tveir menn og spurðu hvar þeir gætu keypt frímerki. Þetta voru þá Sveinn Bjarnason og Einar Jónsson bílaviðgerðamenn sem voru sendir af h.f. Orku til að sjá Fiatbíla verkstæði hér. Voru þeir glaðir að hitta einhvern sem þeir þekkjá og fórum við á Krákuna allir. Síðan fórum við Kristinn Ketilsson með

¹ Þorvaldi Lúðvíkssyni.

þá til að sýna þeim bæinn, neðanjarðarbrautina og fleiri *fenomen* hér. Fórum svo á Regnbogann og fengum mat og *starköl*. Sveinn fór á salernið þar og rakst þar á Árna Jónsson söngvara og Sigurð

Noðdahl. Ég heilsaði upp á Sigurð, sem ég hafði þekkt frá barnsaldri.¹ Hann varð ofsaglaður þegar hann sá mig og bauð okkur öllum upp á *starköl*. Það sýnir vitleysuna í þessu landi að við fengum bjórinn ekki nema við keyptum smurt brauð (smörgås), en út á þessa brauðsneið gátum við keypt tólf bjóra. Sigurður var afar rausnarlegur en með afbrigðum vitlaus og virðist ekkert hugsa um nema sjálfan sig og íþróttir. Dæmir allt og alla, þykist allt vita en ég gat ekki séð að hann vissi neitt um neitt nema handbolta.

Þegar við höfðum skilið við Sigga og Árna fórum við hingað heim og hittum Garðar og Erlend, svo heldur var bekkurinn setinn hér. -- Ég skilaði þeim Einari og Sveini í neðanjarðarbrautina. Þá sneri sér að mér Svii, sem spurði hvort ég væri Íslendingur, hét Haskeson, eða eitthvað í þá áttina, og fór að hrósa landinu og spurði hvort ég hefði séð Sambandsfilmuna. Ég hrósaði myndinni, eins og hún á skilið. Kom í ljós að hann hafði tekið myndina.

Eggert Ásgeirss. skrifar Þorvaldi Lúðvíkss. Stokkhólmi, 6.2.1956.

-- Svo lengi sem við höfum þekkt hefur verið gagnkvæmur áhugi á hvors annars högum. Við höfum staðið báðir jafnhreðir og spenntir eftir hvors annars árangri, hvar svo sem hann hefur verið. Við höfum rifist, en það sýnir styrk vináttunnar að aftur náðist samband, gagnkvæmur túnaður og traust. Við vitum meira hvor um annan en nokkrir aðrir. Við erum sífellt áhyggjufullir yfir glappaskotum hvors annars. En þegar annar hvor hverfur út fyrir takmörk bæjarsímans, þá hættir allt samband. Bréfin eru ekki það ágæta viðræðuform, þá sjaldan þau berast á milli, bara helvítis kjaftæði. -- Ég hef fengið lítilsháttar fréttir að þér og þínu fólki -- Af þeim bréfum hef ég mátt ráða að þú værir búinn að ná prófi. Ég óska þér til hamingju. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede Pálsdóttur Briem. Stokkhólmi, 8.2.1956.

Segir frá skoðun Rembrandtsýningar með Sveini Einarssyni. Sá síðan verk eftir Gogh, Gauguin, Cézanne o.fl sem hann hreifst mjög af. Þá sá hann Brúðuheimilið eftir Ibsen með þeim endi að Nora hættir við að fara að heiman, en Ibsen hafði látið leikritið enda svo fyrir þýskt leikhús. Gerði Kar de Mumma² grín að þessu í blöðunum og sagði að næst yrði Fröken Júlía látin enda með happdrættisvinningi eða að hún fengi 3ja herb. íbúð.

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 7.2.1956.

Þakkar fyrir bókina Okänd soldat eftir Väinö Linna. Er búinn að ráða sig sem sumarkandidat á sjúkrahús Hvíta bandsins.

-- hef farið í nokkra tíma í tíma hjá (Niels) Dungal og Kristni (Stefánssyni). Dungal er skrattans ári glimrandi fyrirlesari, en maður er varaður við að taka mark á öllum fullyrðingum hans. Kristinn finnst mér afar hlægilegur, minnir mig í sömu andránni á Manga Finn³ (menntaskólakennara) og Guðmund í Móum, æðir um gólfíð eins og óður hundur í búi.

Ræðir um tvífara sinn Friðrik Ólafsson. Mikil plága eru þessi líkindi okkar. Ég var í Tívoli um daginn og hafði þar ekki nokkurn frið fyrir fólki sem var að samhryggjast mér með Larsensskákina, og hinir sem ekki gerður það voru miður sín af feimni að standa augliti til auglitis við þetta skurðgoð, sem þeir héldu mig --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 13.2.1956.

-- Þorvaldur er orðinn fulltrúi hjá Magnúsi Thorlacius⁴ og er mjög ánægður, finnst bara reglulega gaman Gæti ég trúað að hann hefði auga fyrir ýmsu hlægilegu í fari Magnúsar, sem aðrir lögfræðingar í bænum gætu ekki séð neitt broslegt við. Fulltrúinn sem fór frá Magnúsi hafði haft léleg laun, svo hann fór fram á launahækkun, eftir að hafa starfað hjá Magnúsi í 9 ár, en Magnús hélt nú ekki - lét hann fara á stundinni, og réð Þorvald fyrir 1 þús. kr. hærri laun.

¹ Hann var starfsm. í Bókaversl. Eggerts. P. Briem. Þekktur íþróttamaður og síðar leikfímikennari og kvikmyndatökumaður.

² Helsti gamanpistlahöfundur blaðanna.

³ Magnús Finnbogason

⁴ Magnús Thorlacius (1905-78) hrl.

Útvegar Eggert aukagjaldeyri frá útgerðarmanni af Akranesi, Gísla Vilhjálmsyni, er hafði verið hjálparhella þeirra lengi í gjaldeyrismálum. Þakkar honum kærlega fyrir útréttingu vegna ritvélar hennar.

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede Páldóttur Briem. Stokkhólmi, 16.2.1956.

-- Ég var hjá Halldóru Briem¹ -- og var þar afskaplega skemmtilegt. Gestirnir voru aðallega einhverjir listamann -- Halldóra er afar myndarleg, þ.e. lík þér. Hún sýndist ekkert hafa að gera en kom með alveg stórgóðan mat og fagurlega fram borinn. Annars var mjög skemmtilegt að kynnast þessu fólki; það var vægast sagt kúnstugt í háttum. Ég er viss um að maður gæti fullyrt ef maður sæi það af tvö hundruð metra færi að það væri annaðhvort geðveikt eða listamenn. Börnin hennar eru afa skemmtileg og grein, einkum yngsta dóttirin, sem hélt uppi skemmtuninni meðan hún entist. Elsta barnið, strákur 13 ára² er aldeilis frábærlega listrænn og unun að horfa á það sem hann hefur málað og mótað, þó hefur hann aldrei lært neitt nema af sjálfum sér og af að horfa á aðra. --

Er óánægður með Svíþjóðarfréttir Mogga, sem fréttaritarinn (Jón Hnefill) sendir og hefur upp úr sörpblöðum, fjallar ekki um það sem til tíðinda má telja. Sama er að segja um fréttir Dagens Nyheter frá Íslandi sem Ólafur Gunnarsson frá Vík í Lóni skrifar, mest ýmsar slúðursögur.

-- Jón og Svava eru svo góðir vinir mínir að ég vildi ekki fara að ráðast í að skrifa skammarbréf í blöðin. Ég er eini vinurinn sem þau eiga í þessum hluta heimsins, og lét draga mig þangað í kvöldkaffi svona einu sinni í mánuði. --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 16.2.1956.

-- Kuldinn er fjandalegur, þangað til í þessari viku og er nú orðið hlýtt eða ca. 8 gráða frost. Allt er relatívt.

Á laugardagskvöldið fór ég í boð til Halldóru Briem, frænku minnar, og voru þar líka Sveinn Einarsson. Kristján Sturlaugsson³ og Árni Stefánsson⁴ af löndum, þeir tveir síðastnefndu heldur leiðinlegir⁵ -- Margir Svíar voru þar, allt listamenn, málara og myndhöggvarar og eru þeir það fólk sem hjónin umgangast mest. Þetta voru allt greinilegir listamenn eftir útlitinu að dæma, en litlir ef haft er í huga að þeir eru heldur þungir og ekki allir skemmtilegir.

Halldóra er hin myndarlegasta manneskja og fengum við óskaplega góðan mat, án þess að neitt væri haft fyrir, að því er séð varð. Annars var þarna mjög frjálstlegt. Menn komu í sínum hversdagsfötum og eru það greinilega hversdagsföt hjá sumum listamannanna, án þess að ég sé að gagnrýna það. Einn kom með „sardinburk“, annar með öflösku og var þetta ágætt safn sem kom inn á heimilið.

Ég kom með koníaksflösku og var það mjög gott að hressa sig á henni. Við Sveinn og Halldóra með öll börnin parkeruðum okkur í borðstofunni og gerðum okkur gott af. Auðvitað fengu ýmsir af henni líka (en það var ekki mikið). Þegar við vorum komin niður fyrir miðju skruppum við inn í dagstofuna þar sem listamennirnir og húsbóndinn sátu og ræddu um Atlantshafsbandalagið! Eftir augnablik fóru þrír fram á gang (ég nefni þá ekki, nota fremur dylgjur) fram á gang. En við gættum okkar ekki á því að annar inngangur er í borðstofuna, því eftir augnablik, þegar við ætluðum að gæta að því sem við töldum okkur hafa talsvert mikla hefð á, var það horfið og sást ekki meir, en litlu síðar sáust ótvíræðar sannanir á fyrri líkum.⁶ Sem betur fer fóru sannanirnar skjótlega heim ásamt konum sínum og leiðinlegasta hluta selskapsins (nei ekki okkur, við urðum eftir). Síðan var sungið og haft það skemmtilegt fram eftir nóttu og var vel lukkað allt saman.

Það skemmtilegasta voru börnin í fjölskyldunni. Sonurinn er þrettán ára, veiklulegur og hengslislegur, líkur pabba sínum, en alveg framúrskarandi listamannsefni, teiknar og móðellerar frábærlega.

¹ Halldóra Briem (1913-1993) dóttir séra Þorsteins Briem (1885-1949) prófests á Akranesi og ráðherra, og f.k.h. Valgerðar Lárusdóttur (1885-1924). Halldóra var þekktur arkitekt í Svíþjóð. Átti Jan Ek lækni sem var af þekktu menningarfólki komið. Bróðir hans var einn helsti leikari Svía á sviði og í kvikmyndum.

² Sá hét Anders og varð myndlistarmaður en veiktist á geði. Dóttirin Karin Valgerður varð myndlistarmaður, Thorunn varð arkitekt og yngsti sonurinn Jan bókmenntafræðingur.

³ Kristján Sturlaugsson (1923-2011) tryggingastærðfræðingur.

⁴ Árni G. Stefánsson (1932-206) lektor við Kennaraháskólann.

⁵ Sá dómur átti eftir að breytast.

⁶ Þetta hlýtur að hafa verið mjög stór flaska sem hafði svona mikil áhrif á selskapið!

Dæturnar þrjár eru þó miklu skemmtilegri og fjörugri, einkum sú yngsta, Þórunn, sem er þeirra skemmtilegust, fimm eða sex ára gömul. Ég segi satt, hún hélt selskapinu öllu í krampahlátri þegar hún sagði brandara í klukkutíma. og lét okkur ráða gátur.

Ég vildi að ég ætti eftir að koma inn á þetta heimili aftur. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 19.2.1956.

Bréfið er mest fjölskyldufréttir frá Páli Líndal og Jóhannesi Nordal, barnkomur o.fl.

-- Ég hitti Þorvald (Lúðvíksson) á götunni í fyrradag og var hann vel ánægður með fulltrúastöðuna hjá Magnúsi Thorlacius. Sagðist hann vera eins og góði dátinn Sveig, að hann hefði alltaf sögur á reiðum höndum, segði hann eina fyrir hádegi, aðra eftir hádegi og síðan hefði hann nokkrar góðar til vara til að grípa til ef karlinn tapaði máli eða önnur óskemmtileg atvik hentu. Þetta gengi svo vel að karlinn léki við hvern sinn fingur og væri alltaf í góðu skapi, sem annars hefði verið frekar óvenjulegt. --

Þá sagði hún fréttir af Palla sem hefði verið í boði hjá Ragnheiði Ágústsdóttur, kærustu Jóns Sigurðssonar¹ vinar Palla. Ágúst pabbi hennar er búin að stofna blómabúð á Barónsstíg.

-- Kjarval býr hinum megin við götuna og er hann góðkunningi fjölskyldunnar. Þegar hann varð sjötugur var einhver sem sendi honum stærðar blómakörfu. Gerði hann sér hægt um vik og fór með körfuna til Ágústar og bað hann að lofa körfunni að standa í glugganum á búðinni. Síðan gerði hann sér margar ferðir að glugganum og skoðaði körfuna sína; þar stóð hún þangað til blómin voru visin.

Einu sinni var Ágúst að fara suður á flóttavöll í góðu veðri á sumardegi. Þá var Kjarval með feiknmikið af púðum og teppum sem hann var að setja inn í bíl. Spurði hann þá Ágúst hvert hann væri að fara og sagði Ágúst honum það. Spyr þá Kjarval hvort hann eigi ekki að keyra hann þangað, því það væri alveg í leiðinni fyrir sig. Þakkar Ágúst fyrir og spyr hvert hann ætli. Hann sagðist ætla suður fyrir Hafnarfjörð og dusta púðana sína; þar sé ein gjóta sem sé eini staðurinn í nágrenninu þar sem hann geti dustað púðana og nú sé einmitt rétta veðrið til þess.

Spyr hve lengi ég verði í Svíþjóð. Sigríður Bachmann² hafi verið að spyrja sig hvort hún gæti mætt fyrir Zonta á fundi klúbba Evrópu um stofnun sérdeildar fyrir þá. Þarf að ákveða hvað gert verði svo hægt sé að leggja það fyrir fund í Ameríku í júní. Vildi hún gjarna mæta þar út því að hún ákvað að fara ekki til Ameríku. Spyr hvort þau gætu hist. Hana langar líka til Helga í Bad Godesberg, og vill búa svo um hnúta að hún gæti ekki hætt við ferðina.

-- Sigurður Bjarnason³ frá Vigur hefur verið góður vinur dóttur Ásmundar⁴ biskups og verið þar heimagangur, þegið þar máltíðir og boðið dótturinni -- út með sér. Tryggvi⁵ sonur Ásmundar hefur hins vegar tekið að sér að stríða systur sinni svo mikið með Sigurði, hermt eftir honum svo systirin komst í uppnám, og biskup varð að ganga á milli svo friður kæmist á - og svo gerir Sigurður sér hægt um vik og fer til útlanda og giftist Ólöfu Pálsdóttur.⁶ Verður hann því svili Andrésar Ásmundssonar⁷ í stað þess að verða mágur hans. Þykja þetta ljótar fréttir og ekki einleikið með örlög biskupsdætra á Íslandi. --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 29.2.1956.

-- Gunna frænka kom í bæinn og hef ég síðan lifað ódýrt og drukkið heldur meira, sem betur fer. Þetta hefur ekki verið neitt líf áður. Á mánudaginn var hjá henni reglulegt kalas og var þar afar skemmtilegt þótt Knut Borg frændi Karls drykki sig blindfullan af engu!! Varla einum sjöunda úr flösku. Ekki einleikið!

Karl bauð mér að koma og fylgjast með þingfundi og skoða Ríkisdaginn. Gerði ég það í dag -- Ég hitti þar, eða var kynntur fyrir ýmsum merkismönnum, t.d. prestinum í Högalidsókninni í Stokkhólmi, sem er sú stærsta í Svíþjóð. Hann er góður vinur Karls og hafa þeir verið saman á þingi mjög lengi. Sundström þingmaður frá Skövde bað að heilsa Stefáni Jóhanni og einnig hitti ég Olav Anderson frá Malmö, fulltrúa í Norðurlandaráði.

¹ Jón Sigurðsson (1931), röntgenlæknir. Fyrri kona hans var Ragnheiður Ágústsdóttir (1932-2001) skrifstofustjóri.

² Sigríður Bachmann (1901-90) forstöðukona Landspítalans

³ Sigurður Bjarnason (1915-2012), ritstjóri og alþingismaður.

⁴ Ásmundur Guðmundsson (1888-1969), biskup.

⁵ Tryggvi Ásmundsson (1938) yfirlæknir.

⁶ Ólöf Pálsdóttir (1920), myndhöggvari.

⁷ Andrés Ásmundsson (1916-2006), kvensjúkdómalæknir átti Þorbjörgu myndhöggvara, systur Ólafar

Annars er þinghúsið afskaplega þægileg bygging að því er virðist og stemmning mjög góð í sölnum og restaurantinum þar sem svo margir eru þingmennirnir. Það virkaði á mig eins og rétt var að flokksböndin ráða afar miklu. Annars eru flestir þingmennirnir rólegir og geðslegir menn og flestir ósvíalegir (!) nema þeir yngstu sem virtust heldur finna meira til sín en þeir eldri. Konurnar virtust alveg eins og kvenréttindakonur heima og eins og margar konur sem hefjast til meiri virðingar en kynsysturnar og finna til sín. --

3.3.1956. Laugardagur.

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 1.3.1956.

-- Móðirin biður kærlega að heilsa og þykir bréfaskriftir hafa dregist hjá sér úr hemju. Hún á alltaf svo annríkt blessuð. Tvisvar hafakirtlar verið rifnir úr henni nýlega. Hún er orðin frímúrari og segir það taka mikinn tíma. En hún er alltaf að þroska sína sál, þótt ýmsum gæti virst aðrir meira þurfandi slíks. --

Hér feilar læknaneminn. Hann hefur ekki sett sig inn í félagsmál kvenna, ekki vitað að frímúrarar eru/voru ekki fyrir konur. Heldur mun hún þá hafa gengið í Zontaklúbb Reykjavíkur sem mótaði hennar líf mjög upp frá því. Hún hafði reyndar stofnað klúbbinn á sínum tíma (1941?) en hafði ekki tíma til að sækja fundi og gekk úr honum.

-- Nú hef ég drollað í mánuð, skemmt mér og gamnað og brugðið mér í tíma stundum, til dægrastyttingar. Ósköp hefur mér líkað lífið vel. En nú byrjaði ég í morgun á lyfjakúrs á Landakoti og verð þar út mánuðinn. 15. mæ byrjar ballið á Hvítabandinu. Þakka þér annars hjartanlega fyrir sloppinn og stetoskópið,¹ sem mamma færði mér hátíðlega í þínu nafni.²

Segir frá giftingu og Danmerkurferð Andrésar Reynis vinar síns. Ræðir rækilega um málverkasýningu Ásgríms og fer mörgum fögrum orðum um hana og ræðir í því sambandi um Rembrandt og skorar á mig að finna myndir eftir hann og gefur ráð um hvernig eigi að skoða þær og gefa sér tíma. Þetta var vegna þess að ég hafði sagt eitthvað fávíslegt um R.

-- Magnús Sigurðsson³ er ekki farinn utan, en bíður eftir svari fjölda læknaskóla í Svíþjóð og ætlar að fara strax og einhver svarar játandi. Birgir Finnsson fór til Þýskalands frá Svíþjóð, þaðan til Englands og loks til Austurríkis --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 3.3.1956.

Já, hvað hef ég nú eiginlega verið að gera þessa viku. Jú, við höfum verið að skoða allan fjandann, bæði til gagns og einskis.

Á fimmtudag var skemmtifundur, æði velheppnaður. Þar var heldur vel mætt og allir drukku sig fulla, meira eða minna. Starbrinck sýndi ágætar myndir frá því er hann var heilbrigðisoffísari í Kóreu og birtist þar mikil eynd.

Síðan var sungið og kjaftað og var það mjög leiðinlegt. Tók ég mig þá til, fíflað, og kvað fyrir þá nokkrar stemmur og þýddi skemmtilegustu vísurnar Einnig söng ég fáein skemmtileg lög og þýddi og voru þeir mjög hrifnir af. Nóg gáfu þeir mér gott hljóð en ég kvað svo húsið ætlaði að rifna. Hef ég aldrei rekið upp hljóð þar sem svo góð akústíkk hefur verið.

Þetta var ágætt, þó það hefi kannski ekki verið til annars en að starfa, því fljótlega fóru aðrir að taka sig til. Starbrinck spilaði á lútu og söng skemmtilega sænskar vísur. Textarnir voru stórkostlegir. Bent Pettersson, sambýlismaður minn, spilaði á píanó og söng alveg klassískt með. Hann lék sér, söng og hló og. Þetta var einhver besta skemmtun með undirleik sjálfs söngvarans sem ég hef heyrt.

Síðan tóku menn að herma eftir og segja sögur sem urðu því klæmnari sem lengra leið. -- Síðan tókst mér að safna í partí. -- Ég er farinn að sjá að sænskir strákar þola minna vín (eða drekka meira) en landar mínir.

Kvöldið eftir fór ég og hlustaði á sir John Barbirolli stjórna Requiem eftir Verdi og var það verulega skemmtilegt. Birgit Nilson og Sigurd Björling sungu sópran og bassa og gerðu það stórkostlega, bestu söngvarar sem ég hef heyrt hér í landi. Karlinn sem sat fyrir framan mig hafði nóturnar á hnjónum og

¹ Hlustapípa.

² Þetta var leifar af læknisnámi mínu.

³ Magnús Sigurðsson (1925-2017) bekkjarbróðir og vinur. Átti í erfiðleikum með læknanám á Íslandi, fékk inni í Düsseldorf og lauk þaðan prófi. Átti farsælan feril á Íslandi. Þekktur fyrir bókarskrif sín um hestamennsku: *Orðfákur*.

var gaman að fylgjast með. Annars sat ég með hrísling í bakinu mestallan tímann. Kórin og hljómsveitin voru líka afar góð og dásamlegt að heyra svona fjölda spila og syngja.

Við fengum einkunnir í bakteriologi og epidemiologi og hélt Hammarström ræðu fyrir mér og hrósaði mér fyrir að fá hæstu einkunn og vera þó útlendingur. Ég losnaði undan að vera tolleraður!

Halldóra Briem bauð mér á grímuball í dag. Afþakkaði ég það. Mér fannst ég engan tíma hafa til þess að búa mig út, en sá eftir að hafa ekki farið, því þetta er algeng skemmtun hér á föstunni og hefði ég vel getað farið í náttfötum og slopp, og sómt mér vel.

Í staðinn fór ég út með Karli og Gunnu frænku að borða og var það ánægjulegt. Þau eru framúrskarandi rausnarleg.

Gaman er alltaf að tala við Karl. Ekki vissi ég það fyrr en fyrir skemmstu að hann var talinn óvinur nasista númer tvö hér í Svíþjóð (skv. þýskum blöðum).¹ Hann vildi draga úr þessu, sagði að þetta hefði eiginlega verið afleiðing af því að hitt blaðið í Helsingborg hafði verið nasistablað, svo nauðsynlegt hafi verið að hamla gegn áróðrinum. Ég vissi ekki að svo nærri hefði legið að Svíar lentu í stríðinu, að fólk hafi flúið að miklum hluta frá Helsingborg og út í sveit. Hins vegar segir Karl að varnirnar hafi ekki verið nema til að sýnast, enginn vandi hafi verið fyrir erlenda þjóð að ná landinu.

Hann sagði að þegar varnirnar hefðu átt að vera sem sterkastar, eftir innrásina í Danmörku, hefði herinn ekki verið viðbúnari en svo að ein (dönsk) herdeild hefði flúið frá Danmörku og ætlað að hjálpa við varnir Svíþjóðar, úr því að allt mistókst í Danmörku. Hún hefði tekið sér far með ferjunni og raðaða sér upp á torginu í Helsingborg. Hefði yfirmaðurinn þurft að hringja í herstöðina til að biðja um að komið væri og haft eftirlit með þeim. Hafði það þá fyrst verið gert. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Álfheiði Briem. Stokkhólmi, 4.3.1956.

-- Mér líður stórvel, einkum í kvöld, því ég var að koma úr skemmtilegasta boði -- Mér var boðið með þeim Gunnu frænku og Karli heim til prófastsins í Högalid, sókn í suðurhluta Stokkhólms, sú fjölmennasta í Svíþjóð.² Ég hitti hann um daginn þegar ég var að skoða Ríkisdaginn, en hann er þingmaður góður vinur Karls, séra Bertil Mogård, en það heitir hann, er afar skemmtilegur og fjölfróður maður og eiginlega mjög óprestlegur, en það þarf ekki að vera verri prestur sem ekki ber það utan á sér. Mér finnst ég endilega þurfa³ að segja þér frá einu sem ég spurði hann mikið um og sem þú hefur áhuga á, þ.e. mál Helander biskups. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 19.3.1956.

-- Það helsta og merkasta sem á dagana hefur drifið er það að á sunnudaginn þ. 11. mars komu hingað í heimsókn til mín Ingibjörg litla sonardóttir mín⁴ og mamma hennar.⁵ Var það sárblandin hamingja, að taka litlu elskuna sér í fang, ekki síst þar sem hún er mjög indæl og efnileg í alla staði. Hún skríður um allt og er farin að ganga með, enda hélt hún auðsjáanlega þegar ég kom akandi með teborðið, sem á var glansandi tepotturinn, sem þú gafst mér, að nú væri verið að færa henni leikfang. Hún geystist af stað á móti mér og borðinu, endirinn var sá að ég varð að taka af borðinu og láta hana hafa það. Studdi hún sig við það og ók því áfram þó bremsurnar væru á því. Svo drakk hún mjólk úr bolla og borðaði brauð og ost, rétt eins og fullorðna fólkið og var öllum til sóma.

Diddu hringdi til mín daginn áður og bauð ég henni þá strax að koma, en ekki vissi ég hvað ég ætti að gera við mömmu. hvort ég segði henni sannleikann, eða hvort ég ætti að leyna þessu fyrir henni. Ég tók fyrri kostinn og sagði henni frá því, og ég held að mér hafi tekist að koma orðum vel að því, svo það var ekki eins erfitt og ég hafði haldið, enda fann mamma að mér féll þetta frekar þungt; og þá reynist mamma alltaf best. Kom hún svo inn og heilsaði Diddu og gældi við Ingibjörgu, síðan drukkum við kaffi öll saman og mamma sat dálítið inni hjá okkur, svo þetta gekk allt betur en búast hefði mátt við, þar sem mamma hefur sína gamaldags skoðun á þessum málum, eins og fleiri.

¹ Karl Gerhart (1891-1964) áhrifamikill revúhöfundur sem ég fékk að heyra íg sjá í Bernskabarettinum. Í aðdraganda stríðsins söng hann m.a. og spilaði með gítarnum sínum um indæla Þjóðverja á „lederhosen“. Skyndilega breyttist gítarinn í vélbyssu og textinn úr blíðu í herskáan söng.

² Hverfið kallast Söder. Kirkjan blasir á móti ráðhúsi Stokkhólms handan Riddarfjärden.

³ Þetta var víðfrægt mál, Helanderbréfamálið, sem leiddi til þess að hann var dæmdur frá embætti og eftirlaunum fyrir einhverjar svívirðingar sem hann skrifaði í sambandi við pólitískar kosningar.

⁴ Ingibjörg Eggertsdóttir (1955) verkefnastjóri.

⁵ Ingibjörg Andréisdóttir (1923-2005), símakona.

Segist hún aldrei gleyma því þegar hún sagði Sigríði systur sinni frá laundóttur Helga Skúlasonar, sem var að leika í menntaskólaleikriti hér, og systir sagðist ekki trúa því að stúlkan væri dóttir Helga. Fannst mömmu það mjög óeðlilegt.--

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 4.3.1956.

Ræðir rækilega um Zontafund í Höfn og veltir fyrir sér hvort við gætum farið saman til Bad Godesberg og ferðast eitthvað saman. Einnig segir hún frá vel heppnaðri og fjölmennri veislu fyrir vina- og frændfólk sitt.

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 10.3.1956.

-- fór með Gunnu og Karli í boð til pastor Mogård í Högalid. Var þar mjög skemmtilegt. Karlinn er dálítið íslendingslegur og sagði skemmtilegar sögur, virtist þekkja alla og hafa gert svo margt, en prestlegur var hann ekki og er það mikið hrós. Heimilið bar engin merki þess að vera heimilis presthjóna, nema það að frúin virtist trúuð, málaði sig ekki og var með slétt hár í hnút, eins og kristið fólk heldur að sé kristilegra en að flikka svolítið upp á sig, sem sannarlega var þörf á. Annars áttu þau dóttur sem stundar málanám við háskólann, hún var sett við hliðina á mér við borðið og látin „upparta“ mig eftir því sem þörf var á og svolítið framyfir það. Hún skalf þegar hún kveikti í sígrettunni minni. Ósköp var hún skorpin, en ekki haldin neinni trúarvillu. --

Hef miklar áhyggjur af prófi. -- en svo gekk prófið fjárans ári vel --

Alla vikuna hef ég verið við matvælarannsóknir og hlakka til að tala við þá heima og vona sannarlega að einhverjir möguleikar verði á fyrir mig að gera þær sjálfur.¹

-- tók ég Gunnu frænku með mér á stúdentafélagsfund. Við stóðum úti á Vandadisplani og biðum eftir leigubíl. Þá fór einn slíkur framhjá og heilsaði bílstjórinn með því að veifa til mín. Þetta var Sture Petterson, námskeiðsbróðir minn sem vinnur aukalega við akstur. En hann var með farþega og gat því ekki stoppað. Okkur til furðu stansaði hann eftir augnablik. Út kom Halldóra Briem og kallaði á okkur. Hafði veitt athygli þeim sem heilsaði bílstjóranum og sá að það var ég. Önnur eins **tilviljun!!**

Ágætt var að koma á fundinn þar sem mjög margir voru samankomur. Sveinn Einarsson stóð upp og byrjaði að hrósa Helga frænda og lýsti velvild Stokkhólmsstúdenta til hans og vonaði að nýi sendiherrann (sem þar var staddur ásamt konu sinni)² myndi fá alla þá velvild nýlendunnar, sem fyrri sendiherra hefði haft. Sendiherrann þakkaði svo fyrir með klaufalegum orðum.

Undir borðum var sungið og lesið upp úr bókum. Svenni las upp úr ljóðabók Hannesar Péturssonar. Þegar hann hafði lokið því stóð Sigurður Þórarinnsson upp og sagði að þarna væru svo margir Svíar sem ekkert skildu og sagðist ætla að þýða lítilsháttar og kom hann með Maríu Antoinette í alveg glimrandi þýðingu, sem greip mig alveg stórkostlega þar sem þetta var svo vel viðeigandi. Ingvar Ásmundsson las upp úr bréfum og dagbókum Ólafs Davíðssonar, sem ég hafði lánað honum, valdi heldur *gróterska*³ kafla og las þá þannig að þeir urðu enn verri. --

Ég heilsaði Magnúsi sendiherra að loknu borðhaldinu og þóttist hann ekki þekkja mig í fyrstu, en síðar kom í ljós, þegar hann talaði við Gunnu, að hann þekkti mig mætavel. Það var hálf bjánalegt að þurfa að kynna sig hátíðlega fyrir honum þegar hann þekkti mig samt. Hvort hann er feiminn veit ég ekki, þó held ég að svo sé. Menn ættu að vera eins jákvæðir og vingjarnlegir eins og mögulegt er. Hann hefðu þurft að vera svolítið meira á hreifingu, heilsa upp á fólk og sína því dálítinn áhuga. Það sýndi sig að fólk varð fyrir sárum vonbrigðum, eftir að vera búið að bíða svo lengi eftir komu hans.

Siggi Þór. skemmti með stórskemmtilegum vísum, eins og hans var vandi.

Ég var stórkostlega hissa þegar Tommi Tømm⁴ sneri sér að mér og heilsaði. Hann hefur verið hér eitthvað í Stokkhólmi og er alveg sárgrætilegt að við skulum ekki hafa vitað hvor af öðrum. Hann var á

¹ Sem ekki varð, sem betur fer.

² Magnús Vignir Magnússon (1910-1971) sonur Magnúsar Sigurðss. bankastjóra er bjó í Tjarnargötu 37. Kona hans var Guðrún Sveinsdóttir (1923-2000). Þau Magnús höfðu búið í Ráðherrabústaðnum, Tjarnargötu 32, mágur Guðmundar Ólafs, frænda míns frá Mýrahúsum.

³ Grófgerða.

⁴ Tómas Ármann Tómasson (1929-2018) síðar sendiherra.

leiðinni til Moskvu morguninn eftir og því miður var ekkert tækifæri til að ræðast við í öllu því vírvari sem þarna var. Það var sannarlega leiðinlegt því Tommi er alltaf skemmtilegur, þótt mér sýndist hann vera á leiðinni að verða diplómat og er það ságrætilegt að menn loki sig inn í formlegri skel, en svo verður víst að vera. --

24.3.1956.

Segi rækilega frá því fræga leikriti: Long days journey eftir O'Neill með þeim frægu leikurum Lars Hanson, Inga Tidblad, Ulf Palme og Jarl Kulle í frægri uppfærslu. Var Kulle sérstaklega eftirminnilegur í hlutverki berklaveika og drykkfella bróðurins.

Þá flutti ég í vikunni á Döbelsnsgötu í gott, ódýrt og stórt, velútbúið herbergi.

Úr dagbók:

Skemmtun í skólanum: Já, láttu ekki líða yfir þig. Ég valdi aðallega skemmtilega texta og þýddi þá áður en ég fór með þá og virtist fólk hafa gaman af, þótt mér þætti það annað en skemmtilegt. En þar sem rímnalög gera ekki miklar kröfur til söngs var þetta ekki sem verst. Annars skellihló ég með sjálfum mér þegar ég fór með stemmu sem ekki passaði við vísuna og þar að auki gleymdi ég vísunni, ekki var skaði skeður og varð ég þá að röfla einhverja skollapýsku með. Að sjá andaktina á andlitunum sem hlustuð, það var verulega hlægilegt eins og á stóð. Fólk þótti þetta svo velheppnaður texti sem ég fór aldrei með. Þetta er víst landkynning!

Það góða við þetta var að Svíarnir sáu að úr því að svona væri mögulegt að skemmta gætu þeir líka gert eitthvað sjálfir, svo þeir fóru að troða upp hver á fætur öðrum -- skemmtunin heppnaðist mjög vel. --

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 25.3.1956.

-- Undur er nú indælt að vera kominn út í praxisins. Það er afar *stímulerandi*, en þó eru nú aðaláhhrifin sem maður verður fyrir, hvað maður er óttalega lítill kall og veit eiginlega ekki neitt. En nú er ég orðinn sæmilega undir það búinn að taka til óspilltra málanna á Hvítabandinu -- Mánuði eftir að ég var búinn að ráða mig þangað frétti ég að það er hvorki meira né minna en kándíatskaup komið á þar. -- Kátur varð þeg, enda er þetta sama sem 7.700 kr. gjöf. Eftir Hvítabandið fer ég beint á Klepp, svo að kúrsusum verður lokið hjá mér í okt.

Svakalegt geim hafði mamma í gær. Hún bauð helstu vinum sínum, 16, í miðdag og stemmningin varð svo há að jafnvel Jón okkar Steff(*ensen*) fór að stunda ræðuhöld; við Ásta Fygenring sungum dúett (hún er vita laglaus). Undur var annars gaman. Ég hélt líka knall -- samskotagildi og helvíti gott.

29.3. Ég hitti Agnar (*Biering*) og Eyjólf (*Hermannsson*) -- þeir voru sér líkir og söknuðu þín mjög. Síðustu fregnir sem þeir höfðu haft af þér voru frá Ameríku, komnar gengum marga kvenliði. Auður Þorbergsdóttir segir mér að öll stemmning sé dottin niður á Vesturgötunni og í partíunum líka síðan þó fyrst --

Mamma var sinkbrennd í nefinu í gær og leið mjög illa fyrst, þurfti að fá morfín og codiphen,² en er nú orðið vel hress og ætla strax að hafa gesti í hádeginu á morgun.

Hún hlakkar mikið til að fara utan í maí og finnst það mikil sæla að fá að hitta þig. Hún ætlast ekki til að þú dragist með sig einhvern óratíma, heldur bara að þið hittist stundarkorn, t.d. í Bonn. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 2.4.1956.

Hugur fjölskyldunnar er hjá Helga, sem er að koma upp nýju sendiráði með alóvönu fólki, auk alls umstangsins í kringum innréttingu hússins. Auk þess hefur veður verið afleitt og kuldar. Þá hefur hún áhyggjur af bróður sínum þar sem opinber heimsókn er framundan.

Þá segir hún að Álfheiði, móður sinni, fari mjög aftur, þó hún standi sig mjög vel, en hefur ekki getað sótt kirkju. Þórdís hélt afmælishóf deginum áður og var það velheppnað. Menn skemmtu sér við að lesa furðulegt viðtal í Extra Bladet í Höfn við Sigríði (Lóló) Thoroddsen frænku þeirra. Þetta er reyndar eitt af þessum furðulegu viðtölum þar sem allt er á haus og misskilið.

-- Börnin hennar eru mjög svekkt, og sjá ekkert broslagt í þessu eins og við hin gerum.

¹ Auður Þorbergsdóttir (1933) varð lögfræðingur og dómari.

² Þetta voru vandræði stóran hluta æfi hennar og leiddu allar skurðaðgerðirnar til þess að hún missti lyktarskyn. Þannig var það gjarna í sambýlinu okkar síðar á Bergstaðastræti að hún kom upp með box úr ísskápnnum hér á Bergstaðastætti og bað okkur að lykta og úrskurða hvort matur væri skemmdur.

María Thoroddsen¹ fór með Tómasi² og Lólo³ til Hafnar, því þar er Ingibjörg⁴ systir hennar í vetur og þykir Maríu mjög skemmtilegt þar, og meðal annars var hún boðin í brúðkaup. Er það sannarlega gott að hún geti fengið að njóta þessa, eftir þessi mörgu erfiðu ár með Sigurði veikan og geðstirðan. Var hún aldrei frjáls að fara nokkurn hlut, og þegar hún kom til mömmu, sem hún oft gerði af miklum artarskap, var næstum alltaf hringt til hennar, því þá fannst Sigurði hún hafa verið svo lengi í burtu. --

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 4.4.1956.

-- Annars held ég áfram að hitta land hér á götum af tilviljun. Á föstudaginn langa fórum við saman á Mattheusarpassíuna við Sverrir Markússon⁵. Þegar við komum af henni hittum við Friðrik Ólafsson, Guðmund Pálmason, Jón Einarsson og Jón Böðvarson í Biblioteksgötunni. Voru þeir að koma beint úr flugvélinni og gátum við hjálpað þeim að finna hótél. Þá fyrr um daginn hitti ég Jón úr Vör⁶ á götu og verður hann hér um tíma til að líta eftir þegar Arianne Walgren þýðir eftir hann. Hann var ósköp glaður þegar hann sá mig enda var strákgreyið heldur langt niðri. Ég bauð honum heim og sátum við hér og ræddumst við. Hann er svo sár einhvernvegin yfir því að straumurinn sem hann og jafnaldrar hans komu með heim hafi nú farið framhjá áður en menn voru búnir að átta sig á honum og nú fýkju restarnar af honum burtu á augnabliki þegar Hannes Pétursson kæmi fram. Enda er ekki furða að Hannes með sína glæsilegu skáldgáfu og glæsilega gáfulega hugarheim við hliðina á Jónu með sína gáfu sem er ekki alltof mikil, þótt góð sé að sínu leyti, en skortir allan glæsileika. Hann er barn og sannur túlkandi tíma sem kom og fór, sem betur fer, en Hannes er maður eilífðarinnar, ekki ódauðlegur sjálfur í kvæðum sínum, enn sem komið er, en hugarheimur hans er afbrigði að því besta í klassíkinni, sem alltaf lifir af stuttar stefnubreytingar, eins og undiralda sem breytist ekki þó gárurnar leiki á henni. Á annan páskadag fórum við nokkrir í heimsókn til Svenna sem liggur alltaf öðru hverju og er það óskemmtilegt að vita af honum með sjúkdóm sem enginn læknir skýrir nema með hálfgerðum útúrsnúningi, að það sé vísursjúkdómur, segir það nú andskoti lítið hvað sé að drengnum. Hann vill ekki gera það fyrir mig að leita til Árna Björnssonar og biðja hann um að ráðleggja góðan sérfræðing.⁷ --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 15.4.1956.

Hafði beðið hann um að útvega prisma á loftljósið í stofunni. Það tókst vel. Þetta var eilífðararindi þeirra sem til útlanda fóru. Þá hafði Jón Böð⁸ komið með stækkunargler frá mér til ömmu, sem henni tókst að nota. Ferðaáætlun hennar að taka á sig mynd.

Enn er rætt um Zontafundinn og tilheyrandi heimsókn kvennanna á Konunglega ballettinn í Höfn. Þá ræðir hún um hugsanlegan bílaleigubíl, lýst illa á og segir ískyggilegar sögur af Sverri Einarssyni,⁹ bekkjarbróður mínum, sem farið hafði slíka ferð. Þá hafði hún líka talað við fleiri bekkjarsystkin, Þór Vilhjálmsson¹⁰ og Guðrúnu Tryggvadóttur¹¹ um það sama.

Segir frá bréfi Helga bróður síns og samtali, um opinbera heimsókn Ólafs Thors forsætisráðherra til Bonn. Hafði hann þá fengið snert af sams konar áfalli og hann hafði fyrr fengið í Stokkhólmi.

¹ María Thoroddsen f. Claessen (1880-1964). Milill dugnaðarforkur og skemmtileg. Ég hafði það hlutverk og við bræður að ferja þær á milli. Hún bjó við Fríkirkjuveg, beint á móti okkur. Hún átti Sigurð Thoroddsen menntaskólakennara (1863-1955).

² Tómas Jónsson borgarritari. Sjá fyrr.

³ Sigríður Thoroddsen (1903-96).

⁴ Ingibjörg Claessen Þorláksson (1878-1970), ekkja Jóns Þorlákssonar borgarstjóra og forsætisráðherra.

⁵ Sverri Markússon (1923-2009) dýralæknir.

⁶ Jón úr Vör (1917-2000). Ljóðskáld, bókavörður o.fl. Ég hafði kynnst fjölskylunni hans fyrir vestan þegar Sigrún systir hans var í vist hjá mömmu.

⁷ Árni Björnsson var sérfræðingur í lýtalækningum eða einhverju slíku og vann sér það til frægðar að gera aðgerð á fólki sem hafði fæðst með klofinn góm. Mun sjúkdómur Sveins hafa verið í augnalokum, sem gerði erfitt var fyrir hann að halda þeim opnum og þurfti að halla höfðinu aftur.

⁸ Jón Böðvarsson (1930-2010), skólameistari, íslensku-/njálufraeðingur.

⁹ Sverrir Einarsson (1927-2015), tannlæknir.

¹⁰ Þór Vilhjálmsson (1930-2015), hæstaréttadómari o.m.fl.

¹¹ Guðrún Tryggvadóttir (1929-2017), tannlæknir.

Úr dagbók E.Á: Stokkhólmi. 16.4.1956.

-- Við fórum nokkur þann 5. til Uppsala til að horfa á skákmótið og hefði verið betra í skárna veðri og einnig ef ég hefði ekki verið með magapínu og velgju. Samt var skemmtilegt að sjá opnun mótsins og skákirnar þótt maður hefði ekki beint vit á því sem fram fór. Við fórum til Sigtuna til að hitta

Rannveigu Sigurbjörnsdóttur,¹ en hún var í fríi. Jón Böðvarsson leyfði mér að leggja mig stundarkorn í rúmið sitt og brá heldur af mér við það að sofna. Ég neyddist til að aka sjálfur því ekki má nema einn setjast undir stýrið á legðum bíl. Mér hefur sjaldan liðið verr en á heimleiðinni með beinverki, hrollkaldur og svangur, hafandi kastað hverjum matarbita upp sem ég fékki þann daginn. En heim komumst við. Morguninn eftir vaknaði ég hress --

Helgina á eftir fórum við svo saman, Árni, Erlendur og Garðar til Uppsala. Hittum við þar William Möller² og Benedikt Tómasson³ sem voru í sömu erindagjörðum og við. Þetta var spennandi mót því mikið reið á að landarnir kæmst í A-riðil, en þeir voru óheppnir að Búlgararnir komust þangað, þó landarnir hefðu sigrað þá. --

Naut ég þess að skoða mig um í borginni. Brúðkaup átti að fara fram í dómkirkjunni; dóttir borgarstjóra ætlaði að giftast inn í einhverja merkisslekt þaðan. Ég reyndi mikið að ná til dyravarðarins. Loks sá ég ekki annan kost vænni en að stytta mér leið yfir miðja kirkjuna, framan við altarið og kirkjugestina. Karl gat ekki gefið mér leyfi til að fara upp í turninn. En sem ég hafði rætt um hann kom þá Rannveig ekki til mín furðu lostin yfir að ég skyldi vera að flækjast þarna í miðju kirkjubrúðkaup. Eigi varð ég síður hissa. --

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 29.4.1956.

Segir hrakfallasögur af veiðum í Þykkvabæ.

-- Mikið var ég heppinn með tímann sem ég tók prófið á. Snorri P. Snorrason⁴ kenndi okkur medisínska klínikk í stað Sigurðar Samúelssonar og gerði það svo vel, að annað eins hefur ekki spurst í deildinni. Hann er einstakur ljúflingur, öldusjór af fróðleik og laginn við að koma honum inn í þykka hausa. Hinir eiginlegu miðhlutakennarar eru ekki öfundsverðir af samanburðinum við hann. Elías Eyvindsson⁵ kenndi kírúrgíska *sjúrnalatóku*. Skemmtilegur fýr, en latur og kærulaus og gerði ekkert gagn, svo heitið geti, --

Raggi Arinbjarnar⁶ hætti við að fara í lokaprófið í vor og frestar til vetrarins.--

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede Briem. Gautaborg, 7.5.1956.

Segir frá starfi sínu og aðstæðum í Gautaborg.

Þá eru þau mæðgin að ráðgera að fara til Þýskalands til að heimsækja Helga P. Briem í Bad Godesberg. Sjálfur stefni ég að því að vera um tíma í Köln við starfsnám hjá Gesundheitsamt.

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 19.5.1956.

-- Gleðst yfir að hafa getað útvega þér hundrað dollara á 23 kr. stykkið þó gangverð sé 35 kr.

-- Blessaður notaðu þetta í einhvern skemmtilegan óparfa. En ég bið þig að segja ekki Reyni frá þessu ef þú hittir hann. Útveganir til hans fóru út um þúfur og hann þarf ekkert að vitað að ég haldi framhjá honum. Ég tók andvirðið úr bókin þinni! --

Hvítabandsvistin er hafin. Mér líst bærilega á staðinn. Er búinn að vera þrjá daga og byrjaður að aðstoða. Hann Hjalti¹ er svoddan perla, eins og reyndar allt fólkið á Bandinu. Það man vel eftir þér og hefur enn dæmalaust dálæti á þér. Ég nýt góðs af. --

¹ Rannvegi Sigurbjörnsdóttir Einarssonar biskups. Hún giftist séra Bernharði Guðmundssyni sem gegndi mörgum embættum innan íslensku kirkjunnar og hjá alþjóðastofnunum.

² William Möller (1914-1965) kennari, síðast á Skógum undir Eyjafjöllum.

³ Benedikt Tómasson (1909-1990), síðast skólayfirlæknir.

⁴ Snorri Páll Snorrason (1919-2009). Hann var sonur Snorra Halldórssonar læknis í Síðuhéraði, fjölskylduvinur sem hafði búið á námsárum sínum í Tjarnargötu 24.

⁵ Elías Eyvindsson (1916-1980), síðast stjórandi Blóðbankans.

⁶ Ragnar Arinbjarnar (1929-97) bekkjarbróðir minn, síðast heimilislæknir í Rvík.

Mikið er þetta einkennilegt. Stundum finnst mér ég vera svo fjárans ári skemmtilegur og einstaklega andríkur, en þegar ég sest niður til að skrifa bréf kemst ég að því að þetta er allt hinn hroðalegasti misskilningur. Þetta er líklega ástæðan til þess hve lítið ég er fyrir bréfaskriftir.

Sæl er sjálfsblekkingin. Það er miklu skemmtilegra að skrifa *sjúrnala*. Þar þarf ekkert að koma frá eigin brjósti, maður bara spyr; í bréfaskriftum hefur maður engan að spyrja.

Vel líkar mér sú tilhugsun að þú skulir brátt koma heim, en það verður ljót uppákoman fyrir mig. Ég verð að láta af hendi hálfu íbúðina, sem ég hef haft. Og svo eru það skáparnir. Mikil sæla hefur það verið að geta notað þá báða -- Og síðan er það að láta af hendi eitthvað af kvenfólkinu við þig. Þær hafa allar keppt við að stjána við mig. Þegar þig hefur vantað, hef ég fengið *yfirdosis*.

-- skila kveðjum frá öllum kunningjahópnum, hvorki meira né minna.

Eggert Ásgeirss. skrifar Jóni Sigurðss. borgarlækni. Gautaborg, 14.5.1956.

Segir frá námslokum sínum 5. maí í Stokkhólmi. Prófið hafði gengið allsæmilega en þyngsti hluti prófsins sé eftir, að aðlaga námsþekkingu aðstæðum heima. Segir frá Svíum og hjálpsemi þeirra. Þessa dagana starfi hann á rannsóknarstofu í matvælafræði í Gautaborg og hafa lagt drög að því að komast að til námsdvalar í Þýskalandi í þann tíma sem borgarlæknisembættið samþykki.

Friede Briem skrifar Þórdísi Briem. Khöfn, 27.5.1956.

-- Ég hef svo annríkt að skemmta mér -- Þetta hefur verið frábærlega vel heppnað og þær dönsku (*Zontakonur*) hafa ekki tapað kímni áfunni og öllu hefur verið sérlega vel stjórnað. -- Ég hitti varla Eggert, en þegar við hittumst erum við bæði jafn ánægð.

Vona að vinna verði ekki allt of ströng; vil ekki hafa áhyggjur, en samt reikar hugurinn heim til ykkar. -- Hér er mikið talað í kringum mig, svo þetta verður ómerkilegt.--

Jón Sigurðss. borgarl. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 1.6.1956.

-- Bestu þakkir fyrir bréfið og fyrir kveðjur. Bið þig afsökunar á að ég svara fyrst nú.

Innilega til hamingju með prófið, ég vona að það og námið erlendir verði þér til góðs fyrr og síða og einnig okkur hér heima, sem eigum að njóta starfskrafta þinna. Mér hefur þótt bænt um að kynnast áhuga þínum fyrir starfinu og ég hlakka til að sjá þig byrja hér aftur. Verkefnið eru vissulega mörg og margvísleg sem biða úrlausnar.

Engu að síður er ég þér sammála um, að rétt sé, að þú notir ferðin til að búa þig enn betur undir starfann en kleift var á námsskeiðinu, ef tækifæri gefst til þess í Þýskalandi. Vonandi má sitthvað læra af Þjóðverjunum og þá líka að þú átt alveg sérstaklega virðulegan og áhrifamikinn hæk í horni, þar sem sendiherrann er, þá efast ég ekki um. að þú fái að kynnast heilbrigðiseftirlitsstarfinu í Þýskalandi. - Við búumst því ekki við þér heim fyrr en um eða eftir miðjan júní n.k.

Það sem ég ætla að biðja þig alveg sérstaklega að kynna þér hjá Þjóðverjanum, er, hvernig hann fær eigendur fyrirtækja og starfsmenn þeirra til að framkvæma eða hlýðnast „*minniháttar fyrirmælum*“ eftirlitsins. En einmitt þetta vill oft dragast úr hömlu hér, og tilefnið að dómi okkar ekki nægilega veigamikið til að hægt sé að kæra það fyrir sakadómara eða beita lokunarákvæðum.

Aðrar óskir: 1) Þýsk reglugerð varðandi loftræstingu. 2) Hvernig má bæta fiskbúðirnar reykvísku (á annan hátt en með því að afnema verðlagseftirlitið)? 3) Hvaða vörur bera að leyfa að selja í kjötbúðum og fiskbúðum?

Þakka *kiosk*-reglurnar sænsku. Erlendar samþykktir og reglur eru kærkomnar.

Starfsfólkið hér sendir kærar kveðjur. Við vonum öll, að þú fái gagn og gleði af Þýskalandsförinni. Vertu ætíð blessaður. Þinn einl. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Bad Godesberg, 10.6.1956.

-- Ég sit hér í dynjandi rigningu -- hefur rignt samfelld í þrjá daga. Öll plön um Rínarferð hafa orðið að engu --

¹ Hjalti Þórarinnsson (1920-2008) frá Hjaltabakka, prófessor í handlæknisfræði.

Hér hafa komið um 40 Íslendingar til þess að kjósa og þá fengið kosningakaffi, var þá ætlunin að vera úti í garði, en veðrið leyfði það ekki.¹

Í gærkvöldi fórum við Helgi til Kölnar og hlustuðum á Leningrad symfoníuhljómsveitina undir stjórn frábærs stjórnanda, Kurt Sanderlings með David Oistrach sem einleikara á fiðlu. Það var alveg dásamlegt en konsertsalurinn ekki skemmtilegur -- Það rigndi eins og hellt væri úr fötu, en maður þarf ekki að kvarta þegar maður ferðast um í *cadillac*² og leikur fínt fólk.

Ég óska -- að veðrið verði gott á morgun og þriðjudaginn, því þá lánar Helgi okkur bíl og bílstjóra til Bruxelles í Belgíu. Hann er alveg á móti því að við leigjum bílstjóraausan bíl, en er alltaf fús að lána okkur sinn bíl. Það er auðvitað mjög vel boðið, en við kunnum dálítið illa við að þiggja það, sérstaklega ef hann vantar bílinn.

Ég er búin að ákveða að fara héðan á fimmtudaginn kemur, en Helgi vill endilega að ég verði hér 17., en ég vil heldur vera í London þann dag.

Hér býst ég að verði mjög lítið af Íslendingum og hreinskilnislega sagt langar mig ekki til að hitta *diplomatana*. Hér er bíó og ágætt veitingahús og þangað höfum við oft farið, því aumingja hjónin eru að keppast við að skemmta mér, en myndirnar eru eins og gengur ekki allar jafn skemmtilegar.

Einn daginn vorum við Eggert saman í Köln. Þá var indælt veður og ég naut dagsins, við vorum frjáls og gátum gert hvað sem við vildum, fengum okkur kaffi og koníak og nutum dagsins í ríkum mæli.

Ég vona að þetta megi ekki skilja sem vanþakklæti hjá mér, en ég verð svolítið ófrjáls þar sem er svona mikið af þjónustufólki, sem alltaf ávarpar mann sem *gnädige Frau*. --

Vona að ykkur líði öllum vel heima og að þú gangir ekki fram af þér með vinnu.

Systur Dorisar koma hingað í 10 daga heimsókn -- og finnst mér það ágætt að fara, því það er ansi mikið að hafa okkur allar í einu, þó ég hafi ekkert á móti því að hitta þær aðeins. --

Zontakonurnar í Sviss hafa verið að bjóða mér til sín, en ég þigg það ekki í þetta sinn. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 17.6.1956.

-- Ég fór til Agnars³ á föstudagsmorguninni og var mjög vel tekið. Ég kom á skrifstofuna, en þar sem Ólöf sá mig út um gluggann, þegar ég kom, kallaði hún á mig og þar hitti ég Agnar og Önnu, systur Ólafar, sem dvelur þarna hjá þeim. Ég fékk indælis kaffi og sá Bjarna⁴ litla son þeirra, skemmtilegan dreng, sem talar íslensku líka. Ég fékk allt sem ég óskaði og er boðin þangað í dag í *cocktailparty*. Því miður er rigning og kuldi hér, svo ég klæði mig eins og á vetrardegi heima.

Ég fór í Covent Garden og sá Svanavatnið, ekki þó með Margot Fontain, en mér fannst það alveg dásamlega skemmtilegt. Fólkíð var sérstaklega vel klætt, svo það verður svo miklu skemmtilegri blær yfir öllu, en hér er svo mikið af rauðu *plussi* að eftir þessa fáa daga hér, er ég búin að fá meira en nóg af því. Sérstaklega af því að það er ekki svo vel hreint.

Ég uni mér hið besta og ætla að vera hér rúma viku ennþá -- Í gærkvöldi fór ég í leikhúsið og sá *Separate tables* eftir Terence Rattigan, og þó að það sé búið að ganga hér í tvö ár, fannst mér sýningin ekkert sérlega góð. Einhvern veginn gerir maður meiri körfur hér en heima. --

Ég fór í gær að skoða London og ýmsar byggingar, þinghúsið, Guildhall o.fl. -- Gat það verið dálítið ruglingslegt þó maður haldi að sláturhúsið sé kirkja - eða öfugt - því maður á ekkert erindi á þessa staði aftur. -- Vætan fylgir mér óþarflega mikið í þessari ferð - en af því er ég ekkert sérstaklega hrifin. Vil heldur hafa hana að innan en utan!

Hafðu það gott og gaman var að vera með þér, sérstaklega þegar við vorum tvö ein saman. Það var þó of sjaldan.

¹ Þessi kosningasamkoma var eftirminnilega skemmtileg. Sá var þó galli á að Helgi átti miða á þessa merkilegu tónleika, leysti boðið upp með orðum sem Friede systur hans féll illa: *Ég segi eins og Jón Helgason biskup: Að lokum syngjum við*. Það var ekki að skapi móður minnar að vísa gestunum á dyr með þessu móti. Því bjargaði Hannes Jónsson, sendiráðsfulltrúi, sem ekki var efstur á vinsældalista Helga, og átti eftir að gera ýmsar *fadessur* á starfsferli sínum, með því að gangast fyrir að hópurinn færi í veitingahús þar nærri, með skemmtilegri hljómsveit sem spilaði, *mærkelig nokk*, ýmis vinsæl sönglög sem þekkt voru á Íslandi.

² Cadillac var sendiráðsbíllinn með bílstjóra.

³ Agnar Kl. Jónsson, þá sendiherra í London.

⁴ Bjarni Agnarsson (1945), lækni.

-- Gott að vita af þér í hreinu herbergi hjá almennilegri stúlku, þó vona ég að hún verði ekki svo almennileg að hún elti þig heim.

Úr dagbók E.Á: Köln. 18.61956.

-- Já, það er langur vanrækslutími frá 3 maí, en svona er maður. Ég held það verði mér til þæginda síðar meir að rifja upp eitthvað af viðburðunum á þessu tímabili.

Kúrsinum í Stokkhólmi var slitið með miklum hátíðleik 4. maí og varð ég svo frægur að dr. Kjellander hélt fyrir mér hrósræðu!

Morguninn eftir fór ég til Lóu og þeirra á Glenni, var þar nótt og fór svo til Gautaborgar. Þar tók Friðrik Kristjánsson á móti mér af sinni frábæru hjálpsemi, sem enn betur sannaðist þegar hann bauð mér að búa hjá sér og var það stór fjárhagslegur stuðningur og mikil þægindi, því bæði er herbergið gott og Friðrik sambýlisþýður. Þótt mig langaði til að fara á konserta, fór ég ekki, því Friðrik hafði engan áhuga á slíku. Var mér ekki nema ánægja af að hliðra svolítið til.

Í Gautaborg var ég til 22. maí og var allan tímann hjá heilbrigðisnefndinni og var það ágætt, nefndin var heldur vel starfandi og starfsmenn yfirleitt ungir og hjálpsamir. --

Heldur þótti mér Gautaborg leiðinlegur staður og eiginlega fátt sem gerist þar. --

Heldur er fátt um landa í Gautaborg og samband enn minna þeirra milli, nema kannski þeirra fáu sem nám stunda í Chalmers.¹ Íslandsvinafélag er þar, mjög undarlegt, þótt bót sé á að Peter Hallbeg stendur fyrir því.

Ég held að það hafi verið 8. maí sem einhver akademískur bókmenntaklúbbur hafði fund og var þar Kiljan til skemmtunar, en hann var þar staddur. Var byrjað á að Pétur hélt fyrirlestur um skáldið, síðan las Kiljan sjálfur upp úr Fegurð himinsins á skínandi sænsku og að því loknu spurði Pétur hann út úr. Voru það afar óþægilegar spurningar. Þeirrar síðustu spurði hann þrátt fyrir að sér þættu þess konar spurningar mjög bjánalegar, en þar sem skáldið hefði látið eina söguhetjuna spyrja hennar, þá leyfði hann sér að gera það sama: „Hvers vegna skrifarðu?“ var spurningin og hún virtist skáldinu ekkert sérlega þægileg, því roði færðist yfir andlitið og hann byrjaði að fálma kringum sig með höndunum.

Loks datt honum svarið í hug og sagði að eitt sinn hefði maður, já, Hillary að nafni, stigið upp á Everesttind og síðar komið til Reykjavíkur. Þar hefði maður spurt hann hvers vegna hann væri eiginlega að klifra upp á þessi fjöll. Hefði Hillary svarð: „*ja faktum er, menn klifra þau*“ eins væri með rithöfundana.

Skáldið gerð ansvítlaus lukku meðal Gautaborgara og náttúrliga okkar landanna. Á eftir þessu var samsæti fyrir hann hjá Sænsk-Íslenskafélaginu og var það eitt hið leiðinlegasta sem ég hef verið og vorum við Árni Björnsson og frú, sem voru í heimsókn hjá bróður hennar, að þetta þætti klént á Stokkhólms-íslenskan mælikvarða. En hvað gátu þessir fáu Gautaborgaríslendingar gert innan um alla þessa Svía. Þetta er þeirra félag og stjórnin, held ég, alsænsk. Meira að segja einn í stjórn, flaggstýrimaður, hafði aldrei til Íslands komið, en það er þó hans draumur, og þegar ég spurði hvað ylli hans Íslandsást sagði hann að það væri ástin á hinu óþekkta og einnig að Ísland væri svo líkt Mexíkó. Þá sagði Sigrún Jónsdóttir listakona að það væri ekki óeðlilegt því allar litmyndir frá Íslandi væru litaðar í Mexíkó. Samkvæmið leystist upp um tólf og var þá farið í partí til Sigrúnar og Ragnars Emilssonar arkitekts og bætti það úr skák og væri heimilið sjálft mjög merkilegt rannsóknarefni og langt.

Gautaborg var heldur svona daufleg borg og þar heldur fátt að gera -- Þeir hjá heilbrigðisnefndinni tóku mér mjög vel og en þar var ein og erfitt að vinna með þeim, einkum dýralæknunum, svo dvölin nýttist ekki sem skyldi. --

Þá fórum við Guðrún Sveinsdóttir hjúkrunkona og Friðrik í velheppnaða ferð til Noregs.

-- Norðmenn eru eitthvað alúðlegasta fólk sem ég hef hitt og mikil viðbrigði að koma frá Svíaríki, en það besta var að Svíarnir umbreyttust þegar þeir komu til Noregs. --

Þegar ég kom til Hafnar hitti ég mömmu og varð það heldur en ekki fagnaðarfundur og fórum við saman í leikhúsið og sáuum stykki eftir Sherwood með Mogens Wieth og fleiri ágætisleikurum

¹ Vinur minn Manfred Vilhjálmsson arkitekt var búin að ljúka prófi og farinn heim, að mér skildist.

Daginn eftir fórum við til Gunnu frænku í Helsingborg og var það hin ágætasta heimsókn. Ég hitti Einar Jóhannson¹ bekkjarbróður minn og fór með honum á fiskimálasýningu meðan mamma var á Zontafundum. Síðasta kvöldið hittum við Bjarna Guðmundsson² frænda minn og Hildi dóttur hans og bauð hann okkur út að borða á d'Angleterre --

29.5. 1956.

Flugum við til Hamborgar --og var gott og þægilegt að koma þangað. Við töluðum þá við Helga og ráðlagði hann af skömm sinni okkur að við skyldum sjá Reeperbahn, og gerðum við það. Ég var honum sárreiður, þangað hafði hvorugt okkar komið, né höfðum við minnstu ánægju af því. En að hann skyldi gera það sér til ánægju að eyðileggja annað kvöldið okkar þar, því skil ég ekki í. Ef við hefðum komið knékrjúpandi til hans og beðið um ráð um hvað ætti að gera, þá hefði verið öðru máli að gegna, en þegar maður ætlar að bjarga sér sjálfur, þá reiðist hann og finnst hlægilegt að nokkrum skuli detta í hug að leita ekki ráða hjá honum.

Annar dagurinn var mjög skemmtilegur. Við fórum hringferð um bæinn, röltum um, fórum í blómagarðinn og sáu að lokum Valkyrjurnar í nýju óperunni og var það gaman, þótt heldur væri langt að sitja í leikhúsi frá kl. 18-12. En mamma hafði gaman af og var óð og uppvæg að kaupa ís og kaffi, ásamt sælgæti og hafði ég gaman af að sjá hana njóta sín. Svo flugum við til Kölnar.

Helgi og Markús bílstjóri tóku þar á móti okkur og fóru með okkur til Bad Godesberg. -- Heldur var leiðinlegt þar. Ekkert komst í verk af neinu tagi. Ef einhver vildi gera eitthvað var það ekki hægt nema stutta stund, því Doris vildi þá fara í kokkteilboð, sem Helgi vildi feginn losnast við og ekki var tekið í mál að við mamma færum eitt né neitt ein, alltaf stóð til að farið væri með okkur, ef við ætluðum eitthvað að gera átti að þröngva bíl og bístjóra upp á okkur, sem við kunnum ómögulega við, sem ég vona ég að enginn Íslendingur eigi nokkurn tíma eftir að hafa ánægju af. Þegar ég fór að kynnst Markúsi þótti mér ágætt að eiga við hann, en því aðeins ef hann borðaði með mér og ræddi við mig eins og maður við mann, en ekki með hneygingum og veseni. Ég hélt þetta ekki út og var orðinn áhyggjufullur um hversu allt myndi til takast með námið og málið, svo ég dreif mig til Kölnar 4. júní og kom mér í málánám og útvegaði mér prýðilegt herbergi.

Ég vorkenndi mömmu að vísu að þurfa að vera þarna ein áfram, en við því var ekkert að gera. Hún var heldur ræfilsleg við að fara eigin leið í trássi við heimilisfólkið. Hún varð enn þreyttari þegar ég var farinn. Þó bráði af henni þegar ég kom. Hún hefur mikla ánægju að ganga frjáls um, skoða í búðarglugga og líta á kirkjur og önnur steinbákn, svo það er rörandi að sjá hana, enda hefur hún ekki mörg tækifæri til slíks þegar hún er heima.

Helgi hafði boðið Íslendingum hérna til að koma fimmtudaginn 7. júní og komu þá fáeinir frá Aachen, en hinir neituðu að koma, því þeir sögðust ekki mega vera að því svona í miðri viku. --Veitingar voru illar og ómerkilegar, Doris í fýlu, hún eyðir ekki orku sinni í það fólk sem borgar henni kaup. Það eina sem þeir fengu var kaffi og kökur sem mamma hafði bakað til vara ef margir skyldu koma, en það var það eina sem bakað var á því heimili, svo fengu þeir eitt glas af *dubonnet* og var það þunnt.

Fjöldinn kom svo þann 9. á laugardegi og var það skemmtilegra þótt ekki væri skap húsmóðurinnar betra né veitingar ríflegri. En menn höfðu ánægju af að hittast og var það fyrir mestu.

Þá var aðalbjargvætturinn í selskapinu, svarti sauðurinn í sendiráðinu, Hannes Jónsson félagsfræðingur og seinna sendiherra, því hann organiseraði að við skyldum skemmta okkur öll saman, þegar Helgi var búinn að reka mannskapinn út, og segja að hann hefði búist við honum tveim dögum fyrr, en þá hafði hann látið mig standa í því að koma fólkinu í burt. Finn ég þó til meir samstöðu með þessu fólki en Helga og Dorisi.

Álfheiður Sylvia er sá ljósgeisli á heimilinu að orð fá vart lýst því hve ég vorkenni henni oft að þurfa að vera þar með þessu „aldna“ fólki og *superegoistiska* móður. Hún er svo mikið gáfnaljós, en það er eins og gáfunar séu að lokast inni hjá henni, því það er eins og hún sé að verða þreytt á lífinu öllu saman. Ég vona að úr þessu rætist og að Ísland tapi ekki þessari frábærlega gáfuðu dóttur sinni.

¹ Einar Jóhannson (1928-2004) gæðastjóri hjá Sölumiðstö hraðfristihúsanna, held ég, og kennari.

² Bjarni Guðmundsson (1908-1975) blaðafulltrúi utanríkisráðuneytisins, sem átti Gunnlaugu Briem (1902-1970), frænku mína sem áður hefur komið við í þessari samantekt.

Eins og ég sagði organiseraði Hannes okkur til að koma saman í Köngiswinther og var það mjög skemmtilegt, þótt illa liti út í fyrstu, því á einum skemmtistað var alveg fullt, á öðrum alveg tóm og urðum við þar að setjast. Enn ekki vorum við fyrr sest niður og byrjuð að syngja en flestallir af hinum skemmtistaðnum komu og með stærðar lúðrasveit með sér. Síðan voru Rínarlög sungin og dansað við af miklum krafti og drukkið eitthvað lítilræði. Var þetta framúrskarandi velheppnuð veisla og Hannes hélt ágæta ræðu um ástundun dyggða og ég veit ekki hvað og hvað.

Morguninn eftir komu þær Inga Huld¹ og Togga hingað til Kölner og reyndum við að skemmta okkur í rigningunni, en fátt var mögulegt og endaði það með því að þær komu heim til mín og við drukkum rínarvín og átum kökur með og töluðum gáfulega saman fram eftir kvöldi.

11.6.1956.

Hófst ágætis ferð til Luxembúrgar. Helgi lánaði bílinn og Markús. Þar sem mér þótti skömm að því að við mamma værum tvö ein að þvælast í stórum bíl, þá buðum við Ingu og Toggu með. Við fórum til Altenahr og Adenau yfir Eiffel -- og til Brüssel -- var þar margt að sjá -- Svo haldið heim yfir Liege og Aachen -- og komið heim -- eftir ferð sem sýnir hvernig ekki á að ferðast. Þó var heldur skemmtilegt. Inga og Togga héldu til Bonn með mömmu og svo með lest til Frankfurt. --

13.6.1956. Fór ég um kvöldið til Bad Godesberg í kveðjuveislu sem mömmu var haldin og morguninn eftir til að kveðja hana á flugvellinum.

15.6. talaði Helgi við *oberstadtdirektör* dr. Max Adenauer,² því nú áleit ég mig orðinn það færan í þýskunni, eftir hörku námskeið og æfingar. að ég gæti látið hendur standa fram úr ermum. Það gekk fljótt og strax um eftirmiðdaginn fór ég á kontórin, talaði við einkaritara hans, síðan persónalsjéfinn og loks við borgarstjórnann Adenauer sjálfan. Morguninn eftir mætti ég hjá *Gesundheitsamt*.³ Herr Rauffels ætlar að sjá um að ég komist inn í allt sem mig lystir hér í Köln. Ég mun fyrsta kastið lesa bækur til að komast inn í mál. --

Segi ég rækilega frá því sem ég las, en skauta framhjá því. Einnig segi ég frá skipulagi, sem er mjög lítið áhugavert þegar ég skrifa þetta 60 árum síðar.

Úr dagbók E.Á: Köln. 16.6.1956.

-- Í gær talaði ég við aðstoðarmann *oberstadtdirektör* Adenauer og vísuðu þeir mér á *Gesundheitsamt* og talaði ég þar við Herr Reuffels í morgun. Öll þessi fyrirgreiðsla gekk frábærlega fljótt og af mikilli hjálpsemi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Köln, 19.6.1956.

-- varð ég mér til stórskammar hér í götunni þegar ég fékk bréfið. Hér er nefnilega sá *patentpostkassi* á húsinu, að maður getur séð hvaða bréf eru í honum. Þar sem ég hef ekki lykil að honum varð ég að taka langan þrjón og veiða bréfið upp úr honum. Vakti það allmikla athygli hjá fólkinu sem býr hér á móti, sem vonlegt er. En þótt ég yrði mér til stórskammar varð ég því margfegnari þegar ég fékk bréfið með góðum fréttum af þér. --

17. júní-boðið var hið skemmtilegast. Nú lét Doris sig ekki vanta, geislaði af fjöri og skemmtilegheitum allan tímann og sigraði alla aðalmenn Þýskalands og fulltrúa erlendra ríkja með töfrum sínum. Skömm er að því að segja þetta, en svona var það. Sjálfum þótti mér með afbrigðum skemmtilegt, þrátt fyrir að bæði Hannes og Helgi notuðu mig sem einhvers konar viðlegupláss fyrir flest stórmenni veraldar; þeir brunuðu með bæði gula menn og svarta, Búdda- og Bramatrúar, kristna og heiðna, til mín í stórum skörum og kynntu mig fyrir þeim. Að ég nú ekki tali um prófessorana og borgarstjórnara, þeim var smalað að mér í flokkum. Mér var nú ekki um það og var feginn að draga einhvern Indverja út í horn og tala við hann um Stokkhólm og Bonn og mismunandi leiðindi staðanna. Var þetta hinn skemmtilegasti maður þó ekki væri hann mikill fyrir mann að sjá.

¹ Inga Huld Hákonardóttir (1936-2014) sagnfræðingur.

² Dr. Max Adenauer borgarstjóri var Íslandsvinur og í Íslandsvinafélaginu, sonur Konra Adenauer kanslara landsins. Það skal tekið fram að Ólafur Thors hafði verið í opinberri heimsókn til Bonn og sem þótti einstaklega vel heppnuð. Helgi hafði alltaf verið upp á kant við sumar Thorsarana, en nú kynntust þeir Ólafur og hann og bætti það seint og um síðir mjög samband Helga við stjórnmálaelítu Sjálfstæðisflokksins.

³ Þetta tók sem sé undraverðan tíma að komast inn í málið og til starfa, enda var allt gert fyrir mig hjá borginni.

Ég held að þannig hafi á þessum kynningum staðið.

1) Hannes þekkti þarna eiginlega engan anna en mig.

2) Helgi þekkir heldur ekki neina aðra sanna fulltrúa íslenskrar menningar sem boðlegir væru.. Því setti hann menntamennina á mig. Mér þykir það bæði eðlilegt og vel til fallið.

3) Hvorki Helgi né Hannes þekkti neinn annan félaga úr sambandi starfsmanna ríkis og bæja. Því skelltu þeir borgarstjórunum á mig, til þess að vekja hrifningu á frábæru starfsmannavali yfirvaldanna heima. Svo ég segi alveg eins og er, þá held ég að þeir hafi orðið hrifnir? Það hefur að minnsta kosti áreiðanlega ekki sést fyrr í þessu landi neinn maður sem eftir aðeins hálfs mánaðar dvöl í Þýskalandi hefur ná jafn frábærri þjálfun í að hneigja sig, hrista hausinn, jánka, neita og þegja á þýsku eins og ég. Enda var ég úfinn þegar sýning var á enda, og feginn að komast á klúbb þeirra manna hér í borg sem aðhyllast *existentialisma*, en sem betur fer hafa aldrei hugsað neitt um slíkt, yfirhöfuð aldrei hugsað neitt, jafnvel svo lítið að þeir hafa gleymt að raka sig.

Eitthvað hef ég vaxið af öllu þessu, því þegar ég fór í læknisrannsókn hjá Heilsuverndarstöðinni í Köln, morguninn eftir, var ég orðin 192 cm. á hæð samkvæmt nákvæmstu mælingu. Það hefur sem sagt hækkað mig um þrjá sentímetra að standa í þessu béuðu vesni. Það gæti kannski verið að mælitæknin sé frá Hitlerstímanum, þegar allt átti að líta vel út að þeir hafi gleymt að lengja sentimetrann aftur þegar Hitler var fallinn. Ég býst við að mælirinn sé þannig til kominn að hann hafi verið notaður til að mæla hæð hermanna sem teknir voru í herinn, lækarnir, af hræðslu við að verða skotnir, ekki þorað að láta kvisast út að innritaðir hermenn í því mikla landi væru jafn rindilslegir og raun bar vitni, og stýtt metrakerfið um 1,6% Mér þætti að minnsta kosti verra ef ég væri farinn að vaxa aftur, en þó er bót í máli að ef ég hef vaxið hafa buxurnar mínar lengst eða síkkað. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Köln, 21.6.1956.

-- Ég vona að mamma hafi verið ánægð með ferðina. Hún varð að vísu ekki eins merkileg og ætlað var; Helgi fékk hana til að breyta áætlunum sínum og verða hjá sér fyrst. En ég gat ekki verið hjá þeim í aðgerðarleysi og órólegur um starfið mitt hér í Köln. Ég varð að reyna að fá mömmu til að koma hingað í nokkra daga til Kölner, þar sem meira er um að vera en í Bad Godesberg, en hún lagði ekki út í það. Helgi var svo ráðríkur að það var eins og hún þyrfti að stelast til að skreppa út fyrir dyr. Hann hefur mikið breyst og er alltaf að mér finnst að verða undirgefnari Dorisi og er það annað en skemmtileg útkoma. Annars vorkenni ég mest Álfheiði að standa þarna ein, fá ekkert að gera, þekkja fáa og vera meðal fólks sem er allt of gamalt til að skilja hana að neinu marki. Jæja, ég held þessu áfram þegar ég kem heim, en í öllum bænum minnstu ekki á þetta við neinn. --

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 27.6.1956.

-- Mamma er komin heim í sjöunda himni yfir ferðinni, einkanlega í Khöfn og London, en eins og þú sagðir var Bonnardvölin eilítið misheppnuð. Heldur kom hún færandi hendi, elegant föt og fleira. Fyrr kom stóllinn góði frá ykkur og sem ég þakka ástsamlega fyrir.

Mest held ég nautnin hafi verið fyrir hana að vera í fyrsta sinn á ævinni múruð¹ í útlandinu. -- Bergljót fékk adressu þína. Alfa giftist Þjóðverjanum sínum á föstudaginn --

Ég get sagt þér hræðilegar fréttir. Baddi Zimsen² dó úr krabbameini á sjúkrahúsi í Khöfn og verður jarðaður á föstudaginn. Hann kenndi sér fyrst meins seinast í apríl. Ulla, konan hans, stendur sig hetjulega, kom með líkið heim í dag. Hún ætlar að búa hérna og vinna fyrir sé. Þetta er eitthvert hræðilegasta atvik sem ég hef verið vitni að.

Reynir kom heim 15. júní aldeilis gjörsamlega óforframaður, með svellandi húsgögn í 3ja herbergja íbúð -- Starfið gengur vel. Ég aðstoða upp á kraft, farinn að bróderera og klípa, óhönduglega með afbrigðum, en alltaf skár en áður. Hjalti Þórarinnsson er þarfur maður mér, treystir og kennir. Annars er þetta allt öndvegisfólk á Hvítabandinu. -- Ósköp hlakka ég til að sjá þig. --

¹ Vel fjáð.

² Hafsteinn Zimsen (1931-56) sonur Knud Zimsens borgarstjóra og Önnu Einarsdóttur frænku okkar af bollagaðætt. Æskuvinnur Páls, og okkar allra. Fjölskyldan bjó í Bjarkargötu 6. Sjúkdómsstíð hans var langt og erfitt og sjúkdómsgreining alla tíð röng, þangað til krifning leiddi annað í ljós.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 30.6.1956.

-- Þá situr maður heima hjá sér. og finnst nærri ótrúlegt að vera búinn að njóta allra þessara unaðssemnda erlendis -- en mikið var dvölin í London skemmtileg. --

Ég var í jarðaför Hafsteins Zimsens, um kvöldið í brúðkaupsveislu Ölfu og Hans.¹ Átti það ekki sem best saman, meiri sorg en þessi unga kona Hafsteins verður fyrir, get ég varla hugsað mér, því Hafsteinn var elskulegur heimilisfaðir, þennan stutta tíma sem á reyndi.

Brúðkaupsveislan hjá Hildu var hugguleg. Enginn var þó utanaðkomandi nema Auður² og María³ vinkona Bergljótar, sem þú hittir í Köln, því þær ætla að heimsækja Helga. --

Hún ber saman lífið á Íslandi og erlendis og þykir lífið heima vera harla gott þó ófullkomið sé. Hún sagði frá innkaupum handa Palla, veiðjakka o.fl. En allt gekk vel í hennar fjarveru.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 30.6.1956.

Nú er bollalagt um kaup á ritvél, viðgerð á ritvél og vandræði í sambandi við það. Ætlar sér að senda hluti úr henni til Kölnar í viðgerð. Finnst leiðinlegt að senda þessa hluti ef einhver fyrirhöfn lendir á herðum Helga. Þá er erfitt með að taka hluti með sér t.d. vegna yfirvigtar og kannar því möguleika á skipsferð fyrir mig.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 4.7.1956.

-- Leiðinlegt var að vita um rigninguna þ. 17. júní, eins og garðurinn ykkar er dásamlega fagur.

Mikið bregður mann við að sjá gróðurinn hérna, tré mörg næstum lauflaus eftir 30. maí, með geysileg snjóroki yfir Suðurland. Hvert einasta grænt blað sem komið var, en þau voru óvanalega mörg eftir dásamlegt vor, fauk af eða eyðilagðist af salti; þau koma ekki aftur þetta sumar. -- En hér hefur verið dásamlegt sólskin og sumarveður síðan ég kom. --

Lóa Guðmundsd. Vennerstöm skrifar Friede P. Briem. Glänne. 19.10.1956.

Segir frá haustverkunum, plægingum og vinnu í skóginum, sem allir taka þátt í við að bjarga uppskerunni og búa akra undir veturinn. Sjálf er hún alflutt frá Karlstad og út á Glänne. Hefur innréttað skógarhöggsmannahús þar fyrir sig.

-- Það lítur sannarlega betur út en í fyrra þegar Eggert var hér og plægði upp akrana -- Já svo er hann kominn heim og þú búin að vera í útlandinu. --

Í gær hringdi til mín kunningi okkar Eggerts - nýi sænski sendikennarinn (á Íslandi) Bo Almqvist (Búi Ásgeirsson/Óskarsson) og var glaður yfir að fá að vera tvö - kannski þrjú - ár á Íslandi. Mér þótti vænt um Íslandsást hans, á stúlku sem hann ætti eða hélt hann mundi kannski ef til vill o.s.frv., en það hafði víst dottið alveg niður, en Íslandsástin er rík -- Hann hafði hitt Önnu Kristjánsdóttur - prestsekkjuna⁴ -- vinkonu þína og bar kveðju frá henni til mín. Mér fannst sem mér væri gefið eitthvað yndislega dýrmætt að kona sem skolaði þvott í læk og hafði Heklu sem sína andlegu stoð og dýrð - ó Friede, mér fannst svo vænt um þessa kveðju. -- Þú sagðir mér frá henni - ég sá hana ljóshærða - bláeygða ásamt Gunnlaugi Einarssyni (lækni) og eitthvað samstæða jöklunum á Íslandi og allri fegurðinni. Fyrir tveim árum fór ég framhjá húsinu hennar sem var að byggja -- en ekki hefði ég nú haft hug, þor eða kjark til að lifa þar um vetur - það þarf annað og meira en sem ég er gerð úr. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 21.10.1956.

-- Oft hef ég óskað þess að þú værir horfinn hingað stund og stund; ekki síst nú á nýliðnum 100. fæðingardegi þabba. Strax um morguninn fóru að berast hingað blóm og kveðjur og einhver hátíðarblær varð á öllu. Mamma fór með Hildu, Dídí og Eggert mínum (sem aðallega átti að styðja mömmu) upp í kirkjugarð til þess að leggja rósavönd á leiðið hans þabba. Mamma var fljót á fæti, hélt á sínum blómum og þurfti enginn að styðja hana. Eggert var síðastur alveg gjörsamlega óþarfur maður í þessum leiðangri, nema hann vildi ekki hafa orðið af því að sjá ömmu sína þarna. Með þakklátum huga lagði hún frá sér rósirnar

¹ Álfheiður Línal (1932) og Hans Jetzek (1927-94) deildarstjóri hjá Álverinu í Straumsvík.

² Auður Þorbergsdóttir (1933), síðar sakadómari.

³ María Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingu, kona Hauks Þórðarsonar (1928-2006) bekkjarbóður mín og síðar yfirlæknis á Reykjalundi..

⁴ Anna Kristjánsdóttir, ekkja séra Ragnars Ófeigssonar í Fellsmúla en þar var Bo Almqvist til að fullnuma sig í íslensku talmáli.

eigin hendi, andlitið ljómaði eins og hún byggist nú við að styttest færi að endurfundum. Svo komu þau aftur heim og við borðuðum hádegismatinn.

Um þrjú leytið var orðið hér allt blómum skreytt og ég lagði á kaffiborð ef einhverjir myndu líta inn, en undir það var ég búinn, átti nóg af kökum og öllu sem tilheyrir kaffiboði, enda varð nóg brúk fyrir það.

Þegar Elín föðursystir hefði orðið nírað, fyrir tíu árum, stofnuðu vinir hennar og venslafólk sjóð, sem verja ætti til að styrkja og verðlauna stúlkur sem sköruðu fram úr í húsmæðrafræðum. Nú þann 19. var veitt úr honum í fyrsta sinn peningaupphæð, en áður hafa verið veittir verðlaunapeningar bestu nemendum í húsmæðrakennaraskóla Íslands. Tvær stúlkur fengu styrk að upphæð 5 þús. kr. hvor og voru þeir veittir kl. 2 á heimili Siggu Briem Thorsteinsson, að nemendunum sjálfum og stjórn sjóðsins viðstöddum. Fór þetta mjög vel fram, en að athöfninni lokinni komu hingað frænkurnar sem að þessu stóðu, Sigga, Svana, Ingibjörg Eyfells og Gulla. Vilhjálmur föðurbróðir og Steinunn komu líka, Emilía Briem, Gunnlaugur og Tóta, Gústav og Steinunn, Hilda og Theodór, Séra Bjarni; varð úr þessu hin unaðslegasta eftirmiðdagsstund sem ég held að allir hafi notið. Um kvöldið hafði ég boðið systkinum mínum og börnum Hildu, eins og auðvitað Óla og Jónu, til þess að borða kl. 7.15, og aðeins einni manneskju utan fjölskyldunnar, en það var Helga Sigurðardóttir, þar sem hún tengist okkur svo mjög gegnum pabba sinn. --

Theodór talaði nokkur orð, ágæt, en kannski heldur of fá. Síðan hélt Helga ræðu og rifjaði upp ýmislegt frá sínum fyrstu árum hér í Reykjavík; var það prýðilegt hjá henni í alla staði. Að borðhaldinu loknu fengum við kaffisopa og komum okkur vel fyrir áður en útvarpið byrjaði, en þar skyldi minnst tvíburasystkinanna, Elínar og Páls Briem.

Hulda Stefánsdóttir talaði um Elínu, heimilið á Reynistað og síðan um störf Elínar og allt það sem hún afrekaði á sviði húsmæðrafræðslunnar og menntunar kvenna. Var það frábærlega skemmtilegt, vel flutt, og brá upp glöggri mynd af mikilli hugsjónakonu, sem hafði mikil áhrif og varanleg á alla sem henni kynntust og þá ekki síst nemendum hennar.

Síðan talaði Þorkell Jóhannesson rektor um pabba. Það var ljómandi gott og vel samið erindi, en flutningurinn var þurr, eins og oftast er hjá Þorkeli, þó kom greinilega í ljós aðdáun hans á pabba og ekki síst hvílkur harmdauði hann var öllum og mikill skaði og missir þjóðinni að sjá eftir slíkum syni.

Bjarni Guðmundssona talaði bæði formálsorð og eftirmála. Það var dásamlegt að heyra hans orð um pabba og hvernig hann minntist mömmu, af hvaða stofni hún væri og að sá tími sem þau hefðu verið saman, hefði verið pabba mesta athafnatímabil.

Ég veit að ég segi ekki nógu vel frá þessu til þessu til að gefa þér hugmynd um stemmninguna sem hér var þennan dag, en hún var unaðsleg og sérstaklega ánægjulegt að hafa mömmu hjá sér, svo hressa og glaða. Þegar gestirnir fóru um eittleitið, sátum við lengi enn með mömmu, engin þreytumerki sáust á henni, og við fórum ekki í rúmið fyrr en klukkan undir tvö. Við vorum að lesa fyrir hana kveðjurnar sem hún hafði fengið með þessum fallegu blómum og eins símskeytin, sem hún mátti varla vera að því að hlusta á fyrr en þá. Í dag voru hér hilda og Annie, Ragnheiður og Gunnlaugur, Heiða og Eygló, en á morgun ætla Áslaug og Helgi Svívertsen að koma hingað í kaffi.

Þá segir hún frá því að Þórdísi systur hennar og henni hefði dottið í hug að þau fimm systkinin stofnuðu verðlaunasjóð fyrir til heiðurs Páli föður þeirra. Eggert bróður þeirra og Theodór mági þeirra datt í hug að sjóðurinn yrði notaður til að veita verðlaun fyrir ritgerðir um lögfræðileg efni. Spyr Helga um skoðun hans.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Eggert Ásgeirsson. Glänne. 3.12.1956.

Segir frá viðburðum daglegs lífs, vetrarólympíuleikunum sem standa yfir og eru að gera heiminn geggjadan. Þykja íþróttamenn og aðdáendur þeirra óþolandi.

Segir Ástu systur hennar og hana hafa orðið ósáttar.

-- Ég, asni! skrifaði henni að ég hefði boðið þér hingað um páskana, en ekkert svar fengið, og hefðir þú bara verið úr okkar ætt hefði allt verið í lagi - þaðan getur maður svo lítils vænst - en þú værir svo vel úr garði gerður öðru megin. Hún tók þessu eins og yfirréttardómari og hélt varnarræðu um þig, svo ungan og ekki mætti búast við o.s.frv. -- "hún skammaðist sín mín vegna." Ég varð fyrst eins og út á þekju. -- Þá varð ég svo ill og sagði að hún ætti ekkert með að skammast sín mín vegna - alveg eins og ég geri sjálf - hver á nóg með sig. Ég var nýflutt í húsið mitt - var svo ánægð og hamingjusöm og svo kom fyrsta bréfið -- og allt var svo leiðinlegt.

Eggert, er ekki hægt að segja smámuni eins og þetta. -- er ómögulegt að vilji sé að skilja, að reyna að skilja það sem á bak við liggur. Mér þótti leiðinlegt að þú, ekki svo mikið sem á korti, segðir að þú gætir ekki komið -- að gera svona vesen úr því; var ekki mín meaning. --

Segist hafa skrifað Bo Almqvist og beðið hann um að skrifa sér fréttir -- ég veit ekki um neitt á Íslandi bara flugvöllinn og olúna þar sem Íslendingar og Svíar eru mestur ofnotendur. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Helga P. Briem. Reykjavík, 10.12.1956.

Þakkar hjálp og gestrisni og hjálp í peningasökum, sem hann hefur reyndar endurgreitt og vonar að hafi komist í hans hendur. Segir frá mikilli vinnu sem sé hálfgerð sjökk eftir allar lystisemdirnar í útlöndum. Segir líka frá bílakaupum sínum, sem hann er ánægður með sérstaklega vegna þess hvað mamma hans hefur af því mikla gleði. Segir frá mikilli vinnu þegar hann kom heim og bætir við að það freisti sín að taka tilboði Svía um vinnu.

Þá ræðir hann um Álfheiði ömmu sína --

-- er hún orðin svo frábærlega skemmtileg og gamansöm að barnabörnin sem stundum hafa verið hálfhrædd við hana, vegna ókunnugleika, er nú miklu meira farin að sækja eftir návist hennar en áður. Hún er miklu minna kölluð en í fyrra þegar ég fór út. --

Mjög gaman er að skiptast á bréfum við Álfheiði, einkum er ánægjulegt að heyra hvað hún er ánægð í sínum helvetíska¹ skóla.

Ég vona að þú sért betri til heilsunnar og hugsir meira um hana en þú gast í sumar. Mér var hreinasta raun að vita þig eyða miklum tíma í fánýt boð, sem þú að auki hafðir mestur raun af, en gast svo ekki séð af neinum tíma til að bæta heilsuna eins og lækarnir vildu. Það er vonandi miklu betra eftir að Pétur (Eggerz) kom til þín, þótt þú sért ekki laus við Hannes. Hefurðu frétt nokkuð um hverjar umbótatillögur hans voru um nýskipan utanríkisþjónustunnar?

¹ Skóla í Sviss.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 12.1.1957.

-- Það hefur alltaf verið vani hér í húsinu að hafa gesti á gamlárskvöld, fyrst mamma og síðan ég, en nú fannst mér við hafa lifað svo *villtu lífi*, að ég vildi heldur sleppa því og hafa fjölskylduboðið mitt seinna. En þegar búið er að skapa *tradisjónir*, hvort sem maður hefur sjálfur skapað þær eða aðrir, er mjög erfitt að rífa sig upp úr þeim og breyta þessum vana. En allir söknuðu þess að vera ekki hér, og ég saknaði gestanna. Vorum við heima einsömul, fjölskyldan, þangað til Palli fór í heimboð til vinar sín, en Eggert var heima hjá okkur, sem betur fór, hann fann ýmislegt skemmtilegt til að lesa hátt úr nýjum bókum, eftir að við vorum búin að fara í kirkju og borða hátíðamatinn, svo vorum við að spila og syngja, og þegar kl. var 11½ stakk Eggert upp á því að fara með okkur í bílnum sínum til þess að sjá brennurnar og flugeldana, því veðrið var eins og á sumardegum og stjörnuhjart, Mamma féllst á það og hafði ég ferðaútlit - sem ég fékk í afmælisgjöf frá heimafólkinu í haust - með mér og hlustuðum á annál ársins inni í bílnum, og ókum upp á Öskjuhlíð. Það var óhemju ósköp af bílum og fólki og allt fór vel og skipulega fram; þó var unga fólkið með alls konar furðulega hatta og sumir með grímur. Okkur gekk þarna ágætlega og blasti bærinn við okkur með alla ljósadýrðina og flugeldana. Það var forkunnarfögur sjón; svo settumst við mamma inn í bílinn og sungum með útvarpinu: *Nú árið er liðið í aldanna skaut* og hélt ég ekki að ég ætti eftir að óska mömmu gleðilegs nýárs uppi á Öskjuhlíð, en það varð nú í þetta sinn.

Mamma sagðist bara vera alveg hissa að enginn skyldi hafa boðið sér svona skemmtun fyrr, og var hin ánægðasta með túrinn. Svo fengum við okkur te þegar heim kom og mamma fór ekki í rúmið fyrr en undir kl. 2 og við hin talsvert seinna. Þá var Palli kominn heim og var hinn fegnasti að hitta okkur á fótum, því hann kunni þá heldur ekkert sérlega vel við sig að heiman! --

Ég hafði svo fjölskylduboð á laugardaginn, skyldfólk og tengdafólk af Nesætt og ýmsa fleir, vorum við 24 - og heppnaðist ljómandi vel. --

Steinunn kann vel við sig í Rómaborg -- Siggi Línadal er að ljúka B.A. prófi í latínu og sögu, og síðan ætlar hann að snúa sér að lögfræðinni af krafti; þó veit ég ekki hvort hann fer í embættispróf í vor eða næsta vetur. En óhætt held ég sé að treyst því, að það sem hann ætlar sér muni hann gera --

Segir fréttir af sölu Maríu Thoroddsen á Fríkirkjuveginum til Vinnuveitendasambandsins og sölu Ingibjargar Þorláksson á húsinu við Bjarkargötu 8 og flutning hennar í Bankastræti 1.

-- Annars eru fleiri hús í Bjarkargötunni til sölu, að því er sagt er, en Anna Zimsen er búin að selja sitt¹ og ætlar að flytja til dóttur sinnar --

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Vennerström. Rvík. 22.1.1957.

-- get ég sagt þér það að ég hef sannarlega ekki mátt vera að neinum bréfaskriftum, né neinu öðru sem til skemmtunar getur verið, fyrir einn eða annan, því ég hef lesið sænsku upp fyrir höfuð langa lengi, því ég var að taka stig í málinu við háskólann, svona til að skemmta mér. Ég get sagt þér það, sem þú sjálf sagst getur ímyndað þér, að þó skemmtilegt sé að lesa bókmenntir, fer gamanið að hverfa þegar maður kemur í próflestur. Hann er hræðilegur, þótt prófið yrði skemmtilegt, þegar allt kom til alls. Það er nokkuð þreytandi að lesa með vinnunni, því þá verður maður að eyða öllum frístundum í námið, jafnvel að hætta að fara á böll eða í bíó. En sá kostur fylgir að maður gerir færri vitleysur en áður. En hvað er lífið án vitleysa?

Annars var reglulega skemmtilegt að lesa bókmenntir, því Svíar eiga talsvert af skemmtilegum rithöfundum og skáldum. Gustav Fröding er dásamlegur, og ekki er leiðinlegt að lesa Hjalmar Bergman, nafna hans Söderberg (hefur þú lesið smásöguna; *En kopp te?* eða *Pelle Molin?*) Annars er mjög miklu skemmtilegra í tímum fyrir það að sendikennarinn, Bo Almqvist; er afar skemmtilegur náungi, sem ég kynntist hjá þér í . --

Mikill munur er að vera kominn með bíl. Ég veit að ég verð áður en langt líður orðinn eins og stóll í vexti, af að sitja svo mikið sem ég geri. Enda hef ég fitnað mikið, en hef léttst eitthvað síðasta mánuðinn. En það er erfitt þegar maður er í sífelldum veislum.

Ég var í skírnarveislu í gær. Það var verið að skíra frænda minn fimm ára gamlan. Já ekki var barnið ungt, enda var hlægilegt þegar presturinn sagði: „*Þegar þetta barn er nú borið til skírnar*“, því hann kom ekki aðeins gangandi, hann kom hlaupandi. -- Þessu fylgdi sá kostur að drengurinn fékk sjálfur að velja sér nafn og sagði það hátt og skýrt þegar presturinn spurði hvað barnið ætti að heita. Svo söng hann á eftir bæði Gamla Nóa og Davy Crockett. --

¹ Seldi hún Bjarkargötu nr. 6 Dagbjarti Lýðssyni kaupmanni og Jórinni Ingimundardóttur, foreldrum Sigríðar konu minnar. Þar bjó hún þegar við kynntumst.

Lóa Vennerström skrifar Eggert Ásgeirssyni. Glänne. 26.1.1957.

--varð meira en glöð yfir þínu -- elskulega bréfi og þar að auki *maskínskrifað - einhvern veginn minna erfiði en skrifa með vinstri hendi*. -- Það sem þú skrifar um Bo var *interessant*. Það er nú svona - mömmur geta gert mikið, bæði *positívt og negatívt* og er ég meira en ánægð með að hann skyldi losna heimanað og koma þangað sem „*vecklar ut honum*“. Við vorum inn á þessu -- líka. Hann var þarna í herþjónustunni aleinn, innan um hundruð ungra manna og fann ekkert út úr því, eins og á einum hnetti og hinir á öðrum. En svo var líka eins og að hann gæfist upp og fékk skrifstofustarf í herþjónustu Stokkhólms -- hann eins og einhvern veginn skammaðist sín og sagði hrein út að hann kæmi kannski seinna að sjá eftir því að hafa ekki staðið út þessa 2-3 mán. sem eftir voru. En það er náttúrlega líka, að svona líkami stenst ekki það erfiði sem herþjónustan krefst og þá verður maður að telja sér og öðrum trú um að allt það sem *yfirstígur* kraftana sé *mindreværdigt*.¹ Uppasalaandinn og Ísland gaf honum eitthvað sem hann gat móttengið - hitt allt var framandi.

Ég skil nú vel þína *stemningu* að vera heima eftir að hafa lifað „óþekktur“ í ár, en það hefur sínar ágætu hliðar, að finna sjálfur sína leið.

Þið eruð þarna í Miðbænum og allir þekkja ykkur og eiga ykkur strákana, kannski bara þig, þú ert svo gerður, eins og pabbi þinn. Ein vinkona mín komst svo að orði um Geira - „*það var sólskin þegar maður mætti honum*“ en hann var rótlaus maður, alveg eins og pabbi okkar og ég hef verið þangað til ég kom hingað í stofuna mína - eins og ég hafi að síðustu náð heim. -- ég er algjörlega á móti því að heimurinn stjórnist af 60--80 ára unglingum - það er ekki alltaf að gömul viska sé viska sem passar tímanum. Gamalt fólk er svo sannfært um „*óskeikulegheit og reynslu*“ að yngra fólk kemst ekki að. Manneskja sem lengi hefur haft völd, hættir að geta séð sjálfa sig frá hinni hliðinni eða sjá sig sem aðrar manneskju sjá hana (*ryðguð í íslenskunni*).² -- Heilsaðu Bo. -- Nú er Guðmundur orðinn eigandi Glänne, nema húsið mitt og lóðina. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 30.1.1957.

Óskar honum til hamingju með að hafa verið skipaður sendiherra í Sviss; vonar að starfið gangi honum ekki of nærri. Þá segir hún frá skírn tveggja drengja, Birni, nú lögmanni, syni Páls og Evu Líndal og Theodórs syni Álfheiðar Líndal Jetzek en hann dó á barnsaldri af slysförum. Einnig frá því að séra Bjarni Jónsson hafi unnið hálfa millj. kr. í happdrættinu og sé í vandræðum með hvað hann eigi við vinninginn að gera.

-- Ólöf Nordal hefur verið veik í allan vetur; ætlaði hún að reyna að standa sig og hafa alla þá gesti sem hún þyrfti að hafa og kannski vanrækt áður -- En nú fundu lækarnir hvað það var og reyndist það vera gallsteinar og er nú búið að skera hana upp -- Vonandi líður henni betur á eftir, og kannski þessi vondu köst, sem hún hefur alltaf verið að fá Hafi stafað af þessu. Það er þreytandi fyrir þann sem alltaf er veikur, ofan á þjáningarnar, alltaf að finna vantrú fólks á veikindunum og jafnvel líka lækna, eins og hún margoft hefur orðið vör við.

Ég var í 50 ára afmæli Kvenréttindafélags Íslands í gærkvöldi. Átti forsetafrúin³ að vera þar heiðursgestur, en hún var alveg snjóuð inni á Bessastöðum -- Hlýtur þetta að vera leiðindastaður að búa á að vetrinum -- Var mikið af ræðum í hófinu, bæði langar og efnismiklar; mikið af skeytum barst líka, sem formaðurinn Sigríður Magnússon⁴ las upp. Var þetta bæði frá einstaklingum og félögum, m.a. frá Handknattleiksdómarafélagi Reykjavíkur og ýmsum íþróttafélögum; og fór að verða grunsamlegt hvað íþróttafélögum var annað gengi kvenréttinda á Íslandi; var þá betur að gáð og reyndist það svo að skeytin höfðu farið hæðavíllt, því uppi á lofti var verið að halda upp á afmæli Handknattleiksfélags Reykjavíkur og þangað áttu mörg skeytin að fara! --

Við Dídí vorum boðnar til Barböru Árnason eitt kvöld í fyrri viku. -- Barbara er nú alltaf að hnýta teppi og býr auðvitað sjálf til munstrin sem eru ákaflega falleg. Hún hefur stúlku til að hjálpa sér við þetta, en svo er hún mjög eftirsótt að mála barnamyndir, enda er það atvinnan, hitt er bara *hobby* segir hún. En mikill og frábær dugnaðarforkur er hún að vinna og það með þessari dásamlegu ljúfmennsku. Mér er það ávinningur að þekkja hana og hitta stöku sinnum.

¹ Lítills virði.

² Lóa fæddist 1889 og var 68 ára. Sjálfur er ég 20 árum eldri þegar ég skrái bréfið, ekki orðinn gamall!

³ Dóra Þórhallsdóttir.

⁴ Sigríður J. Magnússon (1892-1977) ekkja Sigurðar Magnússonar yfirlæknis.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 24.2.1957.

Segir frá að ferðasaga hans hafi birst í Tímanum og einnig mikil og góð dagskrá frá Þýskalandi. Þakkar sérstaklega fyrir bjartsýnina sem verði æ fátíðari þegar orð berast að framtíðinni.

Þá ræðir hún óyndi sem Álfheiður Sylvia sé haldin í skólanum. Þau muni hittast, þar sem hann er á leið til Sviss.

-- vona ég að þú getir haft gott af einhverri dvöl þar í öðru loftslagi svo þreyta og slen hverfi. Annars held ég að sendiherrastörfin séu ákaflega lýjandi þó manni geti sýnst í fljótu bragði þetta vera að mörgu leyti lúxus líf, þá hafi það sýnar erfiðu hliðar og störf fari illa með mann og allar skyldurnar --

Páll Línadal er búinn að fá lóð í hinum eftirsóttu Laugardal, svokallaðri *Snobhill*, og ætlar að fara að reyna að byggja, en til þess segir hann að þurfi ein 30-40 kraftaverk að gerast því erfiðleikarnir eru miklir með alla skapaðu hluti. Vinnusvik mikil, efni ófánlegt til skiptis, tímunum saman og erfitt að fá lán.

Hins vegar finnst mér það vöntun á sjálfsbjargarviðleitni þó menn búi við lága húsaleigu að gera ekki nokkurn skapaðan hlut til að eignast eitthvað ein og Óli og Jóna (*sem bjuggu á Bergstaðastr. 69 eins og Páll*). Þó hnippi ég aðeins í Óla í haust, því aldrei veit maður hvenær maður þyrfti á húsnaðinu að halda -- Vona ég að Páli gangi þetta allt vel -- Hann er indælismaður, mjög duglegur í starfi og vel að sér. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Guðmundsdóttur Vennerström. Rvík, 3.6.1957.

Býður henni að vera í herberginu sínu litla þegar hún kemur. Segir fréttir af Brynhildi dótturdóttur hennar, sem er farin í sveit. Segir fréttir af þroska hennar. Einnig hvernig hún hefur haldið í samskiptum.

Segir líka fréttir af Bo Almqvist.

-- Hvernig sá maður er heima hjá sér, veit ég ekki, en grun hef ég um það, en góður er hann hér í þessu landi og hrókur fagnaðar meiri en ég hefði að óreyndu hugsað mér. Hann getur verið stórskemmtilegur, enda er samkomulagið okkar á milli ágætt þó stundum kvarti hann yfir að ég sjái of vel í gegnum hann, enda telur hann frændsemi okkar, þína og mína, koma þar gleggst í ljós. --

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirssyni. Dunquin, 23.6.1957.

-- som du såg, hängde det på ett hår att jag kom iväg med Gullfoss. De sista dagarna på Island var blant de mest hektiska jag upplevat och de tre sista dagarna hade jag en lista på saker att uträtta som upptog 76 punkter. Men det gick!

Skickade i väg årsredogörelsen, ordentligt upptagande ditt och Johannas betyg bl.a. på fredagen och lämnade in översättningarna av två *Íslendingaþættir* till Sigurður¹, samma dag. *Það var nú það.*

Tog adjö av Steingrímur,² som såg förvånad ut, men önskade mig trevlig sommar. Vi får se vad händer nästa termin!

Men nu är det sommar och semester. Den finaste sommar man kan tänka sig. 80 grader varmt (Fahrenheit!).

Bor på en bondgård, där en gammal bonde och hans hustru regerar över en 40 årig son, en dotter i samma ålder, båda ogifta - en tjänsteflicka, en häst, en åsna, 16 kor, höns, ankor och kalkoner, två hundar, två katter, mig själv och två andra sommargäster. När vi är inne sitter vi i ett stort kök. Det är bara folk, hundarna, katterna, och vid högtidliga tillfällen kalkonerna, som får vara inne. På ena kortsidan brinner alltid en öppen torveld och där utförs så gott som allt hushållsarbete (vi har ingen elektricitet). Det är primitivt, men förvånansvärt effektivt. Det är underligt hur mycket man kan göra med bara en öppen eld. Man bakar bröd genom att lägga degen i en sluten järnform och täcka över den med glödande torv. Man stryker med ett håligt strykjärn. Man lägger järnstycken i torvelden, tar upp den med en tång och stoppar in dem i hålet på strykjärnet o.s.v.

Förmodar att du inte har något brinnande intresse för detta slags ting - och det hade jag inte heller - men det är förunderligt hur praktiskt ordnat ett så primitivt hushåll kan vara.

Jag befinner mig i sydöstra¹ kanten av Irland, förresten på dess östligaste punkt, fem långa stenkast från havet, som, trots den mörkdande hettan, är kallt. Badar varje dag, och det är skönt, när man kommit upp.

¹ Sennilega Sigurður Þórarinnsson, síðar prófessor.

² Steingrímur Þorsteinsson (1911-73) prófessor. Hér gæti Bo átt við árekstur, sem varð í samskiptum mínu, milli hans, prófstjóra H.Í., og Einars Ól. Sveinssonar prófessors um hvar í húsinu prófið mætti fara fram. Bo blandaðist í málið sem kennari - og auðvitað ég sem prófsveinn. Hurðaskellir fengu þó ekki á mig.

I denna socken, Dunquin, bor ca. 800 personer, alla irisktalande till vardagslag, de flesta kan dock tala engelska, somliga perfekt, somliga bruten. Det är bara mycket gamla och småbarn, som bara talar iriska. Runt omkring på ett större område är tvåspråkighet utbredd, men denna socken är det enda *Gæltacht* i County Kerry. Språket är tretusen gånger så svårt som jag trodde och liknar mycket litet den Connemara-iriska, som jag lärde mig en smula i vinter. Ungefär lika mycket som *dä ä e å i åa ä e ö*² liknar svenska. Jag misströstar mycket om att komma något särskilt på två månader, men det får väl bli vad det blir. Jag har en fin semester i alla fall.

Det är ett fint och naturligt, rättsamt folk om jag bor hos. De är djupt religiösa - som de flesta katoliker - och gör korstecken före och efter maten. Ibland får jag helt rak på sak till mig: *Ge dig ut nu, Bo, för nu tänker vi bedja*. Men det är en glad religioshet; ungdommen här dansar utan vidare *rok'n roll* efter mässan och Tom, sonen här, har för vana att gå från kyrkan till krogen, utan att vara någon särskild *drykkjumaður*, i ordets isländska (eller svenska) betydelse.

Hör apropå ingenting att nationaldagen även i år utfallit till allas belåtenhet. Eftersom jag kom i väg så hastigt, fick jag aldrig tid att prata ordentligt med dig. Är det något särskilt jag kan göra i Sverige åt dig eller de dina, vet du att jag gärna gör det. Du talade om grammofonskivor, men jag har glömt vilka.³ Eller böcker?

Kommer till Sverige omkring den 20. augusti. Men skriv gärna några rader till Dunquin om du har tid. Om du så vill, kan jag sända tillbaka dem i rättat skick!⁴

Jerry⁵ och jag förde ett djävulskt liv med mycket öldrickande och 15 år gammalt *whiskey* i Dublin. Han gör nu lögnaktiga, men roliga, islandsprogram på iriska i radion. Om mina märkliga och omärkliga bedrifter i övrigt får du höra mera senare. Hålsa Páll och din familj och alla andra du träffar på som jag känner. Hej så länge. --

P.s. Sände du blommor på midsommarafton? Om du glömde, gör det bara nu. Det vore fint om jag kunde få utnyttja din välvilja till att sända nya blommor den 11:e eller 12:e juli igen, eftersom hon⁶ far på semester till Amerika med flyg den 13:e. Ni arbetar på samma ställe, inte sant?⁷ så ta reda på om hon fortfarande finns på jobbet den 12:e. Skriv gärna: *Trevlig resa* på kortet. Inställ under inga omständigheter blomstersändningarna! Skulle gärna göra dig motsvarande tjänst på Island om det vore aktuellt (?). Litar på din förmåga att inte prata för mycket. Du ska ha tack. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almqvist. Rvík, 3.7.1957.

Skriðu bönar og útskýringarbréf til Bo um að fá að flytja húsgögn frá Höfn á hans nafni. Þetta var mjög flókið, enda gjaldeyris og tollalöggjöf mikið öðruvísi en annars vegar í Svíþjóð, á Írlandi og á Íslandi. Þetta olli Bo miklum áhyggjum. Allt fór vel að lokum og hann naut þess að vera heiðursgestur á heimilinu, sitjandi í fínu stólunum sem hann hjálpaði mér við að smygla inn.

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirss. Dunquin. 20.7.1957.

-- Tack för brev, det gläder mig mycket att få läsa några isländska rader igen. Det är ett språk som jag begriper i alla fall. Ärligt talat är jag rätt så glad att slippa bocka för kungen och kompani. Har dock följt historien med intresse. Jan har sänt mig Morgonblaskan. Ser att Sigurður Þór. og Einar Ól. Sv. har skött sig något-så-när och det är ju alltid glädjande.

Om dina resor hoppas jag få höra mera i höst. Själv har jag väl hitkommen förhållit mig reaktivt stilla och huvudsakligen begagnat de av dig förbannade apostlahästarna för att gå till posten och puben. Men livet är

¹ Hefur sennilega ekki haft kort, og kortabók ekki á heimilinu. Þetta er í suðvesturhorni Írlands, raunar vestasta hluta Bretlandeyja.

² Hér grípur hann til samlíkingar við vermlandsmállýsku þaðan sem BA er og tengist umræðum okkar um skáldið Gustav Fróðing og námsefni mitt sem var ekki síst sænskar mállýskur.

³ Sjálfsagt hefur verið talað um plötur Povel Ramel, sem vinsælastar voru í Svíaríki - og Íslandi - á þessum árum.

⁴ Hét talar lærifaðirinn, ungi við nemandu, árinu eldri!

⁵ Jerry?

⁶ Jane Houston, bandarísk, iðjuþjálf í Rvík; varð fyrri kona Bo og áttu þau dóttur saman. Starfaði hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra við Sjafnargötu og í Borgarþítalanum í Heilsuverndarstöðinni v. Barónsstíg, í sömu byggingu og ég. Ég gegndi ýmsum hlutverkum í sífjamálum þeirra! Hún dó

⁷ Jane Houston, tilvonandi kona hans, sem hann skildi svo við, og dó 2018.

fullt nog av märkliga upplevelser ändå. Just nu hemsökts bondgården av rävar och nere vid havet kan man varje morgon se lekande sälar.

Har dessutom varet på hejdundrande fylleri med två professorer - Knu nu riktigt många iriska ord. - Men mera om detta senare.

Har lämnat min biljett i Dublin och i den almäna tidlöshet som utmärker Dunquin, såväl som den isländska landbygden, kan jag int komma i håg om det är den 11:e eller 13:e augusti som jag far hem med gullfos från Leith. Detta kan du relativt lätt ta reda på. Kommer där för till Sverige kort efter den 15:e aug. och tänker tillbringa ungefär en vecka i Skåne, närmare bestämt i Kristianstad. Om Páll kommer till Hälsingborg, skulle vi kunna träffas där, om det inte vill sig så olyckligt till, att han tänker fara tillbaka med samma Gullfoss som jag kommer med. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 23.7.1957.

Páll er á þingi læknanema. Reynir að koma þeim Bo Almqvist í samband hvor við annan, en Bo var um sumarið Dunquin á Írlandi. Sendir peninga.

-- Helgi og Doris voru að koma. Eru eins og áður.

Fyrir alla peningana ætla ég að biðja þig um að kaupa húsgögn. Húsgögnin eiga helst að vera sterkbyggð, mega vera í ókonvensjonellum¹ stíl, eins og stóllinn þinn, en ekki í fíflalegum stíl og stóllinn með leðurólaörmunum á Permanentu.² Arkitektúrinn á helst að vera *udtryksful*.³ Þau eiga helst af öllu að vera úr harðviði. og ódýr innan þess ramma. -- Þó átt algjörlega að ráða því þínum smekk treysti ég --

Telur upp öll þau húsgögn sem hann vantar; og þau voru að auki, sófasett (helst með svefnsófa), klæðaskápur, skrifborð, sófaborð, bókahilla eða útvarpsborð. Peningarnir sem hann sendi voru: 500 sænskar. kr., 20 sterlingspund, 360 sænskrar kr. og 10 bandaríkjadalir. Segist ekki tala um eða hugsa um annað eins og Reynir vinur þeirra í sömu stöðu.

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 27.7.1957.

Gerir sér von um að hitta Pál Ásgeirsson í Khöfn. Meginhluti bréfsins fjallar um smygl á húsgögnum fyrir Eggert; efasemdir hans, ásamt skilningsleysi á framkvæmdinni. Þetta var þjóðariþrótt Íslendinga.

-- Beträffande möbelimportfrågan vill jag låta dig veta att du givetvis är välkommen att använda mitt namn. De personer som jag litar mera på än dig är lätt räknade. Emmellertid är jag i detta som i andra praktiska ting en stor idiot och jag förstår inte riktigt hur saken kan ordnast. Antar emmellertid att jag som utländsk medborgare har rätt att importera vad som helst som jag är villig betala tull, har inköpt tingen för utländskvaluta och inte tänker sälja dem. Är detta riktigt? I så fall kan naturligtvis möblerna sändas i mitt namn. Unrar bara om jag måste vara på Island för att ta emot dem, i så fall? Om jag emellertid - mot min förmodan - måste ansöka hos de HÖGA MYNDIGHETERNA för att få tillstånd att importera egna möbler, hur tillgår en dylik ansökan och till vem ställs den?

Förmodar emellertid att du vet svaret på dessa frågor och att saken kan ordnas på bästa och lättaste sätt. Du får min fulla välsignelse och tillåtelse att utföra varje laglig och olaglig handling som du finner lämplig för att befärja ärendet. Du kan vara säker på att jag bara är mer än glad att kunna göra dig en tjänst.

Om du finner lämplig kan du sända mig en rad och förklara det närmare tillvägagångssättet, annars förmodar jag att Páll kan ge mig nödiga upplysningar om proceduren.

Av mina hemliga agenter på Island och av dina egna brev erfar jag att du alltmer beblandar dig med dollarimperialister och islandsförrädare. Du har även blivit sedd drickande champagne (förmodar jag) på ett amerikanskt skepp i hamnen. Vad månne det bliver av detta barn? Min spion antar emellertid att du befann dig på skeppet i egenskap av hälsovårdsinspektör, en teori, som jag har mycket liten tilltro till.

Emmellertid är jag rädd för att jag bör tillämpa det svenska ordspråket: *Man skall inte kasta sten när man sitter i ett glashus* på mig själv.

Tänker du sätta upp ett eget hem? Du har väl aldrig vunnit en våning? Vore därmed hur som helst, det skall bli mig en glädje att göra din nya boning lika osäker som Tjarnargata 24.

¹ Lítt hefðbundnum.

² Den Permanente, fínasta húsgagna- og hönnunarverslun Norðurlanda á þeirri tíð og lengi; stolt Dana.

³ Tjáningarfullur!

Hálsa de dina tilbaka! Fá nyheter härifrån, dåligt väder de senaste veckorna, äter, sover och läser irländska, men det är ett behagligt liv och jag är ledsen att behöva avbryta det nu, när jag börjat göra (om än små) framsteg.

Har haft onda drömmar på senaste tiden; Jag drömde att jag vunnit en bil, med allt besvär som detta medför, som du väl vet. - Vore tacksam om du ville ta mig ur denna vildfarelse, Sänder därför lotten. Vill du vara snäll titta i dragningslistan vid tillfälle? --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 2.8.1956.

-- Héðan er ekki margt að fréttu, nema hvað veðrið hefur breyst til hins verra og þynnkan frá í gærkvöldi er ekki horfin úr mér. Mamma hélt boð fyrir Helga með þessum afleiðingum.

Boðið hófst ekki fyrir alvöru fyrr en eftir kl. 12 og Helgi var farinn og skipti um þegar Jón Steffensen fór að drekka frá Stínu til að bjarga henni frá dauða. Nóg um það, enda er ég skammt kominn í ljúgfræði og man ekki restina af sögunni. --

Mamma hefur mjög mikið að gera, en það fer ekki illa með hana, heldur það að hún skuli ekki hafa skrifað þér línu.

Ef þú kemst einhvern tíma til að kaupa húsgögnin fyrir okkur, mundu eftir að fá falska *faktúru* á nafni Bo.

Ég fyr í fyrramálið með Helga, Dorisi og Álfheiði norður að Varmahlíð og verð þar í tvo daga.¹

Ræðir Bo Almqvist, húsgagnakaup og falskar faktúrir sem Bo hafði miklar áhyggjur af. Hann langar til að hitta Palla í Höfn.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 13.8.1957.

Ræðir gjaldeyrismál og húsakaup. Þá segir hann frá væntanlegri fermingu Álfheiðar Sylvíu. Þá þakkar hann afmælisgjöfina sem kom sér vel á svalafyllirinu.²

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 3.9.1957.

Skrifar Helga eftir að hann kom frá Íslandi með fjölskyldu sína. Þá var Álfheiður Sylvia fermd í dómkirkjunni af séra Jóni Auðuns. Reikningur fyrir vín var ekki kominn. Með kærleiksríkum orðum lýsir hún góðri veislu og framúrskarandi stemmningu og ræðu Helga bæði til Álfheiðar Sylvíu og Álfheiðar ömmu hennar.

Segir hún Pál son sinn kominn frá Heidelberg þar sem hann sótti fund læknanema. Segir frá Guðmundir Jónassyni og Bergljótu Líndal. Guðmundur er búinn að fá kennarastöðu og íbúð. Fegin að Þórhildur taki þau ekki inn í sitt hús eins og Ölfu og Hans. Einnig ræðir hún sendiherraskipti í Höfn.

-- Helga og Stefán Jóhann fara héðan 21. sept. með Gullfossi og Nordal kemur heim, en Ólöf verður eftir. Ætlar hún að vera undir læknishendi, því alltaf er heilsan hennar jafn slæm, aumingjans. Jón Nordal heimsótti mig um daginn; var hann hér nokkra daga til að reyna að útvega sér húsnæði og ganga frá samningum um kennslu í Tónlistarskólanum í vetur. Hann var að segja okkur frá breytingunum á húsinu á Baldursgötunni, uppi á lofti er búið að taka burt skilrúm, svo þar sem áður voru fjögur herbergi er nú eitt, og er þetta mikil og góð breyting. Það var smíðað og sagað, heflað og talað, en útvarpið í gangi með hátölurum uppi og niðri, svo hann var þeirri stund fegnastur þegar hann gekk út og lokaði á eftir sér; hávaðinn var svo ofboðslegur. Þetta er alvanalegt hérna og enginn vill verða útundan með hljómlist á vinnustað.--

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Köln. 7.8.1957.

-- Ég skrifaði (*Bo Almqvist*)-- hlakka til að hitta hann í Khöfn. --

Mikið er bollalagt yfir húsgagnakaupum fyrir Eggert sem var að flytja á Bergstaðastræti 69. Nú er konferensinum hér að ljúka. Ætlar að fara til Langalands að hitta fólkið sem hann var um sumar hjá.

-- Um helgina fórum við frá Hamborg og gistum í Bad Gyrmont (?) á leiðinni, en það er alskrautlegasti miðjónerastaður Þýskalands þar sem þeir stunda drulluböð og alls konar náttúrulækningar. Essenríki á

¹ Þetta var æfintýraferð á 10 ára gömlum Chevroletdreka, sem var alltaf að bila, og var dreginn síðasta spölinn úr Langadal í Skagafjörðinn. Sendiherafjölskyldan var samt mjög ánægð þar sem hún sat í trekki og ryki í aftursætinu. Ég hafði það skemmtilegt eftir að fjölskyldan var farin í háttinn og fór bæði á böll á Sauðárkróki og í Húnaveri. Í þann tíð var mest umferð á vegum á laugardagskvöldum.

² Tjarnargata 24 var og er með viðbyggingu sem þá var með stærðar svölum á þakinu. Þessar svalir voru mjög vinsælar í vinahópi mínu. Sáttum við gjarna félagarnir á þeim og var það kallað *svalafylliri*, hvort sem ástæða var til eða ekki.

staðinn og bauð okkur, líklega til að við gengjum í samsærið gegn milljónum framtíðarinnar. Þara var okkur tekið alveg eins og í hinnum, maður kýldi vömbina með þjóðsögulegum kræsingum og staðurinn útvegaði okkur jafnvel kvenfólk til yndis- og dægradvalar.

Eitt hefur verið mér mikil vonbrigði og það er að allar þessar frægu óperur borganna hafa verið harðlæstar og ekki komið hljóð úr neinum barka. En það er eins og venjulega; ég kem aldrei svo í borga að mér finnst það ekki vera nema eins konar undirbúningur undir næstu komu.

Það rignir yfir mann heimboðum eftir konferensinn, en engu verður hægt að taka *vegna annara trúnaðarstarfa*. Annars gæti ég farið í heimboð til Englands, Skotlands, Júgóslavíu, Grikklands, svo maður nefni eitthvað.

Ég er alltaf að hitta Íslendinga af tilviljun; einn sat á næsta borði á næturlúbbi í Berlín og blandaði sér í okkar samræður þegar við vorum búnir að tala rækilega af okkur. Það var dóttir Úrsusar, sem var með amerískan mann sinn, sem neitaði að tala annað en íslensku við okkur, og það þurfti hann einnig alltaf að gera við frúna, því hún kunni ekki ensku. Jóni Ragnarsyni mættum við á Reperbananaum og einn var að koma út úr húsi í Herbert Strasse! --

Ætlar að hita Bo Almqvist á heimleiðinni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 13.8.1957.

Bréfið fjallar einkum um flutning á peningum, 20 sterlingspundum, 10 dollurum og 230 sænskum kr. frá Íslandi til Danmerkur.

-- gleymdi að þakka þér fyrir afmælisgjöfina, sem kom sér vel á svalafillirinu² á sunnudaginn.

Ég vona að þú hafir getað nálgast peningana hjá Bo Almqvist. Þú talar um möguleika á að hafa húsgögnin að einhverju leyti á hans nafni. Ætlunin er að hafa þau algjörlega á hans nafni.³

Héðan er allt hið besta að fréttu, búið að koma Bergljótu (*Líndal*) og Guðmundi (*Jónassyni*) í heilagt.⁴

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 18.9.1957.

Þakkar bréf og flytur fréttir. Segist sjá Eggert bróður þeirra æ sjaldnar, hann og fjölskyldan sé upptekin, sí og æ, við að dytta að húsinu⁵ og undirbúa komu Steinunnar sem væntanleg sé og ráðgeri konsert í haust. Þá sendir hún nákvæmt yfirlit og reikninga vegna fermingarveislunnar í Tjarnarcafé, samtals 4.989 kr. með víni.

Jón Nordal kom hér í gær með sína yndislegu konu, Sólveigu,⁶ dóttur Jóns Helgasonar prófessors. Voru þau heldur sæl þar sem þau voru búin að festa kaup á fjögurra herbergja íbúð í stórri blokk í Laugarnesi, auðvitað allt upp á lán og góðra manna hjálp -- Mikið leist mér vel á Sólveigu, ber hún mikinn svipa af pabba sínum, ákaflega geðug og gerðarleg. --

Hér hafa verið tvær Zontakonur á ferðinni, finnsk og norsk og hef ég hitt þær nokkrum sinnum og fengið þær hingað heim. Sú finnska var ekki sérlega mikið mála-gení, svo ég veit ekki hversu mikið gagn hún hafði af dvölinni hér, en hún kom með Kekkoni⁷ og dvaldi hér mánaðartíma. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsd. Ólafs. Rvík, 22.10.1957.

Helga Ólafs er sest að, ásamt Stefáni Jóhanni Stefánssyni, í sendiherrabústaðnum í Hellerup, norðan Kaupmannahafnar. Taka þær upp nýtt bréfasamband. Umræður snúast meira um í átt til Nesættarinnar á Seltjarnarnesi. Hún byrjar máls sitt á því að Kristín Ólafs sagði henni að hún væri flutt inn í

¹ Mun vera Gunnar Salómonsson kraftajötunn sem áður hefur komið við sögu.

² Viðbyggingin í Tjarnargötu 24 var með risasvölum sem var athvarf okkar piparsveinanna þegar vel viðraði. Nú eru svalirnar horfnar og útbýggingin orðin að skrautbyggingu, vonandi lekalausri, sem sú óyfirbyggða var hreint ekki.

³ Bo var mjög áhyggjufullur út af þessu plotti okkar íslenskra vina hans, gjaldeyrismál þess tíma voru honum gjörsamlega framandi.

⁴ Stór viðburður, því Guðmundur Jónasson, vinur minn og Bergljót frænka mín kynntust gegnum mig. Ég var hálfgerður ábyrgðamaður.

⁵ Eggert P. Briem flutti margoft og voru því húsaviðgerðir og lagfæringar því stöðugt viðfangsefni fjölskyldunnar.

⁶ Sólveig Jónsdóttir (1932-2012).

⁷ Uhro Kekkoni (1900-1986) var þá orðinn forseti Finnlands og var það til 1982.

sendiherrabústaðinn. Óskar henni alls góðs og gleðst yfir að þau hafi getað byrjað vistina með því að hita húsið upp með vinum sínum, Ásgeiri Ásgeirssyni forseta og Dóru Þórhallsdóttir.

-- Aumingja próf. Nordal hefur gengið illa með standsetningu hússins, enga hjálp að hafa, og tengdadæturnar óvanar að snúast í slíku, svo Nordal fór austur á Þingvöll til séra Jóhanns Hannessonar¹ og hefur verið þar nokkurn tíma. Húsinu hefur verið breytt svo mikið að finna verður nýjan stað fyrir næstum hvern hlut, og það hlýtur að vera erfitt þegar húsmóðirin er fjarri, en hefur þó sinn ákveðna smekk, þó hún sé kannski ekki manneskja til að framkvæma neitt sjálf, og það er hún auðvitað ekki --

Okkur líður öllum vel og ég hef mikið að gera á skrifstofunni, og þá líður mér vel. Ég kann alls ekki við mig nema ég sjái ekki fyrir endann á verkefnum; ég er þakklát þeim sem leita til mín með vinnu og vona að þar verði enginn endir á. Mér finnst svo *huggulegt* að sitja við ritvélinu og oft er skemmtilegt það sem manni er fengið í hendurnar; ef það er leiðinlegt lætur maður hugann reika. Maður er orðinn vélrænn, sem kannske er bæði gott og illt. --

Friede Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 12.12.1957.

Pakkar móttöku ávísunar. Keypti fyrir hann

-- undurfagra rósavönd handa Steinunni Briem þegar hún hélt konsertinn. Gekk allt ágætlega fyrir steinunni og mjög mikil og góð stemning á hljólmleikunum. Hlýtt og gott í Þjóðleikhúsinu -- húsið næstum fullsetið, þrátt fyrir influensufaraldur sem þá var í bænum og Steinunn tók sig frábærlega vel út, í hvítum kjól við svartan og gljáandi Steinway-flygilinn. Eftir fyrri hluta konsertsins voru henni færðar rauðu rósirnar frá ykkur, sem hún tók við með mikilli *grandesse* enda framkoma hennar öll mjög falleg. Guði sé lof fyrir hvað allt gekk vel og hún mætti þarna strax mikilli vinsemd og hlýleika, það er svo mikil fullnæging fyrir hana ofan á þetta mjög svo erfiða nám.

Í vikunni á eftir bauðst henni að spila á Reykjalundi, þar sem hún vígði nýtt hljóðfæri og allt gekk þar líka vel. En svo átti hún að spila á skemmtun stúdenta 1. des. í Háskólanum, en þá veiktist hún og leið yfir hana, og síðan er hún búin að liggja, hefur verið svo einkennilega veik; heldur Sigga helst að þetta séu eftirstöðvar af influensu, sem hún er búin að fá tvisvar -- en er heldur hressari núna. -- Annars var ætlun Steinunnar að fara út fyrir jólin, vera eitthvað í London og fara síðan til Rómar, en ótrúlegt er að úr því verði --

Annars voru stúdentarnir mjög óheppnir 1. des., bæði Steinunn og Helgi Tómassonar² forfölluðust á síðustu stundu. Auk þess var beðið í næstum hálf tíma eftir forsetahjónunum, sem búist var við þangað, en forsetaritariinn hafði gleymt að tilkynna forráðamönnum skemmtunarinnar að þau myndu ekki koma. Í útvarpinu heyrðist alls konar þrask, hósti, hvíslingar og umgangur, en ekkert annað gerðist. Ástandið var afleitt og mikil taugaspenna þegar loks var hægt að byrja, útvarps hlustendur bálreiðir á öllu landinu; hefur það ekki verið frýnilegur kór.

Annars voru veikindi Helga Tómassonar alvarlegt, fékk hann blóðgalla í hjartað og hefur legið hreyfingarlaus síðan og oft mikið þjáður. Ekki er viðlit fyrir hann að leggjast útaf, þá versnar honum svo mikið, í stað þess verður hann að hálf sitja uppi og er hann því mjög þreyttur. Enginn hefur fengið að koma inn til hans nema konan og börnin. Manni tekur svo sárt að þessi góði, indæli maður missir heilsuna og starfskraftana svona snemma; ekki þarf að kenna óreglulegu líferni eða reykingum, kannski of mikilli vinnu. --

Nú er Eggert Ólafur fluttur upp á Bergstaðastræti og er alltaf að smíða. Koma þarna fram nýir hæfileikar sem enginn vissi um, en honum ofbýður svo dýrtíðin og okrið á öllu sem á boðstólum er að hann fór að reyna hvað hann gæti. Hann er að setja upp bókaskápa úr furufjöllum og einhverjum rafmagnsrörum, sem auðvitað hafa aldrei verið ætluð til slíks -- Þó varð hann að fara kunningsskaparleið til að fá rörin því hér virðast allar vörur ganga til þurrðar -- t.d. ætlaði ég að setja upp gardínur hjá honum, en í Reykjavík fæst ekkert til þeirra hluta -- Þá er gott að eiga háaloft, því sjaldan kemur maður þaðan tómhentur, þó kannske ekki sé það nákvæmlega það sem manni vantar, þá kemur maður með eitthvað sem hægt er að nota. -- Hann er því ekki ennþá farinn að njóta þess að búa þarna, því m.a. þurfti ég að láta hreins miðstöðvarkerfið, þar eð ofnar voru stíflaðir í baði og eldhúsi --

Ég sakna Eggerts að heiman, en fæ að sjá hann við máltíðir og er mér það mikil bót, svo er hann líka búinn að fá síma sem mjókkar bilið milli okkar. --

¹ Jóhann Hannesson (1910-76), kristniboði, þjóðgarðsvörður og guðfræðiprófessor.

² Helgi Tómasson (1896-1958) yfirlæknir frændi okkar.

1958

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 12.1.1958.

Ræðir og þakkar jólagjafir, hrakandi sjón og heilsu Álfheiðar en hún var 89 ára og kemst lítið út vegna ófærðar. Segir líka fréttir af Steinunni E. Briem frá Róm, slæmir heilsu hennar og ýmsa erfiðleika. Hafði samt fengið ítalskan námstyrk. Einnig segir hún fréttir af miðhlutaprófi Páls sonar síns í læknisfræðinni.

Þá segir hún frá alvarlegum veikindum Helga frænda þeirra Tómassonar yfirlæknis og giftingu Bjarna sonar hans og veislu.

-- Þau voru gefin saman af presti, en eftir hjónavígsluna var 60 manns boðið í kaffi inn að Kleppi (þar sem fjölskyldan bjó). Var fólkinu boðið að standa við í klukkutíma, spyrja ekki um líðan húsbóndans og kveðja hann ekki -- Þegar setið var yfir borðum kom Helgi í dyrnar, studdi sig við skátastafinn¹ og hélt mjög fallega ræðu, hvarf síðan og fór í rúmið. Stemmningin var, eins og þú getur nærri, heldur daufleg, en Helgi hafði óskað að hafa þetta svona og beðið ungu hjónin að gifta sig núna, en bíða ekki með það eins og þau ætluðu. Líklega hefur Helgi ekki trú á bata --

Eggert Ásgeirss. skrifar Pétri Guðfinnss. Rvík, 31.1.1958.

Óskar til hamingjum með fæðingu dótturinna og þakkann sem Rannveig Þorsteinsdóttir alþm. kom með frá Strassborg. Þá ræðir hann um stjórn málin og kosningarnar, sérstaklega stöðu Gylfa Þ. Gíslasonar og ólgu innan flokkanna.

Þá segir hann þær fréttir að hann sé fluttur á Bergstaðastræti 69. Er einnig spenntur fyrir hvernig ganga muni samvinna Sigurðar Ólasonar hrl. og Þorvaldar Lúðvíkssonar vinar þeirra.

-- Ég vona að stúkuför Þorvaldar verði honum stoð í baráttunni við drykkjuskap Sigurðar --

Eggert Ásgeirss. skrifar Pétri Guðfinnss. Rvík, 26.3.1958.

Hér er mest rætt um stjórn mála og óánægju með ríkisstjórnina og ýmis konar upplausn kringum hana. Þá sat ríkisstj. Hermanns Jónassonar sem skipuðu auk Framsóknarfl., Alþýðubandala og Alþýðuflokkur.

Þorvaldur Lúðvíksson er með ánægðara móti og hefur tekist að koma Sigurði Ólasyni hrl. með sér í stúku þannig að hann á ekki á hættu að allt sé á öðrum endanum á skrifstofunni eins og fyrr þegar hann kemur þangað. Þorvaldur saknar stúdentapólitíkur og að vera ekki miðpunktur í Vöku, óánægður með eigin flokksbræður.

Eggert Ásgeirsson skrifar Pétri Guðfinnssyni. Rvík, 26.3.1958.

Ræðir einkum stjórn málaástandið.

-- Af Þorvaldi er fátt að fréttu. Hann er með ánægðara móti, því hann hefur komið Sigurði Ólasyni með sér í stúkuna og er nú ekki eins hræddur við að koma að skrifstofu sinni á öðrum endanum eins og fyrr. Ég helda að það sé ekki mjög mikið að gera hjá honum og einkum er erfitt að fá borgað, þar sem málflutningurinn tekur svo gífurlega langan tíma, þ.e. það tekur svo langan tíma að fá sér dæmd málsvarnarlaunin. En það er um að gera fyrir hann að halda þetta út. Ég sé hann sjaldan, ekki nema þegar ég lít inn í skrifstofuna hjá honum eða heim til hans. Drengurinn er orðinn dálítið smáborgaralegur, reiður út í allt, einkum eigin flokksbræður Flokkadrættirnir leggja þungt á hann og hann saknar þess að vera ekki miðpunktur eins og í Vöku. Hann umgengst fáa í einkalífinu og les svo sem ekkert góðra bóka. Þegar það² bætist við stúkumennskuna sérðu að hann er á vafasamri braut. Það sama er ekki að segja um Pál Pálsson. Hann kennir af lífi og sál, er eins og blómi í eggi. Það heldur honum andlega vakandi að hann skuli vakna daglega til þess vandamáls, hvort hann eigi heldur að aka *sjevranum* eða jeppanum þann daginn!

Af mér er hreint ekkert að fréttu. Ég hef komið mér sæmilega fyrir á Bergstaðastrætinu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Helga P. Briem. Rvík, 1.4.1958.

Ræðir leiðir til að útvega sér bíl. Í gjaldeyrishöftum getur verið lykill að því að fá leyfi að geta sannað löglega fenginn gjaldeyri; þannig gæti Helgi komið honum til hjálpar. Ræðir þetta frá ýmsum hliðum.

¹ Helgi Tómasson var skátahöfðingi.

² Séra Páll Pálsson (1927-2010) bekkjarbróðir, síðast prestur á Bergþórshvoli.

Ekki var nein leið að fá bifreið nema sannað væri að um eigin gjaldeyri væri að ræða sem aflað hefði verið erlendis. Þar sem ég ætti geymdan gjaldeyri hjá Helga, væri von fyrir mig að fá leyfi til að kaupa bíl.

Segir sér líða stórvel eftir flutning á Bergstaðast. og býður Helga og fjölsk. að búa þar þegar þau komi.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 1.5.1958.

Biður afsökunar á litlum bréfaskriftum en hún var mjög upptekin við að annast ýmsar bréfaskriftir til Helgu Sigurðardóttur sem dvelur erlendis.

-- hún neyddi mig til að skrifa sér eilífar fréttir af skólamálinu (húsmæðrakennaraskólans), sem þó engar voru. --

Segir fréttir af móður þeirra og að hún hafi mikið þurft að gera fyrir hana, m.a. að lesa fyrir hana upphátt, m.a. ævisögu Sveins Björnssonar og Ólafíu Jóhannsdóttur.

-- En fyrir mér er það hálfgerð fórn, svo frómt sé frá sagt. --

Segir rækilega fréttir af Ragnheiði Eggertsdóttur Briem, sem varð dúx á stúdentsprófi og stöfum þessarar einstaklega efnilegu stúlku. Segir frá fjölskylduboði á sumardaginn fyrsta. Henni finnst alltaf að hver sé síðastur fyrir móður sína til að taka þátt í slíku. Þá segir hún frá námsvinnu Páls á fæðingardeild Landspítalans.

-- Ég sendi blómin til frú Georgíu Björnsson, eins og hún hefur sjálfsagt þakkað fyrir. Hún er flutt í hús Sigurðar Jónassonar í Þingholtsstræti þar sem hún hefur keypt sér íbúð. Hlýtur það að vera miklu þægilegra fyrir hana að búa á einni hæð og með fleiri fjölskyldum í húsi, sem kannske gætu rétt henni hjálparhönd. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Rvík, 9.6.1958.

Kominn heim úr vorleiðangri jöklarannsóknarfélagsins.

-- er ég loks kominn aftur eftir indæla og skemmtilega ferð, sem að vísu varð nokkuð lengri en við var búist -- Fyrstu dagarnir á jöklinum voru alveg dásamlegir, en seinustu dagana urðum við að sitja um kyrrt því ekki var hundi út sigandi vegna stórhriðar. Ferðin var ekki erfið, eins og sjá má af því að við þurftum ekki að ganga nema fimmtíu og fimm mínútur frá (snjó)bílnum upp á Hvannadalshnúk -- Ferðafélagarnir voru ágætir -- sem sagt ferðin var öll stórkostleg. Þegar ég kom heim í gærkvöldi hafði ég ekki sofað í 30 tíma svo ég er enn talvert syfjaður. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 15.7.1958.

-- Okkur leiðist mjög mikið að fá aldrei frá þér línu og saknar mamma þess ákaflega. Þó höfum við fréttir frá þér á skotspónum frá þér, svo við vonum af heilum hug að þú og þið séuð frísk og að ykkur líði vel. Þetta eru svo mikið viðbrigði vegna þess hve þú hefur alltaf verið elskulegur að skrifa, en það er svo leiðinlegt að sjá bilið breikka svo óðfluga. Líklega fær maður ekki að sjá þig í sumar? Þú værir afskaplega góður ef þú skrifaðir mömmu nokkrar línur, það þarf alls ekki að vera langt bréf --

Þú fyrirgefur mér Helgi minn, en mamma er orðin gömul og ekki margt sem ber við hjá henni og þess vegna talar hún um þetta á hverjum degi og gerir sér margvíslegar grillur. --

Segir fréttir af komu Agnars Kl. Jónssonar og Ólafar Bjarnadóttur, heimsóknun þeirra og dvöl. Segir fréttir af systkinabörnum sínum og þeirra mökum.

Hún hafði áður lýst trúlofun Sigríðar Geirsdóttur (fegurðardrottningar eða eitthvað) og Magnúsar Skúlasonar síðar arkitekts. og ýmislegu úr lífi fjölskyldu Geirs Stefánssonar og Birnu Hjaltested.

-- Þetta er orðið lengra en ég bjóst við þegar ég byrjaði. Það er eins og maður nálgist þig um stund, að vísu hef ég orðið, en eins og margar kynsystur mínar hef ég líka gaman af að tala og þegar ég minnst á það dettur mér auðvitað Birna í hug. Hún er ein af fáum manneskjum sem lítur inn þegar hún á leið hér um, hefur hún komið tvisvar nýlega. Nú er Sirrý orðin stúdent, auðvitað til mikillar ánægju fyrir foreldrana, sjálfa sig og systurnar, Önnu og Birnu, sem ekki máttu tala nema í hálfum hljóðum allan veturinn og þó fékk Sirrí ekki nema 2. einkunn!! svo ég noti þeirra eigin orð. En það er íslenskan sem lækkaði hana og sem hún féll á í fyrra; það er ótrúlega erfitt að ná hinum krökkunum og kröfurnar eru geysimiklar einmitt þar. Svo var Sirrí svo óheppin að taka megrunarvítamín í heilan mánuð í stað venjulegra vítamína, en apótekið hefur líklega afgreitt lyfseðilinn vitlaust; og Sirrí var svo lystarlaus allan tímann að enginn skildi neitt í neinu. En þetta komst ekki upp fyrr en um seinann, svo það bætti ekki úr í próflestinum. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 24.9.1958.

Mikil var ánægja Þórdísar þegar hún fékk loðfeld sem Doris Briem hafði valið fyrir hana, passaði mjög vel og vakti almenna hrifningu. Þurfti hún stöðugt að vera að sýna hann. Þá segir hún þær fréttir að Eggert Ólafur hafi fengið sér nýjan Volkswagenbíl og gleðst yfir að vera laus við að heimsækja viðverðarverkstæði oft. Palli er á vespu og er mamma hans hálfhrædd um hann.

-- Við Palli höfum oft verið að segja í gamni síðan Eggert flutti upp í Bergstaðastræti að við þyrftum að kaupa okkur bíl saman, en svarti markaðurinn er okkur ofviða.

Þú spyð mig í bréfinu hvort þú getur ekki hjálpað Palla til að eignast Volkswagen. Jú vissulega gæti þín hjálp orðið til þess að okkar ósk rættist. En mér bara finnst að íslenskir peningar séu þér ekki svo mikils virði, að hægt væri að vænta þess að nokkurt vit væri í því fyrir þig að hjálpa nokkrum manni um gjaldeyri, þegar við búum við svo mikið öryggisleysi í þjóðarþúinu. --Ég á hér niðri í bankaboxi 1.000 sænskar kr. sem mér áskotnuðust í sumar, og feginn vildi ég greiða þær, en þær ná nú skammt -- Eiginlega er ég furðu lostin yfir sjálfri mér að vera farin að tala um bílakaup, en mann skortir stolt til þess að neita svona uppástungu, -- bílaleyfi er auðvelt að fá hjá innflutningsnefnd, ef hægt er að gera grein fyrir því að gjaldeyri hafi maður fengið á löglegan hátt. -- Get ég verið þekkt fyrir þetta? En stoltið vantar og því skrifa ég svona.

Segir frá því að hún hafi sent krans fyrir Helga v. útfarar Georgiu Björnsson forsetafrúar.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 19.10.1958.

Með þakklátum huga skrifar hún, bílakaupin nálgast.

-- Ég móttók ekki aðeins bréf þín, heldur einnig ávísun, sem er sú stærsta sem ég hef séð, kannski í íslenskum gjaldeyri, hvað þá í útlendum. Ég er eins og hálfpartinn uppi í skýjunum yfir öllum þessum dásemdar kærleika sem ég rétt einu sinni fæ að njóta frá þér, heldur líka finnst mér öll framtíðin blasa við mér broshýr og ánægjuleg. --

Ég get sagt þér það hreinskilnislega að ég veit alls ekki hvernig ég get þakkað þér fyrir svona stórkostlegan vinargreiða; ég hef þegar talað við Jón Ívarsson¹ á Innflutningsskrifstofunni, en ekki fengið svar enn þá. Okkur Palla dreymir dagdrauma -- ætlum við að eiga bílinn saman og eru strákarnir búnir að spana mig upp í að fara í bíltíma, segjast treysta mér sem ökumanni, og er ég þegar byrjuð. Kennarinn segir að ég sýni þó nokkra lipurð og finnst mér ég óðum vera að yngjast við stýrið, --

Skýrir honum frá gestagangi tengdafólks síns frá Svíþjóð en hvetur hann jafnframt til að koma líka enda pláss nægilegt í húsinu enda vilji Páll flytja til Eggerts á meðan. Ber móður þeirra saman við yngra fólk í fjölskyldunni og kemur hún út með vinning.

-- Mamma er hins vegar svo ljómandi gamansöm og get ég ekki annað sagt en að hún nýtur sinna gesta. Mikið væri nú gaman ef þú værir horfinn hingað á afmælinu hennar, en hún segist bara ætla að hafa það eins og Helgi Hjörvar o.fl. að fara burt úr bænum. Öllu gamni fylgir nokkur alvara, en hún hálf kvíðir fyrir ef margt er í kringum hana. --

Nú er Páll Línal fluttur í sitt nýja hús; var það mikið happ fyrir mig, þar eð ég á svo bággt með að láta ættingja mína borga háa húsaleigu. -- Það er von að ég segi svona, því 1951 var endurbyggt þakið á mínu húsi og notaðar alúminíumplötur, ekkert annað var fánlegt á Íslandi þá, en nú er það orðið svo tært að fyrir dyrum stendur að taka allt draslið af og setja þakjárn í staðinn, - ef það þá fæst. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 8.11.1958.

-- Leyfið frá innflutningsnefndinni er fengið. Ég trúi því varla sjálf að áður en langt er um liðið höfum við Palli eignast bíl - sá lúxus og öll þau þægindi sem bíða manns -- þungamiðjan í því er að Jón Ívarsson fylgir því fast eftir -- og það er fengið.

Þá fer hún yfir fjárhagsleg samskipti og uppgjör þeirra systkina og útlit fyrir að hún geti staðið í skilum með greiðslur til hans. Í því sambandi gerir hún grein fyrir útleigu íbúðarinnar á Bergstaðastræti sem gerir henni mögulegt að standa í skilum við Helga og halda húsinu við. Páll Þórir auglýsti íbúðina fyrir hana og annaðist um leiguna.

-- Ekki leigðum við þó hæstbjóðanda en reyndum að velja fólk sem okkur leist vel á. -- Ég er svo ánægð með þetta og eru það mikil þægindi að húsið standi vel undir viðgerðum og gefi mér að auki rýmri fjárhag. Eggert Ólafur er svo ánægður með að búa þarna og er það líka mikill munur fyrir mig hvað hann lítur vel

¹ Jón Ívarsson (1891-1982). Kaupfélagsstj. í Hornafirði, forstj. Grænmetisversl. ríkisins. Sat í fjárhagsráði. Forstöðumaður Innflutningsskrifstofunnar.

eftir öllu og reynir að hafa húsið í góðu standi. Þó Jóna sé sannarlega indæl og góð þá vill hún varla láta mig vita ef hún heldur að ég verði fyrir útlátum vegna þess.¹

Þá ræðir hún um níræðisafmæli móður sinnar og hvað gert verði til hátíðabrigða.

-- Mamma var beðin um viðtal, en hún hélt nú ekki. Sagðist vera búin að hrista höfuðið svo mikið yfir öðrum í vitlausum viðtölum að hún vildi sannarlega ekki gefa nokkrum manni tækifæri til hins sama.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 21.11.1958.

Segir frá níræðisafmæli Álfheiðar og vikulöngum hátíðahöldum í því sambandi sem gamla konan hafði mikla ánægju af. Þá segir hún frá bílnum þeirra Palla.

¹ Áður hefur komið fram hvað húsaleigulög settu miklar kvaðir á húseigendur. Hafði svo erið um einhverja áratugi, en nú hafði rýmkast um hömlurnar.

1959

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert Ásgeirssyni. Akureyri, 5.1.1959.

-- Nú rekur þig í rogastans að kærleikarnir skuli vera svo miklir milli vor bræðra að ég bíði ekki boðanna að skrifa þér strax og ég er farinn. En skýringin kemur. Mig langar til að biðja þig senda mér bók: *Teach yourself spanish*. Pedro Riba er læknastúdent hér og hann ætlar að freista þess að kenna mér spönsku og mér finnst það upplagt að reyna. Jæja, mér liggur á þessu og vona að þú leysir þetta fljótt. -- Hér hefur verið hríð og nú veit maður hvað mjöll er. Snjórinn er eins og ísryk og 13° frost. Ég kann vel við veðrið.

Þó hefur þessi hríð orðið dýrkeypt, því í fyrstu hrinunni fórst sjúkraflugvélin nýja með öllu, eins og þið vitið. Með ætluðu tvær stelpur í Laugaskóla, en aðeins eitt sæti var laust; þá sagði sú sem það hafði að hún færi ekki nema báðar kæmust. Þá var sæti enn laust og greip þá annar bræðranna sem fórust, sætið til að fara í skemmtitúr austur -- Menn eru ákaflega slegnir hér -- er sagt að það hafi verið glapræði að leggja upp svona seint og auk þess hefði vélin getað lent í Fnjóskadalnum eftir að syrti -- Það er líka svo að hér norðanlands er engin flugumferðarstjórn svo allt er undir einstaklingunum komið, sem ákvarðanir tekur og stýrir.

Hvað sem öðru líður líkar mér vel hér. Mér var ákaflega vel tekið, hef indælis herbergi og góðar líkur til að ég verði margs vísari --

Það kom í ljós strax að ég var ekki alveg eins ókunnugur hérna og ég hélt, bæði þekkti ég margt starfsfólk hér á spítalanum og auk þess jafnvel ýmislegt úti í bæ. En allir formæla staðnum fyrir deyfðar sakir og fásinnis, en mér er sama. Á mínum stað er gott --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 8.1.1959.

-- öll þökkum við fyrir frábærlega skemmtileg ferðasögu, og vonumst eftir meiru. Var ferðasagan geymd til aðfangadagskvölds, en þá las Eggert Ólafur hana hátt fyrir okkur öll, og manni fannst maður þokast nær ykkur og bilið brúast um stund. --

Jólin voru kyrrlát og góð. Palli var talsvert suður á Landspítala, þar sem hann var á kúrsus, svo hann fékk blessunina tvisvar, því það voru haldnar guðsþjónustur á spítalanum, þar sem lækmar, namar, hjúkrunarlið og starfsfólk var viðstatt. Meira að segja koma líka predikari og söngfólk úr hvítasunnusöfnuðinum að láta til sín heyra, og það svo vel að það skyggði algjörlega á séra Jakob sem predikaði á aðfangadagskvöld. --

Við vorum boðin til Páls Línalds eitt kvöld milli jóla og nýárs í nýja húsið, sem er reglulega skemmtilegt og vistlegt. Þau ætla sér að leigja út eitt herbergi, sem síðar verður ætlað Þórhildi, bæði til að fá tekjur af því og líka að viðkomandi tæki að sér barnagæslu fyrir þau, en þau komast ekkert út nema að fá einhvern til þess að vera heima hjá börnunum. Það er miklu erfiðara vegna fjarlægðar frá bænum, en að öðru leyti kunna þau mjög vel við staðinn. --

Ósköp brá manni að heyra lát Inga Bjarnasonar og mikill mannskaði að honum, að maður nú ekki tali um missi litlu dætranna og konunnar, en fjölskyldulífið var óvenjulega náð og kærleiksríkt. Ingi veiktist af kransæðastíflu 10 dögum fyrir jól, en virtist vera á góðum batavegi, þegar honum þyngdi snögglega og allt var búið eftir stutta stund. Hann var nýlega kominn heim frá Spáni, en þau hjónin fóru þangað í skemmtiferð í okt./nóv. Ingi kom hingað til mömmu rúmri viku eftir afmæli hennar, með yndislega fallegar nelliur og var svo ánægður, bæði með ferðalagið og líka hvað hann hafði náð sér vel eftir brunann og öll veikindin sem af honum leiddu. Báðar dæturnar komu svo á eftir honum og þetta var reglulega skemmtileg stund og ekki datt manni þá í hug að þetta væri í síðasta skiptið sem maður sæi hann. Aumingja frú Sigrún hefur verið í Danmörku í vetur, ýmist á Skodsborg eða hjá Karillu (dóttur sinni). Fær nú enn einu sinni sorgarfregn ofan á allt sem hún er búin að reyna á langri ævi. --

Hér var á ferð í boði Sænsk-ísl. félagsins sænski rithöfundurinn Vilhelm Moberg; var hann viðstaddur frumsýningu á *Dómaranum* og í gær hélt hann fyrirlestur í háskólanum í fyrstu kennslustofu. *Pupullinn*, ég og aðrir; fjölmenntu suður eftir og raðaði sér á alla bekkir og hreiðraði vel um sig. Svo þegar prófessorar og annað fyrirfólk gekk í stofuna til þess að taka sér sæti, voru allir bekkir fullir, nema fremsti bekkur, og þar var ekki rúm nema fyrir fjórða partinn af þeim sem kom inn. Leit þá rektor yfir hópinn, sá andlitsdrætti sinna kollega, og vildi nú allt bæta. Var rætt um að flytjast yfir í hátíðasalinn, og voru sendir út menn til að athuga hitastigið þar inni, en vegna óvenju frosthörku undanfarna daga og sparsemi forráðamanna háskólans, reyndist ógjörlegt að flytjast þangað -- Guðlaugur Rósinkrans, form. Sænsk-ísl. fél. bauð gestinn síðan velkominn og lýsti skáldferli Mobergs, með sínum fátæklega orðaforða; síðan hélt skáldið fyrirlestur sinn þar sem fyrirfólkið stóð en *pupullinn* sat. Ég gæti trúað því að þetta hafi ekki oft komið fyrir, en það skeði hér í gær.

Fyrirlesturinn var frábærlega góður og skemmtilegur, hann (Moberg) er mikill ádeilumaður í sínu heimalandi og auðvitað ekki vinsæll af þeim sem hann deilir á. Ég var hissa á því að sjá Halldór Kiljan á konsert kvöldið sem *Dómarinn* var frumsýndur, og á fyrirlesturinn mætti Kiljan heldur ekki. Það er nú ekki á hverjum degi sem erlent stórskáld kemur hingað og kveður sér hljóðs.

Á Kiljan hægara með að berja með svipunni, en að þola slíkt sjálfur. Moberg deilir á kommúnismann og hann deilir á skáldin sem binda sig með því að þiggja laun, heiðursmerki og annað, kannske af þeim sem þeir innst inni fyrirhlíta. Með því hafa þeir tapað sínu hættulegasta vopni, orðinu. Mér finnst ságrætilegt ef við erum búin að missa Kiljan sem skáld. En það er ég hrædd um að sé orðið. Hann vill hlusta á lofræður og hrós um sjálfan sig, en þolir ekki gagnrýni. Það er sárt ef þú aldrei komi skáldverk frá honum oftar sem gnæfir upp úr flatneskjunni.

Páll Þórir er *kandidat* á sjúkrahúsinu á Akureyri og verður líklega í mánuð. Hann fór á sunnudaginn var og keyrði ég hann á bílnum *okkar* suður á flugvöll og var ég svo heilmikið að æfa mig á sunnudaginn, en ég hef ekkert keyrt undanfarið, því það hefur verið hálka. Ég keyrði mömmu og Dídí líka til Jónu og heim aftur; í gær fórum við Dídí suður í Fossvog að fylgja Inga; ég hef farið tvisvar út á Nes -- Í einu orði sagt finnst mér alveg dásamlegt að hafa bíl og geta ekið honum sjálf. --

Veðskuldabréf, 16.1. 1959.

-- viðurkenni hér með aðskulda bæjarsjóði -- kr. 10.000. Skuld þessa, ásamt vöxtum 7% -- ber mér að greiða að fullu 1. nóv. n.k. --

Eggert hafði verið svo heppinn í heilbrigðiseftirlitferð í versluninni Víði á Fjölnisvegi 2, þar sem Sigurður Matthíasson stofnandi búð, sem síðar varð stórveldi. Þegar hann frétti af því að mig vantaði bíl vísaði hann mér „*bíllaleyfi*“ einhvers flugvélstjóra sem ég keypti af honum. Þannig gerðust kaupin á Eyrinni!

-- amma virðist nú alveg vera búin að ná sér á strik -- þótt hún hafi sljóvgast -- en það er bætt upp með betra skapi og meiri sáttfýsi við lífið en áður. Amma verður alltaf meiri baggi fyrir mömmu eftir því sem tíminn líður, þar sem hún mál aldrei víkja úr húsi -- Hjálpin sem hún hefur er alltof ófullnægjandi. Guðrún er gömul og skapill; Dídí er alltof lítil stoð. Ég veit ekki hvort þú fréttir það að mamma varð fyrr reiðhjólí í sumar í höfn, hlaut byltu og höfuðhögg. Mér finnst hún ekki hafa náð sér eftir allt þetta, hún hefur aðeins kiknað við þetta, orðið eilítið nervös, látið á sjá. Hún hvílir sig að vísu daglega, en þó verður því ekki breytt að á henni hvílir *stress*, sem ég fyrir mitt leyti vildi létta á, en veit ekki hvernig á að fara að - þér að segja.

Ég hef orðið fyrir þeirri upphæfð og happi, að mér var veittur Fullbrightstyrkur til eins árs náms í Bandaríkjunum. -- Ætlunin er að leggja stund á *Public Health Education* sem aðalfag. Ekki veit ég hvort einhverjir möguleikar verða til starfs í þeirri grein þegar heim kemur. Það gefur mér ótt mest á vanta í öllu mínu starfi að Íslendingar hafa mjög litla heilbrigðisvitund og því held ég að margt gangi hjá þeim á afturfótunum, bæði í fiskiðnaði og veitingarekstri, svo dæmi séu tekin. Verkefni eru nóg, en starfsgrundvöllur sára lítill. Nema vekja megí ráðamenn til hugsunar -- Og er þá að rætast sem þú lagðir svo ríkt á við mig þegar ég var að byrja í mínu starfi að ég kynnti mér heilbrigðismál í Bandaríkjunum áður en lengra yrði haldið.

Veit ekki hvaða skóla hann ætti að kjósa.

Icelandic Airlines/Loftleiðir. Rvík. 25.3.1959.

Ungfrú Sigríður Dagbjartsd., Bjarkargötu 6.

Með tilvísun til umsóknar yðar um flugfreyjustarf hjá Loftleiðum tilkynnist hérmeð, að þér hafi verið ráðnar flugfreyja hjá félaginu frá og með 1. apríl 1959.

Kaup og kjör verða samkvæmt samningi milli flugfélaganna og Flugfreyjufélags Íslands frá 4. júní 1957, sem þér skuluð kynna yður.

Virðingarfyllst. LOFTLEIÐIR H.F.

Jón Júlíusson

Ég undirrituð hef kynnt mér ofan í vitnaðan samning -- Ég er samþykkt efni ofanritaðs bréfs.

Sigríður Dagbjartsdóttir

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 11.4.1959.

Segir frá afturför móður þeirra og hvernig hún rýrnar meira og meira.

--Hringurinn er alltaf að renna af hendinni á henni; oft er búið að leita, skríða og endavenda, hvolfi úr kössum og körfum, þreifa ofan í stóla og fara inn í skápa. Oft ber leitinn engan árangur, en við mæðgurnar þrjár verður eins og úfnir hrafnsungar með vonleysisaugnaráð. Hringurinn fannst þó að lokum, meira að segja fann mamma hann sjálf ofan í eigin skúffu, innan um lök og lín. Nú er hringurinn á löngutöng, þar sem hann tollir betur og mamma hefur tekið gleði sína aftur.--

Þá segir hún frá óljósum veikinda eða vandraðafréttum af Steinunni Briem í Róm. Von væri á henni heim frá Róm með allt sitt hafurtask.

-- Ég segi þér einlæglega að því meira sem um málið er talað og Sigga segir mér frá þessu, því minna skil ég. Maður hefur alltaf hræðst útlit Steinunnar og á ég þar við klæðaburð, málningu og framkomu, sem minnir á allt aðra veru en maður vill vona að þessi unga frænka sé. --

22.4.1959. -- Okkur líður öllum vel og nú er Steinunn komin heim og samgledst ég Eggert og Siggú að hún skuli vera komin, eftir allar áhyggjurnar undanfarið. -- Hingað kom með henni ensk vinkona hennar, Ursula að nafni, og ætlar að dvelja hér um tíma. Hún er búsett í London, en fór að heimsækja Steinunni til Rómar, en hitti þá svo á að Steinunn var svona veik svo öll dvölin fór í að hjúkra og hjálpa til við að pakka og koma sér af stað þaðan, svo þess vegna endar hún fríð sitt hér. --

Ég fer líklega til Kaupmannahafnar 25. maí, ver ég þar fulltrúi Zontaklúbbsins á móti sem stendur yfir í 4 daga. Ég vona að mamma blessunin verði hress og allt verði í lagi svo ég geti farið, því við erum tvær Zontakonur sem verðum saman og líklega getum við fengið okkur leigða íbúð í Höfn í mánaðartíma. Þessi kona er Ingibjörg Bjarnadóttir sem þú kannski manst eftir -- þegar þú varst í Höfn á þínum stúdentsárum. -- Okkur dreymir mikla dagdraum (*um að komast til Lugano*) og m.a. kannski að komast í Scalaóperuna í Milano. --

23.4.1959. -- Ég hringdi í morgun til Siggú og var að spyrja um Steinunni og ætlaði að fá þau í eftirmiðdagskaffi, en því miður treysti Steinunn sér alls ekki, er hún mikið til í rúminu og kvartar um þreytu og hjartslátt, og þegar hún hefur setið og talað dálitla stund, þá ætlar að líða yfir hana. Svo þetta er langt frá því að vera glæsilegt.

Eggert kom laust eftir hádegis og sat hér í rólegheitum og er hann glaður yfir að hafa fengið dótturina heim, úr þessum ósköpum sem hún hefur lent í, enda hafa menn í Róm reynst henni fjarskalega illa, bæði íslenski konsúllinn og eins Hilmar Kristjánsson hjá FAO og Anna kona hans.¹ Er leitt til þess að vita að fólk sem dvelur langdvölum í útlöndum skuli vera svo óheppið að eignast óvini í stað góðra vina. Og ekki nóg með það heldur verða Eggert og Sigga líka mjög sár í garð þessa fólks.

Við erum fjarskalega ánægð með nýkjörna, biskupinn,² en mikið er nú búið að ganga á innan prestastéttarinnar bæði á undan og eftir. Menn segja sig úr Bræðralagi - kristilegu félagi stúdenta - og vilja ekki játa að þeir hafi verið meðvitandi um áróðursbréfið sem sent var út í þess nafni, til að koma séra Einari³ í Reykholti að, og um leið að vinna á móti séra Sigurbirni. Sunnudaginn 12. apríl var hringt hér á dyrabjöllunni og fór ég til dyra. Stóð þar séra Sigurbjörn og var hann í þeim erindagjörðum að bjóða mömmu heim með sér í kaffisopa. Sagðist hann hafa verið hræddur um að fá hryggbrot ef hann hefði hringt til hennar, þess vegna kom hann sjálfur til þess að fara sigrandi burtu með gömlu konuna.⁴ Þó undirtektir væru lélegar fyrst, endaði það svo að ég fór líka og ók okkur uppeftir í bílnum. Var það sannarlega dýrmætur farmur, en um leið dásamlegur. Þetta varð mömmu til mikillar ánægju; og sú hjartahlýja sem þau verðandi biskupshjón sýndu mömmu, var svo einlæg og unaðsleg að segja má að mamma búi að því enn. Séra Sigurbjörn er síðasti prestur sem Jón frændi vígði, og er það honum dýrmæt minning, enda er mynd af Jóni frænda þar á veggnum, í heiðurssæti. Var þetta skemmtilegur eftirmiðdagur og sannarlegt menningarheimili, þó fátæklegt sé. Vonandi fer heilsan batnandi hjá séra Sigurbirni --

Við Dídi vorum í fermingarveislu hjá Gunnlaugi Briem og Þóru á sunnudaginn; var Garðar⁵ fermdur. Þar voru 40 gestir, lagt á borð í gegnum báðar stofurnar og var öllu mjög vel fyrir komið og veislan hin skemmtilegasta. Séra Óskar⁶ og Gunnlaugur héldu ræður undir borðum og á eftir var spjallað og sungið og

¹ Anna Ólafsdóttir. Þessar fullyrðingar sem koma fram í bréfinu virðast í ljósi annara gagna, sem er að finna í bréfasafninu, vera ímyndun og vitleysa. Þvert á móti virðast Anna og Hilmar hafa reynst henni vel.

² Séra Sigurbjörn Einarsson.

³ Séra Einar Guðnason (1903-76) prófastur í Reykholti.

⁴ Vegna ætternis ömmu, tengsla við prestastétt, prestaskóla, guðfræðideild og ættar var amma í háu virðingarþrepi.

⁵ Garðar Briem (1945) tæknilfræðingur.

⁶ Frú Pína, ekkja Garðars Gíslasonar.

ekki farið heim fyrr en undir hálfþrjú. Frú Pína var þarna að sjálfsögðu, en hún er nú líklega á förum eins og eðlilegt er, þegar hún er búin að missa manninn. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Pétri Guðfinnssyni. Reykjavík, 14.5.1959.

Sendir honum kveðju. Hafði talað við mömmu hans en hún sagði hann ekki koma í tæka tíð fyrir 10 ára stúdentsafmælið. Sendir upplýsingar og hvatningu til að mætta.

-- Þorvaldur lagði niður bindindisrófuna í hátíðahöldunum þegar Rannveig¹ fékk réttindin og hefur ekki í hyggju að láta endurreisast fyrr en eftir 17. n.m. --

Ég held nú senn í leiðangur Jöklarannsóknarfélagins á Vatnajökul og hefst þar við í 11 daga og rennur þá upp langþráð stund. vona að við getum haldið saman á fjöll og að heimkoman verði glæsilegri en þegar tilraunin var gerð við Ármannsfell Hið Mikla.

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Khöfn, 28.5.1959.

-- Ég sit hérna á hótelinu með yndislegan blómvönd fyrir framan mig sem Zontaklúbburinn hér sendi mér með hlýlegum kveðjum. Ég fór til Helsingborgar í fyrradag og gisti hjá Gunnu.--

Segir frá innkaupum sínum og verðlagi sem er betra í Svíþjóð svo þar ætlar hún að kaupa það sem þarf. Ótrúlegt segir hún hvað hún hefur upplifað á fjórum dögum. Þá fór hún á konsert hjá Stravinski og var ótrúlegt hvað hann gat töfrað fram af tónum.

-- Í gærkvöld var ég boðin í Konunglega leikhúsið og sá ballettinn *Frk. Júlía* og í kvöld er ég boðin í middag til Helgu og Stefáns með Ingibjörgu, Inger Löchte og Birni Blöndal² með frú. Þau Helga og Stefán eru mér frábærlega góð; ef ég ekki kem er hringt til mín og mér sendar gjafir. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Khöfn. 6.6.1959.

Er með hugann heima og lýsir landinu. Komin aftur úr ferð eitthvað suður í Evrópu.

-- Hér er dásamlegt að vera í þessu sérkennilega ítalska umhverfi, þó auðvitað danska sé málið sem hljómar mest kringum mann en þeir kunna að njóta lífsins, eins og maður sjálfur. Við meira að segja sungum. *Det er et yndigt land* og hrópuðum húrra fyrir Danmörku í gærkvöldi, því þá var *grundlovsdagen*. Við göngum í fylkingu á götunni og skoðum bæinn; er alveg kostulegt að sjá hverju fólkið er spenntast fyrir. Við Ingibjörg skoðum skó, Norðmenn skoða skartgrip, en Danirnir kjötbúðirnar. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Lugano, 8.6.1959.

Biður hann um að sinna syni og tengdadóttur Zontakonunnar Astri Richards, sem koma til Íslands, leiðbeina þeim og líka skipta fyrir þau peningum.

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsdóttur Bergström. Rvík, 11.8.1959.

Skrifar mágkonu sinni og þakkar móttökur í Helsingborg. Sagðist hafa reynt eftir heimkonuna að lenda ekki í miklu annríki, fannst hafa losnað um ræturnar í utanförinni.

-- En nú er ég komin, hress og glöð og þekki sjálfa mig, hef gaman af vinnunni. Þó ætla ég að láta vinnuna ekki vaxa mér yfir höfuð, ég er ekki eins þolin, enda þarf ég þess ekki, þegar ég á fullorðna syni sem vinna fyrir sér. Páll að vísu ekki nema tíma og tíma, en lokaprófið er framundan og þessi námstími fer nú að stytast, ef allt gengur vel, sem maður vonar.

-- oft hugsa ég til þess hvað við höfðum það skemmtilegt hjá Helgu.³ Hún var svo hlý, yndislega gestrisins, kát og glöð, án þess að vera yfirborðsmanneskja. Hún hefur sannarlega góða hæfileika í sinni stöðu --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 14.8.1959.

Hlakkar til að sjá bróður sinn áður en langt um líður. Lýsir lífinu í húsinu og hvernig hún reynir að koma því svo fyrir að móðir hennar sé ekki ein á neðri hæðinni. Hún sé vel hress þrátt fyrir háan aldur. Sjálfri leið henni ekki vel þegar hún kom heim úr fríinu, en líður nú betur og ætlar að hlífa sjálfri sér.

Helgi hafði spurt hvað hann gæti komið með heim, og fer yfir það. Sérstaklega þurfi Jóna fóstursystir þeirra á tösku að halda.

¹ Fékk Rannveig Þorsteinsdóttir hæstaréttarlögmansréttindi fyst kvemma, 11.4.1959.

² Inger Löchte, listmálari ekkja Gunnlaugs Blöndal. Björn Blöndal, sonur Gunnlaugs.

³ Helgu Ólafs, sendiherrafrú, æskuvinkonu hennar.

-- Það besta sem mér dettur í hug er að þú gætir fært mömmu er kjóll -- bara til að nota hversdags. Henni finnst alltaf óþarfi að fá nýjan kjól, svo við Dídí höfum algerlega klætt hana þessi síðustu ár og vildum við sannarlega gera það en það kostar alltaf dálítið ergelsi. Mamma sér ekki svo vel þó kjólarnir verði slitnir og ljóti, en okkur leiðist að hún sé illa klædd, en þegar kjóllinn er kominn þá fer hún að nota hann, þá gleymist hitt, og þegar hann er orðinn nokkurra vikna, þá er það besti kjóllinn sem hún hefur eignast.

Ég veit að Jóna er búin að fara um allt til að fá sér rauða tösku, í sama lit og skó sem hún fékk keypta hjá vinkonu sinni Jóna er elskuleg og þakklát fyrir allt sem gert er fyrir hana og hún á gott skilið og það er gaman að gleðja hana.

Annað finnst mér ekki þú þurfir að hugsa um að koma með; þú ert alltaf að gera eitthvað fyrir mig og ég beinlínis vil ekki að þú gerir neitt fyrir mig. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að þiggja af öðrum. Eitt vil ég segja: Ekki finnst mér þú ættir að færa börnum Hildu neitt; ég hef slæma reynslu af að gera þeim greiða, og mér finnst þau alls ekki þakklát fyrir það sem maður gerir þeim til þægðar. Ég hef haft mikil leiðindi af viðskiptum við Pál.

Get ég ekki annað en borið saman að hafa Jónu sem leigjanda, eða Pál Línadal. Ég get ekki sagt annað en að ég hafi haft mikil leiðindi af viðskiptum við hann, en meira segi ég ekki í bréfi, en kannski segi ég þér það þegar ég hitti þig.

Svo er fylliríð á Theodór alveg hræðilegt, gæti ég trúað að þetta langa sumarfrí hjá honum væri ekki til þess að gera hann reglusamari. Það er fátæklegt í lögfræðingastéttinni að dubba svona mann upp í prófessorsembætti. Þetta segi ég þér, þó maður minnst ekki á það út á við.

Ekki get ég heldur sagt að þau Línadalssystkinin sýni mömmu mikla ræktarsemi, nema helst Siggi, enda hefur mamma verið honum góð, látið hann velja sér allar verðmætustu bækurnar úr bókaskápnum hennar. Theodór notar sumarfríð vel til að fá sér í staupinu, eins og vant er. Hilda er held ég alveg hætt að hafa ánægju af að fara út, þó hún sé eitthvað boðin, vegna þess að hún veit þá ekki hvernig hún kann að sækja að honum þegar heim kemur. --

Segir frá Geir Stefánssyni sem fótbrotnaði, í göngugíbsi, órólegur að komast ekki norður í síldarbrask; Birnu Hjaltsted og dætrunum.

-- hafði gíbsið verið tekið og þá fór Geir strax norður. Anna hefur verið í síldinni, orðin stór og nokkuð snotur, en Birna hefur feikna áhyggjur af henni vegna þess að hún er alltaf á böllum. -- Sirrí syngur á hverju kvöldu, stundum á tveim stöðum, skreppur kannski upp í Kjós og kemur svo aftur í bæinn og syngur einhvers staðar. Hún er trúlofuð Magnúsi Skúlasyni (Halldórssonar *gorgs*) og er hann eins konar *impresario* fyrir hana. Hún leggur upp stóra peninga, því þetta er vel borgað. Kærastinn er á fyrsta ári í læknisfræði, svo hann á langt í land, En ekki skal ég segja hvað lengi Sirrí hefur aðdráttarafl með sönglistina --

Veistu að Helgi Guðmundsson er skilinn við konuna, hefur hann verið að reyna að selja húsið sitt, heldur því svo dýru að ríkið guggnaði á að kaupa það sem biskupsbústað. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 27.8.1959.

Segir frá alvarlegum veikindum mömmu sinnar, greiningu Páls á sjúkdómnum, framhaldi hans, hvernig allir, læknar, Zontakonur, aðrir vinir og ættingjar hjálpuðu til að koma henni til heilsu á ný. Einnig frá boðsferð sinni að Skálholti með Stefán Jóhann og Helgu, Jón Steffensen prófessor og Kristínu konu hans, systur Helgu. Páll og Eggert óku. Var ferðin gerð til að skoða gluggana hennar Nínu Tryggvadóttur í nýrri Skálholtskirkju.

Eggert Ásgeirss. skrifar Helga P. Briem. Rvík, 17.11.1959.

Segir frá heimilinu í Tjarnargötu, móðir hans hefur ekki náð sér fyllilega eftir slys sem hún varð fyrir í Khöfn þegar 'meður hjólaði á hana, mamma hennar verður stöðugt þyngri baggi og erfitt við Guðrúnu gömlu, heimilshjálpinu, að eiga a maður.

Sjálfur fékk hann Fulbrightstyrk til náms í B.N.A. í heilbrigðisfræðslu.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 13.12.1959.

Álfheiður er hætt að treysta sér út fyrir hússins dyr, en líður annars vel Segir líka frá Steinunni ekkju Vilhjálms Briem, sem dó 1. júní. Einnig frá slæmri heilsu Unnar dóttur þeirra, sem ekki polir lengur að

stunda kennslu vegna fótaveiki, en stundar listið heima. Steinunn¹ dóttir Gunnlaugar og Bjarna er í tónlistarskóla í Prag að læra fiðluleik og þykir mjög efnileg. Segir einnig frá því að Eggert Ólafur hafi fengið Fullbright-styrk til Ameríkuferðar til að mennta sig í sínu fagi.

-- Annars get ég trúað þér fyrir að Eggert er með ljómandi geðugri og elskulegri stúlku og býst kannske við að gifta sig í vetur eða vor. Stúlkan heitir Sigríður Dagbjartsdóttir, er 22 ára, hefur stúdentsmenntun og vinnur nú sem flugfreyja. --

Segir frá henni, ætt og uppruna.

-- Ég þekki Sigríði ekki mikið, vegna þess að Eggert býr uppi á Bergstaðastræti, en þó hefur hún komið hingað og lýst mér vel á hana, er hún glaðleg og gæðaleg. -- Þú ert fyrsti maðurinn sem ég segi þessar fréttir af Eggert, er það trúnaðarmál. Hann langar til að klófesta íbúð, vegna þess að hann getur fengið lán hjá Byggingarfélagi bæjarstarfsmanna, sem hann gekk í strax þegar hann fór að vinna hjá borgarlækni, svo væntanlega myndi hann selja bílinn sinn áður en hann færi til Ameríku. -- ég vona að honum takist þetta þrátt fyrir hátt verðlag á byggingum. --

Þá segir hún frá því að Sigríður verði erlendis um jólin. Fréttir af frændsystkinum m.a. að Sigurður Línadal hafi fengið fulltrúastöðu hjá borgardómara, en stefnir að því að fara til útlanda til að læra meira.

-- En það er öruggt mál að hann er samviskusamur og reglusamur, auk þess sem hann er bráðskarpur og vel að sér. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 15.12.1959.

-- Ég var að segja þér um Eggert og stúlkuna hans, hana Sirrí. Hún vinnur sem flugfreyja og vegna starfanna verður hún auðvitað að gera eins og fyrir er mælt. Síðustu fyrirmælin eru þau að hún fer héðan á Þorláksmessumorgun til Khafnar og Hamborgar; þangað kemur hún um kvöldið sama dag og þaðan aftur þ. 28. des. Á flugvélinni er áhöfnin norsk, enginn Íslendingur nema tvær flugfreyjur. Hélt Sirrí kannske að þær gætu verið eitthvað saman og gert eitthvað til þess að bæta sér upp að vera fjarri ættingjum og vinum, en Sirrí þekkir engan í Hamborg. Hins vegar þekkir Ása Jónsdóttir (Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi) Svavar móðurbróður sinn sem nú er búsettur í Hamborg -- eins og þú sjálfsagt veist.

Nú er erindið, sem ég á nú hálf bágð með að stynja upp, þar sem það er hroðalega mikill átroðningur á þitt heimili. Væri nokkur möguleiki til þess að Sirrí fengi að heimsækja ykkur og vera á ykkar heimili á jólnunum? Okkur finnst svo óskaplegt að vita af henni í Hamborg, einmana og yfirgefna, einmitt þessa yndislegu hátíðisdaga. --

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 15.12.1959.

Segir fréttir af frændfólki og vinum á Seltjarnarnesi, m.a. áttæðisafmæli Kristins Brynjólfssonar frá Engy, sem var bóndi í Ráðagerði, ekill Önnu Guðmundsdóttur frá Nesi.

-- Hann varð áttæður í okt. og var mjög margt gesta hjá honum, enda var Guðrún² systir hans alltaf að tala um að hann væri *pópúler*, hún öfundaði hann af því. Manni er svo frábærlega velt ekið í Ráðagerði, enda gaman að koma þangað, þó ég geri það alltof sjaldan. -- Kristinn var fjörugur og frískur í afmælinu en lasnaðist seinna --

Segir líka frá fóstursystrum Ásgeirs, Eygló og Unni. Einnig frá heimsókn Helgu Ólafs og Stefáns Jóhanns (sjá fyrr). Þá hrósar hún Guðrúnu fyrir hvað hún fylgist vel með öllu á Íslandi. Bætir við einlægum þakkarorðum fyrir hve mjög hún hafði reynst sér vel. Hún ber hana saman við Lóu systur hennar, sem henni finnst vara afbrýðissöm gagnvart henni.

-- Mér finnst Lóa eiga bágð að þessu leyti, meira að segja mjög bágð. Það er ekki gaman að særa aðra, heldur ekki skemmtilegt að verða fyrir ranglæti af öðrum -- Þú getur verið viss um það, elsku Gunna mín, að fjölskyldunni þinni þykir mikið til þín koma og er svo óumræðilega hlýtt til þín⁴ --

¹ Steinunn (1940) varð seinna myndistarkona g. Vasulka.

² Guðrún Brynjólfsdóttir, kona Þorsteins Þorsteinssonar skipstjóra frá Bakkabúð, sem kenndur var seinna við Þórshamar v. Templarasund.

³ Segja má að Guðrún Guðmundsdóttir Bergström hafi aldrei fest rætur í Svíþjóð.

⁴ Þeim systur var sundurorða og áttu ekki samleið upp frá því. Frændfólkið hefur grufað í hver ástæðan geti hafa verið. Kannski kemur það í ljós síðar.

Friede P. Briem skrifar Doris Briem. Rvík, 15.12.1959.

-- Ég skrifaði Helga þetta í mesta hasti, þegar allt var að hrynja í rúst fyrir Sirrí. -- Eggert og Sirrí eru búin að þekkja frá því í vetur sem leið, hafa verið mikið saman og hafa ráðgert að gifta sig í vor.--

Segir mikið af Ceciliu Helgason og búskap hennar í Borgarfirði.

-- Ég er viss um að þú hefðir gaman af að hitta hana, sjá og heyra viðhorf hennar til lífsins.--

Þá segir hún frá Inger, konu Páls biskupssonar Helgason og kennslu hennar við Iðnskólann í Hafnarfirði.

-- Nemendurnir eru frá 17 til 25 ára; leggja alls konar spurningar fyrir hana eins og hvort hún sé Baunverji, sem er heldur niðrandi fyrir Dani. Já hún segist vera Baunverji og maðurinn hennar sé hálfur Baunverji; svo það væri þá gott að láta þá reikna út hvað börnin hennar væru. Einn daginn voru allir strákar með strokleður uppi í sér, var það gert til að ná hinum rétta danska framburði. --

Palli er með alskegg, hvað finnst þér? Krakkarnir eru farnir að kalla í hann á götunni og segja: *Sjá þig ljóti karl*. Samt rakar hann ekki skeggið af sér. --

Það er gaman að vera allt í einu að eignast tengdadóttur og ekkert er eins dásamlegt og að sjá börnin sín hamingjusöm, en það vona ég að guð gefi að þau verði. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Helga P. Briem. Rvík, 22.12.1959.

-- Þakka ég þér líka fyrir að hafa boðið Sirrí að koma til þín og dveljast hjá ykkur um jólin. Mér létti sannarlega þegar þetta varð úr -- Sirrí varð líka ákaflega glöð, þó auðvitað sé hún dálítið feimin við ykkur -- svona fyrst.

En ég vildi sannarlega að þeim Álfheiði yrði vel til vana, bæði álit ég það mikinn feng fyrir Sirrí að kynnst jafn skemmtilegri stúlku og Álfheiður Sylvía er og auk þess er gott fyrir Álfheiði að kynnst henni ef hún að auki ætlar sér að dveljast hér á næstu árum.

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Rvík, jólin 1959.

-- Ástin mín! Ég vona að þegar þú lest þetta sértu ljómandi af jólagleði að vísu niðurdregin, þar sem við erum aðskilin á okkar fyrstu jolum. En reyndu að njóta líðandi stundar.

Það verður sannarlega gaman að sjá þig aftur. -- Þakinn sem fylgir er fátæklegur; þú átt miklu betra skilið. En þetta er mitt besta afsprengi mánaðarlangra vangaveltna. Hringurinn er með ekta safirsteini, eftir því sem sérfræðingar segja mér. Kannski má lagfæra það sem úr honum hefur kvarnast með því að slípa hann upp. Hálsbandið er líka kínverskt úr beinperlum. Bókin er íslensk, skrifuð á antíkmáli.¹

Hugsaðu til mín hvenær sem þú mátt vera að. Hugsaðu til mín í nótt. Ég vaki og hugsa til eina gimsteinsins sem ég á. Ég er þinn ávallt heittelskandi. --

¹ Hringurinn og hálskeðjan voru keypt á frægri kínverskri sýningu sem haldin var í Góðtemplarahúsinu 1959.

1960

Eggert Ásgeirsson skrifar Helga P. Briem. Rvík, 10.1.1960.

Með þessu bréfi hefjast mikil og löng bréfaskipti við Helga um kaup, innréttingu, sameiningu tveggja íbúða og ýmis fyrirgreiðsla vegna búferlaflutnings Helga til Íslands sem urðu ári seinna. Þá flutti Helgi ýmsar byggingarvörur inn vegna íbúðarinnar og annaðist ég móttöku þeirra og tollamál. Þá bættust við bréfaskrif vegna eftirrekstrar þegar framkvæmdir gengu illa.

Var Helgi óánægður með stjórn Byggingarsamvinnufélags prentara, formann þess sem stóð fyrir framkvæmdum og húsfélag sem sett var á stofn (og hann síðar tók við formennsku í). Út af þessu hófst nokkur ágreiningur, sem ég blandaðist í, án þess að vera nema að takmörkuðu leyti sammála Helga. Skoðanaskiptin sem koma fram í mörgum bréfum og símtölum verða ekki rakin.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 12.2.1960.

-- Eggert og Sirrí eru í óða önn að undirbúa heimilisstofnun, því þau ætla að gifta sig 27. febrúar, eða eftir hálfan mánuð. Hún vinnur enn sem flugfreyja og ætlar að halda áfram eftir giftinguna.. Eggert er í byggingarvinnu í öllum frístundum í Sólheimum 23 þar sem hann hefur fest sér íbúð, ekki veitir af að halda á spöðunum. Annars koma þau til með að búa á Bergstaðastræti því húsið er ekki nærri tilbúið, þó það geti heitið fokhelt.

Hjónavísingun verður heima hjá Sirrí á Bjarkargötu 6, en síðan komum við heim og borðum. -- Ekki býst ég við að gestirnir verði nema allra nánasta fjölskyldan, kannske 30 manns --

Lóa Vennerström skrifar Eggert Ásgeirssyni. Glänne. 28.2.1960.

-- Heilsa þú þinni ágætu konu - býst við að hún sé ágæt og huggaðu hana með það séu ekki svo margir í ættinni sem eru jafn fíflsleg og ég.

Ég man eftir þabba þínum þegar hann var hjá mér 1924 og við töluðum saman um hitt og annað og hann sagði vera „*eiginlega hissa að ég væri ekki verri*“. Hann var svo ungur þegar ég fór að heiman, og hafði heyrt „*að ég væri ekki með öllum mjalla*“! Út af nokkru sérstöku, spurði ég hann hálfhissa þó. „*Jú fólk hafði séð mig í rjúkandi norðangarði ganga gegnum bæinn í Regnkápu með sjóhatt!*“ Þetta var satt þó lygilegt væri.

Ólavía Hansen, þá Þórðardóttir, frá Ráðagerði, og ég fórum á skólaball - laugardagskvöld - og var illviðrisrigning um daginn og bjuggum við hjá Önnu systur um nóttina.¹ Við vorum útbúnar í sjóhatta og regnkápur. En daginn eftir hafði rokið upp rjúkandi norðanveður, kalt og ekki beint regnkápu- eða sjóhattsveður. Hvað var hægt að gera? Engin önnur föt og ekki bílar þá fyrir utan hvern skúr - en vel man ég eftir þeirri göngu frá Frakkastígnum gegnum bæinn og ekki neinn yfirgnæfandi húmor hjá manni á þessum aldri - kannski ekki nein *Golgataganga*, en eitthvað í þá átt. -- *Lycka till.*

Sigríður Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. skrifa Helga P. Briem. Rvík, 29.2.1960.

-- Hjartanlega þökkum við ykkur ágæta gjöf og hamingjuóskir á brúðkaupsdaginn (27.2.) -- Einnig alla góðvild ykkar. -- Það er leiðinlegt að þið skulið ekki geta verið með okkur á stórhátíðum eins og þessari. Brúðkaupið var bæði hátíðlegt og skemmtilegt, enda gerðu aðstandendur okkar allt til að svo mætti verða. Tengdamæðurnar stjórnuðu með rausn og myndugleika athöfn og veislu og frændurnir lögðu sitt til að geta verið viðstaddir og taka þátt í öllu með okkur. --

Þú ert líklega farinn að undrast um bækurnar sem þú baðst mig um. Þær eru á leiðinni. Mér gekk illa að ná í Ísold í fyrstu útgáfu. Kjálnessingasaga er að koma úr heftingu.

Eggert Ásgeirsson skrifar Helgu Ólafs og Stefáni Jóhanni Stefánssyni. Rvík, 1.2.1960.

Þakkar fyrir góðar óskir og bakka sem þau gáfu ungu hjónum.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 6.3.1960.

-- Ég var klökk og snortin yfir öllu því góða sem ungu hjónin urðu aðnjótandi í sambandi við giftinguna, allri vinsemd og höfðingsskap frá vinum og ættingjum. --

¹ Hún bjó á Frakkastíg, neðst, nærri sjónum.

² Eftir Kristmann Guðmundsson.

Séra Bjarni gifti þau heima hjá Sirrí, hafði verið komið fyrir stólum og brúðarskameli, kertum og blómum sem í kirkju væri. Frú Áslaug kona séra Bjarna spilaði brúðarmars þegar brúðirinn gekk inn með sínum svaramanni¹ og síðan var sungið *Heyr börn þín guð faðir* eftir afa. Talaði séra Bjarni fállega til brúðhjónanna áður en hann las sjálft ritúalið og blessaði þau. Síðan var sungið: *Hve gott og fagurt og indælt er*² og þessari dásamlegu athöfn var lokið. Mamma blessunin var hress og kát, skálaði í kampavíni og sagðist vona að *strákurinn reyndist vel*. Hún var hreinasta perla þetta kvöld og fór ekki að háttu fyrr en kl. tvö og var þá með rósrauðar kinnar eftir hófið.

Ég lagði á borð í gegnum báðar stofurnar, setti borðstofuborðið hvert fyrir hin borðin og þar sátu auðvitað brúðhjónin, en við endana tengdamæðurnar með sína borðherra, prestinn og svaramann brúðarinnar, en Palli var svaramaður Eggerts.

Theodór og sr. Bjarni héldu ræður undir borðum, báðar mjög skemmtilegar og myndnar og hjálpaði það allt til að gera stemmninguna léttu og skemmtilega.³ Var síðan drukkið kaffi uppi á lofti, meðan borð voru rudd og stofunum komið í lag. Það var sungið og spjallað og setið í góðu yfirlæti fram til kl. þrjú. Enginn hefur getað verið ánægðari en ég yfir því að allt gekk vel og að allir skyldu vera frískir - og á ég þá ekki síst við mömmu.

Nú er fríð hjá Sirrí að verða búíð, byrjar hún líklega að fljúga aftur einhvern daginn, en í morgun var hún á vellinum⁴ að taka á móti flugvél en þurfti ekki að vinna nema til 11.--

Heimilið þeirra er skemmtilegt og notalegt, enda hafa þau fengið margt fallett í brúðargjöf; t.d. gaf mamma hennar Sirríar þeim tvö Kjarvalsmálverk, sem hún tók ofan af vegg heima hjá sér; Palli gaf þeim stytta eftir Ásmund Sveinsson og margt fleira fengu þau til skrauts og nytsemdar. --

Það hafa verið feikna annir á skrifstofunni í vetur, þess vegna sitja bréfaskriftir á hakanum og auðvitað ýmislegt fleira --

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík. 7.4.1960.

-- Ég ætlaði að skrifa þér strax eftir giftingu Eggerts, ég var svo hrifin af gjöfinni frá ykkur til ungu hjónanna, það er ekki verið að draga hlutina; góðu óskirnar; hlýhugurinn og höfðingsskapur ykkar verður aldrei fullpakkaður. Ég var boðin til þeirra rétt eftir að þau giftu sig og farið frá ykkur setti beinlínis svip á boðið hjá þeim. Þakka ég ykkur gæðin við ungu hjónin -- Ég var svo lánsöm að allir voru frískir þegar þau giftu sig og mamma gat verið með. Hjónavígslan var heima hjá Sirrí kl. 6 og mamma gat farið þangað; síðan komum við hingað heim og borðuðum, lagði ég á borð í báðum stofunum og sátum við 28 við borðið. Maður er klökkur og glaður svona dag, maður hugsar til horfinna vina og nýtur þess sem maður á. Það er dásamlegt. Og að sjá börnin sín hamingjusöm. Mikið á maður gott að fá að njóta svona mikils.

Eggert og Sirrí eiga fallett og notalegt heimili; þau búa á miðhæðinni á Berg. 69 í þremur herbergjum, því eitt leigja þau út. Annars er Sirrí í fullu starfi sem flugfreyja, hún fékk tveggja vikna frí þegar hún gifti sig, en byrjaði svo aftur. Mér finnst það dálítið erfitt fyrir hana, því þetta er krefjandi starf, en hún er dugleg og af því að þau eru búin að festa sér íbúð veitir þeim ekki af, eins og dýrtíðin hérna er mikil. Þau fengu margt fallett í brúðargjöf, langar til að ná í kunningja og ættingja, en tíminn er slitróttur með svona vinnu. --

Segir af Álfheiði móður sinni; einnig taugastríð hennar sjálfra að þurfa að segja aldraðri húsjálp sinni upp er hún hafði fengið finnska stúlku til sín í vist. Þegar allt var að virtist komið í lag hringdi stúlkan og sagði húsbónda sinn hafa brugðist illa við. Lét hún það gott heita, en lenti í mestu vandræðum vegna þess, því hún hafði mikið að gera.

-- sagði húsbóndinn, sem hafði vístráðið hana, myndi senda sig til Finnlands ef hún ætlaði að fara. Ég spurði hana ekkert hvar hún væri, vissi ekki að hún væri ekki laus og liðug. Húsbóndi hennar er Sigurgeri Jónsson⁵ bæjarfógeti í Kópavogi og var stúlkuauminginn dauðhrædd -- Ég lét það gott heita. --

*Þá segir frá veikindum Ólafar Nordal, sem hafði eins og oft áður átt í veikindabasli. Var sjúkdómurinn greindur sem magasár.*⁶

¹ Halldóri Jónatanssyni, mági hennar.

² Þýðing Helga Hálfðánarsonar á sálmi danska sálmaskáldsins Gruntvig.

³ Séra Bjarni vissi að ég starfaði við heilbrigðismál: *Stundaðu ekki heilbrigðiseftirlit heima hjá þér.*

⁴ Reykjavíkflugvöllur.

⁵ Sigurgeir Jónsson (1921-2005) g. Hrafnhildi Kjartansdóttur Thors.

⁶ Þá var magasár alvarlegur og torlækanlegur sjúkdómur. Löngu síðar kom í ljós að sjúkdómurinn var af sýklavöldum sem er fúkalýf ráða við.

Listamannaklúbburinn hafði fund í Nausti í gærkvöldi og var Olav Kielland hljómsveitarstjóra boðið þangað til að ræða símfónuhljómsveitina og ýmislegt fleira interessant. En áður en nokkur vissi var komið út í umræður um norskuna og einn hljómlistarmaðurinn sagði að norskan minnti sig helst á þegar Íslendingar færu að reyna að tala dönsku. Þetta sárnaði Kielland svo að hann gaf viðkomandi einn rokna kinnhest svo söng í; hefðu þarna orðið ryskingar miklar, ef ekki hefði tekist að koma hljómlistarmanninum út, sem kinnhestinn fékk, og reyna svo af fremsta megni að blíðka heiðursgestinn Olav Kielland. Hvernig það tókst skal ég ekki um segja og heldur ekki hvernig honum tekst að stjórna heilli sveit hljómlistarmanna, sem allir taka upp þykkjuna fyrir hinn barða kollega -- Þú sérð að ég er uppfull af gróusögum og er gott að gengið sé á pappírinn svo eitthvað verði eftir af mannorði Reykvíkinga!¹ --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásg. K.N.A. hotellet, Stavanger. 27.4.1960.

-- Hér hafa legið inni tvær áhafnir síðan á mánudag og fara á miðvikudag, en þá kemur önnur, svo selskapið hefur verið nóg.² Fyrsti dagurinn fór mest í svefn og hvíld. Seint um kvöldið kom hin áhöfnin, tvær íslenskar þernur og norsarar. Þernurnar voru Helga Sigurbjarnardóttir og Ása Jónsdóttir. Með þeim sem farþegi kom Magnús Þórðarson og borðuðum við öll saman. Magnús var fullur og gerði ekki annað en að segja fylliríssögur og þ.h. allan tímann. Að mér skildist var hann á leiðinni á stúdentamót í Þýskalandi en ætlaði að koma við í Osló og Svíþjóð. Hér er ágætis verður, sól og sumar. -- Við Guðrún Þorsteinsdóttir, hin þernan, höfum ekki gert neitt frumlegt, enda er hún ómöguleg, að því leyti. Hún á best heima í búðunum. Samt er ég búin að plata hana með mér í leikhús --. Ég er búin að sníða kjólinn minn og er að byrja að þræða hann saman. *Ljós heimsins* er ég búin að lesa og einnig *79 af stöðinni*, svo nú er Kristmann næstur.

Ég er ein í herbergi, meðal annars af því að ég treysti mér ekki til að hlusta á búðarasið í henni Guðrúnu. Ég var búin að fá nóg, þegar hún var að spyrja mig spjörunum út á útleiðinni um öll smáatriði, sem við hefðum keypt okkur til búðsins, en hún var alltaf sjálf búin að kaupa sér eitthvað miklu fallegra og betra.

Ég get ekki stillt mig um að segja þér frá hárgreiðslunni sem ég fékk hér. Hárið á mér var orðið svo skítugt, að til vandræða horfði, ef ekki væri gripið til róttækra aðgerða. Ég gekk því lengi um bæinn, þveran og endilangan í leit að *damefrisör*. Lengi vel virtist sem svona nokkuð fyrirfyndist ekki í bænum. Þegar ég var að því komin að gefa þetta upp á bátinn, þá varð mér litið upp í gluggakistu á þriðju hæð. Og viti menn! Þar var skilti sem á stóð: *Damefrisör*. Og mynd af ljómandi fagurri hárgreiðslu. Ég þóttist hafa himin höndum tekið og rambaði um, eftir mörgum löngum göngum og mjóum stigum á réttar dyr. Ég var sannfærð um að ekki myndi margir kunnar rata þangað, enda staðfesti undrunarsvipur hárgreiðslukonunnar það. Það fyrsta sem hún spurði mig, með aðdáunarhreim, hvernig ég hefði ratað þetta. Ég bar upp erindið, og var meira að segja svo heppin á fá tíma strax! Ekki fannst mér ég hafa verið alveg eins heppin, þegar ég kom lengra inn og leit í kringum mig.

Hárgreiðsludömunarnar voru þrjár. Sú sem ég lenti á var um fimmtugt, en hinar tvær varla undir sjötugu. Sossu álíka geðugar og greindarlegar og Guðrún í Tjarnó. Stofan var tóm, fyrir utan eina maddömu. Brátt fóru kunnarnir að tínast inn, og ekki batnaði það þá. Ekki ein einasta þeirra hefði átt heima annars staðar en á elliheimili. Áhöldin sem eingöngu virtust vera notuð, voru krullujárn, sem lágu á víð og dreif um stofuna. Ég herti upp hugann og spurði, meira í gamni en alvöru, hvort þær ættu nokkrar rúllur. Þær litu, tómar í andlitinu, hver á aðra, þar til ein Guðrúnin rankaði við sér, hentist að gríðarstórum pappakassa, úti í horni, og dró upp poka með *krullupinum*.

Þegar hér var komið ákvað ég að slá þessu upp í kæruleysi og þóttist verða ógurlega glöð yfir sýninni.

Ég ætla ekki að fjölyrða um viðureignina með krullupinnana eða úrgreiðsluna. Meiri skemmtun, jafnframt þínu, hef ég sjaldan lent í. Ég þarf ekki að taka fram hvað ég hef verið að gera síðan.

Á föstudag förum við til Hamborgar og komum þaðan heim á laugardag, ef allt gengur vel. -- Bið að heilsa tengdamömmu, tengdaömmu, Dídí og Palla og fólkinu mínu --

Ástarkveðjur. Ég elska þig. Þín --

¹ Hér skal bætt við Gróusögu. Þá gekk sú saga að Björn R. Einarsson, sá vinsæli básúnuleikari og Kielland hefðu lent í handalögmálum. Leyfi ég mér að tengja þessar sögur saman.

² Viðhald flugvéla Loffleiða fór fram í Stavanger og þurftu áhafnir oft að standa lengi við.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík. 7.5.1960.

Segir frístundirnar fara í að undibúa Norðurlandamót Zonta, og er hún formaður nefndarinnar. Er það erfitt því margir keppast um aðstöðuna, enda var krónan felld, sem leiðir kannski til þess að svarti gjaldeyrismarkaðurinn hverfur. Lögfræðingar pöntuðu öll pláss á Gullfossi, báðar leiðar.

Eggert Ásgeirsson skrifar mrs. Mildred Allport. 15.7.1960.

Með þessu bréfi hefjast bréfaskipti við sendiráð Bandaríkjamanna, síðar Fullbrightstofnunina og American Council on Education vegna umsóknar um námsferð til Bandaríkjanna. Endaði það með ferð frá októberbyrjun til nóvemberloka 1961. Sjá síðar.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 26.8.1960.

Þetta er peningauppgjörbréf. Palli er í héraðslæknisstörfum á Blönduósi. Ferðin suður gekk skrykkjótt, tvísprakk (í Fornahvammi og Hafnaskógi) en bjargaðist þegar annar volkswageneigandi kom og lánaði dekk. Hafði svo samfylgd í bæinn.

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almqvist. Rvík, 26.8.1960.

Erum að undirbúa brúðkaupsferð.

Segir fréttir af ferðinni til Palla. Er við vorum þar hittum við hann lítt þótt við byggjum í íbúð hans en urðum að sofa

--annað á sólbekk og hitt á gólfinu, því engin húsgögn voru þar utan einn brotinn stóll sem við þorðum ekki að setjast í. Okkur leið samt ágætlega, miklu betur en í Bifröst nóttina áður. Þar fékk ég til umráða rúm, sem líktist mest rúmunum í gömlu baðstofunum sem líktust prjónastokkum; svo það stóð ýmist út úr höfuðið og fæturnir. Ég velti fyrir mér alla nóttina, hvort væri betra. Það var samt ekki verst, rúmið hallaðist, svo það blandaðist í hugsanaganginn hvort væri betra hræðsla við að detta út úr rúminu. -- Því þótti mér gott að sofa á gólfinu á Blönduósi. -- Annars var ekki von á miklu hjá læknum, öll húsgögnin voru í hinu herberginu. Læknirinn heitir Páll. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík. 2.9.1960.

Þórdís var á ferðalagi í Bretlandi.

-- Ég er boðin að borða hjá Auði Auðuns -- það er auðséð að hún er frjársari núna en á meðan hún hafði eiginmanninn heima, því hún virðist eftir öllum sólarmerkjum vera gestrisin, ef hún fengi sjálf að ráða. -- Steinunn Briem hringdi til mín og bauð mér að hlusta á konsertinn hjá henni, sem hún hefur ákveðið að halda í haust. Fer ég á sunnudagseftirmiðdag þangað og ætla að reyna að drífa mömmu með mér --

Kristmann¹ getur skáldað, þó Steinunn æfi sig af krafti við hliðina á honum. Hann les allt inn á segulband og síðan er allt vélritað. En Kristmann sýnist geta heillað fólk, að minnst kost er fjölskyldan mjög hrifin af honum. Það er kannski gott, en hins vegar hálf barnalegt að gleypa svona við þessum manni gersamlega krítiklaust, þrátt fyrir hans undarlegu fortíð. Eggert tekur allt í skeiðatali sem Kristmann ber á borð fyrir þau, og hefur eftir honum vísdóminn, rétt eins og barn sem er að byrja að læra að tala og hermir eftir þeim fullorðnu. Mér þykir bara nóg um -- þetta mundi ég ekki segja við aðra en þá sem nauðþekkja þetta og skilja fyrirbrigðið. --

Friede P. Briem skrifar Þórdís Briem. Rvík. 9.9.1960.

-- Ég var í fyrrakvöld hjá Steinunni og Kristmanni. Spilaði hún fyrir mig allt sem hún kemur til með að spila á konsertinum og fannst mér hún spila margt mjög vel; finnst mér hún beinlínis hafa breyst, meiri innileiki og betri innlifun. Ég held ég fari nú að hætta að gera gys að Eggert, því mér finnst Kristmann mjög þægilegur að vera nálægt og hann passa undarlega vel í umhverfið. Þar er búið að breyta ýmsu til batnaðar -- Hann hefur leigt herbergi hinum megin við götunar og þar hefur hann skrifborðið sitt og eitthvað af húsgögnum sem þau hafa keypt sér. --

Okkur líður ágætlega, ég er svo heppin að það er feiknamikil fjölritun, eins og þú veist, fyrir skólana, og þá er enginn samlestur og allt í lagi að vera einn, svo þú skalt alveg vera róleg mín vegna, ef þér skyldi detta í hug að vera lengur --

Segir frá áhuga sínum á rafmagnsritvél sem komin er, eins og hún sjái á bréfinu, nokkuð annað letur.

¹ Kristmann Guðmundsson (1901-83). Þau höfðu gengið í hjónaband 19.7.1960.

Eggert Ásgeirsson skrifar Pétri Guðfinnsyni. Rvík. 11.9.1960.

Þakkar heillaóskir þeirra hjóna. Sagði gaman hafa verið að heyra ferðasögu Þorvaldar Lúðvíkssonar, sem hafði heimsótt þau í Strassburg.

-- Við reiknuðum með að hann hefði drukkið bjór fyrir 2500 kr. Enda þóttist hann ekki til einskis hafa farið. Það finnst heldur ekki honum gamla Carlsberg. -- Á heimleiðinni -- í næsta nágrenni í flugvélinni sat maður ákaflega óþýðlegur og grunsamlegur. Hélt Þorvaldur maðurinn enda af bresku kyni og mælti til hans á enska tungu. -- Verður það til þess að Þorvaldur er kynntur fyrir manninum, Edvard Sigurðssyni.¹

Nú ert þetta þú, segir Þorvaldur, við höfum báðir verið á Bakkanum. Tók Edvard bakfall við þessa uppákomu. Hann er víst ekki stoltur af dreifibréfamálinu núna.² Mikið skemmti þetta Þorvaldi. Hann er ekki lengi að greiða högginn sá þokkapiltur. --

Ég heyrdi sagt að þú værir ekki stórlega hrifinn af byggingarframkvæmdum mínum. Þú hefur átt að vita hvað mér datt þitt sjónarmið oft í hug þegar ég var að leggja út á þetta forað. Aldrei jafn oft og nú. -- Ég er eins og skuldakóngarnir. Hygg gott til verkfalla og verðhækkana með haustinu!!

Ja, mikil blessuð dýrð er það nú annars að vera kominn í hjónaband og finna að biðin borgaði sig. Að vísu er maður á vergangi öðru hverju, meðan frúin er burtu að sækja björg í búið. Þrátt fyrir blánkheit hyggjum við nú á siglingu, erum víst einu hjónin í veröldinni sem siglum í sparnaðarkyni. Við viljum ekki varða af ókeypiss flugfari. -- Lengi gæddi maður sér við hugsun um að skreppa til Strassborgar. Svo fóru víxlar að falla. --

Ég heyri nú óm frá fundi hernámsandstæðinga. Ég var að vona að það færi að rigna. En hann hékk þurr. Það er einkennilegt hvað sjálfstæðismenn láta komma þrifa tækifærin úr höndum sér. Það má ekki nefna hernámsandstöðu innan Sjálfstæðisflokksins. Þá eru menn sakaðir um fylgispekt við komma. Hér virðist ekki til neinn sem ekki er annað hvort hernámsvinur eða andstæðingur. Það virðast ekki fyrirfinnast neindir á landinu sem eru á móti dvöl herliðs hér, þótt þeir telji hana eigi að síður nauðsynlega. Ef þeir eru til eru þeir bæði mállausir og sviplausir. Það má aldrei leggja fyrri skoðanir á hilluna. --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 12.9.1960.

Segir frá útvegum á gjaldeyri og ýmsu úr fjölskyldunni. Öllum líður vel nema Sigríður Skúladóttir Briem sem fékk sprautu hjá Jónasi Sveinssyni lækni, en sem fór að grafa í. Segir frá vandræðum með Guðrúnu, heimilishjálpi.

--svo kemur Eggert eins og sólargeisli með sína Sirrí, hún hefur reyndar verið í Ameríku núna en kemur í dag eða á morgun --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 20.9.1960

Þakkar honum fyrir heimsóknina, þó stutt væri og hún gæti lítið séð hann vegna Zontamótsins. Álfheiður Sylvia gladdi alla með komu sinni. Páll var líka í viku (sennilega var hann þá héraðslæknir á Blönduósi) svo mikil skemmtun var af. Segir frá kaupum sínum á rafmagnsritvél og skorti á fjölritunarpappír vegna efnahagsþrenginga.

-- Þá er Steinunn búin að halda konsertinn, fékk fullt hús og mjög góðar viðtökur. Hún kemur ljómandi fallega fram, en hún var tugaóstyrk og naut sín ekki til fulls í upphafi, en svo jafnaði hún sig og síðari hlutinn gekk vel, og gaf þrjú aukalög, sem hún spilaði ljómandi vel. Ég hafði heyrt lögin heima fyrir viku, og þá spilaði hún með öryggi og fagað og af miklu meiri innileik en áður. Ég þakkaði það Kristmanni oh hjónabandinu. Nú er Steinunn beðin að koma til Akureyrar og halda þennan sama konsert þar og var hún afskaplega glöð yfir því -- Þetta blessað listafólk er sannarlega ekki öfundvert --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 26.9.1960.

Þakkar trúnaðarbréf þar sem hann segir henni frá fyrirhuguðum breytingum á stöðu hans. fréttin, sem var trúnaðarmál birtist í blöðunum. Hringdi hún til Henriks Björnssonar ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu en hitti ekki á hana en Gígja kona hans var mjög leið yfir þessari flugufregn og Henrik væri gramur yfir henni og vissi ekki hvaðan komin væri. Myndi tilkynning send fjölmiðlunum um að breytingar væru fyrirhugaðar. Friede hafði áhyggjur ef Álfheiður Sylvia frétti þetta á skotspónum en hún var þá á Laugarvatni.

¹ Edvard Sigurðsson 1910-83. Alþingismaður Reykvíkinga og verkalýðsforingi. Ég naut vináttu hans alla tíð frá því að ég var í verkalýðsbaráttunni, línumaður hjá Rafveitunni.

² Sennilega var því öfugt farið. Auðvitað var hann stoltur af málinu, skárri væri það nú! En hér var Þorvaldur sögumaður.

-- Hvað breytinguna snertir með þitt embætti finnst mér erfitt að dæma eins og er. Ef þessi störf sem stjórnin vill fela þér eru nauðsynleg, þá sérðu það, að innan þess hóps sem starfað hefur í utanríkisþjónustunni eru ekki margir, og ég vil segja, enginn nema þú, sem færir væru til að leysa slíkt af höndum. Ef þeir gera vel við þig og láta þig hafa sömu laun og skerða í engu þín kjör, finnst mér að svona starf eigi mjög vel við þig, sem aldrei hefur haft tíma til að grúska, eins og þig hefur langað til --

Segir flutninginn skipta miklu máli fyrir Álfheiði Sylvíu. Einnig að hann geti búið í Tjarnargötu við hliðina á Álfheiði, ef hann þurfi að koma.

Eggert Ásgeirsson skrifar Fiskmatsráði. Rvík, 28.9.1960.

*Sækir um starf fiskmatsstjóra - sem hann fékk ekki - sem betur fer!*¹

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík, 12.10.1960.

Pakkar hjartanlega fyrir gjöf þeirra hjóna á sextugsafmælinu 7.10.

--Ég hugsaði til ykkar þann 5 og blessaðrar ömmu þinnar á hennar 100. fæðingardegi. Aldrei líður mér úr minni alvarlegt svipmótið, en hjartahlýjan og höfðingslundin ótæmandi. Ekkert veraldarlán er betra en að kynnst góðu fólki.

Það þyrfti enginn að kvíða því að verða sextugur, ef dæma má eftir minni reynslu af þeim degi. Allir kepptust við að gleðja mig -- Ég fékk langt og skemmtilegt bréf frá Lóu mágkonu, hún var svo ánægð með ferðalagið hingað og alla sem hún hitti; var alsæl með að líta til baka. Hún sendi mér dásamlega fallega vatnslitamynd eftir sænskan málara, Otto Klank, f. 1915 og kveðjur og hamingjuóskir frá allri fjölskyldunni. -- Ég get ekki lýst hvað ég varð glöð að handleika þetta, ég fann svo vel hvað hana Lóu hafði langað til að gleðja mig og það tókst sannarlega líka.

Gaman var hér um kvöldið, auðvitað miklu fleiri en pláss var fyrir -- sjálfri mér til mikillar ánægju.--

Eins og þið vitið auðvitað er Helgi að koma heim til þess að vinna að einhverjum ritstörfum og finnst mér þetta heppilegur tími, einmitt þegar Álfh. Sylvia er að byrja hér í háskólanum og þau geta notið þess að hafa hana hjá sér. Hún er indæl og elskulegur unglingur sem gaman er að hafa hjá sér, kát og hláturmild.

-- Ég sakna Palla, sem nú er aðstoðarlæknir á Blönduósi. Það er tómlegt eftir að hann fór og gott að fá Sylvíu í staðinn. Eggert er enn ekki farinn til Ameríku, veit ekki hvenær það verður, en hins vegar fer hann til Svíþjóðar og Danmerku á fimmtudaginn, konan hans er að hætta við flugfreyjustarfið, og fær þá góðu uppbót að loknu starfi að hún fær fría ferð með eiginmanninum, og svona tækifæri verður að nota --

Ekki vildi Ásta mágkona koma hingað á afmælinu mínu, en ég dró hana hingað á þriðjudaginn var. Það var svo gaman að hitta hana; hún fær ekki að komast upp með einhverja sérvísku við mig. Hún sagði mér að hún væri búin að bjóða mér tvisvar án þess að ég hefði komið, en ég hélt að ég væri eins og hvítur engill, syndlaus og saklaus, alveg búin að gleyma þessu. Henni leið miklu betur eftir að hún var búin að bauna þessu á mig! --

Veðrið í sumar var óviðjafnanlega gott, og þess vegna heppnaðist Zontamótið frábærlega vel, enda rignir bréfum yfir mig frá ánægðum Zontakönnum. Svo var líka þátttökan ágæt hjá okkar félagskonum, þó sumar væru löglega afsakaðar, svo sem Valgerður Tryggvadóttir,² sem ætlaði að fara að giftast Hallgrími Helgasyni. En það hefur ekki ennþá orðið og hefur maður mestu áhyggjur af að hann kunni að bregðast henni, þeirri ágætis konu en maður heyrir misjafnar sögur af honum. Ég vona þó að þær séu ekki sannar og hún giftist honum. En hún er fyrir löngu farin að dansa eftir hans pípu og held ég að því eldri sem konurnar eru í tilhugalífínu, því auðsveipari séu þær.

Ég var í feikn skemmtilegu boði hjá Stínu systur þinni og Jóni (*Steffensen*). --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 14.10.1960.

-- Í gærkveldi vorum við boðin í veislu með Kristmanni og Steinunni. Hann *sjarmeraði* mig svo, að ég sit hérna í rusli og drasli. Þetta er nú annars ljóti karlinn.

Þá er ég búin að kveðja New York að sinni og á bara eftir að fara eina ferð til Amsterdam. -- Síðan stendur til að við hjónin förum til Svíþjóðar og Khafnar þann 20. Og verðum 2-3 vikur í ferðinni. --

Eggert vinnur öll kvöld í húsinu og er íbúðin tilbúin undir málningu. Við ættum að geta flutt inn um jólin. -

¹ Þegar synjun kom hringdi Pétur Benediktsson, þá bankastjóri, sagðist hafa frétt af synjuninni, og sagði að ég gæti fengið starf í Landsbankanum. Ég þakkaði, sagðist ekki vera atvinnulaus. Pétur var mikill ágætismaður og vinsamlegur alla tíð. Sennilega var þetta þegar fréttist af yfirboðum verið tekið sem óánægja, þannig að ég fékk launahækkun.

² Valgerður Tryggvadóttir (1916-95). Hún var skrifstofustjóri Þjóðleikhússins og átti Hallgrím síðar.

³ Hallgrímur Helgason (1914-94) tónskáld.

Friede P. Briem skrifar Doris Briem. Rvík, 17.10.1960.

-- svo er nú allra besta sendingin og það er Álfheiður Sylvia. Hún er sólargeislinn á heimilinu, glöð og hláturmild, skemmtileg og notaleg. Í alla staði er hún indæl og aðlaðandi, en það sem mig furðar mest á, er hvað hún er logandi góð í íslensku. --

Svo hafði ég fleiri gesti í vikunni sem leið og endaði með því að bjóða unga fólkinu (!) í fjölskyldunni, og þá auðvitað Kristmanni líka. Það var dálítið skrítið, innan um allt þetta unga fólk, því hann er ekki beint unglegur. Nú fer hann í næstu viku út á land til þess að kynna bókmenntir í skólum; Steinunn hefur fengið yfir 20 nemendur svo hún getur tæplega tekið fleiri. Finnst mér hún mjög ánægð og vonandi veður hún hamingjusöm. Hún gaf mér í afmælisgjöf bókina sem hún hafði verið að þýða eftir Joan Grant: *Vængjaður Faraó*. Því miður finnst mér þýðingin ekki góð, enda er það varla von þar sem hún hefur verið erlendis svo lengi og málið á bókinni erfitt. -- Ég er hrædd um að hún fái ekki góðan dóm -- En Kristmanni finnst henni hafa tekist mjög vel --

Segir frá ferð Eggerts og Sirríar til útlanda.

-- Það er svo gaman að geta farið saman í ferðlaga, ekki síst þegar maður er ungur. Tækifærin bíða svo sjaldan eftir manni. -- Annars á Eggert að gera eitthvað fyrir borgarlæknisembættið í ferðinni. -- Þeir sem eru að byggja eru oftast dálítið blankir eins og gefur að skilja.

Segir frá heimilishaldinu hjá Þórhildi systur sinni sem aldrei kvartar.

-- Það fer að verða talinn sjálfsagður hlutur að móðirin vinni og amman hafi börnin, að minnst kosti þekki ég margar ömmur sem eru nú miklu bundnari en þegar þær voru sjálfar með börn. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur og Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 22.10.1960.

-- Helgi kemur á mánudag, en ekki veit ég hversu lengi hann verður. Ætlar líklega fyrst og fremst að útvega þeim húsnæði. --

Sigríður Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Á leið til Osló, 26.10.1960.

Eggert: Pykir leitt að hafa ekki getað hvatt hana. Biður hana um að svipast eftir minnisbók.

Sigríður: *Þá eigum við eftir 1½ tíma til Osló og höfum notið ferðarinnar virkilega vel. Sérstaklega var gaman að fljúga meðfram suðurströndinni í blíðskaparverðri --*

Páll Ásgeirsson skrifar Þórdísi Briem. Blönduós. 17.10.1960.

-- allt gott að fréttu. Ekki er samt margt sem á dagana drífur -- sem á bréf er setjandi þó það sé merkilegt í starfinu.

Þó fór ég eina svaðilför um helgina mér til skemmtunar. Það voru útreiðar með tveim systkinum á Holtastöðum í Langadal. Við höldum -- yfir Langadalsfjall í Laxárdal, sem er eyðidalur, votlendur. Þegar þangað kom var farið að dimma og hélt ég við myndum snúa við, nei, þá skyldum við fara yfir fjallið aftur, á öðrum stað, eftir skarði sem sagt var rétt hjá. En það var þá klukkutíma reið og við ekki kunnug dalnum og fórum hina verstu leið, eintóm fen og foröð frosin. Hestarnir lágu í, svo mér stóð hreint ekki á sama. En að skarðinu náðum við á endanum í myrkri. Það er trúlega hrikalegasti fjallvegur sem ég hef riðið, en sá það ekki fyrir myrkri. Það var hreint ekki svo þægilegt að heyra í á beint fyrir neðan sig og sitja á hesti sem alltaf var að hnjóta. Við áðum í miðju skarðinu. Ég slepti tauminum og allt í einu er hrossið horfið út í myrkrið -- Við hlupum hvert í sína áttina að leita og ég var svo heppinn að beinlínis rekast á hestinn þegar ofan kom af skarðinu, beint ofan Geitaskarðs lá gatan hvað bröttust -- Við fórum af baki til að teyma hestana, en þá vorum við alltaf á hausnum, svo við neyddumst til að fara á bak aftur, því hrossin duttu miklu síður.

Jónatan¹ á Holtastöðum sagði er við komum þangað, að hann héldi að börn ætluðu aldrei að þroskast. --

Ró er að færast yfir sveitirnar eftir sláturtíðina svo að fólk hefur tíma til að fara til læknis og kemur heim aftur klyfjað meðulum, enda vel byrgt af sjúkdómum.

Hún er bara falleg stytta,² sem er til minningar um tvíburasystur afa. Undur var ég heppinn að þegar hátíðlegheitin fóru fram þurfti ég að fara í vitjun út í sveit, svo ég slapp við öll sérstök ávörp í tilefni af skyldleikanum, en annars hefði mín verið minnst af minnst þrem ræðumönnum og allir gónt á mig eins og

¹ Jónatan Línadal (1879-1971) á Holtastöðum.

² Á Ytri-Ey í Lýtingsstaðahreppi, sem Elín Briem (1856-1937), tvíburasystir Páls afa, stofnaði og stjórnaði.

uppdagað tröll. En ég kom og heyrði síðasta ávarpið, sem var séra Péturs,¹ og fannst voða gaman þegar vindstroka gerði tilraun til að feykja burt blöðunum hans, svo hann fípaðist og týndi hvar hann var. Svo var kaffidrykkja, sætt með, og allir töluðu hver upp í annan um hve allt hefði verið vellukkað, sýslumaðurinn, prestarnir, læknirinn, skólanefndin og annað heldra fólk.

Það er nú meiri heilsan annars á námsmeyjunum. Síðan skólinn byrjaði hef ég daglega fengið 2-3 á stofuna og þeim fylgja venjulega jafn margar eða fleiri til traust og halds. Karlarnir í biðstofunni ætla að springa af ánægju þegar stelpurnar eru að tala þá upp, en kerlingarnar líta þær hornauga. og segja hvað þetta sé óvenjulega illa skipaður árgangur. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Khöfn, 29.10.1960.

Segja frá því að þau Sirrí ætli að fara í heimsókn til Helgu Ólafs og Stefán Jóhanns, fara til frændfólks Eggerts í Helsingborg og síðan heim.

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík, 6.11.1960.

Segir frá ferð Eggert og Sigríðar til Svíþjóðar og Danmerkur sem var velheppnuð og skemmtileg.

-- Þau voru alveg stórkostlega hrifin og þakklát yfir móttökunum hjá ykkur -- Þau voru hér í dag og var sannarlega skemmtileg tilbreyting að heyra ferðasöguna.

Sagði frá andláti Eyglóar Kristinsdóttur, fóstursystur Ásgeirs og síðustu heimsókn hennar fyrir skömmu. Snýst allt um að finna húsnæði fyrir Helga bróður hennar og hans fjölskyldu.

¹ Séra Pétur Ingjaldsson (1911-66) á Höskuldsstöðum í Vinhælishreppi, síðast á Blönduósi.

1961

Jón Sigurðsson borgarlæknir skrifar Bæjarráði. Rvík, 2.2.1961.

Sækir um að E.Á. verði skipaður fulltrúi við embættið eftir sex ára starf.

-- Vegna verðleika hefur E.Á. á undanförunum árum -- verði falin í vaxandi mæli ýmis vandasöm sérmál -- svo sem **hávaðamælingar**, **vatnsrannsóknir**, **mælingar á eiturofti** á vinnustöðum og **rannsóknir á skordýrum** í matvælum og hífýlum. Leysir enn fremur Þórhall Halldórsson af í forföllum -- Starfssvið Eggert er þannig víðtækara en annars eftirlitsmanna og hefur hann reynst mjög lifandi og árvakur í starfi. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 15.1.1961.¹

Skrifar Páli, sem kominn var til framhaldnáms í læknisfræði í Svíþjóð og biður hann um að svipast eftir einhverjum bakstuðningi til notkunar í bifreið. Bendir þetta til þess að þá hafi ég verið slæmur í baki, sem ég var í allmörg ár. Nokkru síðar sendi Páll bakstuðning, sem hafði góð áhrif ásamt líkamsæfingum.

Segir frá ágætum tónleikum skoskrar hljómsveitar í Þjóðleikhúsinu. Daginn eftir fór Helgi með fjölskylduna og þótti leiðinlegt. Guðlaugur Rósinkrans þjóðleikhússtjóri spurði hann hvernig honum líkaði. Helgi sagðist heldur hafa vilja hlusta á þetta í útvarpi, því þá hefði hann getað lokað fyrir!

-- Annars er Helgi auminginn ekki ofsæll. Álfheiður líklega trúlofuð Magga tvíburabróður Sæma rokk og rokkgjæja eins og hann er.² Doris í vondu skapi alltaf öðru hverju. En það er gaman fyrir hann að vera mikið með Kristmanni, Eggert (bróður sínum), Gunnari Dal og öðrum sálspækingum, þeir göfga sálina og tala vel um náungann! --

Heyrðu annars. Værir þú ekki til með að veita mér fjárhagslán á fyrra ári, svona próforma, svo ég hafi haft ráð á að byggja. Ég get svo í sama skyni endurgreitt þér þetta lán próforma þegar þú ferð að byggja --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 19.1.1961.

Ræðir ritvélakaup sem Helgi ætlaði að annast fyrir hana og flytja með búslóð sinni, en hann er að skipuleggja heimflutning og kveðja samstarfsmenn sína í löndum þeim sem hann annast í utanríkisþjónustunni. Hann festi kaup á lítilli og stórrí íbúð á 10. hæð Sólheima 23. Álfheiður Sylvia er komin aftur í Tjarnargötuna og Páll líka eftir að hann tók við starfi á Landspítalanum, svo þar er orðið heldur þröngt.

Steinunn og Kristmann eru búin að festa sér íbúð á Tómasarhaga 9, rishæð. Segist ekki vita hver hjálpi þeim með kaupin, því Kr. eigi ekkert, nema smáhus í Hveragerði.

-- Ég kom fyrir nokkru upp í íbúðina þína og var alveg stórkostlega hrifin af að koma þarna inn, finn ég aldrei hafi komið inn í fállegri stofur -- Það er ótrúlega fállegt eftir að opnað var milli íbúðanna. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 3.3.1961.

Ræðir tannlæknamál sem eru ofarlega á baugi, biður um gögn þar sem hann er að gera skýrslu um málið, einnig skólatannlækningar.

Segir sorglegar sjúkdómsfréttir af vini þeirra Guðmundi Jónassyni, eiginmanni Bergljótar Líndal. Og ekki góðar heldur af lækni meðferð. Segir frá sjúkdóminum og hörmulegri líðan hans.

-- Ekki mátti Snorri³ vera að því að sinna honum, hann hafði svo mikið að gera. Hvers vegna hafa þessir andskotar svo mikið að gera? Af því að þeir vilja engan annan láta komast að, þeim er sama hve margir eru í útlöndum eða hér á landi sem kunna að halda á málinu. Fyrst gekk Kristján Jónasson⁴ í að útvega pláss, en ekkert gekk. Loks var Theodór (tengdafaðir hans) orðinn svo illur að hann rauk í Snorra í fyrradag. Guðmundur fór inn í gær. Mikið finnst mér finnst mér slæmt að hann skuli ekki heldur vera sendur til síns læknis í Danmörku. Það er búið að ráða Guðmund framkvæmdastjóra Rauða krossins, og allt virtist leika í lyndi, nema þetta. --

¹ Eitthvað er bogið við dagsetningu þessa bréfs, þar eð Helgi hafði enn ekki flutt búferlum.

² Varð úr þessu hið ágætasta hjónaband, börn og fjöldi barnabarna.

³ Snorri Hallgrímsson (1912-73) prófessor. Guðmundur var með krabbamein í tungu, sem breiðst hafði út í hálsinn.

⁴ Bróðir Guðmundar, Kristján Jónasson (1928-85) læknir.

Páll Ásgeirsson skrifar Sigríði og Eggert. Milano. 11.3.1961.

-- Nú sit ég í Caravellepötu frá Alitalia, ægila huggulegt. -- Ég verð 8 daga í Róm, fer með rútu til Sorrento um Napoli og Pompei og verð þar í viku. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík, 19.3.1961.

Segir Pál son sinn farinn, búinn að ráða sig á sjúkrahús í Danmörku.

-- verður líklega langt að bíða að hann komi heim enda kominn á strangasta giftingaraldur, þó ég viti ekkert hvað slíku líður. Sem stendur er nóg í kringum mig, Álfh. Sylvia býr hér, Helgi borðar hér.

Álagið er mikið. Er ekki ánægð með að þurfa að hafa illa vaninn hundinn þeirra í húsinu. Sjálf hafði hún ekki haft svefnherbergi í áratugi.

-- Fegin er ég að geta skriðið upp í Palla herbergi, sem ég hef núna fyrir sjálfa mig, og verið þar í næði. Maður verður svo skritinn af því að þurfa að taka svo mikið tillit til annarra og að herbergin mann séu einhverskonar almenningur.

En gott er samt að geta verið Helga til einhvers liðs, hann hefur alltaf verið mér svo góður og viljað allt fyrir mig gera; þetta er dálítið erfiður tími fyrir hann.

Íbúðin í Sólheimum 23 er tilbúin, lyftan ókomin og á meðan er ekki búandi þar. Doris er hjá systur sinni í Englandi.

Þá segir hún frá fjölskyldu Björns sonar Helgu, segir það ánægjulegt að sjá hamingjusamt fólk.

-- Mér dettur Bríet Héðinsdóttir í hug. Hún vildi endilega skilja við manninn sinn (Sigurð son Steingríms Steinþórssonar (*alþm. o.fl.*), en búa svo með honum samt sem áður. Þau eiga tvær telpur, aðra rúmlega ársgamla, báðar fæddar utan hjónabands. Þetta er svo *kekkt*, eftir nám komu þau hingað, Bríet á hér íbúð og flutti í hana í haust, en hann fór norður til Akureyrar og réð sig kennara í fiðluleik við tónlistarskólann þar. Svo kom hann í jólafrí hingað og bjó þá hjá Bríeti og allt virtist í lagi. En í febrúarmánuðir gerir hann sér hægt um vik, frjáls eins og hann var og gifti sig Maju dóttur Sigurðar Pálssonar menntaskólakennara. Bríet er í leikskóla Þjóðleikhússins og telpurnar hafa verið mikið hjá Guðrúnu Pálsdóttur, sú eldri alveg, en sú yngri er þar á daginn Guðrún er óskaplega þreytt á þessu og gröm við tengdasoninn fyrrverandi, þó henni finnist að sumu leyti eðlilegt að svona skyldi fara. En Bríet er fljót á sér og hefur tekið að sér mjög undarlegan listamann, málarað Alfrið Flóka, sem er sonur Tótu og Vagns Jóhannessonar. Nú þegar ég er komin á kjaftasögustigið verð ég að halda áfram, því af nógu er að taka.

Ragnheiður Torfadóttir (Hjartarsonar) var að gifta sig Þórhalli Vilmundarsyni, og þau búa ekki saman, enda hélt hún giftingunni leyndri fyrir sínum nánustu fyrstu dagana. --

Segir frá heimsókn Else-Mari Vennerström frænku Helgu, sem enn kann íslensku eftir árin frá því er hún var á Laugarvatni 1934-5. Var þeim boðið til Rúnu Guðmundsdóttur í Móum sem hefur komið sér upp ljómandi fallegu heimili, en því miður hafi hún frétt að hún se farin að vera með Hauki Hvannberg.

-- Rúna er mitt uppáhald og ég dáist að henni fyrir dugnað, mikla mannkosti; elskuleg og traust. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 21.3.1961.

Sendir kveðju þó hann viti að hann sé á Ítalíu á meðan hann sjálfur sé í önnum og heljarstökkum fyrir Helga út af:

-- hundkvikindum,¹ betrekkinu² á 10 hæð eða flísa-imitisajónum³ í baðherbergi eða -- eða -- Hvernig er frágangurinn á gerettunum⁴ í Pompei. Er selsemmósafk⁵ á gólfunum þar. Eru *Cloaca Maxima* með S eða P stút? Er búið að setja lyftuna í skakka turninn í Písa? Er mikil drulla á Via Veneto? Er búið að malbika Via Appia?

Hér ökum við á pólitískum þvottabrettum, eins og áður; með jafn bilaða hina andlegu demparana og jafn víta hljóðkúslausir.

¹ Á sjálfsagt við pekinghund Helga og Dorisar.

² Veggfóður.

³ Gerfiefni.

⁴ Hurðalistunum.

⁵ *Selsem*, var orðið yfir gerfi, eða það sem er selt sem, án þess að vera ekta. Þekkt er t.d. *selsemsilfur* sem notað var yfir *silfurplett*, kannski enn, sem blekking: Selst sem.

Hvernig er það? Er vatn í pennanum þínum? Ég held að það sé ómögulegt að komast fram úr öllum skemmtilegu bréfunum þínum, *póstboðið*¹ getur ekki einu sinni lesið adressuna og því eru þau ekki enn komin til skila. En þakka þér fyrir kortið, ansi var það skemmtilegt, fróðlegt, dásamlegt.

Nei, olræt, ég skal tala í alvöru, það var voða *skemmtó*. Þakka fyrir það. Segðu okkur samt -- frá ferðinni.

-- Ég er búinn að koma draslinu þínu um borð í Gullfoss -- Ég þurfti ekki að fara nema svo sem á tíu staði til að koma því af stað. -- Mamma er búin að leggja undir sig herbergið þitt -- og líður vel.

Dídi fer aldrei í vont skap, nema þegar Helgi hefur beðið hana fyrirgefningar, fyrir hvað? Það veit einginn.

Álfheiður Sýlvía hefur lokið kándíatsprófi í flugfreyjufræðum, með frægum árangri, að eigin sögn.

Fólkið var í heimsókn hjá Chris og Dadi og þótti alveg dásamlegt. Kristmann og Steinunn kalla hvort annað þessum nöfnum að sögn Steingrims Sigurðssonar í Heimilispóstinum, en þar birtist hið frægasta viðtal með myndum -- Ég hef þetta ekki lengra. Við þyngdumst ekki nema svo sem eins og um tvö kíló í mánuði. -- Hvað ætlastu fyrir; ætlar þú að *spesíalisera* þig í bíl eða einhverju öðru. --

Eginkonufrúin biður að heilsa - blobb - blobb - blobb - hún er í baði! --

Páll Ásgeirsson skrifar Sigríði og Eggert. Amsterdam. 26.3.1961.

-- Þegar við fórum til Capri hrópa alltíeinu tvær stelpur í okkur á íslensku. Þetta voru flugfreyjur frá Loftleiðum sem voru að koma frá Israel daginn áður, María Bergmann og Anna Þrúður (*Þorkelsdóttir*), reglulega hressar og slagferðugur stelpur og vill í ofanálag svo til að þær koma líka til Amsterdam --²

Eggert Ásgeirsson skrifar Ingibjörgu Eggertsd. Rvík. 27.3.1961.

-- Þakka þér fyrir skemmtilega bréfið sem þú sendir mér. Mikið þótti mér gaman að því og hvað þú skrifar fallega. -- Um daginn kom lítil stelpa í heimsókn. Sú var hissa þegar hún kom inn í stofu. Hvað heldurðu að hún hafi séð. -- Það var pínulítinn skríttinn kínverskur hundur nýkominn frá útlöndum með flugvél. Finnst þér ekki skrítið að hundar skulu koma með flugvél? Hvað myndir þú segja ef kettirnir ykkar vildu allt í einu fara að fljúg í flugvélum. Litla stelpa hafði aldrei séð hund svona nálægt sér áður. Þess vegna varð hún dálítið hrædd. En hún var það ekki lengi, því að litli hundurinn var svo góður, settist á rassinn og góndi, dinglaði rófunni og fór svo að lykta af fótunum á stelpunni. Þá hló hún hátt, því hana kitlaði svo mikið --

Páll Ásgeirsson skrifar Þórdísi Briem. Hilleröd. 11.3.1961.

-- Nú er ég tekinn til starfa hér og líst vel á mig, deildin virðist eins og deildir eigi að vera og samverkamennirnir vænlegir til samvinnu. Ég skildi dönskuna prýðilega, en þeir gleypa mikið af orðum áður en þau ná mínum eyrum, en það sem berst inn í þau skil ég. Mér var fengin tveggja herbergja íbúð, stór stofa, svefnherbergi og gangur -- dálítið kuldalegt --

Á leiðinni frá Ítalíu kom ég í Amsterdam til fimm daga dvalar. Svo skrítilega vildi til að á Kaprí hitti ég tvær flugfreyjur sem voru líka að fara þangað. Þær heita María Bergmann og Anna Þrúður Þorkelsdóttir og bjuggu í íbúð Sveins Gíslasonar³ sem var í Mexíkó. Þær drifu upp múraðan írskan flugstjóra, sem olli því að vertshúsarápið varð ódýrara enn annars hefði orðið og ágætlega skemmtilegt.

Segir frá merkilegum listsýningum og furðulegum. Þar bar mikið á Diter Roth.

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjartsd. skrifa Páli Ásgeirss. Rvík, 10.4.1961.

-- Helgi og fjölskylda fluttu inn í húsið sitt í síðustu viku. Þó gerði Doris það með hangandi hendi, hana langaði svo mikið til að flytja inn í Tjarnargötu 26 og kaupa húsið fyrir tvær milljónir - takk - og ekki nema svo sem eins og 17-20 þús. í húsaleigu. Henni fannst börnin⁴ vera eins og þau júgóslavnesku þar sem þau léku sig á göngunum. Nú eru þau samt hætt að borða niðri í Tjarnó, svo þar er eins og frí. Fyrsta máltíðin sem þau komu ekki í var rýr. Mamma og Dídi héldu upp á atburðinn með því að taka engan mat til og borða ekki.

Segir frá væntanlegri Ameríku för og segir honum það leyndarmál að hann fær fullt kaup á meðan.

¹ Bréfburðarmaður.

² Vinkonur Sirríar.

³ Sveinn Gíslason (1924-89) flugstjóri, sonur Gísla Sveinssonar alþingisforseta og sendiherra.

⁴ Væntanlega í Sólheimum 23.

-- Við stundum boð af hinu mesta kappi. Pétur Guðfinnson er hér ásamt fjölskyldu. Við vorum boðin til Þórs Vilhjálmssonar og Rönku¹ -- í *finan middag* haldinn Pétri og Stellu til heiðurs. Það var hið mesta grín og með afbrigðum glæsilegt. Pétur og Stella eru hinir mestu *gourmontar* þegar út í það er farið. Kunna þau á hinum fjölbreytilegustu réttum skil, eins og heimsborgurum sæmir. Mest halda þau sig samt við kálið. Það finnst mér ágætt. -- Stóð ballið *bis tief in die Nacht hinein* og var ég heldur en ekki skjálfhentur þegar ég fór inn í húsið á sunnudagsmorguninn -- fæddist því sú ákvörðun að fást ekki lengur við málningarfúsk, slá lán og fá til verksins fullgilda fagmenn. Ekkert *skoj*² lengur.--

Er ánægður með ganginn í húsinu, lyftur og allt annað.

-- Helgi er svo óánægður með iðnaðarmennina að hann er hættur að tala um lélega iðnaðarmenn í Þýskal.; ég stend í sífelldri vörn fyrir ísl. iðnaðarmenn að ég er orðinn svo salla ánægður. Vona ég að Helgi hætti að rífast og að ég fái frið til að vera ánægður eins og aðrir svo húsið fari að ganga. Hans vandamál er að hann á því lík ósköp af dóti að hann veit ekki hvað hann á við það að gera. Það er hlálegt að sjá tvö reiðhjól í íbúð á 10. hæð. Vona að þau fari ekki að hjóla fyrr en búíð er að styrkja svalirnar og setja handrið. Einir þrír tevagnar eru hjá honum. Sem stendur eru þrjár íbúðir sneisafullar af dóti og húsgögnin ekki komin frá Spáni.

Við vorum að koma af pabbakvöldi í Heilsó hjá Huldu Jensdóttur.³ Mikið dáist ég að þeirri manneskju. Þyrfti að taka þá Gunnar Biering (*nýburaleknir*) og Guðjón Guðnason (*yfirlækni á mæðradeild Heilsuverndarstöðvarinnar*) í afslöppun. Sérstaklega Guðjón. Hann er svo stífur í hálsinum að hann getur ekki snúið *höbbðinu* annað en út að vegg, hvernig sem líkaminn annars snýr. Hann sýndi myndir máli sínu til skýringar, úrklippur úr *gynekológíunni*,⁴ með alls konar hroða, ekki þannig að það væru hroðalegir hlutir; þeir litu bara þannig út. Hjálpi mér! Það ætti að bæta ræðulist við námsskrá læknadeildar. -- Guðjón var hinn strangi vísindamaður, sem lætur fræðin sitja í fyrirrúmi, talaði aldrei um fallett barn og viðkvæma móður; bara um föstur, sitjandi fæðingar, lausar fylgjur og fastar. Móðirin kom ekki fram nema sem langsníð eða úr baksýn. Hulda þarf að lengja afslöppunaræfingarnar eftir þessi ósköp. -- Eggert

-- Því miður má ég ekki vera að því að skrifa mikið núna, þar sem ég er í óða önn að strauja þessar dásamlegu bleyjur. Bless. Sirrí.

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert. Hilleröd. 17.4.1961.

-- Héðan er lítið að fréttu, nema það að ég er ekki í verkfalli eins og flestir aðrir í þessu landi, Að vísu munar engu hvort ég er í verkfalli, þar sem ég geri ekki neitt. Þeir eru líklega ekki enn búnir að komast að því hvort ég er fáviti, því ég reyni að spranga um með spekingssvip, það eyðilegg ég allt þegar ég opna munninn. Annars láta þeir nú eins og þeim líki ágætlega við mig og segja að ég byrji vaktir um mánaðamótin. Ég fékk líka leyfi til að stunda hér lækningar og tóku mark á latínubréfinu frá læknadeildinni. Þeir höfðu ekki frétt hvernig ég þalaði prófessorana.

Ég vona að þú artir þig vel í Amríku. Hvað *bedrífur* þú þar. Reyndu nú að hjálpa Kanagreyjunum til að komast út í geim, en góð farðu ekki sjálfur. --

Mikil ógnar fádæma býsn er af Íslendingum í Höfn. Nellan og Las Vegas eru beinlínis full út úr dyrum af þeim á hverju kvöldi. Þetta er mest blessuð börn á aldri við Sirrí, en það gerir ekkert til af því að ég hef alltaf verið svo seinþroska. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Jórunni Ingimundardóttur. Rvík. 25.4.1961.

Jórunn er þá í London hjá Ingveldi dóttur sinni og Haraldi Guðjónssyni tengdasyni sínum. Þakkar hún fyrir bréf og kveðjur sem hún hefur komið til skila.

Telur upp ýmsa staði í London sem hún hvetur hana til að skoða.

¹ Ragnhildur Helgadóttir.

² Er pabbi og mamma fluttu á Vesturgötu 16 þurfti að mála. Pabbi leitaði uppi laghentan mann í Verkamannaskýlinu, fann einn er tók að sér verkið. Pabbi vann í Austurstr. 1. Er hann fór heim að borða í hádeginu sá hann hvít spor koma á móti sér á götunni og skýrðust eftir því sem nær dró. Í ljós koma að *málarinn*! hafði notað ósköp af gifsefni sem dreifðist út um öll gólf, niður stigann og eftir götunni. Var þetta *onkji* gott! Fyrntist þó yfir fúskið. Voru lengi sagðar sögur um *skojarann* (sænskt orð yfir fúskara, með grínhljómi). Svo tengdist dóttir skojarans fjölskyldunni. Eftir það var því minna talað um skojarann er afkomendum hans í fjölskyldunni fjölgaði - og er hér með lokið.

³ Hulda Jensdóttir ljósmóðir var forstöðukona Fæðingardeildar Reykjavíkur.

⁴ Kvensjúkdómafræði.

-- Ég vaknaði með brjóstsviða. Eggert er með hita vegna kúabólusetningar sem hann fékk vegna þess að hann er loksins búinn að fá staðfestingu á Ameríkuferðinni í fjóra mánuði, líklega frá miðjum ágúst. Allt annað en hann ætlaði í fyrstu. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsdóttur. 29.5.1961.

Líður vel, þó ekkert bóli á barninu sem hún gekk með. Eggert var hjá Hauki Kristjánssyni lækni sem sagði að hann væri með iskías og tekur hann í meðferð í æfingastöð lamaðra og fatlaðra við Sjafnargötu.

Lýsir íbúðinni þeirra nýju og er mjög upplýft af því hvað hún hefur tekist vel og er fín. Segir frá yfirvofandi verkföllum miklu hamstri fólks á matvælum og nauðsynjavörum.

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert. Hilleröd. 6.5.1961.

-- Nú er ég loksins heima á laugardagskvöldi. Ég er einn og jeg gríner, ih, hvor jeg gríner. Ég er að koma úr boði. Frú, hér í bæ, Elisabeth Jensen, hringir í mig í morgun og býður mér til sín. Ég segist vera upptekinn, sem satt var, en hún vælir um son sinn sem sé *hjemme*, og hann er lækni og er að þangað til ég lofa að koma. Kerla er íslensk. Svo losa ég mig við hitt og fer kl. hálfátta á *Helsingørvej een og fyrretyve*. Ég verð að skjóta því inn í að mér er farið að finnast Danir svo hlægilegir. Þeir minna mig allir á ömmu og töntu Maríu.

Nú fer ég, og er boðið til stofu, sem var eins og dagstofa ömmu á gömlu myndunum í albúmunum sem Eggert frændi tók þegar amma bjó niðri. Ég er leiddur af frúnni út á garðtröppur og segi hvað þá sé innilega *dejligt* að sjá slotið hinum megin við vatnið. Garðurinn var eins og garðurinn hjá Guðmundsen, þar sem mamma og Helgi frændi sitja á bekk.

Nú, frúin, sem vel að merkja var með slæma *hofte*,¹ býður vermútt og kynnir mig fyrir syninum góða, sem heitir Sturla Jensen. Við sitjum stundarkorn og Jörgensen úr næsta húsi kemur og fröken Andersen, vinnukona, sveitt, en í sunnudagakjólum og allt, kynnir sig og segir hvort það sé ekki agalega gott að vera á *sygehuset*, það sé nefnilega það besta í Danmörku. Jújú, hvort mér finnst. Svo segir frú Jensen: *Mon ikke vi sku se på Aktuellt!* Það er í sjónvarpinu. Manni er plantað í sófa og gónir á bilaða sjónvarpsperu þangað til dagskránni lauk klukkan tíu.

Nú, það er horft og horft og Jensen segir nokkrum sinnum hvað prógrammi sé *elendigt*. Enginn sinnir því. Þá fer Jensen að tala um hvað hann sé svangur, hann sé bara farinn upp að sofa ef hann fái ekki mat. Enginn sinnir Jensen og Jensen fer upp að sofa.

Jensen hélt allan tíma meðan á prógramminu stóð að það væri frá Grænlandi og frú Jörgensen hélt það líka og sagði: *Ih, hvor er de søde, de Grønlændinger*, það var leiðrétt og hún kvaðst hafa mismælt sig. Prógramminu lauk og smjör-og-brauðið kemur.

Ég var orðinn ægilega full yfir að missa af partíi í Höfn. Síðan er talað fram og aftur um *håndskrifter* og allir voru samála um að þau ættu nú að fara heim, nema mér, er orðið rétt sama. Þá fer ég smám saman að hafa gaman af og á leiðinni heim skellið ég allan tímann og nennti ekki til Hafnar, heldur fór heim til að skrifa þér.

Þú skemmtir þér ábyggilega yfir þessu bréfi ef þér finnst það eins velheppnað og mér. Ég hlæ í hljóði yfir því hvað þið hljótið að skemmta ykkur.

Jæja, bróðir minn. Ég verð að bæta því við að frú Jensen kvaðst hafa verið samferða pabba og mömmu til Noregs með Lýru. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 22.5.1961.

Ræðir um heilsu móður þeirra og undirbúning vegna ferðar hennar til Svíþjóðar.

-- Ég er búin að segja henni að hún þurfi ekki að vera *nervus* -- þar sem ég ætla að tala við flugfreyju, sem fer með. Aðallega að hjálpa henni gegnum *immigration* og tollinn. Okkur tókst að útvega henni dali í viðbót við yfirfærsluna. Ég er mest hrædd um að henni finnist hún hafa svo mikla peninga að hún vilji fara að eyða miklu í okkur hér heima. Blessuð láttu hana ekki gera það. Steini er eini sem þarf þess með. Hann má hún sannarlega galla upp, eins mikið og hún vill. -- Láttu hana endilega kaupa mikið af góðum fötum (kjólum, skóm, höttum) á sjálfa sig. --

Við höfum undanfarið talað um, og verið í fýlu út af, þessum fábreytta mat hér uppi, einatt rollukjöt, vont hrossakjöt, eða fisk. En um daginn læknaðist þetta á undursamlegan hátt. Það barst skeyti frá þrem sárþjáðum persónum, sem bókstaflega sögðust ekki geta lifað án lambakjöts. Það leið ekki á löngu, þar til munnvatnið fór að leka í stríðum straumum, allir laumuðust, hver til síns heima, og fóru að bragða betur á

¹ Mjöðm.

Þessum dásemdum. Síðan er öll útþrá læknuð og allir una sáttir við sitt lambakjöt. Ég hef sannfrétt, að margir hafi miskunnað sig yfir þetta vesalings fólk, hafi undanfarið lagt nótt við dag að salta niður í tunnur til að senda með næstu skipsferð. --

Íbúðin okkar, sú hin háa, gengur ekkert, en það þýðir ekki að vera með áhyggjur út af svoleiðis *smotterí*. Við dembum okkur bara út í skemmtanalífið og gleymum byggingaráhyggjum. Í síðustu viku sáum við leikritið *Pókók*, eftir bekkjarbróður þinn, Jökul Jakobsson. Þetta var ansi skemmtileg vitleysa. Á árs afmælinu okkar fórum við í Klúbbinn og borðuðum þetta indæla íslenska kjöt. Ekki treysti ég mér út á dansgólfið, en þarna er ægilega smart. Gúmmíplantan þín er í fóstri hjá okkur. Hún bíður kærlega að heilsa og segist ekki vaxa nema hjá þér. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Jórunni Ingimundardóttur. Rvík. 25.4.1961.

Jórunn er þá í London hjá Ingveldi dóttur sinni og Haraldi Guðjónssyni tengdasyni sínum. Þakkar hún fyrir bréf og kveðjur sem hún hefur komið til skila.

Telur upp ýmsa staði í London sem hún hvetur hana til að skoða.

-- Ég vaknaði með brjóstsviða. Eggert er með hita vegna kúabólusetningar sem hann fékk vegna þess að hann er loksins búinn að fá staðfestingu á Ameríkuferðinni í fjóra mánuði, líklega frá miðjum ágúst. Allt annað en hann ætlaði í fyrstu. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingveldi Dagbjartsdóttur. 29.5.1961.

Líður vel, þó ekkert bóli á barninu sem hún gekk með. Eggert var hjá Hauki Kristjánssyni lækni sem sagði að hann væri með iskías og tekur hann í meðferð í æfingastöð lamaðra og fatlaðra við Sjafnargötu.

Lýsir íbúðinni þeirra nýju og er mjög upplýft af því hvað hún hefur tekist vel og er fín. Segir frá yfirvofandi verkföllum miklu hamstri fólks á matvælum og nauðsynjavörum.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 6.6.1961.

-- Við erum í hálfgerðri paníkk út af norskum bankamönnum sem eiga að skipuleggja skipulagningarmál og gera áætlanir um framtíðaráætlanir fram í tímann og kalkúlera kalkúna þá sem kalkúlera kalkúleringar kalkúleringarmálaráðuneytisins sem Jónas Haralz stjórna. --

Veltir fyrir sér að leigja íbúðina meðan hann verður í Ameríku. Sirrí mun væntanlega flytja á meðan í Tjarnargötu. Þau eiga von á barni.

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo og Jane Almqvist. Rvík. 7.6.1961.

-- Á morgun er afmæli Sirríar. Hefur hún og við bæði oft átt glaðlegri dag en þennan, því í dag fer fram jarðarför barnsins okkar sem fæddist andvana á sunnudaginn. Mig minnir að þú Bo, hafir einhverntíma lagt til að dóttir okkar yrði skírð Dagbjört. Hún var væntanleg í þennan heim alveg um mánaðamótin. Hafði hennar verið beðið af mikilli eftirvæntingu og sjálf hafði hún bankað á fyrir -- Á laugardagkvöldið um kl. níu segir Sirrí við mig að hún hafi ekki orðið við neinar hræringar þann dag og vildi að ég hlustaði eftir hjartslætti. Gerði ég það og varð ekki um sel, því ég varð einskis var. Hringdi ég -- í Ragnar Arinbjarnar lækni, vin minn, á fæðingardeildina. -- Hann kom þegar og sá hvað var á seyði. -- Sirrí var tekin inn á deildina -- Um kvöldið fæddist svo andvana stúlkubarn, 16 merkur -- vantaði ekkert nema lífið. Sirrí stóð sig eins og hetja. Ég kem til hennar tvisvar á dag, hálf beygjulegur. Það er hún sem réttir mig við. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 28.6.1961.

Segir frá fámennri en góðri veislu sem þau héldu 17. júní.

-- Sirrí hefur það gott -- alveg ágætt -- kominn til heilsu.-- Þá um daginn fórum við í ökutúr um Heiðmörk. Fórum við ásamt Óla og Jójó¹ eftir Hjallavegi. Varð hann verri og verri eftir því sem lengra var haldið. Loks var maður kominn svo langt að maður hélt að vegurinn hlyti að enda, jafnvel hafði ég áhyggjur yfir að ég kæmist ekki upp verstu brekkuna. Loks fór vegurinn að skána -- endaði við hlið sem var harðlæst með járnkeðju. Varð ég að grípa til verkfæra til að ná hliðinu af hjörum, tókst það loksins. Þá vorum við komin niður á Vífilstaðaveg. Ég mann ekki hvort ég sagði þér að ég er búinn að selja bílinn minn á 106 þús., besta verð sem þekkist. Því vorum við á mömmu bíl. Mér þótti þetta svo hörmuleg meðferð á bílnum hennar að ég lét milli hluta að segja henni frá ferðinni. Jæja!

¹ Ólafur B. Thors og Jóhanna Jórunn Einarsdóttir, kona hans.

Á sunnudagskvöldið segir hún okkur með mikilli andagt frá bíltúr sem hún hafði farið í og boðið Dídí, Hildu og Gauju¹ með. Höfðu þær farið sama veg, þótt alveg óhemju gaman, vegurinn ekkert vondur, neinei, bara góður. Dídí og Gauja tóku hliðið af og settu aftur á hjarir. Nei-nei, þetta var svo ágætt.

Föstudagskvöldið var héldum við ásamt Landfræðiklúbbnum til Þórsmerkur og höfðumst þar við til sunnudags.

Það var ein mikil og ágæt ferð, gott fólk og samstillt. Hef ég aldrei ferðast með betra fólki. Sverrir Scheving² sá um hinn fullkomnasta ferðaútbúnað, sá fyrir öllu, jafnvel flaggstöng og fána -- jafnvel tvö aukatjöld. Dabbi Scheving³ sá um matarinnkaup, en tvær máltíðir voru sameiginlegar. Ásbjörn Magnússon,⁴ sem er frægur kokkur, sá um kryddið. Davíð tók með sér viðarkolagrill⁵ og síðan sáu þeir Ásbjörn um steikingu á mörbraði, aðra máltíðina, og pylsum í hina.

Handbolti var í desert. Sá var nú sögulegur. Kvenfólk í öðru liðinu og karlar í hinu. Ég með kvenfólkinu. Við Sverrir spiluðum hvor gegn öðrum. Hann er einn af þeim manísku mönnum sem taka alla leiki alvarlega. Nú, við vorum eitt sinn að elta boltann; þá hrinti hann mér svo rækilega að ég steptist á hausinn og út í skóg. Já en komst þó aftur út á vígvöll. Næst þega við eltum boltann vissi ég hvað til stóð hjá honum. Ætlaði að verða fyrri til, varð það ekki, við skulum saman, líkamsþungi réð úrslitum og ég inn í runna. Ég fékk rígg undir handleggnum, varð verri og verri; var úrskurðaður rifbeinsbrákaður á mánudag. Nú má ég ekki hlæja. Svo blessaður sendu mér ekki mjög skemmtileg bréf. -- Í Þórsmörk gengum við eins og við ættum lífið að leysa. --

Nú fer að líða að Ameríkuferðinni 30. Sirrí er að leita sér að vinnu, en gengur lítið. allir vinnustaðir yfirfullir af forstjóradaetrum -- líklega verður hún í Tjarnargötu meðan ég verð burtu --

Heimilið er annað síðan Guðrún fór -- eins og allir séu á róandi lyfjakúr. Enda sýnist mér ömmu þykja heimilisbragurinn dauflægur.

Jess-sör. Sirrí biður að heilsa, Hún situr herna hjá mér og er að skrifa uppskriftir úr erlendum kokkabókum sem ég á að gæða mér á, vona ég, býst þó heldur við að þær verði dregnar fram þeta *interessant* gestir verða á ferð. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 13.7.1961.

Segir frænku sinni fréttir af gamla landinu og viðburðum sumarsins. Segir þau Sirrí hafa farið í ferðalag austur í sveitir með mæður og tengdamæður, skoðuðu Gljúfrabúa og Keldur þar sem mamma hafði ekki komið frá því að hún var lítil og bar þangað póst frá Odda. Jórunn hafði ekki komið í Kaldárholt þar sem hún var fædd og uppanlin í þrjátíu ár. Stoppuðum við hressingarlæki; vættum kverkar í klárvatni og fleiru.

Sigríður Dagbj.d. skrifar Eggert Ásg. Varmahlíð og Borgarnesi. 6.-7.8.1961.

Fyrst og fremst ætla ég að óska þér til hamingju með nýja aldursárið, elsku ástin mín! Hér er ég stödd í Varmahlíð í Skagafirði, í roki, kulda og rigningu og bíð eftir bréfi sem Óli Vestmann ætlar að senda mér hingað. Rútan kemur kl. 5 í dag, svo þú getur ímyndað þér, hvað ég er spennt.

Elskan, hvað ég er búin að sakna þín oft og hugsa til þín. Ég sé þig enn þá fyrir mér þar sem þú gekkst út í vélina. Ó! Hvað mig langaði til að hlaupa á eftir þér.

Doris og Helgi buðu mér að borða hjá sér daginn eftir -- Það var reglulega huggulegt hjá þeim.

Ég svaf í Tjarnargötunni og mamma þín færði mér te í rúmið um morguninn. Mikið fannst mér einkennilegt að vera allt í einu komin í lítið herbergi, með allt mitt dót. Það tekur sjálfsagt einhvern tíma að venjast breytingunni, en mér fannst fyrst ég ekkert vita, hvað ég ætti af mér að gera. Ég var á eilífum þeytingi á milli þess sem ég borðaði og drakk. Upp á Bergstaðastræti að ná í ýmislegt dót, inn eftir til mömmu, og hitt og þetta.

Ömmu þinni var komið fyrir í fóstur til Eggerts, daginn áður en við fórum. Það var nú meira bíóið í kringum það. Hún fór með rúmið sitt, náttborð og gríðarlega stóra ferðatösku og aðra litla ofan á henni

¹ Guðríður Kristinsdóttir í Ráðagerði, frænka mín.

² Sverri Scheving Thorsteinsson (1928), jarðfræðingur.

³ Davíð Scheving Thorsteinsson (1930) smjölíkisgerðarmaður og síðar framkvæmdastjóri. Frændi Sverris.

⁴ Ásbjörn Magnússon (1924-1996), ferðaþjónustumaður, kenndur við ferðaskrifstofuna Orlof.

⁵ Þetta var við upphaf grillaldar.

bundin með snærisspotta. Þetta var hennar *prívat*, sem enginn vissi hvað í var. Henni fannst nú nóg um þetta, þegar hún heyrði að rúmið og allt ætti að fara inn eftir.

Hún var ansi vel upp lögð, gerði grín að þessu öllu og hlakkaði mikið til breytingarinnar. Maður veit svo sem hvað nágrannarnir segja, sagði hún. Jæja, þá á loksins að fara að flytja gömlu konuna út.

Sigga „*mágkona*“ tók á móti henni í málningargalla, öll útötuð í slettum. Dídí og mamma þín sögðu bara að það hefði verið ansi gott að hún hefði ekki séð það.

Stella og Haraldur komu með Gullfossi -- og litu mjög vel út, virtust ánægðari og samstilltari en áður. Þau komu með ryksuguna (*mína*) alveg dásamlega fína. (Hún kostaði 29 pund með græjum). Stella keypti svartan kjól á mig, agalega smart. Hann kostaði 10 pund. Hann er úr þunnu *chiffon*, með slaufu á hliðinni og pífum niður úr.

Það er ekki víst að Haraldur fari aftur strax út. Hann heldur að landlæknir muni ráðstafa honum eitthvað út í buskann. --

Það er búið að fella gengið um 11%. Við vorum aldeilis heppin að vera búin að leysa út leyfið (*fyrir bílnum*).

Sumarfríð byrjaði svo að segja strax og gamla konan var komin út í bæ. Það var byrjað að hrista *cocktaila* í gríð og ergi, bæði fyrir ferðalagið og fyrir kvöldið. Við skelltum okkur nefnilega í Naustið og borðuðum nýjan lax.

Ég vildi að þú hefðir verið kominn þangað. Mamma þín gerði mikið grín að Dídí fyrir það, að hún sagði mér, að hún væri mesti klaufi að pakka niður, öllu sem til væri, tæki allt með sér. Það var líka eins og við væru að fara í kringum hnöttinn, þegar ég var að setja farangurinn út í bílinn.

Reyndar var mamma þín ekkert með minna. Við lögðum af stað kl. 11 komum í Bifröst kl. 2 og borðuðum. Komum svo til Varmahlíðar kl. 8.30 Ferðin gekk eins og í sögu og ég sat alltaf við stýrið. -- við fórum í laugina -- Það var nú bíó að sjá okkur. Eftir hádegi fórum við á Sauðárkrók og að Hólum og skoðuðum kirkjuna. Þar hittum við líka Pál¹ hinn nýgifta. Hann sagði sjálfsagt að lána okkur hesta, hvenær sem væri. - veðrið var svo slæmt að við þurftum að sleppa því. Það var mikið gaman að skoða gamla bæinn í Glaumbæ.

Nú var mælt til að við leyfðum nýgiftum hjónum að borða einum í stofunni sem er fyrir fastagesti. Við leyfðum það, en samt mjög dræmt, sögðum að það stæði líka sérstaklega á hjá okkur þar sem maðurinn minn ætti afmæli. Við fórum í bíltúr meðan brúðhjónin borðuðu. Þegar við komum sáum við brúðhjónin. Það var Pálmi frá Nautabúi, pabbi Helgu (*vinkonu hennar*). Þau giftu sig í Víðimýrarkirkju í morgun. Síðan fengum við okkur *aqua vitae* og *Amstel* bjór með þessum fína mat. Nú erum við að skoða Víðimýrarkirkju og búnað að ákveða að fara í Borgarnes á eftir og freista gæfunnar þar, hvað veðrið snertir. Hótelíð hér er fyrir neðan allar hellur og ísjökulköld herbergi. --

Elskan hvað ég hugsa oft til þín.

Ég var dálítið leið í gær. Við hittum Þór Halldórsson² og Auði og fóru þau að spyrja mig svo mikið um þig og óska okkur til hamingju. Mér leið ennþá verr, af því að mér fannst þú svo langt í burtu.

7.8. Þá erum við komnar í Borgarnes án þess að hafa fengið bréfið þitt og reikna ég ekki með að fá það í bráð. --

Við biðum eftir rútunni í gær, en ekkert bréf var með bílnum. Síðan lögðum við af stað suður og komum suður og vorum komnar í Borgarnes kl. 12 á miðnætti -- Hér erum við búnað að standa í stöðugu símasambandi við fjölda fólks til að hafa upp á bréfinu. Óli (*Vestmann*) bað sem sé bílfreyju fyrir það, sem skipti um rútu á Blönduósi og hafði svo farið suður og gleymt bréfinu. Síðan er það búið að þversa og krussa um landið, með næturrútu o.þ.h., en ein bílfreyjan segist áreiðanlega hafa lagt það inn í Varmahlíð. Þóra Ingimars þvertekur fyrir að það hafi komið þangað. -- Eina glimtið er núna, að við erum komin í forsetasvítuna hér og látum fara vel um okkur.

Mikið óska ég að þetta bréf nái til þín og ég fái að heyra fljótlega til þín aftur. -- Ég gæti trúað að þér finnist þetta hálf órólegt bréf, en það er ekki nema von eftir allan þennan eltingaleik og misskilning. Ég hef það samt alveg prýðilegt, Eggert minn og skemmti mér alveg konunglega. -- Mikið væri gaman að sjá þig í *tropicalfötunum*. Hlakka til að fá þig heim. Ég elska þig alveg ægilega mikið. --

¹ Páll Sigurðsson búnaðarmálastjóra Sigurðssonar.

² Þór Halldórsson (1929-2016) síðar öldrunarlæknir, sem Þórdís vann síðar hjá í Hafnarfirði. Félagi okkar Palla.

Sigríður Dagbj.d. skrifar Eggert Ásg. Varmahlíð og Borgarnesi. 6.-7.8.1961.

Fyrst og fremst ætla ég að óska þér til hamingju með nýja aldursárið, elsku ástin mín! Hér er ég stödd í Varmahlíð í Skagafirði, í roki, kulda og rigningu og bíð eftir bréfi sem Óli Vestmann ætlar að senda mér hingað. Rútan kemur kl. 5 í dag, svo þú getur ímyndað þér, hvað ég er spennt.

Elskan, hvað ég er búin að sakna þín oft og hugsa til þín. Ég sé þig enn þá fyrir mér þar sem þú gekkst út í vélina. Ó! Hvað mig langaði til að hlaupa á eftir þér.

Doris og Helgi buðu mér að borða hjá sér daginn eftir -- Það var reglulega huggulegt hjá þeim.

Ég svaf í Tjarnargötunni og mamma þín færði mér te í rúmið um morguninn. Mikið fannst mér einkennilegt að vera allt í einu komin í lítið herbergi, með allt mitt dót. Það tekur sjálfsagt einhvern tíma að venjast breytingunni, en mér fannst fyrst ég ekkert vita, hvað ég ætti af mér að gera. Ég var á eilífum þeytingi á milli þess sem ég borðaði og drakk. Upp á Bergstaðastræti að ná í ýmislegt dót, inn eftir til mömmu, og hitt og þetta.

Ömmu þinni var komið fyrir í fóstur til Eggerts, daginn áður en við fórum. Það var nú meira bíóið í kringum það. Hún fór með rúmið sitt, náttborð og gríðarlega stóra ferðatösku og aðra litla ofan á henni bundin með snærisspotta. Þetta var hennar *prívat*, sem enginn vissi hvað í var. Henni fannst nú nóg um þetta, þegar hún heyrði að rúmið og allt ætti að fara inn eftir.

Hún var ansi vel upp lögð, gerði grín að þessu öllu og hlakkaði mikið til breytingarinnar. Maður veit svo sem hvað nágrannarnir segja, sagði hún. Jæja, þá á loksins að fara að flytja gömlu konuna út.

Sigga „mágkona“ tók á móti henni í málningargalla, öll útötuð í slettum. Dídí og mamma þín sögðu bara að það hefði verið ansi gott að hún hefði ekki séð það.

Stella og Haraldur komu með Gullfossi -- og litu mjög vel út, virtust ánægðari og samstilltari en áður. Þau komu með ryksuguna (*mína*) alveg dásamlega fína. (Hún kostaði 29 pund með græjum). Stella keypti svartan kjól á mig, agalega smart. Hann kostaði 10 pund. Hann er úr þunnu *chiffon*, með slaufu á hliðinni og pífum niður úr.

Það er ekki víst að Haraldur fari aftur strax út. Hann heldur að landlæknir muni ráðstafa honum eitthvað út í buskann. --

Það er búið að fella gengið um 11%. Við vorum aldeilis heppin að vera búin að leysa út leyfið (*fyrir bílnum*).

Sumarfríð byrjaði svo að segja strax og gamla konan var komin út í bæ. Það var byrjað að hrista *cocktaila* í gríð og ergi, bæði fyrir ferðalagið og fyrir kvöldið. Við skelltum okkur nefnilega í Naustið og borðuðum nýjan lax.

Ég vildi að þú hefðir verið kominn þangað. Mamma þín gerði mikið grín að Dídí fyrir það, að hún sagði mér, að hún væri mesti klaufi að pakka niður, öllu sem til væri, tæki allt með sér. Það var líka eins og við væru að fara í kringum hnöttinn, þegar ég var að setja farangurinn út í bílinn.

Reyndar var mamma þín ekkert með minna. Við lögðum af stað kl. 11 komum í Bifröst kl. 2 og borðuðum. Komum svo til Varmahlíðar kl. 8.30 Ferðin gekk eins og í sögu og ég sat alltaf við stýrið. -- við fórum í laugina -- Það var nú bíó að sjá okkur. Eftir hádegi fórum við á Sauðárkrók og að Hólum og skoðuðum kirkjuna. Þar hittum við líka Pál¹ hinn nýgifta. Hann sagði sjálfsagt að lána okkur hesta, hvenær sem væri. - veðrið var svo slæmt að við þurftum að sleppa því. Það var mikið gaman að skoða gamla bæinn í Glaumbæ.

Nú var mælst til að við leyfðum nýgiftum hjónum að borða einum í stofunni sem er fyrir fastagesti. Við leyfðum það, en samt mjög dræmt, sögðum að það stæði líka sérstaklega á hjá okkur þar sem maðurinn minn ætti afmæli. Við fórum í bíltúr meðan brúðhjónin borðuðu. Þegar við komum sáum við brúðhjónin. Það var Pálmi frá Nautabúi, pabbi Helgu (*vinkonu hennar*). Þau giftu sig í Víðimýrarkirkju í morgun. Síðan fengum við okkur *aqua vitae* og *Amstel* bjór með þessum fína mat. Nú erum við að skoða Víðimýrarkirkju og búnar að ákveða að fara í Borgarnes á eftir og freista gæfunnar þar, hvað veðrið snertir. Hótelið hér er fyrir neðan allar hellur og ísjökulköld herbergi. --

Elskan hvað ég hugsa oft til þín.

Ég var dálítið leið í gær. Við hittum Þór Halldórsson² og Auði og fóru þau að spyrja mig svo mikið um þig og óska okkur til hamingju. Mér leið ennþá verr, af því að mér fannst þú svo langt í burtu.

¹ Páll Sigurðsson búnaðarmálastjóri Sigurðssonar.

² Þór Halldórsson (1929-2016) síðar öldrunarlæknir, sem Þórdís vann síðar hjá í Hafnarfirði. Félagi okkar Palla.

7.8. Þá erum við komnar í Borgarnes án þess að hafa fengið bréfið þitt og reikna ég ekki með að fá það í bráð. --

Við biðum eftir rútunni í gær, en ekkert bréf var með bílnum. Síðan lögðum við af stað suður og komum suður og vorum komnar í Borgarnes kl. 12 á miðnætti -- Hér erum við búnar að standa í stöðugu símasambandi við fjölda fólks til að hafa upp á bréfinu. Óli (*Vestmann*) bað sem sé bílfreyju fyrir það, sem skipti um rútu á Blönduósi og hafði svo farið suður og gleymt bréfinu. Síðan er það búið að þversa og krussa um landið, með næturrútu o.þ.h., en ein bílfreyjan segist áreiðanlega hafa lagt það inn í Varmahlíð. Þóra Ingimars þvertækur fyrir að það hafi komið þangað. -- Eina glimtíð er núna, að við erum komin í forsetasvítuna hér og látum fara vel um okkur.

Mikið óska ég að þetta bréf nái til þín og ég fái að heyra fljótlega til þín aftur. -- Ég gæti trúað að þér finnist þetta hálf órólegt bréf, en það er ekki nema von eftir allan þennan eltingaleik og misskilning. Ég hef það samt alveg þrýðilegt, Eggert minn og skemmti mér alveg konunglega. -- Mikið væri gaman að sjá þig í *tropicalfötunum*. Hlakka til að fá þig heim. Ég elska þig alveg ægilega mikið. --

Friede P. Briem skrifar Steinunni Sigurðardóttir Sívertsen. Rvík, 23.7.1961.

Gústav Jónasson dó 13. júlí í Khöfn og skrifar FPB samúðarbréf. Minnist samverustundanna og rifjar upp stundirnar, m.a. þegar þau voru saman við útskrift Jónasar sonar þeirra.

-- Nú fer Eggert eftir rúma viku til Ameríku, ósköp held ég að Sirrí kvíði fyrir því. Palli var að stinga upp á því við mig að ég kæmi og heimsækti hann og kannski við Dídí báðar. Bauðst Sirrí til að vera hérna fyrir mig, en ég vil ekki leggja það á hana. Þó að ég sé ekki að kvarta yfir mömmu, þá er bilið svo breitt milli æsku og elli, og mér finnst Sirrí alls ekki vera manneskja til að taka þetta að sér eftir það sem hún þurfti að líða í sumar.¹ -- Vona ég að ég fái einhvern tím tækifæri til þess að fara frjáls og óháð, áður en ég er orðin svo gömul að ég njóti þess ekki. Ég get farið dag og dag burtu -- ætla að loka skrifstofunni í ágúst.

Álfheiður Sylvia var að koma í gærkvöldi með sinn þýska vin Kurt. Hann er eins og óskrifað blað, 21 árs, en þau virðast ósköp ástfangin. --

Agnar² er farinn að ganga um, þó ekkert megi hann vinna, og er það sannarlega erfitt fyrir hann, því hann er feiknarlega vinnusamur og hefur gaman af ýmsu grúski. Anna og Áslaug eru báðar að vinna, er Anna í unglingavinnu, en Áslaug er að passa lítinn dreng og sýnist mér hún vera mikið með hann í garðinum, svo ég gæti trúað að Ólöf þyrfti að bera ábyrgð á barnagæslunni með henni. Svo er Agnar Bjarni að selja Vikuna, og er einkennisklæddur út af því, mynd af vikunni, bæði framan og aftan; þess á milli er hann að veiða hornsíli. Þau eru yndisleg krakkarnir. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 30.7.1961.

Vonar að hann haldi áfram að skrifa þótt sjálfur fari hann í burtu á morgun. Íbúðin í Sólheimum kláraðist ekki í tæka tíð. Þau voru að reyna að leigja hana út en tókst ekki. 25 komu að skoða og kláruðu úr makkintossdós.

Helgi bauð mörgum, þar á meðal okkur, í kokkteil á eftir. Þau eru búin að offylla íbúðina með ofstórum mubblum frá Spánía. Þær eru handgerðar, ári sniðugar, með myndum úr þjóðsögum, Íslendingasögum; þar eru sjóarar, bændur, stríðandi fígúrir, skrautklæddar konur með fálka á öxlunum. Er þetta allt fágætir gripir sem varla verður þverfótað fyrir. -- Íbúðin okkar er stórvel heppnuð, eldhúsið eins og klippt út úr *Ideal home*. --

Fer nú út í óvissuna. Get ekki sagt að ég hlakki mikið til. Ég kvíði hálf fyrir. Mér þykir það heldur óskemmtilegt að vera að kljúfa svona litla fjölskyldu í sundur. -- Viðskilnaður kvað líka vera góður fyrir ástina. --

Washinton DC. 31.7.1961.

Þetta kvöld undir kl. 12 á miðnætti hófst ferðin -- Heldur þótti mér leiðinlegt að bíða á flugvellinum. Ég, og við Sirrí bæði, urðum eins og annars hugar þar sem við stóðum í allri þessari traffík í flugstöðinni. Þegar hringt var til brottferðar var eins og hjartað fylltist af sorg. Þegar ég kyssti Sirrí og gekk burt og horfði á hana svo sorgbitna, með augun full af tárur, þá þótti mér hún fallelgri en nokkru sinni fyrr. Hvað er dásamlegra en að sjá söknuð og sorg vegna brottfarar manns sjálfs. Ég sá hana, mömmu og Dídí, standandi í birtu flugstöðvarinnar þegar flugvélin fór af stað --

¹ Sigríður og Eggert áttu dóttur sem fæddist andvana.

² Agnar Kl. Jónsson var orðinn ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu.

1.8.1961. Tekið var á móti mér af manni frá State Department sem kom mér upp í flugvél til Washington. Átti ég far á fyrsta klassa en var settur á annan. Fékk ég ávísun fyrir mismuninum. Þar tók annar maður á móti mér og fór með mig á hótél. Ég notaði tímann og skoðaði mig um í nágrenninu.

Dagbók. 2.8.1961. Nú var mér komið til American Council on Education til mr. Baker sem á að skipuleggja ferðin. Þegar ég var þar gengu ung íslensk hjón inn í skrifstofuna, Ásmundur Pálsson og kona hans Anna Þorgrímsdóttir.¹

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Washington, 2.8.1961.

Segir frá ferðinni, þrumum, eldingum, hita og móttökum gestgjafanna bæði í New York og Washington, dýru hóteli og fallegri borg.

Síðar sama dag segir hann nánar frá móttökum gestgjafans. Mr. Baker vill allt fyrir hann gera og er að útbúa programmið. Biður um adressu Ólafs Ólafssonar bekkjarbróður síns.

Úr dagbók. 5.8. 1961.

Þessa daga stendur yfir undirbúningur ferðarinnar. Hef hitt nokkra menn af ýmsu þjóðerni, í svipuðum erindagerðum og ég.

Sigríður Dagbj.d. skrifar Eggert Ásg. Varmahlíð og Borgarnesi. 6.-7.8.1961.

Fyrst og fremst ætla ég að óska þér til hamingju með nýja aldursárið, elsku ástin mín! Hér er ég stödd í Varmahlíð í Skagafirði, í roki, kulda og rigningu og bíð eftir bréfi sem Óli Vestmann ætlar að senda mér hingað. Rútan kemur kl. 5 í dag, svo þú getur ímyndað þér, hvað ég er spennt.

Elskan, hvað ég er búin að sakna þín oft og hugsa til þín. Ég sé þig enn þá fyrir mér þar sem þú gekkst út í vélina. Ó! Hvað mig langaði til að hlaupa á eftir þér.

Doris og Helgi buðu mér að borða hjá sér daginn eftir -- Það var reglulega huggulegt hjá þeim.

Ég svaf í Tjarnargötunni og mamma þín færði mér te í rúmið um morguninn. Mikið fannst mér einkennilegt að vera allt í einu komin í lítið herbergi, með allt mitt dót. Það tekur sjálfsagt einhvern tíma að venjast breytingunni, en mér fannst fyrst ég ekkert vita, hvað ég ætti af mér að gera. Ég var á eilífum þeytingi á milli þess sem ég borðaði og drakk. Upp á Bergstaðastræti að ná í ýmislegt dót, inn eftir til mömmu, og hitt og þetta.

Ömmu þinni var komið fyrir í fóstur til Eggerts, daginn áður en við fórum. Það var nú meira bíóið í kringum það. Hún fór með rúmið sitt, náttborð og gríðarlega stóra ferðatösku og aðra litla ofan á henni bundin með snærisspotta. Þetta var hennar *prívat*, sem enginn vissi hvað í var. Henni fannst nú nóg um þetta, þegar hún heyrði að rúmið og allt ætti að fara inn eftir.

Hún var ansi vel upp lögð, gerði grín að þessu öllu og hlakkaði mikið til breytingarinnar. Maður veit svo sem hvað nágrannarnir segja, sagði hún. Jæja, þá á loksins að fara að flytja gömlu konuna út.

Sigga „mágkona“ tók á móti henni í málningargalla, öll útötuð í slettum. Dídí og mamma þín sögðu bara að það hefði verið ansi gott að hún hefði ekki séð það.

Stella og Haraldur komu með Gullfossi -- og litu mjög vel út, virtust ánægðari og samstilltari en áður. Þau komu með ryksuguna (*mína*) alveg dásamlega fína. (Hún kostaði 29 pund með græjum). Stella keypti svartan kjól á mig, agalega smart. Hann kostaði 10 pund. Hann er úr þunnu *chiffon*, með slaufu á hliðinni og pífum niður úr.

Það er ekki víst að Haraldur fari aftur strax út. Hann heldur að landlæknir muni ráðstafa honum eitthvað út í buskann. --

Það er búið að fella gengið um 11%. Við vorum aldeilis heppin að vera búin að leysa út leyfið (*fyrir bílnum*).

Sumarfríð byrjaði svo að segja strax og gamla konan var komin út í bæ. Það var byrjað að hrista *cocktails* í gríð og ergi, bæði fyrir ferðalagið og fyrir kvöldið. Við skelltum okkur nefnilega í Naustið og borðuðum nýjan lax.

Ég vildi að þú hefðir verið kominn þangað. Mamma þín gerði mikið grín að Dídí fyrir það, að hún sagði mér, að hún væri mesti klaufi að pakka niður, öllu sem til væri, tæki allt með sér. Það var líka eins og við væru að fara í kringum hnöttinn, þegar ég var að setja farangurinn út í bílinn.

¹ Ásmundur Pálsson (1930-84), bróðir Indriða Pálssonar lögfræðings, kunningja míns. Anna var systir Árna Þorgrímssonar flugumferðarstjóra í Keflavík.

Reyndar var mamma þín ekkert með minna. Við lögðum af stað kl. 11 komum í Bifröst kl. 2 og borðuðum. Komum svo til Varmahlíðar kl. 8.30 Ferðin gekk eins og í sögu og ég sat alltaf við stýrið. -- við fórum í laugina -- Það var nú bíó að sjá okkur. Eftir hádegi fórum við á Sauðárkrók og að Hólum og skoðuðum kirkjuna. Þar hittum við líka Pál¹ hinn nýgifta. Hann sagði sjálfsagt að lána okkur hesta, hvenær sem væri. - veðrið var svo slæmt að við þurftum að sleppa því. Það var mikið gaman að skoða gamla bæinn í Glaumbæ.

Nú var mælt til að við leyfðum nýgiftum hjónum að borða einum í stofunni sem er fyrir fastagesti. Við leyfðum það, en samt mjög dræmt, sögðum að það stæði líka sérstaklega á hjá okkur þar sem maðurinn minn ætti afmæli. Við fórum í bíltúr meðan brúðhjónin borðuðu. Þegar við komum sáum við brúðhjónin. Það var Pálmi frá Nautabúi, pabbi Helgu (*vinkonu hennar*). Þau giftu sig í Víðimýrarkirkju í morgun. Síðan fengum við okkur *aqua vitae* og *Amstel* bjór með þessum fína mat. Nú erum við að skoða Víðimýrarkirkju og búnað að ákveða að fara í Borgarnes á eftir og freista gæfunnar þar, hvað veðrið snertir. Hótelið hér er fyrir neðan allar hellur og ísjökulköld herbergi. --

Elskan hvað ég hugsa oft til þín.

Ég var dálítið leið í gær. Við hittum Þór Halldórsson² og Auði og fóru þau að spyrja mig svo mikið um þig og óska okkur til hamingju. Mér leið ennþá verr, af því að mér fannst þú svo langt í burtu.

7.8. Þá erum við komnar í Borgarnes án þess að hafa fengið bréfið þitt og reikna ég ekki með að fá það í bráð. --

Við biðum eftir rútunni í gær, en ekkert bréf var með bílnum. Síðan lögðum við af stað suður og komum suður og vorum komnar í Borgarnes kl. 12 á miðnætti -- Hér erum við búnað að standa í stöðugu símasambandi við fjölda fólks til að hafa upp á bréfinu. Óli (*Vestmann*) bað sem sé bílfreyju fyrir það, sem skipti um rútu á Blönduósi og hafði svo farið suður og gleymt bréfinu. Síðan er það búið að þversa og krussa um landið, með næturrútu o.þ.h., en ein bílfreyjan segist áreiðanlega hafa lagt það inn í Varmahlíð. Þóra Ingimars þvertækur fyrir að það hafi komið þangað. -- Eina glimtíð er núna, að við erum komin í forsetasvítuna hér og látum fara vel um okkur.

Mikið óska ég að þetta bréf nái til þín og ég fái að heyra fljótlega til þín aftur. -- Ég gæti trúað að þér finnist þetta hálf órólegt bréf, en það er ekki nema von eftir allan þennan eltingaleik og misskilning. Ég hef það samt alveg þrýðilegt, Eggert minn og skemmti mér alveg konunglega. -- Mikið væri gaman að sjá þig í *tropicalfötunum*. Hlakka til að fá þig heim. Ég elska þig alveg ægilega mikið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Washington, 6.8.1961.

-- Samgöngur í borginni eru slæmar og þarf mikið að ganga og orðinn sárfættur, svo þurfti að kaupa nýja skó. Hélt upp á afmæli sitt með fataframleiðanda frá Tammerfors sem er í áþekktum erindagerðum og hann sjálfur. Fóru og skoðuðuð heimili Washington forseta í Mt. Vernon og ýmis minnismerki og minnisbrýr út um allt. Með í ferð var hópur manna frá Kongó, m.a. fyrsti háskólamenntaði læknirinn þeirra. Kurteisir menn og gæðalegir, en töluðu frönsku. Verið er að semja ferðaáætlun mína, en gengur ekki vel að koma mönnum í skilning um óskir mínar.

-- Mér finnst alveg óbærilegt að hafa þig ekki hjá mér. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Washington. 6.8.1961.

-- Annars vilja Kanar gera allt fyrir mann, jafnvel einum of mikið, þ.e. þegar þeir vilja gera fyrir mann það sem maður vill ekki að þeir geri. Það er dálítið kómískt, en þeir vilja eyða svo miklu á mig að ég er heldur á móti því. Ef ég vildi gæti ég farið til Flórída, Hawai og Alaska. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Varmahlíð. 6.8.1961.

-- er ekki einu sinn hægt að senda skeyti, nema í huganum og skal það hér með gert -- Gaman er að njóta þess að yngja sig upp og vera með Sirrí. Fórum á föstudaginn var -- Mamma er líka í sumarfrí eins og Sirrí hefur sjálfsagt sagt þér með vel völdum orðum. Við erum á förum héðan vegna kulda og vonskuveðurs, vorum að drekka afmæliscaffi með fleiri kökutegundum en nokkurn tíma hafa verið bornar fram á þeim degi. Erum við því vel saddar og biðum eftir bréfi með rútunni að sunnan, sem frést hefur að komið hafi frá þér til Sirríar. Þetta eru sundurlausir þankar út af því hve oft bílar koma hér í hlaðið og er alltaf búist við að

¹ Páll Sigurðsson búnaðarmálastjóra Sigurðssonar.

² Þór Halldórsson (1929-2016) síðar öldrunarlæknir, sem Þórdís vann síðar hjá í Hafnarfirði. Félagi okkar Palla.

það sé hinn eini rétti. Nú hleypur Sirrí heldur léttilega út og hittir bílstjóran, bílfreyju, og hvað það allt heitir, og nú urðu vonbrigði - ekkert bréf. --

Hótel Borgarnesi 7.9. Þá held ég áfram. -- Við búum hér í forsetasvítunni og kunnum því vel -- Mikið var skrítið að fara með mömmu í útstælsíð, en hún var glöð og kát, með gamanyrði á vörum.--

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Borgarnesi. 8.8.1961.

Þakka bréfið víðförula. Vonandi ertu búinn að fá mitt bréf sem ég sendi í sendiráðið í Washington. Hér í Borgarnesi höfum við það alveg dásamlegt. Veðrið er alveg fyrsta flokks og við „*piknikkum*“ allan daginn í gegn við hressingarlæki í iðgrænu kjarri Borgarfjarðar. -- Á morgun erum við búnar að leigja okkur hesta hjá Ingvari á Hofstöðum og verður hann fylgdarmaður (kl. 1-7).

Í dag skruppum við inn í kaupfélagið og ætluðum að kaupa pínulítið. Heldurðu þá ekki að ég hafi séð Fridgidaire ísskáp þar, akkúrat eins og við pöntuðum. Hann kostaði 17.183 en hinn 16.900 og verður sennilega enn dýrari út af gengisfellingunni. -- Svo ég þóttist heppin. -- Til hamingju. Á fimmtudag ætlum við á Akranes í leikhúsið. Þar er verið að sýna „*Taugastrið tengdamömmu*“. --

Það beygja sig allir og bugta hér í plássinu fyrir okkur, af því að við búum í forsetasvítunni. -- Ég sit nú ein við gluggann og horfi á dásamlegt sólarlagið. --

Íbúðin okkar stendur við það sama. Það var verið að rykbinda þegar ég fór og ef til vill verður lyftan komin í gang. --

9.8.1961. Þakka þér fyrir bréfið, ástin mín. -- Þetta var nú meiri reiðtúrinn í dag. Við riðum frá Hofstöðum, sem er næsti bær við Stafholt, upp hjá Varmalandi, yfir Norðurá að veiðikofa Stangveiðifélagsins og yfir Þverá, rétt ofan við Laxfoss, upp hlíðina þar sem sást yfir í Bifröst, yfir Þverárhliðina og komum við hjá Cillu. Þar eru þau að byggja hlöðu -- Þetta var alveg dýrðlegur dagur, hlýtt og sólin skein í heiði. Mikið hugsaði ég til þín þegar við Bleikur þustum yfir árnar og um grænar grundir. En, drottinn minn dýri, þær harðsperrur. Ég vona bara að sætin í Akranesbíói séu mjúk.

Elsku Eggert, hvað ég sakna þín oft og óska að þú værir kominn til mín. Samt hef ég það alveg dásamlegt og skemmti mér vel í alla staði hér í sumardvölinni. Dídi og mamma þín eru alveg prýðilegar að ferðast með. -- Næst vona ég að geta skrifað þér á ritvél! --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Washington. 9.8.1961.

*Segir frá ferðaáætluninni sem er ótrúleg, en ráðgjafarnir vilja að hann sjái sem mest. Er á leið til að hitta Ólaf Ólafsson, lyfjafræðing, bekkjarbróður sinn og konu hans Ernu Hermannsdóttur.*¹

-- Ég vona að þú hafur það sem allra best, elsku konan mín; ég er alveg óður að hitta þig. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Helga P. Briem. Chapel Hill, 10.8.1961.

Meginefni er skuldamál. Þeir Helgi skiptu með sér láni sem Helgi fékk. Nú er ég áhyggjufullur vegna uppgjörs þessarar árs, minni á það og bið hann tala um það við Sirrí. Þá var hann að fréttast af gengisfellingunni, en á móti hafi hækkun launa opinberra starfsmanna.

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Des Moines, 14.8.1961.

-- heldur snubbótt bréfið sem ég sendi þér síðast, þegar ég var að ljúka því kom hringing um að bíllinn sem flytja ætti mig út á flugvöll, byði eftir mér. Ég hélt svo sem leið lá til Chapel Hill í Norður Karólínu. Heldur brá mér þegar ég kom út úr flugvélinni og sá Óla. Hann var gjörbreyttur, slappur og aumingjalegur. Hann hafði verið þjáður af ofnæmi lengi, var jafnvel haldið að hann væri með sykursýki. Höfðu rannsóknir á því staði lengir. Loksins kom sú niðurstaða að hann væri ekki með sykursýki og sneru læknar sér þá að ofnæminu aftur. Ef hann hefði verið með sykursýki hefði verið óvíst hvort hann gæti haldið náminu áfram. Hresstist hann við þessar fréttir.

Voru þau Erna og hann alveg frábærlega góð við mig, þótt þau lifivið þröngan kost miðað við Kanana, sem allri virðast eiga bíla. Annar Íslendingur er við nám í lyfjafræðideildinni, Vilhjálmur Skúlason frá Hafnarfirði, giftur Kristínu Gísladóttur og eiga fjögurra ára stúlku.² Þarna er líka Inga Rúna Ingólfssdóttir (Jónssonar lögfræðings, bekkjarbróður pabba).³

¹ Ólafur Ólafsson (1928-1984) síðast lyfsali á Húsavík og kona hans Erna Hermannsdóttir (1933).

² Vilhjálmur G. Skúlason (1927) prófessor og Kristín G. Gísladóttir (1919-1996). Dóttirin Karólína verð hjúkrunarfræðingur í Hafnarfirði.

³ Inga Sigrún Ingólfssdóttir (1925-86), gift verkfræðingi. Dóttir fyrri konu Ingólfs Ingibjörgu Steinsdóttur, leikkonu á Akureyri.

Allt þetta fólk hrúgaðist í kringum mig -- Það var ósköp undarlegt að rekast á hóp landa úti á þessum líka hjaranum. Bærinn er með 12 þús. íbúum, ekkert þar að gerast.¹ Hitinn var alveg óskaplegur vegna þess hvað rakinn er gífurlegur. Ég var eiginlega í hálfgerðu dái allan tímann --

Fór í veislur með nemendum deildarinnar. Það undarlega var að nemendurnir höfðu flestir komið í skólann vegna þess að dr. Sigurður Jónsson var landsþekktur prófessor. Sigurður var hafði dáið í bílslysi. Þegar ég kom af flugvellinum var einmitt ekið hjá þeim stað sem hann hafði farist. Minntust margir sem ég hitti Sigurðar með miklum söknuði, enda hafði hann haft áhrif á lífsslaup þeirra og þeir fylgt í fótspor hans í starfi.

-- Það helsta sem ég gerði í faginu að ég var alla dagana í háskólanum að tala við prófessorana í heilbrigðismálum, auk þess sem ég lá í bókum. Þeir voru alveg óskaplega þægilegir við mig, þannig að nú er ég alveg viss um hvað ég á að taka mér fyrir hendur í næstu bæjum sem ég heimsæki.² --

Þá lýsi ég ferð til Des Moines, móttökum þar, gestrisni og hugsunarsemi mannsins sem beðinn var að taka á móti mér.

-- Ég er ansi áhyggjufullur út af öllu sem þú þarft að ráða fram úr, elskan mín. Ég heyrði nefnilega í Chapel Hill að gengisfelling hefði skolið á heima. Þannig hljóta peningaáhyggjur að hrjá þig. Og hvernig skyldi ganga með íbúðina? -- Ég verð að fara á fundinn núna (Alþjóðafundur um mjólkutækni). Ég get varla slitið mig frá að skrifa, því ég kemst í eitthvað svo skemmtilegt andlegt samband við þig meðan ég er að því. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Jórunni Ingimundardóttur. Des Moines, 14.8.1961.

Kæra tengdamóðir! Þetta virðist fyrsta bréf sem okkar fór á milli því ég segi að mér finnist einkennilegt að ávarpa hana þessum orðum. Segir fréttir.

-- Ég var í fyrrakvöld gestur á heimili íslenskra hjóna. Þau eiga fjögurra ára dóttur. Í landinu virðist vera svo til algild venja á heimilum að biðja borðbænar. Það gera þessir Íslendingar ekki frekar en aðrir landar. Dóttirin hafði einhvern tíma borðar hjá vinkonu sinni og séð þetta -- Svo gerðist það einn daginn þegar sest var að borði heima hjá henni að pabbi hennar byrjaði að borðar. Hún hrópaði og sagði að það mætti ekki byrja strax. Hún spennti greipar, hneigði höfuðið og tuldraði: *Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm. sex -- tíu*, lyfti höfði og sagði: *Olræt, nú má byrja*. Hún hafði ekki heyrt hvað var sagt, hélt að folkið væri að telja; ekkert sennilegra, nýbúin að læra það sjálf. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Des Moines, 14.8.1961.

Segir fréttir af sér, mataræði Bandaríkjamanna g sem er farið að hafa áhrif á hann til hins verra. Þá ræðir hann um skipulag borganna, sem veldur hrörnun miðbæja og flutningi verslana til úhverfa þannig að almenningssamgöngur dragast saman og leggjast af. Miðborgirnar hrörna þó hverfinn bjóði ekki upp á neitt menningarlegt. Þykir leiðinlegt að hafa skrifað um borgarmál sem allt var vitað fyrir, ekkert nýtt.

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Des Moines, 15.8.1961.

Þakkar bréf, sem hann skildi ekki enda ekki fengið fyrri bréf hennar, sem fóru á fyrri dvalarstað. Segir fréttir af sér boðsferð út um sveitir til að skoða bændabýli er gestgjafi hans á, og geislaheldan sprengjukjallara, en þetta var tím kalda stríðsins hræðslu við atómsprengju. Þá var honum boðið til guðfræðiprófessors við Drake háskólann. Þá ræðir hann um Volkswagenbílinn sem þau höfðu pantað.

-- Mér þykir alveg dásamlegt hvað þið skemmtið ykkur og mikið var mér létt þegar ég frétti um ísskápinn.⁴

¹ Er ég kom þangað löngu síðar með Sirrí og börnunum hittum við innbyggjara, þá var annar blær á, enda folkið efnað, starfsmenn stórfyrirtækja og landsfélaga, bjó í glæsihúsum með loftkælingu og öðrum þægindum. Reynsla mín, fyrr og síðar, var af mörgum einkennum stéttaskiptingar.

² Það sem mér er eftirminnilegt var er ég gekk inn í skrifstofu heilbrigðisdeildarinnar. Þar var starfsfólk kynnt fyrir mér og ég tók í hendur þess. Einn kennari var þar blökkumaður, elskulegur maður, sem ég *rauk á* og heilsaði með handabandi. Var gott að tala við hann og hann sýndi mér svo borgina. En prófssorinn, tengiliður minn, sagði mér svo að það hefði vakið mikla ánægju hvernig ég tók honum. Þetta voru umbrotatímar í kynþáttamálum og enginn vissi hvernig ég myndi bregðast við. Ég stóðst þetta próf próf!!

³ Jórunn Ingimundardóttir (1911-2008), tengdamóðir mín.

⁴ Þær voru á ferð í Borgarnesi þegar þær rákust á hentugan ísskáp og keypti Sirrí hann. Við höfðum verið ísskápslaus fram að því, hengdum mat í bandi út um búrgluggann!

Eggert Ásgeirsson skrifar Álfheiði Briem. Des Moines, 18.8.1961.

Veltir fyrir sér hvar hún sé niður komin, þar sem allir í Tjarnargötu 24 eru á ferðalagi. Segir frá heimsókn sinni til Ágústs Valfells og konu hans Matthildar.¹ Hann er að ljúka doktorsprófi í kjarneðilsfræði og eiga þau von á barni.²

Dagbók 18.8.1961. Ég fór og lét innrita mig á fundinn. Morguninn eftir hófust svo fundirnir og er hægt að fara fljótt yfir sögu með þá. Þeir voru bæði leiðinlegir, ófaglegir og langdregnir. Kanarnir eru alltaf að segja brandara, hvar sem þeir eru. Brandarnir eiga hins vegar enga stoð í því sem þeir eru að segja; virðist mér þeir reyna að sveigja ræðuna að brandaranum, sem þeir vafalaust hafa fundið í einhverjum bókum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd.. Des Moines, 19.8.1961.

Hef verið að skoða ríkisgarðana hérna í Iowa, með yfirmanni þeirra og fjölskyldu hans. Sonurinn var hinn ágætasti þar til heim var komið, þar tyranniseraði hann alla, krafðist þess að horfa á sjónvarpið, líka þegar borðað var og meðan hann fór með borðbænina en þá heyrðist varla í honum fyrir skothríð og hnefahöggum. Þá var ég á skrifstofu borgarlæknisins.

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 21.8.1961.

Þakkar bréf og ræðir þær vegalengdir sem hann hafi ferðast.

-- Sirrí er með atlasinn uppi hjá sér, til þess að geta betur fylgt þér í huganum. --

Maður er endurnærður eftir þetta indæla sumarfrí, með einkabílstjóra með sérmenntun í prímusfræði. Það var notalegt þegar fór að hvína í og vona var á rjúkandi heitum réttunum. Okkur leið svo vel í forsetasvítunni -- ógurlega þægilegt að vera í kaupstað, þar sem hægt var að kaupa mjólk og mat daglega og fara svo frjálts eitthvað út í buskann. Sirrí ók alltaf, en ég var kortameistari. Hafði ég bæði gleraugu og stækkunargler -- því það er skemmtilegra að vita hvað er í kringum mann; þó það geymist fljótt, þá er gaman að því; ég fann það best þegar Sirrí var kortameistari í ferðinni í Fljótshlíð í sumar. Það var svo dásamlegt og skemmtilegt.

Ósköp er indælt að hafa Sirrí hér í horninu þínu. Hún er svo kát og ljúf, vinnusöm og þægileg, og allt vill hún fyrir mig gera. Hún er búin að sauma gardínur fyrir gluggann uppi og koma þeim upp með aðstoð Steina bróður síns, sem stóð bullsveittur upp í tröppu eitt kvöldið og glímdi við gardínustöngina. --

Segir frá dvöl Álfheiðar móður sinnar hjá Eggert bróður sínum og Sigríði. Hún fékk margar heimsóknir og var vel sinnt. En hlakkaði líka til að komast heim, en því miður fljót að gleyma því sem gerst hafði.

-- Steinunn og Krismann komu aðeins einu sinni á Hofteiginn -- og var það síðasta daginn. Þau töluðu mikið um prófarkir og prófarkalestur, er það ekki að undar, þar sem tvær bækur koma út í haust í þýðingu Steinunnar og þrjár eftir Kristmann. Mér lýst vel á hvað áhugamálin hjá þeim fara saman, og sýnist allt í lukkunnar velstandi hjá þeim. Hins vegar þótti mömmu prófarkir ekki skemmtilegt umræðuefni. --

Vikum við úr borðstofunni í Varmahlíð fyrir brúðhjónum, sem höfðu gift sig í Varmahlíðarkirkju um morguninn. Var það 6. ágúst, einmitt á afmælin þínu. Var ég búin að panta mat og eftirrött til hátíðabrigða, borðuðum þó ekki fyrr en um hálf tvö, en þá veitti Sirrí okkur líka ríkulega dósaöl; þá höfðum við borðstofuna líka einar og þurftum ekki að fela mjöðinn. En þegar ég var að segja þeim fréttir úr ferðalaginu og meðal annars þetta með giftinguna og brúðguminn, faðir Elínar Pálmadóttur, væri eitthvað 57-58 ára, býsnaðist mamma feiknin öll yfir því hvað hann væri gamall, það þó Kristmann sæti við hliðina á henni. Hún kom að því aftur og aftur, hvað svona karlar vildu vera að gifta sig, og það ungum konum; þýddi ekkert fyrir okkur annað en að láta hana breiða sig út um þetta. Kristmann fór heldur ekkert hjá sér að sitja undir þessu, heldur aðallega tengdaforeldrarnir. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Salt Lake City, 21.8.1961.

-- bréfið var alveg stórdásamlegt, ég sat hér niðri í sóðalegu lobbíinu og hló hátt þegar ég las það, milli þess sem ég komst við af hrifningu. Þú ert hreint alveg stórkostlegur bréfitari. -- Mér lýst vel á allar skemmtanirnar sem þið standið í. Ég kalla það að standa í, því þær eru svo stífar. Á meðan aumingja amma er í málningarlykt inni í Teigum. Mér þykir tíra, það var ekki að furða þótt skítið væri að sofa í gamla herberginu mínu. --

¹ Ágúst Valfells (1934) og Matthildur Ólafsdóttir Valfells (1933) hjúkrunarfræðingar frá Vík í Mýrdal. Var hún þekkt hér í borg, vegna fegurðar og frækneika.

² Það mun vera Jón Valfells sjónvarpsmaður; síðar starfsmaður Rauða krossins í Genf.

Mér þótti heldur slæmt að geta ekki verið lengur í Des Moines, því þar var gott að vera - búinn að eignast þar góða vini. -- Meðal annarra var það Herbert McCaw -- Hann fór með mig í bíltúr út fyrir bæinn. Ég var dálítið í vafa um þann mann í fyrstu. Hann var eins og Yves Montand, í rýrnuðu ásigkomulagi þó. -- Hann tók mig með sér til að ég gæti verið vitni að því þegar hann var að innheimta leiguna, ef til einhverra leiðinda drægi. Þar voru skjálfandi kerlingar og ófyrirleitnir strákar, sem drógu fram dollara, hræddir á svip þegar lordinn bankaði upp á. Ekki dró til rifrildis nema við einn. Herbert hafði keypt þetta á láni, í von um að geta gert sér mat úr því þegar á að fara að byggja við ráðhúsið *usss* ekki segja - hann hafði bara fengið pata af því svona privat, ekki segja mr. Sheldon neitt af þessi - *investment - you see*. Svo ókum við alveg áhyggjulausir út úr bænum í áttina að Indianola og ræddum um leigumál, slæma og góða leigjendur. Ég náði alveg trúnaði hans þegar ég sagði honum á móti, að það væri líka mitt hlutverk að innheimta leigu um mánaðamót. Ekker upp úr öllu að hafa, bara erfiði og skattar! Maður lifandi.

Hvað vorum við að gera til Indianola? Jú, hann vildi sýna mér búgarð sem hann á. Keypti hann í fyrra með öðrum. Líka til að *investera*. Skepnurnar á öðrum búgarðinum, lætur fólkið skreppa á milli til uppskerunnar. Iowa framleiðir mest allra ríkja af maís. Maísaðkarar svo langt sem auga eygir. Ég var hrifinn af að koma út í sveitina. Þetta er ekki besta landið í fylkinu til ræktunar. Gefur ekki nema svo sem 70 skeppur á hverja ekru. Það besta kemst upp í 100. En svo mikla frjósemi hef ég aldrei fyrr séð. Mannhæðarhár maísstönglar, hvar sem lítið er nema á stöku stað þar sem baunirnar eru. Þeir rækta soyjabaunir, verða svolítið einkennilegir á svipinn þegar á það er minnst að þeir fengu þær frá hinu hataða Kína.

Skordýralífið iðaði; það söng í grassverðinum og trjánum, ýmist með háum, eða lágum, tónum svo fuglarnir komust ekki að. Þarna var mikið af fiðrildum, fagurlega litum, engisprettum þriggja til fjögurra sentimetra löngum. Það syngur aðallega í engisprettunum. Þær eru þó ekki svo slæmar að það þurfi að eitra fyrir þeim. Það var kominn svo mikill gróður alls staðar að það er ekki talin hætta á að engispretturnar ráðist á maísinn. Á jörðinni er gamall bóndabær, reisulegur, fallegur, hnarreistur í allri þessari dýrð. En inni var myglulykt. Engin bjó þar. Jörðin var of lítil. Varð að steypa fleirum saman. Þrúgur reiðinnar!!

En á næsta bæ. Þar var glaumur og gleði. Við ókum í hlað. bóndinn stóð og var að mála hlöðuna. Leit upp kankvís og forvitinn. Með *Guðmundarvennerströmslegt* háðsbros á vörum. Hann var hissa að hitta mig. Hann trúði ekki sínum eigin eyrum þegar ég lýsti fyrir honum búskapnum á Íslandi. Þarna voru nú kýr í lagi. *Black Angus* heita þær. Stólpagripir. Þeir eru farnir að mjólka þær þannig að kýrnar eru reknar nokkrar í einu upp á pall. Bóndinn stendur niðri í hálfgerðum flór og mjólkar þær með júgríð í brjósthæð. Ekki til brúsar. Mjólkin öll sett í tank með kæli. Síðan er hún sótt, annan hvern dag, dælt í tankbíl. Bílstjórinn tekur sýnishorn úr hverjum tank. Munur að sjá en heima. Svínin hlaupa um eins og villidýr um allar jarðir.

Það voru viðbrigði að koma hingað til Ameríku. Það er talað svo mikið um stríð að ég fékk næstum taugaáfall. Fréttaflutningur í sjónvarpi og blöðum er mest um stórfréttir. Þær eru ræddar, analyseraður og streist við að gera þær svo merkilegar svo allar aðrar fréttir falli í skuggann. Ég hef ekki heyrt eina einustu útlenda frétt, svo ég muni nema Berlínarmálið. Svo, einn dag fellur Berlínarmálið í skuggann af annari frétt og ekki verður minnst á það fram að næsta stórviðburði þar í borg. Þar við bætist að fjöldi fyrirtækja streitist við að selja *falloutshelter*, eins og þau eru kölluð; áður en varir er búið að gera alla skíthrædda., byrjað að kveðja menn í herinn; allt fer eins og Krúsi¹ vill. Þetta virtist ofurvenjulegur rólyndur guðfræðingur. Við gerum alltof lítið í þessum málum heima en hjálpi mér, þá er betra að vera kærulaus en kæra sig um allt.

Á eftir þessari heimsókn fórum við heim til hans Herberts, borðuðum og fórum svo að heimsækja granna hans Harlan Miller, greinarhöfund Des Moines morgunblaðsins, frægan rithöfund eftir því sem samborgarar hans halda fram. Ósköp elskelegur og forvitinn maður. En ég var líka forvitinn. Hann gat svalað forvitni minni. Á eftir fórum við að skoða bíó sem Herbert á ásamt átta íbúðum í húsinu.

Í fræðsluskrifstofunni vinnur gömul kona sem skipuleggur móttökur erlendra námsmanna í Iowa. Eins og allt amerískt er það vendilega skipulagt. Formaður íslensku deildarinnar hringdi til mín og bauð mér að kynna mig fyrir Ágústi Valfells, sem stundar nám í Ames, skammt frá Des Moines. Mér leist heldur illa á að fara með hann og kærasta hennar til að heimsækja íslenska fjölskyldur. Það virtist Ágústi líka, því hann vildi heldur hafa beint samband við mig. Sem hann og gerði. Ég fór svo með honum til Ames, til konu hans, eftirmiðdag þegar ráðstefnan var hvað óskaplegust. Kona hans heitir Matthildur og er frá Vík í Mýrdal, glæsileg kona, hjúkrunkona að mennt. Þau eiga von á barni í næsta mánuði. Hjá þeim var ég góða stund, skoðaði kjarnakljúf þann sem Ágúst vinnur við. Hann er að skrifa doktorsritgerð um einhverja merkilega aðferð til að vinna rafmagn úr kjarnorku. Allt endaði auðvitað með útisteiktu kjöti, storgóðu.

¹ Nikita Khrushchev "forseti" Rússlands.

Skammturinn er samt eilítið of stór, á versta tíma, daginn sem ég ákvað að hefja megrunaraðgerð mína. Hvernig hægt er að fitna svona mikið á stuttum tíma er mér gjörsamlega óskiljanlegt.

Ræðir gæjana mörgu sem keyra meðandlegginn hangandi út úr bílnum. Þetta vildi ég ekki skilja - fyrst.

Allir eru hangandi með olnbogann út um gluggann því það hleypir golu inn í bílinn. Þangað til hitinn er kominn upp fyrir líkamshita, þá er það ekki frískandi lengur. Það fann ég í dag. Ég var að koma frá Ogden, bæ hérna fyrir sunnan Salt Lake City. Handleggurinn út um bílgluggann! Það var ekki frískandi lengur.

Ég ætlaði að segja þér frá miklu fleiru en þessu. Borgin hérna er alveg stórkostleg og margt hér alveg stórmerkilegt, en ég verð að láta það bíða betri tíma. Ég fór á sunnudaginn frá Des Moines. Fyrst fór ég til Omaha í Nebraska, sem stendur rétt við Missouriána. Ég labbaði niður að vatni rétt við flugvöllinn. Hann veiddi eins og aðrir með þeirri aðferð að hafa tvær stengur í gangi og tylla þeim á klofna spýtu, eins og Tom Sawyer á sínum tíma. Hann var alveg ógurlega reiður út af því að fólk var á vatnaskíðum fyrir utan. Hann sagði í sífellu: *I hope your drown* þegar veslings fólkið steypist á hausinn á vatninu.

Nú veit ég að þú ert orðin óróleg yfir því að ég sé að verða of seinn í flugvélin; nei góða mín; það verður seinkun hér eins og heima. Jafnvel á þotum. Ég átti að fara með þotu frá Omah til Denver í Colorado. Loksins komst flugvélin af stað. Það er alveg stórkostlegt að ferðast með þotu. Allt rólegt og skemmtilegt. Þær voru líka ánægðar með það flugfreyjurnar. Ég var að spyrja þær að því hvort það væri ekki mikið að gera. Nei, það virtist allt ganga eins og í sögu. Allt fyrir mann gert. Þótt segja megí að amerískar flugfreyjur séu eilítið of glaðar og reifar, þá verður að

Nú svo var ég orðinn of seinn í flugvélin sem átti að fara með mig til Utah, en samt vildi svo til að eina túristaklassa (oj) var að fara til Salt Lake City þegar við komum til Denver. Svo ég varð að hlaupa alveg *full spíd* milli véla, enda tapaðist önnur taskan, svo sem frægt er orðið, þótt hún fyndist aftur.

Hér er svo fallett. Ég fer í vikulokin til Yellowstone Park og hef enga myndavél með mér. (Ég fór í allar helstu myndavélabúðir hér í borg og leitaði, æstur og sveittur. Þegar berserksgangurinn var runninn af mér ákvað ég að láta það eiga sig, taka heldur gamaldags myndir og skrifa heldur um það sem ég heyri og sé. Ég hef nú skrifað heilmikið hjá mér, en fátt almenns eðlis. Það er miklu meira gaman að skrifa, gefur þér meiri hlutdeild í þessu með mér. Ég hef því lagt myndadellu á hilluna.

Ég var með heilbrigðiseftirlitinu hjá Utah-ríki hér í gær. Í dag var ég með þeim í Ogden, skemmtilegum bæ, jafn stórum og Reykjavík. En munur á snyrtimennsku. Á morgun skrepp ég til Springville og Spanish Fork, en margir af íslenskum ættum búa í *Spönskum forki*, eins og Kiljan kallar það. Nú sé ég eftir að hafa ekki lesið hann almennilega.

Mér finnst í öllu þessu standi að ég skemmti mér svo vel að ég hljóti að vanrækja starfið, en það er ýmislegt sem er að gerast, þótt það sé eins og skemmtiferð í þessu framandi umhverfi. Ég sit hér og læt sjónvarpið ganga alveg *villivekk*,¹ þótt ég hafi alveg skrúfað niður í því og láti það snúa frá mér. En það er svo gott að þurrka föt á heitu sjónvarpstæki að þótt það væri ekki nema þess vegna er nauðsynlegt að hafa það. Á meðan sit ég í náttfötunum, því ég er ekki nema með eitt sett af hverju með mér. Klukkan er núna 11½ að kvöldi og ég bið góða nótt. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Reykjavík. 22.8.1961.

-- Mikið létti mér, þegar þú varst búinn að fá bréfið mitt. Þakka þér fyrir þínar dásamlegu bréfaskriftir. Þú getur ekki ímyndað þér, hvað ég er alsæl með bréfin þín. Mamma var óskaplega hrifin að fá bréfið og biður fyrir kveðju til þín.

Mér þykir þú hafa það gott og lifa í vellystingum. Þú hefur alveg gleymt að segja mér frá hvítu fötunum. Ég hef ekki frið fyrir Jójó. Það fyrsta, sem hún spyr mig um, þegar ég er búin að fá bréf frá þér, hvernig þér líki við nýju hvítu fötin.

Það er svo margt sem ég hef að segja þér að ég veit ekki hvar ég á að byrja. Ísskápurinn er kominn, glæsilegur, inn í eldhús. Ég fer á hverjum degi að skoða hann. Ég hlakka til að fara að nota hann, þegar þú kemur.

Ferðin gekk ágætlega suður úr Borgarfirðinum. Við vorum að hugsa um að fara Uxahryggi heim, en bíllinn er með svo miklar *tíktúrur*, að hann dreif ekki upp minnstu brekkur, var alveg eins og mótorbátur. Það þurfti að skipta um plátínur í honum,

¹ Hömlulaust. Ég held að þetta orð sé horfið úr málinu, sem betur fer.

Við hittum Helga, Dorisi og Álfheiði Sylvíu rétt utan við Borgarnes. Þau voru að fara í Bifröst að borða. Síðan hittum við Stellu og Harald hjá Vatnaskógi á leið yfir Draghál. Og ætluðu Uxahryggi.

Haraldur er alveg ágætur núna, Hann hefur breyst alveg ótrúlega mikið. Hann er ræðinn miðað við það sem var, reglulega þægilegur. Ég veit að þú verður undrandi, en hann er loks búinn að ákveða að taka húð- og kynsjúkdóma sem sérgrein. Þau fara bráðlega til Svíþjóðar. Hann er spenntur fyrir Gautaborg -- Hins vegar sé *Carolinska institutet* það besta sem völ er á. -- Ég fór að sýna þeim íbúðina okkar. Þau voru alveg stórhvín. Stella var sérlega hrifin af eldhúsinu.

Á eftir bauð ég þeim á Bergsæðastrætið að sjá ísskápinn og fá *dubonnet* á eftir. Það var mjög ánægjulegt. Um kvöldið ætluðum við Jójó í bíó. Ég var fjandi svekkt að þynnast upp þangað til. Heldurðu þá ekki að Dídí birtist með hvítvinsflösku í hendinni og sagði að við yrðum að halda upp á afmælið. Afmælisbarnið var: *Reykjavík 175 ára*. -- Helgi, greyið, er alveg ógurlega svekktur yfir lyftunni. Mér finnst það líka von. Hann er búinn að borga, það sem honum ber. -- Stendur nú á sérfræðingum.¹

Ég fékk rúkkunarbréf frá hústjórn upp á 3.535 kr. og borgaði það.

Ræðir um bílinn nýja og ýmis konar hagnað ef borgað yrði?

Ég er hrædd um að peningar séu ekki til fyrir honum.

Fjallar um Reykjavíkursýninguna.

-- Páll Línal og Siggi voru gjörsamlega útkeyrðir.

Segir þær furðufréttir að Jórunn, móðir hennar, ætli ásamt systur sínum til Mallorca í boði Kristínar systur sinnar. Einnig fara systur þeirra, Steinunn og Helga og Guðrún dóttir hennar Helgu og Sveins Benediktssonar.

-- Mamma er svo rugluð og finnst þetta svo flotræfilslegt að fara út í annað sinn, að minnstu munaði að hún afþakkaði boðið. --

Jæja, þá er komið að peningamálunum. Því miður get ég ekki notað sakleysilega brosið mitt og fleiri klæki núna --

Ræðir peningamálin rækilega frá öllum hliðum. Og er ekki hjartsýn! Getur ekki einu sinni beðið mömmu sína að kaupa síðbuxur og smartan kjól í London! En!

-- Þetta kemur líka betur út fyrir þig, elsku kallinn minn, af því að þá þarft þú ekki að kaupa þetta! --

Nú ætlum við líka, frúrnar á Bergsæðastræti að tína rífs. Það er þó alltaf slæmt veður. -- Jæja, elsku Eggert minn. Það eru svo margir sem biðja að heilsa að ég nenni ekki að telja þá upp. -- Amma þín er orðin hrum. Mér finnst henni fara daglega aftur. -- Passaðu þig, fyrir mig, að fitna ekki of mikið. Mér finnst þú ekki eins!!

-- Þín eilíflega elskandi --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Ashton, Idaho, 24.8.1961.

-- Enn er ég kominn á nýjan stað og sestur niður til að skrifa þér. Það er mitt helsta gaman að sitja og skrifa.

Þetta er 1200 manna smábær, ósköp heimalegt hér. Fólk gengur hér rólega um í hitanum, skreppur í búð, rabbar saman, rífst við nágrannaþorpið um skólann og skiptingu kostnaðar, virðist lifa ágætu lífi, drekka bjór, hafa það gott. Meiri hlutinn mormónar. Annars ætlaði ég einkum að segja þér frá þeirri ágætu borg Salt Lake City og nágrenni.

Þegar ég kom á flugvöllinn í Salt Lake City sá ég að fólk var eilítið öðru vísi en það fólk sem ég hafði áður sé hér í landi. Það virtist hlédrægara og ekki áberandi klætt. Ég gerði mér ekki grein fyrir hvernig á þessu staði; en það kom betur í ljós eftir því sem á leið.

Ég gleymdi að minnast á flugið. Fljótlega eftir að lagt var af stað frá Denver varð landið fjöllótt og gróðurlítið. Var dálítið ískyggilegt að fljúga þessa leið, því það var skýjað svo það var mest alltaf flogið sjónflug, þannig að maður sá grilla í fjallatinda fyrir ofan sig. Þetta voru mörg helstu fjöll landsins, því miður gat ég ekki áttað mig á hver þau voru; veit ekki annað en að þau voru bæði falleg og há. Inn milli fjallanna sá maður stöku bæ og fékk þá hugmynd að þetta fylki væri að mestu gróðursnautt, en sú hugmynd átti eftir að breytast; bráðlega sá maður í fjarska grilla í Stóru-Saltvatnsborg milli fjallanna, alllangt frá vatninu. Vélin flaug yfir borgina og var það ekki ljótt á að líta. Borgin var eins og hornafræðilegt meistaraverk.

¹ Nú er allt „löðrandi“ í lyftum og sérfræðingum. Allt gengur vel. Svo var það ekki þá! Þetta var fyrsta háhýsið á Íslandi.

Eftir að við vorum lent var haldið inn í borgina til Temple Square Hotel þar sem mér var ætlaður bústaður. Hótelid er við torg þar sem allir helgustu staðir mormóna eru. Beint á móti er girt svæði þar sem eru mormónasamkomuhús, eins konar kirkja, *Tabernacle* (samkomuhús) geysistört og musteri þar sem einungis mormónar mega koma inn.

Um kvöldið, þegar ég var á hótelinu var hringt. Það var sponsor minn mr. Noall. Hann bauð mér að koma í heimsókn til samstarfsmanns síns. Þau hjón ætluðu að sýna litmyndir sem þau höfðu tekið af ýmsum helstu stöðum Utah. Ég sagðist heldur en ekki fallast á það og þá sótti hann mig. Herra og frú Noall er við aldur, hann vinnur hjá fræðslumálaráðuneytinu og hún, auk þess að vera húsmóðir og amma (sem hún virtist vonlega taka hátiðlega), er forystukona í mormónahreyfingunni, rithöfundur; skrifar ferðasögur og héraðslýsingar. Þangað komu fleiri í heimsókn, mjög elskulegt fólk og trúað, að því er virtist. Skipulag kirkju mormóna er með allt öðrum hætti en hjá öðrum kirkjufélögum. Þar eru engir prestar. Öll prestverk og önnur störf í þágu kirkjunnar eru unnin af þar til kjörnum mönnum. Allir góðir mormónar borga tíund. Ég spurði hve margir myndi vera í þeim flokki og var svarað að það væru um 30% sem borguðu fulla tíund, aðrir minna. En því aðeins að menn borgi fulla tíund er þeir kjörnir til trúnaðarstarfa. Þannig er kirkja þeirra talsvert auðug, enda eru margar kirkjur og talsvert gert til styrktar fátækum.

Morguninn eftir, þegar ég fór í Utah State Health Department, sögðu þeir mér þar að einmitt þessi góðgerðarstarfsemi og félagsstarf mormóna væri mikilvæg fyrir heilsugæslu ríkisins. Ég var hjá þeim fram eftir degi og fór um eftirmiðdaginn að skoða merkisstaði.

25.8. í Yellowstone Park. Já, ertu ekki hissa? Ég er það. Ég ætla nú að halda því leyndu fyrir þér hvað ég hef verið að gera að undanförunu og halda áfram með söfnum sem ég hvarf frá.

Það hefur mikil framsýni ráðið um þróun borgarinnar. Skipulag allt var í upphafi ákveðið að Brigham Young, sem fannst þessi dauðadalur vænlegur til búsetu. Hann er sagður hafa stofnað borgina árið 1847. Síðan fór fólk að safnast til hennar og það merkilega er að Íslendingar fóru að koma þangað 1857. Að vísu hafði mormónatrúin verið þekkt fyrir þann tíma og mormónarnir orðið að gjalda trúar sinnar með því að vera reknir frá einum stað til annars um langt árabíll. Brigham Young sagði: *Þetta er staðurinn*, þegar mormónarnir komu eftir þúsund mílna hrakningaför. Kona hans eins sagðist gjarna vilja ganga alla leið til Kaliforníu til viðbótar, frekar en að staldra þarna. Það sem setur mestan svip á borgina er þetta ágæta skipulag, ásamt því að Brigham Young ákvað að göturnar skyldu eigi vera minna en 132 fet á breidd. Þannig varð borgin meistaraverki skipulagi. Göturnar eru tölusettar eftir afstöðu til mustersins. Þó borgin hafi vaxið upp í fjöllin, er þessu alltaf haldið áfram.

Þótt borgin sé háborg Mormónatrúarinnar í heiminum eru samt ekki nema um 50% íbúanna mormónar. Hins vegar eru sveitirnar mikil ríkar af mormónum. Þannig eru 75% allra íbúa ríkisins taldir mormónar. Fleiri mormónar eru í Kaliforníu en Utah. Brigham Young virðist hafa verið framsýnn að ýmsu fleiru leyti. Hann lagði strax mikið upp úr menntun og hafði þegar 1850 stofnað *University of Utah*, glæsilegan skóla sem allir virðast stoltir af. Einu þer meira á hér en heima er að fólk setur allt sitt traust á menntun. Heima virðist furðuleg togstreya milli háskólagenginna og þeirra sem ekki hafa stúdentsmenntun. Háskólinn er ekki mjög vinsæll meðal þeirra sem ekki eru mormónar þar sem guðfræði er skyldufag. Byggist það auðvitað á þeirri bjargföstu trú þeirra að leikmenn geti betur séð fyrir sálarheill manna en prestar. Ég hitti tvo fyrrverandi biskupa, annan slátrara og hinn kaupmann. Ekki fleiri staðreyndir af mormónum.

Ég mundi eftir því að fyrir nokkrum árum höfðu mormónar komið til Reykjavíkur til að taka myndir af öllum íslenskum kirkjubókum og ýmsum fleiri ættfræðilegum upplýsingum. Ég bjóst við að þeir hefðu pakkað þeim niður og ekkert gert við þær, þótt ég hins vegar vissi að ættfræði skipti einhverju máli í sambandi við trúarbrögð þeirra.

Ég fór því og heimsótti *The Genealogy Society*. Mér var ráðlagt að tala við mr. Henry E. Christianson, sem hefði með öll íslensk mál að gera. Því miður var hann ekki við og talaði ég við aðstoðarkonu hans frú Paulson, danska að þjóðerni. Hún tók mér ósköp vel og var æst í að sýna mér þau plögg sem til væru um Íslendinga. Þar var bók eftir bók, allar fullar af ættartölum Íslendinga. Ég fór að leita og sá þar spjald með nafni Páls J. Briem, sem gat um foreldra hans, hjónabönd, börn og hvenær allt fólkið væri fætt, dáið og skírt. Síðan gekk ég um safnið og hvað heldurðu. Starfsmenn þess eru um 400. Fólk situr alls staðar og rýnir í ættartölur og skrifar upp úr þeim. Ég kom í tvo lestrarsali. Í öðrum sátu 82 við að stúdera ættartölur og kirkjubækur úr ýmsum heimshlutum og í hinum voru þrjátíu; voru þeir þó hvergi nærri fullir. Auk þess sátu í filmulestrarsal fjöldi manna og eru þar 145 filmulestrartæki fyrir almenning.

Þannig stendur á þessum gífurlega áhuga að það mun vera trú mormóna að allir þeir sem í lifanda lífi hafa ekki heyrt boðskap þeirra skuli þó að minnsta kosti fá tækifæri til þess eftir dauðann. Þannig er það að frændur og afkomendur ýmissa látinna menn hamast við að finna skjöl um þá og síðan er við *seremóníu* í kirkjunni látin fara fram einhvers konar skírnaðarhöfn, eða hvað það er kallað. Fer einhver safnaðarlimur

fram sem sá látni (sem skíra á), setur sig í spor hans og lifir sig inn í tíma og umhverfi þess manns sem í hlut á, síðan er hann skírður og fær þannig að velja eða hafna og fá tækifæri til að verða hólpinn. Svo virðist að sá sem hafi óskað eftir upplýsingum um afa og fjölda margra *Briema*, sem þarna voru á spjöldum, væri einhver frændi þeirra í Kanada (*17th cousin*, er ekki neitt náskyldur). Ég fann engan í þinni ætt eða minni föðurætt og ekki heldur í móðurætt mömmu. Þannig að þeir virðast fremur *dúbúsir* um Briemana.

Ég hafði lesið um það í Washingtonblöðum að búið væri að opna sem safn heimili Brigham Young og kvenna hans, þannig að nú væri það talið líkt því sem það var þegar hann bjó þar. Enginn í Salt Lake City virtist hafa hugmynd um að búið væri að opna heimilið, enda kom í ljós að ekkert hafði verið birt um það í borginni, þar eð þeir eru hræddir við ofsalega umferð og ætla að bíða þangað til í vetur. Heimilið var mjög skemmtilegt að skoða. Það var samt einkennilegt að leiðsögufólkið var feimið við að nefna fjölkvæni á nafn. Young átti nítján konur, átján tendgadamæður, 56 börn, (36 stelpur og 20 stráka) og var svo heppinn að deyja áður en fjölkvæni var afnumið 1890. Það var furðulegt að ganga um stofurnar og sjá alla þá stóla sem þar voru, einkum þó í Lyons-house sem við hliðina á húsinu sem Young bjó með aðalkonu sinni. Því miður fékk maður ekki að fara upp á loft vegna þess að verið var að hreinsa teppin. Gæslukonan sagði: *Þar er ekkert að sjá, 20 svefnherbergi; það er allt og sumt.*

26. ágúst. Yellowstone Park. Á miðvikudaginn skráði ég til Springville, sem er rétt hjá Spanish forks og er fyrir sunnan SLC. Er gaman að aka um þessar vel ræktuðu sveitir, allt byggt á áveitum. Stórfurðulegt að sjá stærðar akra með innbyggðum vatnsdreifurum, þegar allt er í gangi. Mikill er munurinn fyrir utan áveitusvæðin. Fólk verður að úða hvern einasta blett utan við hús sín, ekki sjaldnar en einu sinni á dag. Að öðrum kosti myndi allt skorpnna.

Það hafði verið hringt til Springville fyrir mig og einhver mr. John Y. Bearnson var beðinn um að taka á móti mér, sem hann og gerði. Þetta var maður, nokkuð við aldur, lágvaxinn og vingjarnlegur; háttsettur í mormónakirkjunni, fatakaupmaður að atvinnu. Ég spurði hann auðvitað hvort hann væri af íslenskum ættum. Jú; faðir hans, en móðir hans dönsk. Faðirinn hér Finnboogi Björnsson, fæddur að Hjallanesi. *Það er einkennilegt*, sagði ég, *tengdafaðir minn var einmitt fæddur að Hjallanesi.* Hann svaraði: *Allir virðast fæddir að Hjallanesi. Ég fór til Evrópu í fyrra og kom við á Íslandi. Á leiðinni til Ameríku, settist hjá mér ung flugfreyja og við tókum tala saman. Þá kom í ljós að faðir hennar var fæddur að Hjallanesi.*

Ég sagði honum að það hlyti að vera konan mín, sem hann hefði verið að tala við. Ég sagðist einmitt muna eftir að þú hefðir verið að spyrja mömmu þína og systur hennar um hvort þær könnuðust við manninn sem hún hefði verið að tala við í flugvélinni. Hann átti bágt með að trúa þessari einkennilegu tilviljun og að það væri ég sem væri hér staddur. Þegar ég dró upp mynd af þér þá sannfærðist hann alveg.¹ Finnst þér þetta ekki einkennileg tilviljun?

Ég hélt að með því að heimsækja þessa borg væri ég að gleðja síðustu útverði íslenskar menningar í Utah. Og það reyndist svo sem alveg ástæðulaust. Ég hafði búist við nokkrum fátæklegum sveitabæjum á víð og dreif í eyðimörkinni; en það var öðru nær. Fólkíð virtist lifa hinu ágætasta lífi, vera vel efnað og ánægt. Að þetta sé úr alfaraleið, það var fjarri lagi; að minnsta kosti hvað viðkemur Íslendingum. Kristinn Björnsson² sálfræðingur hafði verið í heimsókn fyrir fáum mánuðum hjá mr. Bearnson. Auk hans höfðu verið hjá honum í heimsókn á undanförunum mánuðum; svo þeir helstu séu taldir: Guðlaugur Rósinkranz,³ Jónas B. Jónsson,⁴ Þorvaldur Guðmundsson,⁵ Björgvin Magnússon⁶ skólastjóri á Jaðri, auk ýmissa sem Bearnson vissi varla hverjir voru. Líka Margrét Indriðadóttir⁷ og Jón Magnússon fréttastjóri. Halldór Kiljan hafði búið hjá honum tvívegis um tíma. Fólkíð var mjög sært yfir skrifum hans um mormóna, auk þess sem gert hafði verið mikið úr kynlífi þeirra. Þeir héldur fram að allt sem hann hafði skrifað um það væri fjarri sanni. Það sem þeim þótti þó allra verst var að Kiljan hafði virst ákaflega hrifinn af öllu þegar hann var þarna, ekkert á honum að skilja hví hann hafði söðlað um þegar hann skrifaði bókina.⁸

¹ Enn betri staðfesting var sú að konan var fótbrotin. Mundi Sirrí eftir að hún þurfti að hjálpa henni með ýmislegt.

² Kristinn Björnsson (1922-2000). Samstarfsmaður minn í Heilsuverndarstöðinni. Bróðir Þóru, ráðskonu hjá Helgu og Stefáni Jóhanni Stefánssyni, sem áður hefur verið nefnd.

³ Guðlaugur Rósinkranz (1903-77). Þjóðleikhússtjóri, reyndar lengst samvinnumaður.

⁴ Jónas B. Jónsson (1908-2005). Lengst fræðslustjóri í Reykjavík.

⁵ Þorvaldur Guðmundsson (1911-96), ávallt kenndur við „Sild og fisk“.

⁶ Björgvin Magnússon (1923).

⁷ Margrét Indriðadóttir (1923), fréttamaður og síðar fréttastjóri.

⁸ Þegar bókin er lesin sést að óánægjan er ástæðulaus.

Mér var boðið að borða hjá systurdóttur Bearnson og hennar fólki, ákaflega elskulegu heim að sækja. Á eftir fór ég að heimsækja einn ágætan og skemmtilegan karl. Býr hann þar sem heitir Ísland í Spanish Fork og á þar heilmiklar lendur og bar ekkert á móti því að hann væri ríkur; hafði hann byggt þarna þrjú hús til að gefa börnum sínum. Standa þau í hálfhring utan um minnisvarðann um komu Íslendinga til Spanish Fork, í útjaðri 5 þús. íbúa bæjarins.

Heitir hann Gil Bearnson (Gísli Bjarnason) og fórust honum svo orð á ágætri íslensku, þótt orðaforði væri takmarkaður:

Ég er orðinn 81 árs, er fæddur í Móakoti í Reykjavík og fluttist hingað fjögurra ára ásamt foreldrum mínum, Bjarna Bjarnasyni og Jóhönnu Jónsdóttur. Faðir minn dó þegar við vorum nýkomin og ég varð að fara frá móður minni þegar ég var sjö ára, svo að ég var hálfgerður útígangsstrákur upp frá því. Íslendingarnir töluðu alltaf íslensku saman framan af, og gerðu Ameríkanarnir mikið grín að þeim fyrir og kölluðu þá eskimóa, þannig að unga fólkið lét fljótt af því að tala íslensku. Ég var farinn að vinna fyrir mér sex ára með því að taka upp kartöflur og bera þær niður í bæ. Það var löng leið og ég fékk 15 sent fyrir dagsverkið; þá kostaði skeppan af kartöflum 15 cent. Þegar ég fór að ráða til mín starfsfólk voru það Íslendingar framan af; ég talaði alltaf íslensku við þá. Amerískan er andskotans hrærigrautur. Íslenskan, það er nú mál, hún er hrein, það ætti að banna með lögum að nota orðið saga í ensku. Margir gömlu Íslendingarnir dóu áður en þeir fengu nokkru sinni tækifæri til að skilja ensku. Fólkið bjó í kjöllum og alls konar kofum fyrstu árin. Þegar ég var 16 ára fór ég að flytja fé, þá réð ég til mín fyrsta tímið mitt. Við ferðuðumst um allt til að klippa fé, til Wyoming og Idaho. Það voru oft 50-60 menn í tímunum hjá mér. Ég komst aldrei upp á lag með að nota vélklippur, en ég klippti oft undir 200 kindur á dag, að jafnaði svona 125. Ég var með klipparatím í 27 ár. Þeir voru alls staðar að. Ég var að þessu svona 3-4 mánuði á ári, svo hætti ég þessu. Ég átti líka combines (þreskivélasamstæður) sem ég ferðaðist með um allt, til Kanada og víðar. Ég átti sjö combines um ævina. Við fengum átta skeppur af korni fyrir hverja 100 sem við þresktum. Ég kæri mig ekkert um að fara til Íslands. Ég veit allt um landið, þeir gerður ekkert annað en tala um það gömlu Íslendingarnir. Það var einkennilegt að pabbi skyldi flytjast hingað, hann var einn af þeim fyrstu sem tóku stýrimannspróf í Danmörku og svo fluttist hann hingað. Hálfbróðir minn, Júlíus Árnason, fer heim í sumar, hann verður líklega á Íslandi í byrjun september. Pabbi var mikill snillingur, hann hafði smíðað gullhring. Sigga frænka mín sendi mér orð um að þegar ég hefði látið af minni villimennsku, þá skyldi ég fá hringinn. Ég sagði henni að senda hringinn til fjandans, enda hef ég ekki fengið hann enn. Íslendingar eru bestu menn í heimi. Enda geturðu séð það hérna í Spanish Fork, allt besta fókið er af Íslendingum komið og flest húsinn eru byggð af Íslendingum. Ég lenti oft í trouble þegar ég var ungur, enda var fyrsta orðið sem ég lærði „son of a bitch“, þeir réðust oft á mig sjö í einu og vildu drepa mig.

Það glömpuðu augun í gamla manninum þegar hann var að tala við mig. Ég held líka að þau hafi glampaði í mér.

Ég fór á eftir þessu í mormónabréðkaup, mikið furðulegt en skemmtilegt að koma í mormónakirkju. Í fyrradag fór ég svo til Ashton í Idaho og á gær komst ég með the *head ranger*¹ og konunni hans til Mammoth Springs í Yellowstone. Á leiðinni sýndu þau mér vatn sem myndaðist fyrir tveim árum á jarðskjálftum. Það var nú meira raskið; 28 manns dóu, þar af 19 sem höfðu tjaldað undir fjallshlíð, urðu undir skriðu. Vatnið myndaðist þannig að það hljóp skriða í mynni dals, þar sem Madisonáin rennur um suðvesturhluta Montana. Stíflaðist áin og myndaðist stærðar vatn. Maður getur séð þar sem vegurinn hverfur undir vatnið. Hebgenvatnið sem áin rennur úr raskaðist svo að fjöldi sumarbústaða fór undir vatn, en bryggjur á suðurbakkanum lyftust langt upp fyrir vatnsborðið. Norðanmengin sést fjöldi sprungna, enda varð jarðraskið með þeim gætti að skálin sem vatnið er í hallaðist. Þannig eru vegirnir alveg eins og kambar sums staðar; reyndar ekki notaðir lengur.

Nú er ég sem sagt hérna. Þessi þjóðgarður er alveg dýrðlega fallegur og stór. Dýralíf er fjölskrúðugt, birnir labba hér um allt, en heldur forðast ég þá nú. Það er bara verst að þú skilir ekki vera hér með mér. Mér leiðist það alveg voðalega. --

Ég er eitthvað svo voðalega áhyggjufullur þegar ég frétti svona lítið af þér. --

26.8. kl. 23.00. Hræðilega sakna ég þín. Dagurinn í dag hefur verið alveg í rusli út af heimþrá. Heimþrá eftir þér engillinn minn. Ég horfi til þín í huganum og mig langar til að slá öllu frá mér og fara heim. Mér finnst allt svo lítils virði og ófróðlegt þegar ég hef engan til að taka þátt í því með mér. Þú mátt vita að ég elska þig. --

¹ Yfirþjóðgarðsvörður.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 25.8.1961.

-- Ég er stödd núna í Tjarnargötunni (10C) hjá Stellu og Haraldi. Ég bauð þeim að passa Guðrúnu í kvöld. -
- Í dag var ég að tína rífsber. Oh, það var svo leiðinlegt. Annað kvöld ætla ég í bíó með Jójó og Ernu Þorleifs. --

Það er ótrúlegt hvað ég hef mikið að gera. -- Þú hefur átt að sjá hvað amma þín var ánægð með kortið frá þér.

Þetta bjargast einhvern veginn með bílinn. -- Nú vantar 20 þús. sem mamma þín sagðist mundu geta hjálpað mér með, eða Dídí. Það myndi ég geta borgað þeim smátt og smátt, þar sem við eigum, eftir 10 þús. kr. inni af bílnum, og svo kaupið þitt.

Það er búið að samþykkja 13% kauphækkun bæjarstarfsmanna frá og með 1. júlí s.l. Ég bað þig í hinu bréfinu, sem þú ef til vill færð á eftir þessu, að senda mér svo sem 40 dollara, sem ég ætla bæði að borga Dídí og biðja mömmu að kaupa fyrir af því að hún er að fara til Mallorca 8. sept. Mamma þín og fleiri biðja kærlega að heilsa.

Bless, elskan, ég vona að þetta nái fljótt til þín.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 30.8.1961.

-- Þakka þér fyrir myndina góðu. Það sést á svipnum að þú ert að hugsa um vissa persónu. Ég er farin að vinna aftur eftir sumarfríð. Það er ritgerð Ólafs Briem,¹ sem ég er að glíma við.

Ég er orðin svo gáfuð eftir Reykjavíkursýninguna. Ég fór þrisvar sinnum, einnig sá ég tískusýningu, fór í kynnisferð um gamla bæinn og skoðaði veggteppið sem Vigdís Kristjánsdóttir óf eftir málverki Jóhanns Briem af Ingólfi og Hallveigu með öndvegissúlurnar. Það hangir uppi í þingsal bæjarstjórnar í Skúlatúni 2.

Í gær fór ég að láta smyrja bílinn og hitti þar Jón Júlíusson. Hann sagði að það gæti komið til mála að hann gæti útvegað mér vinnu í september og október út af aukaferðum -- Hvar heldurðu að þú verðir staddur þá?

Á mánudagskvöld vorum við boðnar til Helga og Dorisar. Þau eru loksins búin að koma sé sómasamlega fyrir. Hafa breytt ýmsu til batnaðar. Annars er lyftan ekki enn komin í gang.

Við Álfheiður Sylvía ætlum í Lídó á föstudag. Helgi er ómyrkur í máli um Kurt, lýst ekki á kauða, heimskan og leiðinlegan. -- Sidda og Halldór eru búin að eignast stelpu - auðvitað.² --

Ég held að ég hafi beðið þig um að senda svo sem 40 pund -- til að biðja hana um að kaupa fyrir mig kjól og síðbuxur í London. Það er heppilegra að hún velji það, heldur en þú. --

Óskaplega finnst mér þú vera kominn langt í burtu. Mér finnst ég ekki þekkja þennan mann, í þessu líka framandi umhverfi, hjá fólki sem ég þekki ekki. Svo er ég, auminginn, að rolast um herna í herbergiskytrunni, meðan þú þýtur um í lúxusþotum. Mér finnst þessi mánuður hafa liðið geysilega hratt. Jæja, elskan. -- Hafðu það gott og skemmtu þér reglulega vel! --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur, Seattle, 31.8.1961.

-- Ég fór frá Yellowstone Park í morgun. Ég ætlað að segja þér seinna frá ferðinni þangað. Þegar ég kom hingað fékk ég sem betur fer frá þér bréf. -- Klaufaskapur að segja þér ekki að senda bréfin um skrifstofuna í Washington. Þar vita þeir hvar ég er. --

Þakka þér fyrir bréfið, elskan mín. -- Ég var ekki mönnum sinnandi, meðan ég var í Yellowstone Park, eins og þú kannski fannst á mér í bréfinu þaðan. Og enn veit ég ekkert og skil ekki.

Elskan mín, Ég get ekki lifað á þín. Mér finnst herna svo tómlegt, og bjánalegt að vera að æða þetta um, gegn vilja mínum. Ég veit ekki hvað ég á að gera við þessa andskota í Washington. Ég var að fá frá þeim einhvers konar áætlun um hvað ég ætti að gera í framtíðinni. Allt er eins og þorskar hefðu um það fjallaði. Ég hafði beðið þá um að láta mig vera lengur á hverjum staða, til þess að geta betur áttað mig á hlutunum. Jú þeir féllust á að ég gæti verið lengur í San Francisco. Þaðan á ég að fara áfram til Los Angeles, Atlanta, Cleveland og ég veit ekki hvert. Þeir eru alltaf að gera mér eitthvað til skemmtunar. Ég kæri mig ekki neitt um það. --

¹ Ólafur Briem (1909-1994) menntaskólakennari. Bókin mun hafa verið: Norræn goðafræði. Bæti við vísu hans:

Þótt þú æðir yfir hjarn
og eigirir götu langa.
Ertu að lokum lítið barn
sem lærðir vart að ganga.

² Rósa, tölvufræðingur.

Ég hef varla hitt mann af viti í mínu fagi nema í Yellowstone Park. Hann var heilbrigðisráðunautur þjóðgarðsins. --

Er í svolitlum vanda með hvernig hann á að brjótast út úr áætlun American Council on Education.

Hugsar nú aðallega um hana.

-- Er feginn að ég skrifaði þér því nú er ég kominn í sæmilegt skap. Þegar ég sit hérna finnst mér alveg eins og þú sért við hliðina á mér, hvísli í eyra mér ástarorðum -- Þú segir við mig, vertu ekki svona órólegur út af þessum reyndu að njóta þess sem best þú getur. Þetta er allt lærdómsríkt þó það sé ekki nákvæmlega það sem þú óskaðir þér. -- Jæja!. Ég svaf ágætlega.

Veltir fyrir sér hvernig þau geti leyst bílinn sinn nýja út.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Seattle, 2.9.1961.

Sendir myndir. Er mjög orðinn ánægður, ólund rokin burt. Fólkið sem ég hitti er gestrisið og gott og auk þess fagfólk í hans grein. Sendir myndir úr ferð sem hann fór með borgarlækninum dr. Lehman, sem tók hann með sér í heimsókn til nágrannabæjar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Seattle, 3.9.1961.

Segir frá ferð sinni frá síðasta bréfi þegar hann var með Lennart Berg, head ranger, þ.e. yfirmanni þjóðgarðseftirlismanna. Reyndar truflaðist það vegna þess að þjóðgarðsstjórnin var að gifta dóttur sína og allir starfsmenn voru í veislunni.

-- Ég er í ægilega góðu skapi hér í Seattle. Hef ósköpin öll að gera.

Á meðan (ég beið eftir tengiliðum mínum) gekk ég um nágrennið, skoðaði hverina og gekk inn í skóginn. Ekki var ég beint rólegur, því það verður hjá manni einkennilega tilfinningu að geta hvar sem er átt von á að rekast á villidýr sem maður hefur aldrei séð áður og veit ekki hvernig á að bregðast við. Þess vegna vakti þetta einkennilega tilfinningu -- ætli það sé ekki best að viðurkenna það. Ég var skíthræddur. Ég vona að þið missið ekki allt álit á mér!

Við veginn, neðst á hverasvæðinu er *Liberty Cap*, leifar af gömlum hver, 12.13 metrar á hæð. Hinum megin við veginn eru svokallaðir *Opal terrassar*, afar fallega litt hverasvæði. Að vísu vantaði þessa skíru, tæru liti sem eru á okkar hverum, hins vegar er litskrúðið meira. Er það vegna þörungagróðurs, sem er þarna mikill í hverunum. Ekki veit ég af hverju þörungar eru hér meir en heima, en það er greinilegt. Ég man að Sigurður Pétursson¹ hefur fundið tasvert margar tegundir í hverunum. --

Eftir hádegið kom mr. Hadley og sótti mig. Hann er *ranger*. Ég veit ekki hvað á að kalla þessa *rangera* á íslensku.² Larry heitir hann að fornaftni. Dreif hann mig út af hótelinu og inn í gestaíbúð sem garðurinn hefur fyrir opinbera gesti. Að vísu þarf að borga \$2.25 fyrir, en það þykir mér vel sloppið fyrir góða smábúð, auk virðingarinnar. Það litu allir upp til mín, nema þeir sem voru jafn stóri eða stærri. Við fórum svo í bíltúr um eftirmiðdaginn, skoðuðum hverasvæði, tré og fjöll. Það var allt gert til að skemmta mér, enda hafði bréf borist þar að lútandi frá Washington. Þeir sluppu hinsvegar ágætlega, því ég vildi ekki láta skemmta mér. Kaus heldur að fylgja gæslumönnum í þeirra daglegu störfum.

Það merkilega við garðinn er hve landslag og jarðmyndanir eru nauðalíkar því sem er heima. Helstu bergtegundir eru blágrýti, grágrýti, móberg, auk hrafntinnu, silfurbergs og perlusteins. Enda hefur landið verið mótað af sömu öflum og Íslands, eldi og ís. Trén skyggja talsvert á, en þó getur maður í broti séð jarðmyndanirnar. Það var dásamlegt að standa í ekta íslenskri brennisteinslykt, á hverasvæði; heyra gutla í holu og þjóta í gufuauga.; horfa á stuðlabergsdrang og raula *Táp og fjör* í huganum og láta hugann reika heim. Landið er fremur flatt, og ber tiltölulega lítið á hæð fjallanna. Þau skera sig ekki skyndilega úr jafnsléttunni, heldur rísa hjalla af hjalli. Hæsta fjallið í garðinum er Arnartindur (11.360 fet) og rís hjá Yellowstonevatni, sem er í 7.731 fets hæð. Þarna munar 3.600 fetum eða nálægt 1200 metrum Hins vegar eru þarna gil og fossar, glæsilegt á að líta. Ég gekk fram á gilbrún Yellowstoneárrinnar. Gilið er um 1.000 metra djúpt og fyrir neðan sér maður og fyrir neðan er 100 metra hár foss (*Lower Falls*). Gilið er stórglæsilegt en aumingja fossin virkar eins og spræna á botninum.

Larry bauð mér heim til sín að borða á eftir. Hann býr þarna árið um kring, ásamt konu sinni og fjórum börnum, Fólkið sem býr þarna getur ekki hugsað sér aðra atvinnu. Þeir eru þarna margir saman, með líkar

¹ Sigurður Pétursson (1907-94) gerlafræðingur frá Skammbeinsstöðum í Holtum. Var mikið í Kaldárholti hjá ömmu og afa Sirríar, sem studdu hann til mennta.

² Nú eru í þjóðgöörðum Íslands starfandi þjóðgarðaverðir. Það mun áþekkt.

interessur; það er vel séð fyrir menntun barnanna. Starfið er sæmilega borgað og lágir skattar.

Yellowstonegarðurinn var stofnaður á undan fylkjunum í kring og heyrir þannig engu þeirra til. Hins vegar þurfa þeir að borga söluskatt til Wyomingríkis, og byggist það á því að stjórnin hafði endur fyrir löngu hug á að vinna kosningar í ríkinu og féllst þá á skattinn. Síðan hefur það ekki fengist breytt.

Börnin skemmtu sér óskaplega að heyra mig tala, fengu vitleysishlátur hvað eftir annað. Þau höfðu aldrei heyrt útlendinga tala ensku fyrr. Sá yngsti spurði út af málinu hjá mér: *Is he playing people?*

Á sunnudagsmorgni fór ég svo í eftirlitsferð með gæslumönnunum. Þar skoðaði ég m.a. steingert tré og leifar af indjánaþjaldi. Það var dálítið einkennileg tilfinning að standa hjá indíanasúlunum og reyna að gera sér í hugarlund hvað þeir hafi hafst þarna að. *Wickyp*, eins og þetta er kallað, voru þrjú, en eitt féll í fyrra. Við sáum þarna heilmörg dýr s.s.: *Elk* (nokkurskonar hreindádyr), *moose* (skylt elg), *mule deer* (dádýr með afarstór eyru, antilópur, *coyote*, *sandhill crane*, og ýmsar regundir af örnum og fálkum. Sumir þeirra eru silakeppslegir og ekki líkir frændum sínum á Íslandi. Enda veit ég ekki við hverju maður á að búast af *mýrarfálka*.

Þótt garðurinn sé stórkostlega fallegur og þangað komi 1½ milljón manna árlega, er samt ýmislegt sem gerir hann óæskilegan til útivistar. *Moose*, sem er þarna talsvert mikið af er mjög óæskilegt að hitta um fengitímamann. Vísundar (*bison*) eru varir um sig, en um fengitímamann eru dæmi til þess að þeir elti uppi bíla af tómrí *sjalúsíu*. En fyrst og fremst eru það birnirnir. Um tvær tegundir er að ræða. Annar, sá algengari, er svarti björninn. Hann er heldur smávaxinn. Sá sjaldgæfari er *grizzlybear*. Svarti björninn er ekki skilningsgóður og hann vill oft misskilja fólk, t.d. þegar það hefur staðið upp frá borðum og kemur nálægt honum. Þá lýktar það eins og stór matarbirti. Ef hann fær ekki mat, þá á hann það til að slá frá sér með hramminum, og kvað það ekki vera smálöðrungur. Fólkið sem kemur í garðinum er stórhriðið af björnunum. Því finnst þeir vera eins og leikföng. Fólkið opnar bílgluggann lítillga og hendur út matarbita, sem er bannað en allir gera. Björninn étur bitann, reisir sig upp við bílinn, fær ekkert. Þá kemur fyrir að hann laumar klónum inn fyrir og rífur rúðuna upp. Einnig er hann slunginn við að opna bílhurðir, sem eru orðnar svo einfaldar. Hann getur ekki opnað þær sem bæði á að ýta og toga í einu, en þær sem bara á að toga í, það ræður hann við. Fólk heldur hann mjög skarpan. einu sinni sagði gæslumaður við mann sem var með tjald: Þú verður að fara alltaf með allan mat inn í bílinn; annars getur björninn komið í heimsókn og tekið hann úr tjaldinu. Maðurinn svaraði að það væri allt í lagi, hann hefði fengið sér öryggislæsi á rennilásinn á tjaldinu. Birnirnir verða oft nokkuð óþolinmóðir þegar fólk kemur nálægt þeim og er að klappa húnunum og reyna að taka þá í fangið. En maður fær fulla virðingu fyrir þeir, bara af því að sjá hvernig gæslumennirnir umgangast birnina. Þeir eru varir um sig, hætta ekki á neitt.

Hvað varðar gáfnafar bjarna er annaðhvort það eða þolinmæðin geysimikil. Það sá ég þegar ég var með *park sanitarian*, heilbrigðiseftirlitsmanni garðsins. Það eru sem sé nokkur vandræði út af því hvað birnirnir fara mikið í öskutunnur, hvolfu þeim og dreifa innihaldinu um allt. Hafa verið gerðar margar tilraunir með að búa til öskutunnur sem birnir komast ekki í. Hafa margar þeirra heppnast svo vel að þær teljast bjarndýrsheldar. En þá hafa þær líka reynst mannheldar, ekki leyst neinn vanda.

Það höfðu borist fréttir um að bjarndýr eitt hefði gert nokkurn usla í nágrenni Mamoth. Fórum við með gildru þangað, klíndum á hana kalkúnafeiti og settum gómsæta bita í hana. Síðan fórum við á brott. Um kvöldið komum við til eftirlits. Þá var einn björn að snuðra í kringum gildruna. Hann gekk frá henni, í kringum hana. Loks kom hann að opinu, fór inn og snuðraði á agninu. Hurðin féll að stöfum og aumingja bangsi lokaðist inni. Sá var hissa. Gæslumaðurinn var alveg stórhriðinn, því þeir sjá mjög sjaldan, einmitt þegar björninn gengur í gildruna.

Önnur tegund er þarna af björnum, eins og ég sagði áðan. *Grizzlybear* heita þeir og eru miklu stærri en hinir, ljósari á hár, sumir hverjir. Þeir eru allgrimmir og mjög þolinmóðir við bráð sína. Þannig eru tæmi til að þeir hafi setið sólarhring undir tré þar sem hræddur veiðimaður sat uppi í. Að jafnaði eru þeir ekki skelfilegir. Þannig á maður alltaf þegar maður gengur í skógi að syngja og tralla, eða á annan hátt, að láta í sér heyra. --

Ég held ég myndi aldrei leggja í útilegu á stað sem þessum. Þótt allt sé þarna ákaflega fallegt er eitthvað ógnarlegt að vita af þessum villidýrum -- Ekki að undra þótt Kanar búi í hjólhýsum. --

Birnirnir eru bestu grey. -- ég gat ekki tekið af því mynd þegar varið var að reka björninn út úr gildrunni -- hafði það hlutverk að reka spýtu í rassinn á honum til að koma honum út. Ég skal taka það fram að ég þurfti ekki að fara inn í gildruna til þess. --

Á eftir var farið til að reyna að ná kvikmynd af vísundum. Leitað var lengi dags og engir fundust. -- Loks undir kvöld dáum við allt í einu heila hjörð koma út úr skógarþykkní. Töldust þeir vera 150 og sátum við lengi og skoðuðum hegðun þeirra. Það var gaman. Þetta eru gífurlega stórar skepnur og er maður hissa á að

þeir skuli ekki detta fram yfir sig, svo mikill er herðakamburinn og hausinn á þeim. Þarna veltu þeir sér, drukku, flatmöguðu og stöguðust. Ég held ég gleymi þessu seint.

Ég var talsverðan tíma með heilbrigðiseftirlitsmanni garðsins. Við fórum í hringferð á öll veitingahús og matvælaverslanir garðsins. Það er engin smávægis verslun sem þarna fer fram. og heilbrigðishættir ekki neitt sveitalegir eða hótelin íslandsleg. --

Hverasvæðin eru eitthvað það stórkostlegasta sem ég hef séð Ég hef áreiðanlega séð tuttugu hvergi gjósa. Þeir viðast alltaf vera að. Ég sá *Old Faithful*, sem er stærsti hverinn. Hann gaus tvisvar með klukkustundar millibili. Allir hér í garðinum þekkja til hverasvæðanna heima. Í hverju safni er mynd af Geysi með sýnishorn af hverahrúðri, til samanburðar -- Þeim hér þykir ganga glæpi næst að *kommersaliera* jarðhitann, því þeir telja að við útrýmum okkar hverum með því.

Ég lifði þarna í vellystingum þar til ég lagði af stað til flugvallarins Jackson í Wisconsin og ók gegnum *Grand Teton* garðinn. Grand Teton er 13.700 feta hátt, glæsilegt fjall.

Ég flaug til Salt Lake City og þaðan hingað til Seattle. --

Eggert Ásgeirsson skrifa mrs. Diehl. head, Dep. of State. Seattle, 2.9.1961.

Ræðir um óskir sínar um að fá að dveljast meginhluta tímans sem eftir er við School of Public Health, Univ. of California.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 4.9.1961.

-- Þakka þér bréfið, sem ég er búin að lesa ótal sinnum -- Láttu ekki hugfallast út af vitleysisganginum í Kananum. Þú verður margs vísari, þótt það sé ekki nákvæmlega eins og þú hugsaðir þér í fyrstu.

Elsku Eggert minn. Þú mátt vita að ég sakna þín alveg óskaplega. En við eigum eftir að vera svo mikið saman og upplifa svo ótal marga, að þetta eru ekki nema smámunir. Þú verður að skemmta þér, því ég hlakka svo til þegar þú kemur og ferð að segja mér frá öllu. Ég er alveg óskaplega bjartsýn, elskan mín, Við hljótum að eiga eftir að hafa það svo gott saman. Jæja, nú er ég farin að fella tár, en það má ég ekki. Það er skömm frá því að segja, að mér finnst þessi tími alls ekki hafa liðið seint. Ég sit nú uppi í mínu herbergi. Til að vera út af fyrir mig og skrifa þess vegna með minni fögru rithönd. Ég er búin að gera reglulega smart hérna hjá mér. Gardínurnar eru vel heppnaðar og nýtskulegar. Svo kom ég með borðstólinn, sem þú gafst mér. Á honum stendur Glitvasinn okkar með gríðarstórrí bleikri rós úr garðinum. Þetta er ansi rómantískt. Ég tala nú ekki um myndina af þér, sem ég stilli upp á náttborðinu hjá mér. Á hana horfi ég þegar ég er að sofna á kvöldin og hún er það fyrsta sem ég sé þegar ég vakna á morgnana.

Nú var verið að hringja á mig í mat svo ég held áfram, þegar ég er orðin södd af góða matnum sem hún móðir þín býr til. -- Þetta var góð lúða og fiskisúpa. --

Dagarnir hjá mér líða þannig að á morgnana vélrita ég svolítið um Æsi og Vani. Mér er að fara sífellt fram í vélrituninni, en skriftin hans frænda þíns, Ólafs, er jafnvel verri en þín. Eftir hádegi vinn ég venjulega til kl. 5, stundum lengur ef ég hef slóðað á daginn. Það hefur verið ansi mikið að gera á skrifstofunni, svo ég hef verið að hefta og sortera.

Um mánaðamótin fékk ég 1300 kr. í kaup, en 1000 kr. fóru aftur til baka, því ég hafði fengið þær lánaðar hjá mömmu þinni, þegar ég keypti frakkann þinn. Jæja, það verður betri útkoma næst. Í gærkvöldi var ég að ljúka við pilsíð úr köflótta efninu, sem mamma keypti. Það er ægilega fínt. Annars ætlaði ég að heimsækja Agnar og Rúrí, en þau voru ekki heima. Ég fer til Hafnafjarðar í kvöld til Bergljótar Ísberg.¹ Á laugardagskvöld var ég hjá Dundi² og Ollu. Þar var öll gamla klíkan saman komin. Þetta er ansi hlægilegur hópur, strákarirnir dálítið barnalegir.

Í gær fórum við kvennsurnar á málverkasýningu Kristjáns Davíðssonar, ansi skemmtileg, en drottinn minn dýri! Verðið! Og Mexíkana sem hér er í heimsókn, Gonzales Chapa - mjög líflegir litir og skemmtilegar myndir. Síðan skildu leiðir³ og ég fór í sunnudagskaffi á Smáragötuna. Þar var bara gaman með Stínu, Steinu, Röngu og Hjálmari.

¹ Bergljót Thoroddsen Ísberg (1938). Æskuvinkona hennar af Víðimel.

² Guðmundur Kristinn Guðmundsson (1939) arkitekt.

³ Móðursystur hennar: Kristín, hárgreiðslumeistari, Steinunn, gjaldkeri og Ragnheiður Ingimundardætur gift Hjálmari Blöndal, hagsýslustjóra hjá borginni.

Sidda (*Guðrún, systir hennar*) kom heim af spítalanum og fór ég til þeirra með dásamlega fallegan gardeníublómvönd úr garðinum. Stelpa litla er þæg og róleg og ómögulegt að vekja hana þó komið væri fram yfir drykkjartímann. --

Ragnheiður (*Briem*) frændkona þín kom með fótinn¹ frá Palla sem slapp heilu og höldnu gegnum tollinn. Nú er að fá pípulagningarmann -- ég er orðin eins og harðsvíraður *bissnissskarl*. Palli er að fara frá Hilleröd og ætlar að taka *kírúrgína* í Svíþjóð. --

Óskaplega var bréfið sem þú skrifaðir frá Salt Lake City skemmtilegt. Ég las það upphátt fyrir heimilisfólkið og ætlaði hrósina um þig aldrei að linna.

Eggert minn. Þú verður að lofa mér því að njóta ferðarinnar. Gerðu það mín vegna. Ég er svo stolt af þér. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 5.9.1961.

-- Þetta virðist ætla að verða minn happadagur. Helgi var að hringja og tilkynna mér að lyftan hefði komið um hádegis. -- Maðurinn sem keypti bílinn var að borga mér 3000 kr. --

Bíllinn kemur öðru hvor megin við helgina og mig vantar núna 10 þús kr. Ég ætla að setja skilaboð fyrir Eyvind frá Stardal um að borga mér leiguna sem hann skuldar. Dídí ætlar að lána mér það sem á vantar og sem ég get borgað í næsta mánuði.

Næsta skrefið er þá að auglýsa, drottinn minn dýri; hvernig ætli það takist? Ég ætla að hringja í Halldór að biðja hann um að hjálpa mér. --

Ég var að fá tilkynningu frá Bjarnþóri (Karlssyni, gjaldkera í Heilsuverndarstöðinni) að búið væri að leggja 7.342 kr. inn á reikninginn og var þá búið að draga allt frá. Svo þú sérð að kaupið hefur hækkað. --

Mamma þín og Dídí fóru í berjamó.

Amma þín er að *rorra* hér inni, mjög svo eirðarlaus. Hún biður að heilsa þér og segist hlakka til að sjá þig, en bætir samt við, að því miður verði það nú sennilega ekki í þessu lífi. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Seattle. 5.9.1961.

Bréfið er mest svar við bréfi hennar og fjallar um framhald ferðar sinnar, fjármál þeirra, bílakaup, bílasölu o.fl.

-- ætla að láta þig vita, góða mín, að þú ert fjárhaldsmaður og ræður hverju sem er, gegn því að þú ráðir fram úr áfallandi fjárhagsvandræðum. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 6.9.1961.

Pakkar bréf og kveðjur í bréfum til Sirrí.

-- Það er svo gaman að sjá hana þegar hún fær bréfin þín, hleypur með þau í fanginu afsíðis, les og les. Svo fáum við kafla háttlesna og um daginn var það næstum eins og veisla, þegar hún las fyrir okkur lýsinguna af heimsókninni í Salt Lake City.

-- Okkur líður ágætlega og gaman að hafa Sirrí hérna, enda hefur hún verið mér mikil og góð hjálp, því mikið er að gera á skrifstofunni.

Þegar ég byrjaði að vélrita fyrir fólk árið 1935 var fyrsti viðskiptavinurinn Ólafur Briem með sína galdraritsmíð, prófritgerðina. Var það eins konar eldskírn að komast í gegnum, en ég gafst ekki upp. Nú vill svo til að það fyrsta sem Sirrí vélritar er líka ritsmíð eftir Ólaf; um **Æsi og Vani**. Svo það er líkt á komið, og ég held ekki að hún gefist upp, þó það sé erfitt að komast fram úr því. Ég get ekki annað sagt en að hún standi sig prýðilega og leysi úr öllum flækjum og neðanmálsgreinum.

Segir frá Páli syni sínum í Danmörku í skurðlækningum, en flytur sig senn til Svíþjóðar. Segir líka frá skemmtiferð í Heimörk.

-- Þegar við komum heim var Sirrí ekki heima, en bréf rá henni lá á borðinu; *Lyftan komin í gang!!!* Og gleðin skein út úr hverjum staf. -- Helgi hringdi strax og hann hafði farið eina bunu. Og í dag kom hann hingað glaður í bragði, var að sækja af birgðunum í kjallaranum, því hann hafði strax boðið til sín gestum.

Sirrí fór síðan með auglýsingu í Morgunblaðið, og nú koma spennandi dagar og vona ég að --- þið fáið góða leigjendur. --

¹ „Fóturinn“ var margumtalaður. Ég skildi ekkert í öllu umtalinu um *fót* sem beið eftir flutningi til Íslands. Sirrí gat rifjað það upp að við vorum að innrétta baðherbergi og vantaði fót undir handþvottalaugina svo ekki sæist mikið af leiðslum. En langan tíma tók flutningurinn til Íslands.

Segir frá atburðum í Sólheimum 23 bæði hjá Helga P. Briem og tilraun Sirrí að leigja íbúðina þeirra Eggerts á 12. hæð. En ekki fékkst tilboð um leigu sem ánægja var með.

-- Sirrí sat í gærkvöldi og var að gera við skyrtu af þér, snúa flibbanum og stytta ermarnar sem voru trosnaðar. Skyrtan er eins og ný eftir viðgerðina og var hún enga stund að þessu. og ekki heyrði ég neina stundu eða andvarp frá henni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. San Francisco, 10.9.1961.

-- Þú mátt vita að ég er í sæluvímu (*eftir að hafa fengið bréf*) sem var svo hlýtt og notalegt; þú opnaðir þig svo dásamlega og umfaðmaðir mig með orðum og meiningu. Ég fæ hrifningaskjálfta þegar ég hugsa um hvað ég var altekinn þegar ég las það. Ég fékk það í utanríkissskrifstofunni hér um morguninn þegar ég kom. Þegar maðurinn sem ég var að tala við skrapp frá, þá opnaði ég bréfið og las þín undursamlegu orð. Ég varð að hætta, því ég gat ekki lesið það á opinberum stað, þar sem fólk þekkti mig. Ég flýtti mér út á veitingastað rétt hjá og las það í hálfan annan klukkutíma, meðan ég var að bíða eftir rútunni til Berkeley. Myndin er alveg stórkostleg. Þetta er besta mynd sem ég hef séð af þér. Þú ert svo blíð, róleg og falleg. Ég ef haft mikla ánægju af henni. Ég fór strax að leita uppi ramma og fann hann fljótlega. Grænn, með gylltum röndum og óbrjótandi gleri. Þú mátt vita að þú tekur þig vel út í honum. Ég horfi á þig og oft er ég búinn að brosa á móti þér. Ég hef stundfurn setið, tímunum saman, með rammann í hendinni, horft og horft. Er þetta ekki gaman.

Mér leist heldur en ekki vel á að þú flygir með Loftleiðum smá tíma. -- mér þykir gott að heyra hvað þú hittir margar vinkonur þínar. Það er akkúrat það sem ég hef alltaf óskað mér.

-- þú talar um að þú hafir fitnað. Hvernig er það. borðarðu mikið? Skrepptu upp á vigt fyrir mig og segðu mér sannleikann. Ég hef verið hinn duglegasti við að megra mig og er held ég kominn í samt lag. Kanarnir gefa manni svo mikið að borða. Ég er að reyna að vera kurteis og neita ekki mikið. En nú er ég búinn að fá sjálfstraust til þess. Svo ég er úr allri hættu. Ég skal þó viðurkenna að ég borða súkkulaðikex, til að koma mér í gott skap. ,i staðinn fyrir brennivín. --

Mér leið ágætlega í Seattle, vann mikið og hitti margt fólk. Ég hitti nokkra gamla Íslendinga. Ósköp rörende. Tinandi karlar og kerlingar. Ég ávarpaði þá á samkomum og svaraði spurningum um ástandið heima. Þeir voru bara hrifnir. Nokkrir hafa flust hingað á síðari árum. Ég hitti systur Einars Gudjohnsen og mann hennar. Þau eru að flytjast heim aftur vegna öryggisleysisins hér. Það er hægt að reka menn fyrirvaralaust og engar móralskar skyldur í því sambandi.

Í fyrramorgun fór ég svo hingað til San Francisco í þotu. Það eru alveg dýrðlegar flugvélar. Það bærisk ekkert, þær rugga bara svolítið. Stórkostleg leið að fljúga hingað. Fjöllin eru snævipakin með strýtum þetta 12-14 þús. fet á hæð. Fallegast er Mount Rainer, austan Seattle í fossafjöllum (Cascade mountains). Það er eins og bergrisi sem dagað hefur uppi, ólíkt umhverfinu, kalt og tignarlegt. Enda hæst þessara fjalla. Næst hæst, minnir mig að sé McKinley í Kanada.

Ég fór svo í háskólann í Berkeley þegar ég kom og var þar um daginn. Í gær var ég boðinn af íslenska konsúlnum til að hitta svokallaða Íslendinga hér í borginni. Þetta fólk er mest allt Vestur-Íslendingar eða konur giftar innfæddum.--

Borgin er ósköp falleg, byggð á hæðum er fjári margt að sjá -- Ég bý í miðborginni og var ánægður með að sjá að flest leikhúsin eru hér í grennd. Ég fór að sjá *La plume de ma tante* í kvöld, en leikritið eru flutt nýlega frá Broadway, nokkuð skemmtilegt, en rann út í sandinn.

Ég fór í dag út í *Muir Woods* þar sem risarauðviðartré frægu vaxa. Það eru alveg ferlega stór tré, enþá þótt þau séu stærri annars staðar. Þetta eru sagðar elstu lífverur á jörðinni. Ég sá stofn af einu sem höggvið hafði verið og er sagt að það hafi hafið lífferil sinn árið 900 fyrir Krists burð.

Ég fór þetta með sjávarlíffræðiprófessor frá Suður Viet-Nam, yfirmanni vísindadeildar háskólans í Saigon. -- 40 ára en lítur út fyrir að vera um tvítugt! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Álfheiði H. Briem. San Francisco, 12.9.1961.

-- Ég hef það gott í þessari fallettu en köldu borg. -- Hótelid sem ég bý í er ágætt og flóalaust. Já, flóalaust sagði ég. Því þrátt fyrir rómaða kosti borgarinnar er hér friðsælt sambýli flóa og manna. Ég er hræddur við flær, enda ekki vanur þeim og vona að ég venjist þeim sem síðast; hef aldrei séð slík óaargadýr nema í Tívoli í Höfn. Ég hef spurt hvernig menn eigi að verjast skepnunum. Bara kaupa glas af kamfóru og hafa það hjá sér í rúminu. Þetta finnst mér slæm hugmynd. Að bjóða flónum upp á kamfóru að drekka. Þá kysi ég heldur gamalt húsráð sem viss persóna, í vissu húsi, í vissri götu fyrir vestan Læk notar. Að drekka hana sjálf og verða gott af. Síðan skiptir ekki mál þó flærnar bíti, þeim yrði bara ill af.

Annars er ástæðan til bréfaskriftanna ekki til þess eins að gera at í ungri ömmu, heldur að skila til hennar kærum kveðjum frá gamalli vinkonu hennar sem býr hér á vesturstöðinni, nánar til tekið í San Carlos, sem er um 50 km. fyrir sunnan San Francisco. Kona þessi er nú 79 ára og kom til Íslands fyrir fjölda ára og var búsett þar mörg ár. Þegar hún kom fyrst þangað og þekkti engan var frú Álfheiður Briem ein hinna fyrstu sem vék svo góðu að henni í orðum og gjörðum að hún minnst hennar jafnan með hinni mestu hlýju. Og um það þarf ekki að efast, því svipurinn leyndi því ekki og vingjarnleikinn sem hún sýndi öldruðum dóttursyni þessara gömlu (og jafnan ungu) vinkonu sinnar. Kona þessi er frú Inger Östlund, ekkja Davíðs Östlund. Dóttir hennar er gift séra Oktavíusi Þorlákssyni, ræðismanni hér í Kaliforníu, og býr hjá þeim. Séra Oktavíus var búinn að vera ekill í mörg ár þegar hann giftist dóttur frú Östlund fyrir fáum árum. Hún heldur sér ákaflega og er hin fjörugasta í boðum, eins og vinkona hennar. Við vorum saman í tveim fjörugum boðum á laugardaginn; öðru hér í Oakland, hinu í San Francisco. Til að komast allt þetta og heim aftur þurfti hún að aka með fólkinu sínu að minnsta kosti 160 km. Þegar þau fóru heim úr síðara boðinu var það vegna dóttur sinnar, sem var orðin hálf þreytt. Ég sagðist nú aldeilis skila kveðjum til þín. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 13.9.1961.

Hún er búin að leigja íbúðina í Sólheimum 23, segir frá hver fjölskyldan er og að Halldór Jónatansson hafi hjálpað henni við ýmislegt í því sambandi. Leigan var 3.600 kr. þar sem ekki er búið að ganga frá svölunum og þvottahúsi.

VW-bíllinn er kominn, blágrár, sanseraður, og kostaði með öllu, 117 þús. kr. Þetta gat hún borgað með hjálp Steingríms bróður síns (8. þús.) og mömmu sinnar (3 þús.).

Gunnlaug Briem í Söfnunarsjóðnum hringdi, bauð dús og rúkaði mig fyrir 10 þús. kr. í vexti og þar með fór fyrirframgreiðsla húsaleigunnar.

Þá segist hún hafa farið í heimsókn til Agnars Biering og Rúríar sem trúðu henni fyrir að þau væru að setja á stofn verslun með snyrtivörur, með systur hans og mági á Klapparstíg. Vonandi gengur það allt vel.

-- Ég fór á opnun norrænu sýningarinnar í Listasafninu. Það var alveg ógurlega gaman, bæði að sjá allt fína fólkið og listaverkin líka. Ég var voða fín, í bláu dragtinni, með hvíta hattinn og allir horfðu öfundaraugum á þessa fínu frú. Ég held að ég verði að fara aftur, því þetta var svo geysilega mikið, málverk og höggmyndir. Sverrir Haraldsson var eini listamaðurinn sem seldi strax við opnun, tvær myndir á 10 þús. hvora. --

Segir frá Mallorca-ferð mömmu sinnar og systra hennar, sem virtist stefna í ógöngur, vantaði fararstjóra og hótelið afleitt.

Jóna hringdi af Bergstaðastrætinu og sagði að kominn væri pakki til Eggerts Briem, sem við nánari athugun var Eggert Ásgeirsson Briem, og eftir að Sirrí samþykkti var sendingin borin inn og var þá síldarkvartil frá Sveini Benediktssyni.

-- Svo þú veist hvað verður á borðum, þegar þú kemur. -- Þakkar líka fyrir bréfin sem hún hefur lesið upphátt í Tjarnargötunni. Eru þær allar óskaplega hrifnar. Samt segir amma þín alltaf: *Hvað er hann eiginlega að gera þarna úti, er hann bara að skemmta sér, eða hvað?* --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. San Francisco, 14.9.1961.

Lýsir skólanum í Berkely. Hefur verið mest með fertugum prófessor frá Saigon, ágætum, en barnalegum. Segir ánægjulegt að svelja hér og allir hjálpsamir við hann.

Er í rusli út af húsaleigu á íbúð þeirra og vegna bílsins sem þau eru að kaupa.

-- Hvað er ég annars að sletta mér út í þetta, sem þú hefur miklu betra vit á? --

Borgin hérna brosir svið mér. -- Allir eru hér hjálpsamir. Séra Oktavíus Þorláksson, ræðimaður okkar hér fót með mig á ráðstefnu og kom mér í samband við dr. Geiger, frægan lækni, fyrr borgarlækni hérna, alveg stórkostlegan og skemmtilegan heiðursmann, sem kom mér í samband við alla þá helstu hér í borg. -- Það var gaman að vera með honum og skoða allt það sem hann hefur byggt upp sjálfur -- 77 ára og hvergi banginn, ferðast milli stórborga heimsins og er ráðunautur stórveldanna í heilbrigðismálum --

Hið merkilegast skeði samt í dag. Ég fór til Berkeley til að tala við prófessorana við School of Public Health -- Þeir tóku mér svo fádæma vel -- mér leist svo vel á alla hluti hjá þeim að ég er búinn að ákveða að fá dvöl mína framlengda -- Ég held að þetta sé viturlega ráðið hjá mér og nú er ég fullur tilhlökkunar um framtíðina hér í Bandar.

Það eru hreinustu fádæmi hve margir -- taka vel á móti manni. prófessorarnir við háskólann beinlínis umfaðma mann, lýsa ánægju sinni, gera æstir áætlanir um nám og störf, leggja sig í líma við að útvega húsnæði og annað eftir því. Enda er ekki óáreinnilegt að setjast niður í svona skóla. -- Andinn er gjörólíkur andanum heima. Kennararnir eru fremur leiðsögumenn og aðstoðarmenn stúdentanna en andstæðingar. Það er gaman að heyra þá tala um stúdentana. Þeir benda með lotningu á góða stúdenta, gefa manni olnbogaskot, segja mér að taka eftir honum og bjóðast til að kynna okkur. Ekki gefa stúdentarnir kennurunum heldur lélegan vitnisburð. Skólinn er að því er virðist eins og vél til þess eins gerð að ná árangir í faginu, útskrifa góða menn til að þeir geti hafist hana. --

Það eru margir Íslendingar hér og hef ég hitt tvo. Ritari rektors háskólans mrs. Anderson hringdi til mín í dag. Hún hafði lesið það í háskólablaðinu að ég væri þarna gestur. Hún er alin þar upp á Íslandi. Hún bauð mér að borða hjá sér á sunnudagskvöldið kemur. Lýst þér ekki vel á allt saman?

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. San Francisco, 18.9.1961.

Var boðinn til Peter Houston, ferðaskrifstofueiganda, bróður Jane Almqvist, vinkonu þeirra frá Reykjavík og Uppsöllum. Er é nú fluttur til Berkeley, tekin til við vinnu og fyrirlestrasókn. Háskólaárið byrjaði með fyrirlestrum helstu manna á svæðinu og allt frá Washington DC. Gefa þeir yfirlit yfir hvernig hinar ýmsu sérgreinir standa, hvað á undan er gengið og hvert stefni.

-- Síðan eru umræður og spurningar og ber ekkert á þeim leiða galla Bandaríkjamanna að þeir tali til þess að tala. Það vanda sig allir enda taka bæði nemendur og kennarar þátt. --

Í gærkvöldi var ég svo boðinn til áður nefndrar frú Anderson -- systur Ragnars T. Árnasonar¹ útvarpsþular og Ástu,² ekkju Bjarna Oddssonar³ og konu Jóhannesar Björnssonar⁴ læknis. Ein systirinn er Unnur kona Hjartar Halldórssonar.⁵ Katrín, en það heitir frúin, missti mann sinn fyrir eitthvað 12 árum og var þá heima á Íslandi um árs skeið, ásamt syni sínum sem nú er 15 ára. Eftir það flutti hún hingað og er nú einkaritari þess fræga manns Kerr, forseta University of California. Mér finnst ég þekkja hann náð, þar sem ég man svo vel grein um hann í Time Magazine ásamt mynd af honum á forsíðu. Hann er frægur fyrir sáttasemjarastör sín hér í Bandaríkjunum. Honum voru víst ætluð ráðherraembætti í ráðuneyti Kennedy, sem hann þáði víst ekki. University of Cal. er einhver stærsti og frægasti háskóli í landinu. -- Rektor háskólans var Seaborg, sem Kennedy forseti hefur nýlega gert að formanni Kjarnorkunefndar Bandaríkjanna. Í stað hans kom Edward Strong -- Hann mun verða fulltrúi háskólans við afmæli HÍ í október. Ég er alltaf hálf hræddur þegar við erum að taka á móti gestum heima, að það fari klaufalega úr hendi, því þeir vita ekki hvers konar merkismenn það eru sem koma í heimsóknir. -- Það fór hrifningarhrollur niður eftir baki Íslendinga hérna þegar þeir heyrðu hvaða sómi Íslandi væri sýndur með þessu.

Að vera einkaritari manna eins og Kerr er talið hið merkasta trúnaðarstarf enda eru einkaritararnir oft eina vörn þessara manna gagnvart umhverfinu..

Ég var mikið sorgmæddur fyrir augnabliki síðan þegar ég heyrði í fréttum að Hammarsköld⁶ væri látinn. Það er nú meiri ógnin í heiminum núna. Hvað skyldi vera framundan. -- Rússar verða líklega ekki lengi á sér að nota þetta til að koma SP fyrir kattarnef. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 19.9.1961.

-- Ég er ekkert óánægð lengur með leiguna og helda að við höfum verið tiltölulega heppin. --

Haraldur fór í morgun með Loftleiðum -- bíllinn fór með Gullfossi -- hann ætlar svo að keyra til Stokkhólms. --

Segir frá húsfundum o.fl. vegna Sólheima 23. Á að kalla alla íbúðareigendur til viðtals. Segir að við skuldam ekki mikið samanbórið við ýmsa aðra eigendur.

¹ Ragnar T. Árnason (1917-84). Útvarpsþular. Um Árna, föður þeirra, sem lét sig hverfa í Ameríku, skrifaði Ólafur Jóhann Ólafsson: Höll minninganna.

² Ásta Árnadóttir (1914-97).

³ Bjarni Oddsson (1907-53), skurðlæknir.

⁴ Jóhannes Björnsson (1907-1966), skólaeignir.

⁵ Unnur Árnadóttir. Hjörtur Halldórsson menntaskólakennari.

⁶ Dag Hammarsköld (1905-18.9.1961). Aðalritari Sameinuðu þjóðanna.

-- ég held að ekkert verði af fluginu -- Jón (*Júlíusson*) hefur ekkert talað við mig. -- Þórdís Gústafsdóttir býðst til að útvega mér vinnu hjá Loga Einarssyni sakadómara. Það myndi vera í þrjá mánuði og gott kaup. Ég er líka æst í að fara að vinna inn peninga og vona að af þessu verði.

Ég var hjá Agnari og Rúrí. -- Þau tala ekki um annað en bisset og aftur bisset. --

Ég var að ljúka við Ólaf Briem í dag. Það var nú það. --

Það var heldur en ekki *fför* á Seltjarnarnesi í vikunni. Stella og Haraldur fengu upphringingu frá nágrönnum á Skólbrautinni þar sem þeim var tilkynnt að vatn streymdi út um allar rifur. Heldurðu ekki að Bensi Sveins og Gúi (*leigjendurnir*) hafi skrúfað öfugt fyrir kranana í eldhúsinu, þegar vatnlaust var, svo vatnið streymdi út á gólf í nærri tvo sólarhringa. -- Þau halda að gólfið sé alveg ónýtt. --

Mér sýndist þú vera í ægilega finni úlpu á einni myndinni. Ertu búinn að kaupa þér eitthvað sniðugt? Hafðu það alltaf gott elskan mín. Þín stolta eiginkona.

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Berkeley, 21.9.1961.

Ræðir bréf hennar frá 13.9., framkvæmdir við íbúð þeirra og fjármál. Þá segir hann frá fjárhagsafkomu sinni og að hann geti með ítrasta sparnaði lagt til hliðar nokkuð af styrknum. Hvort framhald verði á geti hann ekki sagt. Ætlar að fara í leikhús í S.F.

Spyr hvort möguleiki sé á að hún getir komið til móts við sig.

-- Ég er alveg utan við sjálfan mig að hafa þig ekki hjá mér til að geta rætt við þig og kysst; og bara haldið í höndina á þér. -- kannski er þetta ástýki -- Ég sit hér á hótelineu í hádeginu til að svara spurningum þínum - - var á fyrirlestur og fer aftur á þá eftir hádegði. Ég þekki hér engan nema prófessora, svo ég er að mestu leytí einn. Hér búa margir Íslendingar en ég hef ekki enn haft samband við þá. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ólafi B. Thors. San Francisco, 14.9.1961.

Ræðir nokkuð þær fréttir sem hann hafði fengið að heiman um gengisfall, síldveiði-, afkomufréttir o.fl. Þá segir hann frá örvæntingu Bandaríkjamanna vegna kjarnorkuvár.

-- Þegar ég heiðraði málfundafélagið *Vestra* í Seattle með nærveru minni, þá báðu þeir mig að flytja þeim fréttir að heiman. Ég varð vel við og hrópaði (maðalaldur þeirra var ca. 85 ár, litu út fyrir að vera 95) kveðjur að heiman og hafði þínar fréttir sem hápunkt. Þeir voru svo hrifnir að ég var um hríð skelfdur og hélt að þeirra hjörtu myndu springa í vímunni. Nei, þetta eru sterkir kallar og kellingar. Á eftir svaraði ég spurningum um efnahagslíf (dæmi: *Hvaðan fengu íslenskir alla þá peninga sem þeir kváðu hafa sóað í lok síðara heimstríðsins?*), um fjölskyldu- og ættfræði (dæmi: *Ég er af Guðmundson ættinni. Kannastu nokkuð við fólkið mitt?*) og um byggingamál (dæmi: *Hvernig hafa Íslendingar ráð á að byggja svona mikið af steinhúsum?*).

Eggert Ásgeirsson skrifar Jóni Sigurðssyni borgarlækni. Berkeley, 21.9.1961.

Segir húsbónda sínum af ferðum sínum og hugmyndum sem hann hefur myndað sér um Bandaríkjamenn. Segi frá San Francisco og kynnum af dr. Geiger, fyrr borgarlækni (director of public health), bók hans, áhrifum og starfi víða um heim. Segir frá háskólanum í Berkeley, kennslu í heilbrigðismálum, sem og því hvernig skuli bregðast við áhrifum lífsháttabreytinga og -venja, sem leiða til krónískra sjúkdóma sem áður voru ekki undir smásjá.

Segir frá lífinu í samliggjandi borgunum S.F., Berkeley og Oakland, samgöngum, viðleitni til að spornar við bílanotkun og gæða miðborgir lífi.

Eggert Ásgeirsson skrifar Agnari Biering.¹ Berkeley, 22.9.1961.

-- Ég er búinn að hitta fáeina gamla skrögga og kerlingar, mest Vestur-Íslendinga, sumt konur giftar amerískum. Hér eru líka sumir sem eru nýfluttir. Ég var hjá Vigfúsi Jakobssyni, bróður Ingveldar bekkjarsystur okkar, sem býr hér uppi í fjöllunum fyrir austan. Hjá honum hitti ég Eystein Þórðarson (skíðamaður), sem fluttist hingað ásamt konu og barni í fyrra. Þessu fólki líður vel, efnast ágætlega, eins og menn gera oftast nær, ef þeir eru lagnir, sæmilega menntaðir og duglegir. Dugnaður er aðalatriði í þessu samkeppnisþjóðfélagi, enda mikið og hratt vinnutempó. Það er furðulegt að sjá menn í sumum verksmiðjum, hvað þeir hamast og afkasta. Ég held að þar í liggi munurinn á efnahag fólksins. Kollegar mínir hafa hér á sjöunda hundrað dala, ef, og þar er alltaf hið mikla *ef*, ef þeir vinna og fylgjast vel með og

¹ Agnar Biering (1928-95). Lögfræðingur.

hafa aflað sér háskólamenntunar. Þetta er mikið fé, en þó munar ekki í líf skjörum sem munar í peningaupphæð. --

Ég hræðist það mikið að þið skulið draga mína ástkæru eiginkonu út í svall. Hún dásamar það svo mikið að ég er farinn að óttast mjög. En hún á það sannarlega skilið --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Berkeley, 22.9.1961.

Segir bróður sínum nákvæmlega frá reynslu sinni, í háskólanum af kennurum, náminu, innihaldi þess og ætluðum tilgangi. Segir frá starfskröfum kennaranna, sem flestir eru doktorar, merkilegir.

-- Þeir fá heldur lítið borgað, og hvað læknana snertir, miklu minna en þeir gætu fengið annars staðar. Þeir eru sem sé hér vegna áhuga. Hér er ekki talað um einstök framkvæmdaatriði, heldur hvernig hægt sé að gera hlutina. Það er seinna nemendanna að koma því í framkvæmd. Eitt hefur verið mikið rætt, *mental health*, ekki aðallega frá sjónarmiði læknisins, heldur miklu fremur sem *preventive medicine*. Hér í landinu er fjöldinn allur af tilraunaspítölum, sem stunda geðsjúklinga á ýmsan hátt, leitandi að nýjum aðferðum. Ástand gömlu spítalanna er svo óskaplegt að úr því verður að bæta. Það er þessi hlífðarlaus gagnrýni á hlutunum, sem mér líkar svo vel í þessum landshluta. Ég myndi hvergi annars staðar vilja vera og læra. Fjölgunin á fólkinu er alveg gífurleg; það er einmitt þessi fjölgun sem hefur þjálfað menn og neytt til að fara út á nýjar brautir. Flestir geðveikraspítalar hér í ríkinu, hafa verið byggðir síðan eftir stríð.

Mér lýst vel á hugmynd þína að fara í geðsjúkdóma. Ástand þeirra er alveg hroðalegt heima (þú sérð að ég get ekki annað en miðað allt við ástandið heima). Þar verður að bæta úr áður en langt líður.

Ef þú myndir einhvern tíma hugsa þér að koma hingað myndi ég helst ráðleggja þér að lesa og komast að hver er forvitnilegastur af helstu prófessorum og vinna ósleitilega að því að komast í samband við einhvern þeirra helstu. Það er enginn vandi að gera það, en er miklu vænlegra en að leita eftir því hvar styrkir bjóðast, án vísindalegs -- (frh. vantar).

Ég hef kynnst hér ýmsum merkismönnum sem gætu komið sambandi á. Fyrirgefðu að ég skili ráðleggja þér, þú baðst mig ekki einu sinni um það. Ég er svo upplyftur yfir hugmynd þinni að ég hleyp í gönur.

Segir frá ýmsum sem hann hefur kynnst.

Ég fer í óperur. Sá Boris Goudonoff í gærkvöldi í alveg stórkostlegri uppfærslu í San Francisco óperunni. -- Tozzi söng aðalhlutverkið -- glæsilegt var það. Svo sá ég *A short happy life*, leikrit um Hemmingway -- ömurlegt leikrit og lítill andi Hemmingways -- Andinn var miklu fremur Faulknerskur. Ég hef líka séð *La plume de ma tante*. Franskt grín, flutt að hálfu leyti á frönsku. *Gypsy*, söngleikur um Gypsy Rose Lee, með Ethel Merman. Gott og skemmtilegt. -- Lestu mikið? Jæja lagi -- kveð þig með söknuði --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsd. Berkeley, 23.9.1961.

Segir frá tveim Íslendingum við háskólann. Theodór Diðriksson¹ (1931) verkfræðingur og Gunnar Sigurðsson,² líka verkfræðingur, sem var að ljúka doktorsprófi í vatnsaflsfræði.

-- boðinn til Vigfúsar Jakobssonar.³ Hann stundar hér byggingar eins og fleiri Íslendingar. Sjálfur býr hann í húsi sem hann hafði nýbyggt. Mikið ári eru þau skemmtileg þessi ameríska hús. Allt er fyrsta flokks í þeim. Húsið sem hann býr í er alltaf 35 þús. dala virði. Hann á heilmikið land í nágrenninu sem hann er að byggja hús á. Ég sá eitt sem hann er búinn að selja, mjög líkt húsinu sem hann býr í. Standa þau í snarbratti hlíð og sést þaðan yfir Oakland, Berkeley og flóann til San Francisco. Dásamlegt útsýni. Hann er barnlaus og giftur amerískri konu. Hjá þeim hitti ég hjónin Eysteinn Þórðarson, skíðakappa og konu hans, gamla bekkjarsystur þína, Dóru Hjartar.⁴ Hún sagðist einmitt hafa fleygt mynd af þér áður en hún fór að heiman, þar sem þú varst með fléttur. Sá hún mjög eftir því og sagðist hefði vilja heldur gefa þér hana. Þau hafa það ágætt. -- Buðu þau mér í kaffi í kvöld sem ég gat ekki þegið því ég er að fara til að hlusta á Joan Baez syngja þjóðlög í San Francisco óperunni. --

¹ Theodór Diðriksson (1931) verkfræðingur í Bandaríkjunum. Hann var bróðir Ólafs (1929-2006) bekkjarbróður míns í barnaskóla og síðar múrarameistara. Þeir voru afreksmenn í suði.

² Gunnar Sigurðsson (1933-1978) verkfræðingur, rak verkfræðistofu í Rvík.

³ Vigfús Jakobsson (1921-82) Einarssonar prófests að Hofi í Vopnafirði og k.h. Guðbjargar Hjartardóttir. Vigfús var meistari í skógfræði, einn fyrstur Íslendinga.

⁴ Eysteinn Þórðarson (1934-2009) og Dóra Hjartar (1937).

Segir frá fyrirhuguðum ferðum með þessu fólki og áætlun sín um tónleika og óperur. Þá lýsir hann hinni skemmtilegustu skraut og gamangöngu (parade), ólíkri öllu sem hann hafði áður séð. Svo var hann í skólanum allan daginn.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 28.9.1961.

-- Það er eins með okkur bæði, höfum svo óskaplega mikið að gera, að það er rétt svo að við megum vera að því að skrifast á. Undanfarið hefur verið geysimikið að gera á skrifstofunni, samningar fyrir eimskipafélögin og fleira. Ég lauk við ritgerð Ólafs í síðustu viku og fékk 200 kr. fyrir. Ég er búin að fá þessa vinnu hjá Sakadómara frá 1. okt. og er kaupið eitthvað yfir 400 kr. Það verður ekkert úr fluginu núna, elskan mín -- Ég er hrædd um að það yrði tómtesen og meira spennandi að bíða. --

Segir frá lokafrágangi við íbúðina í Sólheimum 23, sem Sæmi¹ hjálpaði henni með, öryggiskeðjur á svalahurðum o.fl.

Segir líka frá nýja bílnum, sem hún hreyfir lítið.

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríðiir Dagbjartsd. Berkeley, 30.9.1961.

Segir frá starfi sínu, daglegum háttum og starfi. Situr við ritvélinu í einkastofu á bókasafninu.

--Eins og ég sagði þér í síðasta bréfi flýtti ég mér að ljúka við það til að ég gæti farið á konsert í Frisco. Ég stakk bréfinu í póstkassann við strætisvagnstöðulinn og fór svo upp í vagninn með blað og var að lesa það. Á eitthvað fjórðu stöð, áður en vagninn fór út á brúna sem liggur yfir flóann, þá verður mér lítið augnablik upp úr blaðinu sem ég var að lesa. Ég sé að þar stendur bíll kyrr og eitthvað fólk er að glápa út um gluggann á mig. Þetta var þá Inga² bekkjarsystir mín, systir Vigfúsar Jakobssonar. Hún bentu mér á að koma, svo ég stökk út úr strætisvagninum. Hún býr hér uppi í Sierra Nevada, þar sem maðurinn hennar vinnur á vegum stjórnarinnar við jarðvegsrannsóknir. Hún kemur mjög sjaldan hingað til bæjarins. Sagðist hún hafa lítið af tilviljun upp í strætisvagnsgluggann og varla ætlað að trúa eigin augum. Hún hafði nefnilega ekki hitt bróður sinn og ekki haft hugmynd um að ég væri hér í landinu. Enn meiri tilviljun að ég skyldi líta upp úr blaðinu og fara að glápa út í myrkrið. En svona er þetta. Hún var þarna í bíl með kunningja mannsins hennar. Þau keyrðu mig á konsertinn. Þú manst eftir því þegar hún kom með þér frá Ameríku í fyrra og ég heilsaði upp á hana á flugvellinum.

Ég fór svo á konsertinn og skemmti mér alveg ákaflega lítið. Söngkonan³ hefur alveg frábærlega fallega rödd, en söng ekki þjóðlög samkvæmt anda þeirra. -- Ég varð fyrir vonbrigðum. --

Fór svo næsta dag með fyrrnefndum kunningjum og Þórdísi Árnadóttur⁴ á baðströnd við Russian river. Vigfús og kona hans buðu honum í mat, soðinn lax.

-- ég var svo spenntur að við ákváðum að fara til veiða -- á fimmtudag kl. fimm að morgni. Er farið á mótorbátum út á rúmsjó, frá bæ hér fyrir norðan -- Svo var siglt út á flóann, undir Goldan Gate brúna. --Var alveg dásamlegt að vera á sjónum. -- Voru sex við veiðar, siglt hægt, og stengurnar festar við borðstokkinn og báturinn látinn draga færið. Er nauðsynlegt að festa stengurnar, því það er ári þungt að halda þeim. Eru þung lóð á línunni til að halda henni á hæfilegu dýpi. Þegar fiskur bítur á losnar sökkann frá. -- Einn maðurinn var svo heppinn að hann náði tveim löxum, átján og þrjátíu og tveggja punda. Var ég æði spenntur, en því miður fékk ég ekki nema einn lítinn, eitthvað 50 sm. á lengt, svo lítill að lög heimila ekki að hann sé hirtur. Hinsvegar fékk ég tvo aðra fiska sem ekki var ætlunin að veiða, en þeir flæktust á öngulinn, annar *kingfish*, hinn veit ég ekki hvað heitir. Undir kvöld var kominn ansi mikill sjór og var alveg stórkostlega æsandi um borð þegar stórar öldur risu undir bátum. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 30.9.1961.

Pakkar bréf hans frá Yellowstone. Segir mikið að gera á skrifstofunni og Sirrí byrji að vinna í skrifstofu sakadómara eftir að hafa hjálpað sér vel. Biður hann að hafa ekki áhyggjur af íbúðinni óleigðri. Dýrtíð sé mikið og þau hefðu alls ekki lagt út í byggingu við núverandi ástand.

¹ Sæmundur Pálsson, síðar nefndur „rokk“ og lögregluvarðstjóri var mjög hjálplegur í húsinu.

² Ingunn Jakobsdóttir (1928). Hún er nú ekkja, en býr ásamt börnum sínum nærri Berkeley.

³ Joan Baez, heimsfræg þjóðlagasöngkona og forystumaður í réttindamálum blökkumanna og andstöðu við Viet-Nam stríð þjóðar sinnar.

⁴ Þórdís Árnadóttir (1933) var þekkt sundkona systir Benedikts leikara. Mun búsett í Rvík,

Segir ýmsar fréttir, af félögum húsinu í Sólheimum og hve Helga og Dorisi falli vel að búa þar. Slæmu fréttirnar voru þær að Guðmundur Jónasson kennari, maður Bergljótar Líndal, sem hafði verið með smávegis óþægindi í tungunni, greindist með krabbamein í henni og var sendur til London í aðgerð. Hann hafði verið ráðinn kennari við Verslunarskólann. Þá segir hún frá Páli sem er að flytjast til Luleå til að taka skurðlæknanámið þar.

Þá segir hún frá heimsókn Steinunnar Briem og Kristmanns. Hann hafði fengið harðsvíraða níðgrein um sig í Mánudagblaðið sem vakti mikla athygli þannig að þau höfðu ekki frið úti við. Vakti þetta landsathygli og leiddi til markonar ofsókna, fréttar og deilna í blöðum, sem Kristmann sagði að undirlagi kommúnista vegna skrifta hans um þá í ævisögu sinni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede Pálsdóttir Briem. Berkeley, 2.10.1961.

-- veðrið er eins og það hefur alltaf verið, sem talar fólkið mikið um veðrið. Það ræðir um hitann, rakann, vindinn og áhrif þess á gróðurinn --

Orðaforðinn hjá blessuðu fólkinu er nú heldur slakur, ef satt skal segja. Nema þegar vísindamenn tala um sitt sérefni, þá hleypur orðaforðinn gjörsamlega með þá í gönur. Það er nefnilega nauðsynlegt til þess að geta talist sérfræðingur að leggja sér til vísindalegt orðbrag sem slær við öllu því sem ég þekki í Evrópu, enda með öllu þýðingarlaust. Þetta lengir mál þeirra og veldur leiðindum.

En það er fleira sem lýsir vel hvað mál er lítilvægt. Fjöll og dalir eru kallaðir þeim óskemmtilegustu og óskáldlegustu nöfnum sem ég hef heyrt, svo sem og önnur örnefni. Var það einkum eftirtektarvert í Yellowstone park. Nöfn eins og *Opal spring*, *Soda spring*, *Main spring*, *Oblong geyser*, *Daisy geyser*, *Anemone geyser*, *Sawmill geyser*, *Jelly geyser*, *Jewel geyser*, *Saphire pool*, *Coral Geyser* og *Mustard springs*, svo maður taki bara hveranöfnin, eru þau hreint nægileg til að gera út af við þessa skemmtilegu hveru. Það má nú samt ekki dæma þessar nafngiftir af hart. Yellowstone park fannst ekki fyrr en í byrjun síðustu aldar og ekki kannaður að ráði fyrr en um 1870, og var fljótlega gerður að þjóðgarði eftir það, eða 1872, áður en sum nágrannaríkin voru stofnuð. Þannig hafa landkönnuðurnir skírt staðina í stórum stíl og ekki smám sama eins í öðrum löndum sem byggjast samkvæmt reynslu íbúanna, hættum og eðli. Það er sami blær á þessum nöfnum og ungmennafélaganöfnunum sem Kiljan kallaði, eitthvað væmið við þau. Þetta er ekki eins áberandi og í annars staðar þar sem oft voru Indjánar fyrir sem þegar höfðu skírt landið. --

Segir frá ferðalagi sínu og landa hans um San Francisco þar sem þeir rákust á útihátíð, og heyrði áamtlegan söng, þjóðdansa o.fl. ófagurt og ómúsikalskt.

-- Þegar ég talaði við séra Oktavíus á eftir spurði hann mig hvernig mér hefði þótt. Ég ætlaði að fara að segja að mér hafi þótt söngurinn afleitur; heldurðu þá ekki að söngkonan hafi komið askvaðandi. Ég var kynntur fyrir henni; þetta var þá dóttir prestsins!

Hann var voða ánægður með móttökurnar sem forsetinn hafði fengið í Vancouver. Voru vesturstrandarmenn hreyknir yfir að hafa smalað saman fleira fólki en þeim í Winnipeg. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Berkeley, 1.10.1961.

Komst í svo gott skap er hann fékk bréf hennar að hann keypti grill á 2 dali (þetta var í byrjun grillaldar og slíkt enn óþekkt á Íslandi, líka lauka, setti það í póst og sendi. Hlakkar til að steikja á því nautakjöt, sem hann reyndar má ekki borða.

-- ég labbaði hjá búðarglugga áðan og sá að ég hafði fitnað aftur. Svo nú ætla ég alveg að hætta að borða -- Ég er kominn með talsverða ístru. -- Það tekur ekki nema fáa daga að ná henni burt - vona ég --.

Viltu reyna að prédika fyrir mömmu að vera ekki í stríði við Palla. Hann er eins og hann er og hann vill að mamma sé eins og hún á að sér. Engan refsivönd. Ég man eftir því að hún sagðist skrifa Helga eins og henni þóknaðist og væri alveg sama hvort hann svaraði eða ekki. Hún vildi bara skrifa sjálf -- á við hann. Ef Palli færi í fýlu, hætti að skrifa, samkvæmt reglunni, þá myndi mamma hætta líka og aldrei hafa samband við hann að fyrra bragði framar. Guð hjálpi fólkinu. Af hverju faðmar hún hann ekki að sér með bréfaskriftum og þíðir úr honum kuldann sem hann á býst við að móðurástin þíði. Enga predikunarstarfsemi; ekkert kalt stríð, heldur hlýju og umhyggju. Palli hefur alltaf gleymt öllu, hann er kærulaus, lofar, gleymir og týnir. Þetta ásamt öllum þeim hæfileikum sem hann hefur til að bera; það myndar alveg stórskemmtilegan hæfileikamann, séni, sem öllum á að þykja vænt um og við getum verið stolt af. Við dæmum aðrar fyrir sams konar fávísku. Hvað er það sem alltaf er að steypa heiminum út í stríð. Skilningsleysi og ráðríki, allir vilja breyta öllum til eigin vegar.

Ég er búinn að skrifa Palla fjórum sinnum, og hann skrifar mér tvisvar. Ég set stolt mitt í að skrifa honum oftast en hann mér; illa vildi ég komast í skuld. Hann er í miklum vafa hvað hann á að gera. Ég efast um

hvert hann á að halda í læknisfræðinni. Þetta held ég að nagi hann og hljóti að hafa *deprimerandi* áhrif á hann. Ég vildi óska að þú skrifaðir honum líka, Bréfin hans eru afskaplega skemmtileg; eins og ég sagði honum í síðasta bréfi, þá opinbera þau ekki huga hans allan. Kannski vill hann það ekki. Kannski er hann á móti afskiptasemi, kannski getur hann ekki opnað sig. Hver veit? Hitt veit ég að hann er mér mjög mikið og ég myndi missa mikið ef ég hefði hann ekki til að deila skapi með. Hvað eru vinir? Þeir koma og fara. En einn bróðir og einn sonur er fjöregg sem verður að gæta. --

Gott þótti mér að heyra að þið systur¹ skylduð sitja saman að drykkju og opna ykkur hver fyrir annari. Það er sannarlega kominn tími til. Samkvæmt því er Stella orðin heldur mildari en hún var. Það er gott --

Láttu orð Dorisar eins og vind um eyrun þjóta. Þau eru eins og hver önnur vitleysa. -- Það mætti bauna öðru eins á Dorisi ef maður vildi. En hver nennir. Þess vegna á að segja henni að maður sé búin að þessu, sé ánægður og vilji ekki meira um það heyra. Það myndi ég gera. Hvort ég gerði það er annað mál.

Hér er fjallað um leiguverð þeirra og borið saman við það sem Doris og Helgi fengu, fyrir lita og lélega íbúð. Vill ekki að þau stundi okur.

Ræðir um framkvæmdir í íbúðinni þeirra, nýja bílinn og hvort hann eigi að kaupa öryggisbelti í hann.

Ræðir hvað Íslendingarnir vestra eru fréttafáir og kviksögur sem myndast, t.d. vegna fréttu af gengismálum.

-- Það er svo gaman að skrifa þér. Ég er alveg að verða vitlaus. Ég kemst í stemmningu þegar ég sit hér og svara bréfum frá þér. Ég veit ekki hvað það er. Ást. Þrá? Það er allt, held ég. --

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert. Luleå. 4.10.1961.

Ágæti eðalbróðir. - Þú veist kannski ekki hvar ég er. En samt, ég er á vísunum stað, þ.e Lénslasarettinum í Luleå. --

Það heldur mæðulegur dagur eftir vakt, geysi annríka. Hnífurinn blikar og út úr sjúklingunum ganga ýmsir líkamshlutar. Á vaktinni hef ég tekið tvo botnlanga, skafið út fáein leg, kafað eftir legköku og greitt úr garnaflækju, fyrir utan smádót sem ég hef ríslað við. Voðalegur grobbari er ég. Mannlega líður mér ágæta vel hér, en *medisínsk* ekki eins. En það er nú það sem ég bjóst við. Það er býsna skemmtilegt að fá úr sér skrekkin, svo maður þorir að gera skurðaðgerðir. En ekki býst ég við að meira verði um skurði en þessa sex mánuðir sem ég veð. Handverkið verður svo mikilvægt fyrir kírúrg að honum hættir við að gleyma sjúklingnum sem heild. --

Yfirlæknirinn hér er svo manískur að honum verður illa við sjúklinga sem ekki batnar eftir aðgerðirnar, svo að sumir þeirra þora ekki til hans aftur, svo að *statistikurnar* verða afbragðsgóðar. Eftir nýár verður hann yfirlæknir á skandínávíska kennsluspítalanum í Kóreu. Hann er fjandi virkur, en dálítið *skrattað*² á bak honum. Hans lífsblóm er ný magasársaðgerð, sem er svo góð að lýsingarnar á henni er eins og trúður maður lýsi guði.

Fyrstu helgarvaktina, sem ég hafði. fékk ég hringingu frá Umeå og þrjár íslenskar stelpur vildu heimsækja mig. Jú-jú, velkomnar, og þær voru helgina hér, sem var sem betur fer róleg. Þetta voru tvær hjúkrunarkonur sem þekktu mig víst fyrir og ein *laboratrissa*, sem þekkti mig ekki fyrir, en gerir það nú. Hún er dóttir Árna Péturssonar læknir, ansi hress. Síðan hef ég heimsótt þær í Umeå yfir helgi (það er eins langt og Rvík-Blönduós, tekur þrjá tíma). Síðan heimsótti hún mig um síðustu helgi; hún hefur þægileg áhrif á mig, hversu mikil veit ég ekki enn.³

Það getur verið að ég skreppi til Stokkhólms á ball um helgina 1. des., eru böllin þar ekki ansi góð? --

Páll Ásgeirsson skrifar Eggert. Luleå. 4.10.1961.

Segir frá því hvernig á því stóð að hann flutti til Luleå. Var það einkum vegna þess að þar er góð skurðdeild. Þangað er hann kominn og situr við bréfaskriftir í góðri þriggja herbergja íbúð með dásamlegu útsýni yfir Luleåälv, og stærstu brú Svíþjóðar sem liggur yfir hana. Á svölunum etur hann notið sólarinnar.

-- Ég fór frá Hilluröðinni (Hilleröd), kom um hádegisdag til Värnamo og hugsaði að einhver kunningi hlyti að vera þar, sem gæti gefið honum að borða, jú, Knútur Björnsson⁴ var á staðnum og fóðraði mig. Áfram hélt

¹ Ingveldur (1933) og Guðrún Dagbjartsdóttir ().

² Helgið

³ Þetta voru fyrstu kynnin af hans fyrri eiginkonu, sem kemur sjálfsagt við sögu síðar.

⁴ Knútur Björnsson (1930-2014), lýtalæknir.

ég og fékk mér kaffi á *Gyllene Öttern* við Vätternvatnið. Þar sat kona rétt hjá, glápti á mig, ég brosti og hún fór að hlæja og maðurinn á móti henni fór að gá að hvern hún væri að blikka; það var þá Emil Als,¹ sem dvelur á augnklíníkk í Jönköping. Þegar ég var sestur hjá þeim komu tveir aðrir Íslendingar og slógust í hópinn. Nú keyrði ég til Stokkhólms og borðaði næsta dag hádegisverð hjá Sveini Einarssyni,² sem er kominn aftur og er nú lítilræði að hjálpa til við að stjórna Ríksteatret. Þann dag var ég á sýningum með Sveini, Kristínu Gústavsdóttur³ og Þóru Gíslason.⁴ Um kvöldið sá ég Ingu Tidblad sem Kristínu Svíadrottningu eftir Strindberg.

Næsta dag heilsaði ég upp á Bo Almqvist, Jane, Mörju litlu og köttinn sem Sirrí var hrædd við. Þau báðu að heilsa. Norður keyrði ég fyrst hjá gröf Hammarskölds þar sem fólk stóð í biðröðum. Svíar virðast vera að blása upp dýrðlingsstíl yfir hann; ég held það stafi af slæmri samvisku yfir því að þeir eru alltaf hlutlausir. - Einum degi eyddi ég með Skúla frænda Helgasyni⁵ í Umeå, (komplexin festa sig fastar og betur í honum), sem stundar vísindi fyrir háskólann, Sigurði S. Magnússyni,⁶ Eggert Jóhannssyni⁷ og Helgu Arason⁸ (sem þykist hafa passað okkur á Bergstaðastrætina) og Einari Pálssyni.⁹ Mjög gaman að hitta allt þetta fólk sem er bráðskemmtlegt.--

Spítalinn er að mestu nýr, yfirlæknirinn átórítet í kírúrgíu, svæfingarlæknirinn kínverskur, tveir undirlæknar, danskir og ég íslenskur. Sem sagt minnihlutinn sænskur. Við fáum sérkaup fyrir að vera á svona afskekktum stað og í ofaanaðlag *arktisk tillagg*.¹⁰ -- Jæja karlinn, ég vona að Kaninn éti þig ekki. Svo bið ég að heilsa Skúla frænda (Ólafs frá Mýrarhúsum, frænda okkar) og Sirrí Geirs!

Eggert Ásgeirsson skrifar Halldóri Ólafssyni.¹¹ Berkeley, 7.10.1961.

-- Fyrsta daginn sem ég var hér í Kaliforníu var ég dreginn í meiriháttar *gardenparty* hér niðri í Oakland. Þar hitti ég frænku þína og það hún mikið að heilsa þér og öðru frændfólki sínu. Ég er alveg búinn að steingleyma hvað hún heitir, en hún er Hrómundsdóttir;¹² og er dóttir Margrétar frá Deild á Akranesi. Kem ég þessari kveðju hér með á framfæri. Hún var dálítið hissa þegar ég lýsti elsku litla drengnum honum Dóra fyrir henni. Það er nefnilega svo að fólkinu sem flyst hingað, og reyndar hvert sem er, finnst allt vera óbreytt á þeim stað sem það fór frá. Það verður svo skelfilega hissa þegar það kemur aftur og sér breytingarnar. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 8.10.1961.

-- Afmælisdagurinn í gær var í alla staði velheppnaður; fyrsta sem ég fékk um morguninn var koss á kinnina frá Sirrí; brosandir og elskuleg færði hún mér kærkomna gjöf, klút og hanska við vetrarkápuna mína; allt var þetta svo fallega útbúið eins og allt annað úr hennar höndum og gott var að hafa hana nálægt sér. Auk þess hjálpaði hún mér og bjó til fína köku og eins útbjó hún ógurlega gott gums á smjördeigsbotni sem við höfðum með kaffinu. --

Sirrí las fyrir mig hluta úr bréfinu þínu síðasta, þar sem þú minnst á samband okkar Palla, sem kom dálítill þverbrestur í þegar hann fór að heiman. Það er sannarlega satt sem þú segir, elsku Eggert minn, ekkert slíkt má koma fyrir, en gott er að eiga þann trúnaðarvin sem hægt er að ræða við, sem hægt er að ræða við þegar

¹ Emil Als augnlæknir (1928) nágranni úr Tjarnargötu 16, Hans ævistarf var augnækningar. Pólítísk nöldugreinaskrif í Mogga eftir að hann hætti störfum.

² Sveinn Einarsson (1934), þjóðleikhússtjóri og býr hvar? Auðvitað í Tjarnargötu 26

³ Kristín Gústavsdóttir (1936) félagsráðgjafi, náfrænka okkar.

⁴ Þóra Kristjánsdóttir, (1939) listfræðingur, kona Sveins þá eða síðar, húsfrú í Tjarnargötu 26!

⁵ Skúli Helgason (1926-73) tvífrænda okkar, sérfræðingur í lækningarannsóknum, sonur Helga Skúlasonar frá Odda, augnlæknis á Ak. og Köru Sigurðardóttur Briem sem bjó ung í Tjarnargötu 20. Fjölskyldan bjó lengst á Akureyri.

⁶ Sigurður S. Magnússon frá Edinborg, síðar yfirlæknir á Landspítalanum.

⁷ Eggert Ó. Jóhannsson (1925-92) yfirlæknir á Borgaspítalandum. Unnum við lengi saman í Heilsuverndarstöðinni.

⁸ Helga Aradóttir (1925) lyfjafræðingur. Það var rétt, hún bjó í *biskupshúsinu* sem brann, skáhalt móti okkur, Bergstaðastræti 70, þar sem Sigga Erlends og Hjalti Geir búa nú.

⁹ Einar Pálsson (1926) frá Akureyri, búsettur í Svíþjóð, alinn upp í húsinu sem Páll, afi, Briem byggði á Akureyri þar sem er skátamiðstöð.

¹⁰ Heimskautsálag.

¹¹ Halldór Ólafsson (1937), tækniamaður Norrænu eldfjallastöðvarinnar; Jökklafari.

¹² Þetta mun vera Margrét Hrómundsdóttir Hazen.

eitthvað bjátar á - hvort sem það er ímyndað eða ekki. Sirrí hefur sagt þér frá bréfinu, sem ég fékk frá Palla; nú veit ég að það var í gamni skrifað, en ég skildi það ekki þannig og Sirrí ekki heldur. Þegar ég hafði jafnað mig skrifaði ég Palla og sagði honum m.a. hvað það hefði glatt mig að hann skyldi sakna þess að fá bréf frá mér. Ég þakka þér fyrir þinn góða skilning og þín bætandi orð í öllu og alls staðar; ég skal sannarlega af þeim læra, því ég veit að þau eru sönn.

Ég hafði mitt venjulega afmælisboð í gærkvöldi og var það ágætt og skemmtilegt. Háskólinn hafði veislu á Hótel Borg fyrir alla þess lærdómsmenn, útlenda og innlenda; þar var bæði Helgi og Doris og að sjálfsögðu Theodór og Hilda, svo þær gátu ekki komið til mín. En kl. rúmlega tólf birtust Helgi og Doris í skartinu öllu og var ógurlega gaman að fá þau -- Helgi settist niður í borðstofuna hjá Sirrí og reif af sér brandara, enda var dagstofan tóm eftir eina mínútu og allir settust í kringum þau --

Segir frá hrósverðu starfi Ármanns Snævarr við glæsilegt skipulag hátíðarinnar. Svo segir hún frá fyrirlestri Sigurðar Nordal um upphaf og stofnun háskólans og fjallaði þar mjög um Tómas Sæmundsson og hans brautryðjandi orð um háskóla og skipulag Austurvallar.

-- Var dásamlegt að hlusta á það enda bæði hnyttiyrt og vel flutt. Maður væri nú hrifnari af Nordal blessuðum ef hann hefði sleppt síðasta skáldskapnum, leikritinu fyrir Ólaf konung.¹

Doris hafði Pál Ísólfsson til borðs í gærkvöldi -- en Doris sagði að þau væru bara dálítið of feit til að sitja saman. Var fyndið að heyra hana lýsa hvernig þau skipulögðu borðhaldið; og þau ákváðu eiginlega bæði eftir þessa reynslu að fara á megrunakúr!!!

Morguninn eftir brann sumarhús Páls á Eyraþakka til kaldra kola.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Berkeley, 9.10.1961.

Ánægður með bréf frá henni og frá Páli bróður sínum. Sirrí er í Handíðaskólanum. Hlakkar hann til að sjá árangurinn þegar hann kemur. Þá ræðir hann um læknaverkfallið heima og bráðabirgðalög þess vegna. Einnig ræðir hann um morðfréttir og lýst ekki á. Þótti afleitar fréttirnar af Guðmundi Jónassyni vini sínum og vonar að ekki verði verra úr sjúkdóminum. Segir frá ferð um helgina til Clear lake.

-- Þú varst í þungu skapi í byrjun, en svo bráði af þér. --

Vatnið er afarstórt fjallavatn milli Sacramento og sjávar. Þar býr Ingunn Jakobsdóttir og maðurinn hennar og buðu þau okkur til sín Vigfúsi bróður hennar og konu hans. Maður Ingunnar er jarðvegsverkfræðingur og vinnur að kortlagningu Californíu með tillit til hvernig megí nýta landið. Því ferðast hann mikið. Þar sem þau eru núna verða þau í 5-6 mánuði -- mér finnst Inga vera þreytt á þessum ferðalögum. Þau eru barnlaus en virðast mjög hamingjusöm. -- Stemmningin var ágæt og fágæt miðað við það sem ég á að venjast. Vigfús kom með heilmikið af ýmsum mat og vínnum (enda nóg af að taka, því leiðin upp að vatninu frá Berkeley liggur gegnum aðal vínyrkjuhérað ríkisins. -- enginn mjög kenndur en skapið alveg í stakasta lagi. -- Fengum við bát sem við fórum á um þvert og endilangt vatnið. Ég hafði ekki hugmynd um að ætlunin væri að vera yfir nótt svo ég hafði ekkert með mér, fékk lánuð náttföt af húsbóndanum og svaf vel. En fötin voru í rifrildi þegar ég vaknaði enda húsbóndinn miklu minni en ég.

Heim fórum við svo í gærkvöldi og sungum við raust alla leiðina og skemmtum okkur. Það er mjög einkennilegt að sjá aðfarir fólks -- frjálssir með að neyta áfengis undir stýri, bjórflaska í annari hendi og stýrið í hinni. -- Ég er viss um að fleiri slys verða vegna syfju við stýri en drykkju -- Við þurfum að taka þetta upp. -- finnst þér ekki. --

Ég hef það alveg átætt. Það er kominn einhver fiðringur í mig; mér finnst alveg vera komið að því að fara heim. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Berkeley, 11.10.1961.

-- birti í býlunum lágu þegar bréfið kom. Í gær fékk ég svo hið ágætasta bréf frá Agnari -- og hinni stóru framkvæmd² -- Ég er búinn að hlæja mikið með sjálfum mér að því að Agnar skuli hafa ráðið Stínu stuttu til að vera verslunarstjóra. Það verður nú meira fyrirtækið ef hann ætlar að ráða allar sínar gömlu vinkonur sem verslunarstjóra hjá sér. --

Lýsir miklu lúxushúsi sem hann skoðaði, dýrt mjög, 400 þús. dalir. Sölumaðurinn varð mjög hrifinn þegar honum var sagt að við ættum svona íbúð á 12. hæð, stærri og á efstu hæð! Hlakkar til að koma heim.

¹ Fyrirlesturinn prentaður í:

² Þau Sigríður og Agnar Biering voru að setja á fót snyrtivöruverslun.

-- Hugsaðu vel um þig, því ég met þig mest í lífinu. Þú ert það eina sem mér þykir vænt um -- svo nokkur nemi. Hvað þá elska. Barmafullur og tilbúinn að flæða yfir þig. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Berkeley, 11.10.1961.

Segir af ferðum sínum og áætlunum. Einnig segir hann frá systkinunum Ingunni og Vigfúsi Jakobsbörnum frá Hofi í Vopnafirði. Vigfús er byggingameistari í Oakland.

-- Vigfús fór að loknu stúdentsprófi (til Vesturheims) til að læra skógfræði, fór að loknu prófi heim, gat ekki unnið með Hákonni, enda sannfærður um að ekki væri hægt að rækta samkeppnisferan nytjaskóg heima, og eiginlega vonlaust til skemmtunar líka; varð ríkur, býr í 40 þús. dala húsi. Byggir slík hús og er þrjá mánuði með hvert. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 14.10.1961.

-- Mér finnst þú vera orðinn frjálslyndur í áfengismálum. Mér finnst nóg af skýslum vegna meintrar ölvunar við akstur, sem ég vélrita dag út og inn. Þetta er nú meiri glæpaskríllinn sem veður uppi hérna. Ég verð svo mikið vör við það hérna á skrifstofu. Það er ólíklegasta fólk sem er að falsla víxla, hnupla, fylliríast o.fl. Í gær sá ég myndirnar af konunni sem var drepin og heimili þeirra. Ég svaf sama og ekkert í nótt og hafði ljós, og ef ég blundaði dreymdi mig alveg hræðilega. Aldrei skal ég aftur skoða svona. Stelpurnar hérna eru orðnar svo vanar þessu að það hefur engin áhrif á þær.

Það stýttist svei mér dvöl þín í Kaliforníu. Það væri óneitanlega spennandi að vera í fluginu og geta hitt þig. En mér finnst að sumu leyti skemmtilegra að vera þar ekki. Það er miklu meira gaman að fá þig heim, heldur en að vera alltaf að kveðjast.

Bensi Sveins er að fara til New York þ. 25. okt. Ég er búin gefa honum adressuna þína. Hann er svo ansi lún. -- Ég held ekki að það hafi verið svo alvarlegt með gólfið hjá þeim. --

Ég sendi hérna leikdóminn um *Strompinn*. Mér fannst þetta hreint *fiaskó* fyrst, en þegar frá líður fer þetta að skýrast fyrir manni. Bókin er komin út, og það er allt annað að lesa hana. Það er svo margt sem fer fram hjá manni á sviðinu sökum lélegrar leikstjórnar og leiks. --

Mamma þín er á hausnum að undirbúa skemmtikvöld Zontaklúbbsins. Hún skrifaði í sendiráðin og fór fram á að þau legðu fram borðbúnað og skreyttu, hvert um sig, *typiskt* matborð fyrir sína þjóð. Ellen Sighvatsson hringdi í hana og spurði hvort hún væri gengin af göflunum. Hún hefði heyrt að bréfið hefði verið svo illa orðað, þannig að fólkinu hefði skilist að það ætti að gefa þetta, og allir væru foxvondir. Þetta var tóm vitleysa, held ég. Skemmtunin verður í Lidó -- þær fá líka uppskriftir af typiskum þjóðarréttum, sem verða þýddar á íslensku. Þær ætla að selja þær ásamt mislitum *hørservietum*, sem Ingibjörg Bjarnadóttir ætlar að sauma. --

Hann hefur ekki komið til að borga af bílnum, maðurinn frá Sandgerði. -- Hvað á ég að gera. Ég vil Helst ekki tala við Þorvald lúðu.¹ --

Friede P. Briem skrifar Helgu Ólafs. Rvík, 14.10.1961.

-- Ég hef eiginlega heldur mikið að gera alltaf, og nú ætlum við í Zonta að reyna að safna peningum til að koma af stað heyrnarhjálp smábarna. --

Hún kynntist þessum málum á Zontamóti í Khöfn 1958 og hefur málið verið að smámjaklast áfram með því að kosta fólk til að mennta sig í fræðunum. Núna verður sýning allra sendiráðanna á hvernig þau myndi leggja á borð fyrir tvo. Forsetafrúin hafði keypt gjöf í Ameríkuferð þeirra hjóna handa klúbbum.

Bað Helgu um að kaupa fyrir sig tólf teskeiðar sem hún ætlar að gefa Sirrí í jólagjöf.

Eggert Ásgeirss. skrifar Agnari Biering. Berkeley, 14.10.1961.

Agnar sem var fulltrúi lögreglustjóra, Sigurjóns Sigurðssonar, í Reykjavík hafði ásamt Sigríði konu sinni stofnað snyrtivöruverslun. Spyrr um viðskiptin.

-- Ef þetta gengur vel, gætirðu hugsað þér að fara út í þetta? -- Ég hef haft fréttir af lögreglustjóra þegar hann var hér á ferð. Hann var ósköp gætinn og passasamur með allt. Hann var mikið hissa á því hvernig standi á að Kanar séu svona hlýðnir í umferðinni; hlýði umferðarljósum og sérstaklega hvað þeir er kurteisir við gangandi fólk. Honum var sagt að það væri þessi strangi refsivöndur sem yfir mönnum hvíli, en samt skildi hann ekkert í þessu öllu saman. Ég held að þeir sem hittu hann hafi haft ansi gaman að honum. Þetta er ljótt. Hentu bréfinu! --

¹ Þorvald Lúðvíksson hrl. vin minn.

Friede P. Briem skrifar Helgu Ólafs. Rvík, 16.10.1961.

Biður hana um að kaupa fyrir sig og Zontaklúbbinn servíettur og kerti sem klúbburinn ætlar falda o.fl. og nota í fjáröflunarskyni til kaupa á heyrnarmælitaeki. Biður hana um, skv. ráði frá fjármálaráðuneyti, að láta reikning ekki fylgja því það lofaði að meta sendinguna lágt vegna þess að um góðgerðarmál er að ræða.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Berkeley, 17.10.1961.

Þykir slæmt að hafa ekki vitað fyrr að Björn Björnsson, vinur þeirra, síðar guðfræðiprófessor væri í Chicago, þar sem hann ætlar að koma við. Segir frá kráarferð um San Francisco með félögum sínum íslenskum.

-- Ég öfunda þig mikið af því að hafa verið á háskólahátíðinni.¹ séð alla dýrðina og hlustað á Snæbjörgu.² Ég var að fréttu frá Dóra³ að Siggí Þór hefði verið gerður að heiðursdoktor og Siggí sagði það vera gert fyrir menn sem stami: *Doktor, doktor Sigurður.*⁴ --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 21.10.1961.

-- Ég er viss um að ég hef meira að gera en allar aðrar persónur í heiminum samanlagt. Tíminn er líka ótrúlega fljótur að líða, sem betur fer.

Þakka þér fyrir bréfið, dags. 3., sem ég fékk á afmælisdegi móður þinnar (7.10.). Ég veit að of langt líður milli bréfa frá mér -- Mamma þín var afskaplega ánægð með skeytið frá þér. Ég las fyrir hana pistilinn um Palla, í bréfinu frá þér. Hún var ósköp ánægð og er búin að taka gleði sína aftur. Ég gaf henni skinnhanska og slæðu í afmælisgjöf. Það var geysifjörugt heimboð um kvöldið. Helgi og Doris litu inn um kl. 11.30 og voru að koma úr veislu á Hótel Borg í sambandi við háskólahátíðina. Helgi var með allar orðurnar og í svartri slá, fóðraðri með rauðu silki og með pípuhatt. Hann var alveg eins og galdramaður!

Mikið gasalega er bíóið⁵ glæsilegt. Þetta er stærsta sýningartjald á Norðurlöndum. Hátíðin var sett á föstudag og fór ég þangað með Óla og Jójó. Við Jójó voru hræddar um að við yrðum reknar til baka, af því við erum dottnar út af skrá. En allt fór vel. Hátíðin var ógleymanleg. Allir erlendu prófessorarnir og rektorar ásamt íslensku prófessorunum, komu marserandi inn undir Háskólamarsi Páls Ísólfssonar (sumarbústaðurinn hans brann til kaldra kola í fyrradag). Allir þeir erlendu voru í tilheyrandi skrúða (sumir svo skrautlegir að þeir voru eins og kóngarnir í spilunum). Síðan voru haldnar margar ræður og ávörp flutt. Háskólaþjóð Davíðs Stefánssonar voru flutt. Og voru einsöngvarar Árni Jónsson og Snæbjörg Snæbjarnardóttir. Ferlegt! Skáldið sjálf las upp nokkur ljóðin. Alveg dásamlegt.

Segir frá bílnum, áklæði, bóni og hreinsun.

-- En drottinn minn dýri, sú vinna. Öryggisbelti fást alls ekki hér. --

Mér finnst þú vera alveg til fyrirmyndar sparsamur - eða hitt þá heldur - að tala um að bæta við eða sauma mottur í bílinn æ æ æ. --

Mér líkar alveg sérlega vel í vinnunni. Ég hlakka til mánaðarmóta þegar ég fæ fúlgú í hendurnar - kaup bæði fyrir okt. og nóvember.

Helgi bauð henni á Strompleik Kiljans. Bókin kemur út í dag. Leynardómur yfir öllu. Ekkert frést.

Segir frá innritun sinni í Handíðaskólann. Hún þekkir engan þar nema Elísu konu Gunnars Schram.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede Pálsd. Briem. Albany, 21.10.1961.

-- Ég hafði gaman af að lesa greinina um Kristmann í Mánudagsblaðinu. Hvert orð var satt, en ýkt, eins og þau hefðu öll verið sögð í fjörugu samræðunum í borðstofunni í Tjarnargötu 24, fyrir áttunda kvonfangið, og jafnvel eftir það. Kristmanni er engin vorkunn. Hvað er hann að blása sig út á almannafæri, versla með sögur af sér og konunni sinni, afsaka sig og hvítþvo. Hann notar of mikið klór í þvottinn; það slítur fljótt efninu og eftir er gótótt rifrildi sem sést í gegnum. --

¹ 50 ára afmæli skólans.

² Snæbjörg Snæbjarnardóttir(1932) söng einsöng í tónverki Páls Ísólfssonar við háskólaþjóð Davíðs Stefánssonar. Háskólahátíðin var í nýju húsi: Háskólabíó. Yfirskrift næsta dag var: *Loksins höfum við eignast fullkominn hljótleikasal.* 50 ára afmæli Háskóla Íslands.

³ Fyrirnefndur Halldór Ólafsson jöklamaður.

⁴ Sigurður Þórarinnsson doktor fyrir, frá Stokkhólmsháskóla.

⁵ Háskólabíó.

Hér er kalt haust og einkennilegt að koma frá Kaliforníu. Hér er allt svo gamalt, gömul hús og götur -- Fólkið er miklu búralegra hér en fyrir vestan, talar hraðar og óþægilegra að skilja það svona fyrst. Ég vona að ég sjái eitthvað markverðara en það lítur út fyrir. Ég hafði beðið um þetta, einkum til að kynnast Salvato, helsta átóríteti í hreinlætismálum og skrifaði kennslubók sem alls staðar er notuð. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 25.10.1961.

-- Í dag fékk ég flotta sendingu frá þér. Grill! Tollurinn var 79 kr. sem mér þótti vel sloppið.¹ --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Albany, 26.10.1961.

Segir henni frá því að mjög sé að rætast úr heimsókninni, honum boðið á konserta o.fl. Segir frá alþjóðahúsi þar sem hann býr en rekstur þess og móttaka erlendra gesta til fyrirmyndar. Stjórnandi alþjóðaskrifstofu hefur reynst betur en áhorfðist og stendur sig vel. Hélt að hann væri drykkfelldur.

-- hins vegar mætti segja mér að hann sé deyfilyfjaneytandi -- Hann er hroðalega ruglaður á köflum, alltaf kvartandi um hina ólíklegustu sjúkdóma, einkum alls konar magapestir; ógurlega nervus og að ég held, feiminn. --

Ég hef verið í tvo daga hér hjá ríkisheilbrigðinu og voru þeir afskaplega miklu betri við mig en ég átti vona á. Ég hafði bitað í mig að vesturstrandarmenn væru betri en þeir í austri; en þegar allt kemur til alls eru þeir bara góðir greyin. Í gær og í dag var ég í Troy, borg hér skammt frá. Þar er starfið alveg til fyrirmyndar enda er yfirmaðurinn höfundur helstu kennslubókarinnar í faginu, eins og ég hef sagt þér frá. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík. 26.10.1961.

Pakkar fyrir hjálpina og þakkar henni fyrir að lána þeim fyrir innkaupunum þar sem yfirfærsla bankans hafði dregist.

-- Allt er orðið hljótt í húsinu, nema tikkið í ritvélinni minni. Ég hef mjög annríkt á skrifstofunni, svo starfið fyrir Zonta verður oft kvöldvinna, en ég gríp þessa stund -- til að láta þig vita hve þakklát ég er þér.

Í fyrrakvöld vorum við að þýða uppskriftir af ýmsum þjóðarréttum, sem ég fékk frá sendiráðunum Ég ætla að reyna að fjölrita þetta og selja í fjárflyunarskyni fyrir málleysingjasjóðinn okkar. Hér mættu hjá mér fimm kvensur, allar með blýanta og blöð. Ég reyndi að hressa þær á kaffi, þegar þreytan og leiðinn fór að gera vart við sig, því þær sluppu ekki frá mér fyrr en þær voru búnar. En upplitið var ólíkt á þeim þegar þær komu og fóru. Úfnar og daufeygðar - búnar að sleikja af sér hverja varalitsögn, þær sluppu ekki fyrr en öllu var snúið á íslensku, urðu að beygja sig undir harðstjórn mína, hvað sem tímanum leið. Vona ég að skemmtikvöldið gangi vel og beri þann árangur sem við væntum -- Ég skrifa þér seinna hvernig okkur gengur og hætti nú --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 28.10.1961.

-- Ég er eitthvað svo ónóg sjálfri mér, að ég verð að setjast niður og fá útrás. Ef til vill er ég eitthvað óróleg út af vinnunni á mánudaginn kemur, eða ég veit ekki hvað það er. Ég veit bara að mig langar svo til að þú værir kominn. Þá mundi allt vera svo auðvelt og skemmtilegt.

Ég hef verið að skrifa dóm í dag -- Mamma kom kl. 4.30 í nótt.² Hún var ansi hress. -- Þetta draslaðist einhvern veginn hjá þeim. -- Annars hafði mamma gaman af þessu, í aðra röðina, að bjarga sér sjálf og spreya sig á enskunni. --

Jæja, elskan! Nú ætla ég að fara að sofa enda komið yfir miðnætti. -- Svo fer ég til lækni. Það verður dýrt. Læknarnir -- heimta 100 % hækkun. Þannig að maður þarf að borga sérfræðingi nál. 200 kr. fyrir viðtal og skoðun. Síðustu dagana hefur verið útúrfullt á lækningastofum. Fólk hamstar meðulum og lækniþjónustu.

--

1.9. Í dag voru sett bráðabirgðalög á lækna.

Var ég á Smáragötunni og voru systurnar ósköp upplyftar eftir ferðina og sögurnar um Rósítu og Freymóð eru stórkostlegar. Það hefur verið spennandi, í aðra röðina, að hafa þau með.³

¹ Grill voru eiginlega óþekkt á Íslandi. En í flestum heimboðum í USA var grillað. Svo rakst ég á nauða-ómerkilegt grill og sendi heim í pósti. Var það notað mörg ár, þangað til það ryðgaði í sundur.

² Þá var flugvöllurinn í Reykjavík.

³ Freymóður Þorsteinsson (1903-1998) bæjarfógeti í Vestmannaeyjum. Reyndar flúði hann þaðan í eldgosinu og sneri þá allri stjórnsýslu við í Eyjum. Um það hefur, það ég veit, aldrei verið faglega fjallað. Rósíta finnst ekki á Íslendingabók.

2.10. -- Ég kunni reglulega vel við mig í vinnunni. Ég er í sama herbergi og í sama stól og Sidda systir var. Það eru svo margir búnir að kynna sig og taka í hendina á mér, að ég er gjörsamlega rugluð. Ég er að vélrita upp úr sakaskrá. Maður verður ansi mikið var við óhugguleg mál. Þannig, til dæmis, var einhver bróðir Hauks Morthens að fyrirfara konunni sinni. --

Nú fer ég að borða -- ég hef ekkert fitnað, er 56½ kg. Léttari en oftast áður. -- Jæja, þá hringir kvöldverðarbjallan. Ég er glöruhgruð. -- Gleymdi að taka nesti með mér í vinnuna. -- Hafðu það gott. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 29.10.1961.

-- ASKJA ER FARIN AÐ GJÓSA! MAÐUR LIFANDI. -- Við Dídí vorum ákveðnar að komast með Flugfélaginu, fengum mömmu þína með, fórum út á flugvöll. Þá var skyggnið orðið vont og hætt við. Mamma þín var ægilega fegin, því hún var eiginlega skíthrádd. Við Dídí höldum áfram -- en urðum að leggja niður rófunu. -- Ég hugga mig við að vera 1 þús. kr. ríkari. --

Í dag er ég að skemmta mér við að lesa *Logann hvíta*, sem er ný saga Kristmanns. Fuss og svei. Segi ekki meira. --

Segir frá alvarlegum veikindum og uppskurði á vini mínum Guðmundi Jónassyni, manni Bergljótar Línadal, sem eiga von á barni.

Ræðir komu frænda síns Benedikts Sveinssonar til New York. Finnst Eggert vera kominn svo nærri, þegar hann nálgast New York.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. New York, 29.10.1961.

-- Ég er alveg stórhvinn að vera kominn hingað. Ekki vegna þess hvað húsin eru ógurlega stór, nei, það finnst ekki íbúðaeigendum á 12. hæð. Mér finnst dálítið forvitnileg *atmosfera*. Fólkið er ekki nærri eins mikið að flýta sér, eins og ég bjóst við. Ég uni mér vel þótt ég hafi engan hitt. Síðan ég kom.

Ég fór með gestgjafanum frá Albany, bílkeyrandi sem leið liggur eftir átóbananum til New York. Leiðin er 190 mílur, en þetta tók ekki nema skamman tíma; hefði mátt taka lengri tím því landslagið og gróðurinn er svo álitlegur á þessum árstíma. Heldur er lítið hér af sígrænum gróðri, svo öll trén skipta litum. Einu sinni þegar maður var á heiðarbrún gat maður séð langt, landið var fagurrautt, trén í öllum hugsanlegum rauðum litum; eiginlega frekar óhugsandi. --

Það er búið að segja manni svo margt frá N.Y., svo margar kvikmyndir hafa byrjað á að sýna hana að ekkert kemur manni á óvart. Hrifningin byrjaði fyrst þegar maður kom inn í borgina og sá allt nær. --

Ég beið ekki boðanna heldur flýtti mér út á Broadway, fékk mér að borða og fór að sjá myndina nýju um *West Side Story*. Ári var hún góð -- Um kvöldið fór ég út að labba.

-- Þú mátt vita að ég sé þig í anda á hverju götuhorni sem þú hefur sagt mér frá, reyndi að muna þá staði sem þú hefur farið á og borðað -- Greenwich, frelsisstytan, Washington Square, Guggenheim -- Þetta var sem sé pílagrímsför. --

Ólafur B. Thors skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 30.10.1961.

-- Þakka þér fyrir bréfið, sem reyndar hefur valdið mér geysilegu hugarvíli undanfarna daga. Það hefur legið á samvisku minni eins og erfðasynd á erkiengli og aldrei látið mig í friði.

Það hefur legið á skrifborðinu og starað á mig. Það er það fyrsta sem ég sé á morgnana og iðulega hef ég fundið óskert augnaráð þess bora sig í gegnum Morgunblaðið, augnaráð sem segir að ég geti sko alveg eins gefið mér tíma til þess að svara einu bréfi eins og að lesa þessi dagblöð. Og það er líka alveg satt. Satt best að segja! Enda þótt mér ég hafi reynt að telja sjálfum mér trú um að ég hafi afskaplega mikið að gera, eiginlega alls engan tíma haft til að lifa, þá blífur sá sannleikur, að ég er húðlatur við bréfaskriftir. Og það er ekki gott,

En batnandi manni er best að lifa og ég hef ákveðið að snúa frá villu míns vegar og svara öllum bréfum sem mér kunna að berast, helst samdægurs. Ég finn líka til samviskubits vegna þess erfiðis, sem ég með bréfli minni kann að valda Finnum Sigmundssonum síðari tíma, sem áhuga hefðu á útgáfu einkalífs míns óbornum kynslóðum til eftirbreytni.

Nóg um að. Það gleður mína sál að fréttu að þú skulir una þínum hag í þessu stóra landi. Efast ég ekki um að ánægjan er gagnkvæm. --

Þú minnst á gengisfall. Það telst ekki lengur til fréttu. Gengisfall á Íslandi er jafn sjálfsagður hlutur og jarðskjálfti í Japan. Það eina sem menn spekulera í, í því sambandi, er hvernig unnt verði að minnka krónuræfilinn meir en orðið er. Það verður vandamál fyrir næstu ríkisstjórnir.

Ég efast um að mér brygðist þótt konan í bakaríinu heimtaði hundrað kall fyrir rúgbrauðsbita. Maður er að verða ónæmur fyrir verðlagi. Annars virðist fólk taka þessu öllu með kristilegri ró, a.m.k. ennþá. Hins vegar er öldungis óvíst hvað verkalyðshreyfingin gerir og verkallshættan vofir alltaf yfir, því ábyrgðarleysið er alltaf samt við sig hjá forystuliðinu á þeim bæ. Þetta er annars mikið vandamál. Kaupmáttur launa er lítill, en skelli verkföll á nú, verður hann enginn. Alþingi er að hefja umræður um læknamálið svokallaða, sem þú hefur eflaust haft spurnir af. Engu skal spá um framtíð þess, en hins vegar held ég að flestir séu sammála um að kröfur lækna eru asnalega háar og aðferð þeirra lítt vænleg til árangurs.

Undanfarin kvöl hafa staðið yfir útvarpsumræður í þinginu um vantraust á stjórnina, sem framsóknarmenn fluttu. Fátt merkileget kom þar fram, annað en það, að kennarar tilkynntu að ný verkfallsalda myndi sennilega skella á og Dagsbrún hefur sagt upp samningum --

--Annars eru peningahlutföll útgerðar og skipsmanna hreinasta vitleysa og hlutur hinna síðarnefndu alltof hár. En þetta bréf yrði bók ef ég færi að útskýra það. --

Segir frá útgerðarmálum og síldveiðum.

Þá fjallar hann um alþjóðamál og þann mikla ótta sem er ríkjandi í kjarnorkumálum. Hingað til hafi Íslendingar ekki hugsað mikið um það eða óttast mjög.

-- En eftir síðustu afrek Krúsjeffs og félaga hefur hljóði breyst. Um daginn var mótmælafundur í Gamla bíó og var troðfullt hús. Samþykkt var ályktun og mótmæli vegna sprenginga Rússa og sú ályktun flutt í sendiráð þeirra eftir fundinn. Alþingi samþykkti einnig samhljóða mótmæli, en sjö kommar sátu hjá. Hins vegar greiddu þeir Hannibal (Valdimarsson), Finnbogi Rútur (Valdimarsson) og Alfreð Gíslason atkvæði með mótmælunum, svo engum er alls varnað.

Þetta er annars svo alvarlegt mál, að óvíst er, hver eftirleikurinn verður, en mér er óhætt að fullyrða að hér er í fyrsta sinn að skapast alvarleg hræðsla við geislun og tortímingu.

Aðrar fréttir eru ómerkilegar, nema náttúrlega hamangangurinn í Öskju gömlu -- Furðulegt hvernig smekkur þjóðarinnar breytist - áður fyrir þótti eldgos hin mesta óáran og sælast að vera sem lengst frá slíkum ófögnuði, en nú fara allir sem vettlingi geta valdið af stað og helst fram á gígbrúnina, en við hinir bölvum hinu sjúka fjalli fyrir að vera svona langt í burtu og vonum svona hálft í hvoru að Esja gerist eldfjall líka, svo við megum njóta dýrðarinnar. --

Allt gengur sinn vanagang. Menn rífast eins og venjulega, um pólitík, strompleik, hvort Kristmann sé skáld eða ekki. Hvort háskólabíó eigi að heita Háskólabíó eða Gimli, Hliðskjálfr, eða eitthvað annað.

Sem sagt allt eins og áður. -- Ég þykist vera að lesa, en alls konar vesen rænir öllum tímanum og kunnáttan er eftir því. Jæja mál að hætta.

Ég vona --- að þú komir heim með 100 millj. dollara lán til vegagerðar. Jójó biður að heilsa. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 2.11.1961.

-- Ó, hvað mér finnst skrítið að þú sér að spígspora um göturnar, þar sem ég er búin að vera svo oft og hugsa um þig allan tímann. En, hvað það hefur verið gaman að aka milli Albany og New York. -- Vona að þú hafir hitt Bensa Sveins. Og haft það skemmtilegt með honum. Mér finnst svo dásamlega stutt þangað til þú kemur, elskan mín, að það kemur fiðringur í mig við tilhugsunina. Mér finnst ég hafa svo óendanlega mikið að gera áður en þú kemur heim, að dagarnir fljúga áfram.

Ótrúlegt að ég sé búin að vinna í mánuð, búin að fá útborgað -- og greiða mínar skuldir við Steina og mömmu. --

Ég sagði þér að Þorvaldur *lúða* hefði komið. Var að sækja rannsókn sem ég var að vélrita. Hann verður hrl. um næstu mánaðarmót, eftir þennan dóm. Hann var svo ansi *kammó* --

Það var blaðamannafundur í Tjarnargötunni í gær, sem tókst mjög vel.

Mamma þín er alveg að drepa sig af vinnu. Hún er nú í *coctail*-boði hjá Ragnari Þórðarsyni, út af opnun Glaumbæjar. Þangað förum við í desember. --

Ég er langt komin með að lesa Kristmann og ekki batnar álitid á honum. Jæja, ég er að svíkjast um í vinnunni. --

3. nóv. -- Ég er að skrifa rannsókn fyrir þinn sveitalega frænda. Gunnlaug Briem.¹ Mér finnst ekki hægt að leyfa manni, sem er svona *sveitó*, að vera sakadómari.--

¹ Gunnlaugur Briem (1922-2014), lengi yfirsakadómari.

Kínverski staðurinn minn í NY heitir *Sun luck* og er á 49. stræti . -- elska þig út af lífinu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. New York, 3.11.1961.

-- Ég var mikið sorgmæddur yfir að heyra tíðindin um Guðmund. Það var nú meiri ógæfan. Það er slæmt að hann skuli vera einn þarna úti meðan allt þetta gengur yfir hann og Berljót að geta ekki verið hjá honum Það væri svo gott fyrir þau að geta létt undir hvort með öðru. Viltu senda mér adressuna hans svo ég geti skrifað honum.¹

Ansi var slæmt að þú skyldir ekki get farið til að sjá Öskju gjósa. --

Ég hringdi strax til Bensa² -- hitti hann í anddyri hótels sem hann hafði búið á. --

Bensi er eins og þú sagðir, ákaflega *lún*. Hann er greindur, en ég er hræddur við að hann skuli demba sér svona snemma út í viðskiptaiðuna. Það verður erfitt fyrir hann að ljúka háskólanámi. Mér finnst líka örla á því að þetta dragi úr þroska hans á andlega sviðinu. Hann er farinn að hugsa of mikið um verslun, án þess að gera það með góðri samvisku. Hann er líka umkringdur af þessu og sjálfsagt nátengdur, bæði pabba sínum og tengdapabba. Ég hafði mjög gaman af að hitta hann og rabba við hann. Hann er ólíkur pabba sínum; kurteis og ákaflega tillitssamur og óútgerðarmannslegur, eins og þeir hafa verið, en í raun og veru alveg eins og þeir eiga að vera. Útgerðarmenn eru ekki til mikils líklegr í framtíðinni ef þeir lykta af slori.

Við fórum upp til Coldwater og heilsuðum upp á Íslendingana þrjá sem þar vinna, Geir Magnússon, Árna Óla og Pálma Ingvarsson. Það var gaman að hitta þá og þeir tóku mér ákaflega vel. Árna var gaman að hitta eftir öll þessi ár, tólf eru þau, síðan við sáumst síðast. Ekki hefur hann samt breyst neitt. Ég fer í heimboð til hans um næstu helgi, en hann er suður á Florida núna. Ekki hefur Geir breyst heldur, nema fitnað; sami sprellikarlinn. Hann virðist afskaplega ánægður. Valdaskiptingin í fyrirtækinu er þessi. Æðsti maður er Jón Gunnarsson. Sölustjórar eru Árni (fyrir austan Mississippi) og Pálmi fyrir vestan. Geir er dreifingarstjóri.

Þarna voru staddir útgerðarmennirnir, sem þeir Jón og Bensi eru með. Þekkti ég þá ekki nema Einar Guðfinnsson -- Þeir voru að fara niður á bryggju til að sjá uppskipun á fiski úr Goðafossi og slóst ég í för með þeim. Jón Gunnarsson var einhvers staðar úti á landi svo Bensi komst með mér út um kvöldið og höfðum það bara gott, þó við rötuðum ekki rétt vel á neina almennilega staði. Við fórum þó á *Metropole*, og hlustuðum á Coleman Hawkins og Cozy Cole.

Við höfðum það miklu betra daginn eftir þegar við fórum að hlusta á Peggy Lee á Basin street, eins og þú hefur einhverja hugmynd um.

Í eftirmiðdag fórum við út saman til að kaupa á Bensa föt og fleira og var ég mikið ánægður með að ganga með honum í búðirnar, svo ég veit núna hvert ég á sjálfur að fara. Ég hef haft svo stíft að gera (allt nema tvo eftirmiðdaga) að ég hef ekki komið inn í eina einustu búð.

Við komum við hjá *Starlight* (eins og þú kannski veist) og var gaman að hitta Ragnheiði Sigurgríms og heyra um gosið. Ég fór svo út á hótelið Sher-Atl og hitti hana og einhvern flugkjána,, sem vildi endilega fara með okkur, en við kvöddum og fórum. Ég hef svo verið að lesa og skemmta mér í kvöld. Bensi og hans tengdapabbi eru einhvers staðar saman. Hvar þeir eru veit ég ekki, kannski hafa þeir farið á íþróttavöllinn. --

Lýsir NY-borg og hvað heilbrigðisstarfslíð borgarinnar vill sýna mikið, bæði gott og illt, sem er rétt afstaða.

Allt er vitlust að verða vegna kosninga.

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík, 5.11.1961.

-- Við höldum okkar skemmtun annað kvöld -- Svo seljum við kertin í Markaðinum hjá Rúnu og afhendum því fólki sem kemur á skemmtunina miða, sem veitir því rétt til að fá kertin eftir viku; þetta verður bara auðveldara fyrir okkur, vertu viss.

Sendiráðin tóku okkur öll svo vel, þau ætla að búa upp borð -- uppskriftirnar er ég búin að fjölrita. Líka ætlum við að hafa bögglaupþboð og ef uppboðshaldarinn verður upplagður, sem ég vona, þá tekst allt vel.

¹ Guðmundur Jónasson (1929-1962) dó úr krabbameini í tungu 16.6.1962. Hann var kennari, var í framhaldsnámi. Þegar hann dó hafði hann sem framkvæmdastjóri Rauða krossins, en sjúkdómurinn batt á það starf skjótan enda. Við vorum aldavinir, á líkum aldri og það var fyrir mitt tilstilli að þau Bergljót Línadal, frænka mín, kynntust.

² Benedikt Sveinsson (1938), síðar lögfræðingur. Sirrí og hann voru systrabörn og að auki bekkjarsystkin. Hann er sonur Sveins Benediktssonar, síldar og fjármálaforkólfs. Konan hans er Guðríður dóttir Jóns Gunnarssonar, sem lengi var forstjóri Sölumiðstöðvar frystihúsanna.

Þessar línur eru skrifaðar í flýti, til þess að segja þér, að ég veit að þú gerðir allt eins vel og hægt var, og ég hlakka til að fá þessi guðdómlegu kerti og svona getur alltaf komið fyrir. Hér er allt í besta lagi og ég er í feiknarlegum bardagahug, finnst það merkilegt ef þessi heyrnarhjálp smábarnanna getur komist í framkvæmd og orðið að gagni, þá er allt fengið og kannske förum við aftur af stað með fjáröflun. Það er svo gott að sameina klúbbinn --

Eggert Ásgeirss. skrifar Þórhalli Halldórss. New York, 5.11.1961.

Svarar bréf hans og mörgum spurningum vegna ýmissa atriða í sambandi við heilbrigðiseftirlit og sendi upplýsingar. Svarar spurningum t.d. hvar lykillinn að Gvendarbrunnum sé!

Sigríður Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. skrifa Páli Ásgeirss. Rvík, 9.11.1961.

Sirrí segir að Eggert, nýkominn heim, sé á 50 ára afmæli Lögfræðingafélagsins.¹ Eini plúsinn við að fá hann heim sé að nú geti hún sofnað í myrkri án þess að kíkja undir rúm og í skápa. Hún starfaði hjá Sakadómi að einhverju hræðilegasta morðmáli sem þekkt var, að uppskriftum og myndum.

Eggert segir að erfitt sé að koma heim aftur, hefja fasta vinnu og setja sig aftur inn í málin. Sagði lítið koma frá honum af bréfum og væri hann grunaður um kvennastúss.

Þorvaldur Lúðvíksson orðinn hæstaréttarlögmaður og voru drukknar 30 flöskur í veislunni.²

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 9.11.1961.

Pakkar fyrir sendinguna sem Ragnheiður Sigurgrímsdóttir³ kom með.

-- Guðmundur Jónasson kemur heim frá Khöfn á morgun -- Hilda var í heimsókn í Tjarnargötunni í gær og sagði að hann yrði glaður að fá frá þér línu. -- Mér þykir ótrúlegt ef hann getur kennt þetta árið. Heldur þótti mér hún tala kaldranalega um hann, eins og hún gerði sér ekki grein fyrir, hvað alvarlegt þetta er. --

Heldur gekk þetta glæsilega hjá móður þinni á Zonta -- *niðurlag vantar.*

-- Heldur hafið þig tengdafrændurnir skemmt ykkur vel saman. Ég verð að jata að ég skildi ekki baun í þessu korti frá ykkur. Já, mér finnst Bensi vera orðinn ansi *business minded*. Það er voðalegt. Eins og þetta er góður strákur. Hann verður alveg eins og Sveinn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. New York, 9.11.1961.

-- Það má með sanni segja að dvölin her er farin að stytast og komið að því dásamlega augnabliki þegar þú fellur í faðminn á mér. Ég hef oft legið og hugsað um þetta. Það verður dásamlegt. Og hvað ég hlakka til að heyra þig tala aftur. Rabba við þig. Dásamlegt. Þú ert dýrðlegasta manneskja í heimi. Ekkert vil ég frekar en að eiga þig. Ég hef eina *ambisjón* í lífinu - að vera góður við þig, skemmta þér, bera þig á höndum mér. Til þess að það megi takast verður maður að láta veraldlegar *ambisjónir*, pólitískar og peningalegar liggja milli hluta. Það er vandi að gera allt. --

Gaman að lesa um að Zonta sé búinn að koma þessu í kring og mamma geti haft það eitthvað rólegra hér eftir, ef hún getur, þ.e. vill. --

Ég er alveg útpíndur eftir þessa viku. Var alveg hroðalega syfjaður í morgun. Á þriðjudag voru kosningar og ég fór ásamt ýmissa þjóða kvikindum til að virða fyrir mér dýrðina, aðferðir og sjá menn tapa og vinna. Þetta var um kvöldið, og stóð langt fram eftir. Næsta morgun þurftir á fætur kl. 4 eftir miðnætti, til að fara með *quarantine* fólkinu út í skip og sjá það vinna. Var ég með þeim fram eftir degi þar til kl. 3 er ég átti annað stefnumót með heilbrigðisfræðurum hjá berklavarnafélagi Ameríku. Geispaði dálítið þegar ég var þar. Svo var skemmtilegt að horfa á sjónvarpið þegar Jack Paar var þar. Hjá honum var gestur sem sagði skemmtisögur af sjálfum sér í hernum. Hann hafði verið á Íslandi á stríðsárunum. Hann sagði að Bretar hefðu heldur en ekki verið formfastir. Alltaf um sjöleytið hefði í herskipum þeirra verið gefin fyrirmæli um að myrkva skipin í varnarskyni til að ekki sæist til ljósa, og það enda þótt sólin hefði skinið alla nóttina. Hefðu verið hreinustu vandræði í skipunum í þreifandi myrkri. Ekki hefðu Kanar verið betri. Þeir héldu svo fast í reglur um að víkja til hægir, eins og þeir hefðu verið vanir að þeir hefðu gefið skipun um að allir

¹ Ásgeir Guðmundsson hafði verið í formaður félagsins þegar hann féll frá. Var reyndar varaformaður, þegar Guðmundur Ólafsson hæstaréttarlögmaður féll frá og tók þá við. Friede var nátengd lögmönnum, starfaði fyrir þá og því mun hafa verið munað eftir henni. Hún treysti sér ekki til að fara ein og bað mig um að koma með sér.

² Ekki veit ég hvort þær voru af léttara taginu!

³ Ragnheiður Sigurgrímsdóttir (1933-2017).

skyldu til hægri. Hefðu verið hreinustu vandræði þess vegna fyrir Íslendinga, því þeir hefðu alltaf þurft að fara út úr strætisvögnum á miðjum götum.

Í morgun þurftir ég eldsnemma á fætur til að komast út í Staten Island með ferjunni sem þú tókst einu sinni í misgripum fyrir frelsisstyttaferjuna. Ég heimsótti sóttvarnastöðina og dáðist (!) og eftir hádegði fór ég út á Idlewilde flugvöllinn til að sjá vinnuna þar. Skemmtilegast í þeirri ferð var að aka hjá Coney-eyju og sjá fallhlífaturninn og fleira sem þú sagði mér frá. Enda þótt snjódrífa væri sá ég þig samt fyrir mér í sundbol á ströndinni. -- Á mánudag fór ég að skoða húsnaðisendurskipulagningu á West side, við 21. stræti. Það eru mikil vandræði að ráða fram úr þeim hroðalegu vandræðum sem mannfjöldinn í borginni veldur. -- Hverfið sem ég kom í er fullt af hvítum ræflum og kolsvörtum Jamaikönum. Þar er spilt æska, óhæfir skólar, fátækt, atvinnuleysi, þ.e.a.s. fyrir þá sem vilja vinna. Hinir eru á atvinnuleysisstyrk. Þarna er deyfilyfjaneysla og sala, skækjulífnaður og hómósexúalismí. Húsin eru alveg ómöguleg. Hvernig er hægt að lyfta þessu fólki upp úr skítinum. Þetta fólk er allflest spænskumælandi, illa talandi á ensku. Það eru þrjú dagblöð og tvær útvarpsstöðvar í New York fyrir spænskutalandi eingöngu. Fólk kemur úr fátækt og vesöld, safnast saman þarna og er óupplýst. Órætnir peningamenn koma til að græða á því og nota sér það. Þarna gekk hinum megin á götunni einhentur Jamaicani, nútíðarmenn úr fangelsi, kærður, dæmdur fyrir virðingarleysi fyrir réttinum. Slapp út eftir nokkra daga. Allir vita að hann er *pusher*¹ og deyfilyfjaneytandi sjálfur Engar haldgóðar sannanir. Þetta er frjálst land.

Við fórum inn í hús. Þar voru skækjur og deyfilyfjasali. Húsvörðurinn býr með ræfli, á að giska er hún 16 ára, auðsæilega veik og aum, fór að vola þegar við fórum að tala við hana. Heitt enni, gljáandi augu. Sótthiti. Búin að vera veik í þrjá daga. Nei, enginn læknir. Vinur minn, eftirlitsmaðurinn, fór út og náði í félagsfræðinginn í hverfinu og þeir sóttu lækni. Stúlkan var komin fjóra mánuði á leið. Heldur tveim leigukössum hreinum og gætir þeirra.

Í annað hús komum við. Húsvörðurinn og kona hans, hann horaður; hún akfeit, liðlega tvítug, alveg kolsvört. Veistu það, hún telst hvít, af því að hún er frá Jamaica og talar spönsku. Hún lítur á sig sem hvíta og aðrir líka. Þau voru þrífir, í stöðugum bardaga við húsgestina! sem stóð skuggalegir á svip meðfram veggjunum og mændu á mig. Litlir, vannærðir, í glannalegum fötum; óvinátta í svipnum. Skítugur angóraköttur til að útrýma músunum.

Annað hús. Kvörtun á þriðju hæð, Leiguíbúðahús. Í íbúðinni á þriðju hæð var búið að kippa í lag því sem aflaga fór. Herbergið mjótt og langt, að minnsta kosti tvisvar sinnum lengra en það var breitt. Svertingjakona tók á móti okkur, þreytuleg, fátækleg, barnlaus. Þau búa þarna, hún og maðurinn hennar í þessu langa herbergi. Rúmfleti úti við gluggann, náði milli veggja. Kommóða, einn rifinn stóll. Klæðaskápur, lítill, fullur. Skilrúm í hinum endanum Eldhúskytra, um metri á breidd. Eldfæri, vaskur. Þetta var íbúðin. Greitt fyrir hana 18 dalir á viku. Það sem bjargar flestum húsum í hverfinu er að íbúðirnar eru bara eitt herbergi svo börn fá ekki að vera þar. Þessi hjón gætu sjálfsagt fengið húsnaði annars staðar fyrir minna á vegum bæjarins.

Flest fólk er skeptískt gagnvart umhverfinu. Vill ekki flytja sig og getur ekki áttað sig á að 60 dalir á mánuði sé minna en 60 dalir á viku. Það eyðir peningunum strax og gæti aldrei safnað svo hárru upphæð.

Hvað er gert? Það er allt gert, upp á síðkastið. Þetta hverfi hefur verið tekið út úr, athugað hvaða fólk býr þar og það athugað frá heilbrigðis- og sósíólógísku sjónarmið. Það er samstarfnefnd allra þeirra sem hugsanlega geta haft áhrif. Félag í hverfinu, til að lyfta upp félagsvitund fólksins. Ráðgjafar til að hjálpa fólkinu. Er það nóg? Nei, því miður. Það er ekki hægt að taka alla úr hverfinu og flytja burt; það er ekki nóg slæmt til að hægt sé að láta rífa það, eins og gert hefur verið við önnur stór hverfi. Það myndi stranda á dómstólum, sem bæði vernda menn fyrir illu og góðu.

Ég fór upp í efri hluta East Side og sá hvað hefur verið reynt - að brjóta niður óaldaflokka; starfandi klúbbar, svo að allir sem vilja geti tekið þátt í menntandi félagsskap. Þar eru ungir menn sem gefa sig út í að reyna að komast inn í óaldarflokkana til að reyna að brjóta þá niður með góðu; lögregluþjónar í hverfinu gangast fyrir ýmsum verkefnum: Heilsuverndarstöðvar í hverfinu. Það er reynt að blanda fólkinu saman. Nýjar íbúðarblokkir rísa upp, í þeim á að vera þriðjungur hvítir, svartir og Jamaikanar. Merkilegt starf unnið að áhugafólki í hverfinu.

Þetta er ljótt. Ég get ekki annað en hrifist af starfinu og virt hreinskilnina að sýna mér allt saman; ekkert, alls ekkert, virðist lokað. Það fer um mig þegar ég hugsa um þetta og hef mikið hugsað um það undanfarna daga. Ég get ekki séð neitt sem getur leyst þetta vandamál, ekki nema tímann; og þó. Tíminn ekki einu sinni. Þróunin er hægfare og ný vandamál fylgja í kjölfar gamalla. Eftir nokkur ár komast menn úr þessum

¹ Kemur öðrum til neyslu.

þjóðarbrotum kannski í góð embætti, kannski dreifist fólkið, kannski þetta og hitt. Ég get ekki dæmt. Það er ekki hægt að dæma hart. Maður getur ekki annað en þakkað guði fyrir að við höfum ekki við þessi vandamál að stríða. Við eigum það besta í heimi, jöfn kjör og menntun. Samt höfum við ekki tekið vandamálin föstum tökum.

Á kosningakvöldi var gaman og líka skrítið. Við fórum að heimsækja höfuðstöðvar Lewkowitz frambjóðanda repúblikana. Allir bjuggust við að hann tapaði, spurning bara sú, hvort hann gæti minnkað muninn. Þetta var glæsilegt, menningarlegt þarna í höfuðstöðvunum -- Sjónvarpsljósin voru glýja í augu þegar við gengum inn. Það var verið að bíða eftir Rockerfeller og frambjóðandanum.

Skrautklædd stúlka tók á móti okkur, nældi merki í boðunginn, til að gefa til kynna að við værum stuðningsfólk *Samstarfsnefndar borgaranna* sem styðja Levkowitch, Fino og Gihoooley. Maður lifandi. Þarna var hópur sjónvarpsmanna að tala í varpið milli þess sem þeir borðuðu samlokur með osti og svínakjötu. Ég var alveg oní þeim, ekkert nema eyru, enda lenti ég í sjóvarpinu fyrir slysi; það er að segja, það var slysi að þeim skyldi ekki lánast að sýna mig nema fyrir neðan mitti. Það var bjart í salnum vegna sjónvarpstækjanna. Það leyndi sér ekki að þeir voru orðnir æði þreyttir útvarps og sjónvarpsmennirnir; afskaplega taugaspenntir þegar þeir áttu að fara inn á sviðið, sérstaklega ein kona, fréttamaður. Hún var hin glæsilegasta, með nýlagt hár, fallegt, eins og þú þekkir, fyrirferðarmikil og allt það. Einn lokkur stóð upp eins og faldur og maður sá hann skjálfa allan tímann þegar hún var á sviðinu.

En nú var það öðru máli að gegna með stjórnmálamennina. Þar var fulltrúadeildarmaðurinn Lindey, ungur og glæsilegur. Konur dæstu þegar hann gekk hjá; hann tók í hendur manna og seldi sinn góða þokka. Senator Jakob Javits var þarna líka, ljómaði í framan þegar hann fékk að koma í sjóvarpið líka. Þeir eru þrautþjálfaði í þessu öllu; taka í hendur manna með álfka tempói og skytta með átómatískan riffil; báðir með það sama fyrir augunum, að láta menn falla fyrir sér. Þetta var glæsilegt. Menn sátu í hvirfingu fyrir framan sjónvarpstækin og hlustuðu á þulina segja frá tölum og ræða þær. Það lá þegar fyrir að orrustan var töpuð. Hver veðjar á fallinn hest.

Við komum okkur á brott og tókum stuðningamannamerkin af okkur til að enginn sæi þau í höfuðstöðvum demókarata þar sem Wagner var að vinna. Þar var önnur stemmning. Menn farnir að drekka stíft, sumir orðnir fullir og heldur leiðinlegur andi yfir öllu. Maður sá á hópnum að þetta voru vel fódraðir stuðnings- og samstarfsmenn borgarstjóra, búnir að vera átta ár við völd. Svipurinn leyndi sér ekki. Við vorum kynnt fyrir skemmtilegri kerlingu með glæsilegan hatt og öll hin flottasta, Donna Feliza, borgarstjóri á San Juan á Jamaica. Skemmtileg kona, mjög montin af sinni borg og fyrir það að konur væru þar við völd. Ég mótmælti henni og stríddi henni (finnst þér?). Hafði hún hina bestu skemmtun af og bauð mér að koma í heimsókn til sín.

Svo kom sjálfur Wagner og tilkynningin um að andstæðingurinn hefði gefist upp -- hamingjuóskir frá honum. Allt ætlaði vitlaust að vera og Wagner kyssti samstarfsmennina og faðmaði að sér. Hvern einasta mörgum sinnum, svo ljósmyndararnir gætu tekið myndir frá öllum hliðum. Við (gestirnir) hrópuðum og kölluðum meira en allir aðrir. Það var farið með okkur upp á loft sem þeir skyldu ekki hafa gert, þeir saklausu kjúklingar sem þarna voru með mér voru sjokkeraðir af öllu fyllirínu þar. Alveg sama hvort það var *legal department*, svertingadeildin, grikkjadeildin eða hvaða deild sem var. Alls staðar drukkið vískí og það upp á kraft. Maður hefði getað sest þar og farið að drekka. Maður er skyldurækin þegar á að vakna kl. fjögur morguninn eftir og þorir ekki annað en að fara að sofa um tólf leytið. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 21.11.1961.

-- Þá ertu að færast nær, smátt og smátt. Þakka bréfið og lýsinguna á skýjakljúfnum, sem þú skoðaðir. -- Ég hitti Agnar á hraðri ferð upp í búðina. Það er dálítið spaugilegt að hann skuli kominn í svona *business*. Ætli hann verði ekki farinn að fitla við kvenundirfatnað, áður en langt um líður. -- Ég fór í annað sinn í Handíðaskólann -- Ég held að þetta sé reglulega spennó. Í næsta tíma byrja ég að prenta á tau. --

Segir langa sorgar sögu af heilsu Guðmundar Jónassonar, manns Bergljótar Líndal, uppskurðum á honum og alvarlegt útlit og ýmsa fylgikvilla meðferðarinnar.

Lýsir rækilega hvernig unnið er, stig af stigi og hvað hún þurfi að gera svo hún geti unnið að tauprenti heima.

Helga Pálmadóttir og Jójó komu í heimsókn og sátu þær og kjöftuðu til kl. að verða tvö.

-- Við getum svei mér farið út að skemmta okkur þegar þú kemur heim. Heldurðu ekki að Ragnar Þórðarson sé búinn að taka Framsóknarhúsið við Lækjarteig á leigu og verður þar m.a. næturklúbbur. Hann gjörbreytir húsinu. --

Segir Kristínu móðursystur sína í stórvandraðum með hárgreiðslustofuna sína við Kirkjutorg, en Sigríður í heilbrigðieftirlitinu heimilar sérstakt klósett fyrir stofuna sem hefur verið sameiginlegt nokkrum fyrirtækjum í húsinu.

-- Stína sagðist ætla að bera þetta undir „tengdason“ sinn Eggert!! Önnur hárgreiðslukona hafði sagst mundi tala við Sören móðurbróður sinn. Sigríður sást ekki eftir þetta! --

Ég held ég verði alveg ómöguleg húsmóðir eftir að hafa haft það svona gott hjá móður þinni. Mér vex jafnvel í augum að taka til í herbergiskytrunni minni.

Mamma þín er alveg á hausnum í Zonta-skemmtikvöldinu sem þær eru að skipuleggja. --

Elísa, kona Gunnars Schram, er með mér í Handíðaskólanum. Við höfum ekki sést í mörg ár. Hún fór að tala við mig og spyrja hvort ég væri gift og þess háttar. Síðan fór ég að spyrja hana hvernig gengi í húsinu. Þá frétti ég að stærri lyftan væri komin í gang, og ansi mikið verið að vinna við hana, svo þau vakna við hamaganginn, snemma morguns. Mér fannst það heldur en ekki góðar fréttir og sagði eitthvað á þá leið að það væri nú gleðilegt að þau vöknudu svona snemma. Hún vissi ekki að ég væri í neinu sambandi við húsið. Það var ekki fyrr en ég fór að spyrja hana meira um húsið og fólkið, að hún spurði, hvort ég þekkti einhvern þar. Ég sagðist eiga þarna eina 5 herb. íbúð á 12. hæð. Það fannst henni skrítið, því hún sagðist þekkja manninn sem ætti íbúðina. -- Og mikið var hún hissa að við værum gift. Já, já, hún sagðist nú aldeilis þekkja þig --

Mamma þín bauð mér í leikhúsið -- Ég fór í fyrsta skipti í fína svarta kjólinn. Mamma þín lánaði mér brúna, litla *keipinn*, svo þú getur ímyndað þér hvað ég var fín. Dídí bauð upp á *dubonnet*. Leikritið var: *Allir komu þeir aftur* -- *No time for sergeants*, sem við sáuum í Austurbæjarbíó. Bessi lék Stockdale. Var bara gaman. --

Kristmann fékk það aldeilis óþvegið í Mánudagsblaðinu. *Jón Reykvíkingur* réðst af offorsi á hans persónulega líf og bækurnar. *Kris* er búinn að stefna Agnari Bogasyni fyrir meiðyrði og krefst 500 þús. kr. skaðabóta. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsdóttur. Rvík. 11.12.1961.

-- Það er svei mér ánægjulegt að heyra hve skemmtanalífið er blómlegt í Hólminum.¹ Svei mér ef ég er ekki öfundsjúk. Þið hafið ef til vill hitt Palla mág á 1. des. Skemmtuninni? Var hann með dömu? Ég hef nefnilega grun um eitthvað slíkt og er að drepast úr forvitni.

Þá er ég loksins búin að heimta kallinn úr bransanum, næstum því heilan á húfi. Hann þurfti nefnilega endilega að koma með ameríska hálsbólgu með sér heim og er búinn að liggja í viku. Það er nú orðið gott, en ekki tók þá betra við. Boðinn á dansiball á Hótel borg á laugardagskvöldið og var dama innifalin. Hún var sem betur fer dálítið við aldur, eða á sjötugs aldri, svo mér varð öllu rórra.

Þetta var sem sagt 50 ára afmæli Lögmannafélagsins, sem Eggert og mamma hans voru boðin í, af því að pabbi hans var formaður félagsins, þegar hann dó. Þar gekk sú saga að við værum skilin. Það var Guðmundur Pétursson² sem staðhæfði þetta og sagði Erlu Axels³ þetta. Hún varð hvumsa við og vissi ekki hvernig hún ætti að snúa sér í þessu, áræddi þó að fara til Theodórs Línal og fá staðfestingu. Það var víst aumur svipurinn á Guðmundi þegar þetta var rekið ofan í hann.

Guðmundur Jónasson⁴ kom heim til okkar um daginn, gjörsamlega breyttur maður, horaður, fölur og vantar allt sjálfstraust. Eggert segir að hann verði ekki lengi að ná upp málinu. Hann æfir sig allan daginn með því að lesa upphátt. Þau (*Bergljót Línal*) eiga von á barni í vor. --

Ég vinn hérna hjá sakadómara út árið og búin að ráða mig í hálft starf eftir áramót. Mér finnst það alveg stórfínt -- Jæja þetta alveg hræðilegt að svíkjast svona um. Þórður Björnsson⁵ var að trítla hérna um ganginn. Ég er viss um að hann biður að heilsa.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Rvík, 14.11.1961.

Misskilningur milli þeirra. EÁ hélt að SD myndi koma til NY, en það rann út í sandinn.

¹ Fjölskyldan var flutt til Stokkhólms.

² Guðmundur Pétursson (1917-1960) hæstaréttarlögmaður sem hafði lögfræðiskrifstofu með Einari Baldvin Guðmundssyni, föður Jóhönnu Jórunnar æskuvinkonu Sigríðar.

³ Erla Axelsdóttir (1924-1985) kona Einars Ingimundarsonar, þá sýslumanns, móðurbróður Sigríðar.

⁴ Guðmundur Jónasson (1929-16.6.1962) kennari og síðast framkvæmdastj. Rauða krossins. Eiginmaður Bergljótar Línal.

⁵ Þórður Björnsson (sakadómari, ríkissaksóknari og borgarfulltrúi) frændi minn.

Agnar Biering skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 14.11.1961.

Agnar er hættur hjá lögreglustjóraembættinu, kominn í lögfræðipraxis og viðskipti. Þau Sigríður kona hans eru búin að stofna snyrtivöruverslun, fyrst á Klapparstíg, síðar í Bankastræti og Stigahlíð, er var meginstarf þeirra upp frá því. Hann ræðir viðskipti, erfiðleika og óvissu vegna tollalagahugmynda ríkisstjórnarinnar og óvissu vegna verkfalla. Segir frá Öskjugosinu og öllu sjónarspili kringum það.

Sigríður Dagbjartsdóttir sendir skeyti til Eggerts. 16.11.1961.

-- KEM EKKI.

Er í uppnámi. Hafði fengið ádrátt frá Loftleiðum að fá flug til N.Y., með löngu stoppi, sem ekki varð af. Segir frá Guðmundi Jónassyni, manni Bergljótar Líndal og baráttu hans við krabbameinið.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. New York, 16.11.1961.

-- það var með skjálfandi höndum sem ég tók upp skeytið -- í stað skemmtunar, ánægju og ástar þarf ég nú að bíða og verða af því að njóta alls þess besta hér í borginni, með þér.

Þetta er skemmtileg borg, en það er sem hún sé forboðin manni þegar maður hefur ekki þann sem maður elskar til að njóta hennar með sér. -- ég veit og þú hugsar þetta sama og ég. Þetta er bara til þess að byggja upp söknuðinn með sjálfum okkur og það má maður ekki gera. Alltaf að njóta þess sem maður hefur. --

Þú mátt þakka þínum sæla fyrir að koma ekki. Ég var búinn að þrælspekúlera allt út svo þú hefðir ekki haft stundarfrið fyrir göngutúrum og fyrirlestrum, jafnvel einu eða tveim boðum auk *thanksgivinhátíðahaldanna*. Þakkaðu þínum sæla fyrir að losna við alla þá stjórnsemi. Veðrið er farið að versna, hellidamba og vart hundi út sigandi.

Ég var að tala við Árna Óla. Hann var að spyrja eftir þér; orðinn forvitinn að vita hvenær boðið hjá honum ætti að verða. Ég hafði nefnilega slegið því á fresta þangað til þú kæmir, svo allir gætu notið allra sem best. Hann er ári skemmtilegur og óbissnissmanslegur að tala við, hvað sem reynist þegar til kastanna kemur. --

Segir frá Matissesýningu á Museum of Modern Art. Einnig sá hann The flower drum song í Radio City og hefur ekki skemmt mér meira síðan þau fóru saman á Aldrei á sunnudögum forðum. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Ólafs. Rvík, 17.11.1961.

Pakkar fyrir stórkostlega falleg kerti sem fuku út. Var sjálf hrædd um að verða útundan.

-- Fjáröfnun (Zonta) gekk frábærlega vel, fólk er greiðugt og vill alltaf leggja góðu máli lið; er ég agndofa yfir allri þeirri rausn og hjálpfýsi. Um kvöldið, sem við höfðum skemmtunina í Lido, söfnuðust 50 þús. kr. og af kertasölunni höfðum við mjög góðan hagnað, vegna þess að við fengum tollana eftirgefna og ein konan í klúbbum seldi kertin fyrir okkur. Var það gríðarleg vinna, fólkið var lengi að velja, tók stundum tvö kerti af hverjum lit; svo líklega hefur skemmtikvöldið svokallaða farið í kaupskap -- ég held ég mér sé óhætt að segja að þetta hafi allt farið vel.

Sendiherrafrúrnar bjuggu upp veisluborð, hvort öðru fallelgra og sérkennilegra, með sínu fínasta silfri og postulíni og létu okkur fá uppskriftir. Sendi ég þér uppskriftapésann. Ég þori ekki að bera ábyrgð á öllu sem þar er, eins og þú getur nærri, en mér finnst þarna að hljóta að vera ýmislegt girnilegt. Borðin voru verulega glæsileg og fannst mér fólkið hafa gaman af að skoða þau. Ég hafði nokkrar áhyggjur meðan á þessu stóð, þarna voru mikil verðmæti, sem við þurftum að bera ábyrgð á. --

Árangurinn af þessu öllu er sá að við höfum handbært fé til að kaupa þessi tæki og fleira sem með þarf að upphæð 85 þús. kr. -- það er ekki fullráðið hvernig þessari starfsemi verður haga, en líklega verður hún í Heilsuverndarstöðinni. --

Allavega er þetta árangur af því að ég fór á Zontamótið í Kaupmannahöfn og var boðin til Tove Castenskiöld, þar sem ég heyrði fyrst um þessa starfsemi í Danmörku. Svona eru tilviljanirnar stundum, þó alltaf sé verið að gera gys að kongressum - og átveislum, þá getur verið að eitthvað gott leiði af --

Skrifstofan hefur verið í *rusli* því ég hef eytt meiri tíma í þetta Zonta-stand, heldur en ég gerðir ráð fyrir og er ég orðin á eftir áætlun með ýmislegt. Dídí hefur verið eins og galeiðupræll; við höfum farið glaseygar og riðandi í rúmið, of seint, á kvöldin og ég hef ekki talað um annað en heyrnardeyfu, mataruppskriftir, fjáröflunarlögn og mislit kerti - það er alveg sama hvernig samtalið hófst; alltaf endaði það á einhverju þessu. Allir voru auðvitað orðnir dauðleiðir -- nema mamma blessunin -- hún er svo fegin ef einhver gefur sér tíma til að tala við hana - bara um eitthvað. Það minnir hana alltaf á eitthvað sem skeiði fyrir 70-80 árum, og hún lifnar öll við --

Svo var klikkt út með Zontaveislu í gær í Glaumbæ, hérna hinum megin við Tjörnina og var það verulega skemmtilegt. Anddyrið er með kamínu og er því kallað *Strompstofa*, en sá hængur er á að kamínan er eins og hjá Kiljan, að ekki er mögulegt að kveikja upp í henni. Í staðinn fyrir að fara upp um strompinn fer reykurinn öfuga leið -- Gestirnir hlæja að þessu en eigendurnir sjá ekkert broslagt við það. Annars er þarna vistlegt og ótrúlega vel búið að manni.

Forsetafrúin tók þátt í þessu hófi okkar og bauð Völu, dóttur sinni, með sér og setti þetta mikinn svip á hófið. Eigendurnir vildu allt fyrir okkur gera og þótti heiður að svo tignum gestum, auk þess sem þær báðar eru bráðskemmtilegar og elskulegar konur. Forsetafrúin sat á milli okkar Kristínar Guðmundsdóttur hífylafraðings, og var virkilega skemmtilegt og fjörugt við borðið. Forsetafrúin er alltaf svo góð og elskleg við mig, en þar held ég að ég njóti þín. Helga mín, er ég viss um það, frá fyrstu tíð.

Við drukkum kokkteil í herbergi sem kallað er *Káetan*, ljómandi vistlegt og þægilegt. Síðan var farið upp nokkrar tröppur og komið í Glaumbæ og gengið í *Skemmuna* þar sem við borðuðum. Alls konar net, lóðabelgir, lugtir og netakúlur prýða veggina; svo eru eikarborð og stólar með kálfskinssetum og kálfskinn á gólfunum hér og þar. -- Þarna var franskur kokkur og býr til matinn, stunum inni og stundum frammi, fyrir allra augum; var gaman að sjá handtökin hjá honum. Að borðhaldinu loknu kom hann inn með eina rós og færði forsetafrúnni með miklum frönskum tilburðum og hneigingum.

Forsetafrúin óskaði eftir að koma þarna eins og við hinar og borga fyrir sig sjálf, en yfirmaðurinn vildi fá að hafa hana og dóttur hennar sem gesti hússins; fannst mér það verulega vel viðeigandi. Svo var gengið þarna um allt; niður í næturklúbbinn þar sem ungir Heimdellingar voru að skemmta sér. Sagði Vala að hún hefði sjaldan séð sínum drengjum bregða meira en þegar amman og mamman birtust þarna allt í einu, dauðhræddir um að þær myndu slá sér niður hjá þeim! Illgjarnar tungur hafa gefið næturklúbbum nafnið *Villingaholt*. Mér finnst þarna mjög vistlegt og ævintýrlegt að sjá hvernig eitt íshús getur tekið stakkaskiptum. --

Ræðir um hjónaband Rúnu frá Móum og Hauks Hvannberg og er ekki enn sátt við það. Svo á hinn bóginn er Steinunn Briem og Kristmann.

-- Mamma hlustar alltaf á hann í útvarpinu, en þar er hann sílesandi skáldsögur eftir sjálfan sig; hún er svo ættrækin að henni finnst þetta sjálfsgöð skylda sín. Það er auðséð að mömmu blessaðri er farið að förlast; einhvern tíma hefði hún fussað og sagt að þetta væri *sjofelt*¹ enda er það sannarlega ruddalegt. Á sunnudaginn heyrði ég þessa glefsu innan frá mömmu: *Brjóstin eru eins og mjölpokar á stæðilegum mjöðmum*. Finnst þér það ekki skáldlegt? --

Fær fá bréf frá Páli og segir Eggert senn koma frá Ameríku, þá fækki í húsinu og meðalaldurinn hækki.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. New York, 19.11.1961.

-- Í gær var ég allan eftirmiðdaginn *on the Lower East Side*, þar sem allt er í hnapp, *Bowery*, Hafnarstræti New York, kínahverfið, gyðingahverfið með gimsteinabúðum, útjaðar fatagerðarhverfisins, þar sem er búið við búið sem selur ekki annað en brúðarkjóla og fatnað til giftinga, þar fyrir norðan eru Ítalir í yfirgnæfandi meirihluta. Rétt þar við eru Rússar, búiðir og rakarastofur með rússneskum skiltum (held ég að minnsta kosti). Á East Side, rétt fyrir norðan, eru svo Sameinuðu þjóðirnar og þar er allt að byggjast upp í kring, enn norðar eru svo Írar, Spánverjar, Púertóríkanar og negrar nyrst á eyjunni.

Ég er að fara til Árna Óla á eftir.

29.11. kl. 12. Ég var að koma frá Árna, aldeilis þunnur. Árni býr í lúxushverfi hér utan við borgina, í hinu skemmtilegasta húsi, og hefur það að öllu leyti gott, nema hvað hann er ekki á Íslandi. Hann er einhver mesti Íslendingur, og frjálsgasti í skoðunum, sem ég hef hitt lengi. Sá hefur ekki breyst. Við byrjuðum að drekka smálítið þegar ég kom og hættum ekki fyrr en um þrjú í nótt, held ég. Geir Magnússon er dreifingarstjóri hjá fyrirtækinu og kom hann líka. Ég hef þetta ekki lengra, því ég er ári slappur. --

Var að frá bréf frá Sirrí -- Hún sagði að Álfheiður Sylvia væri búin að syrgja Kurt og farin að vera með rokkgæjanum Magnúsi, bróður Sæma (eineggja tvíburar) --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 20.12.1961.

-- Amma er orðin svo ung í anda að þegar ég bauð henni að koma hingað til okkar viknaði hún af hrifningu. -- Dæturnar þorðu ekki að segja það við hana. -- ætlar að fara til Helga á annan (á 11. hæð!). --

¹ *Schofel*, danskt orð, mikið notað af Álfheiði og þýðir: dónalegt, í átt að því kynferðislega.

Ég var að skrifa bréf fyrir Sigrúnu,¹ hún var hreint að farast af tilhlökkun að fara með bréfið í póst í morgun. Henni finnst alveg rosalega gaman að vera hjá okkur --

Heimilið er hreint að detta í sundur. Sirrí vinnur allan daginn við skriftir nauðgunar, barnsfaðernis og morðmála. Á morgun á hún að vera réttarvitni og skrifari í síðasta málinu geng vini þínum J-A-V-. Er um nýtt útbrot að véla. Guðrún Erlendsdóttir er skipaður verjandi og er það hennar fyrsta prófmál.

Við fengum -- skemmtilegan ritdóm um bók Kristmanns eftir Sverri Kristjánsson. *Kris* segir sig hafa haft mikið saman við skáldið Olav Bull að selda árið 1936. Sverrir sagði þá sorgarsögu að þá hefði Bull legið í moldu í þrjú ár. Sverrir gat um að birst hefði dómur eftir Hans Blix um eina bók Kristmanns. Hann var þessi:

Sukkerbryst. Brystsukker. Hans Blix.

Það var nú ekki tekið mark á þessu hjá Frændfólkinu: Það eru allir laumukommúnistar sem tala illa um Kristmann. Enda hafa þau miklar áhyggjur yfir hvað þeir séu margir.

Við hittum E. og S.² í Tjarnarbíó um daginn. Mamma og Eggert explóderuðu bæði út af pólitík. Var tilefnið það að Eggert sagði: *Nútímalist mestu blekkingu nútímans*. Átti þar við myndlistarafrek Jóhanns³ sem mamma keypti (afbragðsgott og það fallegasta á sýningunni). Það þoldi mamma ekki og Eggert ekki að mamma þyldi það ekki! Dídí saup kveljur, ók sér og þagði. Ég greip inn í og fílósoferaði þangað til menn sofnuðu og við þurftum að hverfa á braut af innibyrgðum hlátri. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 25.12.1961.

-- Mikið ósköp var gaman að fá sendingarnar frá þér í gær. Þetta var allt svo fallett og vel valið og sérstaklega hugkvæmt. Ég hef setið í eldhúsinu í allan morgun þar sem Sirrí var að útbúa gæsamatinn, nei, ég meina gæs í matinn, og við verið að rabba um þig. Það var hreint ágreininglaust okkar á milli að þú værir hreint ágætasti, skemmtilegasti og fjölvitrasti maður sem við hefðum orðið svo fræg að kynnast. Við vorum að rifja upp heimsóknirnar sem þú komst í; þegar þið mamma komuð hingað sem fyrstu gestir í mat. Þú ert sá langbesti. Það er alveg sama hvað frá þér kemur, það er sem fylgi því hugur og inspirásjón, frámunarleg, enda *hughafinn sálsterkur*. Sem sagt, farðu blessaður að koma heim. Bréfið - hið svívirðilega - kom eins og dúnmjúkt kjaftshögg framan í okkur hér, var eins og bréf eiga að vera. Lýsti skaphöfn, ekki athöfn. Athafnalýsingin er góð, ef hún er jafnfram skaphafnarlýsing. (Ég er farinn að tala eins og sálfræðingur um b - a - r - n - i - ð).

Við eigum von á fjölskyldunni í Tjarnó og Hvassó eftir dálitla stund.

Við borðuðum hér heima í gærkvöldi, fórum svo til Jórunnar, vorum þar góða stund, og síðan fórum við í Tjarnargötu. Þar voru komin Helgi, Doris og Álfheiður Sylvia. Var ekki leiðinlegt þar, en ekki eins skemmtilegt og stundum. Tætungslegt og erfitt viðureignar. Það var ómögulegt að ráða stemmningunni. Ég var að reyna gömul trikk, fór að lesa hátt upp úr skemmtilegustu jólabókinni, bók Steins Steinars. Þegar skemmtilegheitin voru á hæstu trillunum og ég var að lesa bréfið til bæjarráðs, þá geispaði Helgi, svo brakaði í. Mig langaði til að lesa ritdóminn um Kristmann. Helgi sagðist hafa heyrt um hann. Steinn hefði verið fenginn til að skrifa hann, hefði aldrei lesið bókina og sá svo ógurlega eftir því að hann fór til Kristmanns á eftir og bað hann fyrirgefningar, viðurkenndi allt saman og gaf Kristmanni skriflega, já skriflega, yfirlýsingu í votta viðurvist um allt. Ekki sá nú Helgi yfirlýsinguna og ekki vissi hann hverjir vottarnir voru. Nú er Steinn auminginn dauður og það má mikið vera ef vitnin eru ekki dauð líka.

Sirrí biður ógurlega vel að heilsa og þakkar þér jólagjöfina, sérstaklega koníakssúkkulaðið, sem mamma fékk, og var allt í kássu. Smakkaði Sirrí þarna göróttan drykk í fyrsta sinn síðan síðast, þótti gott og varð gott af.

Allir mínir treflar eru frá þér komnir og hafði ég það mér til gaman annara og *flímjan* að það væri með trefla hjá þér eins og saumkassana⁴ frá Kristni forðum. En góður er trefillinn - mér verður áreiðanlega ekki kalt á fótunum í bráð! --

Hef alltaf gleymt að segja þér að ég kom til Hauks Þórðarsonar¹ (*læknis*) í New York og hitti þar Guðmund Pétursson (*lækni*)² og fjölskyldu. Hann er nýkomin þangað til Sloan Kettering stofnunarinnar. Siggi Gúmm

¹ Sigrún Óladóttir (1955) bjó með foreldrum sínum á Bergstaðastræti 69. Dóttir Jónu, uppeldissystur Friede Briem.

² Eggert P. Briem og Sigríði Skúladóttur.

³ Man ekki man hvort þetta var eftir frændurna Jóhann Briem eða Jóhann Eyfells. Af báðum keypti hún verk.

⁴ Þegar Kristinn P. Briem var við verslunarnám á Bretlandseyjum sendi hann systur sínum jóla- og afmælisgjafir af góðum hug: Alltaf saumakassa.

er í New Jersey, Jónas Hallgrímsson og fleiri eru í Boston. Þeir hafa það fremur skítt, sýnist mér, nema þeir séu á góðum styrkjum. Þú þarft að verða þér út um eitthvað frumlegt *projekt*. Menn verða að hafa *projekt* í Ameríku, menn lifa á þeim, fyrir þau. Allt er hægt með projektum. Projekt stjórna heiminum. Lifi projektin. Projekt Eggert.

¹ Haukur Þórðarson (1928-2006) læknir var bekkjarbróðir minn, sem seint og um síðir komst í samband við bekkjarsystkinin, eins og Jóhannes Ólafsson, læknir, en báðir voru í KFUM, fóru í hléum alltaf í húsið þeirra ofan MR og kynntust bekkjarsystkinum aldrei. Kannsk héldi þeir að við værum syndaselir. Báðir miklir ágætismenn og gaman að kynnast þótt síðar væri.

² Jóhannes Ólafsson, læknir og kristniboði.

1962

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík, 14.1.1962.

-- Ennþá virðist allt ganga vel hjá Steinunni og Kristmanni, allt á kafi í guðspeki og yoga-heimspeki, svo maður er alveg eins og sauður að tala við þau -- man ekki eftir mér á öðrum tilverustigum. --

Kvartar yfir strjálum bréfum frá Palla. Kristinn bróðir hennar er orðinn ekill, að flytja í bæinn frá Sauðárkróki eftir að hafa losað sig við allt þar.

Segir frá því að Framsóknarflokkurinn hafi tekið húsið, Tjarnarg. 26 á leigu.

-- Mamma er dálítið eirðarlaus og þegar ég er að skrifa er hún að ganga um og smá tala við mig, og það er henni ekki of gott, en í hreinskilni sagt þreytir það mig dálítið, og *andinn* fýkur út í veður og vind. --

Heldur miðar áfram með Guðmund¹ tengdason Hildu, en samt er mjög erfitt að skilja hann þegar hann talar. -- En lækinnirinn gefur honum góðar vonir --

Segir Álfheiði Sylviu hafa fengið starf sem flugfreyja hjá Loftleiðum og fór í reynsluferð. Fór hún í eina ferð og var lurkum laminn með harðsperrur eftir.

-- Doris kann bara ágætlega við sig hér og er verulega dugleg við heimilisstörfin, nema matreiðsluna, hana hefur Sylvía séð um því hún er bráðmyndarleg og býr til verulega góðan mat. Kannske eru þessir flutningar erfiðastir fyrir Helga, þó ég ekki viti það; finnst mér ég verða vör einhverrar beiskju. Helgi hefur alltaf verið mér frábærlega góður, margt hefur hann gefið mér og á margvíslegan hátt glatt mig; mér tekur það sárt að sjá hann vonsvikinn, eftir langan starfsdag. En svona er lífið og allir þurfa sitthvað að reyna. --

Friede P. Briem skrifar Huldu Stefánsd.² Rvík, 7.2.1962.

Þakkar fyrir bréf og sendir henni vefnaðarpesa sem hún hefur unnið fyrir hana. Er í vandræðum með fyrirlestur Huldu sem Auður Auðuns fékk í hendur og virðist hafa viljað stytta, en henni hefur ekki tekist að fá aftur í hendurnar vega anna Auðar yfir þingtímann. Þá segir hún frá breytingum á högum Margrétar Árnadóttur í Tjarnargötu 26 og leigu hússins.

-- Okkur þótti það skrítið að rétt um sama leyti tók Framsóknarflokkurinn sér bólfestu í tveim húsum sem Jón Helgason hafði búið í, Bankastræti 7 og Tjarnargötu 26. Er mér í minni í gamla daga þegar maður var að fela Tímann, þegar hann kom til mömmu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 23.2.1962.

Óskar þeim Dú³ og Páli til hamingju með trúlofunina.

--Ákvörðun um hjónaband er einhver sú besta og skemmtilegasta ákvörðun sem hægt er að taka og jafnframt sú versta, ef því er að skipta. Ég hef ekki gert meira afrek á ævinni, þótti það gott fyrir giftingu, við giftingu og því betra eftir giftingu - og fer dagbatnandi. Það þarf lag og þolinmæði til að læra að hausa og fletja fisk, og það er mönnum kennt, en að fara út í hjónaband er ekki heiglum hent, því það gagna menn út í einir og óstuddir -- Ég veit ekki hvað væri meiri nauðsyn að kenna en umgengnishætti í og utan hjónarúms. Því verður hver að vara Kólumbus og finna fyrirheitna landið -- Mig furðar sannarlega ekki að mörg hjónabönd fari til fjandans, þegar ég hugsa til þess hver stórfurðulega Sirrí hefur tekist að stýra mér af leiðum piparsveinsstaulaháttar, sérvisku, vanafestu og annarra hvímléiðra kvilla sem mér hafði tekist að ávinna mér -- að viðbættu smáborgaralegu uppeldi. Að hugsa sér að þú verðir eldri þegar þú giftir þig en karlfauskurinn sem gekk í hjónaband síðari hluta febrúar fyrir tveim árum. Ja, Día er sannarlega ekki öfundverð af því.

Hér sit ég í eina auða horninu á íbúðinni og reyni að slá þessu bréfi saman. Allt er hér í bendu statt. Ísskápurinn inni í svefnherbergi, matvælin hér og þar, skóhlífarnar inni í stofu og konan í saumaklúbbi að monta sig yfir tilvonandi mægðum. Og mér slær fyrir brjóst af málningarlykt. Hér er verið að móðernísera eldhús, gang og bað. Það borgar sig tæplega. En hvað gerir maður ekki þegar skipun berst; reynir að brosa veiklulega út í það munnvikið sem sést og segja: *Já, elskan, þetta er ágætur litur, já er það ekki ágætt, við skulum fá okkur nýjan lista hér, æ, ekki líka hérna, þetta verður svo dýrt.*

¹ Hafi það ekki komið fram fékk hann krabamein í tunguna, þurfti að hætta kennslu og berjast við sinn sjúkdóm.

² Hulda Stefánsdóttir, húsmæðraskólastjóri.

³ Hólmfríður R. Árnadóttir (1939). Hún var fyrri kona Páls og móðir tveggja sona, Árna Geirs og Kára.

Þetta lítur út eins og hér eigi góður eiginmaður hlut að máli. En ekki er það nú aldeilis. Maður er búinn að berjast gegn öllum breytingum og *móðerniseringum* sleitulausum og harðvítugum mótþróaðum hernaði í tvö löng og dimm ár. Og nú er ég búinn að gefast upp, eða því sem næst - og kannski - jú alveg.

Þarna sérðu hvað ég á góða konu. Ég á ekki einu sinni athvarf hjá mömmu gömlu, nei, þær hafa gert sóknarbandalag og sveipa mig járnbentu bambustjaldi ef í mér skræmtir, ég reyni stundum að skræmta. Þetta er vonlaust. Þú ættir held ég að hætta við þetta allt.

Þess á milli reynir maður að skemmta sér, drekka í sig dug og móð, og allt horfir betur við um skeið. Svo kemur morgunn og þá er hjúknað og gefnir bakstrar og maður missir fótfestu á nýjan leik.

Hér er alltaf ósköp skemmtilegt. Við voru í útreiðatúr um hina helgina með Ingu og Sveini¹ og sá ekki út úr augunum fyrir hríðarbyl. Tæplega út á enda á brennivínspelum, en þá var hægt að finna rassvolga í hendi sér. Mátulegan í kverkunum til að forðast tannakul og hiksta.

Og eitt brjálæðislegt gilli héldum við fyrir Árna *brottrekna* Ólafsson² og hans frú Stellu. Gífurlega skemmtilegt. Hápunkturinn var þá er Óli Óla³, sem hafði lagt sig inn í rúm og fundið þar öll viðeigandi og nauðsynleg fót kom aftur inn í selskapið, íklæddur náttkjól, náttjakka fagurgulum, með hendur í buxnavösum, úfinn, kaldur og geispanði. Hann kom, sá ekki glóru, og sigraði! Maður verður stundum að halda svona. Því miður verðum við alltaf að halda það sjálf, því við þekkjum enga sem þora að leggja *nifsið* sitt í hættu. Þangað til þú kemur heim með þína kærustu til að halda brúðkaup.

Því miður hef ég þann grun að þú ætlir að gera úr þessu brúðhlaup; hlaupast brott frá allri skyldu við fátækan og févana bróður, sem hefur þarna eina tækifærið á öldinni til að komast í brúðkaupsveislu bróður síns. Hvernig verður hægt að straffa fyrir annað eins og þetta. Ætlast til að maður borgi stórfé til pósthlutnings á gjafafjölda. Nei! Ég mótmæli allur.

Ég hef margar fróðlegar fréttir að segja þér um allt og alla en geri það ekki fyrr en ég fæ frá þér skemmtilegt bréf.

Heilsaðu og kysstu Díu frá mér og segðu henni að hún sé heppin bæði með þig, vegna þess að þú sért líkur mér, og með tengdirnar, vegna þess hve ég er líkur þér. Bless góðurinn. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Sigurðard.⁴ Rvík, 9.3.1962.

Þakkar bréf og blóm sem Álfheiður móðir hennar fékk frá þeim systur Rögnu og Helgu. Segir að búnaðarþingsmenn hljóti að sakna hennar, enginn gleðskapur í Drápuhlíð 47,⁵ engin Helga til að heimsækja.

-- Það var Zontafundur á mánudaginn í Glaumbæ, var verulega þægilegt að vera þar, en fundarsókn var svo léleg, vegna veikinda zontasystra, að ekki var fundarfært. Las ég kafla ú bréfinu þínu -- og höfðu þær gaman af og biðja að heilsa --

Kristín Guðmundsdóttir er frábærlega góður formaður, heldur ágætar ræður sem hún flytur vel og lyftir öllu félagslífinu. Sú er nú ekki aldeilis naum heldur, ef hún vill kosta einhverju til að setja svip á fundina, þá borgar hún það bara sjálf ef ekki vill betur. Sigurlaug Bjarnadóttir⁶ verður formaður næst, hefur hún lítið mætt á fundum í vetur vegna þess að hún á von á barni; er það bara eðlilegt, Það er sannarlega gott að hafa svona ungar konur í klúbbum, að við séum ekki allar komnar úr barneign. Rúna á líka von á sér innan tíðar. --

¹ Inga Valborg Einarsdóttir (1928-2009); Sveinn K. Sveinsson (1924-2008), verkfræðingur, kenndur við Völund, trésmiðju.

² Árni Ólafsson, forstjóri, sem ég hafði hitt litlu fyrr í New York var nú orðinn fyrrverandi. Þannig breytist heimurinn. En hann hélt áfram og bjargaði sér, þótt ekki fylgdist ég með ferlinum upp frá því. Hann dó árið 2003. Árni var bróðir Hjálmars Ólafssonar kennara, sem lengi var bæjarstjóri í Kópavogi og forystumaður Norræna félagsins.

³ Ólafur Ólafsson (1928-1984) lyfsali á Húsavík, sem ég heimsótti í Ameríku og á Húsavík þar sem ég vann að sérstökum heilbrigðisverkefnum. Kona hans var Erna Hermannsdóttir og áttu þau tvo syni.

⁴ Helga Sigurðardóttir húsmæðrakennaraskólastjóri.

⁵ Bendir þessi setning til þess að Helga hafi búið þar síðustu ár og verið enn í góðu sambandi við búnaðarþingsmenn allt frá dögum pabba síns Sigurðar *búnó*, búnaðarmálasstjóra.

⁶ Sigurlau Bjardóttir (1926), alþingismaður, blaðamaður og kennari. Ekkja Þorsteins Ó. Thorerensen (1927-2006). Rithöfundar og útgefanda.

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík, 20.4.1962.

Umræðuefni er trúlofun Páls og Hólmfríðar Árnadóttur, sem hann hitti í frostum N-Svíþjóðar. Einnig fyrirhuguð gifting þeirra í Höfn. Segir fréttir af Rúnu frá Móum og Hauki Hvannberg, sem eiga von á barni.

Segir hún fréttir af Ólöfu Nordal sem hafði komið í heimsókn til hennar; þrálátum veikindum hennar og dvöl á Vífilstaðaspítala. Þar hafði hún farið á leiksýningu ásamt yfirlæknisfrúnni, Guðrúnu Lárusdóttur. Aflýsa þurfti sýningum þar sem aðalleikarinn Brynjólfur Jóhannesson, hafði fengið sér of mikið í staupinu. Sams konar vandræði eru á heimili hennar þar sem stúlkan sem þau Sigurður hafa haft á til að fara á túra.

-- Ég var með Ástu (Guðmundsdóttur) og Karli (Torfasyni) hjá Unni (Óladóttur) á Bakka um daginn. -- Það er ósköp erfitt hjá Unni og Kjartani, og sagði Unnur að þetta myndi áreiðanlega vera í síðasta sinn sem ég kæmi þangað. Skuldirnar á húsinu svo miklar að þau yrðu að selja, hvað tæki við vissi hún ekkert. Þetta eru nú meiri ósköpin fyrir átta manns að standa svona uppi, eftir allt sem Kjartan hefur gengið í hendurnar. Var ég annars hugar út af þessum átkanlegu fréttum, en hrædd er ég um að Kjartan hafi leynt Unni ýmsu --¹
Aumingja unnur, þegar hún er loks komin í viðunandi húsnæði, þá er öllu svipt af henni aftur.

Þá segir hún að Eggert og Sirrí hefðu ráðist í endubætur á íbúðinni á Bergstaðastræti og fluttu á meðan í Tjarnargötu, í gamla herbergið hans.

-- og fannst mér þetta verulega skemmtilegur tími. -- Sirrí vinnur hálfan daginn á skrifstofu sakadómara -- Auk þess var hún á námskeiði í vetur að læra tauprent, svo hún er sannarlega vinnusöm. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. Khöfn, 15.5.1962.

Komin til Hafnar vegna brúðkaups Páls og Hólmfríðar (Díu) Árnadóttur Péturssonar læknis og Katrínar Rósinkrans.

-- tóku Palli, Día, Kata á móti mér með undurfagran blómvönd. -- Mér lýst mjög vel á Díu, hún er eðlileg, kát og Palli er hamingjusamur, kátur og skrafhreifinn, hlýr og elskulegur eins og í gamla daga, nema bara 100% meira af öllu góðu. -- Palli átti frí sunnudagskvöldið og keyrðum við Día og Palli út í íbúðina þeirra, sátum og spjölluðum allt kvöldið.

Segir hún mikla heppni fyrir þau að hafa fengið íbúðina og búin að koma sér vel fyrir og Palla-svipur kominn á margt þó málverkin séu ekki komin þannig að hún veit ekki hvernig þeim falla þau. Þá hefur hún verið með Helgu Ólafs mikið og bílstjóri sendiráðsins hefur ekið með hana um allt.

-- það er gaman að vera lúxsusdýr, þó er ekkert eins dýrmætt eins og að vera nú að eignast aðra tengdadóttur, þó hún kannski ekki nái Sirrí ennþá, er hún elskuleg og *solid* --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Khöfn, 16.5.1962.

Lýsir aðdraganda brúðkaups Páls og Díu og hvað hún hefur fengist við, verið mikið með Páli og fjölskyldu Díu og lýsir hvað henni falli vel viðhana. Svo er fólk að safnast til Hafnar í veisluna, m.a. Guðrún Guðmundsdóttir Bergström frá Helsingborg og Asta dóttir hennar.

-- Ég er boðin til Helen Schou myndhöggvara á laugardagskvöld með fleiri Zontakonum. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. Khöfn, 18.5.1962.

*Að koma úr brúðkaupsveislunni. Stefán Jóh. Stefánsson var svaramaður Páls, sátu þeir - og stóðu til að taka móti kirkjugestum. Seinust kom brúðurin með Jóni bróður sínum.*²

-- var það bæði hátíðlegt og skemmtilegt. Ég er svo full þakklætis fyrir allt það góða sem ég fæ að njóta að ég á engin orð til þess að lýsa því hvernig mér var innanbrjóst, tilfinningarnar einna svipaðastar því sem þær voru á ykkar brúðkaupsdegi, elskurnar. --

Eftir giftinguna var farið á veitingastað og voru gestir 23.

¹ Eins og áður hefur komið fram var Unnur Óladóttir uppeldissystir þeirra systkina frá Nesi v. Seltjörn. Kjartan Einarsson maður Unnar var bóndi á Bakka og um lengt skeið einn af forystumönnum sveitarfélagsins. Þá var landareign Bakka gerð að mikilli íbúðarhúsabyggð, en fjármunir munu hafa glutrast niður og Kjartan lagst í óreglu. Lóðaspekúlasjón leiðir ekki alltaf til góðs.

² Jón R. Árnason (1926-2006), læknir.

-- Stefán hélt alveg dásamlega ræðu fyrir ungu brúðhjónunum og fléttaði inn í, af innileik, okkar góðu vináttu og minntist þabba þíns og Árna bekkjarbróður síns.¹ Það var ofurlítið tregablandið en kryddað gamansemi.

Þá talaði Páll og var oft helgið að orðum hans þó alvara væri að baki.

-- töluðu ýmsir fleiri, m.a. Jón Sigurðsson,² var hann hreint og beint heillandi -- Svo talaði Stefán fyrir ömmu þinni, (væntanlega Kristínu í Nesi, ömmu Helgu konu hans) ykkur heima, svo og Tjarnargötuheimilinu - var hrópað ferfalt húrra af miklum krafti. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur og Eggert Ásgeirss. Khöfn. 19.5.1962.

-- Það er nú meira hvað ég er rík að eiga nú allt í einu tvær tengdadætur -- Var hjá Palla og Díu í gærkvöldi og segi ykkur það strax að þau eru mjög hrifin af málverkunum báðum, ekki síður af Jóhanns(Briem) mynd enda fór hún sérlega vel þar inni.³ -- Palli er hlýr og kátur, eins og í gamla daga. --

Palli var svo heppin að fá sumarfrí núna og ætla þau á bílnum sínum til Noregs.

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Rvík, 19.5.1962.

Bréfin eru aðallega skýrslur um stöðu mála í Tjarnargötu, hvernig gengur með verk á fjölritunarstofunni, heilsu Álfheiðar og viðhaldi húss og garðs.

Einnig að ég sé á leið í Vatnajökulsleiðangur Jöklafélangsins.

Þá er að ljúka endurbótum, Finnur garðyrkjumeisti, á lóðinni á Bergstaðastræti.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Rvík. 19.5.1962.

-- Ég var að koma úr Tjarnargötunni. Vorum við Dídí að skemmta okkur við samlestur og útboðslýsingu. Bara var að útbúa matinn sem mér skildist að væri fiskur, sem búinn er að duga þeim frá því þú fórst. Í dag átti að hafa hann steiktan. Í gær var búið til úr honum *gratin*, sem Dídí var mjög stolt af.

Eggert er orðinn svo geysilega important stjórnarmeðlimur,⁴ að ég er orðin eins og hver önnur símadama takandi við fundarboðum sýkt og heilagt. Á morgun byrjar fyrsti fundurinn kl. hálf tvö. Þá ætla ég niður í Tjarnó að hjálpa Dídí smávegis og reyna að plata hana í bíltúr, eða eitthvað. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Friede P. Briem. Rvk. 22.5.1962.

-- Mikla ánægju höfum við haft af bréfunum frá þér, lesa þau upphátt fyrir útvalda og vitna í þau fyrir hina. Gaman að samgledjast þér hversu allt hefur verið dásamlega vel heppnað. Ekki síst tengdadóttirin nýja. Óska þér innilega til hamingju með hana. Hvað er betra en skemmtilegar tengdadætur.

Ég sit hér með þetta fína ellefu-kaffi í munnum, því frúrnar hér á Bergstaðastrætinu eru engir aukvisar í kaffidrykkjunni. Fyrir framan mig eru þrjár yndislegar rauðar rósir og *brúðarslör*, blómin sem Anna Zimsen sendi þér í tilefni brúðkaupsins. Og nú kom þetta skemmtilega bréf frá þér. Mikið er ég fegin að þeim líkaði myndin -- Leiðinlegt að ekkert verður af Finnlandsferðinni. Vonandi dettið þið ofan á eitthvað annað skemmtilegt í staðinn. --

Samvinnan við Dídí er prýðileg -- Á sunnudaginn fórum við í bíltúr með hana upp í Álfnes. Á eftir fór Eggert á fund og ég niðri Tjarnó, raðaði og hefti smávegis. --

Segir frá fjölskylduheimsóknunum til Álfheiðar.

-- Heldurðu ekki að ég sé að missa Eggert upp á Vatnajökul þann 31. Þetta er í annað sinn sem hann er á Vatnajökli á afmælinu mínu. Ég er ósköp fegin að hann fer, því hann dauðlangar. Ég verð enn fegnari að sjá hann aftur. -- Bið að heilsa Palla og Díu. --

¹ Árni Pétursson læknir.

² Jón Sigurðsson (1931) röntgenlæknir.

³ Sjálf gaf Friede þeim glæsilegt málverk eftir Kjarval.

⁴ Í Starfsmannafélagi Reykjavíkur, ritari og í samninganefnd.

⁵ Við gáfum Palla og Díu málverk eftir Jóhann Briem.

Páll Ásgeirsson skrifar Álfheiði Briem. Khöfn. 22.5.1962.

Elsku amma mín. -- Þótt margar væru fallegar brúðargjafir, sem við fengum, var þó engin sem Díu þótti eins vænt um og þína gömlu nælu --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirssyni. Khöfn., 23.5.1962.

Segir frá dvölinni í Höfn, innkaupum og ferð sem hún hefur ákveðið til Finnlands. Palli og hún fóru saman í Konunglega leikhúsið og skemmtu sér vel. Þá eru Álfheiður Óladóttir Vestmann og Ingi Lárusson, maður hennar í Höfn og bauð hún þeim í veitingahúsið: Syv små hjem.

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. Helsingborg. 28.5.1962.

-- Kom hingað í gærkvöldi -- Día sækir mig -- því Palli er á vakt. -- er leikið við mig alls staðar -- Zontakona tekur svo á móti mér (í Helsingfors) -- Ef ég á afgang af peningum í Edinborg langar mig til að kaupa föt á Eggert, gætir þú sent mér mál? Þarf að vera í tommum. -- Eggert! - Góða ferð.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Friede P. Briem. Rvk. 30.5.1962.

-- Kærar þakkar fyrir bréfið frá Helsingfors. Þú ert nú meiri rausnarkerlingin að senda mér heilan kjól. Hann er eins og sniðinn á mig og fer mér mikið vel. Þetta kom mér svei mér á óvart. Við Eggert sátum á sunnudagskvöldið og hlustuðum á kosningaúrslitin, þegar Jóna birtist með pakkann. Ó, hvað það var gaman. Hann kemur sér líka vel, því nú þarf ég að fara að nota svona vítt.

Vorum boðin til Helga á sunnudag ásamt Siggu og Eggert, ásamt Árna Skúlasyni, Álfheiði Sylvíu og Magnúsi. Doris var alveg kafrjóð og gaf okkur þessa fínu máltíð. Ekki er enn búið að skilja íbúðirnar í sundur. -- Álfheiður lítur vel út og virðist hamingjusöm. Hún sýndi okkur íbúðina sína, sem var snyrtileg og fín. --

Í gær kom Jóhanna föðursystir þín í heimsókn til mömmu þinnar. Sem betur fer var Jóna líka í heimsókn og túlkaði það sem á milli þeirra fór, en misskilningurinn var svo mikill að Jóna varð oft að kom fram á skrifstofuna til Dídíar, til að hlæja. --

Eggert. Nú fer ég í fyrramálið á Jökulinn. Það er hræðileg meðferð á Sirrí, en svona launar maður gott með illu. Annars er það lítil munur fyrir hana, því ég er öll kvöld burtu á fundum.

31.5. Eggert fór í morgun kl. 7 í dynjandi rigningu. -- Hann harðbannaði mér að senda þér mál af sér og sagði að enginn gæti keypt föt á sig nema hann sjálfur.

Svo langar mig til að biðja þig að kaupa Dior varalit fyrir mig á Gullfossi. Hann er helmingi ódýrari þar en hér. Góða skemmtun. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. Helsingfors, 31.5.1962.

Kom í gær og var tekið á móti henni af tveim Zontakonum, sem tóku hana með sér í óperuna. Nú er hún að fara til Tammerfors til Zontakonu, tannlækni, sem hefur skipulagt ferðina dásamlega.

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Helsingfors, 4.6.1962.

-- Ég er að koma af konsert hjá Van Cliburn og er eins og í leiðslu. Það var dýrðlegt að hlusta á hann, þó var salurinn leiðinlegur -- Þessi ferð hefur frá byrjun -- verið ævintýrleg, ég er heilluð af fegurð landsins og borgarinnar og aldrei hefði mig dreymt um aðrar eins móttökur. Ég er búin að sjá svo mikið að ég er hálf rugluð á hvað hefur skeð á hverjum degi; og ég er undrandi á hvað Zontakonurnar eru dásamlegar við mig. Mér er ekið um bæinn í bíl, farið með mig á bestu veitingahús og allt það fegursta skoðað --

Í dag var Zontafundur og hitti ég þar 20 konur. Það einkennilegasta var að ég sat við hliðina á konu sem er formaður í *Torsdagsklubben*² - en hér eru tveir Zontaklúbbar - heitir hún Inkeri Harmaja,³ hefur titilinn *hovrättsråd*, heldur þú ekki að hún hafi setið við hliðina á Ásgeir á lögfræðingamóti í Stokkhólmi 1931. Hún kipptist við þegar ég sýndi henni mynd af Eggert, vegna þess hvað henni fannst hann líkur Ásgeiri. -- Á morgun er ég boðin í hádegisverð til einnar Z., síðan í bíltúr til að heimsækja Zontakonurnar í Borgå,

¹ Eggert á leið í Vatnajökulsleiðangur.

² Ekki var þá talið mögulegt að kenna klúbb þar við *sonta*, sem hefur einhverja slæma þýðingu í finnsku.

³ Inkeri Harmaja (1898-1978). Mikils metinn lögfræðingur og var kjörin kona ársins í Finnlandi, fyrst allra 1958.

konsernt um kvöldið og Helvi Sipilä,¹ lögfræðingur og skátahöfðingi býður mér að borða eftir konsertinn. -- Næsta dag, sem er sá síðasti hér, fer ég eitthvað í búðir og þvínæst til Tuusula að gröf Sibeliusar. Um kvöldið er konsert og heimboð til Zontakona á eftir. Þær eru hver annari skemmtilegri og mjög frjálsglegar, hlýjar og þægilegar. Á fundinum hélt ein kona, arkitekt, fyrirlestur um nýtt skipulag bæjarins. -- Vona ég að allt gangi vel heima. Líklega er Eggert á Vatnajökli, alveg eins og seinast þegar ég var í útlöndum. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Helsingborg, 5.6.1962.

Segir frá atburðum daganna og skrifar nýkomin úr sánu, eftir að hafa fengið bréf frá Sirrí. Finnar eru einstaklega vingjarnlegir og greiðugir.

-- Í morgun stóð ég á götunni og veifaði í bíl, án þess að fá nokkurn, kemur þá ekki ung kona hlaupandi til að segja mér að þarna mættu bílar ekki stoppa. Hélt hún að ég væri amerísk, en þegar hún heyrði að ég væri íslensk bað hún mig að skila kveðju til Ólafar Pálsdóttur, sem var góð kunningjakona hennar, og hún sjálf líka myndhöggvari og heitir Hiltonen.² Þegar ég sagði í Zonta frá þessu, kom í ljós að þetta er stórfræg manneskja sem hefur fengið alls konar verðlaun og viðurkenningar. Ég má ekki vera að því að standa á götuhornum, annars gæti ég kynnst helstu mönnum Finnlands. Þetta er annars aðallega afmælisbréf til þín -

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsd. Ólafs. Rvík, 26.6.1962.

Pakkar fyrir viðurgörning, skemmtun og gestrisni.

-- og fannst mér þið hjónin setja svip á brúðkaupið. Ekki gleymi ég heldur orðunum hans Stefáns í brúðkaupsræðunni. Það var svo dásamlegt allt; ekki er það síður mikilvægt fyrir Palla að heyra pabba síns minnst svo fallega, hann sem man svo lítið eftir honum.

Kannske líka að Stefáni hafi tekist svo vel, þar sem hann aldrei þekkti föður sinn, nema gegnum aðra. --

Friede P. Briem skrifar dr. Christian Røjskjær. Rvík, 24.7.1962.

Hann var þá viðstörf að heyrnarmálum á Grænlandi. Kom hann í heimsókn til Zontaklúbbsins og Friede á heimleið þaðan. Í framhaldi þess urðu bréfaskriftir milli hans og síðar dr. Ole Bentzen og margar heimsóknir þeirra til Íslands. Málinu gerði Friede skil í riti sínu: *Á brattann*, Rvík 1985. Miklum bréfaskriftum vegna þess máls sleppt hér.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 7.8.1962.

Gleðst yfir að Páll sé ráðinn á góðan spítala, sem hann spyr um. Þá biður hann um upplýsingar varðandi umsókn Páls um læknaleyfi.

EÁ er efst í huga starf hans.

-- Af Íslandi er fátt að fréttu. Ég er orðinn gjörsamlega uppgefinn í sambandi við hinn bróður minn, sem ég einnig þarf að gæta sem er taugaveikibróðurinn,³ sem hefur gert allt vitlaust þannig að enginn borðar majonnaise lengur, nema *ego*, enda hefur borgarlæknisembættið stranglega varað við slíkri fæðu. En fyrir helgi fannst eitthvað sem má kalla að sé ástæða fyrir ósköpunum, og þar með er málið frá, ef ekki kemur önnur massainfektión. --

Hér er starfandi hinn ánægjulegast maður sem ég hef lengi kynnst, prófessor Dunbar frá Alabamaháskólanum ásamt konu sinni. Ágætur epidemiolog og statistiker, ætla að rannsaka tannheilsu Íslendinga á fullkomnari hátt en gert hefur verið annars staðar í heiminum. Hér er *menningarþjóð*, einangruð, með föðurnafnahefð og fleira sér til ágætis sem gerir það að verkum að þetta ætti að lukkast betur en annars staðar þekkist. -- Ég var settur honum til aðstoðar -- hann er nú að rannsaka Reykvíkinga með aðstöðu í Heilsuverndarstöðinni⁴ -- verð honum til aðstoðar í Vestmannaeyjum, Hornafirði, Örfum --

¹ Helvi Sipilä kjörin kona ársins 1965. Forystukona í kvenréttindum og vara-aðalritari Sameinuðu þjóðanna. Hafði forystu um þann fræga alþjóðafund kvenna 1975 og stofnun Unifem ári seinna. Hún kom oft til Íslands og sótti Zonta heim. Ég átti eftir að hitta hana löngu síðar í Finnlandi þegar ég starfaði hjá Rauða krossinum.

² Eila Hiltonen (1922-2003). Langfrægasta verk hennar er ógleymanlegt minnismerki tónskáldsins Sibelius í Helsinki.

³ Paratyphus-typhi murium (músataugveiki) þrálát og langvinn. Spennandi hvort næstu bréf fjalla nánar um það.

⁴ Þar starfaði Eggert lengi.

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík, 12.8.1962.

Hún biðst afsökunar á hve lengi bréfaskriftir hafa legið niðri. Fyrst virðist það hafa verið vegna þess að hún var slæm í úlnið, með sinaskeiðabólgu, að því er virtist. Einnig er móðir hennar orðin erfið henni vegna elli, á köflum úti úr heiminum, finnst hún umkringd fólki, sem sé henni til ama og að auki dettin.

-- Aumingja mamma er eins og særður hermaður, með plástra og marbletti um sig alla.

-- Ég hef aldrei þurft að flýta mér jafn mikið og þennan 1½ dag í Khöfn. Fyrri daginn þurfti ég að hitta ýmsa út af þessu heyrnarhjálaparstarfi okkar í Zonta, sem nú er um það bil að hefjast, annast ýmis kaup á leikföngum og öðru því viðkomandi. --

Þá þurfti hún að annast ýmis innkaup fyrir fjölskylduna þar sem hún gat ekki gert það í Skotlandi, því Gullfoss yrði þar á annan í hvítasunnu og henni sagt að búðir yrðu þar lokaðar. En það tókst samt vel, þó ekki sé útlit fyrir að allt passi.

-- von stendur til að Sirrí geti kannske notað kjólana seinna, því hún á von á barni í október.

Segir líka frá því að henni hafi verið boðið í Tivoli eitt kvöldið; segir frá hvað henni finnist þar allt falskt á kvöldin, kannske 40 árum of gömul fyrir það.

-- Má ég heldur biðja um goluna á Nesinu og myrkur - fjörugrjót og sjávarseltu. Drottinn minn, hvað maður átti annars gott þar. -- Ég veit þú ert meira en hissa á mér að vera að skrifa þetta rugl. En ef þú átt að fá bréf frá mér verðurðu að taka svona vitleysu með. --

Segir frá Rúnu frá Móum, sem átti telpu í júlí.¹

-- Haukur Hvannberg er farinn að vinna. -- Ég hélt að hún væri bara í fríi, eins og konur fá núna á mörgum vinnustöðum, en í gær var mér sagt að hún væri hætt hjá Ragnari (Þórðarsyni í Markaðnum). Hefðu bankarnir gert einhverjar athugasemdir, og Ragnar þessvegna ráðið annan verslunarstjóra.

-- Ég hef skrifað þetta í smáskömmtum. Byrjaði á sunnudegi, en nú er komið mánudagskvöld. En mér leið svo vel þegar ég var búin að kvarta dálítið, að mér stórlétti. Þegar Dídí kom hér inn rétt í þessu, ofbauð henni hvað örkin var þéttskrifuð með smáu lettri. Held ég bara að hún hafi sárvorkennt þér að þurfa að þæla í gegnum þetta. -- Svona er maður álitinn skemmtilegur.

-- En allir þessir vesalings gestir eru teymdir upp að Árbæ til þess að sýna þeim allt ósmekklega ruslið þar. Það er búið að guma svo mikið af þessum merkilega stað; auðvitað stendur Lárus Sigurbjörnsson alltaf á bak við þetta auglýsingaglamur, svo ég skrapp þangað einn dag. Ég vil ekki vera að æsa mig upp svona undir svefninn, með því að lýsa þessu nákvæmlega öllu. En óhætt er að fullyrða að meiri ósmekk er vart hægt að hugsa sér. Gömul prentvél er inni í aktýgjageymslu, innan um hnappeldur og gömul reiðtýgi; ýmislegt drasl hefur dagað uppi utan við bæjardyrnar. Þegar inn í kirkjuna kom var vörðurinn að halda fræðandi fyrirlestur með hattinn á höfðinu og hendur í vösum og í Dillonshúsi hefur eiginkona Lárusa kaffiveitingar og kökusölu, en dæturnar ganga um beina. Eitthvert starf hefur sonurinn líka, svo enginn úr fjölskyldunni er afskiptur með tekjulind. En látum það allt vera ef vel væri gengið um og fállega og vel skipulagt. En þarna æpir hvað á annað; skúr fyrir sælgætissölu er kannske mest áberandi, því alltaf verða blessuð börnin að vera að maula á einhverju, finnst mér sárgrætilegt að vera að leiða útlendinga að þessum stað, eins og byggðasöfn í útlöndum eru töfrandi falleg. -- ég þori ekki annað en slá botninn í þetta í skyndi, þori ekki að lesa það yfir, eftir að ég sá svipinn á Dídí. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 13.10.1962.

-- Bréfin þín eru orðin öllu rólyndislegri, það skvettist ekki af þeim fyndnin jafn ómælt og áður, jafnframt eru þau orðin skemmtilegri.--

Segir frá aðstoð sinni við rannsókn dr. Dunbars.

-- Örfæingar voru athugaðir. Það var nú gaman.. Ég hitti hvern einasta íbúa sveitarinnar, þar á meðal hina merku Kvískerjabræður. Sigurður Þórarinnsson hefur stungið upp á því að Akadémía Íslands verði stofnuð með níu meðlimum og verði Kvískerjabræður allir í henni. Það væri nóg.² Þeir eru allir sérfróðir (leikmenn), hver á sínu sviði, Ari er grasfræðingur, Sigurður jarðfræðingur, Hálfván skordýra og fuglafræðingur og þannig má telja áfram. Þeir skrifa í erlend sérfræðirit og útlendir fræðimenn koma til að hitta þá. Ein padda *Halfdanica*, var af alþjóðanefnd skýrð eftir fundarmanninum. Það er samt ekki allt.

¹ Rúna Hauksdóttir Hvannberg, lyjafræðingur. Forstjóri Lyfjastofnunar.

² Kvískerjabræður voru nú ekki svo margir. Mun kannski átt við þrjá þeirra.

Allir þekktu pabba. *Já, þú ert sonur hans Ásgeirs sem var sumar hjá séra Eiríki á Sandfelli*, sögðu þeir. Pabbi las undir próf þar. Einkum mundi Ragnar á Skaftafelli vel eftir honum, því pabbi bar hann yfir á. Ragnar sá þá í fyrsta sinn gúmmístígvél og þá hvers konar þing þau voru; hét því að eignast slík þegar hann væri orðinn stór. Fegurðin var ógleymanleg og flugferðin frá Honarfirði. Flogið yfir Grímsvötn og allt landið sást. --

Þegar við fórum framhjá Þjóðleikhúsinu sáum við nýja bílinn hennar mömmu þar fyrir utan. Af skömmum mínum fór ég inn í hann, opnaði hólfið, setti niður sólskyggnið og gírinn í afturábak. Seinna hittum við mömmu í bílnum og var hún heldur en ekki í uppnámi. Hafði hún séð að brotist hafði verið inn í bílinn og klagði það þegar til löggunnar sem trúði því vart og spurði hvort enginn annar hefði lykil. *Jú, bara sonur minn, en það gæti ekki hafa verið hann*. Þjónar laganna lyktuðu af þeim og litu þær grunsemdaraugum Samtalínu lauk með því að þeir rasstöru lýstu því yfir að það væri ekki hægt að brjóta inn í Fólksvagn.

Svo komu þær systur inn til okkar til að skoða nýju saumavélina, fengu te og voru hressar og upplýftar þegar þær fóru

-- eftir að hafa dást að hinum furðulegu afbrigðum af húllsaumi, kontórsting og hnappagötum sem saumavélin *súpernóvar grandsúpermantik* getur framleitt. Maður stingur tusku inn í annan endann og fær húllsaumaðan sokk með púffhæl, rennilás og kappmellu út um hinn, litlu síðar.

Það hefur lengi staðið til að ég keypti svona undrataeki, án þess þó að ég hafi vitað um það, þangað til úr því varð. Ég hef verið voða stoltur, en nú er farið að draga úr því, því ég hef ekki enn fengið að vita hvað sé næst á óskalista *mínum!*

Mikið sakanar maður nú ömmu, þótt hún hafi verið orðin farin og ekki nema svipur hjá því sem áður var. Okkur Sirrí þykir leiðinlegt að Día skuli ekki hafa fengið tækifæri til að hitta hana. Hún tók Sirrí alveg dásamlega vel, hrósaði henni og var alltaf óskaplega góð við hana á allan hátt. Enda þótti Sirrí mikið vænt um hana og kunni líka vel á hana. Það fylgdu líka margar leiðbeiningarreglur fyrsta fundi þeirra. Sirrí var líka dauðhrædd, en það lagaðist skjótt. Það er einkennilegt að þótt við værum 60 árum yngri en amma, þá þekktum við hana á margan hátt betur en aðrir.

Frá því að við Sirrí vorum einn sunnudag í Tjarnargötu að passa ömmu, þegar mamma og Dídí fóru í berjaferð og þar til amma dó, voru ekki nema sex vikur. Við höfðum það svo skammtilegt allan heila daginn. Grínið hófst þegar Sirrí greiddi ömmu og hlaut fyrir háðsyrði. Hlátrasköllin bárust úr baðherberginu. Um eftirmiðdaginn komu svo Helgi og Doris í heimsókn og þá hvarf allur þráður úr hugsuninum. Þannig var það sem eftir var.

Það er ótrúlegt hvað hvarf eins gamalmennis hefur mikil áhrif á líf þeirra sem eftir eru.

Það verður ekki byrjað neitt að huga að skiptum fyrr en eftir áramót. Ég vona bara að vel takist. Ég held líka að vel eigi að takast. Eggert er mjög tillögugóður og kærir sig ekki um neitt, allt geti beðið, hann hafi nóga peninga. Ég er hins vegar hálfhræddur við Helga. Við erum saman í hússtjórn Sólheima (23) og það verð ég að segja að er mesta óheppni sem ég hel lent í. Ég hef engin nógu slæm orð um framkomu hans gagnvart mér og ókurteisi. Hann þorir að níðast á mér, því hann veit að systursonur hans á erfitt að vega á móti. Þú lætur það ekki fara lengra. Ég verð hreint öskuvondur bara af tilhugsuninni um þessi skipti okkar. Samt hef ég engum sagt frá því. Ég vil ekki fyrir nokkurn mun að þetta spilli samskiptum systkinanna, sérstaklega þegar erfiður tími fer í hönd.¹

Mamma hefur nokkrum sinnum að undanfögnu hækkað textann og ég er síbrýnandi hana í frekari hækkun. Mér finnst að hún eigi að hækka textann þangað til vinnan verði hæfilega mikil. Ég get ekki fallist á það sem heppilega lausn að hún dragi saman seglin. Vinnan er hennar líf og yndi og þeirra Dídí beggja. Eggert hefur stungið upp á því að þær verði áfram í húsin, hann þurfi ekki að fá greiddan sinn hluta fyrr en seinna. Ég er ekki frá því að mér lítist vel á hugmyndina. Ég skulda mömmu nokkra upphæð, sem ég yrði þá að endurgreiða fyrr en ella. Ég gæti vel gert fleira. Húsið hér er óveðsett með öllu; sama er að segja um

¹ Guðbjörn Guðmundss. prentari stjórnaði Byggingasamvinnufél. prentara í mörg ár af dug og kom upp mörgum sambylishúsum fyrir félagsmenn. Auðvitað gekk sumt á tréftótum, fólkið stóð ekki í skilum. M.a. þrír vinir mínir sem borguðu ekki uns þeir seldu sínar íbúðir og græddu á þeim. Helgi fékk þá flugu í hausinn að Guðbjörn hefði dregið sér fé, vildi fara í mál eða stofna til opinberrar rannsóknar. Svo sagt sé umbúðalaust frá, gerði hann allt vitlaust. Ég þekkti til í fjármálaráðuneytinu, og manna sem höfðu með mál húsfélaga að gera, og ráðgaðist við þá. Sögðu þeir stundum væru misfellingur í rekstri svona áhugamannafélaga. Meira en hugdettu þyrfti til að stofna til rannsóknar og höfða mál. Helgi ætlaðist til að ég hjálpaði honum í þessu máli, eins og ég hafði gert um árabil, auk þess sem ég vann við bygginguna, mína íbúð og reyndi sjálfur að standa í skilum með hana. Óskammtilegt var að sitja hússtjórnarfundir þar sem frændi minn lét gamminn geysa taumlaust. Ég lét mig hverfa úr stjórninni við fyrsta tækifæri, enda átti ég við ýmsilegt annað að fást, var í stjórn stéttarfélags, í erfiðu starfi, og átti fyrir fjölskyldu að sjá. Engin „bein“ eftirköst urðu af þessum ágreiningi.

Tjarnargötu. Þannig mætti fá talsverðar fjárhæðir ef lagst verði á eitt. Húsin í Tjarnargötu seljast ekki fyrir mjög mikið sem stendur, því skipulag er óákveðið. Meðan svo er mun ekki leyfilegt að byggja ef húsið brynni. Þetta setja allir kaupendur fyrir sig, því er verðlagið svona. Verði skipulag ákveðið hækkar verð lóðanna mjög í verði. Þannig væri þetta *bissniss* sem borgaði sig. Þegar þar við bætist að þær mamma þrá mest að vera þarna áfram og vilja breyta til og hagræða, þannig að þær geti haft tekjur af húsinu, þá held ég að ég reyni að styðja þær sem best til að þetta megi takast.

Mér er sama hvaða lausn verður fundin á þessu máli öllu; ég mun reyna að stuðla að því að þeim (systrunum) megi líða sem best. Sem betur fer eru þær ekki bundnar við neitt sérstakt og eru tilbúnar að kanna ókunna stigu; meðan þannig er verður allt ágætt. Ég vil ekki að þær taki á sig auknar byrðar, sem valdi því að þær þurfi að vinna meira. Við verðum að bíða og sjá hvað setur. Vona bara að samhugurinn rofni ekki. Hefur þú hugmyndir?

14.10. 1962. Láttu mig vita áður en langt um líður hvað kunningjar þínir í læknisfræðum eru að gera, hvað þeir ætli að leggja fyrir sig. Heldurðu að nokkrir þeirra geti skrifað þannig að þýðingu hafi að bera á borð fyrir landa þeirra? Kannski þú?

Því spyr ég að ég ræ að því að koma (tímaritinu) *Heilbrigðu lífi* í almennilegar hendur, kannski fást við það sjálfur. Það er hreint afleitt hvað erfitt það er að fá lækna hér til að skrifa um nokkurn hlut. Því datt mér í hug hvort læknar erlendis væri fánlegir til að láta eitthvað frá sér. Hugurinn er oft frjórri og endurbótaþörfin rík í mönnum þegar þeir eru erlendis. Láttu mig heyra *speciale* nokkurra þeirra helstu. Eru nokkrir að læra um háls, nef og eyru? --

Ræðir hvað gera megi við húsgögn Páls, Wegnersstól og skrifborðsstól. Spyr hvað hann lesi og hvað sé á döfnni.

-- Eiginkonurnar gildna. Það er nú aldeilis. Sirrí á ekki von á sér fyrr en eftir viku að minnsta kosti. Við látum sem lítið sé á seyði; vonum að allt fari vel. Vonum sannarlega að allt blessist hjá ykkur. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsd. Ólafs. Rvík, 21.10.1962.

-- Þú kemur svo vel orðum að því sem þú segir um mömmu og skilur svo vel tilfinningar mínar, nú þegar hún er horfin af sjónarsviðinu, hvað allt er orðið tóm eftir hana, sem þurfti á svo mikilli hjálpi að halda. -- Mamma lá á bæjarspítalanum í hálfan mánuð í herbergi nr. 24, og dó á afmælisdaginn hennar mömmu sinnar, 28. sept. Var oft búin að spyrja um hana síðustu mánuðina, og meðan hún lá kallaði hún oft á hana. Lífið er eins og hringur, gamalmenni verða aftur að barni sem þarfnast hjálpar og kallar á móðurina. --

Þá er seinastu fulltrúi þeirra kynslóðar sem byggði Tjarnargötu húsin horfinn. Hvaða breytingar það kann að hafa í för með sér fyrir þetta hús veit ég ekki. Hef ekki getað rætt um það við systkini mín ennþá, þó mér sé það vissulega ofarlega í huga, enda oft hugsað um það áður, þegar byltingarnar með húsin hér í kring hafa orðið hvað mestar. En ég á góð systkini sem vita að þetta hús er mér ekki einungis gott heimili, heldur hef ég líka haft hér mína vinnu. --

Segir að Palli og Día séu komin til Árósa og að mynda eigið heimili eftir að hafa notið margs hjá þeim Helgu. Sagðist hafa farið upp á háaloft og skoðað allt það dót sem þar hefur safnast.

-- Ef maður væri ekki svona andlaus, væri hægt að skrifa sögu um það. Þar sendur rúm með eins mörgum sængum og það væri ætlað prinsessunni á bauninni, þar eru skartklæði; reykborð sem frekar virðist ætlað sem barnaleikfang en stofuprýði, útsaumaður ofnskermur og biblíumyndir, sem einu sinni trónuðu upp á vegg --

Annar hef ég fengið þann mesta prýðisleigjanda sem hægt er að hugsa sér í tvö herbergin uppi á lofti. Það er Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti,¹ og hugsa ég til hans sem verndara hússins, Þetta var svo hræðilega tómlegt meðan við Dídí vorum hér aðeins tvær -- Annars er Friðjón skilinn við konuna svo hann er hér einn, finnst mér hann frábært prúðmenni og elskulegur maður. Mér hefur verið sagt að Akureyringar hafi skipst í tvo flokka út af hjónaskilnaðinum -- Menn fá svo sem ekki að hafa sín einkamál í friði og allra síst á svona stöðum. --

Segir fréttir af Sirrí sem á von á barni eins og þau Páll líka.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 6.11.1962.

-- Í morgun fæddist Sirrí sonur kl. 8½, 16 merkur og 53 sm. svo þetta er mikill hamingjudagur hjá okkur öllum. Pétur Jakobsson tók Sirrí inn á deildinar til að hafa auga með henni síðustu dagana. Í gær var henni gefið eitthvað örfandi lyf til að flýta fyrir fæðingunni; síðan var það tekið af henni aftur og hríðirnar héldu

¹ Friðjón Skarphéðinsson (1909-) var þá forseti sameinaðs Alþingis.

áfram eðlilega þangað til drengurinn fæddist í morgun Aldrei hef ég séð Sirrí jafn glaða og hamingjusama, leið henni vel og drengurinn er svipmikill og karlmannlegur, feiknarlega líkur pabba þínum, að mér fannst. Þó var hann dálítið áhyggjufullur hvað munnsvipinn snerti, munnvikin vissu niður, frekar en upp --

En svo eru önnur tíðindi, kannski ekki eins gleðileg.

Steinunn og Kristmann eru skilin. Það gildir líklega einu hvort það varð svona fljótt, því svona hlaut það að fara. Hún flúði frá honum um nótt, klæddi sig upp úr rúminu og forðaði sér. Var víst oft komin á fremsta hlunn með það áður, t.d. í London, en þá það hann hana svo mikið að yfirgefa sig ekki, að hún var áfram hjá honum. -- Bók Kristmanns, *Ísold hin gullna* kom út daginn eftir að hún fór frá honum. Frá mínu sjónarmiði er bókin mjög léleg, en það sem verra er, hún er hreinasta hneyksli. M.a. segir frá þessum ósköpum sem Steinunn lenti í, í Róm, og er hún þar sjálf sögumaður og er það eins og margt annað, að ég skil ekki hvernig hún getur látið sér detta í hug að setja þetta á prent. Það er ábyggilegt að fólk hér í Reykjavík hefur nóg um að tala þessa dagana og skil ég það vel, enda fer það ekki úr huga mér og við Dídí komum alltaf að því aftur. --

Segir frá fundi þeirra systkina vegna breytinga sem urðu vegna fráfalls Álfheiðar móður þeirra. Lýsir stöðunni, sínum möguleikum og spyr hann hvort hún eigi að selja hluta af Bergstaðastræti 69. Öll systkinin samþykktu tillögu hennar um að allt innbú móður þeirra færi til Þórdísar.

-- Nú er verið að opna (vísi að) heyrnarhjálpurstöð fyrir börn í Heilsuverndarstöðinni. Það verður sjálfsagt mjög ófullkomið í upphafi, en þetta er þó gert vegna þess að Zontaklúbburinn gaf tækin, en það allra besta í þessu er þó það, að dr. Röjskjær kom hingað og hélt fyrirlestur um þessi efni, og hefur það orðið til þess að opna augun á ráðamönnum á hærri stöðum, svo sem landlækni og borgarlæknir, og það er aðalatriðið, því auðvitað hvílir skylda á þeim að láta ekki þar við sitja. Dr. Röjskjær er ekki myrkur í máli og segir að tvímælalaust þurfi að fá ungan lækni til þess að læra þetta og veita síðan forstöðu heyrnarhjálpurstöð fyrir fólk á öllum aldri, því læknar með mikinn praxis geti engan veginn annað þessu með öðru.

Búið er að ráða Maríu Kjeld til þessara starfa og hefur hún byrjað heyrnarmælingar yngstu barnanna í skólunum. Nú verður fundur í Zonta með Soroptimistum -- og á ég þar að segja frá þessu starfi okkar, en ég hef alltaf svo mikið að gera, að ég er ekkert farið að taka saman það sem ég ætla að segja --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 24.11.1962.

Þakkar heimboð um jólin sem hún getur ekki þegið því hún getur ekki farið um hábjargræðistímann, þegar hún þarf að vinna sér - og jafnvel kaupa hús. Ræðir um væntanlegan erfingja þeirra.

-- Júngherrann á Bergstaðast. 69 er hreinasta gull. Ég skepp oft uppeftir til þess að horfa á hann og dást að honum -- alltaf eitthvað nýtt að gleðjast yfir. -- Stundum góður -- en stundum lætur hann heyra í sér og fær alla til að hlaup í kringum sig, bjóða honum snuð, rugga honum og hagræða, þá þykir honum gaman. -- Kannski kemur hann hingað bráðum, því hann er búinn að fá fínt burðarrúm frá Ameríku. --

Þú spyrð af hverju Kristmann og Steinunn hafi skilið. Eggert bróðir hefur sagt mér -- miklu meira um það en ég vil vita. En enginn þarf að fara í graf götur með að maðurinn er mikið ómerkilegur, auk alls konar *abnorm* tilhneyginga og ég hvorki vil né get haft eftir. --

Þá er hún alvarlega að hugsa um kaup á Tjarnargötu 24 og í sambandi við Pétur Benediktsson bankastjóra Landsbankans.

-- En nú er gaman að lifa og fá júngherrann kom í heimsókn. -- Kveikt á aðventukransi -- Sirrí er búin að fá vagn, svo hún getur nú skroppið með hann með sér, ef hún fer í búið eða eitthvað -- En hún kvartar ekki -- er svo sæl og hamingjusöm með hann, að það geislar af henni.--

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 4.12.1962.

Sendir bróður sínum lækningaleyfi. Þá tilkynnir hann greiðslu föðurarfs þeirra, loksins. Erfingjar voru tvær fóstursystur og nú börn Kirstínar í Nesi og var fyrir stærri Nesjörðina.

Segir fréttir af nýfæddum syni og þakkar gjafir.

¹ Hér verð ég að skjóta inn: Er Ásgeir kom heim af fæðingardeildinni, fór hann fljótlega að hrína og allt komst í háalofti á heimilinu, hvorugt okkar viss hvað ætti að gera. Þá sendi Sirrí mig í apótek, skipaði mér að kaupa snuð. Þar stóð ég við afgreiðsluborðið í ösinni, því biðraðir voru ekki, fundnar upp, og sem alltaf voru í apótekum. Bað um þenan grip, skjálfaði röddu. „Hvaða lit“, spurði afgreiðslustúlka. Ég viss ekki hvað ég átti að segja, þekkti ekki muninn á bleiku og bláu og svaraði bara: „Það er alveg sama.“

-- Þær komu sér sannarlega vel fyrir bossa litla mannsins sem hefur einræðisvald hér síðan hann kom hingað. Ég hef alltaf ætlað að skrifa, jafnvel byrjað, en orðið að hætta af ýmsum ástæðum; nætusvefn ónógur og andríki dvínað. --

Við erum ákaflega hamingjusöm yfir myndarlegu og hraustlegu barni, sem er gott og hlýðið við foreldra sína, þótt ekki sé blessaður drengurinn smáfríður. Nýjasta frétt: Hann líkist þér --en svona ganga sögurnar. Þetta eldist kannski af honum, Við erum algjörlega bundin, höfum ekkert farið að ráði saman út -- Ég verð nú að segja að heldur eru þetta slitrótt bréf. Sirrí er í Tjarnargötu að strauja og ég passa. Sem betur fer vakir hann ekki á næturna, hins vegar gerir hann það á kvöldin og vill fá selskap. Hef ég staðið hann að því að skyrpa út úr sé snuðinu til að fá afsökun fyrir félagsskap.

-- við höfum nýskeypt fengið lokagreiðslu arfs frá ömmu í Nesi, 9.492.29 krónur í reiðufé og þrjú þúsund króna vísitölubréf og verðum við með einhverju móti að skipta þessari upphæð á milli okkar. Til hamingju! Það má aldeilis segja að þetta komi sér vel því gjaldheimtan hefur komið með kröfu að þú greiðir 13 þús. kr. í ýmskonar skatta. Að öðrum kosti verður bú þitt tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur mikill hluti dagsins í dag og í gær farið í að biðja um náð og miskunn, en lítið orðið ágengt. -- Það hefur sem sé verið vanrækt að tilkynna þig fluttan og meðan svo er verður ekki hægt að leysa þig frá tryggingargjaldsgreiðslunni fyrir velvilja neins, nema mannsins sem ég talaði við í dag. Kannski tekst mömmu að fá þig leystan frá sjúkrasamlagsgjaldi. --

Ekki annað fært en að nota arfinn! Hefur ekki úthald til að sinna báðum Páli og barninu.

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsd. Ólafs. Rvík, 11.12.1962.

Segir frá fæðingu sonarsonar síns.

-- Hér er svo mikil hamingja með hann að orð fá ekki lýst, þessi dásamlega guðs gjöf, sem við erum öll svo þakklát fyrir. Sirrí fór á fæðingardeildina 2. nóv. og lá þar og var fylgst vel með henni, en þann 5. var henni gefið eitthvað örvandi og morguninn eftir fæddist hann.

Steinunn og Kristmann eru skilin og hann þess vegna farinn af landi burt; hún fór heim til foreldranna tveim dögum áður en *Ísöld hin gullna* kom út. Klæddi sig upp úr rúminu og flúði burt. Mér finnst það kannske ekki svo mikið undrunarefni þó svona fari fyrir konu sem giftist mesta kvennabósa Íslands og gallagrip. En það sem maður undrast er bókin. Þessi saga, sem Steinunn lenti í, í Róm, og ég skil aldrei, og skil varla enn, hún kemur þarna í ítarlegri frásögn Steinunnar - og að mér finnst algerlega óviðkomandi ævisögu Kristmanns. Þetta hneykslar mig, og eftir að ég las þetta furðaði ég mig á því að hausinn væri ekki hrokkinn af mér, eins og ég var búinn að hrista höfuðið. Og allt þetta guðspekital og sumarskólar hér og þar, virðist aðallega vera notað til að blekkja með auðtrúa sálir, eins og bræður mína og þennan hluta fjölskyldunnar. Og allt er látið á þrykk út gagna, hversu hroðalega ómerkilegt sem það allt er, um húsakaup, bréfastuldi o.fl. af þessu tagi. Og öll vitleysisnöfnin. Steinunn má ekki heita því ágæta nafni, heldur kallast hún *Dadinah*, Sigga greyið, mágkona mín, heitir *Mamsí*, - guð hvað mér finnst það klæða hana illa. Kristmann kallast *Chris* og allt er jafn geðbilunarlegt, kannski tilgerðarlegt öllu heldur. En ef þú kemst í gegnum þennan þvætting, kemstu kannski að raun um að Steinunn hefur lagt fyrir sig listgrein sem ekki hæfir henni og hvað af því getur hlotist.

Þetta er mikil sorgarsaga, því Steinunn er frábærlega vel gefin á öðrum sviðum. -- Vonandi nær hún sér eftir þetta mikla skipbrot, en hún á sannarlega bág, og þá ekki síður hann pabbi hennar, sem allt hefur gert fyrir hana, já beinlínis meira en hann gat risið undir. En það gerði hann með gleði og telur það ábyggilega ekki eftir eitt augnablik. Og ekki gerðu Steinunn og Kristmann kaupmála; og nú fær hún skuldirnar hans svona aukalega.

Ég get ekki hugsað mér neitt eins átakanlegt, eins og að fá dóttur sína heim svona, þegar annars staðar er gleði yfir litlu barni, má fólk hafa svona hræðilega reynslu.

En hvernig á blessun að geta fylgt hjónabandi sem til er stofnað á þennan hátt. Kristmann fer á sumarskóla guðspekinga, frá konu sinni og barni, og byrjar strax að dufla við aðra konu, sem tekur honum, eftir bókinni - tveim höndum; fær skilnað og giftist annari samdægurs og skilnaður fæst. Mér finnst svo miklir skuggar fylgja þessu, þó ég sé fákunnandi um andleg mál og kunni ekkert í guðspeki - að þessu geti ekki fylgt sönn hamingja. Það sem búið er að bera á torg af ástarjámningum þennan tíma sem þau hafa verið saman er enn eitt furðuverkið.

-- En ég hef ekki séð Steinunni eftir þetta og ekki komið til Eggerts og Siggú heldur, svo ég veit ekki hvernig Steinunn er. --

Ræðir handleggsbrot Stefáns og gleðst yfir að Kristín systir Helgu leit inn fyrir skömmu og gladdi hana mjög.

-- Þú veist ekki hvað mér féll það óumræðilega þungt, að ég skyldi gefast upp með mömmu, þegar hún átti svo skammt eftir. Það hefur hvílt á mér. En ég vil ekki tala um það, og enginn veit það nema Hilda.

Það er búið að verðleggja eignina hérna á 1½ milljón; ég treysti mér ekki til að binda mér svona bagga og vil ekki selja Bergstaðastr. 69 til að eignast þetta, og því eldri sem maður verður, því erfiðara er að sjá um garðinn, kannske aðallega að slá og klippa kanta á tíu daga fresti; svo ekkert er komið á fast ennþá.

Mér finnst Palli ekki hafa staðið sig vel með bréfaskriftir, frekar en oft áður; ég veit af plöggum sem hann sendi Eggert að hann er búinn að taka danskt læknapróf -- Hann er í *barnapsykiatriu* og að ég held, kann hann vel við sig á spítalanum. --

Segir Sigurð Líndal kominn heim eftir ársdvöl í Þýskalandi.

-- Hilda hafði hræðilegar áhyggjur af honum, er orðin nervösari en áður eftir öll veikindin og lát Guðmundar, en Bergljót á oft bág, auminginn. Drengirnir þeirra tveir eru efnilegir og frísklegir, en Hilda er frábær að taka þetta allt að sér með enga hjálp. Bergljót ætlar að fara að vinna á ungbarnaeftirlitinu, var í prófarkalestri hjá Vísi, en það voru oft svo miklar næturvökur í því, að hún sagði starfinu upp.

Rúna er búin að selja íbúðina sína á Kleppsvegi og hefur keypt aðra stærri, fimm herbergja - í sama húsi og Helgi bróðir býr, hún virðist vera hin ánægðasta og hafi nóg auraráð. Hún vinnur ekkert úti, en Haukur vinnur aftur á móti. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Jóni Guðbirni Guðbjörnssyni. Rvík, 18.12.1962.

Bréf til ungs frænda,¹ sem þá var að kynna sér sláturhúsi í Noregi og leitaði til eldri frænda í heilbrigðiseftirlitinu. Gleðst yfir að hann hefði verið valinn til mikilvægs starfs.

-- er ekki vonum fyrr en að hafist sé handa um að lyfta vanræktri grein úr niðurlægingu. -- Ég veit að vísu að ekki má gera sér alltof háar vonir um stórstígar framfarir, þegar í upphafi, en ég hef trú á að þú hafir eitthvað af krafti, umbótavilja og umbótaþörf afa þíns.

Eins og þú veist gjörla er það að vísu talsverð hindrun á framförum í slátrun að mest skuli vera stunduð sauðfjárrækt með haustslátrum. Þá er erfitt að nota fagmenn, sem gagn sé að. Sem betur fer er víst horfið víðast frá akkorðsvinnu, þar sem allt skipti mestu máli að koma skepnunni úr bjórnum á sem skemmstum tíma. Skipti ekki máli þótt kroppurinn væri óhreinn, hárugur, gorugur og freknóttur af neftóbaki. Eins er það til óþurftar hversu mörg sláturhús eru vanbúin vegna smæðar --

Þú ert heppinn að búa hjá öðrum eins áhugamanni og Árni Eylands² er. Hann sættir sig ekki við staðviðrið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 27.12.1962.

Pakkar gjafir og rausn.

-- Mesta hrifningu vakti bangsinn hvíti. Aldrei hefur sést hrifning á litlu andlitinu fyrr en nú. Hann gat ekki haft augun af honum. -- Skírinn verður aldeilis mikilfengleg. Þar kemur ykkar viðveisla, item mömmu, til með að setja svip á herlegheitin. Sem sé hamborgarhryggurinn góði. Að vísu er kunnugt að hann er ekki til slíks ætlaður, en var umsvifalaust þjóðnýttur -- við lítum hann svo ósmáum augum að hann á að nægja nítján manns að skírnbarninu meðtöldu. Þrátt fyrir - nú þurfti ég að fara í símann og man ekki hvað ég ætlaði að segja, jú - við búumst við að hafna í skuldafangelsi. En það verður þess virði.

Annars er þetta bréf skrifað til að greina frá hrakfallasögu vottorða þinna. Þegar þú heimtaðir vottorðin aftur, þá var vandi á. Þau höfðu óafturkallanlega fylgt umsókninni inn í ráðuneyti dómsmála, heilbrigðisstjórn og síðan víðara áram til dómsmálaráðun. Það leist fullhugum óvinnanlegt vígi - og þó. Þar var einn *spíón og forræðari* innan dyra og taldi sig eiga til skulda að telja við ykkur, Björgvinsdóttir.³ Hún útvegaði skilríkin og hélt eftir bílætum.

Þá hófust erfiðleikarnir. Ég uppsótti skjalapýðara, sem ekki byggir hér allfjarri, reyndist sá vera Bodil Sahn, gömul lærimóðir þín. Hún lofaði þeim innan ekki langs frests þegar leið að jólum og fresturinn úti hélt ég á hennar fund. Þá lyktaði hún af sterkum drykkjum og sagðist ekki vera búin og ekki mega, vegna jólaundirbúnings, vera að því fyrr en á þriðja í jólum. Í dag kom ég til hennar. Var hún þá alldrukkin og kom til dyranna eins og hún var fáklædd. Kom þá í ljós að vottorðin voru týnd. Var leitað að þeim í allan

¹ Jón Guðbjörn Guðbjörnsson (1943) frá Lindarhvoli í Þverárhlið, bóndi þar og stjórnaði Lánasjóði landbúnaðarins. Dóttursonur Jóns biskups Helgasonar.

² Árni G. Eylands (1895-1980). Lengi búvælaráðunautur og starfsm. atvinnumálaráðuneytis.

³ Anna Björgvinsdóttir (1938), síðar ritari forsætisráðherra o.fl. átti Jóhannes L. L. Helgason hrl.

dag, lengi vel án árangurs. Síðan fóru þau að koma í ljós og eru nú öll fundin og liggja hér á borðinu og þori ég varla af þeim að sjá.

Hver er mestur templari af öðrum þýðendum? Við skulum vera bjartsýnir og eigi æðrast. Englar koma oft af himnum!! --

Jólin voru alveg dásamleg á þessu heimili, róleg og hátíðleg en skemmtileg, eins og vera ber. Mamma og Dídí voru hér og nutu sín við hlátrasköll. Voru nú tuttugu og sjö ár síðan mamma hafði verið hér í húsinu á aðfangadagskvöld.

Það var gaman að geta verið hjá sjálfum sér á hátíðastund og fá að ráða stemmningunni. --

Þetta bréf veit ég ekki hvernig á að fara. Ég verð líklega að skeppa með það sjálfur til að geta verið öruggur að það komist með flugi. Pósturinn er alls ekki öruggur. Eru Kommar áleitnir við þig? Eru Kommar í póstinum í Hrískógi? Þú verður að tala við póstmeistarann. --

Hér skírskota ég til skrífa Kristmanns Guðmundssonar, sem var með kenningar um að kommar færu í póstin hans o.fl.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 30.12.1962.

Pakkar fyrir gjafir og matarsendingu sem kom sér vel því maturinn hvarf allur ofan í gestina í skímarveislunni daginn áður þar sem séra Jón Auðuns skírði og hélt hún sjálf undir skírn.

-- það var síðan skenkt rautt kampavín (*frá Rússunum - brúðargjöf*)¹ -- þar sem voru átján gestir. -- Þau stóðust þessa prófraun vel, þó að gestirnir sumir væru svolítið þungir í vöfum og biðu eftir að einhver tæki sig fram um að skemmta þeim - en ég skemmti mér ágætlega, og þá er ég ánægð. --

Lýsir jólaveislum og mannamótum og skemmti sér vel ásamt Þórdísi.

Ragnheiður (*Eggertsdóttir Briem*) kom hingað til mín til að heilsa mér eftir Þýskalandsveruna, hún er eðlileg og verulega skemmtileg. Ekki er laust við að hún gerið góðlátlegt grín að föður sínum fyrir alla þessa flutninga, sem alltaf verða umfangsmeiri eftir því sem þeir verða fleiri, því eins og þú veist er engu fleygt í því húsi, heldur geymt vandlega í kössum og skápum. Hún sagðist ekki vera búin að setja sig nógu vel inn í næstu breytingar, enda væri fátt sem hún hataði meira en að taka út úr skápum og raða þeim í aðra, enda kynni hún ágætlega við sig á Hofteiginum en þetta verður 7. húsið sem Eggert og Sigga hreiðra nú um sig í.

Kristmann vill ekki gefa Steinunni eftir skilnað, en hins vegar fékk hún fötin sín, flygilinn og bíl, sem þau voru nýbúin að kaupa, en sem er allur í skuld. Allt er í málavafstri milli Kristmanns og Steinunnar og dótið innsiglað, enn sem komið er. --

Nú er Kristín Gústafsdóttir komin heim og byrja að vinna eftir áramótin. Steinunn (mamma hennar) var boðin með henni til Guðrúnar Erlendsdóttur² (Clausen) og þar var líka Ragnheiður Torfadóttir.³ Blöskraði hvað Ragnheiður var dauf, enda er ég hrædd um að Þórhallur Vilmundarson⁴ sé mikill hroðalegur tyrann, og alls konar sérvisku hans verður hún að setta sig við. Anna mamma hennar hefur aldrei komið á heimilið til þeirra, þó búa þau í íbúð sem Torfi á, hinum megin við götuna. Uppi á lofti bjuggu Ameríkanar, en það þoldi Þórhallur ekki, og nú er sú íbúð auð. Hann er undarlega samansettur þessi maður. Út á við er hann sjarmerandi og aðlaðandi, en hann hefur svona hroðalega ranghverfu. Sá hefði nú þurft að fá útrás á spítalanum hjá þér, til þess að losna við hömlurnar. --

Það er ótrúleg breyting hjá Eggert og Sirrí síðan þau eignuðust þennan blessaða litla gimstein, soninn Ásgeir. Honum fer svo vel fram, er vær, en hefur þó mikla gleði af fólkinu í kringum sig, og þá ekki síður að skoða á sér fingurna. --

Segir frá ástandinu hjá Steinunni eftir skilnaðinn við Kristmann, þýðingar og vinnuna hjá Vísi.

Sirrí var hér í dag að hjálpa mér að lesa saman. Hún er alltaf boðin og búin til þess að hjálpa mér á skrifstofunni; það er oft svo mikið sem berst að, sem ómögulegt er að ljúka nema með hjálp. Eggert vill líka rétta mér hjálparhönd, en á erfiðar með það því frítímarnir eru færri og auk þess hefur hann tekið að sér kennslu í Iðnskólanum, og fer öll kennslan fram í fyrirlestrum, þar sem engin kennslubók er til að styðjast við. --

Ásgeir er alveg unaðslegur, hjalar og hlær hvenær sem maður lítur á hann, reigir sig og teygir --

¹ Rússneska sendiráðið, leigði hús fjölskyldu Sirríar að Bjarkargötu 6, frétti af fjölskylduhátíðinni.

² Guðrún Erlendsdóttir kona Arnar Clausen, síðar hæstaréttardómari.

³ Ragnheiður Torfadóttir, síðar rektor Menntaskólans í Rvík. Dóttir Torfa Hjartarsonar tollstjóra.

⁴ Þórhallur Vilmundarson prófessor.

1963

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 28.1.1963.

-- Ég þakkar hjartansvel fyrir bréf -- Mér þótti aumingjaskapur á hástigi að þú skyldir aumingjast til að hefja reykingar á nýjan leik. Rúmin í sjúkrahúsinu þínu eru kannski of lítil fyrir þig eða þú of stór fyrir þau. Við höfum haft það gífurlega skemmtilegt að undanfögnu, sem endranær. Sá var hápunkturinn að við vorum boðin til Ingu Valborgar og Sveins, ásamt Palla og Evu, Jóhannesi Nordal og Halldóri Rafnar og frúm.¹ Bæði voru húsráðendur skemmtilegir og matur góður. Börnin sjö höguðu sér skikkanlega, en sama varð ekki sagt um gestina. Vínveitingar voru gífulegar og góðar, uff! Það lá við að illa færi. Eva skemmti meðan setið var undir borðum og reif af sér brandarana. Hún var stórkostleg. Maður hefði ekki trúað því þegar hún kom, blessuð, fyrst í familúboð. Reyndar voru nú boðin ekki upp á marga fiska. -- Síðan borðuð menn alls konar frómasíur, vín í litlum og stórum glösum. Tók ég að mæðast, en náði mér aftur og hélt ósleitilega áfram.

En klukkan tvö hringdi Björn L.² og bað mig koma til að athuga um eitrunina á *togaranum Röðli*, sem von var á kl. nú. Ekki varð undan komið. Bjössu sótti okkur og við höldum til vísindastarfa í miðju lagi. Þá stóð gleðin hátt. Það sáum við síðast að Páll hélt um mitti Halldórs³ og söng *Jeg elsker dig* af mikilli innlifun.⁴ Annars er hann búinn að fá sér píanó og spilar mikið, ekki beint við hrifningu barna sinna, en þó vissa aðdáun. Björn Línal tilkynnir mönnum hátíðlega að faðir hans geti spilað með lokuð augun og einu sinni hafi hann meira að segja spilað í myrkri.

Það var sannarlega kostulegt að vinna í skipinu rallandi og skrallandi þrælkenndur fyrst, en þegar morgnaði, aldeilis eitthvað annað. En ég má þakka fyrir að vinnan hófst þetta snemma. Því það hefði verið undir hælinn lagt hvenær við hefðum komist heim og hvort komist hefði verið á fætur í blóðugu morgunsárinu og ég orðið að gagni.⁵ --

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsd. Ólafs. Rvík, 18.2.1963.

Þakkar bréf, ræðir heimsókn Helgu til Guðrúnar föðursystur hennar í Helsingborg og um veikindi Guðrúnar.

-- Hvað skeður svo í morgun? Fæ bréf frá Ástu Bergström, þar sem hún segir mér að mamma hennar ætli til Íslands á laugardaginn og spyr svona alveg umbúðalaust hvort mamma hennar geti ekki fengið að búa hjá mér! Ég gladdist auðvitað yfir að Gunna væri svona hress, en fyrirvarinn var dálítið stuttur, þar sem allt er ennþá óhreyft inni í herbergjum mömmu, því ég hef beinlínis ekki treyst mér til að fara höndum um dótið hennar, alla þess persónulegu muni sem minningar eru tengdar við.

En ekkert er að gera, herbergin standa auð og ég hef ekki brjóst í mér til þess að neita Gunnu. -- Það versta er að ég er búin að lofa talsvert mikilli vinnu næsta hálfu mánuðinn; svo eru próf að byrja í skólum; en þetta draslast --

-- erfitt hjá Karli og Ástu⁶ með þessi mjög alvarlegu veikindi Brynhildar, þau reyna að hressa hvort annað, en treysta sér ekki út til hennar - þú þekkir Ástu, þegar veikindi eru annars vegar. Brynhildur getur tæplega verið í betri höndum, hjá frábærum læknum, og fjölskyldina allt í kring. En mikið eiga þau átt bág --

¹ Sveinn K. Sveinsson, Inga Valborg Einarisdóttir, Páll Línal og Eva Úlfarsdóttir, sem áður var getið, Jóhannes og Dóra Nordal. Hans hefur líka verið getið. Dóra kona hans er dóttir Guðjóns Ó, prentsmiðjueiganda. Halldór Rafnar (1923-2009) var lögfræðingur, varð blindur og forystumaður blindra. Kona hans var Þorbjörg Jónsdóttir. Þeir voru allir bekkjarbræður í MR og stúdentar 1943.

² Björn L. Jónsson, veðurfræðingur og síðar læknir, þá aðstoðarborgarlæknir og samstarfsmaður minn í Heilsuverndarstöðinni. Aðal postuli náttúrulekningamanna og síðar yfirlæknir á Náttúrulekningahælinu í Hveragerði.

³ Hann var mun lægri en Halldór.

⁴ Skýring nauðsynleg. Páll var með lægstu mönnum en Halldór með þeim hæstu.

⁵ Þótt aðdagandi og ýmislegt í þessu sambandi væri spaugilegt, þá var slysið um borð í Röðli mikil sorgarsaga, sem leiddi til dauðsfalla og alvarlegra afleiðinga fyrir þá sem urðu fyrir eitrun í togaranum. Þetta var upphaf mikillar vinnu og lærdómsríkrar. Ég kynntist skipverjunum og fylgdist með þeim hörmungum sem af eitruninni leiddu. Einnig því hvernig útgerðin reyndi mjög að koma sökinni á þá, væntanlega til að sleppa við skaðabætur. En út í það verður ekki farið hér. Eftirmálin urðu löng. Einum skipverja sem varð mjög illa fyrir barðinu á eitruninni kynntist ég vel. Hann lenti í löngu sjúkdómsbasli, sem snerti geðheilbrigði hans og leiddi síðar til sjálfsvígs. Hann var bróðir Unnar í Móum sem átti Teit bónda þar, frænda minn.

⁶ Karl Torfason borgarbókari og Ásta Guðmundsdóttir (sjá fyrr). Þau höfðu tekið að sér frænku sína.

Ég hafði einhverntíma sagt við þig - held ég - að þegar eitthvað væri ákveðið með húsið hérna, ætlaði ég að láta þig heyra um það. Líklega verður húsið selt, engin systkinanna vilja búa hér og ég treysti mér ekki til að kaupa. Það er alt of stórt, garðurinn erfiður og maður sannarlega ekkert unglamb lengur. Maður verður að gæta sín að ofreyna sig ekki með eitt eða neitt og ekki batnar maður líklega með árunum. Ég býst við að flytja upp á Bergstaðastræti í mína gömlu íbúð; Dídí vill fá sér íbúð út af fyrir sig; kannske hefur hana dreymt um það allt lífið - og ekki seinna vænna að sú ósk rætist. Ég er, þér að segja, hálf kvíðin að hugsa til allra þessara breytinga, og þó þarf ég engu að kvíða, með eigið hús, sem bíður mín, og Eggert og Sirrí uppi á loftinu, að minnsta kosti eins og er. En það verður líklega stærsta breytingin með Dídí. Ég kem ábyggilega til þess að sakna hennar, hvað sem verður um hana. Ég skil hana að því leyti, að hún kæri sig ekki um að vera í *horninu* hjá mér, því ekki langar mig í hornið til eins eða neins.

12.3. Svona fór með bréfaskriftirnar kvöldið góða. Og nú hef ég fengið annað bréf ráð þér, og ég er aftur orðin amma. Þakka þér fyrir bréfið, og gaman þótti mér að fréttu af Palla svona glöðum. --

Nú er Gunna komin og næstum farin aftur. Alveg var ég að farast af þreytu fyrstu dagana, hún *staglar* svo mikið um hreint ekki neitt, og þetta verður ein langloka og þvæla. Í einlægni sagt ætlaði ég að hníga niður þegar hún var búin að vera í eina viku. Þá var hún að tala í símann við einhvern kunningja sem spurði hvenær hún færi heim. Sagði hún að Margrét Hermannsson¹ ætlaði eftir þrjár vikur, og hún gæti orðið henni samferða, en henni þætti það of stutt. -- þér að segja treysti ég mér hreint ekki til þess að hafa hana lengur en þessar þrjár vikur --

Mér þykir verst hvað bréfin mín bera þess ljósan vott hvað illkvittinn er ofarlega í mér, þó ég geti stundum verið blíð á manninn. En ég er engin manneskja til að hafa hótél. Og þó! Heldurðu ekki að Friðjón Skarphéðinsson hafi fengið þessa Asíu-inflúensu -- Hann er eins og þú veist ómannblendinn, frábærlega kurteis og hæverskur maður, sem ábyggilega helst af öllu vill vera í friði og laus við alla afskiptasemi. En þegar hann var búinn að liggja að mestu umhirdulaus réðst ég inn til hans og heimtaði að færa honum mat eða að gera eitthvað fyrir hann -- Þjáður var hann og illa haldinn. -- Hann var sí og æ að segja mér hvað sér þætti þetta leiðinlegt að gera mér óþægindi, sem engin voru nema að færa honum eitthvað matarkyns, sem hann hafði þó mjög litla lyst á, en hann er áreiðanlega búinn að borga þetta þúsundfalt. Um leið og hann komst á fætur færði hann mér vín af öllum þeim fínustu tegundum sem til eru, fullur þakklætis. --

Sigríður Dagbjarts. og Eggert Ásg. skrifa Haraldi Guðjónss. og Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík, 23.2.1963.

Þau hjón voru búsett í Stokkhólmi þar sem hann var læknir á Karólinska. Brynhild Hildingsdóttir Bostöm var á sjúkrahúsi í Stokkhólmi. Hún var orðin íslenskutalandi og saknaði þess að eiga engan viðmælenda íslenskan. Skýrðum við málið og báðum þau um að heimsækja hana. Þegar hún fór utan var henni m.a. fylgt af Valgerði dóttur Guðmundar Ólafs frá Mýrarhúsum sem voru að fara þar vegna námsdvalar. Báðum við um að haft yrði samband við hana ef Valgerður myndi líka líta til hennar. Þá spyrjast þau um framtíðaráætlanir þeirra hjóna.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 9.3.1963.

Óskar þeim hjónum til hamingju með fæðingu sonarins Árna Geirs 3.3.63.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvk. 11.3.1963.

Pakkar henni fyrir að hafa heimsótt Brynhildi Boström, unga frænku Eggerts á spítalann í Stokkhólmi, sem er með alvarlegt krabbamein.--

-- Óskum ykkur til hamingju með nýju stöðuna, sem Haraldur er búinn að fá. Við erum líka stolt. -- Svo fer að líða að því að Guðrún litla komi hingað, og eru allir spenntir að fá að hitta hana. --

Ásgeir þroskast hratt og er farinn að snúa sér á magann. Sjálf þarf hún að fara í aðgerð á spítala.

Segir líka fréttir af Bergljótu Líndal sem kom ásamt strákunum til þeirra Eggerts í hádegisverð. Strákarnir hennar, Guðmundur og Jónas þroskast hratt. Þau búa í kjallaranum á Bergstaðastræti 76, sem býið er að gera mjög skemmtilegan. Bergljót var prófarkalesari á Vísi, en hefur nú fengið vinnu við ungbarnaefirlit Heilsuverndarstöðvarinnar, einmitt í hverfinu okkar. Starfið á vel við hana því hún ræður vinnutímanum nokkuð.

¹ Margrét Hermannsson (1905-94) frá Sauðárkróki, dóttir Sigurðar sýslumanns þar. Hún giftist til Svíþjóðar og bjó í Helsingborg, nágrenni Guðrúnar Bergström. Hún náði langt á hægri væng stjórnmála í Svíþjóð.

Segir frá heimsókn út á Nes til Guðríðar og Benedikts Sveinssonar, en þau búa í húsi Stellu og Haraldar. Eru þau ánægð með íbúðina sem þau leigja af Stellu og Haraldi.

Biður hana um ráð við val á gólfteppum sem hún þarf að endurnýja.

-- Nú er tengdamóðir mín að flytja hingað í húsið á Bergstaðastræti og hyggjum við hjónin gott til glóðarinnar með barnahjasetu. Það verður líka munur fyrir mig því ég vinn eftir hádegið hjá henni á skrifstofunni. -- Annars er ég sest á skólabeck og er innrituð í sænsku í Háskólanum. -- Þetta er ágæt upplýfting frá húsverkum. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 12.4.1963.

Segir frá skrifstofunni eftir að Þórdís systir hennar hætti og fékk aðra vinnu, á Borgarbókasafninu, en hún var orðin þreytt á vélrituninni. Sirrí er á spítala, Eggert og Ásgeir litli fluttu í Tjarnargötuna á meðan svo nóg er að gera. Sirrí og Eggert hlaupa þar undir bagga.

-- Ég hef sagt Jónu og Óla upp húsnæðinu frá 1. júlí, þá ætla ég að láta setja hurð út í garðinn úr svefnherberginu, sem þá verður vinnuherbergi. Kristín Guðmundsdóttir ætlað að teikna skáp í fremsta herbergið sem verður svefnherbergi. Síðan býst ég við að flytja í ágúst.

Allt er óákveðið með skipulagið á Tjarnargötu húsinu. Reynt verður að leigja það. Þá segir hún Dídí hafi hætt að borða hjá henni en þeim leiddist svo aðskilnaðurinn að þau tóku gamla síðinn upp aftur. Finnst mér ég nú hafa endurheimt heimilið gamla.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 15.4.1963.

-- við borðuðum hjá Helga hádegismat í gær og höfðum það verulega skemmtilegt. Á heimleiðinni kom Eggert við á Bergstaðastræti til að sækja eitthvað, og frétti þá þessi voðalegu tíðindi að Ingi hefði farist í flygslýsi. Drottinn minn góður, hvað þetta er átakanlegt fyrir Heiðu með litlu börnin og það þriðja rétt ófætt. Ég hef ekki hitt Jónu, hún er hjá Heiðu, en heiða er ótrúlegar róleg, en á bágt með að átta sig á veruleikanum. -- Ég hef ekki farið til þeirra, hef Ásgeir. (Sirrí var á spítala.) --

Eggert fór með Ásgeir til hennar á spítalann í dag og aldrei hef ég séð sælli mömmu með barnið sitt en hana. Hún hefur hefur ekki séð hann í 11 daga og fannst henni hann bæði hafa stækkað og þroskast. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 29.4.1963.

Áætluð heimferð fjölskyldu Páls rædd og kaup farseðla. Voru erfiðleikar á að fá skipsfar og þurfti að leita aðstoðar þeirra listamanna sem hjá Skipaútgerð ríkisins unnu en það munu hafa verið Guðmundur Sigurðsson skáld og revíuhöfundur, maður Fjólu Haraldsdóttur fjölskylduvinkonu og Hjörleifur Sigurðsson listmálarinn frægi, sem þar starfaði um skeið. Hann var í forystu Félags myndlistamanna og því einn af meginviðskiptamönnum Fjölritunarskrifstofu Friede P. Briem og varð síðar fjölskylduvinur.

Þá er sagt frá því að Sigríður hafi gengist undir skurðaðgerð á fótum og því hafi þeir feðgar verið forstöðulausir.

-- Ég þakka þér fyrir heilan helling af bréfum sem þú státar yfir að hafa sent. Ég þakka þér vel fyrir þótt ég hafi tæpast haft tíma til að komast yfir svona mikinn bréfalestur. --

Ásgeiri fer mikið fram og er það samdóma álit allra -- búinn að fá sína fyrstu tönn og þykir það sérdeilis efnilegt -- farinn að geta ferðast um allt, skríður, einna líkast drullugum hermönnum í bíómyndum, nema hvað hann er ekki með byssu, ekki í klossum eða með kasketi -- Svo stendur hann oft á tánum og höndunum og rær sér fram og aftur. Þykir honum yndislegt að horfa á foreldrana milli fóta sér; fer að eins og Broddi Jóhannesson sagði að maður ætti að horfa á abstraklist. Hins vegar er mynd miklu tilkomuminni en foreldrarnir, því hún segir ekki *gjugg*, en það er aðalatriði við foreldra fimm og hálfmánaðar gamalla barna. Allt er gjugg. Leikföngin, foreldrarnir og filmstjörnurnar í útlendu blöðunum; hann rekur upp stórkallalegan hlátur þegar hann sér þær og er þá í raun og veru eins og ég á svipinn í bíó þegar fagrar drósir komu fram áður en hjónabandið kom eins og heftiplástur yfir andlitið við slík tækifæri. --

Það lá við heimsstyrjöld í Tjarnargötunni svona tvisvar þrisvar á dag í síðustu viku. Mömmu og Dídí leikur ekki stórvel í hendi að eiga viðskipti saman. Mamma hafði boðið Dídí íbúðina uppi, mér til skelfingar, og hafði sagt að veggirnir væru svo léttir að þar mætti taka allt niður, nema strompinn ... þetta allt svo yndislegt en svo ... og svo. Loks kom mamma til mín og bað mig um að tala við Dídí eins og þú hefðir gert í gamla daga, þér hefði verið svo lagið að hafa áhrif á Dídí (Hvað ertu annars búinn að vera lengi í burtu?) og ég fór á ólöglegum hraða niður í Tjarnargötu, talaði, laug, hlustaði og stakk upp í eyrun. Síðan hefur allt verið svo guðdómlegt að mamma skilur ekkert í hvað ég hefði sagt og langar ógurlega til að vita það. Síðan eru þær mjög sáttar og drekka kokkteila á hverju kvöldi.

Ég vorkenni Díu þegar hún finnur út hvers konar fjölskyldu hún er komin inn í. Ömmusystkin drengjanna okkar rifast svo hroðalega - eða alls ekki. Veit ég að hið síðara er öllu lakara.

Svo eru kvöbbin -- nú langar mig til að biðja þig um að kaupa gott ferðaútlit, transistortæki með góðum hljómi, langbylgjum og þess háttar. Ef þú þarft að skipta gjaldeyri, láttu mig vita. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 19.5.1963.

Mikið að gera á skrifstofunni og auk þess stefnt að flutningi í Tjarnargötu. Sirrí reynir að hjálpa á skrifstofunni en þá veiktist Ásgeir litli af barkabólgu, en er þó athafnasamiur mjög, farinn að standa uppi í rúminu sínu.

Þá er búinn að losa efri hæðina og Dídí flutt og mikið ánægð með vinnuna á bókasafninu.

Jóna og fjölskylda eru að leita sér að íbúð, en stefna á að kaupa sér íbúð, og eins Heiða, fyrir bæturnar fyrir Inga sem var hátt tryggður og stefnir að því að ljúka hárgreiðslunáminu, en barnið hennar ófætt.

-- Ég var eina nótt ein hér í húsinu, en er búin að leigja fjölskyldu íbúðina uppi. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 3.6.1963.

-- Ég er búin að gjörbreyta garðinum á Bergstaðastræti, fylla upp gjótuna, breikka terrassinn, hlaða upp steinbeð og gera grasflötinn heillegan og sléttann, sem verður sæmilegt þegar limgerðið nær að hækka. Það stendur mikið til með breytingar á íbúðinni --

Heiða eignaðist indælan dreng fyrir rúmri viku og stendur sig ótrúlega vel. -- Bergljót Línadal er að ná sér (eftir að Guðmundur maður hennar dó). --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 6.6.1963.

Ásgeir er sjö mánaða í dag, haldið upp á daginn á heimilinu með harðfisk og sméri.

Verið að ljúka við endurskipulagningu garðsins á Begstadastræti; mikil breyting til batnaðar.¹

Segir frá athugun sinni á veiðiám sem hægt væri að skemmta Páli með þegar hann kemur til landsins.

Talinn upp fjöldi veiðikosta ásamt verði. Honum og Halldóri Jónatanssyni, svila hans, buðust þrír daga í Miðfjarðará í Bakkaflóa og var það sá kostur sem var valinn.

Þá gefur hann upplýsingar um hvað myndi kosta að flytja bíl til landsins.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. og fjölsk. Rvk. 25.6.1964.

Þau Stella og Haraldur virðast komin úr frí á Íslandi. Guðrún dóttir þeirra er enn á landinu og í heimsókn hjá okkur.²

-- Dóttirin² var nú heldur en ekki orðin mikil persóna og lætur ekki vaða ofan í sig. -- Við höfðum sérstaklega gaman af að hafa hana hjá okkur eina nótt. Á laugardagskvöld borðuðum við brauð o.fl. meðal annars var reykt síld á borðum. Það var ekki við það komandi að hafa síldardiskinn einu sinni inni í stofunni - lyktin af henni var svo vond. Hún hélt fyrir nefið og leið alveg afskaplega illa, þangað til ég lét það eftir henni að fara með diskinn fram í eldhús. Mér fannst þetta svipa til einnar manneskju sem ég þekki! Því miður hafði ég svo mikið að gera á skrifstofunni hérna niðri, að ég gat sáralítið hitt hana. Hún var afskaplega góð við Ásgeir og hann hrifinn af henni. Hann segir í hvert sinn sem hann heyrir í flugvél: *Gúgú uvé mömmu!*

Mamma hafði mjög gaman af henni og ég held að það hafi ekki verið erfitt fyrir hana, enda var hún mikið úti að leika sér.

Héðan er allt gott að fréttu. Við erum nýbúin að vera í 15 ára *jubileumhófi* Eggerts í Þjóðleikhúskjallaranum og var þar ægilega skemmtilegt. Anna Sigga³ orti minni karla við lagið: *Never on sunday* og fóru allar bekkjarsysturnar upp á senu og sungu af hjartans list undir stjórn Önnu Siggú. Hún bað að heilsa ykkur.

¹ Þetta er sama lag og enn er. Hafliði Jónsson garðyrkjustjóri og fjölskylduvinur hafði teiknað nýtt skipulag og Finnur Árnason garðyrkjumeistari breytti til batnaðar. Starfsmaður var æskuvinur minn Ólafur Gaukur Þórhallsson tónlistarmaður sem var að ná sér upp úr *rugli* og stjórnaði því Svanhildur Jakobsdóttir söngkona þeirri áætlun og beið dag hvern í hádegi og vinnulok eftir Óla. Þannig koma þau jafnan upp í hugann þegar unnið er við steinbeðið.

² Guðrún Haraldsdóttir (1959) tannlæknir á Seltjarnarnesi, systurdóttir Sigríðar.

³ Anna Sigríður Gunnarsdóttir (1929-2018) kennari og læknaritari. Átti þá Magnús Pálsson (1929) myndlistarmann, sem var besti vinur Haraldar manns Ingvaldar.

Við áætluðum í svo sem vikufé með Óla og Jójó vestur á firði. Ásgeir verður hjá ömmu sinni hérna niðri. Verð ég að monta mig. Ég auglýsti eftir telpu til að gæta Ásgeirs og fékk eina alveg sérstaklega góða sem á heima hérna rétt hjá. Það leit nú ekki beint vel, því Ásgeir *strækaði* á að fara út með henni fyrst, braust um og grenjaði eins og vitlaus væri fyrstu þrjá dagana. En fjórða daginn fór hann skælbrosandi út með henni og vinkaði eins og ekkert væri. Hann hefur haft gott af því að vera svona mikið úti með krökkum og orðinn duglegri að leika sér sjálfur og bjarga sér.

Við erum nýbúin að vera í siglingu og flugferð til *útlanda* (!). Þ.e. við fórum með Esju til Vestmannaeyja 1. maí, skoðuðum Surtsey og Vestmannaeyjar allar og flugum svo heim. Þetta var geysi skemmtileg ferð. Ótrúlegt að sjá þessa nýju eyju.¹

Þá er komið að aðalfréttinni. Það er sem sé von á fjölgun í fjölskyldunni og samkvæmt útreikningi á hún að eiga sér stað í rakettudýrðinni á gamlárskvöld. Við vonum að allt gangi vel. --

Þá segir hún þær fréttir að föðurbróður þeirra: Lárus Lýðsson (1901-1964), mikill ágætismaður hafi kvatt þennan heim.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 3.7.1963.

Óskar til hamingju með hús sem þau hjón höfðu keypt.

-- Mikið höfum við dád myndarleik Álfs Pálssonar.² Það er einkennilegt hvað þeir litlu frændur eru svipaðir en samt svo ólíkir. Álfur hefur öllu hvassari svip, eins og faðirinn, en Ásgeir blíðlegri, eins og faðirinn.

Ég var rifinn frá bréfinu til að fara að brjóta múr hér niðri. Fyrsti iðnaðarmaðurinn kom til að vinna og var það pípari. Ætluðum við aldrei að geta losað baðkerið og endaði ég með því að mөлva það í tvennt. Losnaði það þá. Aldrei hafði píparinn séð aðrar eins aðfarir.

Við öll lätin vaknaði Ásgeir og var hinn verst þegar ég kom upp, því enginn hafði sinnt honum, því Sirrí var í Tjarnargötunni. Mér tókst ekki, fremur en endranær, að svæfa hann eða róa. Hann vildi bara leika sér við mig. Ég settist og hélt áfram með þetta bréf, en um leið og Ásgeir heyrði vélritað hélt hann að Sirrí væri þar og hrópaði hástöfum, *mamma*, en það hefur hann nýverið lært. Auk þess tókum við eftir tveim tönnum sem eru að koma í efri góm; stórviðurðir eru alltaf að gerast. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs. Rvík, 8.9.1963.

-- Mikið þótti mér nú gaman að fá Palla heim með konu og barn. Þetta var næstum ótrúlegt ríkidæmi þegar fjölskyldans safnaðist saman og litlu angarnir voru alveg dásamlega skemmtilegir. Reyndar þurfti að passa Árna Geir mjög vel fyrir Ásgeiri, hann vildi pota í hann, jafnvel upp í augun á honum, en þegar hann rak upp öskur til þess að verja sig, þá varð Ásgeir svo skelkaður að hann lagði grenjandi á flóttu - og svo segir maður að þetta sé skemmtilegt. Svona eru ömmur skrítnar.

Hér var hann skírður og fannst mér það unaðslegt að fá að hafa hann hérna í þessu gamla húsi, sem mér finnst alltaf ég veri að kveðja. Ég kvíði hálfpartinn fyrir flutningunum, en gott er að eiga sína gömlu íbúð til að hverfa aftur í - það er ég mikið þakklát fyrir. Ég var í sárum í vor þegar Dídí var farin, fannst ég nærri hafa misst ástvin, en þegar ég sá hvað hún er ánægð og hvað henni líður vel og kann vel við sig í sinni íbúð, þá róast ég og finnst þetta vera það besta. Þetta kom svo flatt upp á mig og þess vegna hef ég verið lengur að setta mig við það. Við fórum saman í sumarfrí og fengum indælt verður í viku, en þá kom hryllilegt kuldakast, svo við flúðum hið snarasta heim. Það er svo þægilegt að vera í sínum eigin bíl og geta farið hvert sem maður vill. Við vorum á Snæfellsnesi --

Segir konu Páls vera enn á landinu eftir að hann fór aftur til Danmerkur. Segir frá Árna Geir sem slefar mikið.

--Nú er allt orðið kyrrt og ég farin að vinna af kappi og enginn (*slefu*)blettur á öxlinni. Hins vegar er ég oft svört á höndunum þegar ég er að fjölrita, eins og gefur að skilja. En bik er bátsmanns æra.

Nú á að fara að auglýsa húsið til leigu og verður það óskemmtilegt, Ég vona að engan langi til að sjá háaloftið með öllu því dómadags drasli, ég vil helst ekki fara lengra en á skörina -- Páll hjálpaði mér heilmikið þegar hann var hérna og henti draslinu út um háaloftsgluggann eftir að hafa bundið það inn í gamla selskabskjóla af Dídí. Ég vissi ekki um aðferðina og hélt að fólkið uppi væri að gera

¹ Þetta var ferð með klúbbi bekkjarbræðra minna og okkar maka.

² Árni Geir Pálsson var enn ekki skírður. Nafnið sem ég vel honum er óbein uppástunga um að hann verði skírður í höfuð Álfheiðar langömmu sinnar.

sjálfsmorðstilraunir! Það er ótrúlegt hvað gamlir kjólar verða furðulega lifandi þegar þeir koma svífandi úr háa lofti og í mátulega miklu roki. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 5.10.1963.

Kæri doktor og frú Páll. Ég þakka ykkur fyrir mína hönd, frú Sigríðar og yngispilt Ásgeir hjartanlega fyrir síðast; ég meina sko ekki bara þegar þið fóruð, heldur öll síðustu skiptin nær þið komuð ásamt votviðrinu til okkar í sumar. --

Á okkar daga hefur sossum ekkert drifið, utan þeir miklu viðburðir sem fylgja veraldarsögu Ásgeirs. Hann dafnar og er farinn að taka sín fyrstu spor óstuddur; og sína fyrstu dúka niður af borðum, við hrifningu stoltra foreldra. Að vísu springa diskar úr harmi og glösin standa titrandi á lengdar. Friðarsamningar eru í fullum gangi, en ekki er friðarviljinn betri en hjá Albönum.

Ég hef nú þér til ergelsis fengið gjaldeyri fyrir skóm og sendi hann til *Óskaskósins*¹ með beiðni um snara smíði; það þá endilega senda þér þá. Ég vona að einhvern tíma verði ferð hingað; ef ekki, mætti kannski senda þá einn í senn með nokkru bili. Sjáum til. --

Eggert Ásgeirsson skrifar John Y. Dunbar. Rvík, 9.10.1963.

Þessi ár fór fjöldi bréfa okkar á milli, bæði vegna tannlæknarannsóknarinnar sem við höfðum unnið saman að ásamt Ruby konu hans. Reynt var að hafa þau flest á vísindalegum nótum, en galsinn var aldrei langt undan. Bréfið er til Suðurríkjamanna, málið og skírskotun til blökkumannavandamálsins í Alabama á þessum árum.

Dear hearts! -- We are happy flippin' on top of the Earth between the fights with te bears and the commies, while you are helping the niggers to the men's rooms.

Rejoice. How dooes the rediscovering of the West go. Have you seen the boulder yet. They say it is the only thing worthe seeing in Boulder, besides Ruby.²

Síðan heldur ræðan áfram, um ýmislegt heilbrigðismál, tannheilsu og flúrblöndun neysluvatns sem var efst á baugi þá.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 20.10.1964.

Seinbúið afmælisbréf. Þá fer hún yfir framfarir Ásgeirs og stækkun hennar sjálfrar v. væntanlegrar fjölgunar.

Ásgeiri fer mjög fram og hafði gott af því að komast á leikskólann Tjarnarborg daglega fyrir hádegi.

-- Eggert fór í sumar með mömmu að taka til í geymslunni ykkar á Nesinu og kom heim með ruggustól og stól sem hægt er að hækka og lækka, hennar Guðrúnar. Hefur Ásgeir haft þetta að láni síðan, með mömmu samþykki. Hann er ægilega spenntur fyrir hestinum, ruggar sér svo mikið að hann steypist aftur fyrir sig og dettur af baki.

-- Við fórum í átta daga sumarfrí til Vestfjarða í júlí. Fórum alla akfæra vegi á kjálkanum -- Vorum í tveim bílum -- tjölduðum allar næturnar. Þetta var óskaplega skemmtileg ferð í alla staði og fegurðin ótrúleg. Við fórum meira að segja út að Látrabjargi og sáum risa-seli velta sér í sjónum, rétt fyrir neðan okkur.

Okkur Jójó þótti helst til kalt á kvöldin þegar háttatíminn kom. Vorum við heldur betur farnar að nota okkur brennivínið, heimtuðum eitt staup fyrir háttinn. Það var áhyggjuefni Eggerts og Óla, að erfitt myndi að venja okkur af því. Það hefur tekist furðanlega vel - fæ mér bara hálf - núna!

Helga Pálmadóttir var að gifta sig í dómkirkjunni. Hennar maður er Helgi Samúelsson, verkfræðingur. Við fórum, vinkonurnar, og horfðum á öll herlegheitin. Hún var í síðum kjól með slóða og gekk inn kirkjugólfið með Pálma alvörupabba sínum, en fósturpabbinn, séra Óskar Þorláksson vígði þau. Þá eru allar í saumaklúbbum gengnar út. --

Bensi Sveins¹ og Guðríður² voru að eignast son í Montreal.³ -- Þau verða þarna, víst næstu tvö árin. Er hann að stúdera *business administration*. --

¹ Önskesko. Frægt fyrirtæki á þessum tíma og sem framleiddi fótforma skó sem voru taldir bæði hollir og góðir, með einhvers konar hrágúmmifbotni. Þeir fóru úr tísku og var Steingrímur Hermannsson sá sem lengst notaði þá. Skór sem minna á þessa skógerð sést stöku sinnum í fínun skóbúðum nú. Ég kem reyndar mjög sjaldan í slíkar búðir.

² Þau Ruby og John voru þá í Boulder, Colorado. Boulder þýðir klettur eða jarðfastur steinn.

Steini⁴ kom heldur betur með *pompi og pragt* til landsins, siglandi með Gullfossi. Hann hefur þroskast mikið og fullorðnast, sem m.a. má merkja á því að það er hann sem vekur mömmu á morgnana, áður en hann fer í skólann. Mömmu finnst hann taka námið alvarlega og er hún ánægð með hann, blessað barnið sitt! --

Við vorum í fyrsta skiptið boðin í nýja húsið (*þeirra Guðrúnar og Halldórs*). Húsið er stórkostlega fínt, engu til sparað. Voru vonbrigði að koma heim í hjallinn sinn gamla, ekki einu sinni teppi út í horn, hvað þá annað *finiri*! Ég fer þá fram í eldhús og hugga mig við uppþvottavélina mína, það er það eina sem ég hef fram yfir þau.

Ásgeir var að fara út í göngutúr með pabba sínum, svo nú get ég lokið við bréfið. Hann er vitlaus í ritvélina og vill bara skrifa sjálfur. Hann var svo óheppinn að festa sig í ritvél ömmu sinnar, en mér tekst ekki að festa hann í minni, svo ég verð að nota hverja stund sem hann er frá. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 4.11.1963.

-- Ég er alsæl yfir að vera flutt hingað á Bergstaðastrætið og að þetta skuli vera um garð gengið, sem ég kveið svo mjög fyrir. Ekki því að koma hingað, heldur að yfirgefa Tjarnargötu húsið. Þegar ég stóð niðri í kjallara 15. okt., fannst mér jafnvel að ég væri að bregðast einhverju sem hefði verið ætlast til af mér, en nú væri of seint að halda. Það var undarleg tilfinning, en ég var orðin ein eftir, og ég vissi að hvort sem væri yrðu aldrei mörg ár þangað til ég stæði í sömu sporum, betra að standa þarna nú, en eftir nokkur ár. Mann munar um hvert árið á þessum aldri. En nú líður mér vel. Og mér hefur sannarlega liðið vel frá þeirri stundu sem ég kom hingað. Sirrí og Eggert eru mér ómetanleg, þar hef ég verið í fæði síðan ég kom hingað -- Og ekki var talað um að erfitt væri að hafa mig, heldur þvert á móti, ég væri velkomin, hversu lengi sem ég vildi, og meira að segja Dídí var líka í miðdagsmat hjá þeim og ekkert talið eftir nema síður væri. Þetta er mikil hamingja --

Segir frá framkvæmdum við húsið og heimilið. Og mikið að gera við útleigu á gömlu íbúðinni í Tjarnargötu, því geysilegur húsnæðisskortur er í borginni. -- Nýja íbúðin er eins og ný og --

-- allt vitlaust aðgera, margt sem liggur fyrir og bíður -- þú getur ímyndað þér allar skólabækurnar sem Dídí fjölritaði, þær víða nú eftir mér -- Fólk leitar hingað alveg eins mikið og í Tjarnargötu --

Sirrí hefur hjálpað mikið á skrifstofunni, hefur t.d. vélritað leikrit fyrir Leikfélag Rvíkur og gert það með mestu þryði. Eins hjálpa þau mér bæði með röðun og heftingar á öllu og er það þægilegt þegar við erum í sama húsi. Vinnustofan mín er þægileg í alla staði, björt og góð.--

Segir frá heimsókn Stefáns Jóhann og Helgu Ólafs og veislum í sambandi við það og að búíð sé að selja Mýrarhús. Hafi þau keypt íbúð í Grænuhlíð.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvk. 9.11.1964.

-- Skilaðu kveðju til Guðrúnar frá Ásgeiri fyrir teikninguna. Hann var hrifinn og stoltur af frænku sinni. Hann fékk borð og stól frá ömmu sinni í afmælisgjöf og situr við það og teiknar einhver ósköp. --

Hann hefur verið lasinn, fór út í dag og naut þess að sjá alla öskubílana, kranabílana og olúbílana, sem eru aðaláhugamál hans --

Okkur var boðið -- í 60 ára afmæli Stínu. Það var eiginlega kostulegt afmæli. Guðrún Sveinsdóttir kom þangað með kærastann (þau opinberuðu fyrir ½ mánuði). Sveinn var þar mættur með eintak af Lesbók Morgunbl., þar sem hann hafði skrifað afmælisgrein um Einar Ben., skáld, frænda sinn. Gekk hann um og sýndi fólki, stoltur eins og barn. Síðan gengu samræðurnar út á skáldið. Fannst honum fólkið víst ekki bera nógu mikla virðingu fyrir sér eða vera nógu hrifið af því að hann skyldi hafa þekkt skáldið sjálfur. Endaði allt með því að hann kallaði okkur Siddu systur, *jússur* (þó sennilega mig frekar) og það væri meiri munurinn á Guðrúnu (*dóttur*) sinni hvað hún væri glæsilegri í alla staði. Síðan gekk hann inn í hina stofuna, þar sem Halldór⁵ og Einar⁶ sátu. Fóru þeir að tala um síld o.þ.h. Voru Einar og Halldór á öðru máli en

¹ Benedikt Sveinsson (1938) hrl.

² Guðríður Jónsdóttir (1938). Þau Bensi og Guðríður voru bekkjarsystkin Sirríar. Benedikt og Sigríður, eru systrabörn.

³ Jón Benediktsson (1964) rafmagnsverkfræðingur.

⁴ Steingrímur Dagbjartsson (1942) tæknifræðingur.

⁵ Halldór Jónatansson.

⁶ Einar Ingimundarson frændi og bæjarfógeti.

Sveinn. Gat hann ekki þolað það og fór í fýlu fram á veranda. Kom litlu seinna og settist í stólinn við útvarpið og sofnaði.

Þetta var fyrripartur afmælisins. Við misstum af seini partinum, en þar var Erla¹ víst aðalstjarnan. Þar bar eitthvað á þá góma, að Einar Sturluson² og hans kona eru að skilja. Lýsti Erla yfir því að það væri ekki allt konunni að kenna, því okkar fjölskylda væri sko bara ekkert betri en aðrar fjölskyldur etc., etc. Rauk hún svo til, panaði bíl og ætlaði að fara án þess að kveðja einu sinn Stínu. Hún elti Erlu út, rak henni rembingskoss og þakkaði henni fyrir komuna.

Svo hringdi Erla næsta dag til að þakka fyrir, en skaut því svo að, síðast, að hún hefði meint allt sem hún sagði í gær. Þannig fór um sjóferð þá.

Segiði svo, að það sé ekkert púður í þessari fjölskyldu. -- Ég man svo ekki eftir fleiri kjaftasögum í bili. -- Kveðja frá karlmönnum! --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Jóhönnu Jórinni Einarsd. Rvk. Nóv.1964.

-- Þá er ég loksins sest við ritvélinu, en erfitt var það. Ekki vegna þess hve ég er orðin sver - sussu nei -- það er bölvuð pennalettin, sem *Velvakandi* gerði að umræðuefni í Mbl. í gær. Ég var svo óheppin að lesa greinina en V. sagði að Íslendingar væru pennalatasta þjóð í heimi - og þótt víðar væri leitað. --

Segir frá saumaklúbbsfundum, ættarfundum o.fl. Einnig af fundi um leikhúsmál í Sigtúni.

-- Framsögumenn voru Guðl. Rósinkrans og Sveinn Einarsson. Guðlaugur alveg drep, en Sveinn góður. -- Aðrir, sem töluðu komu flestir með skrifaðar langlokur að heiman, Var einn ræðumaður píptu niður. Það var Óli Mixa. Hann kom með mjög langa og þurra ritgerð, sem hann muldraði, þar til rödd úr salnum bað hann vinsamlega að fara að hætt þessu. Það var Flosi Ólafsson. Óli fipaðist, stamaði mikið það sem eftir var ræðunnar. Njörður Njarðvík og Haraldur Björnsson réðust harkalega á aumingja Guðlaug --

Ásgeir talar ekki um annað en London og að Jójó og Óli hafi farið í flugvél langt - *langt í burtu, til London*. Alltaf þegar hann sér mynd af flugvél segir hann: *Jójó Óli London* og er alltaf jafn hissa á ykkur. Hann er alltaf í leikskólanum og virðist læra þar ósköp um *ljóta kallinn, kuldabola, bola*, og er skelfingin uppmáluð þegar honum detta þessir karlar í hug. Hann sagði í gær við nágranna okkar, sem við vorum að tala við, að hann væri *ljóti kallinn*, og vildi ekkert við hann tala! --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Jóhönnu Jórinni Einarsd. Rvk. 11.12.1964.³

-- Við Helga (*Pálmadóttir*) fórum á jólafund Kvenstúdentafélagsins (*en fleiri vinkonur fengust ekki, eða voru að fara á aðrar jólaupptakur*). -- Á okkar fundi skemmtu M.A. stúdentar og var það ansi gaman, söngur upplestur að ógleymdu laubabrauði, sem þær trakteruðu okkur á -- Þyrý Laxdal og Ragna Ragnars sátu við næsta borð við okkur Helgu, drukku konfak, sungu og skemmtu sér upp á eigin spýtur. Helgi (*maður Helgu*) ætlaði að sækja okkur en sama var hvað hún hringdi, ekki svaraði hann. Eggert kom og bjargaði okkur. Helgi hafði lagst upp í sófa, sett 5. sínfóníu Beethovens á hæstu stillingu og sofnaði út frá öllu.

-- Dundur⁴ er að fara til Finnlands með Skarphéðni Jóhannssyni út af Norræna húsinu.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 19.11.1963.

Segir frá fyrstu veislunni á nýja staðnum þar sem systkinin voru öll nema Helgi og Doris.⁵ Einnig ýmsum atburðum í fjölskyldunni, giftingum og að fósturdóttir Cecilíu og Guðbjörn hafi hætt við búskap á bæ fjölskyldunnar í Þverárhlið.

¹ Erla Axelsdóttir, eiginkona Einars Ingimundarsonar.

² Söngvari o.fl., frændi fjölskyldunnar í húsinu og þá um leið konu Sveins.

³ Þau Ólafur B. Thors og Jójó voru í námsdvöl í London.

⁴ Guðmundur Kristinn Guðmundsson arkitekt.

⁵ Ástæða fjarverunar þeirra virðist hafa verið sú að þau Helgi hafi tekið málstað Kristmanns í skilnaðarmáli hans og Steinunnar Briem. Mun það tengjast eitthvað spíritisma og líka því að Helgi lenti hressilega í máli Steinunnar, meðan hann var sendiherra, og reyndi að hjálpa eitthvað upp á sakirnar í hennar vandræðamáli í Róm. Sem aldrei hefur tekist að komast til botns í, en má ráða í skv. gögnum í skjalasafni Helga í handritadeild Landsbókasafns. Sjá skjalaskrá í bókinni: *Minningar mínar*.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 27.11.1963.

Segir upphaf vandraðalegs æfintýris vegna smíða á skáp sem Kristín Guðmundsdóttir hafði teiknað og útvega trésmíðameistara sem reyndist hinn mesti okrari. En hún þraukaði og lét málshótanir ekki draga úr staðfestu sinni.

*Ræðir hundakaup Páls og óskar honum til hamingju með það sem honum hafði aldrei tekist að fá hana til slíks.*¹

-- Ég er alltaf að hósta og hnerra, enda er það ekki að furða þó ég hafi fengið kvef, eins og hitinn hefur verið hér í húsinu undanfarið. Hann hefur verið ótaminn, ýmist of kalt, eða of heitt, og af of miklum hita kvefaðist ég.

Einn daginn þegar frost var, kólnuðu allir ofnarnir í húsinu. Þegar ég kom niður í kjallarann og ætlaði að ná í eitthvað í köldu geymslunni minni, sem er undir stiganum, var það líkast því sem ég kæmi ofan í vélarrúm á skipi, hittin var sem sé ofsalegur. Þarna er enginn ofn, svo ég fór að þukla, hvaðan hitinn kæmi. Jú, mikið rétt. Gólfíð var heitt, og þegar betur var aðgætt voru öll gólfín í kjallaranum heit, svo eitthvað hlaut að vera bogið við þetta í frostinu. Ég hringdi á varðmann hitaveitunnar, sem kom í hasti. Kom þá í ljós að hitaveitupípa hafði sprungið hér í portinu fyrir ofan. Vatnið sem átti að halda áfram inn í húsið, gegnum pípurann, rann í þess stað stefnulaust undir húsið, hitaði upp gólfín; hefði getað haldið svo áfram og eyðilagt gróður í garðinum. Rennslíð var stoppað og viðgerð hafin næsta dag. Var ég hin ánægðasta þegar allt var komið í lag.

Á laugardagskvöldið var ég í middag hjá Dídí. Skemmtum við okkur svo vel að við gleymdum bæði stund og stað og kom ég ekki heim fyrr en um hálf-þrjú.

Brá mér þá heldur en ekki í brún, því hitinn dunaði á móti mér og hitinn hér í skrifstofunni var 28 gráður. Lokaði ég mínum ágæta *termostat*, opnaði alla glugga, lokaði ofnum þeim sem hægt var, og fór að sofa. Um morguninn var ég í einu kófi af hita og vanlíðan, og ekkert hafði komið að gagni sem ég gerði. Hafði þá einhver hitaveitunáungi skrífað frá svona eftirminnilega. Fékk ég kvef af öllu saman og ergi mig mikið. Þetta er hita og kvefsaga. Ótrúlegt hvað fólk getur fest á pappír og sent milli landa.

Eggert kom frá Siglufiðri á fimmtudag eftir að hafa verið veðurtepptur á Akureyri vegna snjóá. Sirrí bauð að boða með þeim um kvöldið. Vorum við öll sæl yfir að Eggert var kominn. Sirrí bar matinn inn. Í þeim svifum kom fréttin um lát Kennedys forseta í útvarpinu. Þetta tók svo á okkur að við gátum ekki snert matinn fyrr en löngu seinna. Sjaldan hefur önnur eins harmafreign borist, fyrir utan það hvað heimurinn hefur misst, þá hefur maður samúð með ekkjunni og börnunum. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvk. 14.12.1964.

-- sendi ökuskírteinið -- Það líður að því brátt að ég fái mitt fína form aftur og hlakka óneitanleg til af ýmsum ástæðum. Ekki veit ég hvernig Ásgeir bregst við samkeppninni, en hann er mjög spenntur út af þessu blessaða barni, sem aldrei ætlar að koma.

Hér stendur yfir lagfæring á baðherberginu okkar. Vona ég að allt verði komið í stand fyrir jólin. -- Við látum brjóta niður skilrúm milli klósettsins og baðherbergisins.² Ástandið hefur ekki beint verið þægilegt. Klósettið var tekið á föstudagskvöld og stendur hérna í svefnherbergishorninu. Ásgeiri fannst þetta líka skrítið þegar hann kom á fætur og horfði lengi á tækið. Áttaði sig svo á öllu, fór beint að því og hleypti niður. Foreldragreyin stóðu bara og horfðu á og horfðu á vatnið flæða í stríðum straumi út á gólfíð og undir rúmin. Okkur hafð láðst að tæma úr kassanum áður en tækið var losað. Þetta gerði mikla lukku hjá einum, en ekki öllum. --

Hlökkum til að sjá ykkur á næsta ári. -- Ef það er eitthvað sem ég get gert fyrir þig, láttu mig bara vita. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 28.11.1963.

Er búinn að koma dóti, húsgögnum og fleir, Páls í skip.

Ásgeir litli er farinn að geta leikið sér upp á eigin spýtur.

¹ Nema ef það væri skjaldabakan sem hann einhvern tíma eignaðist eða fékk ráð yfir. E.Á.

² Hvers vegna var þetta aðskilið? Gert var ráð fyrir leigjendum í flestum húsum og vinnukonum, sem í minni fjölskyldu voru ævinlega kallaðar „stúlkur“ bjuggu í kjallaranum, þar sem ekkert klósett var. En þetta fólk þurfti aðgang að salerni. Þannig þurfti að vera hægt að loka af. Leigjendurnir höfðu ekki aðgang að baði, en fóru í Baðhúsið eða Sundlaugarnar. Innangengt var úr baðherberginu í svefnherbergið, sem nú átti að loka, enda óþarft þegar ein fjölskylda var um afnotin.

-- Ég var í fyrri viku burtu, þar eð ég þurfti að fara aftur til Siglufjarðar. Þurfti ég ekki að standa þar við nema um það bil klukkutíma. Ferðin tók samt fimm daga, því ég varð veðurtepptur á Akureyri. Það er eitt hrútleiðinlegt pláss. Þó gat ég setið þar fimm tíma á bókasafni, fyrst á Amtsbókasafninu (sem er ágætt nafn og sýnir að þessu leyti að þeir séu góðir þar nyrðra) og frá kl. 7-10 á Ameríska bókasafninu. Ég fékk af mér að særa eilífðina með því að fara í bíó. Þar var frumsýning og einn borgarinn, sem var á undan mér að kaupa miða, sagði: *Fröken, ég á víst frátekin hér fjögur billett.*

Ég ætlaði að fara á þann þjóðkunna bar á KEA. Þegar ég spurði um það hrópaði þjónustustúlkan til hóteltjórans: *Siggi! er barinn opinn? Nei*, var svarið, *ekki í dag!* Ég fór svo og fékk mér brennivín með matnum og til að kæla það setti þjónustan ísmola út í.

-- Seinna um kvöldið kom ég svo aftur þangað og var þá tóm, utan hvað Jóhann Víglundsson¹ var þar með skemmtilegt parti og sagði gamansögur við mikinn fögnuð gesta sinna. Samkvæmt tilburðum fjölluðu sögurnar að mestu leyti um lögregluþjóna, fangaverði og fangelsislækna. Kvöldið áður ætlaði ég að líta þangað inn. Þá tók á móti mér valdsmaður, útsmíðari hússins með fjandskap í augum og sagði: *Þetta er privat selskab*, með áherslu á síðasta atkvæði. Kostulegur lítill danskur bær. Svo það var þvældur maður og þreyttur sem kom í bæinn. --

Við biðjum að heilsa litla Rósinkrans² í rauðu treyjunni.

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsdóttur Bergström. Rvík, 22.12.1963.

-- Þá fær maður að njóta jólanna hérna,³ en dálítið var erfitt að kveðja Tjarnargötuna, sérstaklega fannst mér að nú væri ég að bregðast mömmu. Þetta hefði hún ekki gjarna viljað. --

Nú flyt ég í húsið sem Geiri keypti handa okkur og hér er indælt að vera. Þú sagðir það líka strax þegar þú heyrðir um breytingarnar hjá mér, og ég vona að allt blessist hér hjá mér, að ég nú ekki tali um hvað það er dásamlegt að hafa Eggert og Sirrí með litla Ásgeir svona nálægt sér, og þó alveg út af fyrir sig.

Ég hef verið mjög ódugleg að skrifa í vetur -- vegna flutninga og viðgerða á íbúðinni -- þess í stað hef ég tekið mér kúst í hönd, sópað og ryksugað.

Þá ræðir hún verkfallið, öryggisleysi og slæmt ástand hjá fólki sem er að byggja af litlum eignum. Léleg verslun, eins og allt hafi lamast. Ekki aðeins er neðansjávargos heldur ólga í þjóðfélaginu og öryggisleysi. Treysti hún sér ekki til að heimsækja Pál um jólin.

¹ Jóhann Víglundsson (1940-89) einn Breiðuvíkurdrengjanna sem illa fór og varð skammlífur eins og fleiri úr þeim hópi. Hann komst oft í kast við lögin; varð landsfrægur, ef rétt er munað, fyrir strok frá Litla-Hrauni.

² Háðsyrði um blessað barnið Árna Geir. Hólmfríður var skírð Rósinkrans eftir uppeldismæðrum ömmu sinnar.

³ Friede var þá flutt að Bergstaðastræti 69, 1. hæð.

1964

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 20.1.1964.

Segir af heimilinu og þakkar. Ásgeiri litla fer fram eftir hálsbólgu.

-- Annars getur maður varla talað um hann því svo mikið ber Helgi Briem Magnússon af öðrum börnum. Við vorum í skírnarveislu á föstudaginn þegar yngri drengur Álfheiðar Sylvíu var skírður Páll Briem Magnússon.¹ Hann er voða gáfaður líka, sagði Doris.

Annars er skýringin með Helga Briem Magnússon, sem skilur fullkomlega ensku: *Við höfum alltaf skilið hvort annað svo vel*, enda skýringarnar komnar; hlaut að vera að hann hefði ekki gáfurnar frá foreldrunum, nei, áður en Doris vissi hvað komið var undir þá dreymdi hana finan Breta, sem sagðist vera í fjölskyldu hennar. Hún efaðist um það, þar sem hún þekkti hann ekki. Þá svaraði Bretinn: *But you soon will*, og svo kom Helgi Briem grenjandi og þá vissi Doris allt. Hann hefur sem sé grenjað á ensku, sem perfekt séntilmaður.

Annar af hinum mörgu glæsimum í ættinni er Gunnlaugur Skúli Eggertsson.² Hann er í fyrsta bekk Verslunarskólans, reykir bæði pípur og vindla. Hann segir það vera svo gott fyrir astmað. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 11.2.1964.

Er að undirbúa heimsókn til Páls í Árósum, segist ekki ætla að vera í Khöfn. Sirrí bjargar skrifstofunni, þó hún geti ekki tekið mikla vinnu á sínar herðar.

-- Ég var að halda boð hér um daginn. Voru það kunningjakonur mínar úr Kvennaskólanum -- Ég lagði á bor fyrir átta kvöldið áður, til að flýta fyrir mér og kom það sér vel, því ég hafði mikið að gera daginn sem boðið var -- gat ekki komist til að búa til matinn fyrir en kl. 5 -- Svo komu gestirnir. Hvað heldurðu að hafi skeð. Þeir voru fleiri en ég bjóst við, því ég hafði gleymt að telja sjálfa mig!

Maður skyldi ekki ætla að ég hafi verið húsmóðir í 37 ár. Ég varð að troða níu við borðið, þó alls ekki væri pláss -- Þetta var dálítið óþægileg uppgötvun,, ekki síst þegar ég á enga borðstofustóla. Boðið var nú samt velheppnað, stólar lánaðir uppi og Sirrí kom eins og frelsandi engill og hjálpaði mér. Maturinn nógur og kokkteilarnir voru gerðir sterkari og öll ráð notuð til að láta ekki bera neitt á mistökunum. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 25.2.1964.

Þakkar hjartanlega gott bréf.

-- Lítið man ég hvað í því stóð -- nota tækifærið hér á skrifstofunni til að skrifa þér. Ég fór hingað til að vinna smáverkefni en komst í slíkt óskap að ég má til með að hressa mig svolítið með því að ganga á vit þér. Lífið gengur senn óvenjulega vanagang. Ásgeir heldur uppi húmornum -- Maður er á eilífu rápi með hann úti í göngutúrum, sýnir honum skepnur og tól, honum til fræðslu og uppbyggingar og hvað mig snertir verð ég alveg ógurlega þreyttur að sitja með honum í herbergi og leika við hann; hann réttir mér, ég rétti honum, byggja og fellaleikur sækir mjög á svefnstöðvarnar. Líka er *sagan um bláu könnuna* orðin útslitin, en því miður rifur Ásgeir aldrei neina bók, svo ekki býst ég við að kannan skemmti mér með fjarveru sinni. Allt annað sem hann gerir er mjög skemmtilegt.

Við fórum í Fákshúsið í dag til að heyra hesta frísa og sjá þá borða og klappa þeim. Það var gaman. Svo sáum við Sigga í Síðumúla sem bað að heilsa Palla, það var gaman. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almqvist. Rvík, 2.3.1964.

Óskar honum til hamingju með glæsilega frammistöðu við doktorsvörn sína. Segist koma til Stokkhólm og muni líta til fjölskyldunnar dagstund.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 3.3.1964.

Sendir kveðju vegna afmælis Árna Geirs.

Við vorum að koma (upp) frá mömmu en hún hélt smá stórveislu í tilefni dagsins. Bauð hún okkur, Dídí og Pálfríði³ og var það mikið grín. Best skemmti Ásgeir sér, enda tróð hann óspart upp með nýjustu kúnstina,

¹ Helgi Briem Magnússon (1962) líffræðingur og Páll Briem Magnússon (1964) húsasmíðameistari, synir Álfheiðar Sylvíu Briem og Magnúsar Pálssonar.

² Gunnlaugur S E Briem (1948), leturfræðingur, bús ettur lengi í Kaliforníu og síðar á Baskalandi á Spáni þaðan sem kona hans er.

³ Pálfríður Helgadóttir (Fríða frá Herru) (1893-1976) frá Herriðarhóli, vinkona beggja fjölskyldnanna, Sigríðar og Eggerts.

það er að gefa *honnör*, eins og *de Gaulle*. Enda er það óneitanlega hlægilegt að sjá hann og ekki síst fólkið sem horfir á hann. Það dáist að barninu sem er farið að gefa sig í alþjóðapólitík. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. Risskov, 22.3.1964.

Segir frá erfðleikum og töfum á ferðinni til Danmerkur. En margt var gert fyrir samferðafólkið og því sýnd Glasgow. Svo var komið um nótt til Hafnar, gist þar og enn haldið út á Kastrup, þá varð enn bilun, nú í Árósavélinni.

-- var mér fagnað stórkostlega af öllum -- Árni Geir er hreinasti gimsteinn, óskaplega fjörmikill og glaðlyndur og hleypur alltaf hraðar en hann getur, svo mörg eru skakkaföllin. -- Heimilið herna er alveg sérstaklega skemmtilegt og notalegt --

Leggur eindregið til að Sigríður og Eggert komi í heimsókn meðan fjölskyldan býr í Risskov og segist munu passa Ásgeir á meðan.

-- Hér hætti ég og verð að bæta því við að ég er full þakklætis yfir því að þið skylduð taka við skrifstofunni, svo ég gæti farið þessa; ég nýt þessa ótrúlega ævintýris að vera hér á heimili Palla og Díu, hér er maður frjáls, en þó umvafinn hlýju. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Friede P. Briem. Rvík, 25.3.1964.

Kæri fyrrverandi framkvæmdastjóri! Við Ásgeir voru heldur en ekki spennt í morgun þegar bréfið þitt kom inn um rifuna. Ég las það upphátt fyrir hann, en hann var ekki eins hrifinn og ég. Það er gaman að heyra hvað allt er skemmtilegt og vel lukkað. Það má segja það sama hér. Ég er alveg rígmontin yfir stöðunni og ég tala nú ekki um Ásgeir. Sá er nú í essinu sínu að mega vera *niðri hjá ömmu*, en finnst samt skrítið að engin amma er. Hann kallar oft: *amma, amma* í eftirvæntingatrón, en enginn svarar. Hann tekur mjög vel á móti kunnunum okkar og reynir að halda þeim uppi á snakki sem mest hann má. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Rvík, 28.3.1964.

-- Það var sannarlega breyting þegar þú fórst og skrítið að vera nú á tveim hæðum -- að vísu er allt í hers höndum og á tjá og tundri þegar ég kem heim. Ásgeir fer öllu sínu fram þegar móðernið hamast við skrifstofustjórna.

Skrifstofan gengur ágætlega, verkefnin koma og fara og peningakassinn að verða of lítill. Bókhald er allt í besta lagi og engin sjóðpurðarfrétt væntanlegt. Öðru máli gegnir um blokkúsúkkulaðið sem þú slysaðist til að skilja eftir og gleymdir að læsa niðri. --

Öll verkefni sem hingað til hafa komið eru mjög vel viðráðanleg, þar er stöku útboðslýsing, bréf og plögg fyrir Lárus Jóhannesson o.s.frv. Þetta gengur alveg ágætlega. Meira að segja eru reikningaskriftir látnar ganga fyrir ýmsu. Þegar þú forðast þær þá þykir Sirrí þær skemmtilegastar.

Það liggur sem sé ekki á að þú komir heim -- Það er reglulega gaman að komast inn í skrifstofuhaldið, en til þess að svo megi vel verða þá máttu til með að halda þér burtu eilítið lengur. --

Ásgeir er hættur að kalla á ömmu sína þegar hann fer hjá dyrum fyrstu hæðar. Hann var mikið hissa þegar ég lyfti honum upp í gluggann í skrifstofunni og sá þar mömmu sína! --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Risskov, 27.3.1964.

Afmæliskveðjur til Þórdísar. Segir frá bíltúrum til Himmelbjærget og Æbeltoft, fallegum og skemmtilegum stöðum. Kristín Kjartansdóttir frá Bakka býr líka hjá Páli og Díu. Þá segist hún munu hitta Zontavinkonu sína Bodil Willemoes, sem kom henni á sínum tíma inn í vandamál heyrnarskertra barna. Þá hittir hún dr. Bentzen út af sama máli.

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Rvík, 28.3.1964.

Segir frá rekstri fyrirtækisins og þeirra eigin athöfnum, málverkasýningum og óveðri.

-- Vil leituðum í sæluhús á Smáragötu og þar hófst mikið fjör sem stóð til kl. sjö þegar svefntími ýmissa var kominn. *Jag är lika visse*¹ eins og páskaliljurnar í garðinum. -- nú er ritvélin mín úr lagi gengin og ég verð að slá botninn í þetta því Sirrí er að skrifa fyrir Lárus Jóhannesson.²

Þú ert ekki að þiggja neitt hjá okkur. við munum sannarlega láta þig borga í fríðu samkvæmt eigin taxa. Þetta er ekki hótun heldur verslunarviðskipti sem báðir græða á, sérstaklega annar!

¹ Hér er skírskotun til þess fræga sænska revúhöfundarins Povel Ramel. Þýðir eiginlega að maður sé þunnur.

² Lárus Jóhannesson var hæstaréttadómari um skeið.

Við höfum það stórkostlegt. Skilaðu kveðju til allra og kysstu frá okkur ef þig langar mjög mikið til. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. Risskov. 1.4.1964.

-- Hitti dr. Bentzen í gær og tók hann mér með þeim ágætum að hann býður mér heim til sín kr. 7.30 í kvöld og Palla og Díu líka. Ég talaði lengi við hann og í hvert skipti sem ég stóð upp til að kveðja, þá sagði hann: *Nej, jeg er ikke færdig endnu*. Maður er hræddur við að tefja þessa menn of mikið, en hann vildi láta mig kynna ymsum þarna sem að gagni mættu koma fyrir okkur heima. --

Ég er búin að ákveða að kaupa húsgögn hér, leit ekki við nema ódýrari klassanum, þveröfugt við heim, þó ekki samt það alóðýrasta.¹ -- Nú hætti ég fulla þakklætis til ykkar hvað þið gerið fyrir mig. -- Vona ég að þessi dagur verði ánægjulegur hjá henni í alla staði.²

Fór líka á leiksýningar og listsýningar.

Friede P. Briem skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Risskov. 1.4.1964.

Merkilegt bréf, fyrsta bréfkortið sem Ásgeir fékk, rúml. eins og hálf árs. Með mynd af spaugilegum hundi.

Elsku Ásgeir minn!. Ég má til með að skrifa þér nokkur orð til þess að segja þér fréttir úr Danmörku. Árni frændi þinn er feiknarlega skemmtilegur og duglegur strákur, en gott væri ef þú gætir kennt honum ýmislegt sem þú kannt. Hann kann að fara upp stigann, en veit ekkert hvernig hann á að komast niður aftur, en það kannt þú. En hann er undrandi á mörgu sem hann sér og segir þá: ne-ei-- en hann kann ekki að segja amma, þó hann kunni margt að segja annað. Nú er að koma gott veður og hlýja, svo snjórinn er allur að bráðna og þá koma blómin í ljós, alla vega lit.

Vertu blessaður og líði þér vel og líka pabba og mömmu. Þín elskandi amma.

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsd. Ólafs. Rvík, 16.4.1964.

-- Mikið er gaman að líta til baka þegar maður á góðar minningar, og á ég þá við dagana sem ég dvaldi hjá ykkur. Það var óviðjafnanlegt hvað mér leið vel. -- En gaman var líka að koma heim, öllum leið vel, glaðir og hressir og alveg frábærlega gott allt sem Sirrí hafði gert fyrir mig. Hún er hreinasti kjörgripur, fær í öllu sem hún gerir, samviskusöm og allt gerir hún með stakri ánægju. --

Talaði við Diddu tengdadóttur Helgu, Ólaf son hennar, Soffíu konu hans og Kristínu systur hennar og bar þeim kveðjur.

-- Alls staðar leið vel og verulega ánægjulegt að eiga þessi samtöl við þau; manni finnst aldrei að hægt sé að hringja nema maður eigi eitthvert erindi. Það er nú bara vitlaust. --

Annars er erfitt hjá Rúnu, því Haukur er kominn austur. Fór hún í fyrsta sinn að heimsækja hann 5.4., en þann dag var Teitur Gústafsson fermdur, svo hún var ekki í veislunni, sem var hádegisverður. Stína³ sagði mér að hún hefði komið til þeirra um kvöldið; geta má nærri að það var ekki skemmtilegt.

Aldrei gleymi ég, Helga, þegar við fórum austur með Stefáni og Ásgeiri; það nærri sótti að manni á eftir, svo átkanlegt var það.⁴ --

Sirrí langaði svo til að fá sérstaka gönguskó (*fodform*) og bað Díu um að kaupa þá fyrir sig. Mátti ég leyfa Díu að senda þá til þín, svo hægt væri að koma þeim heim um leið og hjólinu. Á pökkunum á að standa: *Stewardess Helga Pálmadóttir, c.o. Emil Guðmundsson, Loftleiðir, Kastrup flyveplads*. Ég veit að þetta er mikil fyrirhöfn, en þú gerir mér stórkostlegan greiða með því að koma þessu fyrir mig. --

¹ Hún festi kaup á borðstofuborði sem hún átti eftir að halda marga veislu við, ásamt hjólaborði, og kannski einhverju fleiru.

² Afmælisdagurinn var haldinn hátíðlegur hjá Þórdísi í íbúð hennar á Reynimel. Var hann eftirminnilegur þar sem Helgi bróðir hennar las alls konar fréttir úr Morgunblaðinu og sannfærði alla viðstadda um að þær væru allar apríl-gabb!

³ Kristín Guðmundsdóttir frá Móum, systir Rúnu, gift Gústavi Pálssyni borgarverkfræðingi.

⁴ Þeir félagarnir Stefán Jóhann Stefánsson og Ásgeir Guðmundsson áttu erindi að Litla-Hrauni og fengu konur sínar með sér. Þá vildi svo illa til að þau rákust þar á frænda Friede, Ísleif Briem, sem hafði lent í klandri. Þetta var þekkt mál á sínum tíma og sagt að Ísleifur hefði orðið illa úti í starfi fyrir Björn Björnsson, sem slapp til útlanda og komst til metorða. En skömmin fylgdi Ísleifi. Þetta er sagt eftir minni, án neinnar rannsóknar.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 15.5.1964.

Segir frá undirbúningi komu dr. Bentzen og ýmsu í sambandi við Zonta og Barnaverðarfélag Reykjavíkur.

Þá segir hún frá undirbúningi að ráðningu hjúkrunarkonu við barnadeildina í Heilsuverndarstöðinni, sem Zonta gæti sent utan til hjálfunar.

Ingibjörg Eggertsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Síðumúla. 24.6.1964.

-- Elsku pabbi minn! Ég þakka þér innilega fyrir afmælisgjörfina. Það var voða gott að fá töskuna því að mig vantaði eitthvað undir dótið þegar ég fer eitthvað. Ég er oft á hestbaki. Ég fór með Steina þegar hann fór að gá að kindum. Við krakkarnir förum alltaf á sárstakan hest til að ríða á en sá hestur heitir Blesi, hinir hestarnir eru viljugir og við getum ekki ríðið þeim en þeir heita Vippi og Rauður. Það eru tveir heimalningar hérna. En mömmurnar eru hjá þeim. Önnur rollan er spök en önnur rollan er stygg og annað lambið er hrútur og hann er spakur. Spaka rollan á hrútinn en hin rollan sem er stygg á stygga gimbur en hún er ekki stygg við mömmu af því að hún gefur henni. Hrúturinn er með sár á löppunum og mamma þrjónaði handa henni sokka og síðan líður því miklu betur. Mamma gefur þeim 5 sinnum á dag.

Það eru 2 ungapúttur og ein að liggja á. Það eru 14 beljur, 2 kálfar og 2 kvígur.

Jæja pabbi minn! nú veit ég ekki hvað ég á nú að segja meir. --

Nú er komin 5 júlí.

Þess vegna ætla ég að segja þér það sem hefur skeð síðan. Til dæmis ætla ég að segja þér þegar ég rak á fjall. Það var fenginn lánaður hestur handa mér í Norðtungu og hann var hvítur og latur. Það fóru 10 manns uppeftir. Það fóru til dæmis: Eyjólfur, Bergur á Laugarási og Siggvi vinnumaðurinn sem heitir Sigurður, Ingibjörg á Fróðastöðum, Ási á Högnastöðum og svo ég. Viltu sína ömmu bréfið og þú skalt sjá hennar bréf. Vertu blessaður aftur.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 16.7.1964.

-- Þakka þér fyrir bréfið og að þú skyldir ekki skamma mig -- Þú getur ekki trúa hvað mikið annríki hefur verið hér, bókstaflega hef ég aldrei afkastað jafn miklu og undanfarið, svo það hefur ekki verið um annað að gera en sofa og hvíla sig, láta allt veltast áfram, án bréfaskrifta.

En mér líður sannarlega vel. Ég er búinn að fá dásamlegan pall hér fyrir utan og hurð út í garðinn frá skrifstofunni. -- Nú situr Sirrí og vélritar úti á pallinum -- en því miður hefur ekki oft verið veður til þess.

Gamanvar hversu vel allt tókst með komu dr. Bentzens hingað, mér þótti svo gaman að vera með þeim, hann er svo frjálss og gamansamur, svo við Auður (Proppé) nutum þessara dagan. Nú er é að fara í frí og þarf að koma miklu frá áður en ég fer.

Hér var landfræðiráðstefna í Háskólanum og fjölritaði ég mikið fyrir hana, þeir höfðu starfsfólk í háskólanum sem skrifað jafnóðum samþykktir og tillögur á frönsku og ensku, en ég fjölritaði, hefti og hamaðist. Elektroxinn kom að góðu gagni, því allt hefði farið í hönk ef hann hefði ekki verið í gangi.. Stóðst allt hjá mér. Ég tók 56 elektrostensla fyrir þá og bæði fékk ég mikla æfingu með vélina og líka var þetta vel borgað, 120 kr. fyrir hvern stencil, sem tekur 15 mín. að rita á.

En þessa sömu viku voru Eggert og Sirrí í sumarfrí, svo Ásgeir var hjá mér, svo allt lenti á sama tímanum. En allt gekk þetta vel og mikil ánægja. Hann er augasteinninn minn, en ólíkir eru þeir frændurnir, hann og Árni Geir. -- Árni er fjörmesta barn sem ég hef þekkt, sannakallaður sputnik. En ég veit að aldrei má af honum líta, því hann er svo snar í snúningum að finna sér nýjar hættur og prófa þær. Ásgeir gælir við fuglana hér í garðinum, gerir sig lítinn og segir *halló* við þá þeir eru ótrúlega spakir, þó hann komi nærri þeim.

Ég var í 45 ára stúdentsafmæli bekkjarbræðra pabba þíns, skemmti mér feikn vel, og voru þeir svo iðnir að sveifla mér í dans að ég fékk harðsperrur. Þó er sá elsti, Ingólfur Jónsson lögfr. 72ja ára en sá yngsti Emil Jónsson 62 árs. Þeir ergja sig en yfir að ég skyldi vera burtu á 40 ára stúdentsafmælinu, en þá hélt Emil veglega veislu í Ráðherrabústaðnum, og ég í útlöndum. Það er gaman að verða gamall!

Eggert og Sirrí fóru til Vestfjarða með Ólafi Thors og Jójó, fengu lánað stóra tjaldið hans Helga. Þó veðrið væri ekki upp á sitt besta var það sæmlegt og skemmtu þau sér vel.¹

Eggert Ásgeirsson skrifar Árna Waag.² Rvík, 17.7.1964.

-- Allt í einu vaknar maður upp við vandan draum að heimkoma þín sé yfirvofandi. Eitthvað verður að aðhafast til að fá henni slegið á frest sem lengst. Til þess verður að fara að með gát og láta þig ekki finna annað en að maður vilji þér sem best því byrjar maður á nýjan leik:

Háttvirðandi elskulegi herra. Nú þegar eftirlit hefur leitt í ljós að þér eruð á heimleið er nauðsynlegt að gera eftirfarandi endurbætur á heimferðaplaninu.

1. Þér dragið heimkomuna svo sem verða má. **2.** Þér skemmtið yður svo sem samviskan leyfir. **3.** Þér heimsækið alla þá vini í útlandinu sem þér eigið óheimsóttu.

Framkvæmd þessara fyrirmæla skal ekki ljúka fyrr en eftir langan tíma.

Þetta tilkynnist yður; Eggert Ásgeirsson (eftir engu umboði)

Jæja. Þetta er ekki bara grín. Þú verður að taka þetta í alvöru. Vona þú hafir það gott og vaxir af visku og fróðleik með hverjum degi. Hafir sé af landinu mikið og að bráðum stytta upp.

Við höfum það takk bærilegt. Hér blæs af ýmsum áttum. Maður veit ekki hvaðan blæs þennan daginn fremur en hinn og sama má segja um söluturnareglurnar. -- Ég er rétt kominn úr velheppnuðu sumarfrí til Vestfjarða. -- Vona að þú hafur skrifað mikið -- Kveð og hlakka til að sjá kauða! --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 20.7.1964.

Heillakall! -- Þakka hjartanlega fyrir ágætt bréf frá því ég veit ekki hvenær. --

Segir frá fjölskyldunni, væntanlegri fjölgun. Horfurnar að verða á undan þeim Páli og Díu eru ekki góðar.

¹ Reyndar var skítakuldi og rok svo mikið að tjaldið fauk um koll. En ekki allan tímann.

² Árni Waag (1925-2001) var mjólkurfræðingur og síðan heilbrigðiseftirlitsmaður í Rvík. Hann var ráðinn með skilyrði um nám í heilbrigðiseftirliti sem hafði verið framkvæmt hjá *Statens Institut för folkhälsan* í Svíþjóð. Hann fékk að gera það þess í stað í Svíþjóð. Varð þekktastur sem fulgafræðingur og kennari í þeirri grein síðar í Kópavogi. Hann varð tengdafaðir Árna Geirs Pálssonar sem kemur hér oft við sögu, sonur Páls Ásgeirssonar.

-- Ásgeir dafnar vel og er mikið fyrirmyndar barn, að vísu ekki eins mikið stórveldi eins og Árni Geir virðist vera samkvæmt lýsingu hins stolta föður, en ágætur fyrir okkur þetta rólynda fólk. -- Ásgeir hefur þroskast og vaxið að áræði síðasta mánuðinn eftir að við fengum stelpu til að gæta hans -- og hittir þá marga krakka og lærir að umgangast þá.

Segir frá tjaldferð með Jóhönnu og Ólafi B. Thors um vestfirði.

-- Við heldur flýttum okkur næturstaða milli, settum tjaldið upp og fórum svo í ferðir á einum bíl. -- Þetta er merkilega góð aðferð. Nógur tími til að hvíla sig á hinum og jafnvel tala illa um, ef skapið er þannig. Þau voru mjög góðir ferðafélagar, ekki mjög ráðrík, þannig að ég gat flestu fengið að ráða, ekki mjög upplögð, þannig að ég gat porað þau upp. Þetta átti við mig. Eins og þú manst er öllu erfiðara að hafa það hins vegar. En ég hef skánað soldið.

Nú er mamma farin í sams konar ferðalag. Nokkuð finnst mér það í erfiðara lagi fyrir hana, en það dugir ekki að halda aftur af fólki. --

Um aðra kafla sumarleyfisins er það að segja að ég verð að taka frí í byrjun ágúst, en þá er Norðurlandafundur Rauða krossins, og ég þarf vist að vera eitthvert selskapsdýr þar, mér til skemmtunar. Ég held ég sé að komast í alltof margt.¹

Við unnum hér á vinnustaðnum mikinn sigur þegar okkur² tókast að breyta vinnutímanum, færa hann fram til 8.30, með hálf tíma í mat og fara heim kl. 4. Ég hef eiginlega aldrei farið heim svo snemma, hef alltof mikið að gera og fæ lítið borgað fyrir. Enda vin ég ekki fyrir neinn mun sleppa verkum sem ég er í, þau skemmta mér svo mikið. Gallinn er bara sá að geta ekki verið eins mikið heima og æskilegt væri. --

Við gerum ekki víðreist, meira en orðið er, því við erum í samkeppni við ykkur að basla við að fjölga þjóðinni -- áramótin eru áætluðardagurinn. --

Ásgeir dafnar vel og er mikið fyrirmyndar barn, að vísu ekki alveg ein mikið stórveldi og Árni Geir virðist vera samkvæmt lýsingu hins stolta föður, en ágætur fyrir okkur, þetta rólynda fólk. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 26.7.1964.

Segir frá að gaman hafi verið að koma heim, fá bréf frá honum, garðurinn í blóma og allt vel hirt og slegið.

Segir frá viðburðaríki 1600 km. ferð, hennar og Þórdísar, um Vestfirði. Látrabjarg með Ásgeiri vitaverði. Allt gekk vel og aldrei sprakk dekk. Landslagið stórkostlegt og æfintýri allsstaðar og skemmtilegt fólk, flækingur á ferjunni um Ísafjarðardjúp, eins og gengur. Hér er eitt af mörgum dæmum.

-- Ásgeir vitavörður á Látrabjargi var hinn skemmtilegasti, sagði okkur rammar draugasögur og kveikt á vitanum fyrir okkur. Þegar við komum heim að bænum var ekki við annað komandi en að koma heim og þiggja kaffi, og beið okkar þar hið dýrðlegasta veisluborð sem ég hef augum litið. Smurða brauðið skreytt eins og á sýningu í húsmæðraskóla, terta og alls kyns kökur. Á meðan við gæddum okkur á þessu var talað og talað. Var orðið talsvert framorðið þegar ég lagði af stað frá bænum. Svo var ekið sem leið lá niður á Patreksfjörð og var ekki laust við að gestgjafar okkar væru fegnir að sjá okkur. Ég fór líka til Tálknafjarðar og Bíldudals, þar sem við skoðuðum kirkjuna, vorum svo heppnar að hitta prestinn, séra Sigurpál Óskarsson, sem sýndi okkur alla hökla og gripi kirkjunnar og var hinn alúðlegasti.

Næsta dag fórum við yfir Kleifaheiði og til Þingeyrar, en þar sáu við ekkert fyrir svartapöku, mikinn hluta leiðarinnar, en sem betur fer birti þannig að maður gat að minnsta kosti séð veginn. Þar gistum við í mjög gömlu húsi, sem minnti helst á bæ Cillu, Lækjarkot, að vísu var þarna ekki skellihurð með lóði, eins og þar,

¹ Rauðakrossfélögum Norðurlanda hafði eftir langa mæðu tekist að þvinga/lokka Rauða kross Íslands til samvinnu og að halda fund þeirra í fyrsta sinn á Íslandi. Þeir voru illa í stakk búni, nýbúnir að reka rétt einn framkvæmdastjórnann, ekki beint klárir í Norðurlandamálum og treystu sér illa í skipulag eða að setja sig inn í mál. En þetta varð til sóma og ég komst í kynni við alla helstu forystumennina á Norðurlöndunum og Henrik Beer, frkvstj Alþjóðasambands R.K.

² Ég var þá í stjórn og samninganefnd Starfsmannafél. Rvíkurborgar. Mikið höfðu menn öfundað opinbera starfsm. á Norðurlöndum fyrir stuttan vinnutíma. Fór ég af stað og kynnti mér málið og tók mig svo til og reyndi að finna leiðir til styttingar. Þar munaði mest um langan hádegismatartíma og eftirmiðdagskaffi o.fl. Með því að skera af og breyta kom þessi tími út úr samkomulaginu, þó að mig minnr til 16.20 eins og enn mun víðast. Þó tókst ekki meira en þar hefði munað miklu ef hægt hefði verið að taka upp norska aðferð að menn kæmu með matarþakka og borðuðu við skrifborðið, þannig að ekki þyrfti að vera hlé á afgreiðslu. En það tókst ekki. Svo virðist sem vinnuveitendur opinberir hafi misst þann hluta þakans að sleppa öllum kaffiskenkingum og töfum í því samband fyrir og eftir hádegis. Sparnaðurinn fór líka út í verður og vind þegar í hverju opinberu húsi var sett upp mötuneyti til að fita fólk og tefja; og auka útgjöld. Minnisstætt var að sitja einn við fornlega reiknivél og finna út besta vinnutímann.

heldur lúga með allskyns snerlum til að snúa og halda lúgunni uppi, snarbröttum stiga og klósetti svo litlu, að feitur maður hefði áreiðanlega þurft að hafa opinn gluggann og hurðina, til þess að geta athafnað sig. Um nóttina gerði stólparkok, svo veggurinn, sem dývaninn minn stóð undir, lagðist ofan á mig með miklu ýlfri og ólátum, fyrir nú utan hvað allt hristist og skalf. En ég flutti mig frá þessu fjörmikla vegg, tróð bómull upp í eyrun og sofnaði síðan. Næsta morgun vaknaði maður í logni, og þegar við kvöddum staðinn birti til og þann dag allan fengum við sólskin og besta veður. Fórum þá bæði til Flateyrar og Suðureyrar, og komum til Ísafjarðar í sól og logni.

Þar gistum við á lúxushóтели staðarins, Mánakaffi, og var það verulega gott, fallega búið húsgögnum, löðrandi¹ í teppum hlýtt og notalegt. Þar vorum við í besta yfirlæti í tvær nætur. Notuðum við daginn til þess að fara til Súðavíkur, Hnífsdals og Bolungavíkur. Var ógleymanlegt að koma á þessa staði.

Bolungavík ber þó af öllu, atvinnulífið blómstrar og húsin hans Einars Guðfinnssonar² setja fallegna og þrífalegan svip á bæinn, öll hvítmáluð og gluggar og hurðir blágrænar að lit. Nóni³ er þarna bæjafógeti og kann vel við sig.

Frá Ísafirði tókum við Fagranesið⁴ og ætluðum að skoða djúphafnirnar, sem voru margar eftir áætluninni, en hún ræður engu, heldur fer báturinn bara inn á þær hafnir sem fólkið þarf að komast til, og því komum við aðeins að Eyri í Seyðisfirði, síðan til vigur. Í land fórum við í Ögri. Stóð vel á sjavarföllum til þess að koma bílnum í land. Var sannarlega gaman að koma þar í land, því náttúruvegurinn er mikil, fuglalíf og firn af selum. Þarna voru heilar fjölskyldur, kópar og fullorðnir selir í flæðarmálinu rétt við veginn. Byggð er þarna mjög strjál og mikið af eyðibýlum. Þessir fáu bændur sem þarna búa hafa ekki einu sinni aðstöðu til að nýta hlunnindin vegna mannfæðar. Það setur ömurlegan svip á að sjá öll þessu hrörlegu hús, skæld og snúin, túnin óslegin og allt niðurnítt.

Næsti næturstaður var svo Bjarkarlundur og vorum við þá búnað að fara hringinn, haft mjög skemmtilega ferð og var ég heilluð af stórfengleik náttúrunnar. En ógjarnan vildi ég samt búa þarna, því víða er innilokað og einangrað, og það ætti ekki vel við mig.

28.7. Ég lauk ekki þessu tilskrifti. Síðan er ég búin að hafa gesti, vinna og tala í símann og í dag hef ég setið úti á palli með Sirrí og höfum við verið að lesa saman. Sólin hefur skinið, Sirrí frískleg og ég freknótt og rauðblesótt.

Í kvöld skruppu Eggert og Sirrí út úr bænum. Eggert þurfti að fara með sýnishorn af pöddum til Geirs Gígju og ég sit hér og hef opið ef Ásgeir skyldi vakna. Er það framúrskarandi þægilegt. --

Hélt veislu fyrir E+S, Helga og Dorisi, Hildu og Theodór í lax sem Kristín Steffensen hafði gefið henni, en Jón Steffensen hafði veitt hann.

-- Nú er Siggí Líndal orðinn hæstaréttaritari og er ánægður yfir því, þó hann hafi alls ekki verið óánægður með fulltrúastöðuna, var hann búinn að fá sig fullsaddan af að vera alltaf að skilja hjón. Nú verður hans fyrsta verk að setja Ásgeir forseta inn í embættið, en sú athöfn á að fara fram 1. ágúst. --

Alfa og Hans ætla að flytja í Tjarnargötuna og verða uppi á lofti og hlakkar mikið til, ekki síst börnin sem fá sín herbergi.

Þá heimsóttu þau Steinunni Briem sem býr í kjallaranum hjá foreldrunum á Sólvallagötu þar sem hún hefur skemmtilega íbúð. Hefur góða vinnuadstöðu og nýbúin að fá launahækkun hjá Vísi. -- Skilnaðurinn kominn í lag en því miður enn ósætti milli fjölskyldna Eggert og Helga.

-- Þó hafa bræðurnir hist en mágkonurnar ekki. -- Það er einkennilegt að öll þessi andlegheit skuli ekki verða meira að liði í praxis. En Eggert bróðir virðist samt geta þegið stórgreiða af Helga, sem alltaf er boðinn og búinn til að hjálpa honum í þessum vandræðu sem Eggert hefur steipt sér út í með þessari byggingu; það finnst mér undarelgt ósamræmi -- ekki nógu hrein reiði --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 26.4.1964.

Segir vorfréttir af garðvinnu og gróskumiklum plöntum. --

¹ Þetta orð, löðrandi, var uppáhaldsorð þeirra systra.

² Eftir því sem mig minnir heimsóttu þær ekki Einar frænda okkar, og voru þau hjón eyðilögð út af því, þegar við Sirrí sögðum þeim frá því þegar við heimsóttum þau síðar.

³ Þetta var Jón Tómasson (1931-2016), frændi okkar, síðast ríkislögmaður, hvað sem það nú er!

⁴ Merkilegt skip Fagranesið sem hafði verið Flóabátur milli Rvíkur og Akraness, en þegar Laxfoss om varð það flóabátur á Ísafjarðardjúpi. Mikilvæg samgöngubót þegar ekki var kominn vegur um Djúp. Vort bílar hífðir um og frá borði, en eins og kemur í ljós, og við reyndum líka litlu fyrir, þjónaði fólkinu en ekki ferðamönnum.

-- Ég tók þetta blað vegna þess að ég ætlaði að fara að punkta niður það helsta sem á að taka fyrir á aðalfundi Zonta -- Ég reyni að láta konurnar sem með mér eru í stjórn taka sem mest af mér, en eitt verð ég að gera sjálf, það er viðvirkjandi heyrnarhjálpinni. Ég get ekki skilið að ég skuli alltaf róta mér út í einhverja vinnu, sem ég þyrfti ekki að gera. Jæja, ef allt gengur vel, verður þetta kannski eitthvað til góðs. -- Ég er búin að hugsa þó nokkuð mikið síðan ég kom heim g árangurinn af þeirri hugsun var sú að ég talaði við dr. Matthías Jónasson, sem er formaður Barnaverndarfélags Reykjavíkur og Íslands. Tók hann mér mjög vel, fór með plögginn til að lesa þau. Það gekk svo vel að hann hringdi til mín eftir tvo daga, vill ólmur standa að því með Zontaklúbbum að bjóða dr. Bentzen hingað til fyrirlestrarhalds. Þakkar hann mér fyrir að koma þessu á framfæri. Nú er það næsta að leggja þetta fyrir aðalfund Zonta -- Okkur datt helst í hug að fá dr. Bentzen hingað fyrri hluta júní, þá eru ýmis þing hér, sem þetta gæti átt erindi til --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 26.4.1964.

Segir vorfréttir af garðvinnu og gróskumiklum plöntum. --

-- Ég tók þetta blað vegna þess að ég ætlaði að fara að punkta niður það helsta sem á að taka fyrir á aðalfundi Zonta -- Ég reyni að láta konurnar sem með mér eru í stjórn taka sem mest af mér, en eitt verð ég að gera sjálf, það er viðvirkjandi heyrnarhjálpinni. Ég get ekki skilið að ég skuli alltaf róta mér út í einhverja vinnu, sem ég þyrfti ekki að gera. Jæja, ef allt gengur vel, verður þetta kannski eitthvað til góðs. -- Ég er búin að hugsa þó nokkuð mikið síðan ég kom heim g árangurinn af þeirri hugsun var sú að ég talaði við dr. Matthías Jónasson, sem er formaður Barnaverndarfélags Reykjavíkur og Íslands. Tók hann mér mjög vel, fór með plögginn til að lesa þau. Það gekk svo vel að hann hringdi til mín eftir tvo daga, vill ólmur standa að því með Zontaklúbbum að bjóða dr. Bentzen hingað til fyrirlestrarhalds. Þakkar hann mér fyrir að koma þessu á framfæri. Nú er það næsta að leggja þetta fyrir aðalfund Zonta -- Okkur datt helst í hug að fá dr. Bentzen hingað fyrri hluta júní, þá eru ýmis þing hér, sem þetta gæti átt erindi til --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. og fjölsk. Rvk. 25.6.1964.

Þau Stella og Haraldur virðast komin úr frí á Íslandi. Guðrún dóttir þeirra er enn á landinu og í heimsókn hjá okkur..

-- Dóttirin¹ var nú heldur en ekki orðin mikil persóna og lætur ekki vaða ofan í sig. -- Við höfðum sérstaklega gaman af að hafa hana hjá okkur eina nótt. Á laugardagskvöld borðuðum við brauð o.fl. meðal annars var reykt síld á borðum. Það var ekki við það komandi að hafa síldardiskinn einu sinni inni í stofunni - lyktin af henni var svo vond. Hún hélt fyrir nefið og leið alveg afskaplega illa, þangað til ég lét það eftir henni að fara með diskinn fram í eldhús. Mér fannst þetta svipa til einnar manneskju sem ég þekki! Því miður hafði ég svo mikið að gera á skrifstofunni hérna niðri, að ég gat sáralítið hitt hana. Hún var afskaplega góð við Ásgeir og hann hrifinn af henni. Hann segir í hvert sinn sem hann heyrir í flugvél: *Gúgú uvé mömmu!*

Mamma hafði mjög gaman af henni og ég held að það hafi ekki verið erfitt fyrir hana, enda var hún mikið úti að leika sér.

Héðan er allt gott að fréttu. Við erum nýbúin að vera í 15 ára *jubileumhófi* Eggerts í Þjóðleikhúskjallaranum og var þar ægilega skemmtilegt. Anna Sigga² orti minni karla við lagið: *Never on sunday* og fóru allar bekkjarsysturnar upp á senu og sungu af hjartans list undir stjórn Önnu Siggú. Hún bað að heilsa ykkur. Við áætluðum í svo sem vikuféð með Óla og Jójó vestur á firði. Ásgeir verður hjá ömmu sinni hérna niðri. Verð ég að monta mig. Ég auglýsti eftir telpu til að gæta Ásgeirs og fékk eina alveg sérstaklega góða sem á heima hérna rétt hjá. Það leit nú ekki beint vel, því Ásgeir *strækaði* á að fara út með henni fyrst, braust um og grenjaði eins og vitlaus væri fyrstu þrjá dagana. En fjórða daginn fór hann skælbrosandi út með henni og vinkaði eins og ekkert væri. Hann hefur haft gott af því að vera svona mikið úti með krökkum og orðinn duglegri að leika sér sjálfur og bjarga sér.

Við erum nýbúin að vera í siglingu og flugferð til *útlanda* (!). Þ.e. við fórum með Esju til Vestmannaeyja 1. maí, skoðuðum Surtsey og Vestmannaeyjar allar og flugum svo heim. Þetta var geysi skemmtileg ferð. Ótrúlegt að sjá þessa nýju eyju.³

¹ Guðrún Haraldsdóttir (1959) tannlæknir á Seltjarnarnesi, systurdóttir Sigríðar.

² Anna Sigríður Gunnarsdóttir (1929-2018) kennari og læknaritari. Átti þá Magnús Pálsson (1929) myndlistarmann, sem var besti vinur Haraldar manns Ingvaldar.

³ Þetta var ferð með klúbbi bekkjarbræðra minna og okkar maka.

Þá er komið að aðalfréttinni. Það er sem sé von á fjölgun í fjölskyldunni og samkvæmt útreikningi á hún að eiga sér stað í rakettudýrðinni á gamlárskvöld. Við vonum að allt gangi vel. --

Þá segir hún þær fréttir að föðurbróður þeirra: Lárus Lýðsson (1901-1964), mikill ágætismaður hafi kvatt þennan heim.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 20.8.1964.

-- Ég fjölritaði bréf fyrir Stýrimannafélag Íslands í vetur, þar sem var verið að bjóða félögunum upp á dvöl í sumarheimil stýrimanna -- þegar maðurinn kemur að sækja bréfið, segi ég, rétt sisona: *Mikið hlýtur að vera gaman að vera stýrimaður.* Maðurinn hélt að ég væri svona feiknarlega hneigð fyrir sjómennsku og vill vita nánar um það, og þá slæ ég fram hvað það hljóti að vera gaman að geta fengið að vera þarna austurfrá. Þá spyr hann mig hvort ég vildi fá að vera þarna viku, ef tími yrði laus. Ég segi auðvitað *já*, að það vildi ég gjarna. Svo var ég búinn að gleyma þessu þegar maðurinn hringir og spyr hvort ég vilji fá herbergi með þrem kojum í ágúst. Ég þáði það með þökkum og svo fórum við -- Var það Jórunn, Dídí, ég, Eggert Sirrí og Ásgeir. Sem sagt helmingi fleir en ætlast var til. Eggert og Sirrí höfðu tjaldið með, svo þau notuðu það þessar tvær nætur með við þrjár vorum þarna og sváfum inni með Ásgeiri.

Og þetta var dásamlega skemmtilegt, enda veðrið með afbrigðum gott. Við fórum að Geysi, hann gaus ekki en Smiður gýs næstum reglulega, og svo var sett sápa í Sóða, sem gaus stórfenglegu gosi. Ásgeiri fannst nóg um gauraganginn, meðan á því stóð. En á eftir var hann alltaf að sýna okkur hvernig „Geysir“ gaus, og hvein í honum og hann baðaði út báðum höndum. Fjallasýnin var stórkostlega falleg svo maður var heillaður, Hekla, Tindfjallajökull, Eyjafjallajökull; allur hringurinn blasti við manni hvenær sem lítið var upp úr berjatínslunni.

Við elduðum úti - eða réttara sagt - Sirrí og Eggert, því ég gerði ekkert nema njóta lífsins, fengum okkur smá snaps, tíndum meiri ber, Ásgeir fékk hádegisblund meðan við tíndum meiri ber og flatmöguðum í lyngmóunum -- Ég var endurnærð eftir þessa þrjá daga, svo ég tók til óspilltra mála við vinnuna þegar heim kom.

Eggert og Sirrí koma um helgina en þá verð ég farin vestur á Snæfellsnes. -- Þegar ég kom að vestan sagði ég við Theodór að mikið þætti mér gaman ef við gætum skroppið eitthvað saman, 1-2 daga í sumar. --

Bergljót var komin að vestan úr sínu sumarfrí og gæti tekið við drengjunum --Ætlum við á Snæfellsnes í fyrramálið, því þangað hafa þau hvorugt komið, nema Theodór í málavafstursferð. --

Segir frá fjölskyldu Jónu dætrunum, íbúðakaupum þeirra og trúlofun. Óli er hættur að drekka, svo það breytir lífinu.

-- Ég hef skrifað lítið annað en tölur síðustu dagana, svo ekki er von að bréfið sé skemmtilegt. Þó lífgaðist ég þó nokkuð upp við að skrifa ritgerð fyrir dr. Finn Guðmundsson um rjúpunu og leiðarlýsingu fyrir dr. Sig. Þórarinsson en hann er alltaf með útlenda sérfræðinga í fróðleiksferðum um landið. Síðan við eignuðumst Surtsey koma náttúrulega enn fleiri. Áður komu þeir að sumarlagi, en nú koma þeir líka að vetrinum. Sigurður sagði mér að hann væri næstum hættur að geta gert eitthvað að gamni sínu.

Segir frá málningu hússins svo allt verður fín nema fjárhagurinn.

-- En svo er það líka búið og maður getur farið að njóta þess alls. Pallurinn er óviðjafnalegur, alltaf logn á honum! Það er hans náttúra. Í dag borðuðum við Dídí nýja kjötsúpu úti á palli, sólin bakaði allt, svo meira að segja brenndi ég mig á súpunni. Svona er sólin hér, þegar hún skín.--

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 27.8.1964.

-- Þakka -- skemmtilega afmælisgjöf. Það er huggun -- þegar maður verður 35 ára. Að vísu held ég mér skrambi vel -- Þegar við vorum í sumardvölinni -- héldu ungmenntin sem þar voru að ég væri 25 ára og Sirrí 19, Komst Sirrí þá loks yfir sjokkið sem hún varð fyrir þegar við vorum nýgift. Þá var það dag nokkurn úti í garði. Sirrí vildi fá mig inn að borða sen sá mig hvergi. Bað hún þá strák¹ sem var út í garðinum að segja mér það. Hjóp hann til mín kallandi hástöfum: *Eggert, hún mamma þín segir að þú eigir að koma inn að borða!*

Við fórum sem sé í sumardvöl í sveit eins og mamma hefur kannski sagt þér. Vellukkuð í alla staði, þó mest fyrir Ásgeir, sem breyttist mjög og varð meiri heimsmaður við að kynnast og stöðugt með öllum krökkunum þar. Hann þarf nokkurn tíma til að átta sig á börnum, honum finnst þau allt of lítil til að tala við þau af neinu viti. Hann dregur sig venjulega í hlé ef hann er með mörgum litlum börnum og leikur sér út af

¹ Þetta var Hjörtur Sigurðsson (1952) andbýlingur minn, svæfingalækni á Landspítalanum.

fyrir sig. Annað mál þegar stór börn eiga í hlut, þá vill hann taka þátt í leiknum. Núna talar hann ekki um annað en Geysi og Gullfoss. Þegar hann sá brunann í Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni í gær þá skríkti hann og sagði: *Geysir!*

Það hljóp nú heldur en ekki á snærið hjá manni þegar Norðurlandafundur Rauða krossins var haldinn. Við vorum í sífelldum, alveg stórkostlegum ferðalögum og veislum í sambandi við það. Fyrst var okkur boðið upp í Borgarfjörð og um Kaldadal. Ég held ég muni varla eftir jafn góðu verðri og útsýni ein og var þennan dag. Það sást aldrei ský á himni, utan hvað eitt svo sem tútommu í þvermál skaut kryppu upp fyrir Langjökul, klukkan kortér yfir tvö.

Fyrst borðuðum við í Bifröst, drukkum síðan úti við Barnafossa og lukum svo með því að borða á Þingvöllum. Okkur var boðið upp á kokkteil fyrir matinn í veiðihús við Laxfoss í Norðurá, en þar hittum við forsetann¹ sem var að veiða. Það var því lukkulegra vegna þess að næsta dag var okkur boðið að Bessastöðum. Þar var alveg stórskemmtilegt, óformlegt vegna veiðikofafyllirísins. Það var mikill viðburður að koma á þennan stað. Þótti okkur Sirrí gaman að ganga um húsið og skoða myndirnar á veggjunum. Það var eins og að labba um í einni rosa listaverkabók. Það var brakandi þerrir þennan dag og gaman að standa úti og horfa á fólkið í heyskapnum á túninu fyrir neðan.

Loks var kveðjuhöf í Hótel Sögu, sem var eitthvað það stórskemmtilegasta sem ég hef verið í. Sá sem ég hafði mest gaman af að hitta var danski landlæknirinn gamli dr. Johannes Fransen. Þótt hann sé nokkuð við aldur var hann sísprjandi og alltaf jafn áhugasamur. Hann er mjög hrifinn af landinu, enda hefur hann oft komið til landsins, fyrst 1931. Þá var hann hrifnastur af Guðmundi Hannessyni.² Hann talaði um hvað það hefði verið erfitt í stríðinu fyrir íslensku læknana í Danmörku að stunda framhaldsnám og rannsóknir. Þá útvegaði hann þeim fastar stöður á spítölum sem síðan hefur allt fram á þennan dag verið hefð að láta Íslendingum í té.

Það var skemmtilegt þegar dr. Fransen kvaddi þá sagði hann við borgarlækni³ og leit á Sirrí: *Pessa stúlku vildi ég taka með mér; en hvað myndi Helga mín þá segja?*

Þetta er mjög merkilegt land, Ísland. Barnafjöldi er hér meiri en víðast hvar, en engin barnarúm til í búðum. Skyldi ástæðan vera að fólk keppist við að smíða, selja og kaupa hjónarúm, tvíbreiða dívana og svefnsófa, en gleymi börnunum.⁴ --

Ásgeir þekkir þig á mynd en segir jafnan að þú heitir *Pilla*, en ekki Palli. --

Friede P. Briem skrifar Helgu Björnsdóttur Ólafs, 2.9.1964.

Þakkar henni fyrir ýmsa aðstoð, m.a. við kaup á hjóli (sennilega þríhjóli f. Ásgeir) og óskar henni til hamingju með afmælið. Þá minnst hún hve Páll sonur hennar var ánægður þegar þau hjón voru boðin til þeirra í veislu í Árósum. Minnst líka sjötugsafmælis Stefáns Jóhanns.

Þá segir hún frá sumarleyfi sínu þegar þær Þórdís fóru saman á bílnum um Vestfirði ásamt Zontavinkonunni Auði Proppé. Fór m.a. á Látrabjarg. Ásgeir vitavörður vildi taka þær með sér um allt bjargið, en til þess treystu þær sér ekki. Í staðinn kveikti hann fyrir þær á vitanum og bauð þeim í veislukaffi.

-- Vorum við hálfsmeykar um að hann kynni að rugla skipin fyrir utan með þessari skemmtun.

-- Núna í ágúst fórum við Hilda og Theodór í ferð til Snæfellsness og Bjarkarlundar. Þó veðrið væri bandvitlaust -- rokið og kuldinn hræðilegur, þá rættist úr öllu, þó alltaf væri kalt, en við Theodór vorum svo ánægð með hvort annað, hann með mig sem *keyrara* og ég með hann sem ballest, ef ég hefði ekki haft hann þarna við hliðina á mér, veit ég ekki hvað hefði skeð. Svo hlakkaði ég alltaf til á kvöldin -- að þiggja brjóstbirtu hjá Theodór -- Svo var Hilda með sín broddlausu skemmtilegheit, og var gaman að taka hana úr annríkinu heimafyrir og barnakravakinu, sem því miður hefur slitið henni meira en hún gerir sér sjálf ljóst. Bergljót er í heimilinu hjá þeim og vinnur úti, en drengirnir eru þriggja og fimm ára, svo þú getur nærri hvað Hilda hefur að gera. --

¹ Ásgeir Ásgeirsson var þá forseti. Óli Ólason, kenndur við Skóbúð Reykjavíkur, mikill veiðimaður og félagi Ásgeirs, var í stjórn Rauða krossins og bauð, að ég held í þessa ferð, a.m.k. excúrsjónina í Borgarfjörðinn.

² Guðmundur Hannesson (1861-1946). Hann var þá prófessor í lífeðlisfræði við Háskólann og formaður Læknafélags Íslands. Hann var forystumaður um skipulag og húsagerð. Var vinur Páls og Álfheiðar Briem frá Akureyri.

³ Jón Sigurðsson var formaður RKÍ og einn af „íslensku læknunum“ í Danmörku á stríðsárunum.

⁴ Þetta var inngangur að því að biðja Pál að kaupa barnarúm og senda.

Svona hefur þá sumarið liðið hjá mér, og þegar sólardagar hafa komið og ég hef verið hér heima, hef ég notið þess að sitja hér úti á pallinum, sem ég fékk útbúinn snemma í sumar. -- Nú ætti ég að vera vel undir veturinn búin, enda bíða mín mörg verkefni --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 3.9.1964.

-- og þá var skemmtileg ferðin með Hildu og Theodór -- Það var svo skemmtilegt að fara með þeim, því þau hafa lítið farið innanlands -- nýjar leiðir opnast á hverju sumri. -- Byrjaði ég að fara að Móum, því ég þurfti að hringja. Þar tók Unnur okkur opnum örmum, gaf okkur ellefukaffi og Hildu og Theodór konfak og áttum þar skemmtilega stund. Teitur var ekki heima, var að selja og flytja afurðirnar í bænum, en á túninu gengu hjarðir af gæsum, þær virtust flokkaðar í hópa, mjög samrímдар. Hænsnin héldu sig inni, og kýrnar líka, en þær eru aðeins tvær eftir, og verða engar, því fjósið verður útbúið og innréttað huggulega fyrir gæsirnar. Svo kvöddum við heldur en ekki vel upplögð í rokinu. Þegar inn í Hvalfjör kom lygndi og gátum við hitað mat og kaffi og borðað úti ---Síðan komum við í Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd og skoðuðum þessa undirfögru fresko-altaristöflu, sem nýlokið er við -- og fer þarna sérlega vel. Gaman var að koma að Búðum um kvöldið í gott húsaskjól, þiggja brjóstbirtu hjá Theodór, njóta góðs matar og hvíldar í ljómandi rúmi. Fólk-- í tjöldum -- var allt að flýja --

Næsta dag var veðrið mun betra, sól og rok, svo gott var að hafa Theodór hjá sér í framsætinu sem ballest -- og gaman að Hildu með sitt græskulaus gaman En mér finnst hún því miður vera orðin slitleg af allri þessari vinnu og snúningum kringum drengina og áhyggju sem því fylgja.¹ --

Snæfellsjökull var með hettu allan tímann -- Við hreiðruðum um okkur undir heysátu og höfðum Lóndranga fyrir neðan okkur, kokkuðum og nutum lífsins -- skoðuðum það helsta á leiðinni, m.a. Rifshöfn sem Theodór langaði gjarnan að sjá. Raunar var verið að byggja hús á miðjum veginum, svo þetta var farartálmi, en hjólför voru út á tún og þræddi ég þau eins og fleiri höfðu gert. Héldum við að þarna væri að verki einhver þvermóðskufullur lóðareigandi, sem af skömmum sínum hefði staðsett húsið þarna. En þegar ég spurði þorpsbúa um það, var það ekki svo, heldur á að byggja eftir skipulagi sem útbúið er á skrifstofu í Reykjavík, sem lítur, eins og fleir ættu að gera, ekki á smá vegarspotta sem neitt atriði.

Þegar við vorum að aka út í Ólafsvík sprakk hjá mér. Tók ég það þægilega ráð að bíða eftir næsta bíl til að fá hjálp, en Theodór langaði mikið til að fela sig, en þarna var ekki neinn felustaður, og hefði hann þurft að leggja sig inn í bílinn undir teppi, en hann vildi ekki láta bera á því að hann kynni ekkert á bíla. Meðan við vorum að skemmta okkur við að finna ráð, kom bíll og við fengum hjálp, þó maðurinn liti hornauga til Theodórs -- Varð svo úr að við færum til Bjarkarlundar --

Theodór var elskulegur og *charmerandi* einlægur, góður og nærgætinn við Hildu. Þetta var frábærlega velheppnað, nema kannski veðrið. En okkur leið vel í bílnum, farið var að Reykhólum og Bröttubrekku, heim í dásamlegu veðri.

Nú bíða mín mörg verkefni áður en skólarnir byrja, enda er það dásamlegt eftir skemmtilegar ferðir og ógleymanlega fegurð, sem maður býr að í mörg ár. -- Nú er ég búin að búa hér í eitt ár, og kann því við mig sem lengra líð, og ekki vantar viðskiptavinina, meira að segja koma þessir "hálfklíkkuðu" líka og skáldin eins og Sigfús Elíasson halda tryggð við mig. Ég er alltaf að skrifa fyrir hann drápur, helst til þjóðhöfðingja og fyrirmanna, síðast til allra á biblíualheimssambandsfundinum sem hér er núna. Þegar hann sótti þessa íburðarmiklu drápu, með velútlátnum þankastrikum, var hann að koma vestan úr Neskirkju, þar átti að vera bænastund í sambandi við fundinn. Var hann dálítið vonsvikinn, þar eð bænastundinni var aflýst vegna þess að forsetinn hafði boðið öllum til síðdegisdrykkju. Það er ljótt að segja styggðaryrði um Sigfús, því ef ég hefði haldið öllu saman ætti ég líklega „*samlede værker*“ eftir hann, og svo finnst honum eins að koma í musteri, að koma hér enn. Ég verð bara orðlaus af öllu þessu og í gær gaf hann mér líka *brenndan bismark*.

¹ Bergljót Línal var útvinnandi, bjó á heimilinu með drengina sína, Guðmund og Jónas Guðmundssyni síðar lögfræðinga.

Friede P. Briem skrifar Hólmfriði Árnad. Rvík. 9.9.1964.

-- Ég hef verið að vélrita fyrir Sigurð Nordal prófessor ritgerð um Einar Benediktsson, sem á að koma framan við kvæðasafnið á 100 ára fæðingardegi Einars -- en útgáfan er í prentun. Raunar átti ég mjög bág með að bæta á mig, en gat ekki neitað þegar ég bæði var beðin vel og skjölluð í tilbót. Það á svo vel við mig! --

Segir frá ferð upp í Heiðmörk með kunningjakonum sínum og Dídí. Þar var hún stungin af flugu og varð úr því heilmikið vesen og ferð á Slysavarðstofuna eftir að bólgan var orðin ískyggileg.

-- glóðarauga af verstu tegund -- Eggert ók með hana beint á slysastofuna. -- En hún hafði nú ekkert upp úr því, nema að lenda svo óþyrmilega í deilum við lækniinn þar, að hún vildi ekki einu sinni þiggja lyfseðilinn hans -- Eina ráðið var að setja upp dökk gleraugu, þó engin væri sólin, og þræla sér í boðið -- Á mánudag mætti hún svo í vinnuna með sitt glóðarauga og allir höfðu auðvitað mikla „samúð“ með henni. --

Nú rann upp næsti laugardagur, fegurri en nokkur annar. Okkur Dídí langaði feikn að fara aftur í berjamó. En hvað skeður? Heldurðu ekki að fluga ráðist aftur á Dídí og nú á vinstra augað. Takk! Á sunnudag er komið blómlegt glóðarauga á hitt augað og Dídí boðið í skírnarveislu! Aftur voru svörtu gleraugun tekin í notkun og hún reyndi að láta sig hafa að sjá allt í þoku, bara að gestirnir sæu ekki glóðaraugað í gegnum þau. En upplitið á samstarfsfólkinu þegar Dídí mætti með nýtt glóðaruaga eftir helgina! --Nú verður örugglega ekki farið í berjamó um næstu helgi --

Hekla fór tvær ferðir til Vestmannaeyja og kringum Surtsey með farþega. Var skipið fullt í báðum ferðum. Til að geta komið þessu vel fyrir, flutti skipið farþegana bara til Þorlákshafnar og tók þar nýja. Hilda og Theodór fóru með skipinu fyrri ferðina, en Bergljót þá síðari. Hilda sagðist aldrei hafa séð stórfenglegir sjón en eyna.

-- Hilda þekkti mjög fáa um borð, en þó þekkti hún einn mann (Pétur Sigurðsson fyrrv. háskólaritari) sem gjarna vildi bjóða þeim upp á glas, sem þau gjarnan þáðu. En þegar hann ætlaði að ganga að flöskunni vísri undir sænginni í káetunni, fann hann hana ekki, svo ekkert varð af hressingunni. Það síðasta sem hún sá til hans, eftir að hann var búinn að umsnúa öllu í rúminu, var að hann var á fjórum fótum á gólfinu að leita að flöskunni. --Voru allir ánægðir með ferðina. --

Þegar Bergljót Línal og Bríet Héðinsdóttir vinkona hennar voru komnar um boð, var siglt bein til Surtseyjar til þess að njóta hennar í myrkrunu. Þá kemur þar maður, heldur þunnur, og spyr einhvern nærstaddan, hvar skipið eigi nú að koma við? Og fær það svar að það sé að koma til Surtseyjar. „*Hvað er þetta, eigum við að koma þangað aftur, við sem sáum hana í gær!*“ Og þó að kannski sé gaman fyrir hann að sjá Surtsey aftur, var heldur óþægilegra fyrir þennan vesaling, að sitja í borðsalnum alla nóttina. Hann hafði enga káetu, og allt yfirfullt. Auk þess varð hann að borga tvöfalt, þar sem hann fór tvær ferðirnar. Hann hefur auðvitað fundið flöskuna. Þá var hann búinn að týna Hildu og Theodór, svo þetta varð örlagaríkt.

Fólkið hans heima var dauðhrætt um hann og skildi ekki hvað skeð hafði með hann, svo þetta varð miklu meira áberandi fyrir bragðið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Hauki Benediktss. ¹ Rvík, 14.9.1964.

Haukur Benediktsson sem var framkvæmdastj. Heilsuverndarstöðvarinnar og var líklega þá að taka við Borgarspítalanum var með verslunarskólapróf og býsna fáfróður/þröngsýnn. Mér tókst að finna honum ferðastyrk til og virðist hann þá hafa verið í þeim leiðangri. Ekki held ég að hann hafi lært mikið, enda býsna neikvæður gagnvart þekkingu og ekki beint jákvæður gagnvart þessum greiða mínum.

--Sástu ekki hvað ég var aumingjalegur þegar ég kom frá Ameríku. -- Borgó (borgarlæknir) kemur senn frá Færeyjum -- engin matareitrun komið upp svo heitið geti. --

² Bjössí boy² er hættur að lesa blöð utan greinar og kvæði eftir sig. Hann er allur í kúamykju, hæsnaskít og komposti. Hann er meira að segja mjög hrifinn af Sorpeyðingarstöðinni og hefur farið með túrista til að

¹ Haukur Þ. Benediktsson (1924-2008) var skrifstofustjóri borgarlæknis, en þá sennilega orðinn frkvst.

Heilsuverndarstöðvar Rvíkur; seinna frkvstj. Borgarspítala. Mér hafði tekist að útvega honum ferðastyrk Evrópuráðs til að kynna heilbrigðisstofnunum. Ekki held ég að hann hafi haft gagn af þeirri ferð. Hann var galgopi þá og hafði lýst í bréfi sínu spaugilega miklu álagi og hröðu tempói á ferð sinni um Danmörku.

² Hér er átti við Björn L. Jónsson, veðurfræðing, aðstoðarborgarlækni, yfirlækni Heilsuhælis náttúrulækningamanna í Hveragerði o.fl.

skoða fyrirtækið. Dr. Bjarni Helgason¹ hefur ekki -- felld sig við þetta og hefur ráðist á Björn í fréttauka útvarpsins. Þar segir hann í lokin að *sumir menn hefðu þá hjátrú að náttúran væri einfaldari en þeir sjálfir*. Björn hló nervösus hlátri út af þessu.

Ég hef aldrei vitað þess dæmi að þjóðkunnir menn hafi fallið í valinn hér á landi svo að þjóðin hafi almennt verið hnuggin yfir því. En með fráfalli forsetafrúarinnar² hefur öll þjóðin fyllst innilegri samúð með forsetanum og vorkenna honum að þurfa að vera einn fjögur ár í viðbót í starfi sínu. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingveldi Dagbjartsd. Rvík. 20.10.1964.

Seinbúið afmælisbréf. Þá fer hún yfir framfarir Ásgeirs og stækkun hennar sjálfrar v. væntanlegrar fjölgunar.

Ásgeiri fer mjög fram og hafði gott af því að komast á leikskólann Tjarnarborg daglega fyrir hádegi.

-- Eggert fór í sumar með mömmu að taka til í geymslunni ykkar á Nesinu og kom heim með ruggustól og stól sem hægt er að hækka og lækka, hennar Guðrúnar. Hefur Ásgeir haft þetta að láni síðan, með mömmu samþykki. Hann er ægilega spenntur fyrir hestinum, ruggar sér svo mikið að hann steypist aftur fyrir sig og dettur af baki.

-- Við fórum í átta daga sumarfrí til Vestfjarða í júlí. Fórum alla akfæra vegi á kjálkanum -- Vorum í tveim bílum -- tjölduðum allar næturnar. Þetta var óskaplega skemmtileg ferð í alla staði og fegurðin ótrúleg. Við fórum meira að segja út að Látrabjargi og sáum risa-seli velta sér í sjónum, rétt fyrir neðan okkur.

Okkur Jójó þótti helst til kalt á kvöldin þegar háttatíminn kom. Vorum við heldur betur farnar að nota okkur brennivínið, heimtuðum eitt staup fyrir háttinn. Það var áhyggjuefni Eggerts og Óla, að erfitt myndi að venja okkur af því. Það hefur tekist furðanlega vel - fæ mér bara hálf - núna!

Helga Pálmadóttir var að gifta sig í dómkirkjunni. Hennar maður er Helgi Samúelsson, verkfræðingur. Við fórum, vinkonurnar, og horfðum á öll herlegheitin. Hún var í síðum kjól með slóða og gekk inn kirkjugólfði með Pálma alvörupabba sínum, en fósturpabbinn, séra Óskar Þorláksson vígði þau. Þá eru allar í saumaklúbbnum gengnar út. --

Bensi Sveins³ og Guðríður⁴ voru að eignast son í Montreal.⁵ -- Þau verða þarna, víst næstu tvö árin. Er hann að stúdera *business administration*. --

Steini⁶ kom heldur betur með *pompi og pragt* til landsins, siglandi með Gullfossi. Hann hefur þroskast mikið og fullorðnast, sem m.a. má merkja á því að það er hann sem vekur mömmu á morgnana, áður en hann fer í skólann. Mömmu finnst hann taka námið alvarlega og er hún ánægð með hann, blessað barnið sitt! --

Við vorum í fyrsta skiptið boðin í nýja húsið (*þeirra Guðrúnar og Halldórs*). Húsið er stórkostlega fínt, engu til sparad. Voru vonbrigði að koma heim í hjallinn sinn gamla, ekki einu sinni teppi út í horn, hvað þá annað *finirí*! Ég fer þá fram í eldhús og hugga mig við uppþvottavélina mína, það er það eina sem ég hef fram yfir þau.

Ásgeir var að fara út í göngutúr með pabba sínum, svo nú get ég lokið við bréfið. Hann er vitlaus í ritvélina og vill bara skrifa sjálfur. Hann var svo óheppinn að festa sig í ritvél ömmu sinnar, en mér tekst ekki að festa hann í minni, svo ég verð að nota hverja stund sem hann er frá. --

¹ Bjarni Helgason (1933), jarðvegsfræðingur, var fenginn til að athuga og segja álit sitt á *skarna*, framleiðslu Sorpeyðingarstöðvar Rvíkur. Þeir Jón Sigurðsson fóru í hár saman út af málinu. Ég hafði haft milligöngu um að fá frænda minn, til álitsgjafar. Þótti mér síður en svo gott að allt færi á háloft milli doktoranna Jóns og Bjarna, sem báru sig upp við mig. Ég slapp naumlega frá þeirri sennu. Held að Bjarni hafi varla fyrirgefið mér að fullu og talið mig *skarnaaðdáanda*. Bjarni er mikill ræktunarfrömuður, eins og pabbi hans og sem sjá má í landi systkina hans, Hagavík við Þingvallavatn.

² Dóra Þórhallsdóttir (1893-1964).

³ Benedikt Sveinsson (1938) hrl.

⁴ Guðríður Jónsdóttir (1938). Þau Bensi og Guðríður voru bekkjarsystkin Sirríar. Benedikt og Sigríður, eru systrabörn.

⁵ Jón Benediktsson (1964) rafmagnsverkfræðingur.

⁶ Steingrímur Dagbjartsson (1942) tæknifræðingur.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvk. 9.11.1964.

-- Skilaðu kveðju til Guðrúnar frá Ásgeiri fyrir teikninguna. Hann var hrifinn og stoltur af frænku sinni. Hann fékk borð og stól frá ömmu sinni í afmælisgjöf og situr við það og teiknar einhver ósköp. --

Hann hefur verið lasinn, fór út í dag og naut þess að sjá alla öskubílana, kranabílana og olúbílana, sem eru aðaláhugamál hans --

Okkur var boðið -- í 60 ára afmæli Stínu. Það var eiginlega kostulegt afmæli. Guðrún Sveinsdóttir kom þangað með kærastann (þau opinberuðu fyrir ½ mánuði). Sveinn var þar mættur með eintak af Lesbók Morgunbl., þar sem hann hafði skrifað afmælisgrein um Einar Ben., skáld, frænda sinn. Gekk hann um og sýndi fólki, stoltur eins og barn. Síðan gengu samræðurnar út á skáldið. Fannst honum fólkið víst ekki bera nógu mikla virðingu fyrir sér eða vera nógu hrifið af því að hann skyldi hafa þekkt skáldið sjálfur. Endaði allt með því að hann kallaði okkur Siddu systur, *jússur* (þó sennilega mig frekar) og það væri meiri munurinn á Guðrúnu (*dóttur*) sinni hvað hún væri glæsilegri í alla staði. Síðan gekk hann inn í hina stofuna, þar sem Halldór¹ og Einar² sátu. Fóru þeir að tala um síld o.þ.h. Voru Einar og Halldór á öðru máli en Sveinn. Gat hann ekki þolað það og fór í fýlu fram á veranda. Kom litlu seinna og settist í stólinn við útvarpið og sofnaði.

Þetta var fyrripartur afmælisins. Við misstum af seini partinum, en þar var Erla³ víst aðalstjarnan. Þar bar eitthvað á þá góma, að Einar Sturluson⁴ og hans kona eru að skilja. Lýsti Erla yfir því að það væri ekki allt konunni að kenna, því okkar fjölskylda væri sko bara ekkert betri en aðrar fjölskyldur etc., etc. Rauk hún svo til, þanaði bíl og ætlaði að fara án þess að kveðja einu sinn Stínu. Hún elti Erlu út, rak henni rembingsskoss og þakkaði henni fyrir komuna.

Svo hringdi Erla næsta dag til að þakka fyrir, en skaut því svo að, síðast, að hún hefði meint allt sem hún sagði í gær. Þannig fór um sjóferð þá.

Segiði svo, að það sé ekkert þúður í þessari fjölskyldu. -- Ég man svo ekki eftir fleiri kjaftasögum í bili. -- Kveðja frá karlmönnum! --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Jóhönnu Jórinni Einarsd. Rvk. Nóv.1964.

-- Þá er ég loksins sest við ritvélin, en erfitt var það. Ekki vegna þess hve ég er orðin sver - sussu nei -- það er bölvuð pennaletín, sem *Velvakandi* gerði að umræðuefni í Mbl. í gær. Ég var svo óheppin að lesa greinina en V. sagði að Íslendingar væru pennalatasta þjóð í heimi - og þótt víðar væri leitað. --

Segir frá saumaklúbbsfundum, ættarfundum o.fl. Einnig af fundi um leikhúsmál í Sigtúni.

-- Framsögumenn voru Guðl. Rósinkrans og Sveinn Einarsson. Guðlaugur alveg drep, en Sveinn góður. -- Aðrir, sem töluðu komu flestir með skrifaðar langlokur að heiman, Var einn ræðumaður píptu niður. Það var Óli Mixa. Hann kom með mjög langa og þurra ritgerð, sem hann muldraði, þar til rödd úr salnum bað hann vinsamlega að fara að hætt þessu. Það var Flosi Ólafsson. Óli fipaðist, stamaði mikið það sem eftir var ræðunnar. Njörður Njarðvík og Haraldur Björnsson réðust harkalega á aumingja Guðlaug --

Ásgeir talar ekki um annað en London og að Jójó og Óli hafi farið í flugvél langt - *langt í burtu, til London*. Alltaf þegar hann sér mynd af flugvél segir hann: *Jójó Óli London* og er alltaf jafn hissa á ykkur. Hann er alltaf í leikskólanum og virðist læra þar ósköp um *ljóta kallinn, kuldabola, bola*, og er skelfingin uppmáluð þegar honum detta þessir karlar í hug. Hann sagði í gær við nágranna okkar, sem við vorum að tala við, að hann væri *ljóti kallinn*, og vildi ekkert við hann tala! --

Friede P. Briem skrifar Hólmsfríði Árnad. Rvík. 19.11.1964.

-- Ósköp eru skemmtilegar fréttirnar af Árna, og þó hann bæði festi sig undir rúmi, klifri upp á stóla og tvær hendur hafi alls ekki við að passa hann, þá er hann og verður alltaf óviðjafnanlegur og gáskinn ógleymanlegur. Ég vona bara að hann hætti að hafa lyst á sandi! --

¹ Halldór Jónatansson.

² Einar Ingimundarson frændi og bæjarfógeti.

³ Erla Axelsdóttir, eiginkona Einars Ingimundarsonar.

⁴ Söngvari o.fl., frændi fjölskyldunnar í húsinu og þá um leið konu Sveins.

Mikið þótti mér gaman að hafa Ásgeir hér niðri á meðan Eggert og Sirrí fóru að skoða Surtsey. Þó hann sé ekki mjög mikið farinn að búa til setningar, þá tölum við ótrúlega mikið saman og skiljum hvort annað. Ég á fil, sem varð fyrir því slysi að missa annað augað í flutningunum úr Tjarnargötunni. Þú ættir að vita hvað Ásgeir er upptekinn af þessari hroðasögu. Hann verður svo áhyggjufullur á svipinn, þó vill hann alltaf heyra söguna aftur og aftur af fílum. Svo lokum við öðru auganu og horfum hvort á annað og skiljum fílinn betur eftir en áður. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Steingrími Dagbjartssyni. Rvk. 29.11.1965.

-- Ég heyri, að þú sért búinn að útvega þér ágætis herbergi með heimasætu --

Héðan er allt hið besta að fréttu. Von er um að stofurnar komist í stand fyrir jól --

Ásgeir varð þriggja ára, en fékk ekkert afmælisboð vegna draslsins hérna. Það ætla að verða álög, að eitthvað *bévað* vesen er á afmælinu hans. -- Hann fer bráðum að *stræka*! Ég hef farið með hann á gæsluvöll upp á síðkastið. Hefur hann haft mikið gaman af því. Hann segir alltaf: *hei mamma* og *hei* allt ef mikið liggur við. Dagur er orðinn ansi ákveðinn, svo Ásgeir hefur stundum ekki við honum. Hann er um það bil að fara að ganga. --

Það hefur verið kalt undanfarið og hitaveitan brugðist víða, m.a. hér, svo ég sit hér með rafmagnsofn við hlið mér, svo ég krókni ekki á puttunum við skriftirnar. --

Klukkan er farin að ganga eitt að nóttu, svo ég held ég slái botninn í þetta. Eggert er niðri að lesa saman með mömmu sinni, og ég er nýbúin að skrifa rúmlega 20 blaðsíður fyrir hana, svo þú sérð að þetta er vinnandi fólk. Kvöldin eru líka eini tíminn, sem ég get unnið fyrir Ásgeiri og Degi.

Elsku Steini minn. Ef það er eitthvað sem við gætum gert fyrir þig, þá vona ég að þú snúir þér til okkar. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Jóhönnu Jórinni Einarsd. Rvk. 11.12.1964.¹

-- Við Helga (*Pálmadóttir*) fórum á jólafund Kvenstúdentafélagsins (*en fleiri vinkonur fengust ekki, eða voru að fara á aðrar jólaupptakur*). -- Á okkar fundi skemmtu M.A. stúdentar og var það ansi gaman, söngur upplestur að ógleymdu lauffabrauði, sem þær trakteruðu okkur á -- Þyrý Laxdal og Ragna Ragnars sátu við næsta borð við okkur Helgu, drukku koníak, sungu og skemmtu sér upp á eigin spýtur. Helgi (*maður Helgu*) ætlaði að sækja okkur en sama var hvað hún hringdi, ekki svaraði hann. Eggert kom og bjargaði okkur. Helgi hafði lagst upp í sófa, sett 5. sínfóníu Beethovens á hæstu stillingu og sofnaði út frá öllu.

-- Dundur² er að fara til Finnlands með Skarphéðni Jóhannssyni út af Norræna húsinu.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvk. 14.12.1964.

-- sendi ökuskírteinið -- Það líður að því brátt að ég fái mitt fína form aftur og hlakka óneitanleg til af ýmsum ástæðum. Ekki veit ég hvernig Ásgeir bregst við samkeppninni, en hann er mjög spenntur út af þessu blessaða barni, sem aldrei ætlar að koma.

Hér stendur yfir lagfæring á baðherberginu okkar. Vona ég að allt verði komið í stand fyrir jólin. -- Við látum brjóta niður skilrúm milli klósettsins og baðherbergisins.³ Ástandið hefur ekki beint verið þægilegt. Klósettið var tekið á föstudagskvöld og stendur hérna í svefnherbergishorninu. Ásgeiri fannst þetta líka skrítið þegar hann kom á fætur og horfði lengi á tækið. Áttaði sig svo á öllu, fór beint að því og hleypti niður. Foreldragreyin stóðu bara og horfðu á og horfðu á vatnið flæða í stríðum straumi út á gólfið og undir rúmin. Okkur hafð láðst að tæma úr kassanum áður en tækið var losað. Þetta gerði mikla lukku hjá einum, en ekki öllum. --

Hlökkum til að sjá ykkur á næsta ári. -- Ef það er eitthvað sem ég get gert fyrir þig, láttu mig bara vita. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvk. 14.12.1964.

-- sendi ökuskírteinið -- Það líður að því brátt að ég fái mitt fína form aftur og hlakka óneitanleg til af ýmsum ástæðum. Ekki veit ég hvernig Ásgeir bregst við samkeppninni, en hann er mjög spenntur út af þessu blessaða barni, sem aldrei ætlar að koma.

¹ Þau Ólafur B. Thors og Jójó voru í námsdvöl í London.

² Guðmundur Kristinn Guðmundsson arkitekt.

³ Hvers vegna var þetta aðskilið? Gert var ráð fyrir leigjendum í flestum húsum og vinnukonum, sem í minni fjölskyldu voru ævinlega kallaðar „*stúlkur*“ bjuggu í kjallaranum, þar sem ekkert klósett var. En þetta fólk þurfti aðgang að salerni. Þannig þurfti að vera hægt að loka af. Leigjendurnir höfðu ekki aðgang að baði, en fóru í Baðhúsið eða Sundlaugarnar. Innangengt var úr baðherberginu í svefnherbergið, sem nú átti að loka, enda óþarft þegar ein fjölskylda var um afnotin.

Hér stendur yfir lagfæring á baðherberginu okkar. Vona ég að allt verði komið í stand fyrir jólin. – Við látum brjóta niður skilrúm milli klósettsins og baðherbergisins.¹ Ástandið hefur ekki beint verið þægilegt. Klósettið var tekið á föstudagskvöld og stendur hérna í svefnherbergishorninu. Ásgeiri fannst þetta líka skrítið þegar hann kom á fætur og horfði lengi á tækið. Áttaði sig svo á öllu, fór beint að því og hleypti niður. Foreldragreyin stóðu bara og horfðu á og horfðu á vatnið flæða í stríðum straumi út á gólfið og undir rúmin. Okkur hafð láðst að tæma úr kassanum áður en tækið var losað. Þetta gerði mikla lukku hjá einum, en ekki öllum. --

Hlökkum til að sjá ykkur á næsta ári. -- Ef það er eitthvað sem ég get gert fyrir þig, láttu mig bara vita. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvk. 14.12.1964.

-- sendi ökuskríteinið -- Það líður að því brátt að ég fái mitt fína form aftur og hlakka óneitanleg til af ýmsum ástæðum. Ekki veit ég hvernig Ásgeir bregst við samkeppninni, en hann er mjög spenntur út af þessu blessaða barni, sem aldrei ætlar að koma.

Hér stendur yfir lagfæring á baðherberginu okkar. Vona ég að allt verði komið í stand fyrir jólin. – Við látum brjóta niður skilrúm milli klósettsins og baðherbergisins.² Ástandið hefur ekki beint verið þægilegt. Klósettið var tekið á föstudagskvöld og stendur hérna í svefnherbergishorninu. Ásgeiri fannst þetta líka skrítið þegar hann kom á fætur og horfði lengi á tækið. Áttaði sig svo á öllu, fór beint að því og hleypti niður. Foreldragreyin stóðu bara og horfðu á og horfðu á vatnið flæða í stríðum straumi út á gólfið og undir rúmin. Okkur hafð láðst að tæma úr kassanum áður en tækið var losað. Þetta gerði mikla lukku hjá einum, en ekki öllum. --

Hlökkum til að sjá ykkur á næsta ári. -- Ef það er eitthvað sem ég get gert fyrir þig, láttu mig bara vita. --

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 21.12.1964.

Segist búast á hverjum degi við fjölgun hjá Páli og Dúu og senn hjá Sigríði og Eggert.

-- Ég hef alltaf mikið að starfa, þegar skrifstofan krefst ekki alls þess tíma sem ég hef yfir að ráða, tekur Zontaklúbburinn við, en ég er formaður hans nú --

Segir frá verkefnum hans að heyrnarstöð og fjáröflun til þeirra. Allt skilaði þetta miklum hagnaði.

-- Við fórum af stað með skemmtun í fjáröflunarskyni. Rúna hafði tískusýningu sem trekksti svo vel að allir miðar seldust á einum degi; svo höfðum við happdrætti og kertaölu.

-- Mér líður vel í þessari íbúð og kann mjög vel við mig. Það er svo mátulega stórt fyrir mig, og á meðan Sirrí og Eggert eru hér, er það dásamlegt, en ef þau vilja breyta til, þó vona ég að ég verði heppin með fólk, þó enginn geti jafnast á við þau. --

Ég veit að ef Geiri vissi hversu vel hann hefði gert við mig og drengina, hlyti honum að líða vel --

Segir frá breytingu á íbúð hennar. Þá segir hún frá Brynhildi Boström, dótturdóttur Lóu systur Guðrúnar. Hún var tekin í fóstur af ömmusystur sinni, Ástu í Ólafsdal, en veiktist en er eitthvað með betra móti og getur stundað vinnu.

Segir hún frá Rúnu Guðmundsdóttur frá Móum, sem rekur sitt fyrirtæki, Parísartískuna af miklum dug þrátt fyrir erfiðleika eiginmannsins. En börn hennar - og hans dafna. Þá segir hún frá áætlun um jólahald í húsinu.

Þá segir hún frá viðtalsbók Vilhjálms S. Vilhjálmssonar þar sem m.a. var gamalt viðtal við Kristínu í Nesi, móður Guðrúnar. Henni þótti það svo ómerkilegt að hún vildi ekki eiga bókina.

-- Þegar viðtöl eru 24 ára gömul verður að krefjast meira, og ekki hefði ég vorkennt honum að hafa þetta betra og ítarlegra um þvílíka konu eins og húsfréyjuna í Nesi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 21.12.1964.

Pakkar hjálp við að útvega barnarúm frá Danmörku. Nú getur Ásgeir litli komist fram úr rúminu.

¹ Hvers vegna var þetta aðskilið? Gert var ráð fyrir leigjendum í flestum húsum og vinnukonum, sem í minni fjölskyldu voru ævinlega kallaðar „stúlkur“ bjuggu í kjallaranum, þar sem ekkert klósett var. En þetta fólk þurfti aðgang að salerni. Þannig þurfti að vera hægt að loka af. Leigjendurnir höfðu ekki aðgang að baði, en fóru í Baðhúsið eða Sundlaugarnar. Innangengt var úr baðherberginu í svefnherbergið, sem nú átti að loka, enda óþarft þegar ein fjölskylda var um afnotin.

² Hvers vegna var þetta aðskilið? Gert var ráð fyrir leigjendum í flestum húsum og vinnukonum, sem í minni fjölskyldu voru ævinlega kallaðar „stúlkur“ bjuggu í kjallaranum, þar sem ekkert klósett var. En þetta fólk þurfti aðgang að salerni. Þannig þurfti að vera hægt að loka af. Leigjendurnir höfðu ekki aðgang að baði, en fóru í Baðhúsið eða Sundlaugarnar. Innangengt var úr baðherberginu í svefnherbergið, sem nú átti að loka, enda óþarft þegar ein fjölskylda var um afnotin.

Spyr margs af bróður sínum; hvað hann sé að gera, mismunandi ánægjulegar deildir; flutning að aukavinnan haldi honum uppi.

--Þetta er eins og þegar Raggi Arinbjarnar talar um alla Siggana, Sveinana og Gunnu frænku hennar mömmu. Ég fylgist ekki með lengur. Ætlaðu ekki að vera svo góður að spandéra einu bréfi um harmsögu ævi þinnar.

Mín harmasaga er að ég er að vinna fyrir svokallaða Læknisþjónustunefnd, í aukavinnu auðvitað, fékk útborgaðan 10 þús kall í dag; blessuð sé minning hans, hann lifði stutt og vel.

Meiningin er að finna aðferðir til endurbóta á læknisþjónustunni utan sjúkrahúsa, þ.e. að bæta heimilislæknisþjónustu, vaktþjónustu o.fl. Við erum búnir að sitja á tuttugu fundum, þar hafa hist fimm fulltrúar, þrír lækna, tveir leikmenn til að vinna að þessu. Ég hef skrifað skýrslur um ástandið í útlöndum, greiðsluáðferðir og margt fleira sem ég held að háttvirtir nefndarmenn hafi alls ekki lesið, enda varla von. Þeir sitja með pókersvip og reyna að fá hina til að blotta sig, sem þeir ekki gera. Grauturinn er nefnilega brennheitur og bragðvondur, ef einhver skyldi álpast til að smakka á honum. Við höfum enga heimilislækna, svo nefna meg, utan eitthvað fimm og þeir eru meira og minna uppteknir í aukastörfum. Sjúklingarnir, jú, þeir eru víst til líka; þeir eru víst allir dauðir, ef þeir eiga ekki frænda sem er læknir, voru með einum í skóla eða veiddu hornsíli með honum, Hvursu er þetta í hinu víða Jótlandi.

Spyr um vaktlæknisstörfin, vaktir lækna og hvort vaktlæknar séu sérfræðingar í orkulækningum, frumurannsóknunum, eða svæfingarlækningum - eða hvað.¹

-- Ég er viss um að næsta bréf hljóðar svo: *Blessaður biddu mig heldur um rúm.*

Það er nýbúið að standsetja baðherbergið. Það er orðið svo fínt að við ætlum að halda næsta jólaboð þar frammi. Að vísu er gólfíð svo óslétt, líkt og hjá Bo forðum,² nema hér renna allir út í mitt herbergið. Jú, margir hafa gaman af að hittast, ef þeir rota sig ekki. --

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirssyni. 27.12.1964.

Óskar fjölskyldunni til hamingju með fæðingu sonarins 25. des. og sem skírður var Kári. Þá þótti henni merkilegt að heyra þá feðga, Pál og Árna Geir sem söng fyrir hana Bí - bí og blaka sem heyrðist eins og þeir væru í næsta herbergi. Spannandi verður að heyra þegar hann, sem skírður var Kári, kemur heim og fá að heyra hvernig Árni Geir bregst við.

Segir frá jólum og Ásgeiri, hinum unga, sem ekkert botnaði í öllum gjöfunum. Einnig segir hún frá jólaboði þar sem var Helgi bróðir hennar og fjölskylda Magnúsar og Sylvíu.

-- Eins og þú getur nærri voru dúkarnir á boðinu meðteknir eftir máltíðina, og ég sjálf líka, því minn borðherra var Helgi litli Magnússon. Pabbi hans fékk honum gosdrykkjaflösku. Drengurinn ætlaði að hella í glasið úr flöskunni, en það fór svo rækilega yfir mig, að ég varð alveg gegnblaut, sat nú samt með stífnað bros á vörum og sagði að allt væri í lagi. En það átti eftir að versna talsvert. Þegar allir voru farnir nema Dídí, tók ég dúkinn og jóladúkinn og ætlaði að láta þá í bleyti í baðkarið -- og hafði handsprautuna á og skrúfaði ósköp lítið frá, að ég hélt. Fer síðan inn í eldhús, en þá heyri ég feiknarlegan vatnagang. Þegar ég lít fram sé ég að vatnið sprautast upp í loftið, út um dýrnar, og alla leið inn á skrifstofu. Var auðvitað engin leið að komast að krananum án þess að rennblotna. Þá dettur mér í hug það „snjallræði“ að spenna upp regnhlíf og brjótast í gegnum vatnsegginn undir regnhlíf, en auðvitað strandaði regnhlífin í dyragættinni og ég fékk mitt jólaboð í sparikjólnum með jólaglaðninguna. Á meðan á þessu stóð var vatnið komið upp í skóvarp inni í baðherberginu og óð ég þar vel upp fyrir. Síðan þurfti ég að ná í tsku til þess að þurrka upp vatnið, en þá komu kolsvört spor á teppið, eftir sjálfa mig! Þetta voru mörg óhöpp á skammri stundu, vel skipulögð. Ég var boðin í leikhúsið á frumsýningu um kvöldið á *Stöðvið heiminn* og hárið á mér eins og ég hefði farið í gufubað og síðan í sundhöllina. --

¹ Ég held að ekkert hafi komið út úr þessu í læknisþjónustu, nema eins skýrsla mikil, sem mun týnd, nema minn partur sem ég átti og sendi á Landbókasafn. Hinsvega nýttust hlutar hennar hjá Rauða krossinum þegar ég starfaði þar.

² Bo Almqvist bjó í húsi í Uppsölum sem tók að síga öðrum megin, þannig að alla bolta Marju litlu mátti finna í einu horninu.

1965

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 3.1.1965.

Hamingjuóskir vegna fæðingar Kára og þakkir fyrir gjafir m.a. skó á hann sjálfan.

-- Fréttin um að þið hefðuð eignast son hefur gert okkur óþolinmóð, enda Sirrí farin að þyngjast. Það er skrítið að Árni Geir skuli vera skólaári yngri en Ásgeir, þótt ekki muni miklu á þeim, Og að litli Álfur¹ skuli einu ári yngri en árni; það muni svo aftur þrem skólaárum og hans væntanlegu systkini. --

Á þriðjudag gerði ákaflegt illviðri með mikilli fannkomu. Þá var Sirrí boðið til Siddu og Halldórs í Kópavogi. Ætlaði ég að skreppa með þau (Á+S) suður eftir og var þá skafrenningur byrjaður. Því miður kunnum við ekki við að snúa við, en ég ákvað bara að bíða og gerast boðflenna. En svo skjótt herti veðrið, að ég vildi ekki fara heim og krafðist húsaskjóls. Varð það úr að við gistum enda hefði illa farið ef við hefðum álpast heim aftur. -- Gistinginn var all-velheppnuð, það eina sem skyggði á að Ásgeir vantaði snuðið sitt og átti bágð með að sofna. En allt tókst vel og við komum heim þrekuð eftir nóttina, hafandi sofið í svefnpokum -- Nauðsynlegt að fólk gisti hvort hjá öðru svo það fái kynnst betur, að vísu getur það farið á ýmsa vegi, en leiðir oft sannleikann í ljós. --

Friede P. Briem skrifar Hólmfríði Árnad. Rvík. 7.1.1965.

Segir frekar frá óverðursferðinni í Kópavog sem fyrr var rakið.

-- Ég var ógurlega hrædd út af Sirrí -- hefði helst viljað hringja á hálf tíma fresti, en þess í stað var ég alltaf rápandi og horfði út í fannkomuna og ímynda mér hið versta. Þau voru hins vegar í Kópavoginum að ræða hvað gera skyldi, ef Sirrí tæki sóttina. Niðurstaðan var að þau skyldu hita nógu mikið af vatni.

Þegar við vorum hjá Helga á gamlárskvöld, var verið að hlæja að þessu öllu, og sögðu Eggert og Sirrí að enginn hefði vitað hvað hefði átt að gera við allt þetta vatn. Sagði Helgi þá að það hefði nýst í te. Við vorum öll svo góðglöð, nema Sirrí, að við hlógum öll að þessu og meira að segja Sirrí líka. Finnst þér þetta ekki gáfuð fjölskylda? Og nægjusöm með brandara? En Sirrí er ennþá uppistandandi. --

Á nýársdag bauð ég Óla mági mínum að borða og var það verulega skemmtilegt. Hann er skraffreyfinn og glaður í sinni einveru, getur hitt fólk þegar hann vill, en getur líka verið laus við það þegar hann hefur nóg í sjálfum sér.--

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Steingrími Dagbjartssyni. Rvk. 14.1.1966.

Segir að þetta sé eiginlega jólabréf, með ýmsum fréttum af þeim sjálfum og framkvæmdum þeirra.

-- fór með Ásgeir á barnaball hjá Anglíu -- og skemmti mér ekki síður en hann. Þar var vinur þinn Skúli², með tveim dömum, sem voru með börn og dansaði eins og bestu pabbi úti á gólfinu, við börnin. --

Skemmtilegt að þú skyldir geta farið til Stokkhólms um jólin og notið þeirra með fjölskyldunni. --

Ég hef alltaf mikið að gera í sambandi við fjölritunarskrifstofuna. Er það aðallega kvöldvinna, þar sem synirnir leyfa mér ekki slíka iðju á daginn. -- við njótum þess að sitja í nýju stofunni okkar og upplifum lítið utan heimilisins. --

Sendir honum Ofvita Þorbergs, bestu bók sem hún hefur lesið lengi. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Elísabet Vestdal Abéla. Rvk. 8.2.1966.

Óskar vinkonu sinni til hamingju með væntanlega fjölgun og skýrir út hvers vegna hún hefur haft lítið samband. Segir henni frá drengjunum og breytingunum á húsnæðinu á Bergstaðastræti, sem naumlega tókst að ljúka fyrir jól.

-- Ég hef líka aldrei notið jólanna betur. --

Segir frá bekkjarsystrum þeirra, námi, störfum og fjölskylduháttum.

Friede P. Briem skrifar Hólmfríði Árnad. Rvík. 9.2.1965.

Segir frá veislu hjá Páli Helgasyni og Inger í Hafnarfirði.

-- Þar hitti ég -- Einar Guðfinnsson frá Bolungarvík og þótti mér það verulega skemmtilegt. Hann var reyndar lengi að ná sér þegar hann heyrði að við Dídí hefðum verið í Bolungarvík án þess að heimsækja

¹ Sami brandari með hverju barni. Átt við að hann verði skírður í höfuð Álfheiðar langömmu þeirra.

² Skúli Þorvaldsson (1940), nú granni okkar á Bergstaðstræti, þegar hann er ekki í skattaskjólum!

hann. En ég býst ekki við að hann gæti verið neinn rómaður athafnamaður um alla Vestfirði, ef hann væri alltaf að taka á móti ferðamönnum. En það er nú það sama, næst þegar ég kem til Bolungarvíkur lofaði ég að heimsækja hann. --

Ég var að tala við Brand Jónsson skólastjóra málleysingjaskólans til að bjóða honum með börnin á skemmtun hjá Zontaklúbbnum -- Hann þáði boðið með miklum þökkum og orðskrúði, en ég hef ekki talað við hann síðan hann hringdi til mín áður en við höldum fjáröflunarskemmtunina í vetur, en þá var hann svo ergilegur við mig og allar okkur í Zonta, fyrir að birta orð dr. Bentzens í blöðunum, því hann álitur dr. Bentzens og hans kenningar fjarstæðu eins og hann sjálfan ábyrgðarlausan froðusnakk sem við ættum sannarlega ekki að leita til sem ráðgjafa. En nú sagði hann við mig að hann hefði verið nokkuð stórorður og þungur á bárunni. En mér finnst engin ástæða til þess að menn megji ekki láta uppi skoðanir sínar í lýðfrjálsu landi, og það sagði ég við hann. Held ég að honum hafi þótt vænt um að ég væri ekki að erfa þetta við hann. Honum fannst got að fá boðið með fyrirvara --

Eggert ætlar á bítlátónleika kl. 11.30 í kvöld með borgarlækni, ekki vegna listarinnar, heldur til að mæla hávaðann, sem sagður er háskalegur. Margt er nú til. --

Segir frá því að Stefán Jóhann og Helga séu að koma heim eftir að búið var að fá eftirmann. Þá gangi erfiðlega fyrir Guðmundi Ólafs sem sagt var upp í Iðnaðarbankanum og allt í óvissu með eftirlaunin þaðan og frá Útvegsbankanum eftir starf í 34 ár.

Er líka að skrifa nýjar og nýjar stefnur í meiðyrðamáli sem Lárus Jóhannesson hæstaréttardómari höfðar á hendur Frjálsri þjóð.

-- Það er óuppbyggilegt og óskemmtilegt vinna. En það er ekki allt fallet sem út á þrykk gengur. --

Segir frá undirbúningu byggingar yfir svalirnar á 2. hæð.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 3.2.1965.

-- Sirrí er komin heim með sinn litla kút og er allt í besta gengi. Mikið nýt ég þess að fylgjast með þeim Ásgeiri og litla bróður. -- Árni Geir hafði mikil forréttindi að fá að heimsækja mömmu sína á spítalanum -- Daginn sem Sirrí kom heim þurfti hún að skreppa í eina búð og fóru þau Eggert saman út, en Ásgeir kom niður og höfðum við opið á milli svo ég heyrði í bróðurnum. --

En við vorum varla komin niður þegar Ásgeir stríkaði upp, og sagði: *Mamma kemur aftur, mamma ekki lengi burtu.* Ég auðvitað samþykkti það allt og sagði hvort við ættum ekki að koma niður að skoða myndabók -- En þá sagði hann: *Nei, Addi finna bók. Amma sýna Adda.* Hann ætlaði að vera tilbúinn að grípa mömmu sína þegar hún kæmi.

Nú er hann farinn að jafna sig á þessu og vill aftur koma niður til mín. Hann eslar að opna alla þessa skápa og skúffur á skrifstofunni. Það er alltaf eitthvað nýtt og merkilegt sem hann finnur, þó hann gramsi í þessu dag eftir dag. Hann er afskaplega skemmtilegur og raular fyrir minni sér þegar hann er að dunda.

Uppáhaldsvísan hans er: *Hvað kantu að vinna, baggalútur minn?* --

Segir hvað gott sé að vera ein á skrifstofunni, þó bindandi sé, en með Sirríar hjálp gangi þetta, líka sé hún hjálp henni.

-- Ég nýt þess á meðan þau eru hérna, en undirbý mig í huganum að það verði ekki alltaf.

Ég er búin að vera að skrifa verkefni í siglingafræði, með öllum þeim kompásstefnum og staðarmælingum, segulskekkjum og rammaleiðréttingum sem hægt er að upphugsa til að rugla nemendurna í kollinum --

Segir frá Zonta og er mjög spennt fyrir að hrinda einhverju af stað viðvíkjandi heyrnardaufum. En ráðamennirnir, landlæknir, mega aldrei vera að því að tala við okkur Auði Auðuns um þessi mál. En þó að hann gefi okkur stund, er kannski ekkert upp úr því að hafa. Best væri að gera þetta allt á eigin spýtur. Lækni þurfum við að hafa, brennandi anda, en hann er vandfundinn.

-- Borgarlæknir er mjög elskulegur, samþykkir allt sem maður segir, og segir að þetta þurfi allt að athugast gaumgæfilega og þar við situr. Þór er mér frábærlega vel við hann. Ég hitti þau hjón í hlénu, þegar við sáum Virginíu Woolf og þau viku ekki frá manni blessaðar manneskjurnar, þó mig dauðlangaði í Coca Cola, en þegar svona fólk á í hlut sem maður þarf að koma sér í mjúinn hjá og vill tala við mann, fer maður ekki að kveðja það í miðri setningu. --

Ingibjörg Eggertsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Síðumúla. 28.2.1965.

-- Elsku pabbi minn. Ég þakka þér fyrir jólagjöfina og bréfið. En hvað það er gaman að vera búin að eignast lítinn bróður. Ég er búin að taka miðsveitarpróf og ætla að segja þér hvað ég fékk í einkunn: Lestur 8,5, skrift 6,5, reikningur 3,0, biblíusögur 8,0, teikning 4,5, söngur 5,3.

Þegar ég fer í skólann næst þá verður grímuball og ég verð Mikki Mús. Mamma bjó til grímuna og búninginn. Ég verð í rauðum stuttbuxum með rófu og í voðalega stórum skóm og svartri blússu. Gríman hún er ekkert lík Mikka, en er voða lík dýrunum í Hálsaskógi, en mamma segir að það sé Mikki Mús í fýlu. Vertu nú blessaður og sæll. Þín Imma.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík, 2.3.1965.

Sonurinn ungi hlaut nafnið Dagur. Segir að Brynhildur frænka þeirra sé orðin veik aftur og hafi orðið úr að hann fylgdi henni til Stokkhólms en hann geti rekið erindi í leiðinni. Segist munu koma til Páls á heimleiðinni.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 5.3.1965.

-- Allt gott héðan að fréttu. Okkur er ekkert farið að leiðast, en ég vona, þín vegna, að að því komi. Í gær vorum við Ásgeir á flakki - fórum niður á Smáragötu í kaffi og þaðan með Rönku¹ og Hjálmari² að skoða nýju íbúðina þeirra. Dagur svaf þá á neðri hæðinni.

Við Ásgeir byrjuðum daginn með ofsalegum boltaleik frammi á gangi, sem endaði með því að móðirin skaut niður loftljósið, sem nú hefur fengið hinsut hvíld í öskutunnunni.

Tilgangur bréfsins er sem sé að panta hjá þér AKARI lampa, ef þú skyldir rekast á einn slíkan í útlandinu. Ég tek það fram að Ásgeir var mjög hneykslaður á mér, en huggaði mig strax með því að segja að þú gætir lagað þetta.

Ásta í Ólafsdal fékk bréfið frá þér í morgun og var mjög fegin að allt gekk vel. Óli Vestmann hringdi og sagði að þú hefðir fengið styrkinn.³ --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Stokkhólmi, 5.3.1965.

-- Ferðin hingað gekk ágætlega. Brynhild er mjög dugleg og sást ekki á henni þreyta fyrr en við þurftum að bíða klukkutíma vegna seinkunar í Kastrup.

Þegar við komum hingað til Arlandaflugvallar voru þar fyrir Sven og Astrid, ásamt Else Mari. Þegar við komum þangað þótti rétt að panta sjúkrabíl, enda er bæði langt til Karolinska og Brynhild uppgefin. Mamma hennar ók með henni í sjúkrabílnum, en við hin hittum þær svo á spítalanum. Brynhild var mjög fegin að fara í sjúkrabíl. Móttökurnar á sjúkrahúsinu voru ákaflega alúðlegar (ólíkar því sem gerist heima) og glaðlegar. Skildum við þar.

Astrid vildi endilega að ég byggi hjá sér, hafði m.a.s. búið um rúmið. Ég hringdi í Harald frá Karolinska, var hann mjög glaður að heyra í mér, var líka tilbúinn með rúm. Ég reif mig lausan frá báðum og fór á Herinn. -- Það væri nú gaman að hafa þig hérna. --

Lestu þetta fyrir Ástu og Kalla bæði. Ég heimsæki Brynhild í dag. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 5.3.1965.

-- Allt gott héðan að fréttu. Okkur er ekkert farið að leiðast, en ég vona, þín vegna, að að því komi. Í gær vorum við Ásgeir á flakki - fórum niður á Smáragötu í kaffi og þaðan með Rönku⁴ og Hjálmari⁵ að skoða nýju íbúðina þeirra. Dagur svaf þá á neðri hæðinni.

Við Ásgeir byrjuðum daginn með ofsalegum boltaleik frammi á gangi, sem endaði með því að móðirin skaut niður loftljósið, sem nú hefur fengið hinsut hvíld í öskutunnunni.

Tilgangur bréfsins er sem sé að panta hjá þér AKARI lampa, ef þú skyldir rekast á einn slíkan í útlandinu. Ég tek það fram að Ásgeir var mjög hneykslaður á mér, en huggaði mig strax með því að segja að þú gætir lagað þetta.

Ásta í Ólafsdal fékk bréfið frá þér í morgun og var mjög fegin að allt gekk vel. Óli Vestmann hringdi og sagði að þú hefðir fengið styrkinn.⁶

¹ Móðursystir hennar.

² Hjálmar Blöndal (1915-1971) sem mun þá hafa verið hagsýslustjóri borgarinnar.

³ Mun hafa verið styrkur frá Iðnskólanum, um að ég skyldi kynna mér kennslu í heilbrigðisfræði við iðnskóla.

⁴ Móðursystir hennar.

⁵ Hjálmar Blöndal (1915-1971) sem mun þá hafa verið hagsýslustjóri borgarinnar.

⁶ Mun hafa verið styrkur frá Iðnskólanum, um að ég skyldi kynna mér kennslu í heilbrigðisfræði við iðnskóla.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. í Uppsalalestinni 7.3.1965.

Rifrildi af bréfi.

-- Ekki man ég hve langt ég var kominn þegar ég skrifaði þér í gær. -- Þau Haraldur og Stella sóttu mig. Áður skrápp ég til Brynhildar og leið henni vel eftir að hafa hvílt sig. Else Mari var hjá henni. -- Það var mjög gaman að hitta H+S þau; búa ágætlega; eru hamingjusöm. Þú mátt vita að marg var talað, mikið borðað og mikið drukkið. Ég var hjá þeim í nótt.

Hér er ansi kalt og snjócoma. Í morgun hef ég verið í heimsókn hjá Rauða krossinum. Var að tala við Áslaugu Skúladóttur og Kristínu Gústavsdóttur og fer í kvöld á fund hjá Rauða krossinum en borða áður með Kristínu. Bréfið er orðið ansi ruglingslegt vegna flýtis.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Stokkhólmi, 11.3.1965.

Á leið til Árósa.

Gekk um bæinn með Stellu og Guðrúnu litlu. Fór heim með þeim. í morgun verið hér og þar og aflað upplýsinga. Ætlaði að heimsækja Brynhild, hún var þá farin til Karlstad. Veit ekki hvað þýðir. Er ánægður með dvölinu.

Bo Almqvist skrifar Sigríði Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. Uppsala, ódags.

Óskar til hamingju með fæðingu sonarins Dags (21.1.1965). Þykir slæmt að þau skuli ekki hafa getað þegið boð til skírnarveislunnar. Ræðir um doktorsveislu sína.

-- Mikið var nú indælt hjá ykkur að útvega okkur matvælin -- Aldrei á ævinni hef ég borðað betri harðfisk, þó er ég annáluð harðfiskæta. Ég nærri grét af gleði. Hangikjötið og sviðin voru líka mjög góð. Þetta gerði mikla lukku í boðinu. Þeir Íslendingar sem þarna voru viðstaddir fóru að syngja *Eldgamla Ísafold* og þeir Uppsvíar, sem höfðu ekki áður smakkað slíkt sælgæti fannst það mjög svo spennandi og víkingaaldarlegt. Boðið var -- að öðru leyti hið ágætasta enda ekki drukkið við sleitur. Dans var stigin þangað til um fimm leytið að morgni til. Einar Ólafur hélt mikla ræðu sem hann endaði á að óska öllum gleðilegra páska og gleðilegra jóla! -- eins og þið getið skilið af þessu gekk bara nokkuð vel hjá mér í doktorsvörninni; enda er ég nú orðinn ósköp virðulegur maður og get titlað mig dósent. Ég varð alveg klumsa þegar ég heyrdi þetta, en að sjálfsögðu er ég feginn. Að nokkru leyti held ég að allt hafi gengið svona vel af því að ég fór að borða harðfiskinn áður en vörnin hófst. --

Saknar þess að engir reikningar hafi fylgt matarsendingunni nema merki á sviðadósum. Þá orðar hann við Eggert hvernig hægt sé að koma bókinni á markað og leitar aðstoðar með það, segir hvað bókin kosti og Jón Hnefill Aðalsteinsson muni skrifa grein í Mbl. og andmælaræðu Einars Ólafs Sveinssonar muni birtast í Skírni.¹ Segist senda viðtakendum bréfsins sitt hvort einstakið og eitt í sölutækniskyni.

Biðst afsökunar og vísar á Þór Magnússon sem kunnáttumann í viðskiptamálum. Segist ætla á Víkingamót í Færeyjum meðan kona hans, Jane, og dóttirin Marja (sem krassaði bréfið út), fari til BNA; og síðar til Írlands.

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almqvist. Rvík, 18.3.1965.

Pakkar móttökurnar og skýrir frá sölutilraunum sínum á doktorsritgerð Bo. Bókabúð Snæbjarnar hefur kynnt hana og lagði til að þeir fengju 100 et. Ræðir um verðið sem sett yrði á bókina o.fl.

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirssyni. Uppsala, 25.3.1965.

Pakkar svar og mun senda doktorsritgerðina, 75 et. til bókaverslunar Snæbjarnar. Spyr um hvað pro forma nóta þýði en sú krafa var gerð.³ Ræðir líka um óhóflegt verð sem bókin muni kosta í ís. kr. Reynir að koma verðinu niður. Hefur áhyggjur af að meira muni seljast.⁴

-- Glæðir mig att borgmästaren tycker sig behöva boken. Det göre ett uppslag för reklam: *Inte ens borgmästaran kan vara utan Norrön niddiktning.*⁵

¹ Mun hafa birst í sænska ritinu: Arv.

² Þór Magnússon, síðar þjóðminjavörður.

³ Það skildi ég ekki þá, því síður nú!

⁴ Áhyggjur voru ástæðulausar; enn eru eintök til hér á háaloftinu! Þetta er síðbúið áróðurs innslag (!) nál. hálfri öld of seint.

⁵ Gunnar Thoroddsen, þá borgastjóri, var að undirbúa doktorsritgerð um fjölmæli og þurfti á bók um níð að halda. Páll Línadal hafði þar um milligöngu. Bætur við hugmyndum um auglýsingar. Ólafur Briem mun skrifa grein í Skírni.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 29.3.65.

Pakkar fyrir móttökurnar í Árósum.

-- lítið eitt¹ skyggði á þótti mér afar gaman að hitta ykkur öll. Dagurinn sem við fórum til Æbeltoft verður mér lengi minnisstæður sem einhver skemmtilegasti gagur sem ég hef lengi lifað. Ég vona að þú fái fljótt tækifæri til að koma hingað svo ég geti hitt þig oft og rabbað við þig. Það er eitt hið skemmtilegasta sem ég geri.

Talaði við Kristbjörn Tryggvason yfirlækni á barnadeildinni og fékk vita um hvernig stöðum er þar háttað. Ætti að taka nýja deild í notkun með haustin en ekki enn teknar ákvarðanir um viðbótastarfsfólk. Vildi litlu svara og var öflugur.

-- náði loks núna í landlækni² til að spyrja hann um áætlanir. Sagði hann mér að fylgjast með hvað liði byggingunni o.fl. Hann sagðist eindregið styðja það að þú kæmist að, ef þú sæktir. Hvað hann meirar með þessu veit ég ekki. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 30.3.65.

Ræðir möguleikana ef hann komi heim, ef hugsanlegt sé að hann komi heim með vorinu þá gagnast honum ekki að staða losni á barnadeildinni í haust. Hins vegar segir hann honum að Björn J. Jónsson muni hætta sem aðstoðarborgarlæknir 1.6. Bendir hann á stöðu hans sem þarf að fylla til haustsins. Þetta geti verið gagnlegt fyrir hann til að kanna hvernig landið liggur.

Eggert Ásgeirsson skrifar Brynleifi Steingrímssyni. Rvík. 30.3.1965.

-- gaman að hitta þig, þótt stutt væri, á Folkhälsan um daginn. -- Þú sagðist ætla að koma heim áður en langt um liði. -- Það gerðist hér í skrifstofu borgarlæknis í morgun að Björn L. Jónsson sagði upp aðstoðarlæknisstari sínu -- og mun gerast yfirlæknir við Heilsuhælið í Hveragerði. Mér datt í hug hvort þú vildi ef til vill hafa áhuga á að verða aðstoðarborgarlæknir. --Launin eru allgóð, miklar aukatekjur í aðalstari og utan. --

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjd. skrifa Ingvaldi Dagbjartsd. og Haraldi Guðjónss. Rvík. 30.3.65.

Pakkar móttökur og hjálp þegar hann var í Stokkhólmi. Þjóða fjölskyldunni að búa hjá sér þegar þau koma til landsins og lýsir hvernig því verði við komið með aukakompu í kjallara. Varnagli sleginn að hugsanlega verði þá framkvæmd í húsinu. Haraldur hafði beðið um upplýsingar um lækna sem sendar verða síðar.

Eggert Ásgeirss. skrifar borgarlækni Jóni Sigurðss. Rvík. 14.6.65.

Sendi kvörtunarbréf, í gríni, öllu heldur í alvöru, um skordýrauðun á Bergstaðastræti 69.³

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 2.7.1965.

Óskar til hamingju með kaup á húseign. Afsakar litlar bréfaskriftir sem hann segir til komið vegna margra ósvaraðra bréfa á skrifstofunni og líka í aukastörfum, vinnu á garði, heimilisskyldur og skemmtanalíf.

Ýmislegt hefur steðjað að. Sirrí fékk tvisvar háan hita vegna truflunar á mjólkurgjöf.⁴

Segir líka frá veislu hjá Eggert móðurbróður sínum, en boðið kom óvænt eftir ósamlyndi.⁴

-- Álfheiði Sylvíu var líka boðið. Þegar Sigga óskaði henni til hamingju með barnið sagðist hún hafa litið í kringum sig og spurt sig: Á ég eitthvert barn, og sá synina, eins og tveggja ára. Svo þú sérð að ekki er sambandið mikið.

Skemmtanalífið er eiginleg hálfgerð skyld líka. Fyrir nokkru hringdi Sveinn Benediktsson í mig og spurði hvort satt væri að ég væri hestamaður og áhugamaður mikill. Ég kvað já við hinn djarfasti. Hann bað mig um að taka að mér til ágústmánaðar svo hesta og sonar síns Inga, en Ingimundur er að læra arkitektúr í

¹ Var ekki svo lítið, því farið var að hrikta í stoðum hjónabandsins.

² Sigurður Sigurðsson (1903-86) berklyfirlæknir og landlæknir frá 1960.

³ Þá, eða nokkuð seinna upphófst viðnám við hömlulausri úðun um alla borgina, skv. skipulagshugmyndum mínum, sem rann reyndar þá út í sandinn, en skilaði þó árangri.

⁴ Ekki fæ ég séð hvað átt er við það, en væntanlegar eru þetta eftirhreytur, skilnaðar Steinunnar við Kristmann.

Þýskalandi og kemur ekki heim fyrr. Þannig atvikaðist að ég er alltaf, þegar tími er, til í útreiðatúra, og er það mjög gott, ef ekki fylgdi það að til að halda góðum hestum í þjálfun má maður helst ekki ríða þeim út sjaldnar en þrisvar í viku, og það verður ansi mikið þegar maður hefur öðrum skyldum að gegna. Jæja, hvað um að, það er mjög skemmtilegt, en vandasamt, því annar hesturinn er sá almesti gæðingur sem ég hef komið á bak. Hann er geysi viljugur og hraður tölthestur. Eina hættan samfara því er að láta hann hlaupa og missa hann. Eins og margir fjör og viljahesta fælist hann og hleypur á hvað sem fyrir verður --

Eins og við töluðum um í vor er áhuginn á garðrækt í fullkomnu lagi. Garðvinna er eitt af því skemmtilegasta sem ég geri og gæti verið í garðinum öllum stundum. Það er líka enn skemmtilegra nú orðið, þar sem mjög gaman er að hafa Ásgeir með sér, enda hjálpar hann óspart til. Plönturnar, sem ég sagði þér frá að ég hefði pantað frá Danmörku lukkuðust mjög vel og er bara vonandi að þær þoli veturinn.¹ Svo allar horfur eru á að garðurinn verði enn fallegir og skemmtilegri á næstu árum. --

Þá segir hann frá ýmsum vandræðum í framhaldi af því að hann tók að sér að skrifa ritdóma í Læknablaðið fyrir Ásmund Brekkan lækni. Svo kom Þorkell Jóhannesson, síðar prófessor, inn í ritnefndina og fór að skipta sér af efninu. Var þetta vandræðalegt þar sem þeir Eggert og Þorkell voru báðir í eiturefnanefnd o.fl.²

-- Það er gaman að flygjast með þroska bræðranna, Dags og Ásgeirs. Ekki er nú verulegur þroskamunur sjáanlegur á þeim. Þó er Dagur heldur stinnari en Ásgeir var. Hins vegar er Dagur óþægari og frekari. Ég býst við að það sé svipaður þroskamunur og var á okkur. T.d. grenjar Dagur meira en Ásgeir, því hann hefur eiginlega aldrei grátið neitt, hann hefur samt ekki verið neitt óeðlilegur að þessu leyti. Þegar ég var hjá ykkur þótti mér nóg um að heyra Kára grát. Þega Ásgeir grét var allt vitlaust á heimilinu enda tókst alltaf að róa hann fljótt. Dagur er hinsvegar búinn að venja mann af viðkvæmni gagnvart gráti. Enda grætur hann af hreinni og klárri frekju, ef foreldarnir sitja ekki og standa eins og hann vill. Ég segi ekki að Dagur gráti ákaflega, nema þegar hann á að sofa, hann er eins og ég þykir það með því leiðinlegasta.

-- Það var mér sannarlega ánægjuefni að geta rétt þér máttlitla hjálparönd, því það áttu sannarlega skilið. M.a. vegna þess hvað þú hvattir mig eindregið til húsakaupa á sínum tíma; það hefur gert mig að milljónera, skítt með það að milljónirnar minnkuðu með hverri viku. --

Veikindin kostuðu margra daga legu, þjáningu og basl. Ég tók nokkurra daga sumarfrí, til að gæta bús og barna og verð að segja að það fór ekki vel úr hendi. Að vísu held ég að stráknum hafi liðið vel; en heimilið, drottinn minn, ég veit ekki hverju það líktist mest eftir nokkra daga, Síld og fiski, held ég helst.³ Mamma stóð undir bagga með því að gefa okkur kóngafæði -- Litlu síðar fékk Ásgeir kvef og hita og tókst þrátt fyrir varúðarráðstafanir að smita Dag. -- Nú, sem ástandið fór að batna hér, þá versnaði það niðri því mamma fékk kvef og bronkítis -- og treystir sér vonandi til að fara í boð til Siggu og Eggerts. á morgun, en það kom eins og demba yfir fjölskylduna eftir allt ósamlyndið --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 20.9.1965.

Segir frá innréttingu herbergis í kjallaranum og breytingum á 2. hæð sem hann kallar skrauthús! M.a. urðu vandræði þegar framkvæmdir voru við svalirnar (sem með breytingunum voru gerðar hluti af stofunni) að þegar verið var að brjóta gólfíð á svölunum, til að koma þeim í sömu hæð og gólfíð í stofunni, þá sátu þau Ólafur Briem og mamma á tali. Allt í einu, hrundi þússning í loftinu yfir þau, án þess þó að slys yrði.

-- Eftir breytingarnar hófst vinna við erindi um heilbrigðisfæðslu á fræðslunámskeiði Læknafélags Íslands.⁴ Það var skemmtilegt verk og virtist ég tala fyrir þakklátum hópi. Allir voru sammála, að því er virtist, að þessu þáttur heilbrigðismála væri vanræktur og gera ætti hann að athafnasömum þætti í viðleitninni að bæta heilsu þjóðarinnar. En það er nú ekki aldeilis að sumum þeim æðstu finnist það. Einn þeirra sagði að það væri sjálfsgagt að mennta útlendinga, en Íslendingar væru svo vel menntaðir að það æri óþarfi að eiga við þá. Annar tók undir nauðsyn þess að fræða, enda hefði það verið sinn draumur að kenna Íslendingum að

¹ Þetta vor nokkrar síblómstandi sýrenutegundir sem dafnað hafa og breiðst út víða, m.a. prýða þær grasgarðinn í Laugardal og hefur verið skrifað um þær í garðyrkjurit.

² Þeir lentu líka í átökum vegna mismundi skoðana um flúrblöndun neysluvatns, sem ekki skal farið út í.

³ Hér er skírskotun til eins mesta slyss heilbrigðissögu Reykjavíkur þegar matareitrunin kom upp í Síld og fiski. Kannski kemur fram hvenær það átti sér stað. Sennilega verið umliðið.

⁴ Námskeiðið fór fram á fundarstofu Landspítalans og voru þar allir þeir legendarísku gömlu héraðslæknar, m.a. Bjarni Guðmundsson (67 ára) á Selfossi og Eggert Briem Einarsson (70 ára) í Borgarnesi, sem sátu þar eins og vel uppaldir nýnemar þar sem ég 37 ára, las yfir þeim um efni sem ég vissi næsta lítið!

þvo sér eftir salernisferðir og að bursta tennur. Annars er ég ánægður með hve læknasamtökin breytast óðum. Ungri menn og harðsnúnir áhugamenn taka óðum við stjórninni og reyna ákaft að hafa áhrif á heilbrigðismálin í framfaraátt.¹

Hér á heimilinu er allt í fjöri og hver stórviðburðurinn rekur annan í hnotskurn. Dagur er orðinn mesti jötunn, skríður um allt og kemur sjálfsagt til með að verða erfiðari en Ásgeir, en er það ekki svo með annað barn. Hann komst inn í stofu (þar sem trésmiðir höfðu verið að vinna) og makaði fúavarnaefni framan í sig. Sirrí fór með hann upp á Slysastofu, en til allrar lukku varð ekkert úr.² -- Ásgeir er á gæsluvelli fyrir hádegi³ en eftir hádegi panta stelpurnar í nágrenninu að hann til pössunar. Forgangsrétt hefur Elín⁴ og hefur Láru dóttur Jóns Bergs (og Gyðu Sch. Thorsteinssonar) sér til aðstoðar. Þær eru mjög skemmtilegar, mikið fjör og hugmyndaflug í leikjunum hjá þeim -- Starfsá huginn hjá Helga Bergs (afa Lauru)⁵ ætlar að ganga í erfðir, því þau voru öll fyrir skemmstu í slátrarlaeik. Ásgeir var mjög áhugasamur og þegar hann kom inn fullur af frásögnum um allar þær skepnur sem þau höfðu slátrað. Virtust þau hafa sálgað hverri skepnu sem þrífist getur hér á landi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 17.10.1965.

-- Það kom sér heldur en ekki vel að fá rigninguna. Þannig var að það var nýbúið að setja þak á útbygginguna okkar og nú kom í ljós að þakið heldur ekki vatni. (Olli engu tjóni því klæðning inni var ekki byrjuð). Við ætlum, eins og aðrir snobbar að fá okkur teppi út í horn og höfum valið Westonteppi framleitt í Danmörku úr íslenskri ull. Þetta er ekki nein smávegis fjárfesting, en ég vona að þessi teppategund sé góð. Innan skamms fer stofan að skriða saman. Ég satt að segja hálfkvíði fyrir allri þeirri vinnu sem er því samfara að mála stofurnar og standsetja, því til þess hef ég engan tíma. En þótt ég hafi stöðugt meira að gera, aukast tekjurnar ekki, svo mála verð ég. Ég er sem sagt kominn í stjórn Rvíkurdeildar Rauða Krossins og fylgir því ávallt nokkur vinna. Þar á ofan er ég kominn í nám í landafræði við Háskólann. --

*Heilsufræði á að taka inn í H.Í. en í verkfræðideild enda er læknadeildin sofandi.*⁶

-- Við Björn Öundurson, hinn nýi aðstoðarborgarlæknir, urðum þess greinilega varir, þegar við þurftum nánast að loka fyrir kennslu í tannlækningum í læknadeild vegna heilsutjóns sem vofði yfir nemendum og kennurum. Að lokun varð ekki að sinni, hins vegar var ákveðið að taka burt einn tannlæknastól vegna slysaþættu.

-- Dagur fékk fyrstu tönnina, öðru sinni í dag. Hún hafði komið upp fyrir tæpum tveim mánuði, en þá hvarf hún aftur --

Sirrí vinnur eins og hún mögulega getur við að hjálpa mömmu við skrifstofuna og verð ég að segja að það er furða hvað hún afkastar með okkur þrjá ómagana. Mamma vinnur eins og skepna, sér til skemmtunar, virðist mér nær að halda, og hefur ekki haft það betra. -- Hún hefur verið á kafi í skólabókaflóði að undanfögnu. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 21.11.1965.

Fréttir af miklu vetraveðri, breytingar á húsi.

-- Dagur er búinn að fá þrjár tennur og það bil að fá þá fjórðu. -- Hann er mikill kjarnakall, að vísu ekki eins fljótur að ganga og Ásgeir, enda hefur hann geysilega skriðtækni. Hins vegar virðist hann hafa miklu fleira að segja. Hann hefur lengi verið þannig að þegar maður talar við hann setur hann upp hinn kostulegasta svip, babblar heil ósköp og er mikið niðri fyrir. Byrjaði fyrir dálitlu að segja mamma og pabbi en virðist hafa steingleymt því aftur. Í gær sagði hann datt, og hefur sagt það óspart í dag. Þetta var líka fyrsti dagurinn sem hann fór út í keru. --

Segir frá sykursýkisrannsókn sem embætti borgarlæknis ætlar að framkvæma undir stjórn Björns Öundursonar. Segist sjálfur hafa mikið að gera og vonaði að hann þyrfti ekki nálægt því að koma en spyr þó hvort P. hafði heyrt um eitthvað slíkt í Danmörku.

¹ Hér mun átt við Árna Björnsson, brautryðjanda í lýtalækningum, einkum holgóma barna og Ásmund Brekkan geislalækni.

² Tryggvi Þorsteinsson læknir, sem tók á móti honum, varð reyndar dauðhræddur, því hann hélt að hann hefði brunnið af gufu í hraðsuðukatli, sem þá voru enn notaðir:

³ Elín Edvardsdóttir (1956) dóttir Ástu Láru dóttir Jóns Ólafssonar bankastjóra og Edvards Frímannssonar.

⁴ Lára Scheving Thorsteinsson (1955).

⁵ Helgi Bergs afa Lauru og Jón pabbi hennar voru báðir forstjórar Sláturfélags Suðurlands, hvor á eftir öðrum.

⁶ Ekki mun hafa orðið af því.

-- Borgarlæknir var á borgarráðsfundi og skýrði frá prógramminu. Ætlunin er að allir sem til rannsókna verði teknir gangi í gegnum sykurpólspóf, sem tekur langan tíma. Borgarstjóri spurði, hvort ekki væri hægt að rannsaka hjartað meðan menn biðu. Sagði borgarlæknir að það væri vel hægt. Þá komu aðrir borgarráðsmenn með fleiri tillögur, berkla og hitt og þetta. Loks spurði Páll Líndal, þegar honum fannst nóg komið: *En væri ekki gott að kenna fólki umferðarreglurnar?* Mér skilst að meira hafi ekki verið spurt.

Um daginn var hringt í mig og spurt hvort ekki væri óhætt að hefja vegagerð í kirkjugarðinum í laugarnesi, en þar höfðu verið grafnir bólusóttarsjúklingar fyrir 130 árum. Ég fór að grenslast eftir því hvað um var að ræða. Kom þá í ljós að þarna var grafinn síðasti bólusóttarsjúklingur sem dáið hefur hér, franskur sjómaður árið 1872. Hafði honum verið komið í sóttkví í gamla biskupshúsinu í Laugarnesi eftir að biskup var fluttur til Reykjavíkur. Eftir því sem ég komst næst veiti enginn hve lengi sóttkveikjan geymist í jörð. Ég ræddi við Þór Magnússon¹ og sagði hann mér að þarna væri alveg friðlýst svæði, því Hallgerður langbrók² væri þar grafin. En það sem mér þótti ánægjulegast við athugun mína var að hitta Vilmund Jónsson á Þjóðskjalasafninu og ræða við hann um sögu læknisfræðinnar og sjá hans vinnubrögð við heimildakönnun þar. Þá sá ég hvað margt maður ætti ólært á því sviði a.m.k.

Þegar ég var kominn upp á skrifstofu aftur, eftir að hafa hvatt Vilmund, þá hringdi hann til mín og sagðist hafa farið að hugsa um hver ég væri. Bað hann mig að skrifa þér og biðja þig um að senda upplýsingar um hvað þú hefðir gert frá mánuði til mánaðar frá miðju ári 1962. Þú þyrftir að taka fram aukastörf, fyrirlestra, greinar og hvað annað merkilegt eða ómerkilegt. Hann myndi vinsa úr. Hann bað mig að minna þig á hvaða nafn þú bærir og sagði að Páll Briem væri meðal brautryðjenda í embættismannatölu. --

Biður Pál um að senda V.J. upplýsingarnar og sér afrit. Segist vera að skrifa greinargerð fyrir frumvarpi Einars Ingimundarsonar alþingismanns, móðurbróður Sirríar, um endurskoðun laga um heilbrigðisnefndir og -samþykktir.

-- Lög um heilbrigðismál mörg og matvæli eru í því mesta dauðans öngþveiti. Enda hugsar enginn um þessi mál hér á landi nema borgarlæknir og hans starfsmenn, landlæknir³ talar aldrei við okkur um þessi mál og að því er virðist ekki við neinn nema þá helst Júlíus Sigurjónsson, enda gerist ekkert. Það er helst núna að hann hreyfi sig í skyldum málum vegna mikillar ágengni Þorkels Jóhannessonar, sem því miður viðrist tileinka sér hin undarlegustu sérsjónarmið og furðukenningar sem uppi eru --

Segir af bekkjarskemmtun í Naustinu og þar hefði séra Páll Pálsson haldið ræðu og rífið af sér brandara eins og væri hann arftaki séra Bjarna. Sagði hann að hann eftir eitt sinn sem oft

-- verið beðinn að tala á árshátíð vörubílstjóraráfélags Víkur. Þar var hann spurður hvort nokkuð væri sameiginlegt vörubílstjórum og prestum. Hann sagðist hafa svarað að báðir hefðu einkunnarorðin: *Aldreigi víkja.*

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Steingrími Dagbjartssyni. Rvk. 29.11.1965.

-- Ég heyri, að þú sért búinn að útvega þér ágætis herbergi með heimasætu -- Héðan er allt hið besta að fréttu. Von er um að stofurnar komist í stand fyrir jól --

Ásgeir varð þriggja ára, en fékk ekkert afmælisboð vegna draslsins hérna. Það ætla að verða álög, að eitthvað *bévað* vesen er á afmælinu hans. -- Hann fer bráðum að *stræka!* Ég hef farið með hann á gæsluvöll upp á síðkastið. Hefur hann haft mikið gaman af því. Hann segir alltaf: *hei mamma* og *hei* allt ef mikið liggur við. Dagur er orðinn ansi ákveðinn, svo Ásgeir hefur stundum ekki við honum. Hann er um það bil að fara að ganga. --

Það hefur verið kalt undanfarið og hitaveitan brugðist víða, m.a. hér, svo ég sit hér með rafmagnsofn við hlið mér, svo ég krókni ekki á puttunum við skriftirnar. --

Klukkan er farin að ganga eitt að nóttu, svo ég held ég slái botninn í þetta. Eggert er niðri að lesa saman með mömmu sinni, og ég er nýbúin að skrifa rúmlega 20 blaðsíður fyrir hana, svo þú sérð að þetta er vinnandi fólk. Kvöldin eru líka eini tíminn, sem ég get unnið fyrir Ásgeiri og Degi. --Elsku Steini minn. Ef það er eitthvað sem við gætum gert fyrir þig, þá vona ég að þú snúir þér til okkar. --

¹ Þór Magnússon þjóðminjavörður.

² Vilmundur Jónsson (1999-1972) fyrr landlæknir.

³ Júlíus Sigurjónsson (1907-1988), prófessor v. læknadeild H.Í.

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 19.12.1965.

Þakkar henni skemmtilegt bréf og glaðlegt þrátt fyrir sjúkdóma og erfiðleika.

-- Okkur hefur liðið ágætlega í vetur þangað til að ég fékk kvef -- Ég má bara alls ekki vera að því að vera veik, því ég hef svo mikið að gera til þess að ég geti lokið af því sem ég þegar hef tekið að mér -- varð ég að loka skrifstofunni. --

Og gaman er að fylgjast með barnabörnunum. Litlu drengirnir hans Eggerts eru nú þriggja ára; og ellefu mánaða, miklir gimsteinar báðir og efnilegir. Ég sakna þess að hafa ekki séð þá í nokkra daga á meðan ég lá í rúminu.

Hér hefur verið mikið þröngt í húsinu, og gæti ég trúað að ýmsum hafi þótt nóg um breytingahuginn í mér. Ég var að láta stækka stofuna uppi hjá Eggert með því að byggja yfir svalirnar, sem aldrei voru notaðar, en til þess að koma því í framkvæmd þurfti auðvitað að brjóta niður heilan vegg, og voru það hræðilegar aðfarir, að horfa á húsið eins og gapandi gin. -- Jæja, en það sem meira var, áttu þessir blessaðir loftpressumenn að brjóta þunnt lag ofan af svölunum, sem hafði verið sett til einangrunar. En þeir fóru svo laglega að, að þeir settu tvö göt á loftið hjá mér í leiðinni --

Af þessu leiddu margvíslegir erfiðleikar, mistök á mistök ofan. Miklir erfiðleikar að fá fólk til að bjarga málum við. Þá var langur afgreiðslufrestur á flestum hlutum, t.d. þrír mánuðir á tvöföldu gleri.

-- en nú er stofan komin með stórum og fallegum gluggum.

Segir fjölskyldufréttir, sem ekki eru allar góðar. Sérstaklega eru miklir erfiðleikar hjá Ástu systur Guðrúnar v. veikinda Brynhildar Boström.

Þórdís systir Friede vinnur á Borgarbókasafninu og borðar hjá hennu hádegisverð. Er hún ánægð með það.

1966

Ingibjörg Eggertsd. skrifar Friede P. Briem og Eggert Ásgeirss. Síðumúla. 7.1.1966.

-- Elsku amma og pabbi!. Ég veit ekki hvernig ég á að þakka ykkur fyrir jólagjöfina. Úrið kemur sér vel fyrir mig í skólanum og sloppurinn er alveg mátulegur og bókin skemmtileg og ég sem gef ykkur aldrei neitt.

Ég fer bráðum í skólann þann 9. þ.m. og þá tek ég miðsvetrarpróf og ég skrifa ykkur seinna um það. Nú ætla ég að segja ykkur hvað ég fékk í jólagjöf. Bækur - Ævintýrafljótið, Mary Poppins, Abraham Lincoln, Adda í menntaskóla, Vísnaðabókin og bókin frá ykkur, svo fékk ég líka annað sem ekki eru bækur: Ekko umferðarspil, Barbi dúkku og tvennan fatnað með henni, perlur til að búa til úr þeim hálsmen og Beatlaplötu.

Ég fór á tvenn jólaböll, ofan í Varmaland og upp í Þverárreitt.

Ég hef nú lítið að segja ykkur en ég skrifa ykkur eftir prófin.

Verið þið nú blessuð og sæl. Ég bið að heilsa Ásgeir, Degi og Sirrí. Ykkar Imma.

Ingibjörg Eggertsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Síðumúla. 10.1.1966.

Elsku pabbi minn! Ég þakka þér innilega fyrir jólagjafirnar, ég er búin að lesa bækurnar og þær eru voða skemmtilegar.

Þegar ég fer næst í skólann, verður miðsvetrarpróf og ég er alltaf að lesa undir það. Þegar ég kem suður næst þá ætla ég að láta taka mynda af mér og þá ætla ég að gefa þér mynd og ömmu eina.

Það eru alltaf að fæðast kálfar hérna og bráðum koma hvolpar. Ég skrifaði ömmu hvað ég fékk í jólagjöf. Þú lest bara bréfið hennar. Ég bið að heilsa Ásgeiri og Degi. Þín Imma.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Steingrími Dagbjartssyni. Rvk. 14.1.1966.

Segir að þetta sé eiginlega jólabréf, með ýmsum fréttum af þeim sjálfum og framkvæmdum þeirra.

-- fór með Ásgeir á barnaball hjá Anglíu -- og skemmti mér ekki síður en hann. Þar var vinur þinn Skúli¹, með tveim dömum, sem voru með börn og dansaði eins og besta pabbi úti á gólfinu, við börnin. -- Skemmtilegt að þú skyldir geta farið til Stokkhólms um jólin og notið þeirra með fjölskyldunni. -- Ég hef alltaf mikið að gera í sambandi við fjölritunarskrifstofuna. Er það aðallega kvöldvinna, þar sem synirnir leyfa mér ekki slíka iðju á daginn. -- við njótum þess að sitja í nýju stofunni okkar og upplifum lítið utan heimilisins. --

Sendir honum Ofvita Þorbergs, bestu bók sem hún hefur lesið lengi. --

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 17.1.1966.

Samúðarbréf vegna dauða Karls Bergström, manns hennar 27.12. Líka þakkar hún jólagjöf.

-- Sirrí og Eggert eru feiknarlega ánægð með breytinguna upp og er sannarlega gaman að gera við og lagfæra fyrir fólk eins og þau. --

Ég var boðin til Helgu og Stefáns 2. jan. með Eggert, Sirrí og drengjunum, Dídí, Ástu, Karli og Brynhildi og var það verulega skemmtilegt, enda ekki að spyrja að viðtökunum -- Helga og Stefán eru glöð, og létt yfir öllu, og mætti segja mér að þau nytu þess að vera komin heim aftur, og þau mega sannarlega líka gleðjast yfir þessum sjö árum -- Það er mikið lán fyrir sendiherra að geta afrekað annað eins og Stefáni tókst í sambandi við handritin; er ég þess fullviss að Helga á sannarlega stórkostlegan þátt í vinsældum þeirra, sem urðu til þess að áhrifamenn í Danmörku studdu kröfur okkar á allan hátt. --

Ég var uppi hjá Sirrí og Eggert á aðfangadagskvöld, með Dídí og mömmu hennar Sirrí og gat það ekki verið unaðslegra. Sirrí er svo mikil perla að erfitt er að finna aðra eins konu - myndarleg, dugleg, væn og góð.

Segir frá viðburðum jóla og áramóta, sem enduðu með fréttinni frá Helsingborg.

-- þá vissi maður að jólin höfðu verið döpur hjá ykkur --

Segir fréttir af Nesfólkinu, þó ekki hefði hún séð Óla bróður Guðrúnar lengi. Segist hafa talað við Palla í síma. Bréfaskriftir eru dálítið strjálar þó gaman væri að fylgjast betur með fjölskyldunni. En tíminn flýr úr höndunum.

¹ Skúli Þorvaldsson (1940), nú granni okkar á Bergstaðstræti, þegar hann er ekki í skattaskjólum!

-- En mikil bót er að því að hafa Eggert og hans fjölskyldu -- ég hefði varla trúað því að það gæti verið eins dásamlegt og það er. Ásgeir sækir mikið niður til mín, hann er nú þriggja ára frá því í nóvember og getur dundað hjá mér á skrifstofunni án þess að trufla mig nokkuð að ráði. Enda segir hann oft: *Við erum að vinna, amma og ég*. Dagur getur ekki verið líka, því þá truflar hann okkur.

-- Eggert og Sirrí hjálpa mér oft þegar mikið er að gera; eins hef ég konur úti í bæ, sem ég get leitað til. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 26.1.1966.

Segir frá miklum breytingum á heimilinu eftir að endurbótum og útbyggingu úr stofunni lauk. Í framhaldi af því hafa verið haldin boð, fyrir Guðmund Kristinn Guðmundsson arkitektinn og Þórð Þorbjarnarson, útreiknarann.¹ Hópuðust allir saman í eina stofuna og sátu þar í hring, nokkuð sem Páll fellir sig ekki við!

-- Þetta var langskemmtilegasta boð sem við höfum haldið, enda til þess vandað, og er það nú samt ekki einhlítt.

Þá var nú lítið hlé á bréfaskriftinni því ég var boðinn á fund í Læknafélagi Reykjavíkur til að hlusta á umræður um læknapraxis í borginni. Eggert Steinþórsson, sem nú er trúnaðarlæknir Sjúkrasamlagsins, var heldur en ekki orðdjarfur og gagnrýndi hann kerfið hér í borg mjög, enda virðist það að mestu gengið til húðar. Þar kom fram að 7500 manns vantar lækni. --

Ég er annars önnur kafinn við að safna gögnum á sviði fjölgarannsóknna á sykursýki -- Hef lengi haft í huga að koma starfsbræðrum þínum af stað og loksins hefur það tekist, en þér að segja, er farið svo dæmalaust ófaglega í það og ég er að reyna að sýna mönnum fram á það, er það mjög deilikat mál. En kannski tekst það. --

Gleðst yfir að þa hjón skuli hafa komist inn í góðan vinahóp í Khöfn. Eftir 10 daga komu fréttir um slit hjónabandsins.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Elísabet Vestdal Abéla. Rvk. 8.2.1966.

Óskar vinkonu sinni til hamingju með væntanlega fjölgun og skýrir út hvers vegna hún hefur haft lítið samband. Segir henni frá drengjunum og breytingunum á húsnæðinu á Bergstaðastræti, sem naumlega tókst að ljúka fyrir jól.

-- Ég hef líka aldrei notið jóllanna betur. --

Segir frá bekkjarsystrum þeirra, námi, störfum og fjölskylduháttum.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 19.2.1966.

Nú bíður fjölskyldan á Íslandi eftir fréttum af framtíð hans og fjölskyldunnar. Segir fréttir að móðir þeirra hefði ráðist í kaup á rándýrum offsetfjölritara til að standast samkeppnina á sínu sviði.

Þá hefur Heilsuverndarstöðin grenslast eftir því hvort Páll væri fánlegur til starfa, m.a. við geðdeild fyrir börn og líka heyrnardeildina sem er að fara af stað.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 20.3.1966.

-- Dagur hitti sína fyrstu stúlku um daginn. við vorum stödd í fatabúð og hún kom inn. Mændi lengi á dag með sínum tveggja ára augum. Svo sagði hún við mömmu sína: *Viltu taka hann heim?*

-- séra Árelíus Nielsson var að jarðsyngja Kristján nokkurn Benediktsson frá Húsavík, bróður Bjarna og Regínu konu Guðmundar Thoroddsen prófessorss. Það hófst hátíðlega með sálmasöng. Síðan upphóf Árelíus sína útfararræðu. Settu menn sig í viðeigandi stellingar. En síðan runnu á menn tvær grímur þegar Árelíus sagði að hér væri genginn maður sem hefði lýst upp Reykjavík og væri sárt saknað af barnabörnum og veikri tengdadóttur, því Kirstján hafði hvorki komið til Reykjavíkur, nema til að gefa upp öndina, og hafði aldrei verið við kvenmann kenndur. Thoroddsenar láta ekki bjóða sér upp á slíkt og vindur Skúli Thór sér úr sætinu, gengur til Árelíusar þar sem hann stendur í kórðyrum Fossvogskappellunnar. Taka þeir tal saman og tekst Skúla loks að sannfæra Árelíus um að hér sé hann að jarðsyngja vitlausan mann. Æðir Árelíus út, kemur að vörmu spori aftur og byrjar ræðuna á ný. Tekst ekki betur en svo að hann fer að jarðsyngja sama mann aftur. Skúli lætur sér ekki segjast og eftir að þeir höfðu ræðst við um stund hverfa þeir út um bakdyrnar. Bíða kirkjugestir nú, rólegir í upphafi. Þegar biðin fer að lengjast taka menn að

¹ Þeir voru ásamt konum sínum í nánasta vinahópi Sirríar. Þórður Þ. Þorbjarnarson (1937-92) borgarverkfræðingur. Guðmundur Kr. Guðmundsson (1937) arkitekt.

hvíslast á. En Guðmundi Thoroddsen þótti lengjast biðin, stendur upp og fer líka út um bakdyrnar. Átti hann vona á að þeir lægu þar í valnum, skúli og Árelíus. Þar finnur hann Árelíus sitjandi á stól með spenntar greipar. En Skúli var þar hvergi. Skúli hafði skroppið heim til Árelíusar, í Sólheima, Var hann ókominn, enda leiðin löng og mjög ógreiðfær um þennan tíma árs þegar leysingar eru. En Skúli kom, og með ræðuna. Það voru fegnir kirkjugestir sem sáu þá koma til baka þrjá og Árelíus gat hafið ræðuna í þriðja sinn. Ekki fékk líkið neinn þívateinkasöng. En þeir voru fegnir rassárir kirkjugestirnir sem út gengu. Sögðu þeir sín á milli að einfaldast hefði verið að skipta heldur um lík. --

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 22.3.1966.

Þakkar fyrir Orkneyingasögu sem hann hefur glept í sig. Hefur fengið áhuga á Orkneyjum og Hjaltlandi eftir lesturinn. gaman að nnað það sem líkt er milli þessara eyja og Íslands - og þess sem á milli ber. Stefni að því í sumar að fara til Írkalands og Orkneyja. Segir frá áætlunum sínum og hvernig þær tengist áhuga fjölskyldunnar. Í Írlandi ætlar hann að rannsaka tengs þjóðsagna og bókennta og hins sma á Ísl. Telur Orkneyjar jafnvel vera þar mikilvægan tengilið.

--Þetta er víst farið að vera spakviturlegt! --

Þá ræðir hann sölu bókarinnar. Segir af heimsóknum vinanna, Þórs Halldórssonar, læknis, sem hafði verið í Svíþjóð við rannsókn í öldrunarmálum, og Hjörleifs Sigurssonar listmálara, sambýlismanni á Bárugötu 7 sem hafði verið í Svíþjóð við opnun íslensku listsýningarinnar í Stokkhólmi.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 26.6.1966.

-- Ég var í skemmtireisu með Ásgeiri og Árna Geir í gær, Fyrst fórum við sem leið liggur um Blesugróf til að hitta að máli nokkrar kindur og gæsir. Ekki voru þær viðræðuhæfari en svo að við héldum fljótt upp að hrossagirðingunni í Geldinganesi. Er girðingin smöluð tvisvar í viku og smölun að ljúka þegar við komum. Höfðum við rætt um viðburðinn af mikilli tilhlökkun. Árni Geir var ekki laus við að vera hræddur og tók langan tíma að sniglast í kringum hrossin áður en hann fékkst til að nálgast þau. Ásgeir var hins vegar ansi góður með sig. Áður en lauk var það Árni geri sem þorði að klappa hesti á snoppuna. Lét Ásgeir þar með í minni pokann. Það var kostulegt að fylgjast með þeim frændum þar sem þeir leiddust um hagann og ræddu um landshagi milli þess sem þeir kítu um hvor meiri væri eða gripu spýtu sem þeir notuðu fyrir riffa og skutu hestana niður í hrönnunum. Seinni hluti ferðarinnar kringum hestaréttina fór eiginlega fram á fjórum fótum, því Árni og Ásgeir þurftu mjög að kynna sér og skoða *pissinn* á hestunum. Þaðan fórum við og skoðuðum kýr, en það olli Árna vonbrigðum að fá ekki að sjá kú eftir að hafa séð kýr.

Að þessu loknu fórum við út í Suðurnes til að ná í sand í sandkassa Ásgeir og þurfti að búa sig út með bla um amboð og sækja Dag sem var vaknaður. Fórum við út á Nes og mokuðum balann margoft fullan, en erinhvern veginn slysaðist all úr honum aftur. Við gerðum gryfjur, djúpar og grunnar, grófum Dag upp í mitta og var það mjög æsilegt, einkum vegna þess að stígvélin hans urðu eftir niðri í sandinum og var tvísýnt um hvort þau fyndust. Síðan var farið að kasta stein ut á sjó, sigla skipum, detta á hrammana í sjónum og vaða uppfyrir. Voru þeir á móta jarðvöðlar Dagur og Árni. Ásgeir er hinsvegar pempía hin mesta, þykir óþægilegt að vera blautur og óhreinn. Þegar þar var komið fóru yngispiltarnir að rífast og voru þreyttir.

Við fórum heim og helltum honum í kassanna. Nú slóst Guðmunfur Þór í hópinn og við héldum með Árna heim með skammri kynnisviðdvöl á flugvellinum. Guðmundur þykist hinn mesti og sagði: *Þarna er strætó, ég hef farið í strætú. Ég líka*, sögðu hinir. Hækkaði Guðmundur boðið og sagði: *Ég hef keyrt í rútu*. Við líka sögðu hinir af mesta blygðunarleysi. sagði Árni. *Ég hef keyrt í auðri rútu*, sagði Ásgeir. Féllu hinir í stafi. Við þessa frétt var málið snarlega tekið út af dagskrá. Þegar við komum í Sörlaskjólíð kom Kári vinkandi á móti okkur. Lauk þar ferðinni.

Árni er mjög skemmtilegur, lagviss og lagfróður, hæfilega frakkur og fer vel á með þeim Á og Á. *Ertu búinn að sofa - Jú, ég líka. Ég er í sparifötunum.* -- *Ég líka. Ég hef farið í flugvél -- Ég hef farið út í skip til Bensa frænda!*

Segir frá áætlunum vegna Frakklands og Danmerkurferðar.

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjartsd. skrifa Friede P. Briem. London, 22.7.1966.

Friede tók að sér heimilið. Þau segja ferðasöguna. Fóru meðal annars til Cambridge, þar sem Sirrí var ung í skóla.

-- Ég er alveg að deyja af þakklæti til þín; við höfum það svo stórkostlegt. Þín Sirrí. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. Rvík. 22.7.1966.

Pau stödd í London á leið Compiegne í Frakklandi á félagsmálanámskeið opinberra starfsmanna.

-- Allt gegnur hér vel, eins og í ævintýrunum, þó veðrið væri svo vont að litlu pattarnir gátu ekki farið út fyrir en eftir kl. 4, en þá voru þeir heldur en ekki gallaðir til þess að mæta rigningunni. Þegar Ásgeir kom inn um sex-leytið í gær, spurði hann mig hvort þið væruð komin frá París! Hann setti sig alveg við það þegar ég sagði honum að nokkuð margir sunnudagar mundu líða áður en þið kæmuð. Mér finnst ógurlega gaman að hafa þá því þeir eru svo hændir að mér, segir Ásgeir oft að við séum vinir.

Inga fór út með Dag í morgun, eins og vant er, því nú er aftur komin sól og gott veður, en ég fór með Ásgeir á gæsluvöllinn og sótti hnn aftur rétt fyrir 12, síðan versluðum við dál'tíð, máltíðin gekk ágætlega, borðað af bestu lyst. Síðan vorum við úti á palli, þangað til ég fór með Dag upp, þar sem hann sefur nú vært.

Ásgeir er úti með Lalla; eru þeir að bursta og þvo pallinn. Þeir voru svo heppnir að balinn var orðinn fullur eftir rigninguna og auðvitað urðu þeir að nota sér slíkt tækifæri. --

Hringdi til Jórunnar mömmu Sirrí og sagði fréttir og segja frá ferðum S+E. Einnig að Dídí sé búin að fá íbúð í Skaftahlíð og líti allt vel út þar.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Rvk. London. 23.7.1966.

-- Oft verður okkur hugsað heim til alls þess sem við eigum þar, en áhyggjulaus erum við og búin að skemmta okkur vel. Við fórum þegar í leikhús hér fyrsta kvöldið og sáu *The Owl and the Pussycat*, sem var reglulega gaman. Í gær fórum við í Royal Albert Hall þar sem voru ógleymanlegir tónleikar, fimm hundraðasti konsert sir Malcom Sargent. Þegar við komum af konsertinum gengum við út á Piccadilly torgið til að horfa á bítlana og unglingana sem sátu þar. Rákumst við þá á Einar Magnússon, þar sem hann stóð og horfði á æskulýðinn. Fórum saman með honum í leit að *pub*. Leiddi Einar mig eins og kærustuna sína um *Soho*, af því hann sagðist vera svo hræddur í þessu hverfi. Engan fundum við *pöbbinn*, eða réttara sagt, það var búið að loka þeim. Svo við buðum honum upp á herbergið til okkar og trakteruðum hann á rommi. --

Í dag erum við búin að hafa það skemmtilegt. Við fórum í skipulagða ferð með *bus* og fararstjóra til Cambridge. -- Þar skoðuðum við *collegin* og fleira markvert. Þótti mér mikið gaman að koma á mínar fornu slóðir. Þegar við komum aftur til London fórum við í bíó.

Þú getur ekki trúað því hvað ég nýt lífsins. Alltaf þegar við sjáum lítil börn verður okkur hugsað til ykkar, hvað þið séuð að gera -- Eggert situr hér, les blöðin og drekkur *lime*, með engu rommi núna. -- Við biðjum að heilsa öllum, ekki síst litlu kútunum sem ég vona að séu sæmilega þægir. -- Þín þakkláta Sirrí.

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjartsd. skrifa Friede P. Briem. London, 25.7.1966.

Pakka bréf. Finnst þau hafa verið eilífð í burtu en eru ekki búin nema með 1/6 af fríinu. Segja frá leikhúsfærð í Globe: There's a girl in my soup. Borðuðu á indverskum veitingastað.

-- Slíkar máltíðir man maður aldeilis. Varir, munnur, kok, vélinda; brennur allt upp til agna í einu kryddbáli. Eftirbragð samt ágætt. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. Rvík, 25.7.1966.

Segir hinar bestu fréttir og að allt gangi vel í Laufásborg.

-- Kortin bíða þeirra hér og hlakka ég til að sjá framan í þegar þeir fá þau. Við erum öll ánægð. --

Sigríður Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. skrifa Friede P. Briem. London. 26.7.1966.

Enn fréttir, fóru í Tower og sáu You never can tell eftir Shaw, stórskemmtilegt leikrit í uppfærslu með sir Ralph Richardson í hlutveki þjónsins. Erum að pakka fyrir Frakkland.

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. Rvík, 26.7.1966.

--Ég veit að þú ert ekki spennt fyrir neinu eins og að fréttu af okkur. -- Allt gengur vel, nú er klukkan níu og drengirnir sofnaðir vært og vel, ég sit hér í rólegheitum við ritvélinu og skrifa þér. -- Veðrið er mjög stírt, rigning og nöpur norðanátt, nema rétt dag og dag að hægt er að vera úti, en mér er nú nokkuð sama um það, manni líður svo vel innan dyra.

Segir frá því að Jórunn Ingimundardóttir, mamma S., hafi komið á laugardag, borðað og tekið strákan með sér upp og gengið fram í að gæta þeirra alveg á sunnudag.

-- Svo ekki þarftu að hafa áhyggjur af þreytu hjá mér þá dag. Er búin að ná mér og alveg stálslegin, líka er mjög rólegt á skrifstofunni, allt í sumarleyfisstemningu. Á sunnudagskvöldið tók ég aftur við stjórninni og á mánudagsmorgun var farið í Laufásborg. Dagur vissi ekki hvað verða vildi og var tekin í faðm ungrar fósturu, svifið burt með hann án þess að hann fengi tíma til að gráta. En Ásgeir var hins vear kvíðinn, þegar á hólminn var komið, en sætti sig furðu vel með vistaskiptin þegar Þórhildur¹ fór með hann inn til að sýna honum dótið og alla litlu krakkana. Í morgun vildi hann helst ekki fara, en þegar við komum sáum við eina fósturu koma með fötu í hendinni; ávarpaði hún Ásgeir og sagði: *Gott að þú komst, ég ætlaði einmitt að biðja þig að hjálpa mér að tína rusl í garðinum*. Björninn var unninn. Í kvöld þegar ég sótti þá sagði Ásgeir mðer að hann rataði um allt, bæði uppi og niðri; var hinn keikasti. En Dagur var óskaplega feginn að sjá mig. Hló og faðmaði mig að sér. Mátti ég helst ekki ná í fötin hans, því þá hélt hann að hann ætti að fara inn aftur. Þú getur ekki trúað hvað hann var glaður, hló og talaði alla leiðina heim. Þegar hann sá stólinn sinn í eldhúsinu og ég var búin að færa hann úr, fór hann beint upp í stólinn og vildi fá sinn mat og engar refjar. Og það var sannarlega gaman að gefa honum að borða, bláberjasúpu sem ég hafði soðið úr þurrkuðum bláberjum, gaf honum heilhvítitvífökur með. Þótti honum þetta himnaríkisréttur. Ekki spillti að fá sér lifrarpylsusneið með og ögn af harðfiski! Hann var alsæll þegar hann var orðinn saddur. Þá fyrst var hægt að snúa sér að dótinu og fara að leika sér.

Ásgeir er hinn sanni séntilmaður, sem helst vill borða inni í stofu, leiðist heldur að vera settur við borð í eldhúsinu. Hann var feiknarlega ánægður með kortið sem þú sendir honum og var að sýna kortið með löbunum; hann var vís til að líta á það og grýta því svo eitthvað út í loftið.

Ég hafði keypt kálfakjöt til sunnudagsins og borðuðu mamma þín og drengirnir með okkur og var það verulega skemmtilegt. Mamma þín er þannig að hún er hrædd um að gera átroðning, ís tað þess að vera til hjálpar; en þú mátt trú á að mér finnst verulega skemmtilegt að spjalla við hana; gerir hún mér greiða ef hún vill þiggja eitthvað af mér. Ekki munar mig um það þegar ég hvort sem er bý til mat.

Dídi var hér í kvöld og hjálpaði mér. Ég vildi endilega koma reglu á kvöldsvefn Dags. Það tókst svo vel að hann var sofnaður rúmlega hálfniú. Ráðlagði Dídi mér að gefa honum kókómalt áður en hann færi að sofa, gerði ég það með þessum árangri. Ég var ekkert hrædd við það, því Ragnheiður í Laufásborg sagði að hann væri ónýtur að borða; sá ég það á lystinni þegar heim kom. -- vona að þig Eggert getið notið lífsins í ríkum mæli m.a. með því að sofa lengur en til kl 6.--

Segir Þórdísi hafa fengið íbíðina í Skaftahlíð 27 og er mjög ánægð. Eva Línal hringdi og sagðist hafa hringt til Björns sonar sín norður að Grund. Blöskrði henni hvað hann bölvaði veðrinu í sand og ösku!

-- Ásgeir biður að heilsa ykkur og dagur líka ef hann viss að þessu orð næðu til ykkar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. La Brevière. 30.7.1966.

-- Hér sitjum við uppabúin í herberginu okkar fyrir kvöldmatinn, með sitthvort glasið af *Dubonnet* og lesum bréfið frá þér aftur og aftur. Búin að hlæja mikið að strákunum. Ég sé þá alveg fyrir mér. Þú segir að þú sért ekki þreytt og allt gangi vel. Vona ég að það sé nærri því að vera satt.

Staðurinn hér, og fólkíð, er eins skemmtilegt og maður getur hugsað sér. Allir eru svo elskulegir við mig og er ég tekin sem ein af þátttakendum ráðstefnunnar. Ég hef hlustað á alla fyrirlestrana. Þykir mér bæði skemmtilegt að fylgjast með málefnum. Svo finnst mér ég læra heilmikið í samskyni.

Í morgun fórum við í ferð um nágrennið, komum svo heim. Og borðuðum. Var svo farið í aðra ferð til Compiègne sem er 50 þús. manna borg. Svo borðuðum við kvöldmat og þá dreif Eggert mig niður í næsta bæ, St. Jean aux Bois, og eru þar mikið sóttir restarantar. Þangað er tveggja kílómetra gangur og gengum við báðar leiðir, gegnum háan og þéttan skóg. Var kolniðamyrkur, en við vorum saman í stórum hópi. Stór klukka er á húsinu sem slær kl. 7.30 og vekur alla til morgunverðar og svo eru fyrirlestrar til kl. 12. Þá er hádegisverður og fyrirlestrar til kl. 6, og allir orðnir þreyttir.

Maturinn er kaflí út af fyrir sig að ég tali nú ekki um rauðvínið sem kemur í stórum karöflum, bæði í hádegis- og kvöldverði. Á morgun verður farið til Versala og síðan til Parísar og heim um kvöldið.

Eggert á að halda fyrirlestur á mánudag --

Við sendum svo kveðjur til allra. Ég veit ekki hvernig ég á að þakka þér, en þú getur trúað því að þessari ferð gleymum við aldrei. --

31.7.1966. Eggert bætir við. Við erum nú að fara til Versala og Parísar. Veðrið er, sólskinsblettir og gola, þægilegt og ekki heitt. Þannig hefur það verið þessa dagana sem við höfum verið hér, stundum rignt. Mikið

¹ Þórhildur Ólafsdóttir (1900-82) frá Stóra-Hrauni, brautryðjandi leikskólustarfs. Þær Friede voru systkinabörn.

lifandis ósköp þótti okkur gaman að fá bréfið frá þér í gær. Þú lýsir lífinu ykkar alveg frábærlega vel. Það máttu vita að við njótum lífsins hér í ríkum mæli, þótt hugurinn sé oft hjá ykkur. Kysstu strákana frá okkur. Biðjum að heilsa Dídí og Jórinni. --

Sigríður Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. skrifa Friede P. Briem. La Breviere, 1.8.1966.

-- Ósköp verður okkur títt hugsað heim; hugsa sér að fríð er ekki hálfnað. -- Sirrí er farin að sofa, þetta eru erfiðir dagar fyrir hana, en hún lætur það ekki á sig fá, situr á fyrirlestrum allan daginn á á kvöldin líka. --

Við fórum til Versala og Parísar í gær. --

Sáu Louvre, vorum útgerð þegar við komum þaðan.

-- En svo settumst við, fengum okkur kaffi, fylgdumst með umferðinni; þá leið þreytan úr beinunum. Gengum up Champs Elysées, sátum á kaffihúsi og nutum lífsins. Og þú mátt vita að við vorum ánægð. Í dag hefur verið mikið að gera. Í eftirmiðdag hélt ég smáfyrirlestur um kjör borgarstarfsmanna og í kvöld hélt ég klukkutímafyrirlestur um Ísland. Það var nú gaman; að minnsta kosti fyrir mig.

Það er eiginlega skrítið hvað þessi staður er einangraður. Hér er mjög lítið að gera í kring, fátt fólk, nokkur kaffihús rétt hjá, en þar er fátt að gera. Förum á morgun að skoða Chancilly-höllina þar sem einn fyrirlesarinn er forfallaður.

Eins og þú heyrir nótum við dvalarinnar í ríkum mæli. -

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Rvk. Reims, 4.8.1966.

-- Erum stödd fyrir utan kirkjuna frægu í Reims eftir að vera búin að skoða Champagne héraðið og farið í gegnum *Pommery* vínkjallarana. Búin að skoða 30 milljón flöskur og af þeim keyptum við eina. -- Í gær voru síðustu fyrirlestrarnir og í kvöld verður *afskedsfest*.¹

Við leigðum okkur hesta í La Brevière, riðum um skógana með leiðsögumanni í einn og hálfan tíma og var það stórkostlegt.

Hjartans kveðjur til strákanna og allra. Þín --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 5.8.1966.

Þakkar fyrir bréf sem henni þóttu svo góð að hún kallaði á Jórinni, mömmu Sirríar, bauð henni í mat, fiskbollur og rauðgraut, til að hún gæti lesið bréfið. Samgleypt þeim Sirrí að vera í París og bað þau um að kaupa eitthvað sem minnt gæti á dvölina þar.

-- ég borgaði í Söfnunarsjóðinn í gær, fór með strákana með mér. Eins og þið getið nærri fór ég nákvæmlega eftir umferðarreglunum og yfir götur á grænu ljósi, en Dagur þurfti svo mikið að athuga á þeirri leið, bæði bólurnar á götunni, málninguna og annað, að áður en ég vissi af var aftur komið rautt ljós, en þá vantaði bara eitt skref til að forða sér. Síðan fórum við í lyftunni upp í Söfnunarsjóðinn og var hann ósköp þægilega feiminn, svo hann hélt sér hjá mér, enda bæði Gulla og Bjarni² að gæla við hann, sem hann kærði sig lítið um. Síðan fórum við í kjörbúð Silla og Valda, og þar hafði Dagur aðallega augastað á heilhveitibrauði, einu af stærri sortinni, álíka stórt og hann sjálfur, og merkti sér það strax með því að bíta í það og gefa litlum strák, sem horfði á hann með undrun og aðdáun, dálítinn bita, sem hann reif úr brauðinu og fylgdi drengurinn honum eftir, hvert sem hann fór eftir það. Ég varð að segja stúlkuni við kassanna að taka líka peninga fyrir brauðinu, svo drengurinn yrði ekki staðinn að verki og tekinn fastur.

Næsti áfangastaður var Útvegsbankinn, en þá var feimnin farin af Degi og gekk hann þar inn fyrir borð og skoðaði sig um, auk þess sem hann setti allt sem hann fann á gólfinu í öskubakkann, sem gleypsti það með sama, skoðaði allt í krók og kring og þegar við fórum, fór hann aftur inn fyrirborð til að segja *bless* við alla sem þar voru og fylgdi dyravörðurinn okkur til dyra og hélt opinni hurðinni meðan fylkingin fór út.

Ég vona bara að honum verði alltaf svona virðulega tekið þegar hann kannske þarf að leita á náðir banka í framtíðinni. --

Ásgeir er alltaf sá skemmtilegi og viðræðugóði drengur og kemur okkur mjög vel saman. Hann spyr stundum hvort hann eig alltaf að vera í Laufásborg og svara ég því til að þegar þið komið heim þá verði hann þar ekki lengur. *Þá fer ég bara aftur á gæsluvöllinn*, segir hann með ánægjuheim --

Segir af Zontamálum, heimsókn Stefáns Skaftasonar læknis, fyrirlestri hans og blaðamannafundi. Gerir sér vonir um að hann komi til starfa með þeim áður en langt líði.

¹ Kveðjuhátíð.

² Gunnlaug Briem, forstöðumaður og maður hennar Bjarni Guðmundsson blaðafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Rvík, ?1966.

Pakkar bréf; segist sjá þau í anda ríðandi um skóga Frakklands. Þá segir hún frá undirbúningu Dídí að flutningu í íbúðina sem hún fékk.

Þá segir hún líka frá blaðamannafundi Zonta á Hótel Sögu. Einnig frá hugmynd Stefáns Skaftasonar um stofnun fullkominnar heyrnardeildar.

-- Drengjunum líður stórvel, glaðir og pattaalegir, lystugir og starfsglaðir sem endranær. Ásgeir hefur fengið talsvert sjálfstæðari blæ á sig eftir dvölinu í Laufásborg, þar sem baráttan fyrir lífinu er daglega háð innan um svo marga álíka anga. Þó er hann núna einn hér úti á pallinum að basla við að koma saman flugvél og notar aðallega límband við smíðarnar. -- Nú biður hann mig að koma út og kaupa, ýmislegt hafi komið með skipinu. Mamma þín er uppi og sefur Dagur miðdagslúrin. --

Segist hafa kvefast illa og segir frá því hvernig Kristín og Steinunn¹ Ingimundardætur, ömmusystur drengjanna, brugðust við til hjálpar og með að koma þeim í leikskólann, sækja og halda pylsuveislu.

-- Þær eru í sumarfrí og þar voru sannarlega útréttar hendur -- Þú þekkir þeirra hjálpsemi --

-- Hilda og Theodór eru að fara með Gullfossi og átti Guðmundur Þór að fá að fara niður að skipi og var að lýsa því fyrir Ásgeiri (jafnaldra sínum) hvað þetta yrði skemmtilegt. En Ásgeir sagðist bráðum ætla niður að skipi að taka á móti ykkur, en ekkert virtist þó jafnast á við skemmtunina sem Guðmundur ætti fyrir höndum.

-- Nú vill Ásgeir fá mig í búðarleik. Vegna þess að ég vil ekki koma út er hann búinn að hafa mikið fyrir að flytja bæði búðarborðið og varninginn sem á að pranga inn á mig hingað inn til mín, þar sem ég er að skrifa þér. Allt er vigtað, pakkað inn og borgað og auk þess gefur hann mér mikið af kvittunum, það er gott að nóg er hér af pappírnum. --

Gleðst yfir að Þau Eggert séu að koma til Khafnar þar sem þau hitta Pál.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Tåstrup, 13. og 14.8.1966.

Pakkar peningagjöf sem hann fékk á afmælinu. Keypti fyrir hana gullúr á Orly-flugvelli.²

Palli beið þeirra á Kastrup með blómbönd. Dvölin hefur verið blómum strá síðan. Fóru með Palla í heimsókn til Steingríms bróður Sirríar til Odense og einnig til Langeland, þar sem Palli hafði verið í sveit.

-- Ég skrifa ekki annað og meira en það að Palli er stórkostlegur alveg kominn yfir alla erfiðleika og líður ágætlega hér í húsinu. Mig skortir orð til að lýsa hve góður hann er, skemmtilegur, heilbrigður, ballanseraður og fullkominn hann er. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Kaupmannahöfn. 16.8.1966.

-- Nú er fríð okkar farið að stytast, og finnst mér kominn tími til. Mér finnast mörg ár vera frá því að við yfirgáfum ykkur á flugvöllinum. Dagarnir fljúga samt áfram, hver öðrum skemmtilegri.

Palli tók á móti okkur á flugvöllinum og færði mér rósavönd. Síðan fórum við með lestinni heim til hans og þar búum við. Það hefur líka verið mjög skemmtilegt. Við höfum setið úti í garði. Svo leigðum við okkur bíl. Fórum, eftir að hafa borðað dýrindis máltíð, á þinn kostnað, á d'Angleterre, og svo áleiðis til Odense að heimsækja Steina bróður.³ Þar borðuðum við hádegismat og fórum svo með Steina til Langlands og heimsóttum Emmeböllegård þar sem okkur var sýndur allur búgarðurinn. Bæði hjónin voru sérstaklega glöð að sjá Palla.⁴ Svo tókum við ferjuna og komum seint heim til Hafnar. Eggert keyrði mestalla leiðina, og gerði það vel. -- Enn borðuðum við í þínu boði, dýrindis máltíð á SAS-hótelinu. -- Þar fékk ég langþráðan eftirrätt, „*eiðthvað sem logar*“: logandi ferskur! Sem þjónninn útbjó við borðið. -- Nú sit ég í þurrku en Eggert er að kaupa rúm handa Degi. --

Skipið fer á hádegis á morgun áleiðis til Íslands með viðkomu í Færeyjum. --

Þú hefur gert dvölinu hér hjá Palla alveg ógleymanlega. -- Kveðjur, sérstakleg til drengjanna litlu. --

¹ Kristín og Steinunn Ingimundardætur, Smáragötu 10, systur Jórunnar.

² Gullúrið reyndist vel og lengi þangað til í kaffistoppi í Norðurárdal, kannski 20 árum síðar, týndist það. Staðurinn er nú kominn undir þjóðveg 1.

³ Steingrímur, bróðir Sirríar var þar við nám í tæknifræði.

⁴ Palli hafði verið þar eitt sumar, 17 ára gamall, „í sveit“.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvk. Rvík. 3.10.1966.

Óskar henni til hamingju með nýliðið afmæli og segir fréttir, einkum af mömmu þeirra eftir tannaðgerð. Segir líka fréttir af atvinnuhorfum hennar.

-- Í morgun var ég í sjónvarpsleiðangri með Stínu (*móðursystur hennar*). Það eru allir búnir að fá dellu og í raftækjabúðum voru sjónvörð uppseld eða frátekin. --

Segir fréttir af sumarferð þeirra Eggerts til Frakklands og Danmerkur.

-- Mjög var gaman að hitta Steina, ánægjulegt að sjá hvað hann býr vel hjá Gestu, frænda okkar, og konunni hans. Mamma var búin að fá þær fréttir að öll próf hans höfðu gengið vel. Enginn uppgjafartónn þar. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 16.10.1966.

-- Við vorum með Árna Geir og Kára í gær. Þrátt fyrir hryssingslegt veður klæddum við okkur vel og fórum suður í Helgadal hjá Kaldárseli og borðuðum úti. Við vorum ekki lengi bæði vegna kula og vegna þess að það er ekki gaman að vera með börn í hrauni. Fórum við því til Krýsuvíkur og skemmtum okkur við að grýta Kleifarvatn og hlaupa um í sandinum. Gerði þetta mikla lukku. Strákarnir þínir eru mjög góðir að vera með. Að vísu er Árni eilítið orðljótari en Ásgeir. En það er vegna þess að Árni er á barnaheimili; Ásgeir ekki. Hefur Árni auðsjáanlega haft gott af barnaheimilisdvölinni. Hann kann nú betur en áður að leika sér við önnur börn. Því kemur þeim alveg ágætlega saman Árna og Ásgeiri. Kári er eins og blessað ljós, er ekki enn farinn að leika sér við og krakka og er eins og Dagur að því leyti. Hann er talsvert ólíkur Degi, blíðar og leitar meira til fólks en hann. Dagur er miklu harðsvíraðri en Ásgeir var, enda hefur Ásgeir gert hann svona. Það er nú að breytast.

*Spyr um ráðstefnu sem haldin var í Gautaborg og spyr um hljóðið í mönnum.*¹

Eggert Ásgeirss. til Iðnsk. í Rvík; Þór Sandholt skólastj. Rvík. 1.11.1966.

Ég hafði um skeið kennt heilsufræði við Iðnskólann. Í bréfinu geri ég grein fyrir kennslunni og tillögum um að bæta kennsluna, t.d. með því að sleppa prófum.

Varð úr að ég var sendur til Svíþjóðar til að kynna mér kennsluna. Seinna taldi ég að álag á nemendur væri mikið, kennsludagar of langir og nemendur að auki þreyttir vegna aukavinnu. Endaði það með því að ég lagði til að náminu væri hætt; og hætti sjálfur. Ekki veit ég hvort tillögur mínar komust í framkvæmd.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvk. 20.11.1966.

-- strákarnir eru komnir í bólið, þreyttir eftir daginn. Ég bauð mömmu að borða -- kom svo Sidda með dæturnar þrjár meðan Halldór vann sína sunnudagsvinnu. -- Fóru þær svo allar -- byrjaði ég þá á að tínu upp alla kubbana (þá saknaði ég þín). Í kvöld verð ég svo að vélrita. --

Gærdagurinn var ansi lengi að líða, veðrið leiðinlegt, snjór og hvassviðri -- Eftir að hafa fylgt þér á völinn fórum við mamma þín að láta setja snjóhjólbarðana undir „fólksvagninn“. -- Þegar við komum heim fengum við okkur kaffi og heitar krembollur með. Strákarnir léku sér svo allan daginn inni og las ég fyrir þá á milli. Ásgeir spurði ansi oft hvort þú færir ekki að koma heim. Þegar Dagur kom í morgun lallandi inn í svefnherbergið sagði hann, og vonbrigði leyndu sér ekki: *Engi pabbi!* --

-- Halldór er búinn að hækka húsaleiguna við Rússana upp í 25 þús. á mán. Þeir samþykkja það væntanlega ekki. --

Ásgeir ætlar að setja bréfið í póst og hlakkar mikið til að fá kort frá þér, sem hann segist ætla að líma inn í albúmið. -- Bið að heilsa Stelli. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 13.11.1966.

Páll var nú skilinn og synir hans komnir til Íslands. Segir frá því að eftir nokkra daga fari hann og Höskuldur Jónsson, Sverrir Júlíusson, Magnús Óskarsson og ég¹ til Osló, Stokkhólms, Helsinki og

¹ Ekki er alveg ljóst hvaða ráðstefnu er verið að tala um. Mig rekur minni til að haldin hafi verið ráðstefna í því skyni að gylla fyrir mönnum tækifærin á Íslandi, vegna héraðslækna- eða heimilislæknaskorts.

Haag til að finna brilljant hugmyndir um launakerfi opinberra starfsmanna sem allir geti verið ánægðir með. Segist hann ætla að stansa í Höfn í tvo daga til að geta heimsótt hann.

-- Við höfum það ágætt og þínir strákar líka. Þeir voru hjá okkur í afmælisboði Ásgeirs -- Það var mikill viðburður og mikil skemmtun. Ógleymanleg sjón að fylgjast með þeim horfa á kvikmyndir. Sérstaklega á Kára -- einstakleg myndarlegur, *mærkelig nokk* óvenju greindarlegur!! Hvaðan hefur hann það?!!

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur, Oslo. 19.11.1966.

-- Mér fannst ég ekki kveðja þig nógu vel. En ég kvaddi þig í hugam mínu, betur en hægt er í hótelsal. --

20.11. Kl. 14. Ferðin gekk alveg prýðilega. Ég sat við hlið Höskular og kann mjög vel við hann -- er þægilegur í viðkynningu, áhugasamur um marga hluti og hefur augsýnilega áhuga á að veita góðum málefnum lið. --

-- Kl. 18.00. -- Fórum eftir að hafa snyrt okkur og gengið okkur *un petit aperitiv* út að líta á borgina og borða. Bærinn er mjög huggulegur, farið að setja upp grenifléttur hjá búðum. Fólkið er líkt og gerist heima. Veitingastofan² þar sem við borðuðum er þekkt listamannakrá -- Sverrir stundaði nám hér og þekkir hana mjög vel. Hann sýndi okkur það helsta í miðborginni. Lögðum við okkur síðan.

Við Höskuldur fórum með hangikjöt til frænku hans með hangikjöt og keyrðu þau með okkur á Grefsenkollen.

-- Þar var krökkt af gangandi fólki, í roki og gaddi; en það virtist bara njóta lífsins. -- höfum við síðan verið á fundi til undirbúnings fundi í fyrramálið. Nú á ég að vera að lesa *tjensteloven* svo þú sérð skylduræknina. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvk. 20.11.1966.

-- strákarnir eru komnir í bólið, þreyttir eftir daginn. Ég bauð mömmu að borða -- kom svo Sidda með dæturnar þrjár meðan Halldór vann sína sunnudagsvinnu. -- Fóru þær svo allar -- byrjaði ég þá á að tínu upp alla kubbana (þá saknaði ég þín). Í kvöld verð ég svo að vélrita. --

Gærdagurinn var ansi lengi að líða, veðrið leiðinlegt, snjór og hvassviðri -- Eftir að hafa fylgt þér á völinn fórum við mamma þín að láta setja snjóhjólbardana undir „*fólksvagninn*“. -- Þegar við komum heim fengum við okkur kaffi og heitar krembollur með. Strákarnir léku sér svo allan daginn inni og las ég fyrir þá á milli. Ásgeir spurði ansi oft hvort þú færir ekki að koma heim. Þegar Dagur kom í morgun lallandi inn í svefnherbergið sagði hann, og vonbrigði leyndu sér ekki: *Engi pabbi!* --

-- Halldór er búinn að hækka húsaleiguna við Rússana upp í 25 þús. á mán. Þeir samþykkja það væntanlega ekki. --

Ásgeir ætlar að setja bréfið í póst og hlakkar mikið til að fá kort frá þér, sem hann segist ætla að líma inn í albúmið. -- Bið að heilsa Stelli. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Oslo, 22.11.1966.

Segir frá undirbúningi fyrir fundi. Félagarnir fóru til að hitta kunningja en ég var að þæla í skýslum vandræðalegt að koma til funda án þess að hafa skiljanlega útgangspunkta.

-- Það er ósköp skrítið að vera á þessum þvælingi. Ég hugsa mikið um ykkur, einkum þegar ég geng framhjá búðum, allt fullt af kuldaskóm, barnaskóm, en ekki hef ég komið inn í neina búð, nema eina, til að kaupa bækur og snýtu klúta. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Stokkhólmi, 24.11.1966.

-- það er alveg hroðalegt púl að vera á ferðalagi sem þessu. Við hittum svo fína kalla, þurfum að spyrja svo skynsamlega að það liggur við harðsperrum í heilabúinu. Besti dagurinn hingaðtil var í gær. Við vorum þá með lönsráðmannen í Oslo og í fyrst sinn fengum við að heyra próblem. Afstaða Oslóarmanna til

¹ Höskuldur Jónsson (1937, síðar ráðuneytisstjóri) fór fyrir launadeild fjármálaráðuneytis; Sverrir (1929), starfaði á Raðfarkumálaskrifstofu, síðar hjá fjármálaráðuneyti, fór fyrir Bandalag starfsm. ríkis og bæja, Magnús Óskarsson (1930-99) fyrir launadeild Rvíkurborgar, seinna launamálastjóri, og ég fyrir Starfsmannafélag Rvíkurborgar.

² Fræga veitingahúsið Palæet, nú orðið að verslanamiðstöð.

starfsmanna er alveg ágæt. Við vorum hjá þeim í allan gærðag, borðuðum hjá þeim hádegisverð og var boðið á Frascati í gærkvöld. Velheppnaður dagur. Ekki var laust við vanlíðan í morgun!

Talaði við Ingveldi systur Sirríar og var hún ánægð og Haraldur Guðjónsson maður hennar líka.

--Talaði við Jan (Almqvist) í kvöld. Bo var ekki heima. Hljóðið var gott í henni. Dag Strömbäck er að fara frá vegna aldurs og Bo á að kenna fyrir hann næsta ár. Búið er að auglýsa prófessoratið -- Vonir eru ekki skellibjartar, en ekki dimmar. Bo var í embættismannaverkfalli og ánægður, því hann getur beitt sér að skrifum sem auka möguleika á prófessoratinu. -- Áslaug (Skúladóttir í sendiráðinu) bað vel að heilsa þér og mömmu.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvk. 25.11.1966.

-- Mikið voru allir glaðir í húsinu að fá sendingarnar. Drengirnir voru mjög uppteknir af þessu. Passaði það akkúrat að ég var á leiðinni niður í þurrku og gat haft ofan af fyrir þeim allan tímann með því að lesa bækurnar fyrir þá og segja þeim frá ferðalagi þínu. --

Eins og þú sérð er ég búið að fá ritvélina aftur, en eitthvað er bogið við *tabúlatorinn*,¹ sýnist mér.

Ég fékk sérprentanirnar og sendi þær samstundis til þín, fimm eintök. Þórhall læt ég ekki fá hin fyrr en um miðja viku, en þá kemur Læknablaðið út. -- Ég fæ eintak hjá Læknafélaginu og sendi þér það þá.

Tíminn hefur liðið ótrúlega fljótt hjá mér. Ég trúi varla að liðin sé vika síðan þú fórst. Það hefur líka verið svo mikið að gera hjá mér að dagurinn er liðinn, áður en ég veit.

Ég var að hlusta/horfa á Dýrlinginn og var það spennandi. Annað mátti ég ekki vera að að horfa á, þar sem ég er að skrifa lista fyrir hjúkrunarkonur, og liggur á honum. --

Strákarnir eru alltaf jafn góðir. Við höfum haft það reglulega skemmtilegt. Dagur talar oft um að þú eigir eitthvað. Þú átt bílinn og yfirleitt flesta hluti og kallar alltaf fljótt á þig, fyrst á morgnana. „*Nei, Dagur minn. Pabbi er í útlöndum*“. Þetta er orðið svo mikið fólk. --

Lýsir mjög slæmu veðri.

- ofsarok og hagl stundum. Það hvín í öllu hér. -- Hlakka til þegar þú kemur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Stokkhólmi, 27.11.1966.

-- Ég er í alveg dásamlegu skapi núna. Klukkan er 23 og ég var að koma úr bíó, sá nýju myndina hans Ingmars Bergmans: *Persona*, ásamt Brittu og Bo Åkerrén. Ég er búin að vera hjá þeim mest allan daginn, en þau búa úti í skerjagarðinum hjá Saltsjöbaden í mjög skemmtilegu húsi. -- Og það var talað mikið. Hann er eiginlega búinn að ákveða að koma ekki til Íslands, þótt hann langi mikið. --

Åkerrén langar til að flytja til Íslands og fá þar starf.

Ég held ekki að það land verði svikið sem fengi slíkan mann.

Í gær var ég hjá Bo og Jane (í *Uppsölum*). Mikið er ég stoltur af að eiga aðra eins guðdóttur og Marju, hún var svo kát og elskuleg að manni hlýnar -- Hjá þeim var Jónas Kristjánsson² kand. mag. ásamt fjölskyldu, en hann er í handritaleit á Norðurlöndum. Bo og Jane hafa ekkert breyst, eru þægilegar manneskjur með einstakleg harmonískt heimili.

Þá heimsótti hann Harald Guðjónsson og Ingveldi Dagbjartsdóttur systur Sirríar og Astrid Vennerström frænku sína og Sven mann hennar Holmström, myndhöggvara.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvk. 28.11.1966.

-- Það er mikið að gera hjá mér -- Strákarnir eru góðir og Ásgeir spyr alltaf hvenær þú komir -- í nótt vaknaði hann og spurði hálfsofandi Hvort þú værir ekki enn kominn.

Dagur er farinn að tala mikið og er alltaf talandi. Hann grípur strax símann þegar hann er hjá ömmu sinni og segir: *Halló pabbi, pabbi*.

Við vorum hjá Siddu og mömmu í sunnudagspönnukökum og var það skemmtilegt, fyrir okkur þrjú, að minnsta kosti. Ásgeir er alveg vitlaus í pönnukökum og gæti borðað tylft leikandi, ef hann fengi það. --

¹ Frumstæð tækni til að láta texta vera inndreginn, eða koma fyrir í dálkum.

² Jónas Kristjánsson (1924) seinna prófessor og forstöðumaður Árnastofnunar. Hann var kunningi menn vegna tengsla okkar við Pál Línal, sembylismann minn og frænda, en þeir voru nánir vinir og bekkjarbræður úr MR.

Dundur (*Guðmundur Kristinn Guðmundsson*) hringdi og sagðist ætla að fara að kaupa miða á 30. ballið og hvort ég ætlaði ekki örugglega að koma með þeim. Hann sagði að sér dygði ekki Olla, sem væri nýstaðin upp af sænginni. Honum veitti ekkert af mér líka. En þú veist hvað ég er *stabil!* --

Hafðu það gott og skemmtilegt. Ef þú hittir Kristínu Þórarinsdóttur,¹ skilaðu þá kveðju frá mér. --

29.11. Í nótt hefur kyngt niður snjó og fór ég út með Ásgeir og Dag í snjógöllum til að moka frá húsinu. Dagur veltist um í snjónum og komst hvergi, en var hinn ánægðasti með tilveruna samt. -- Meðan við vorum að þessu kom pósturinn með kort til Ásgeirs og bréf til mín, sem ég var heldur en ekki glöð að fá. Við fórum svo inn til ömmu þeirra og lásum bréfin og fengum okkur hressingu.

Dagur er nú að sofna eftirmiðdagsblundinn sinn og á meðan tek ég til við röðunina. -- Ástarkveðjur aftur --

Eggert Ásgeirsson skrifar Friede P. Briem. Stokkhólm, 30.11.1966.

-- mér líður hreint ágætlega að öllu leyti nema því að ég er venjulega of saddur. Svo mikið er troðið ofan í okkur að ég er hræddur um offeiti, enda finn ég að það er þyngra um andardrátt en áður. --

Mikið hefur breyst frá því fyrir tíu árum. Ég stóð þá á götum og mændi inn í veitingahúsin og þorði ekki inn í nema þau slökustu. Nú er það svo að ég verð að passa mig á veitingahúsum að borða ekki of mikið af dýrðlegum réttum, til að hafa pláss fyrir þá sem síðar koma. Við lærðum þessa lexíu í gær og fyrradag. Í fyrradag fórum við til eins af borgarstjórum Stokkhólms og ræddum við hann og fulltrúa hans.

Á eftir var okkur boðið í Operakällaren. Fyrst fengum við síld og kartöflur, síðan einhvern voðalega skríttinn fisk, svo var boðinn ostur og að því loknu pylsur, skinka og kartöflusalat. Nú héldum við að allt væri búið, en þá var borið inn *fillet Mignon*. Menn voru slappir í hnjónum að þessu loknu.

Daginn eftir vorum við á öðrum fundi, nú hjá opinberum launþegum. Að honum loknum fórum við um eitt leytið í finasta hótél borgarinnar: Anglais, og fengum álika trakteringar. að vísu var reynslan meiri og við vörðum okkur. Matnum var lokið um kl. þrjú og við hlupum á næsta fund hjá borgarstarfsmönnum. Að þessu sinni stóð fundurinn til kl. 5. Urðum við að rjúka heim til að skipta um föt, því kl. 5.30 var okkur boðið aftur í Operakällaren. Þar lágum við í því. Það kom sem sé í ljós undir lokin að við vorum alls ekki búnir að melta fyrri máltíð. Úr Operakällaren urðum við að hlaupa á *Hello Dolly*, ágæta óperettu með Sonju Stjernkvist í aðalhlutverki. Sven Åhlgren,² gestgjafi okkar, síðari hluta dagsins, bauð okkur heim, en við treystum okkur ekki til frekari veisluhalda og fórum heim.

Mér var svo boðið, einum úr hópnum til Åhlgrens í ágæta veislu í kvöld, og þaðan var ég að koma eftir að hafa drukkið þar sex vintegundir og borðað dádýrakjöt.

Ég held næstum að við höfum lært meira í matargerð en kjarabaráttu. --

Í boðinu voru eiginlega eingöngu Skánverjar, svo miklir að ég átti í erfiðleikum með að skilja þá, svo mjög að mér létti eftir að ég fann afsökun og komst á brott.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Helsingfors, 1.12.1966.

-- kom um hádegisd. Veðrið hlýtt, krap á götum. Borgin virðist, það litla sem ég hef séð, heldur þokkaleg. Þessi árstími er líklega sá verstí sem hægt er að velja til borgarskoðunar -- hótelið (*Vaakuna*) heldur leiðinlegt, gamalt og þungt. --

Fyrsti maður sem ég hitti hér var Páll Agnar Pálsson,³ sem var að fara í herbergið sitt á sama gangi. Hann sagði heilmiklar fréttir að heiman um snjóþyngsli og strönd. Hann er hér á yfirdýralæknafrundi og var nú á leið í ráðherraveislu, glaður að hitta mig, en sérstaklega Höskuld, vegna launamála starfsfólksins á Keldum.

Höskuldur er farinn í boð til Kristínar Þórarinsdóttur,⁴ æskuástar sinnar (?) og var tindilfættur þegar hann hélt af stað.

Ségir nú fréttir af Ingvaldi systur Sirríar og hennar fjölskyldu. Gjafakaupum til Guðrúnar dóttur þeirra. Fór með Haraldi Guðjónssyni á spítalann (Karonlinska) og sýndi hann mér allt hátt og lágt, m.a.

¹ Mäntylä.

² Sven Åhlgren var formaður norræna borgarstarfsmannasambandsins, og höfðum við hist nokkrum sinnum á fundum, mest í ágætismaður og hans fjölskylda.

³ Páll Agnar Pálsson (1919-2003), yfirdýralæknir, sonur Páls Zophaniassonar, búnaðarmálastjóra. Hann starfaði á Keldum, góður vinur og samstarfsmaður, giftur Kirsten Henriksen (1920-2009), sem líka var dýralæknir og í Zontaklúbbi Revíkur.

⁴ Kristín Þórarinsdóttir Mäntylä (1936) var gift finnskum manni, síðar forstjóra Norræna hússins. Við höfðum starfað saman í Heilsuverndarstöðinni. Hún gerðist þýðandi, einkum úr finnsku.

dýratilraunir sínar og sem verið getur (og varð) að hann haldi áfram með til doktorsprófs (leyndarmál). Svo fórum við Stella í bæinn og höfðum það skemmtilegt.

Þá segi ég frá Bo Y. Ákerrén og bollaleggingum hans um að flytjast til Íslands með fjölskyldu sína. Hann gerði sér von um að komast að sem aðstoðarborgarlæknir og hefði fengið vísbendingu um þann möguleika. Borgarlæknir hafði ráðið annan og gaf honum von eftir tvö ár.

--Ansi er ég hræddur við það. Tvö ár eru langur tími í lífi manns sem er á uppleið eins og Bo Ákerrén. --¹

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvk. 1.12.1966.

-- Við fengum bréfið frá þér þar sem þú segir frá öllu *djamminu* í þér. Ég er oft búin að lesa kaflann í því, fyrir strákana, þar sem þú biður um að heilsa þeim og kyssa þá frá þér. Þeir heimta kossa í hvert sinn. --

Spenningur að fá að opna fyrsta gluggann í almanakinu.

Þá er sagt frá 1. des. ballinu sem Jójó vonkona hennar hafði lýst í smáatriðum.

-- allir hefðu saknað okkar og var ég ánægð með það Dundur er hættur að vinna hjá Skarphéðni² og er það vegna þess hve Kristín systir hans³ er andstyggileg við Ollu (*konu hans*) og ber hana út. Þau voru samt mjög vel upplögð á ballinu og vinnur Dundur heima hjá sér til að byrja með --

-- hefur verið skemmtilegur dagur hjá okkur strákunum. -- tóku þeir þátt í gerð adventukrans af lífi og sál. -

Afmæli Þórhildar (*Líndal*) er í dag. Þótti henni leitt að þú værir ekki heima. Það verður skemmtilegur jólafundur hjá Kvenstúdentafélaginu og langar mig frekar þangað.

Þú ert sjálfsgættur að opna bréfin frá mér, því ég er alltaf að kvabba.

Ræðir um kaup á silfurlitum skóm! --

Ég keypti tannbursta handa strákunum. Er það aðal spenningurinn áður en þeir fara að sofa, að bursta tennurnar. Dagur tyggur burstann meira en hann burstar, svo hann er orðinn ansi úfinn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Haag, 4.12.1966.

-- Við vorum að koma hingað í sól og nánast sumarhita. Borgin er malerísk og skemmtileg. Við Höskuldur og Sverrir vorum að koma inn eftir að hafa skoðað borgina og stofnunina sem hann hafði stundað nám við. Þetta var allt afar glæsilegt og bar nýlendurányrkjunni vitni. -- Á morgun eru jól, þ.e. gjafajól Hollendinga svo kaup tíðin er úti. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsd. Haag, 5.12.11.1966.

Þakkar skemmtilegt bréf. Vonar að hún fari á kvenstúdentafundinn. Segir frá því að Jane Almqvist standi fyrir ánægjulegri starfsemi í Uppsöllum. Hún deilir erlendum stúdentum niður á valdar fjölskyldur. Eins konar öryggisnet fyrir þær og er þeim að jafnaði boðið mánaðarlega til fólksins.

-- höfum haft góðan og skemmtilegan dag. Fyrst vorum við á fundi hér í Haag, vorum svo fluttir í tveim ráðuneytisbílum til Leyden til funda og myndatöku fyrir hádegi. Glæsilegur hádegisverður og borgarskoðun eftir hádegi. Holland er skemmtilegt og malerískt⁴ og Hollendingar líka.

Í dag er *Sainter Klaas*-dagur, en það er sá dagur jólahátíðarinnar þegar landsmenn skiptast á gjöfum. Engar gjafir á jólnum. Klás og Svarti Pétur hafa farið hér um götur í dag og í gær, en þá komu þeir. Klás er biskup og miklu virðulegri en okkar jólasveinn, enda tekur fullorðið fólk miklu meir þátt í komu hans en heima. Klás og Pétur voru á veitingastað sem við komum á í gærkvöldi, ræddu við fólkið og höfðu allir það skemmtilegt. Nú er enginn á götunum og veitingastaðir allir lokaðir, því þetta er fjölskylduhátíð. Svo ég hugsa til ykkar.

¹ Fjölskyldan Ákerrén, var óvenjuleg og þokkafull. Samt var eins og eitthvað væri að, t.d. þessi hugmynd um að flytjast til Íslands. Það er erfitt um að dæma, enda engin ástæða til. Samt finnst manni eitthvað hafa við að. Ég hitti hann síðast í bókabúð, þar sem hann var að leita að leiðbeiningum um uppgjör á dánarbúum. Í þessi tilviki var það systir hans. Hann var eitthvað flóttalegur. Samt töluðum við nokkuð saman. M.a. kom fram hjá honum að hann væri háttsettur í sænsku Frímúrarareglunni. Ég sagðist þekkja vel til reglunnar, og sagði að ég þekkti yfirmann hennar í Svíþjóð. Átti ég von á að hann myndi ræða það frekar. En þá var eins og hann brygðis neikvætt við og eyddi því samtali. Um svipað leyti virðist hann hafa skrifað *Handbok för Frimurare*.

² Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt, mágur hans.

³ Dundur: Guðmundur Kristinn Guðmundsson arkitekt. Kristín Guðmundsdóttir, kona Skarphéðins.

⁴ Litríkt.

-- Dvölin í Finnlandi var mikil sæla. Finnar eru svo sérstaklega gestrisnir og elskulegir að ég held að fáir eða engir takið þeim fram. Ég hitti ekki Kristínu en talaði við Kai¹ í síma. Í gærkvöld var ekkert að gera hjá mér, svo ég fór í sænskt kjallaraleikhús til að sjá *einhvern absúrd gamanleik* eins og honum hafði verið lýst fyrir mér. Þetta reyndist þá vera gamanleikur eftir Dario Fo, undir stjórn höfundarins sjálfs. Allt löngu uppselt, en ég hætti ekki fyrir en undir mig var settur stóll og ég fékk að horfa á það.²

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvk. 5.12.1966.

-- Ég hef heyrt að þú sért nær óþekkjanlegur, ofboðslega feitur og torkennilegur. -- Ég er búin að megra mig um 2 kg. á hálfum mán. Það verður aldeilis bío að sjá okkur saman. Ég er búin að gera jólamatseðilinn fyrir þig! --

Hér hefur verið blindhríð í allan dag. Þó ætlum við helstu *skvísumnar* í saumaklúbbnum að fara á fund í Kvenstúdentafélaginu. --

-- við fórum í kaffi á Smáragötuna og var þar fullt hús. Ranka var þar án Hjálmars (*Blöndals*). Kvöldið áður hafði verið TBO-fundur³ og veisla á eftir og var hann alveg í rúminu eftir það! Ranka átti að spyrja mig frá Hjálmari hvernig Magnús (*Óskarsson*) hefði staðið sig í ferðinni. Ég sagði, sem var, að þú hefðir ekkert minnst á hann. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Haag, 7.12.1966.

-- Klukkan er núna 16 og við fórum eftir klst. til Hafnar. Sverrir verður hér eftir -- Við lukum okkar erindum í gær og héldum það hátíðlegt með því að fara í indónesískan veitingastað. Dýrðlegur var maturinn, en hryllilega varð ég saddur, enda réttir 26 talsins. Ég borðaði þá nú ekki alla, gafst hreinlega upp. --Magnús Ósk. sagði þegar hann sá allan matinn: *Ég áskil mér rétt til að vinna illa af beinunum!*⁴ Morguninn hefur svo farið í búðaráp og verð ég að segja að aldrei hef ég séð jafn mikið af falleum, vönduðum og ódýrum vörum.

Magnús Óskarsson

Hér er saga, sem fyrir nokkrum árum hefði ekki þótt viðeigandi, en nú er talið ósköp eðlilegt að segja, sérstaklega þar sem ævisagan endar vel. Magnús Óskarsson, vinur minn, stúdent 1950 frá MA, gáfumaður hinn mesti, skemmtilegur í besta lagi og sem skilaði sínu hlutverki í lífinu mjög vel. Þó var einn galli á um tíma. Þeir urðu félagar, hann og annar skemmtilegur gáfumaður, vinur minn og bekkjarnautur Þorvaldur Lúðvíksson. Vegna Þorvaldar komust þeir í nán tengsl frændi Þorvaldar, Davíð Oddsson. Samstarfsmenn á borgarstjóraárum Davíðs. Þetta er sagt til að sýna að Magnús var hinn besti maður þó að drykkja væri um skeið honum til trafala.

Þegar við héldum af stað félagarnir í okkar miklu könnunarferð hafði Magnús verið reglumaður um skeið. Í flugvélinni, gerðist það, sem oft kom fyrir á þeim árum. Flugvélar voru *pubbar* þessa lands.

Er við komum á hótelið í Osló lá vel á honum. Við fórum til herbergja okkar, ákváðum að hittast í mat og fórum á Paléet, sem sagt var frá. Þar gerðist lítið atvik sem var viss forboði þess sem koma skyldi. Þegar við settumst við borðið og maturinn skyldi borinn fram fyrir okkur, hann, Höskuld, Sverri og mig; þá spurði hann þjóninn með þjósti á þeirri fínu dönsku sem kennd var þá: *Hvor er servietten?* Þjónninn svarað: *Dere sitter på den.* Ekki var Magnús ánægður með tóninn eða orðin, rauk upp ú sæti sínu og misskildi: *Siger de at jeg er lille?*

Magnús var lágvaxinn eins og sumir í fjölskyldunni, þannig að hann hækkaði ekki í lofti við að standa upp. Um kvöldið heyrði ég í honum í næsta herbergi. Ljóst að eitthvað var á seyði. Átti það eftir að hafa áhrif á ferð okkar.

¹ Kai Saanila, hafði verið íslenskunemi í Reykjavík og heimagangur hjá okkur. Háskólakennari í bókmenntum. Þýddi m.a. *Paradísarheimt á finnsku. Fékk riddarakross frá Íslendingum.*

² Lilla teatern. Frægt leikhús á sænsku sem ég heimsótti ævinlega þegar ég kom til Finnlands og þegar leikflokkurinn kom til Íslands. Þar lék m.a. Borgar Garðarsson. Dario Fo (1926-2016) varð aldeilis þekktur á Íslandi, ekki síst vegna Gísla Halldórssonar sem bar ýmis leikverk hans uppi.

³ Tjenestebroðrenes Orden. Leyniklúbbur borgar-brodd-embættismanna.

⁴ Hér er honum rétt lýst, þegar hann er í essinu sínu.

Hið næsta sem kom fyrir var þegar við vorum staddir í *Gamla stan* í Stokkhólmi í valdastofnun sem hafði hönd í bagga með öllum samningum opinberra starfsmanna. Við höfðum verið á fundi frá morgni með forstjóra *Avtalsværkis*, kjarasamningastofnun ríkisins, og var boðið í mat í hádeginu. Þegar við gengum út tók Magnús skjalatösku sína með sér. Sagði forstjórinn við hann að þess þyrfti ekki með því við kæmum aftur til fundar á sama stað. Því svaraði Magnús: *Jeg bruger altid ha den med*. Svo litum við fyrir matinn inn í hreinlætisherbergi. Fóru Magnús og taskan beint inn í klefa. Þá heyrðum við, forstjórinn og ég, að korktappi var dreginn úr flösku. Þannig hélt áfram og var ekkert við því að gera annað en að ég tók hann tali og bað hann í öllum bænum að gæta sín.

Magnús kvaddi okkur í nokkra daga, fór að heimsækja vin sinn og bekkjarbróður, Sverri Haraldsson lækni í Västerås, sem þar var við sérnám í þvagfæraskurðlækningum.

Ekki fer sögum af Magnúsi fyrr en við lok heimsóknarinnar til Helsingfors og að því kom árla morguns að við færum fljúgandi til Haag. Þegar við hittumst með töskurnar á hótलगanginum á kom í ljós að Magnús hafði týnt passanum sínum. Voru góð ráð dýr. Það skal játað að ekki lögðu ferðafélagar hans sig fram um að bjarga málum. Ákváðum við að fara af stað sem skjótast, enda stutt til brottflugs. Við nánast stungum Magnús af, þar sem hann stóð ringlaður og ráðalaus í gangi Hótel Vaakuna. Létum okkur hverfa *-no matter what!*

Segir nú ekki af ferðum okkar á *hinu blauta Hollandi*. Við rákum þar erindi okkar og gekk vel *magnúsarlausir*. Þegar við vorum þar komnir, að ég held *Sainter Klas*-kvöldið, voru stræti Amsterdam auð, en þangað vorum við komnir; þoka grúfði yfir, skyggni fjórir metrar. Við um kvöld á leið í eina lausa hótelplassið í skipi sem þar lá við bryggju.

Hvað gerist: Út úr þokubakkanum í flasið á okkur kom Magnús! Strax eftir að við kvöddum í Helsingfors hafði hann samband við vin sinn og svarabróður, samstarfsmann hjá Rvíkurborg og í Sjálfstæðiflokknum, sjálfan Gunnar Thoroddsen sendiherra í Höfn, sem sagði honum að koma sem skjótast þangað. Þar gaf hann út nýjan passa þannig að MÓ komst til Hollands beint í flasið á samnefndarmönnum sínum. Þetta má telja furðu veraldar.

Nú, svo hlaupið sé yfir kafla þá fórum við til Hafnar áleiðis heim. Þar þótti samferðamönnum mínum, fyrrum starfsmönnum Thoroddsens, hjá borg, í fjármálaráðuneyti og víðar, við hæfi að hitta fyrrum fjármálaráðherra og gera grein fyrir árangri sendiferðar okkar. Humyndin um þessa sendinefnd og samstöðu vinnuveitenda og launþegar hafði einmitt kviknað í nýliðinni ráðherratið hans.

Magnús hafði lengi haft það embætti við kosningar að smala atkvæðum fyrir D-listann í Höfn. Var þetta ágæt heimsókn í sendiráðið á Dantes Plads.

Ferðin mín endaði þar. Ég hitti svo Pál bróður minn. Hinir fóru eitthvað annað. Þótti þetta hin frægasta sendiferð og varð upphaf heilmikilla hræringa í kjarabaráttu okkar launþega.

Eitt er eftir af ferðasögunni, sem gæti hafa gerst þá, skv. frásögn Þorvaldar vinar okkar Magnúsar. Hann lét enga góða sögu niður falla, hvort sem vinur átti í hlut eða ekki.

Þegar Magnús kom heim hittu vinir hans hann með dökk sólgleraugu. Þorvaldur var ekki lengi að skyggjast bak við þau, gekk fast eftir að fá að vita hvernig á glóðaraugum stæði. MÓ sagðist hafa tekið leigubíl frá Keflavík, Þegar hann spurði um verðið, er heim kom, sneri bílstjórinn sér við og rak olnbogann í augnatótt hans. *Af hverju á báðum augum?* Ekkert svar.

1967

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 1.4.1967.

Ræðir um Rússlandsferð Páls sem hann vonar að hafi tekist vel. Þá fjallar hann um samskipti Páls við heilbrigðiskerfið og bréfasendingar í sambandi við það. Borgarlæknir vill að hann fari að koma. Heppilegt að P. sé ekki hér vegna þess að ástandið í Heilsuverndarstöðinni sé ekki gott með Sigurjón Björnsson¹ að vísu ekki sjóðandi en geti orðið það. Hvað um var að ræða veit ég ekki, þótt ég ynni í Heilsuverndarstöðinni með Sigurjóni. Hér var harkalegur árekstur lækna og sálfræðings, yfirstéttar sem höll var undir Thorvaldsensfélagið. Enn fremur hægri forystu borgarinnar og vinstri manna, sem Sigurjón taldist til, áður en hann fór að skrifa í Moggann um bókmenntir.

--Nú er beðið eftir fundargerð þeirri sem Jón Tómasson skrifaði á fundinum sem borgarstjóri hélt með Sigurjóni og Jónasi B.², borgarl., Kristb. Tr., Birni Júlíussyni, læknum vöggustofunnar, forstöðukonunni Auði Jónsdóttur, Þóri Kr. Þórðarsyni varaform. barnaverndarnefndar og e.t.v. fleirum -- Ég reyni að smúla henni undan þegar hún kemur. Ekki veit ég hvort ég á að rekja fundinn nákvæmlega eins og ég heyrði frá honum sagt, en hann var mjög óhagstæður Sigurjónu, svo mjög að maður telur hann varla geta verið með *fulde fem* Þó er ekki hægt að láta hjá líða að geta þess að Sigurjón virðist til hins ýtrasta ætla að dylja, jafnvel fyrir fagmönnum hver börnin séu og niðurstöður rannsóknanna. Eina gildur virðist hann hafa fallið mjög kyrrilega í, sem sé að fá ekki sjúrnala frá barnaheimilinu, þegar börnin hafa komið til meðferðar í Geðverndardeildinni. --

Lýsingin á þessum harða deilufundi er mjög löng í bréfin en verður ekki rakin lengur. Um hvað er deilt kemur ekki fram. Eftir langan kafla skal aftur vitað í þessa frásögn:

-- Borgarstjóri er ákveðinn í að setja þetta í dómnefnd. Sigurjón hafði aldrei nefnt vandræðin við neinn ábyrgan mann, að því er virtist. Það versta er að það er allt rétt, að sjálfsagt er þarna stórhætta á *hospitalisma*. Ég hef meira að segja minnst á þetta, þótt ég hefði aldrei heyrt á hann (Sigurjón?) minnst (í sambandi við þetta mál) fyrr en Sigurjón talaði í borgarstjórn.

Ég hef lengi verið áhyggjufullur út af skort á heimilisbrag, tilflutningum milli heimila o.fl. Nú er þetta líka aðalviðfangsefni Björns Björnssonar³ að fá því breytt, enda er það augljóst að börn hljóta óhjákvæmilegan áverka af því að vera rótslitin á barn og unglingárum.

Ég man ekki fleira. Þetta er trúnaðarmál. Ég læt þig heyra af þessu síðar. --

Erfitt er að átta sig á um hvað er rætt. Ef ég man rétt er hér rætt um vöggustofu Barnaheimilis Thorvaldsensfélagsins. Ég hafði lagt mitt af mörkum innan borgarlæknisembættisembættisins til að rekstri heimilisins væri hætt. Aðaláhrifamenn í málinu í borgarstjórnarapparatinu voru prófessor Þórir Kr. Þórðarson⁴ og Björn Björnsson, síðar prófessor, báðir í guðfræði, frumkvöðlar og áhrifamenn í nýrri sýn á félagsmálum borgarinnar. Þetta var falið innan borgarkerfisins, í höndum góðgerðarfélags sem enginn virtist vilja anda á. Endaði með því að stofnuninni var lokað. Hefur komið stöku sinnum upp í fjölmiðlum síðar, vegna miska sem börnin urðu fyrir, einkum þegar fornarlömbin urðu sjálf fjölmiðlamenn.

Eggert Ásgeirss. skrifar dr. George Lane og Tryggva Ásmundss. Reykjavík, 1.4.1967.

Tryggvi Ásmundsson, sem ég kynntist sem einum úr vínahópi Sirríar var í Chapel Hill við framhaldnám. Dr. Lane var mikill vinur Þórdísar móðursystur minnar frá því að hann var við íslenskunám í Rvík og bjó í Tjarnargötu eins og Ásmundur Guðmundsson biskup faðir Tryggva. Hafði ég hitt dr. Lane hjá henni. Ég vissi ekki að hann byggi í þessari borg sem ég hafði heimsótt nokkrum árum fyrr. Nú skrifaði ég þeim báðum til að leitast við að koma dr. Lane, Tryggva og Öglu⁵ konu hans í samband.

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Y. Åkerrén. Reykjavík, 12.4.1967.

Bréfið fjallar m.a. um hjálpartæki (aids for daily living, ADL) sem mig langaði til að fá sænskar fréttir af. Þá var ég kominn í stjórn Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands og leist ekki á

¹ Sigurjón Björnsson (1926) sálfræðingur, síðast prófessor.

² Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Rvíkurborgar.

³ Björn Björnsson (1937-2008) prófessor.

⁴ Þórir Kr. Þórðarson (1924-95) prófessor.

⁵ Tryggvi Ásmundsson (1938) læknir. Agla Egilsdóttir (1939) hjúkrunarfræðingur.

hjálpartækjastarfsemi þá, sem deildin hafði með höndum. Einnig bið ég Ákerrén um að ráðleggja mér hvernig samstarfsmaður minn gæti fengið húsnæði í Stokkhólmi, þangað sem hann var að fara til náms. Sá var Kormákur Sigurðsson (1924-2004), sem fór þangað.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Reykjavík, 19.5.1967.

Fjallar um undirbúning sumarleyfis fjölskyldnanna á Sjálandi. Svvara bréfi sem ég hef ekki afrit af og gef skýrslu um gang mála og viðræður mínar við próf. Þóri Kr. Þórðarson. Eitthvað er rætt um stöðu ráðunautar, því borgarlæknir, Jón Sigurðsson sagði að yfirlæknir geðdeildar barna í Heilsuv.st. væri Halldór Hansen. Ég svaraði því til að svo væri ekki því hann væri yfirlæknir barnadeildarinnar. Borgarlæknir sagði að þetta væri upplagt tækifæri fyrir þig, önnur tækifæri opnuðust síðar. Það þýðir ekkert að tala við hann um það því hann er í pólitískri pressu. Ég bað hann um að biða með auglýsingu.

-- Honum fannst að þú ættir að hliðra til, annað gæti talist stífní. --

Haukur Benediktsson var á sama máli og ég í þessu efni að mestu. Sagði hann:

Ég hvet Pál til að svara fljótt. --

-- Það gengur fjöllumum hærra að þú takir við. -- Ég er yfirleitt á því að menn byrji á að ljúka sínu námi; hitt verður líka að hafa í huga að börn eru hér ólæknud og mál þeirra í miklum ólestri út af Sigurjóni Björnssyni. Haukur (Benediktsson) var hér inni hjá mér og var að fara út. Hann sagði að auglýsingunni yrði áreiðanlega breytt. Hann hefði rætt það við beorgarlækni að óeðlilegt væri að ráða sálfræðing forstöðumann deildarinnar, þar eð þetta yrði örugglega saminað þegar þar að kæmi og starfsemin flutt í Fossvog (Borgarspítala). Þá gæti orðið *handikap*¹ að sitja uppi með sálfræðing sem forstöðumann hér í húsinu. --

-- Það er vandasamt að ráða fram úr þessu. -- Ég sé núna að afskipti mín af þessu hafa verið til góðs. -- Ég gleymdi að segja þér að Haukur heyrði borgarlækni tala við borgarstjóra um þetta. Virtist borgarstjóri alveg á því að geðlæknir yrði ráðinn til starfans --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ingveldi Dagbjartsd. Rvík. 3.6.1967.

Ræðir um hve fátækleg bréfaskipti eru milli þeirra systra.

-- Hér er sumarið loks að koma, tré að springa út. Við höfum verið að vinna mikið í garðinum undanfarið til að halda honum skemmtilegum. Við vorum heldur snemma í því þegar við keyptum alparósir um miðjan maí. -- Ekki vori liðnir margir dagar þangað til frost kom og sýnast þær nú allar vera dauðar.

Við vorum í fimmtugsafmæli Einars þann 29. maí í Hafnarfirði. Vorum við þar um kvöldið, en allan daginn hafði verið mikill gestastraumur hjá þeim. Heimilið er alveg sérstaklega smekklegt og myndarlegt, og er Einar orðinn mjög vinsæll þar suðurfrá.

Mamma er farin að hlakka til að heimsækja ykkur og sjá nýja húsið. Hún er orðin hin mesta saumakona og finnst hreint ekki neitt að sauma kjóla og pils fyrir verslunina sem hún vinnur í. Tekur bunka heim með sér, svo hún er ekki aðgerðalaus.

Við förum í Þjóðleikhúsið í gær til að sjá Hornakóralinn eftir Leif Þórarinsson, Odd Björnsson og Kristján Árnason. Er þetta nýr söngleikur. Vorum við stórhvfin. Þann 29. júní stendur til að við förum til Danmerkur með strákana og verðum þrjár vikur í sumarbústað á norður Sjálandi, þar sem heitir Holbæk, 45. mín. akstur frá Khöfn, stór og rúmgóður, svo ef þið hafið möguleika - þá eruð þið velkomin. Allavega ætlar Steini að heimsækja okkur. --

Í næstu viku verður voða-partí í tilefni af því að þrjátíu ár eru liðin frá fæðingu minni! Ég ætla að bjóða til mín 12-14 konum, ungum og gömlum. Gaman hefði verið ef þú hefðir getað prýtt hópinn. Það verður kannski á því fertugasta. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Y. Ákerrén. Reykjavík, 3.6. og 12.7.1967.

Pakka fyrir upplýsingar um hjálpartækjaþjónustu. Mest ræðir hann um reglur og lög um heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisnefndir, hvort þær skuli vera með pólitískum fulltrúum eða ekki. Einnig um stærð heilbrigðieftirlitssvæða sem eru nú svo smá að engu faglegu starfi virðis viðkomiðvera.

Ákerrén undirbýr nú að koma til Íslands um skeið og er að undirbúa ráðningu sænsks kennara fyrir börnin hans tvö. -

¹ Hindrun.

Magnús Óskarsson hæstaréttarlögm. Skrifar Eggert Ásgeirss. P.t. Khöfn. 11.6.1967.

Eggert minn! Þakka drengskap þinn mér sýndan í vetur og reyndar ætíð áður. Konan kom í gær hingað (á afmæli mínu og giftingardegi kóngafólks).

Mig tók það sárt og hef sjaldan unnið erfiðara verk en að krefja Pál bróður þinn verkalauna í dag.

Vegna þess að við höfum of lítið talað saman, skilur hvorugur annan (þ.e. ég og Páll), en frá byrjun var ætlan mín að leysa hans mál, sem illa nauðsyn, og hvarflaði ekki að mér að endurgjald kæmi þar fyrir. Ég reiknaði það rangt, að þegar Páll byði einhverja þóknun, myndi ei (á þann hátt, sem ekki snerti stolt hans) segja að hans útgjöld þyrftu að ganga fyrir til annarra hluta (sem sagt engin borgun) og var örlítið vonsvikinn, að heyra aldrei það boð og glataðist tækifærið hjá báðum,

Benedikt Blöndal spurði mig oft, hvað liði uppgjöri og eyddi ég því ætíð. (Auðvelt að spyrja Ben. Bl. um það). Vitaskuld var það ekki boðlegt að fara að rukka hann Pál um hálf gald í des. s.l. undir áhrifum áfengis. Skiptir það þó engu um viðskiptahlið málsins, Verra var þó tvennt:

1). Í því samtali (sem ég man glögg) kvaðst Páll mundu gera upp, er hann fengi skjöl málsins. Taldi ég það sjálfsagðan hlut. Þetta sveik hann og var ég marga mánuði undrandi (ekki reiður yfir því að heyra ekki frá honum, þetta kann ég ekki að meta eða skilja.

2) Svar Páls var barnalegt og þar að auki rangt. Svarið var, að hann hefði aldrei hitt mig edru. Ekki hér og ekki heima. Skiptir engu máli efnislega; en heima í Rvík hef ég ekki bragðað vín frá febr/mars 1966. (Man ekki eftir hringingu eða skilaboðum frá P.Ásg.

Nú hringdi ég, og fór fram á lægsta leyfilega gjald, áður en danska lögmannafélagið gripi í taumana, Páll skildi og nú var hann reiður. Svona geta hlutirnir snúið við -- en ég hamraði á því í samtali okkar að einn hlutur þætti mér erfiðastur og það væri að gera þetta við bróður Eggerts Ásg.

Ástæðan er sú að af fáum mönnum vandalausum hef betra reynt. Langar enn til að ræða við þig.

Haltu þínum frjóa idealisma vakandi. --

Ég reyni að skýra þetta furðubréf. Páll skildi um þetta leyti. Benedikt Blöndal hrl. var í vinahópi konu hans og hefur sjálfsagt annast málið fyrir hana. Við Manús vorum vinir og samtarsmenn og hann mikið í Khöfn í erindum Sjálfstæðisflokksins. Sennlega kom ég að þessu máli með þeim hætti að ég hef beðið hann um að annast mál Páls, sem sennilega varla voru mikil. Magnús var lengi óreglusamur, en fór í bindindi síðar. Sennilega var þessa skrítileg mál að einhverju leyti komið til vegna óreglu.

Tek þetta bréf með til gamans!

Eggert Ásgeirss. sendir Sigríði Dagbjartsd. skeyti. Vatnajökli, 7.6.1967.

SNJÓBÍLLINN GUSI VIA REYKJAVÍKURRADIO. HÁMINGJUÓSKIR KVEÐJUR GOTT SKAP LÍÐAN OG VEÐUR - EGGERT¹

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Khöfn, 17.7.1967.

Friede fór ásamt Sirrí, Eggert og strákunum litlu til Danmerkur til að vera í sumarbústað í Hornbæk með Páli og hans sonum.

-- Fór til Khafnar með Sirrí og var að panta mér far heim með þotu á laugardagskvöldið kemur. Okkur líður öllum ágætlega og nú hlakkar maður til að koma heim, þrátt fyrir dýrðlega daga hér í Danmörku. Ég er hér á járnbrautarstöðinni þar sem við Sirrí höfum mælt okkur mót. --

Jórunn Ingimundardóttir² skrifar Sigríði Dagbjartsd. Stokkhólmi. 8.8.1967.

Elsku Sirrý mín! Þá sit ég nú hér í Svíþjóð í leti og lúxus. Hér hefur verið alveg dásamlegt veður frá því þeg kom, en í dag er komin rigning. Ég hef mikið legið hér úti í hengirúmi hálfan daginn. Svo hef ég verið fegin að draga mig í skuggann eða hlaupa í sturtubað.

Ég hitti Steina í Kaupmannahöfn eins og þið vitið nú, og það var virkilega gaman. Hann langaði svo að við færum til Odense. Ég leigði okkur bíl og svo fórum við þangað og vorum þar allan daginn. Hann reyndi að sýna mér allt sem honum datt í hug. Það var alveg ógleymanlegur túr, svo fór vélin hingað um

¹ Þegar ég skrifa þetta, nærri hálfri öld síðar, furðar mig hve lausbeislaður ég var í jöklaferðum á þessum árum, jafnvel á afmæli Sirríar. Sem betur fer losnaði ég út þessu ánægjulega „helsi“. Ætli þetta hafi ekki verið síðasta ferðin mín. Síðan fór Sirrí með mér eina slíka hópferð. Eftir það ferðuðumst við saman, litla fjölskyldan.

² Jórunn Ingimundardóttir (1911-2008).

morgundaginn eftir, og hann ætlaði eins og skot heim, Ég held að það geti ekki farið betur um hann en þetta.

Svo biðu þau hér á vellinum þegar ég kom. Við höfum ekki farið mikið um hér enn, því Haraldur fór tveim dögum seinna í ferðina og kom aftur á sunnudag. Við Stella höfum farið tvisvar í bæinn. Það eru þar heilmiklar útsölur og ég er svolítið búin að versla, en ég segi ykkur nú ekkert um það fyrr en ég kem og svo er ég orðin líka peningalaus og byrjaði bara í Khöfn og eyddi þar mestu, en við Stein fórum nú víst aldrei út að skemmta okkur.

Jæja, elsku Sirrý mín, þú ert nú til með að hringja bæði til Siddu¹ og á Smáragötuna og skila ósköp góðri kveðju. Svo bið ég þér og þínum allrar Guðs blessunar. Alltaf blessuð. Þín einlæg --

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Y. Ákerrén. Rvík, 8.8.1967.

Er að undirbúa komu hans til Íslands og fer yfir mikilvægustu verefni sem hann gæti unnið að fyrir borgarlæknisembættið. Hér skulu helstu atriðin talin upp:

*Smitsjúkdómavarnir.

*Slysavarnir og bætt skráning slysatíðni sem nota mætti tölvur til greiningar á þróunarlíkum.

*Fyrirgirðandi þættir, t.d. á sviði vinnuverndar, löggæslu, slysavarna- og björgunarstarf félagasamtaka, sem dreift er á of margra herðar, með eyðum á milli. Gallar geta valdið hækkun slysatíðni.

*Næringarmál láta engir sér koma við nema fyrir ung börn. Engin upplýsingaskylda fyrir hendi og stöðugt fleiri borða utan heimilis og sætindaneysla eykst.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 28.7.1967.

-- Þakka þér fyrir okkar stórkostlega sumarfrí -- Svoleiðis er að Helga Einarsdóttir (*Magnússonar*) bekkjarsystir Eggert var að spyrjast fyrir um hvort þú vildir leigja út frá þér eitt herbergi handa pilti sem er að byrja í skóla í Khöfn. --

Ferðin hjá okkur heim gekk vel, fyrir utan það að við nauðlentum í Malmö, því einn hreyfill vélarinnar stoppaði og allt lögreglu- og slökkvilið tók á móti okkur. Töf varð um klukkustund.

Lýsir garðvinnu og segir frá undirbúningi tjaldferðalags til að reyna nýja tjaldið. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Jórunni Ingimundardóttur. Rvík. 8.9.1967.

Mamma Sirrý er sennilega hjá Stellu í Stokkhólmi. Þakkar bréfið sem virðist hafa verið nærri mánuð á leiðinni.

-- Ég skrifaði Stínu -- til að láta vita að allt gengur vel á hárgreiðslustofunni² -- Var hún ánægð með fréttirnar. --

Við höfum verið undanfarið með amerískum hjónum sem Eggert kynntist fyrir sex árum í Bandaríkjunum. Veðrið hefur verið gott og höfum við farið með þeim til Þingvalla.

Í næstu viku kemur Bo Ákerrén frá Svíþjóð og hefur Eggert fengið leigt fyrir hann á Smáragötunni, í ömmuherberginu og reynt að finna húsgögn. Komu þá stólarnir þínir og sófinn, í kjallaranum okkar, í góðar þarfir.

Palli, bróðir Eggerts kemur í næstu viku í 10 daga heimsókn á vegum Barnaverndarnefndar, sem býður honum að koma og halda fyrirlestur í Hátíðasal Háskólans. Þú sérð að heilmikið er að gera. --

Ásgeir sést ekki allan daginn, alltaf að hjóla á nýja hjólinu og Dagur alsæll með að vera búinn að fá þríhjólíð.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Jórunni Ingimundard. Rvík. 10.8.1967.

-- Við höfum verið í tveim útilegum með strákana, síðan þú fórst. -- Þrjá daga í tjaldferðalagi að Búrfelli í Grímsnesi. Við vorum heppin með veður, tjölduðum við læk, sem strákarnir voru alltaf að sulla í og endaði með að Ásgeir datt á hausinn ofan í hann. Hann grenjaði einhver ósköp, en var á eftir stoltur af öllu saman. Sidda og Halldór voru í húsi við Sogsvirkjunina. Borðuðum við hjá þeim og drukkum einhver feikn, svo

¹ Guðrún Dagbjartsdóttir eiginkona Halldórs Jónatanssonar.

² Sirrý hafði farið daglega á hárgreiðslustofu Kristínar máðursystur hennar, í Kirkjuhvoli, til að gera upp innkomu dagsins.

það var þægilegt að háttá í tjaldinu um kvöldið. Svo komu þau í heimsókn og morgunkaffi daginn eftir og héldu svo heim á leið.

Þessi útilega tókst svo vel, að við höfðum bara sex daga viðdvöl heima og fórum þá austur að Lómagnúp í sex daga ferð, sem náði yfir verslunarmannahelgina.

Veðrið var mjög gott, en strákarnir voru heldur orðnir ruglaðir á þeytingnum og spurðu oft, hvenær við færum aftur til Íslands! Eggert átti afmæli í ferðinni og fékk fiskbollur í afmælistat. Svo fórum við að sofa kl. níu með strákunum.

Við erum ekki hætt flakkinu því Sidda og Halldór voru að bjóða okkur austur að Búrfelli í Þjórsárdal að skoða mannvikin þar. Við ætlum þangað um helgina og bjóðum Steinu og Stínu með. Halldór nefndi það við Hjálmar og Einar, en heldur tóku þeir dauðlega í það. --

Jæja, mamma mín, ég ætlaði að vera búin að skrifa þér, en ég fékk svo mikla vinnu, að ekki varð neitt úr neinu. Það er tómlegt að geta ekki hringt og spjallað við þig. --

Jórunn Ingimundard. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Stokkhólmi. 4.9.1967.¹

-- Ég þakkar þér kærlega fyrir bréfin þín sem mér hefur þótt ósköp gaman að fá, því alltaf er maður að hugsa heim þó mér líði eins vel og hægt er. Héðan er nú all það besta að fréttu, þau eru nú alltaf við og við að fara út með mig og sýna mér eitthvað. Á laugardaginn fórum við inn í borgina í lest, því þá máttu ekki privatbílar aka þar, en hægrihandaraksturinn gekk í gildi í gær. Við vorum að skoða umferðina, en það voru nú fleir en við að skoða, því það var bókstaflega ekki þverfótað fyrir fólki á götunum; þá fórum við inn í kínverskan *restaurant* og borðuðum.

Tvisvar hef ég farið í bíó og svo ætlum við í óperuna einhvern daginn. Svo fórum við upp í útsýnisturninn einn daginn og drukkum þar kaffi. Svo höfum við Stella nú alltaf við og við verið að ráfa um í borginni að gamni mínu, ég geri nú varla ráð fyrir að henni þyki það nú eins gaman og mér.

Ég vildi að þær fengju það gott úti í Khöfn systur mínar. Ekki er ég nú farin að ákveða hvenær ég kem heim. Hún Stella vill helst að ég sé framundir það að Steini kemur, en mér finnst ég þurfa að bráðum að fara heim og leita mér að atvinnu. Ég kvíði nú hálfgerð fyrir því.

Jæja, elsku Sirrí mín ég hef nú ekkert sérstakt að segja meira nema að ég bið svo þér og þínu fólki allrar Guðs blessunar. -- Þú kyssir litlu strákana frá henni Jónu ömmu.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Jórunni Ingimundardóttur. Rvík. 2.10.1967.

-- fréttirnar af Steina voru slæmar. Vona ég af öllu hjarta að honum hafi gengið betur en hann hélt í fyrstu.² Ég sagði Stínu frá þessu og talaði hún við Ragnhildi Gottskáldsdóttur³ og bað hana um að hjálpa honum. Hún trúir á hana. Það gerir ekki neitt til að hún talaði við hana. --

Þá segir hún fréttir af hauststörfum, kæfugerð og frýstingu grænmetis.

-- Ég er farin að hlakka óskaplega mikið til að sjá þig aftur. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Reykjavík, nóv. 1967.

Þakkar honum fyrir hjálp með húsgögn (rúm o.fl. frá Palisanderkælleren í Khöfn) sem Gestur Einarsson⁴ flutti inn sem hluta af búslóð sinni frá Árósum. Þakkar borðið til móður þeirra sem hún var ánægð með.

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Y. Ákerrén. Reykjavík, 20.11.1967.

Ákerrén og fjölskylda hafa farið heim. Óskar honum alls góðs. Segir frá því að hugmyndir hans um mikilvægi þess að koma á fót atvinnurekstri fyrir konur hafi verið vel tekið og nefnir sérstaklega

¹ Jórunn Ingimundardóttir (1911-2008).

² Svo reyndist líka vera.

³ Ragnhildur Gottskáldsdóttir (1903-1979) vinsæll miðill sem bjó í Tjarnargötu 30. Átti ágæta fjölskyldu. Komu fjöldi fólks í heimsókn til hennar, og margt hringdi hjá okkur, þar sem það hafði ekki rétt heimilisfang. Allavega lauk Steini námi sínu og skilaði góðu lífsstarfi.

⁴ Gestur Einarsson (1941) tæknifræðingur, vinur Steingríms Dagbjartssonar, frændi og skólabróðir frá Odense. Lengst auglýsingastjóri Morgunblaðsins.

Valdimar Kristinsson í Seðlabankanum, sem vakti athygli á málinu þar. Ég fékk skilaboð þaðan um að þú værir beðinn um að vinna frekar að áhugamáli L.M. Ericson.¹

Haldin var ráðstefna Læknafélags Íslands með Ákerrén sem fyrir lesara. Því miður voru aðrir fyrirlesarar, Ásmundur Brekkan og Helgi Valdimarsson ekki nógu góðir, stóryrtir, án þess að hugmyndir fylgdu, enda illa upplýstir, uppreisnarmenn án þekkingar!

Þessum orðum fylgir skýrsla E.Á. um fyrirlesturinn og umræður L.Í. Einnig viðtal sem hann skrifaði fyrir Morgunblaðið er Árni Johnsen hafði við Ákerrén, en sem hann skildi ekkert í. Bað hann EÁ um að skrifa viðtalið, sem síðan birtist í Mbl. undir nafni Árna.

¹ Ef rétt er munað urðu viðbrögð opinberra aðila heldur dræm. Varð það kannski til þess að hann misti áhuga á Íslandi.

1968

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Reykjavík, 3.1.1968.

Óskar gleðilegs árs og þakkar jólagjafir og húsgagnasendingu, sem öll tókst vel.

--Borgarlæknir var að segja mér frá því að Karl Strand hafi verið að kynna sér barnapsykiatriú¹ á Bretlandi. Hann var að áætla plássþörf, miðað við aðstæður og fór m.a. í þeim tilgangi til *John F. Kennedy Center* í Newham og þjónustu sem veitt er í Bristol. Mér skildist að hann teldi þjónstuna mögulega eingöngu sem *out patient klínikkur*² með möguleika á innlangningu á almenna geðspítala, ætti þetta hvort tveggja að vera ein eining. -- hef ég heyrt að formaður Hringins hafi komið til Karls og litið á eitthvað af þessu tagi á Englandi. Hvernig er með möguleikann að komast til Ameríku? --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 9.1.1968.

-- Mér er farið að líða illa af öllum þeim fallegu orðum og hugsunum, sem safnast hafa innan í mér og eiga að ná til þín. -- Þakka þér fyrir heimsins fallegustu tösku, sem var í jólapakkanum frá þér. --

Aðfangadagskvöldið snerist upp í sannkallað töskukvöld, þegar þær voru komnar þrjár á loft -- þefað af þeim, þær stroknar utan og innan. --

Þakka þér fyrir strákana. Þeir eru stöðugt í *indíánaleik* og *domino* þess á milli.

Við, hjónin, höfum verið skikkanleg undanfarið. Við fórum á 30. nóv. ballið og var það mjög gaman. Á undan vorum við boðin til Ragnhildar (*Helgadóttur*) og Þórs Vilhjálmssonar í kokkteil ásamt fleiru (!) skemmtilegu fólki.

Nú er ég orðin leiðinleg og fer að hætta. Eggert er niðri í kjallara að leita huggunar í gamla draslinu sín. Hann pælir í gegnum hvert einasta bréf og raðar í stafrófsröð. Síðan snýr hann sér að gömlu bókunum sínum og grætur yfir að geta ekki haft þær uppi á lofti hjá sér. Svona er lífið. --

Þakka þér sérstaklega fyrir þrjár vikurnar í sumarbústaðnum. Þær verða ógleymanlegar - allt þér að þakka.

Jæja, kæri mágur, þá kemur draumaprinsinn upp úr kjallaranum. -- Kærar kveðjur. --

Ingibjörg Eggertsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Síðumúla. 30.1.1968.

-- Elsku pabbi minn! Ég þakka þér fyrir jólagjöfina. -- Dragtin³ var ægilega falleg og bókin skemmtileg.

Nú fékk ég loksins prófið í morgun og ætla að senda þér afrit af einkunnunum og vitnisburðinum. Í skólanum er alltaf gaman og við eigum að læra á skíði uppi í Fornahvammi. Við fáum lánuð skíði, þau sem eiga ekki skíði sjálf. Við verðum í viku, einn og einn bekkur í einu og við eigum að vera á skíðum fyrri partinn af deginum, en læra seinni partinn. Það verður einn kennari með okkur. Jæja nú hef ég ekki meira að segja í fréttum. Ég skrifa ömmu líka og þú getur séð bréfið hjá henni. Þín Imma.

Bið að heilsa öllum.

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Y. Ákerrén. Reykjavík, 2.2.1968.

Ræðir við B.Y.Á. um ýmis heilbrigðismál, m.a. um sorphreinsunarkostnað í Svíþjóð. Þá segir hann hafa rifist nokkuð við Jón Sigurðsson borgarlækni og segist m.a.s. hafi hann gert aðra tilraun til að komast í starf við Heilsuverndarstöðina. Sér hafi ekki þótt starfið nógu faglegt hvað heilsuvernd varði. Það hafi þó ekki leitt til ósamkomulags þeirra.

Skilar kveðju frá Ólafi Ólafssyni landlækni sem hafi beðið sig um að skrifa með sér grein um heilbrigðisfræðslu. Er hann eini læknirinn sem virðist hafa áhuga á málinu. Þá ræðir hann um hugsanlega rannsókn á barnadauða, áþekka rannsókn sem gerð var í Svíþjóð. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Elísabet Vestdal Abéla. Rvík. 23.3.1968.

-- Við erum hér öll við bestu heilsu og eigum von á nýjum fjölskyldumeðlim um miðjan júlí. Þetta gerir það að verkum að ég get ekki tekið þátt í 10 ára júbíleinu.⁴ En ég sé ekki svo mjög eftir því. Ég fór í skoðun um

¹ Barnageðlækningar.

² Göngudeild.

³ Jakki og pils.

⁴ Hátíðinni, þ.e. stúdentsafmælinu.

daginn og hitti Bryndísi Schram,¹ sem á von á sínu þriðja barni í lok maí. Hólmfríði² hitti ég svo í leikhúsinu og var hún komin eitthvað áleiðis líka, Hún hafði verið á einhverjum undirbúningsfundi með árganginum og var þar ákveðið að gefa skólanum listaverk sem átti að kosta hvern og einn 50 kr. sem mér finnst allt of mikið. Jafnframt var ákveðið að halda hóf í Þjóðleikhúskjallaranum -- Kannski verður þú hér þá? --

Hér hefur verið snjókoma og kuldi -- Strákarnir eru orðnir það stórir að þeir eru úti mestallan daginn, ösla snjóinn og búa til snjóhús --

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 24.3.1968.³

-- Mig langar til að fara fram á það við ykkur systkini mín, meðeigendur að gamla húsinu í Tjarnargötu 24, að þar yrði sú breyting á, að í stað þess, eins og verið hefur að Sigurður sæi um rekstur hússins, að hann yrði fenginn í hendur óviðkomandi manni, sem greitt yrði fyrir það starf.

Mér finnst ekki viturlegt af okkur að taka ekki strax þá ákvörðun, þar sem ekki er sérlega heppilegt að náskyldir ættingjar hafi fjármálaskipti með sér. Það er ekkert sérstakt fyrir þessa fjölskyldu, þetta er oftast nær óheppilegt og þarf ekki að líta á það sem einhverja viðkvæmni af okkar hálfu.

Ef húsið verður áfram í eigu okkar, verða að sjálfsögðu einhverntíma í framtíðinni breytingar; á ég þar við þegar við sem nú erum gömul föllum frá, og er það mér mjög mikið áhugamál, að breytingin sem ég nú fer fram á komi nú þegar.

Mætti þá um leið setja reglur um réttindi og skyldur eigendanna, að þeir hafi jafnan rétt til að kaupa ef einhver kynni að vilja selja og ákveðinn svarfrestur yrði gefinn. Nákvæma sundurliðun á leigutekjum, vaxtatekjum, gjöldum og viðhaldskostnaði fengi hver eigandi í hendur árlega, t.d. fyrir 25. janúar, ásamt greiðslu væntanlegs ágóða. Viss hundraðshluti af leigunni yrði látinn í viðhaldssjóð sem grípa mætti til í samráði við eigendurna.

Þakka ég fyrir þau störf sem Sigurður hefur innt af höndum, og vona að þessari uppástungu minni verði tekið af velvild og skilningi og hún tekin til greina. Með bestu kveðjum; þín einlæg systir.

Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem. Rvík, 24.3.1968.⁴

-- Þakka þér hjartanlega fyrir bréfið, sem gladdi mig óseigjanlega, ekki síst að vita að þú værir ánægður með staðinn sem þið völduð og þau vísindagögn sem eru þér ómissandi.⁵ Vona ég að allt gangi vel með ritið og eins að ykkur báðum líði í alla staði vel.

Ég er nýbúin að fá bréf frá Palla, sem hefur það ágætt og býst við að fara til Ameríku 1. júlí, en ekki er fullráðið hvar hann verður.

Þú furðar þig kannski á bréfinu sem ég sendi þér með þessu út af Tjarnargötu 24. Mig hefur lengi langað til að færa fram þessa ósk, og vona að þú getur orðið mér sammála að heppilegra væri að breyta um tilhögun, og þetta yrði þá framtíðargrundvöllur fyrir okkar afkomendur, þó ég þekki þig það vel að þú sjálfur hafir ekki neinn sérstakan áhuga á slíku, þar sem peningar eru annars vegar.

Ég bið þig Helgi minn að samþykkja þetta, og hafðu þá Sylviu í huga, að forða henni frá einhverjum óþægindum, sem alltaf geta orðið.

Það sem verður til þess að ég bið um þessa framtíðarskipan nú, er að ég hef ekki fengið sundurliðun á tekjum og gjöldum hússins, eins og ég hef óskað eftir, og heldur ekki fengið neina greiðslu síðan í janúar 1967. Hreinir reikningar viðhalda góðri vináttu, sagði mamma oft, og lifði sannarlega samkvæmt því, og stundum bætti hún við að borgun á réttum tíma væri tvöföld borgun. Ég vona að þú hafir tíma til að senda mér svar við þessu og vona líka að þú getir fallist á þetta. Ég veit að einhvern tíma kemur að því að þetta hlýtur að ske, og þá finnst mér það alveg eins gott að það verði strax eins og síðar.

¹ Þær voru bekkjarsystur.

² Hólmfríður K. Gunnarsdóttir (1939). Dr. phil. Bekkjarsystir.

³ Bréf þetta er frumrit, ekki er víst að hafi veri sent.

⁴ Sama athugasemd er gerð við þetta bréf og hið fyrra, dags. sama dag. Sennilega er Helgi enn við rannsóknir í Boston.

⁵ Bréfið mun skrifað er Helgi og Doris dvöldust í B.N.A., í Massachusetts, ef rétt er munað, en þar vann hann að könnun á kenningu sinni um meiri vesturferðir norrænna manna á söguöld en almennt var og er talið. Árangur varð ekki sá sem hann vænti. Ég held fram að árangur rannsókna, sem oft leiða til hinna æðri vísindametorða, þ.e. doktorsnafnbóta, eru eigi lakari þó kenning reynist röng eða rétt. Ég hef áður vitnað í prófessor Sigurð Þórarinnsson sem sagði, eitthvað á þá leið, að ævistarfið hefði verið fólgið í því að afsanna doktorsritgerðina.

Héðan er allt gott að fréttu, þó að veturinn hafi verið erfiður í meira lagi þar ég ekki að kvarta, þar sem ég hef nóg vinnu innan dyra, og auk þess bíllinn sem bíður mín utan dyra. Margan góðan greiðann hefur þú fyrir mig gert, en sá ekki sístur þegar þú hjálpaðir mér að eignast bíl, hefur hann verið mér ánægjuauki og til stórkostlegra þæginda; og mátti ekki seinna vera að ég legði út í það ævintýri að læra að fara með slíkan grip. Ég varð fyrir smáóhappi að setjast á gólfið í staðinn fyrir stóll en vernduð var ég svo að ég stóð upp óbrotin og er að verða góð eftir þetta.

Ég hef þetta bréf ekki lengra og slæ botninn í það með einlægum óskum um allt gott ykkur hjónum til handa. Sylvia sagði mér að Doris hefði verið boðin á Zontafund, og þóttu mér það góðar fréttir. Við höfðum fjáröflunarskemmtun 18. febrúar og komu þá inn rúmlega 200 þúsund krónur. Næsta verkefni okkar verður að styrkja tvo kennara til náms í kennslu heyrnardauffra barna auk einnar hjúkrunarkonu.

Við hjartanlega að heilsa Doris og sendi ykkur bestu óskir og kveðjur, þín Frieda.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 16.4.1969.

-- Nú hefur kæri bróðirinn svo mikið að gera við að bjarga, ekki bara Íslandi, heldur líka bágstöddum úti í heimi, að hann má ekki vera að því að skrifa þér afmælisbréf. Nú var hann til dæmis að koma æðandisk heim og bað mig um smá eftirmiðdagskaffi áður en hann færi að halda ræðu úti í bæ á félagsmálanámskeiði hjá borginni. Hann drakk kaffið og æfði sig í ræðunni í leiðinni.

Móðir þín hagar sér engu betur. Hún æddi niður á Alþingi og bað mig að líta eftir skrifstofunni um leið og hún skellti útidyrhurðinni á eftir sér. Hún var ekki fyrr farin en síminn fór að hringja og fólk sagðist ætla að koma að sækja eitthvað, sem hún væri búin að lofa að hafa tilbúið. Nei-nei. Ekkert var tilbúið og ég stóð gersamlega í öngum mínum. Heyrnarmálin eru nefnilega á dagskrá Alþingis og ætlaði hún að fylgjast með umræðunum.

Þú sérð af þessu að ég á ekki sjö dagana sæla. Eiginmaðurinn er svo upptekinn í nýju vinnunni að hann svarar mér yfirleitt ekki fyrr en ég hef yrt á hann þrisvar sinnum. Þá er hann að hugsa um nýju flóttamannaplötuna sem RKÍ var að setja á markaðinn; næsta blaðamannafund, söfnunina til Biafra¹ o.fl. Um heyrnarmál veit ég allt!

Jæja, þetta er nú bara spaug. Ég hef það alveg ágætt og allir hér í húsinu. Við höfum verið í mörgum boðum yfir páskana og haft það skemmtilegt.

Helgi og Doris eru komin frá Ameríkunni og bauð mamma þín þeim á annan í páska og höfðu þau margt að segja. Þau voru búin að senda skeyti um að þau kæmu daginn áður og fengum við að vita að þau hefðu ekki mætt í flugið. En á bak við þetta er löng saga -- Þau höfðu pakkað dótinu sínu sjálf og tóku flutningabíl á leigu. Helgi ætlaði að keyra sjálfur til New York, en Doris varð alveg *hysterísk* og vildi ekki heyra það nefnt. Voru þau stödd á einhverri bensinstöð. Sér hún þar mann vera að væflast þar, kallar á hann og spyr hvort hann vilji aka þeim til New York. Hann hélt nú það og keyrði af stað. En! Adam var ekki lengi í Paradís. Eftir skamma stund voru þau stöðvuð af lögreglunni. Kom þá í ljós að þetta var eftirlýstur glæpamaður og handtók lögreglan hann. En þau voru þá stödd í einhverjum skógi og var hann búinn að aka í allt aðra átt en til N.Y. Helgi tók þá við stýringu og gekk allt vel, nema hvað þau misstu af flugvélinni heim. Ja! Hún Doris!

Við vorum líka boðin til Hjalta Geirs (*Kristjánssonar*) og Siggú Erlends um páskana ásamt Magnúsi Torfasyni prófessor og Sigríði Þórðardóttur² konu hans. Þórður sonur þeirra, sem er í 5. bekk í Menntó var að verða pabbi og þau þar með afi og amma. Þau taka þessu með mesta jafnaðargeði, enda er þetta víst orðið algengt. Stúlkan er líka í 5. bekk og mjög dugleg (ég meina líka á öðrum sviðum). --

Jæja, ég verð víst að fara að skreyta terturnar fyrir flugfreyjusaumaklúbbinn. -- Bestu afmælisóskir.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 28.4.1968.

Boðar hugsanlega komu sína í Stokkhólmi eða Örebro, þar sem Páll starfar. Er hann á leið á fund í Åbo í Finnlandi.

Undirbýr ráðstefnu þar sem hann á líka að vera fyrirlesari og þarf auk þess að undirbúa innlegg borgarlæknis, aðstoðarborgarlæknisins Braga Ólafssonar og Sörens Sörenssonar, eftirlitsmanns.

¹ Biafra var helsta vandamál hjálparstofnana, sem blandaðist, vegna snilldar/glæpamanna sem beittu auðmagni í sína þágu.

² Magnús Torfason (1922-1993), síðast hæstaréttardómari, átti Sigríði Þórðardóttur (1927). Bjuggu á Bergstaðastræti 73, tveim húsum frá okkur og beint á móti Hjalta Geir og Sigríði.

Var í menntamálaráðuneyti og sagði Árni Gunnarsson honum að þér hefðu verið send eyðublöð um Nato-styrk.

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Turku, 16.5.1968.

Þeir fóru á þangað, Þórhallur Halldórsson, Sigfinnur Sigurðsson og fulltrúi frá Vestmannaeyjum. Þetta var eiginlega afmælishátíð borgarstarfsmannafélagsins í Turku. Notuðu þeir Þórhallur tækifæri til að heimsækja borgarlæknisembættið þar.

-- var tekið á móti okkur með pomp og prakt, eins og Finna er von og vísa --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Turku,¹ 18.5.1968.

Líður mjög vel eftir lasleika, búinn að líta í búðir og skoða borgina sem e mjög falleg, vel skipulögð og hreinleg.

-- Gott skipulag kemur að vísu ekki til af góðu, því borgin brann nærri alveg á fyrri hluta 19. aldar. Okkur var boðið heim til eins stjórnarmanns starfsmannafélagsins hér um kvöldið, en ég kaus heldur að fara í leikhúsið sænska og skemmti mér dável. Í dag byrjaði svo mótið, við borðuðum ægilega góðan mat, fórum í Sibeliusarsafnið, og vorum í borgarleikhúsinu við ákaflega vandaða afmælishátíð Turku-félagsins; sífóníhljómsveit og kór fluttu *Finlandia*, óperusöngur, en því miður margar ræður á finnsku. Nú er ég að fara í veislu í *Åbo-slott*, og fær áreiðanlega að hlusta á fleiri ræður á finnsku. Ég er undir það búinn, búinn að fá mér blund.

Finnarnir eru einstaklega geðugir, glaðlyndir og fljótteknir.

Það hefur verið gaman að hitta alla gömlu vinina, allir hafa spurt um þig, hvort þú værir ekki með, og sakna þín mikið. Það er áreiðanlega ekki uppgerð. -- Það er dálítið skrítið að vakna svona í ró hótelsins og þurfa ekki að fara í vinnuna. Ég er mjög ánægður með það. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 19.5.1968.

-- drengirnir eru að reyna að sofna, en finna sér margt til erinda fram -- Dagur var að koma fram, rétt í þessu, og veit ekkert upp á hverju hann á að brydda. Eru búnir að var úti í garði allan daginn og hef ég varla séð þeim bregða fyrir. Þar var fullt af strákum í Tarsan-leik og klifu heil ósköp í trjánum. Ég heyrði þá syngja hástöfum: *Tarsan í trjánum, með kúaskít á tánum!* Þeir eru berir að ofan sem endaði með því að Dagur rispaði sig heilmikið á maganum og hefur borið sig illa síðan.

Við fórum á málverkasýningu Jónasar Guðvarðssonar *pallamálara* í Bogasalnum. Myndirnar voru stórfallegar, og var hann búinn að selja 14 af 25 myndum.

Ég er búin að kaupa rúm handa Ásgeiri, sem er heldur en ekki hrifinn. --

Ég þarf að fara að skrifa fyrir hana Steinunni, vinkonu mína, einhverja smásöguna. Svo bíður eftir mér handrit eftir Ólaf Þorvaldsson² „fræðimann“. -- Bið að heilsa Palla.

20.5. Bætir við fréttum frá Ástu í Ólafsdal sem var að senda Brynhildi, uppeldisdóttur sína til Svíþjóðar. Einnig að Guðmund Venerström sé væntanlegur.

-- Guðmundur (*Þór Guðmundsson*) kemur hingað eldsnemma daglega og bíður þolinmóður meðan Ásgeir klæðir sig! --

Mömmu þinni fannst garðurinn í órækt og talaði um að fá garðyrkjumann. Sirrí sagði að ég yrði vel upplagður þegar ég kæmi og myndi vinna í garðinum, með hjálp stákanna, sem sögðust: „*alls ekki nenna því.*“! --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Turku, 20.5.1968.

-- Åbo höll reyndist stórglæsilegur veislusalur. Höll þessi er frá 14 öld og hefur brunnið hvað eftir annað, síðast gerðist það í síðari heimstyrjöldinni. Nú hefur Åbo-borg látið endurbæta höllina í fornum og nýjum stíl, þ.e. salir allir, gagnar og þ.h. eru í fornum stíl, en hreinlætisherbergi og eldhús í nútíma stíl. Veislusalurinn sem við vorum í tekur 400 manns við borð og er samt geysi rúmgóður. Var veislan mjög skemmtileg, maturinn góður, t.d. steiktur hreindýrshryggur. -- í gær fórum við í ferðalag um nágrenni Åbo. Landið er ekki neitt sérstaklega fallett, mest flatt, en eigi að síður skemmtilegt að sjá.

¹ Åbo á sænsku, enda á sænska svæðinu.

² Hann skrifaði sögu hreindýra á Íslandi frá því þau numu hér land.

Formaður Ábo starfsmannafélagsins, Uti Plaja, sem var stöðugt að taka kvikmyndir á fundinum í Rvík, er stórsjarmerandi gáfumaður, veit allt um sögu Finnlands og listir. Hann var leiðsögumaður okkar, einnig í hringferð um Ábo í dag. Og mikið lifandis ósköp sýndi hann okkur margt fallett, byggingarlist, höggmyndalist, háskóla og aðrar menntastofnanir. Í gærkvöld var okkur boðið til fámennrar veislu í hallarkjallaranum. Þar afhenti ég bókina frá okkur með ræðu. Þar sýndi líka Palaja kvikmyndina sem hann tók í Reykjavík og var hún stórskemmtileg. Á eftir var farið í næturklúbb og voru sumir félagarnir ansi veiklulegir í morgun þegar fundarhöld hófust.

Kl. 01.99 Ég var að koma úr boði, mjög skemmtilegu, með miklum og góðum mat og víni, hjá sambandi finnskra bæjarstarfsmanna. Það eru margir að spyrja um þig, Sirrí mín, og mikið hefði nú verið gaman að hafa þig hérna, og mikið hefðir þú haft gaman af því líka. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 22.5.1968.

-- Við höfum það ágætt - strákarnir þægir og viðráðanlegir og ósköp góðir við mig. -- Í gær fékk ég tíma hjá fótasérfræðingi sem lét mig hafa sokka og gaf mér góð ráð. -- Í gærkvöldi fór ég í saumaklúbb og var það mikil upplýfting. --

Í kvöld býður mamma þín mér í leikhúsið og ætlum við að sjá *Leynimeil 13* hjá Leikfélaginu. Ætlar mamma að passa. -- Ásgeir hefur verið heima með uppköst og lifir lúxuslífi á kóki -- Við Dagur fórum saman í Grænuborg -- Ásgeir var aleinn heima, því mamma þín hafði farið eitthvað. Hann var til í það og mjög upp með sér. Nú eru þeir að rífast einhver ósköp inni hjá sér og heyrir mér Ásgeir vilja kúga Dag, sem grætur einhver ósköp undan honum. -- Það var reglulega skemmtilegt í leikhúsinu og er ég búin að hlæja einhver ósköp. --

23.5. -- Strákarnir eru sofnaðir. --Sidda og stelpurnar eru búnar að vera hjá mér -- Á morgun er ég boðin til Jójóar ásamt tveim óléttum konum hjá Almennum (*tryggingum*). --

Ég er búin að kvíða fyrir hægri umferðinni og ætla ekki að hætta mér út í hana strax --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 26.5.1968. H-dagurinn.

-- Við höfum verið heima í allan dag, nema hvað ég hætti mér út í umferðina, smávegis. Þetta er einkennilegur dagur og er ótrúlegt hvað manni finnst borgin breytast við þetta. -- Umferðin hefur verið alveg gífurleg í allan dag, strætisvagnaferðir raskast og fólk setið fast á gagnamótum. Umferðaljósin virkuðu ekki rétt og gerði það sitt til að valda töfum. Annars hafa ekki orðið teljandi slys og allir virðast bjartsýnir, --

Bætir við fréttum um að flóð hafi orðið í kjallaranum hjá Jójó og Óla (B.Thors) og sagði hún að íbúðin væri ónýtt!

Segir að Ásgeir hafi misst framtönn! Segir þau hafa farið í heimsókn til Siddu og fjölskyldu. Stelpurnar höfðu fengið hjól og Ásgeir var æstur í að reyna og gekk það vel. Þegar heim kom var hann settur í það, og sást þá af rauðamölinni í hárinu á honum, að ekki hafði það alltaf gengið eins vel og hann sagði! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Stokkhólmi, 27.5.1968.

-- Ég var að koma til Stokkhólms í gær eftir skemmtilega dvöl hjá Palla (*í Örebro*). Að vísu aðhöfðumst við nú lítið nema tala saman. Við höfðum hist hjá Ákerrén, búin svo saman hér, farið á söfn á uppstigningardag. Eftir það héldum við til Örebro.

Það gerðist þar, að Palli sagði mér að hann hefði kynnst stúlku sem honum leist vel á. Þá fór ég með honum að skoða sjúkrahótel, og gerðir það líka í Stokkhólmi - . Þakkar bréfið og þykir hún stússast í ýmsu?

Þá fór ég í heimsókn til Bo Ákerrén og til Rauða kross Svíþjóðar, en ég var að komast meira og meira inn í fjáröflun til Rauða kross verkefna.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 4.6.1969.

-- Auður er farin að ganga með og segir *pabbi* og *mamma* allan daginn. -- Hér í húsinu dynja hamarshögginn allan daginn. Verið er að setja nýja glugga í allt húsið -- Það var farið að leka út frá gömlu gluggunum og þurfti að gera eitthvað í málinu. Fæ ég þá nýjar gluggakistur og karma úr harðviði, sem ekki þarf að mála, eins og áður. Svo er búin að segja fólkinu á efri hæðinni upp og ætlum við Eggert að hafa svefnherbergin þar uppi, en stofur og vinnuherbergi niðri. Þetta verður geysi mikið pláss, en þetta er eina ráðið ef við ætlum að búa hér áfram. -- Svo það verður nóg pláss hér, ef þið viljið skreppa yfir pollinn í heimsókn.

Ég man ekki hvort ég er búin að segja þér að Eggert er búinn að skipta um vinnu, orðinn framkvæmdastjóri Rauða krossins. Fékk hann frí frá borgarlæknisembættinu og vildi reyna þetta um tíma, ef honum líkar vel, þá ilengist hann. Nú fer að nálgast 20 ára *jubileum* hans. Finnst mér þetta vera orðinn ærið hár aldur. Þar á eftir er fertugsafmælið hans sem ég er farin að kvíða fyrir að undirbúa.

Það var hræðilegt áfall sem Alfa (*frænka Eggerts*) bekkjarsystir þín varð fyrir um daginn, þegar 12 ára sonur hennar, Theodór, dó. Varð undir moldarbarði, sem hrundi ofan á hann.¹ Eru allir harmi slegnir. Hún á sem betur fer þrjár dætur, en sár er missirinn samt. --

Við mamma erum aldeilis búnar að skoða íbúðir fyrir ykkur og mömmu. Þessi, sem þið skelltuð ykkur á bar af þeim öllum. Það var ótrúlegt hvað tiltölulega nýjar íbúðir gátu litið illa út, verið illa farnar og leiðinlegar. Ég vona að þið verðið ánægð með kaupin. --

Friede P. Briem.

Flutti ræðu á ráðstefnu Nordisk audilogískt selskabs² möde í Reykjavík, 20.-22. júní 1968:

*Zontaklubbens arbejde for hörforsogen i Island.*³ --

Eggert Ásgeirsson skrifar dr. Odin Anderson. Rvík, 9.7.1968.

Þetta er upphaf mikilla bréfaskipta við dr. Anderson, prófessor í heilbrigðisvísindum um margvísleg efni sem hann hafði með höndum og einnig efni sem hann rannsakaði eða vildi fylgjast með á Ísland. Kom hann nokkrum sinnum til landsins og hélt opinbera fyrirlestra og í læknafélögum. Hafði hann megt merkilegt að segja sem ekki verður rakið frekar og sem yfirvöldin voru ekki alltaf ánægð með. T.d. þegar landlæknir spurði á fundi hvernig hægt væri að lækka læknskostnað, en um þær mundir var kjarabaráttan í blóma. Svaraði Anderson: Menntið fleiri konur! Þetta þótti bæði ófyndið - ef ekki asnalegt!!

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Rvík, 12.8.1968.⁴

-- Aðeins nokkur orð með blöðunum sem fylgja. Við Dídí fórum inn í Heiðmörk í gær, en ég hélt að ég ætlaði ekki að komast af stað fyrir allskonar vinahótum og enginn skyldi kvarta undan slíku.

Fyrst hringdi Fríða Helgadóttir um leið og ég var komin inn úr dyrunum. Gladdist hún af heilum hug yfir fréttunum sem ég gat sagt henni, að þið hefðu eignast dásamlega dóttur, og á ég að skila innilegri kveðju og blessunaróskum frá henni. --

Síðan kom ungur maður og vildi tala við mig. Var það Þórður Gunnarsson,⁵ sem með öðrum ungum manni sér um *Horneglupáttinn* í útvarpinu. Lét ég honum í té ýmsar fjölritaðar (*Zonta*) upplýsingar⁶ -- og þegar hann var farinn kom sending til mín og bréf frá Löllu,⁷ var það glænýr lax sem hún sendi mér, valinn af kostgæfni svo hann smakkaðist vel --

Ég vona að þínir þrír strákar hafi fengið eins gott sumarveður eins og við í Heiðmörk. Verst að þú skulir ekki geta notið þess með þeim, og þurfir að láta þér nægja sólskin í hjarta -- Nú hætti ég þessu rausi og hvíli þig þangað til ég kem til þín kl. 3 í dag, en þá skal þér heldur ekki verða hlíft, því þá verður framhald á rausinu. -- Blessuð elskan, líði þér vel og litlu ljúfu dótturinni. --

¹ Theodór og sonur Vilborgar Dagbjartsdóttur skáldkonu, sem höfðu áhuga á sandsteinsbökkunum við Skerjafjörð, grófu innundir bakkann, sem hrundi. Félaginn var þá ekki með í för. Vilborg orti kvæðið *Skref*, er birtist í bók hennar Kyndilmessa (1971):

Þegar Neil Armstrong lýsti því / er hann fyrstur manna / steig fæti á tunglið / og við honum blöstu / á kakóbrúnni eyðimörk / margskonar steinar / kom mér í hug vinur minn / sem varð undir móhellubarði / úti í Skerjafirði / hann er mér táknmynd / allra þeirra / sem látið hafa lífið / í leit mannsins fram / einbeittur / forvitinn / drengur.

² Norræna heyrnarsambandið.

³ Starf Zonta að heyrnarmálum á Íslandi.

⁴ Sigríður lá á sæng þennan dag. Auður Eggertsdóttir fæddist 10. ágúst. Samkv. bréfinu fóru þeir þrír feðgarnir í ferð saman um Borgarfjörð og hittu þar Ingibjörgu, hálf systur sína, meðan Sirrí lá á sæng.

⁵ Þórður Gunnarsson, lögmaður og háskólakennari.

⁶ Auðvitað um hugsjónamál FPB og Zontaklúbbsins.

⁷ Aðalbjörg Ásgeirsdóttir.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 20.8.1968.

Þakkar góðar kveðjur, góðar óskir nú síðast með innlögðu perlumeni handa Auði hinni nýfæddu (sem þá var enn óskirð) Sirrí biður sérstaklega vel að heilsa.

-- Biðin eftir barninu var orðin ósköp löng og erfið fyrir okkur bæði, ekki síst fyrir mig, sjálfsagt fyrir Sirrí líka, því mér finnst fæðing eitthvað mesta hættuspil mannsævinnar og svo margt geta þá farið úrskeiðis og hreint aldrei að vita hvernig fer eða hvernig afkvæmið er. En litla stúlkan er mjög hraustleg og efnileg í alla staði. Vona ég að hún eigi eftir mörg gæfuár. Þegar ég les ljósmæðraskýrslur stöðvast maður við svo mörg óhöpp, að mér finnst þau alltaf vera fleiri en þau eru. Alltaf eru þó andvana börn milli 60 og 70 á ári. ekki hugsar maður mikið um þetta, reynir að bæla það niður; hins vegar er nú óhætt að þakka innilega fyrir dásamlega gjöf. --

Það var þegar búið að leggja Sirrí einu sinni inn á fæðingardeildina og reynt að koma henni af stað. En allt kom fyrir ekki og hún send heim aftur. Svo leið og beið. Loksins þann 9. þegar við vorum í löngum *terapeutískum*¹ göngutúr, þá byrjuði verkir. Ég held að það hafi verið í Unuhúsi við Veghúsastíg sem þetta byrjaði og ágerðist svo og við reyndir foreldrar vissum ekkert hvað gera átti. Við höfðum aldrei orðið vitni að eðlilegum framgangsmáta. Þar kom að við fórum akandi út á fæðingardeild. *Eruð þið ekki í sjúkrabíl*, var spurt og *Var þér ekki sagt að koma í sjúkrabíl*, o.fl. Svo Sirrí spurði hvort ekki væri best að hún færi heim aftur. Svo kom það rétt eftir kl. eitt um morguninn 10.

Þegar ég sagði strákunum frá þessu urðu þeir glaðir, og sögðu fegnir: *Þá getum við farið í útilegu*, enda var lengi búið að biða hennar. Við fórum upp í Húsafellsskóg, Borgarfjörðurinn er fallegur. Og það var fleygt grjóti í tonnatali í ár og læki, fylgt kindagötum og farið í *fjallgöngur*. Imma var með okkur.

Ég hef verið í frí síðan. Strákarnir hafa tekið nýja fjölskyldumeðliminum mjög vel, enda eru þeir lítið inni um þetta leyti og þegar jafn vel viðrar og nú. Mér finnst helst þeir taki lítið eftir henni, séu stoltir og spenntir, en að öðru leyti alveg sama. --

Meðal annar vegna þessa hef ég ekki almennilega verið í skapi til að skrifa --Verkin hlaðast upp í kringum mig þar sem ég hef orðið að sinna heimilinu mun meira en áður. Bréfin þín eru líka góð og skemmtileg, eins og sólargeisli, sérstaklega er mamma ánægð með þau.

Feginn að vita hvað hann er ánægður vestra. Sendir honum nöfn nokkurra Íslendinga vestan hafs. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsdóttur. Rvík. 30.9.1968.

-- Þakka fyrir dótturina, sem nú er hægt að kalla nafninu „*Auður*“, því hún var skírð á laugardaginn var. Ég er varla farin að venjast því. -- Séra Jón Auðuns skírði og var það mjög hátíðlegt. -- Fríða vildi ekki láta skíra hana *Friede*, ekki heldur Fríðu. -- Þannig að þetta er út í bláinn, en ég er ánægð með það. -- Hún hefur verið vær og góð. -- Ég hef verið með hana á brjósti síðan, en hún fær ekki alveg nóg. --

Dagný og Rósa Halldórsdætur voru heldur en ekki ánægðar með dvölina hjá þeim í Stokkhólmi. Lýsir hve þær voru fínar í skírnarveislunni. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 8.10.1968.

Þakkar bréf og ræðir um Ameríku, Fidel Castro, hætturnar þar, skelfileg borgarhverfi o.fl. Segir andinn í fólki sem kemur þaðan sé heldur svartsýnn. Vonar að hann geti blásið ameríkönunum í brjóst góð áhrif frá Norðurlöndum.

--Auður dafnar vel, líður nú betur en þegar hún var nýkomin heim, en þá var hún með einhverja slæmsku í maganum. Hún er orðin heilmikil manneskja, farin að rabba við mann, brosa og sprikla þegar komið er nærri. Annars liggur við að stundum detti maður út úr heimilinu og komi aftur eins og hver annar ókunnugur maður. Félagslífið tekur sinn tíma.

Ég var í Borgarnesi nokkra daga um daginn og flutti þar fyrirlestur á námskeiði *B.S.R.B.* Um daginn var þing sama selskaps og stóðum við borgarstarfsmenn fyrir meiri háttar uppsteyt, gerðum allt vitlaust með tillögu sem ég hafði undirbúið um skipulagsbreytingu samtakanna. Það var mjög gaman og gott fyrir mann að geta komið inn á stóra samkomu sem þessa, segja skoðanir sínar hreinar og ómengaðar og taka ekki tillit til neins og fá einhverju áorkað. Það er nokkur munur frá aðalstarfinu.

Nú, fimm dögum eftir þingið, er ég rétt afinn að jafna mig, nætursvefn kominn í lag og farinn að undurbúa fyrirlestur í *Félagi ungra lækna og kandidateita*, sem nú lætur heilmikið á sér bera. -- Ungu lækarnir eru mjög farnir að hneygjast til þjóðfélagsáhuga og eru í hópum að stefna til almennra heimilislæknisstarfa,

¹ Líknar.

þótt þar séu ýmsir gamlir skröggar á móti, þar á meðal Tómas frændi.¹ -- Ég er hissa á Tómasi ef hann hefur kynnt sér nútíma heimilislækningar með sénámi og öllu. -- Kannski er þetta af ókunnugleika; gagnsefjun hans sem *dekanusar*² læknaeildar., því hún hefur verið undir látlausri krítík --

Ég er í hálfgerðum vandræðum með barnaheimilin. Hér eru að rísa upp ýmis dagheimil sem leggja allt upp úr sparnaði; rekstur er í fyrirrúmi, en uppeldishliðin afrækt.³ Er stefnt sums staðar að því að láta mjög ung börn koma með nestisþakka, vitnað til þess að þetta sé praxis í Danmörku. Ég hef kynnt mér þetta sem best ég hef getað, og veit nokkuð vel, er alveg viss í minni sök um flest atriði, en hef því miður engan til að bakka mig upp. Jafnvel mannfjandi eins og Sigurjón Björnsson er farinn að skruma fyrir almenning með því að tala um hina gífurlegu þörf fyrir dagheimili; togast á milli tillits til andlegrar velferðar barnanna sem í hlut eiga og einhverra kvenréttindasjónarmiða konu hans,⁴ sem leggur allt upp úr því að konur hafi rétt, og beri skylda til að vinna úti. -- Hef verið að leita að mönnum í nefnd til að gera tillögur um þessi mál. -- Við borgarlæknir gáfumst upp við að setja svona nefnd saman og ákváðum að bíða þangað til þú kæmir. --

Við höfum verið að velta fyrir okkur málverkakaupum. Í þetta sinn langaði okkur til að leggja fjárupphæð sem Auður fékk þegar hún var skírð, í málverk, helst eftir Jóhann Briem. En hann hefur hækkað svo skoli í verði.

Þegar við fórum til Jóhanns var Dagur með. Hann horfði voða mikið á Jóhann og hugsaði sitt. Svo segir hann eitthvað við Sirrí, sem við Jóhann heyrðum ekki. Jóhann spyr hvað hann hafi verið að segja. Sirrí sagði að það væri einhver vitleysa, hún hafi ekki heyrt það. Eitthvað sýndist mér hún samt vandræðaleg. En Dagur hélt áfram að spyrja, því hann hættil ekki fyrir en svarið kemur og sættir sig ekki við neitt út í hött. Þegar út kom sagði Sirrí að Dagur hefði spurt: *Ræður pabbi vil fyllibyttuna?* Honum þótti Jóhann svo feitur að hann hlýti að vera það sem kallast *fyllibytta*.

Ekkert varð úr kaupum því Jóhann hafði hækkað myndirnar svo mjög. Að vísu ekki tiltakanlega miðað við markaðsverð; en miðað við okkar fjárhag, samt. Sigurður Ben.⁵ hringdi til hans í dag og spurði hvort hann vildi ekki selja einhverjar myndir. Jú, hann sagðist vilja selja margar myndir, en ekki á uppboði. Sigurður sagði þá að myndin hans á Zontauppboðinu hefði farið á háu verði. „Jú“, Jóhann viðurkenndi það, enda hefði hann strax hækkað myndirnar, eins og hann hefði þorað. Nú, hvað þá? spyr Sigurður. *Ég er svo hræddur við að þurfa að lækka þær aftur*, svaraði Jóhann. --

Eggert Ásgeirsson skrifar hr. Vandeloo. Rvík, 18.10.1968.

Vandeloo var stjórnmalamaður, forseti borgarstjórnar í Genk í Belgíu, sem gegnum einhvern tengilið setti sig í samband við mig og heimsótti okkur. Var sérstaklega forvitinn um kosningafyrirkomulag hér. Vorum við lengi í sambandi. Hann kynnti mér áhugavert fyrirkomulag kosninga í Belgíu sem varð til þess að ég skrifaði grein í ársbyrjun 1969: Persónubundnar hlutfallskosningar. DV.4.2.1969. Ekki verða bréfaskeiptin rakin, en aðferðin er betri, svo miklu munar, en fyrirkomulag okkar, alla tíð!

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 4.11.1968.

Hér er langt mál um geðverndaráttak og margvísleg fyrirlestra í fræðsluviku um málið. Alfreð Gíslason⁶ læknir féll á prófinu. Karl Strand hélt góðan fyrirlestur og er málsnillingur. Hann er á leið inn í Borgarspítalann.

-- Hvítabandið er kalla *Strandhótel*, eftir því sem Sveinn Ragnarsson⁷ sagði mér í dag. Sagði mér frá því að búið væri að ákveða að stofna upptökuheimili í stað Dalbrautarheimilisins, því eftir því sem virðist er búið að ákveða notkun þess fyrir geðdeild, svo nú virðist allt ætla að vera klappað og klárt fyrir þig og börnin. Mamma hefur sjálfsagt sagt þér að Hringiskonur hafa ákveðið að gefa allt *inventar*⁸ í Dalbrautarheimilið. --

¹ Tómas Helgason (1927), geðlæknir og yfirlæknir á Kleppi. Kallaði hann gamlan skrögg, 42ja ára gamlan. Sjálfur þrem árum yngri.

² Deildarforseti (læknaeildar).

³ Vanrækt.

⁴ Guðrún Jónsdóttir, eldri framkv.stýra Stigamóta.

⁵ Sigurður Benediktsson (1911-70) listaverkasali.

⁶ Alfreð Gíslason (1905-90), læknir og stjórnmalamaður.

⁷ Sveinn Ragnarsson (1927-2016) félagsmálastjóri Rvíkurborgar.

⁸ Innanstokksmuni.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 22.11.1968.

-- sit á skrifstofunni og klukkan langt gengin í tólf. -- Rakst á bókanir borgaráðs og félagsmálaráðs og vil senda þér þær -- Vakti borgarlæknir athygli mína á borgarráðsfundarg., enda kom hún allilla við hann, enda einkennilegt að helsti ráðunautur borgarinnar í heilbrigðismálum sjái svona bókun eftirá. Ég reyndi að setta hann við þetta með því að segja að þetta væri verk Tómasar og hann hefði komið þessu fyrir því að hann er í félagsmálaráði og hefur áhrif á heilbrigðisstjórn ríkisins. Ég taldi að þetta væri engin endanleg lausn; þetta gæti ekki þýtt að fallið yrði frá hemili fyrir taugaveikluð börn með öllu. Það væri bara eina ráðið til að fá þessari deild komið á fót að hún byrjaði smátt, tækifærið hefði opnast þegar borgin lenti í vandræðum með Dalbrautarheimilið. Vona að ég fari rétt með.

Borgarlæknir heldur enn að þetta sé eitt skrefið í valdabrölti Tómasar. Ég reyndi að koma honum ofan af því. Hvort það tókst veit ég ekki. Ég var á fundi með Sveini Ragnarssyni og þá var hann að tala um að verið væri að leita að heimili sem gæti komið í stað Dalbrautarheimilisins eins og þar ætti engin starfsemi að fara fram nema geðdeildarstarfsemi. -- ég er stundum í þeirri óþægilegu aðstöðu að menn halda að ég viti allt um þetta; á sama tíma sem mér eru ekki sagðir hlutirnir ef þeir eiga ekki til borgarlæknis að komast, því verð ég að reyna að spila á þetta, en stundum *mislukkast* það, enda vil ég ekki spyrja mjög mikið, enda gæti í því falist afskipti til ógagns. Ég vona sannarlega að barnaheimilisrekstur verðir þar lagður niður með öllu. Þú ætti að biðja toma um afrit af umtöluðum greinargerðum.

Ég sit hérna vegna þess að ég þarf að fara í Silfurtunglið á eftir og mæla hávaða vegna kvörtunar úr nágrenninu. Ég er ánægður með það á vissan hátt. Mér gerir það ekkert til þótt ég fari stöku sinnum út á næturna, sjá þann undarlega blæ sem þar er. Í kvöld spila *Flowers* sú hljómsveit sem mestum hávaða veldur af öllum hinum hávaðasömustu á þessu landi.

Ég hlakka líka til bréfs frá Ákerrén. Hann var hér í sumar á borgarlæknamóti. Þegar hann kom heim var hann beðinn um að fara til Biafra og standa fyrir Rauðakrosshjálp og þar hefur hann verið í þrjá mánuði. Bárust heldur skuggalegar fréttir af honum í sænskum blöðum, þar sem hann var umkringdur af Nígeríumönnum ásamt fleira hjálparliði. En nú er hann kominn heim heilu og höldnu. Hann hefur skrifað grein um Biafra og lífið þar og biður mig um að þýða hana og koma henni á framfæri. Það er sú grein sem ég á von á í fyrramálið.

-- við héldum mjög *vellukkað*¹ upp á 100 ára afmæli ömmu. Auður dafnar vel og strákarnir eru í góðu standi -- mamma vinnur og vinnur, sér til ángægju, talar og talar um heyrnarmál, að ég held með allgóðum árangri upp á síðkastið.

Hér var gleðskapur í Heilsuverndarstöðinni í gær og fast drukkið vín. Guðmundur Skúlason² var hér fyrsta sinni mjög puntaður og lét móðan mása. Hann sagði mér þrisvar sinnum hvað þú værir ágætur strákur og hann héldi eyðslufé geðdeildarinnar alveg í toppi, því að það væri svo mikilvægt að fella ekkert út til að stjórnendur borgarinnar fengju ekki augastað á liði til sparnaðar. Hann sagðist náttúrlega gera þetta til gagns fyrir málefnið en fyrst og fremst vegna þess að hann vissi í hve góðar hendur málið kæmist þegar þú kæmir hingað. Þú skalt ekki ataka þetta alveg til þín, ég held nefnilega að þetta hafi alveg eins mikið verið til að segja við mig að við skyldum vera vinir.

Jæja, nú held ég að ég sé orðinn syfjaður og tími kominn til að mæla hávaða --

Eggert Ásgeirsson og Sigríður Dagbjartsd. skrifa Helga P. Briem. Rvík, 14.11.1968.

-- Við þökkum hjartanlega fyrir sendinguna til Auðar hinnar ungu -- Auður dafnar vel, er að vísu ekkert sérstakleg vær, en er að verða ágæt, enda mun slíkt eldast af þessum ungum. Hún verður líka að fara að líta af raunsæi á tilveruna þar sem hún á eldri bræður sem sýna henni mikla og óþyrmilega blíðu. Hún lætur sér það vel líka og gerir sér engar rellur út af því hvort blíðan er harka eða harkan blíða, sem foreldrarnir reyna eftir mætti að þekkja í sundur. Hún brosir bara og hlær og *úar* til bræðra sinna, þeim til ánægju og okkur til stólts.

-- efnt var til fagnafundar á 100 ára afmæli ömmu. Var yngra fólkinu boðið til Hildu um eftirmiðdaginn, en okkur hinum eldri til mömmu um kvöldið. Var það ákaflega ánægjuleg samkoma í alla staði og allir í besta skapi.

Theodór var nýkominn heim frá Strassbúrg rétt einu sinni. Hafði hann lent í heilmiklum hrakningum og týnt farangrinum. Hann hafði farið með járnbrautarferju frá Danmörku til Þýskalands. Fór hann upp á dekk til að anda að sér fersku lofti, en fór svo niður öfugu megin og tók ranga lest og þar með urðu hann og

¹ Vel heppnað

² Guðmundur Skúlason (1930-73) forstjóri Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Bekkjarbróðir Páls úr MR.

farangurinn viðskila, annað heyrnartækið hans og allt annað. Hann kvaðst hafa þá verið umkomulausastur um sína saga þegar hann kom til Strassborgar og háttað hafandi ekkert nema fötin sem hann stóð í.

Egger er á kafi í ættartölunni og ljómar hreint af áhuga, enda öfunda ég hann. Ég hafði alltaf ætlað mér að semja þessa ættartölu þegar ég færi á eftirlaun. --

Hér er allt á hverfanda hveli í efnahagmálum. Flokkarnir búnir að dunda við það mánuðum saman með öllu sérfræðingaliðinu, kollegum þínum, að safna gögnum, eins og það er kallað, til að geta síðan leyst efnahagsvandann. Þegar gagnasöfnuninni var lokið urðu þeir skjótlega sundurorða, eins og vænta mátti. Stjórnin skellti á gengislækkun, lögnu eftir að þjóðin hafði vitað að það væri eina úrræðið, eins og komið var. Að vísu hafði þjóðin farið að halda, meðan öll þessi gegndarlausu gagnasöfnun fór fram, að þeir myndu ef til vill finna einhverjar nýjar og merkilegar ráðstafanir aðrar. En til þess kom ekki. Hins vegar fórum við nú tilkynn að aldrei hafi menn vitað jafn mikið um ástand efnahagsmála á Íslandi og nú, enda engin furða.

Annars gera menn sé ekki allt of miklar grillur út af þessu, að vísu hækkar *Volkswagen* úr 180 þús. í 258 þús. Við höfum áður séð erfiðleika og allt farið einhvern veginn.

Það undarlega við pólitíkina er að hún fjallar eingöngu um efnahagsmál, þeir teljast pólitíkusar sem talað geta með lærðum orðum um EFTA og gjaldeyrisskort, erfiðleika sjávarútvegsins, þrengingar iðnaðar og þrot landbúnaðar, en eru e.t.v. þjóðmálaskúmar. Við hinir, sem viljum lengja *pródúktíva*¹ mannsævi, fækka örkumlum, endurhæfa bæklaða, spara sjúkrakostnað og bæta lífshættina teljumst *utanveltubeseði*.² Sama um þá sem setja það á oddinn að bæta menntun, skipulag, félagsmál og allt hitt.

Það verður vandlifað fyrir þá sem eru í útlöndum og þurfa að fá yfirfært. Er stjórnin kannski að svæla ykkur heim með sínum ráðstöfunum.

Nú fer að styttest í að þið komið heim aftur. Verður gaman að fá af því fréttir, hvernig þér. Helgi, sækist þitt verk. Hér var nafni þinn Ingstad³ um daginn og virðist hafa tekist að sýna fram á að norrænir menn hafi verið á Nýfundnalandi nál. árinu 1000. --

Eggert Ásgeirsson skrifar World Health Organization, mr. Gauthier, Genève. Rvík, 27.12.1968.

Gengur eftir svari við atvinnuumsókn, nokkuð sem ég var gjörsamlega búinn að gleyma þegar ég rakst á þetta bréf.

¹ Tímabilið þegar menn leggja eitthvað fram.

² *Utansveitamaður*, er lausleg þýðing. Á við mann sem er úti á hjalla.

³ Helge Ingstad (1899-2001) og kona hans, Anne Stine Ingstad. Þau fundu víkingabyggðina í L'ance aux Meadows á Nýfundnalandi.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 28.2.1969.

Segir langt liðið milli bréfa. Hringt var í símann: „Ég heiti Árni Geir Pálson.“ Þá var hann sjálfur að hringja til að bjóða í sex ára afmælið sitt.

Segir þau eiga von á gestum á morgun. Boðin ýmist haldin til að kvitta fyrir fyrri boð eða til að svína út ný. Mjög fátítt sé að fólk svari boðum með öðrum slíkum.

-- Annars er merkilegt hvað fólk býður sjaldan til sín fólki, a.m.k. fram yfir fertugt. Fólk stendur í byggingum, barneignum og ýmsu sem það tekur svo háttíðlega að það setur allt annað á hilluna á meðan og þó held ég að það sé erfitt að venjast eða læra að halda boð eftir þann aldur. --

Ræðir rækilega um barnageðdeild og um framtíð barnageðsviðs og segir að það sé mjög ruglingslegt, menn vilji ekki segja skoðanir sínar, s.s. Halldór Hansen sem segist vilja halda sér utan við málil þannig að hann geti hugsanlega gripið inn í ef málið veldur ágreiningi. Halldór segist bíða eftir þér til að skila barnageðdeildinni í Heilsuverndarstöðinni til þín.

-- Ég vona að hún geti orðið verslunarvara þegar til kemur þó þeir séu nú ekki neinir stórspekúlantar Haukur (¹Benediktsson), Guðmundur Skúlason¹ eða Margrét² forstöðukona. --

Af mér er það að fréttu að ég er að leiðast út í allt of margt. Að vísu reyni ég eftir bestu getu að fara eftir þínum leiðbeiningum um að vekja athygli á nafni mínu, eins og sjá má af öllum greinunum. Því miður verður úr þessu harla tætingslegt starf, en um það er víst ekki að fást. Í vikunni gerðist það sem telja verður eftirminnilegt í mínu starfi að ég neitaði að taka við einu aukastarfinu í viðbót; það var þegar ég heyrði að nota ætti áhuga minn án greiðslu. Það var að vinna að samningu laga um allt sem snerti aldraða. Fannst þér það ekki gott hjá mér.

Nú er mikið rætt um að ég verði framkvæmdastj. Rauða krossins. Ég hef fallist á að taka það að mér í eitt ár, ef mér verði útvegað frí. Loksins eru einhverjar horfur á að ég losni úr þessu 15 ára starfi mínu -- ekki víst að ég fái frí í ár og þyrfti þá að taka ákvörðun um hvort ég vildi segja upp starfi mínu -- gaman ef af verður, án þess að ég sé neitt ofsalega sérlega spenntur. En því vil ég ekki vera lengur en eitt ár að ég ætla mér ekki að vera við þetta nema mér takist að koma allverulegum breytingum á starfinu og koma því á góða faglega undirstöðu. Það getur alltaf brugðist til beggja vona þegar maður þarf að vinna með meira og minna *stagneruðum*³ stjórnum. --

Annars gengur allt sinn vanagang. Auður er farin að *úa* mikið og dæsa og stynja og sýna hvað hún sé stór og því mótmælir Dagur stöðugt og segir að hún sé lítill. Snemma byrjar hún að verða fyrir átroðningi. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 17.3.1969.

-- Þakka þér hjartanlega fyrir skemmtilegt leynibréf. Það var mjög þrungið af viðkvæmni og ýmsu öðru skemmtilegu. Blessaður farðu að hætta í *analysutímum*;⁴ komdu bara heim og talaðu við mig.

Eitt verð ég að segja þér. Mér finnst þú að ýmsu leyti fara verr út úr aðskilnaðinum við drengina þína en efni standa til. Ég veit að vísu að hægt er um að tala, en þeim virðist mér líða alveg ágætlega, fara vel fram, vera hina mestu myndardrengir, skemmtilega að hitta, eðlilega í viðmóti í alla staði. Mér virðist Día taka þá góðum tókum, með hæfilegum *nonsjalangs*,⁵ sem ég held að ýmsu leyti að sé gott fyrir börn. Ég hef oft furðað mig á hve fráskildir feður eru eiginlega fljótir að verða afskiptalausir af börnum sínum. Ég hef jafnvel dæmt menn hart fyrir þetta. En ég hef komist að raun um að þetta er í alla staði eðlilegt, eiginlega *varnarmekanismi*⁶ líkamans. Bæði er gott að börn séu ekki teygð milli tveggja skauta, einnig er nauðsynlegt fyrir þann sem tekið hefur þá ákvörðun að segja skilið við konu sína og lætur henni börnin eftir að tæta ekki sjálfan sig um of, næstum venja sig af börnunum. Að öðrum kosti er þetta hálfgerð eilífðar sút. Sá tími kemur að tengsl komast aftur á, þá milli þroskaðra einstaklinga, ekki hvað síst ef maðurinn er svo heppinn

¹ Guðmundur Skúlason (1930-1973) síðar framkv.stj. Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

² Margrét Jóhannesdóttir (1905-1977) hjúkrunakona, forstöðukona Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

³ Stöðnuðum.

⁴ Í starfinu vestra var mikið lagt upp úr því að lækna- og fleiri stéttir gengju í gegnum sálgreiningu, sennilega til að geta náð tókum á tækninni.

⁵ Kæruleysi/léttleika.

⁶ Vörn.

að eignast konu sem tekur á móti börnunum sem væru þau hennar eigin, og jafnvel þó eitthvað minna væri. Ég vona að þú skiljir hvað ég á við, ef þú samþykkir það ekki; þá lýsi ég eftir mótmælum.

Ég get nú ekki sagt eins og venjulega að allt gangi sinn vanagang og ekkert sé að fréttu. Ég var sem sé að skipta um vinnu. Ég er ráðinn frá næstu mánaðamótum framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands og Reykjavíkurdeildar hans. Að vísu ekki á *permanent basis*.¹ Ég tók ekki í mál að ráða mig lengur en til eins árs, gegn því að ég fengi ársfrí frá störfum. Það hefur gengið í gegn. Ég er eiginlega búinn að vera í þessu hálfri í hvoru síðan í janúarlok þegar Ólafur Stephensen² hætti störfum. Ég sá um útbreiðsluviku RK og er nú að *lansera*³ sölu á grammófónplötu fyrir Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Ég ræð mig ekki lengur en til árs, þar sem ég vil ekki fást við þetta nema ég komi einhverju *pósítívu*⁴ til leiðar og að báðir aðilar eigi val eftir árið.

Ekki get ég heldur sagt að ég sé beint fullur tilhlökkunar, því verkið framundan er hreint ógnvænlegt og ég í miklum vafa um hvernig eigi að taka það. Ég reyni þá að gera mitt besta þegar þar að kemur. Verst er hvað aðkallandi verkefni eru mörg og hætt við að þau skyggi á eða skáki til hliðar uppbyggingarstarfi sem miða langt fram í tímann. Ég fer í næsta mánuði til Oslóar og vona þá að geta sett mig inn í hugsanagang norskra áhugabréðra. Ég fer að vísu ekki sérstaklega til að hitta þá, heldur á vegum Flóttamannastofnunarinnar, en það er sama, ég fæ einhvern tíma. Verst er að við erum bæði fálíðaðir og í fjárþröng. Ég veit ekki hvernig gengur að rétta það við.

En mikið verð ég feginn að breyta loksins um starf eftir að vera búinn að leita eftir breytingum lengi. Sérstaklega er gott að losna úr erli launabaráttunnar og geta snúið sér að öðrum erli.

Ég verð að segja þér frá fallettu húsi. Við vorum boðin í kokkteil til Davíðs Scheving⁵ og saum þá nýja húsið. Ég verð að segja að seint held ég að ég eigi eftir að komast í fallelgra hús og huggulegra á allan hátt en það. Þeim hefur tekist svo stórkostlega að búa um sig í því, það er eins og þau hafi verið þar í mörg ár. En stórt er það, 250 ferm. með inngörðum og öllu því fínasta. Múrsteinninn í veggjunum er einkennilega fallettur og þá náttúrlega, sérstaklega hér á landi, þar sem ekki eru nema fjögur hús byggð úr því efni, Sænska frystihúsið, Norræna húsið og hús Jóns Nordal, auk þessa.

Davíð er prímus mótor í R.K. og býst ég við að hann eigi aðallega að bera ábyrgð á ráðningu minni. Hann stakk fyrstur upp á henni og ég held að ég hefði ekki látið til leiðast ef hann hefði ekki verið einn af stjórnarmeðlimunum og ekki þætti mér ósennilegt þó hann lenti á þingi innan tíðar, ég vona að hann verði ekki svo vitlaus.⁶ --

Hér er alveg dásamlegt veður, snjór yfir öllu -- allir krakkar eru að búa til snjóhús eða snjókellingar, jafnvel þaulsetnum innimönnum dettur í hug að fá sér labbitúr og ganga hattlausir milli húsa. --

Egbert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Osló, 28.3.1969.

Vonar að allt gangi vel heima og Auður hafi ekki fengið kvefið. Gott verður, sól. Allt virðist uppselt í leikhúsum. Ekkert sérstakt að fréttu og hefur mikið sofið síðan hann kom.

-- Ferðin gekk ágætlega, ég sat hjá Péttri Eggerz alla leiðina. Hann er í senn elskulegur maður skemmtilegur, fróður og fróðleiksús. --

Enn hef ég ekki náð sambandi við neinn af „flóttamönnum“, en þarf að far að hringja. Hótelid er dýrt, svo ég er eins og hver annar nirfill, neyðist þó til að borða hér, því það er of langt niður í bæ að fara.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 16.4.1969.

-- Nú hefur kær bróðir þinn svo mikið að gera við að bjarga, ekki bara Íslandi, heldur líka öðrum bágstöddum löndum úti í heimi að hann má ekki vera að því að skrifa þér afmælisbréf -- Nú er hann til dæmist að koma *æðandsk* heim og bað mig um smá eftirmiðdagskaffi áður en hann færi að halda ræðu úti í bæ á félagsmálanámskeið hjá borginni; æfði sig í ræðunni í leiðinni.

¹ Fastráðinn.

² Ólafur Stephensen (1936-2016).

³ Ýta úr hlaði.

⁴ Jákvæðu.

⁵ Davíð Scheving Thorsteinsson (1930) framkvæmdastjóri, þá hjá smjörlíkisgerðunum. Einnig bekkjarbróðir í sex ár og byrjuðum saman í læknisfræði og gáfumst upp!

⁶ Ekki varð nú úr því. Davíð fór í ýmis konar trúnaðarstörf, lenti í vandræðum vegna vatnssöluhugmynda sinna, en kom standandi niður.

Móðir þín hagar sér engu betur. Hún æddi niður á Alþingi kl. 2 og bað mig að líta eftir skrifstofunni um leið og jún skellti útidyrhurðinni. Hún var ekki fyrr farin en síminn tók að hringja og fólk segjast ætla að koma að sækja eitthvað, sem hún væri búin að lofa að hafa tilbúið. Nei, nei, ekkert var tilbúið og ég stóð gjörsamlega í öngum mínum. Heyrnarmálin eru á dagskrá hjá Alþingi --

Þú sérð af þessu að ég á ekki sjö dagana sæla. Eiginmaðurinn svo upptekinn af nýju vinnunni, að hann svarar mér yfirleitt ekki fyrr en ég hef yrt á hann þrisvar. Þá er hann að hugsa um: Flóttamannaplötuna nýju; næsta blaðamannafund, söfnunina til Biafra o.fl.

Um heyrnarmál mömmu þinnar veit ég allt!

Jæja annars, þetta var nú bara spaug. Ég hef það alveg ágætt og við reyndar öll í húsinu. Við höfum verið í mörgum boðum um páskana og haft það skemmtilegt.

Helgi og Doris komu á skírdag frá Ameríkunni og bauð mamma þín þeim á annan í páskum og höfðu þau margt að segja.

Þeim seinkaði um einn dag, voru búin að senda skeyti um að þau kæmu deginum áður og þegar Magnús og Sylvia komu út á flugvöllinn voru þau ekki með vélinni og þeim sagt að þau hefðu bara ekki mætti.

Á bak við þetta er löng saga sem við fengum að heyra. Þau höfðu pakkað sjálf dótinu sínu öllu, þar sem það er svo dýrt að láta gera það og tekið á leigu flutningabíl. Helgi ætlaði síðan að keyra bílinn til New York; Doris varð þá alveg *hysterísk* og vildi ekki heyra það nefnt. Voru þau stödd á einhverri bensínstöð. Sér hún þá mann vera að væflast þar, kallar á hann og spyr hvort hann vilji aka þeim til New York. Hann hélt nú það! Keyrði svo af stað. Adam var ekki lengi í Paradís. Eftir skamma stund voru þau stöðvuð af lögreglunni. Kom þá í ljós að þetta var eftirlýstur glæpamaður. Handtók lögreglan hann þar sem þau voru stödd í einhverjum skógi. Var hann þá búinn að keyra í allt aðra átt en til New York. Helgi tók síðan við stýrinu og allt gekk vel, nema þau misstu af flugvélinni. Ja! hún Doris!

Við vorum líka boðin til Hjalta Geirs og Siggú Erlends² um páskana ásamt m.a. Magnúsi Torfasyni prófessor og konu hans.³ Þórður⁴ sonur þeirra, sem er í 5. bekk Menntó var að verða pabbi og þau þar með afi og amma. Þau tóku þessu með mesta jafnaðargeði enda er þetta víst orðið algengt. Stúlkan er líka í 5. bekk og mjög dugleg (ég meina líka á öðrum sviðum).

Maður er farinn að hlakka til að sjá þig, eða kemur þú kannski ekki í sumar? Jæja, ég verð víst að fara að skreyta tertur. Það er sem sé saumaklúbbur hjá mér í kvöld. Í gærkvöldi var ég í flugfreyjusaumaklúbb, sem ég var grátbeðin um að koma í af því að ég er svo skemmtileg.

Við sendum þér öll bestu afmælisóskir --

Friede P. Briem skrifar Steinunni Sívertsen. Rvík, 22.4.1969.

Ræðir við frænku sína um veikindi hennar.

-- Sumarið hefur nú gengið hjá garði. Þrátt fyrir litla sól og mikið regn hef ég fengið að njóta þess að fá Palla heim, þó ekki væri nema tvær vikur -- Í hjartsýni minni bauð ég drengjunum hans að búa hér á meðan hann væri og held ég að það hafi heppnast vel, þó stundum væri nokkuð hávaðasamt, eins og þú getur nærri, fjórir strákar á sama reki og auk þess fjölmargir vinir úr nágrenninu. En guði sé lof gekk allt vel, hægt að skila þeim heilum heim, nema hvað Árni Geir þurfti einu sinni að fara á slysastofuna. Hafði hann verið að klifra upp þakrennuna og þegar hann var kominn nokkuð hátt þá húrðaði hann niður og skar sig á hnénu. svo sauma þurfti með fimm sporum og líma hann allan í plástrum. En sem betur fer var ég ekki heima, hann var í vörslu pabba síns; þótti mér það öllu betra.

Ég hafði fjölskylduboð fyrir Palla -- eftir að hann kom, og voru þar m.a. Helga og Stefán; fannst mér Helga hitta á rétta orðið, þegar hún sagði að strákarnir væru alveg eins og þeir kæmu beint úr villta vestrinu. Var það sannarlega rétt, og þó var búið að greiða þeim upp úr lagningarvökva, til þess að hárið stæði ekki út í allar áttir, Auk þess hafði Palli farið með þá til rakara til þess að láta klippa þá. En hvírfilhárin stóðu beint

¹ Taugaveikluð?

² Þetta voru og eru andbýlingar okkar á Bergstaðastræti. Hjalti Geir Kristjánsson (1926) húsgagnaarkitekt o.fl. Sigríður Erlendsdóttir (1930), sagnfræðingur, bekkjarsystir mín.

³ Magnús Torfason (1922-1993) síðar hæstaréttardómari og Sigríður Þórðardóttir (1927). Nágrannar á nr. 73, andbýlingar Siggú Erlends og Hjalta Geirs á nr. 70.

⁴ Þórður Magnússon (1949) viðskiptafræðingur og forstjóri Eyris. Stúlkan, síðar konan hans er Marta María Oddsdóttir (1950) dóttir Odds Jónssonar, mikils vinar míns, m.a. forstj. Mólurfél. Rvík. Barnið var Árni Oddur ((1969) forstjóri Eyris.

upp í loftið og svo hlaupa þeir eins og örskot, alveg eins og tveir litlir *cowboyar*. Annars var Helga sárlasin þegar hún kom til mín, hefur verið afleit af svima, svo hún hefur varla komist úr rúminu, og alls ekki þorað að fara einsömul. Var hún ólík sjálfri sé og leit ekki vel út. Nú er hún komin á Landspítalann til rannsóknar og vonandi fær hún hjálp þar. Valli hefur líka verið veikur, svo allt steðjar að í einu.

Ég talaði við Stefán (*Jóhann Stefánsson*) í dag og sagði hann mér að Valli væri ekki farinn að vinna, hann kæmi til þeirra daglega og farið að minnka við hann meðulin.

Dídi fór í fjórtán daga óbyggðaferðalag og veit ég að fólk hefur ekki haft meiri áhyggjur af tunglförum, en ég hafði af henni. Það gekk nú samt allt vel, nema veðrið var bandvitlaust. tvisvar hálfgerður orkan, svo ekki var hægt að tjalda, heldur varð hópurinn að sofa í bílunum og í annað skipti fuku öll tjöldin nema tvö; annað var hennar tjald.

Eggert hafði lánað henni allan útbúnað og tjaldið reyndist vel í rokinu og hvorki hún eða tjaldið fuku. Þetta er franskt fjallatjald, og hentar svona logandi vel íslenski sumarveðráttu! En fegin var ég að fá hana heim heila á húfi. Ég held að samanlagt hafi þau fengið 1½ sólskinsdag í óbyggðum. Samt var hún ánægð yfir að þetta skyldi ekki vera verra. --

Hins vegar hef ég haldið tryggð við borgina okkar, og ekkert farið burtu. Fyrst voru þessar miklu viðgerðir á húsinu, og síðan Palli og drengirnir hérna og nú lokaði ég skrifstofunni til þess að koma einhverju af sem liggur fyrir. Þegar ég hélt boðið fyrir Palla, fannst mér það vera hálfgerð *housewarming party*¹ hjá mér. Og nú nýt ég þess að allar framkvæmdi eru búnar hér niðri. --

Eggert fór til Kaupmannahafnar um síðustu helgi og fannst nóg um hitann þar, enda ekki klæddur fyrir hitabeltisloftslag. Var hann sárfeinn að koma heim í rigninguna og kæla sig. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Y. Ákerrén. Rvík, 23.4.1969.

Segir fréttir og spyr um hann. Eftir að hann hætti í heilbrigðisgeiranum fylgist hann ekki lengur með heilbrigðismálunum (í Heilsuverndarstöðinni sá hann m.a. um bókasafn og innkaup (og lestur!) fræðirita. Segir fréttir af sjálfum sér. Halda þeir áfram umræðum um atvinnuleysi og fjárhagsvandræði og hvað megi gert til bóta. Þá ræðir hann um ýmiskonar vandræði sem Ólafur Gunnarsson frá Vík í Lóni hafði valdið með skrifum sínum í blöð.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingveldi Dagbjartsd. Rvík. 4.6.1969.

-- Auður er farin að ganga með og segir *pabbi* og *mamma* allan daginn. -- Hér í húsinu dynja hamarshögginn allan daginn. Verið er að setja nýja glugga í allt húsið -- Það var farið að leka út frá gömlu gluggunum og þurfti að gera eitthvað í málinu. Fæ ég þá nýjar gluggakistur og karma úr harðviði, sem ekki þarf að mála, eins og áður. Svo er búið að segja fólkinu á efri hæðinni upp og ætlum við Eggert að hafa svefnherbergin þar uppi, en stofur og vinnuherbergi niðri. Þetta verður geysi mikið pláss, en þetta er eina ráðið ef við ætlum að búa hér áfram. -- Svo það verður nóg pláss hér, ef þið viljið skreppa yfir pollinn í heimsókn.

Ég man ekki hvort ég er búin að segja þér að Eggert er búinn að skipta um vinnu, orðinn framkvæmdastjóri Rauða krossins. Fékk hann frí frá borgarlæknisembættinu og vildi reyna þetta um tíma, ef honum líkar vel, þá ílengist hann. Nú fer að nálgast 20 ára (*stúdents*) *jubileum*² hans. Finnst mér þetta vera orðinn ærið hár aldur. Þar á eftir er fertugsafmælið hans sem ég er farin að kvíða fyrir að undirbúa.

Það var hræðilegt áfall sem Alfa (*frænka Eggerts*) bekkjarsystir þín varð fyrir um daginn, þegar 12 ára sonur hennar, Theodór, dó. Varð undir moldarbarði, sem hrundi ofan á hann.³ Eru allir harmi slegnir. Hún á sem betur fer þrjár dætur, en sár er missirinn samt. --

Við mamma erum aldeilis búnar að skoða íbúðir fyrir ykkur og mömmu. Þessi, sem þið skelltuð ykkur á bar af þeim öllum. Það var ótrúlegt hvað tiltölulega nýjar íbúðir gátu litið illa út, verið illa farnar og leiðinlegar. Ég vona að þið verðið ánægð með kaupin. --

¹ Innflutningsveisla.

² Hátíð.

³ Theodór og sonur Vilborgar Dagbjartsdóttur skáldkonu, sem höfðu áhuga á sandsteinsbökkunum við Skerjafjörð, grófu innundir bakkann, sem hrundi. Félaginn var þá ekki með í för. Vilborg orti kvæðið *Skref*, er birtist í bók hennar Kyndilmessa (1971):

Þegar Neil Armstrong lýsti því / er hann fyrstur manna / steig fæti á tunglið / og við honum blöstu / á kakóbrúnni eyðimörk / margskonar steinar / kom mér í hug vinur minn / sem varð undir móhellubarði / úti í Skerjafirði / hann er mér táknmynd / allra þeirra / sem látið hafa lífið / í leit mannsins fram / einbeittur / forvitinn / drengur.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingveldi Dagbjartsd. Rvík. 4.6.1969.

-- Auður er farin að ganga með og segir *pabbi* og *mamma* allan daginn. -- Hér í húsinu dynja hamarshögginn allan daginn. Verið er að setja nýja glugga í allt húsið -- Það var farið að leka út frá gömlu gluggunum og þurfti að gera eitthvað í málinu. Fæ ég þá nýjar gluggakistur og karma úr harðviði, sem ekki þarf að mála, eins og áður. Svo er búið að segja fólkinu á efri hæðinni upp og ætjum við Eggert að hafa svefnherbergin þar uppi, en stofur og vinnuherbergi niðri. Þetta verður geysi mikið pláss, en þetta er eina ráðið ef við ætlum að búa hér áfram. -- Svo það verður nóg pláss hér, ef þið viljið skreppa yfir pollinn í heimsókn.

Ég man ekki hvort ég er búin að segja þér að Eggert er búinn að skipta um vinnu, orðinn framkvæmdastjóri Rauða krossins. Fékk hann frí frá borgarlæknisembættinu og vildi reyna þetta um tíma, ef honum líkar vel, þá ilengist hann. Nú fer að nálgast 20 ára *jubileum* hans. Finnst mér þetta vera orðinn ærið hár aldur. Þar á eftir er fertugsafmælið hans sem ég er farin að kvíða fyrir að undirbúa.

Það var hræðilegt áfall sem Alfa (*frænka Eggerts*) bekkjarsystir þín varð fyrir um daginn, þegar 12 ára sonur hennar, Theodór, dó. Varð undir moldarbarði, sem hrundi ofan á hann.¹ Eru allir harmi slegnir. Hún á sem betur fer þrjár dætur, en sár er missirinn samt. --

Við mamma erum aldeilis búnar að skoða íbúðir fyrir ykkur og mömmu. Þessi, sem þið skelltuð ykkur á bar af þeim öllum. Það var ótrúlegt hvað tiltölulega nýjar íbúðir gátu litið illa út, verið illa farnar og leiðinlegar. Ég vona að þið verðið ánægð með kaupin. --

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Þórhildi Skúladóttir² Berg. Rvík, 13.7.1969.

Bréf þetta skrifar hún til að biðja Guðrúnu um að aðstoða Steinunni Sívertsen, frænku þeirra, þegar hún fór í lækniserindum og spítaladvalar í Osló. Segir Ragnhildi Helgadóttur, frænku hennar, og mann hennar, Þór Vilhjálmsson, munu heimsækja hana. Vill hún tryggja að einhver líti til hennar. Ræðir um kreppuna á Íslandi sem hefur leitt til þess að fjöldi iðnaðarmanna hafi leitað til Noregs eftir atvinnu. Biður hana um kveðju til Skúla föður hennar og þakkar góð bréf hans.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 21.7.1969.

Býður honum búa hjá sér er hann kemur. Óskar honum til hamingju með einhvern styrk.

Gerir hlé á bréfskrift meðan hann horfir á Armstrong og Aldrin koma myndavél fyrir á tunglinu, en verið er að sýna það í sjónvarpinu.

-- Sirrí er að sjálfsgöðu farin að planleggja nýja baðherbergið. Við erum búin að kaupa nýtt klósett í himneskum bláum lit. -- en nú vantar hana dökkblá handklæði, þykk, eins og handklæðaframleiðslulandið U.S.A. getur best gert. -- Hve mörg? Ja, eins mörg og þú - nei flugvélin - getur borið --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Istanbul, 30.8.1969.

-- Heldur er þetta búinn að vera viðburðaríkur tími síðan ég kvaddi. --

Ferðin -- gekk ágætlega. -- hélt mér vakandi með lestri Væringjasögu.³ Í vélinni var ung tyrknesk kona með um tveggja mánaða gamalt barn. Hún var með mikið dót og ég bauðst til að bera það og var hún fegin því. En henni varð ekki um sel þegar úr vélinni kom. -- Fyrir utan vélina stóðu fjórir ungir hjúkrunarnemar með flögg Rauða krossins og merki ráðstefnunnar -- Þegar ég heilsaði þeim vinsamlega komu fjórir ungir menn hlaupandi, rifu af mér töskuna mína og poka konunnar, vildu helst rífa af henni barnið og ætluðu að fara með okkur inn í sérstakt móttökuherbergi. Konan hélt áreiðanlega að hér væri um samsæri að ræða, varð hvumsa við, leist ekki á -- Ég bað helminginn af móttökunefndinni að fara með stúlkunni, hinn gæti komið með mér eða farið með mig þangað sem þá lysti. Af mér var passinn tekinn og ég settur niður í sérherbergi, boðnar sigarettur og drykkir. Ég sat svo þar og drakk mína kók meðan móttökunefndin lenti í hári saman. Reyndist það vera vegna þess að þeim tókst ekki að finna töskurnar og vildu alls ekki láta mig koma með þeim til að leita. Þegar ég komst að því hvað væri að, þá fór ég og þar stóðu töskurnar --

¹ Theodór og sonur Vilborgar Dagbjartsdóttur skáldkonu, sem höfðu áhuga á sandsteinsbökkunum við Skerjafjörð, grófu innundir bakkann, sem hrundi. Félaginn var þá ekki með í för. Vilborg orti kvæðið *Skref*, er birtist í bók hennar Kyndilmessa (1971).

² Guðrún Þórhildur Skúladóttir Berg (1929) dóttir Nelly Skúlason kennara og Skúla Skúlasonar ritstjóra frá Odda. Hún bjó sem barn í Reykjavík. Kennari í Osló og á þar fjölda afkomenda.

³ Væringjasaga, dásamleg bók um suðurferðir, m.a. til Istanbul, eftir Sigfús Blöndal bókavörð.

Nú vildu ungu herra mennirnir að ég fengi mér meira kók, en ég vildi endilega komast sem fyrst á hótelið. Við höldum svo af stað, ég á undan með aðalmanninum í hópnum, hinir á eftir með töskurnar, sem voru svo þungar að þeir loftuðu þeim vart og þeir svo lágir að þeir gátu tæpast haldið þeim frá jörðu.

Eftir okkur beið þá rútubíll fullur af allskyns fulltrúum, gulum, bleksvörtum og náföllum eins og Röhrholt og Dale.¹ Allir voru jafnfegnir að sjá mig. Þeir höfðu beðið lengi eftir mér, seinasta fulltrúanum þann daginn.

Það var annars skemmtileg hugmynd að láta allt þetta unga fólk taka á móti okkur, það bætti skapið að láta glatt og ungt fólk sjá um þetta. Þá gerir minna til þó eitthvað fari úr skorðum. Tyrkir eru glaðleg þjóð og ungir Tyrkir ærir af lífsgleði.

Af einhverjum ástæðum vildu þeir koma mér fyrstu á hótelið, jafnvel þó ekki reyndist herbergi fyrir mig þar. -- mér var svo skilað í ráðstefnuhúsið og fékk að vita hvar ég ætti að búa. -- Svo var mér sendur farangurinn. tók ég þá eftir að taskan var dálítið skrítin. Þegar ég opnaði hana höfðu koníakspeli og þvottaduftsglas rekist á og brotnað. Það var nú meira, glerbrot, duft, þurrt og blautt um alla töskuna, nema til allrar hamingju í fötin sem ég keypti í Danmörku. Nú eru tvenn fót hrein, en ég veit að ég get ekkert notað nema dökku fötin, allt hitt er of heitt. Svo ég ver að kaupa mér eitthvað --

31.8.1969.

Í gærmorgun fór ég og skrásetti mig á ráðstefnuna og fór með fötin í hreinsun og síðan í *sightseeing* ferð og skoðaði gömlu soldánshöllina, *Bláu moskuna* og basarana. Þó ég hafi komið í ýmsar hallir held ég sama að hvergi hafi verið jafn mikil auðæfi og í Soldánshöllinni. Allt það gull og gersemar, perlu- og demantsaumuð klæði, jafnvel soldánstjöldin, sem notuð voru á ferðalögum voru með mörg þúsund perlum.

Annars er mjög áberandi í byggingarlistinni ýmis konar postulínsflísar. Þekur það hallir innan, kirkjur og moskur og gefur hverju húsi alveg sérstakan blæ. Hefur einnig verið notað í glæsilegt nýbyggt Hiltonhótel.

Það er skrítin að koma inn í moskurnar. Inni í þeim er ekkert nema aflangir bakkar á gólfum, sem fólk lætur skóna sína í, því enginn má ganga þar á skóm. Gólfir eru þakin teppum, fjölda smáteppa í lögum. Svo kemur fólk, snýr sér í átt að Mekka, leggst á hnén, kyssir gólfið, stendur upp og hneygir sig, far aftur á hnén og kyssir gólfið, byðst svo fyrir, stundum talað það allhátt og horfir upp á við með handleggina teygða fram, lófana upp, eins og það sé í senn að skýra út og tilbúið að taka við einhverju. Utan við moskuna eru kranar og vatnsrennur, þar sem fólk þvær fætur sína. Því enginn má ganga fram fyrir Allah nema með hreina fætur.

Basararnir hafa verið hér frá ómunatíð. Eru þetta yfirbyggðar mjög þröngar götur með búðaplássum, smáum, beggja vegna. Eru þetta mikil Völundarhús. Ég gekk um hálf tíma eftir einni götunni, að vísu ekki hratt og sá ekki fyrir endann á henni. Á einum stað eru gullvörur, öðrum teppi og húsgögn; virðist einhver regla vera á því að saman sé það sem saman á. Við verslunina eru oft heilar fjölskyldur, einn situr kannski með hljóðpípu fyrir utan til að vekja athygli á versluninni, tveir kalla hástöfum og þar fram eftir götum.

Annars er Istanbul mjög miklu vestrænni en ég bjóst við. Mjög lítið er um framandleg klæðaburð. Hér þarf svo lítið í fót að leggja að ekki sést mikill munur á fólki. Hins vegar er mikill munur á framkomu manna eftir því hvar þeir eru í stiganum. Fólkið er glaðlegt, margt fremur ljóst yfirlitum, sumt alveg ljóshætt, en brúnleitur blær á hárinu. Hér eru um 1.500 þús. Kúrdar og eru þeir sagðir eitthvað ljósari en aðrir. Tyrkir virðast tala mikið og hátt, oft margir í einu. Virðist verða dráttur á framkvæmdum þegar ágreiningur kemur upp og verður þannig lítil stundvísi úr.

Í gærkvöldi var svo fyrsti fundur okkar norrænu fulltrúanna á Hilton. Þar hitti ég Hinrik prins. Þetta er geðslegur, hávaxinn maður og sýndist fylgjast með því sem fram fór, þó töluð væri sænska, danska og norska á víxl. Í dag þarf ég að lesa mikið af fundargögnum, en ætla að reyna að leita uppi ferju til að komast yfir Bosborus --

Ég vona að þið hafið það öll gott, strákarnir góðir og hjálplegir og Dagur skæli *soldið* lítið --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Istanbul, 1.9.1969.

Var í Taksim, menningarhöllinni þar sem fundirnir eru haldnir.

-- labbaði sem leið liggur niður brekkuna í átt að sjónum og Bosborus. Þegar ég var að ganga fram hjá hóteldyrunum gekk fram á mig ungur maður, allgeðugur og gaf sig á tal við mig. Ekki sagði hann mér sína sögu þá, en hún kom smám saman þá um daginn. Hann var 19 ára, stundaði nám við menntaskóla í Istanbul, átti konu og eitt barn. Faðir hans vann í Tyrklandi og sendi honum reglulega peninga svo hann mætti læra. Hann spurði mið hvert ég væri að fara. Ég sagðist ætla að skreppa yfir í Úskütar (*gömlu*

¹ Forystumenn norska R.K.

borgina Skútari) til að sjá mig eitthvað um í Asíu. Hann sagði það bera vel í veiði, hann ætti einmitt heima þar, hvort við ættum ekki að verða samferða. Jú ég hélt nú það. Svo fórum við út á ferjuna sem hann vildi endilega borga. Þegar ég mótmælti sagði hann á sinni brotnu ensku: *Ég er tyrkneskur maður, þú ert gestur í mínu landi*. Ég vissi þá þegar að hann var á eftir einhverju, vissi náttúrulega ekki eftir hverju, tímdi ekki að slíta þessu alveg.

Nú fórum við yfir sundið og þegar þangað kom bað ég hann um að sýna mér það markverðasta. Hann pantaði bíl, og við ókum út fyrir bæinn og upp á hæð þar sem er mjög fallett útsýni yfir Bosborus og Istanbul. Við töluðum margt, þó ekki væri enskan hjá honum góð, enda sagðist hann tala betri þýsku, hvað ekki reyndist vera. Við fengum okkur kaffi og öl og nutum útsýnsins. Ég fór að verða órólegur yfir því hvað hann ætlaði með mig.

Svo löbbuðum við niður brekkuna, fórum í strætó, skoðuðum mosku, höfnina, baðströnd og fleira. Nú fór hann að tala við mig um peninga. Hann spurði hvaða peningar væru á Íslandi, hvernig þeir litu út, af hverjum myndin væri á dollaraseðlinum, hver væri munur á Kanada eða Bandaríkjadal. Af hverjum væri mynd af á Kanadadal, hvort myndin væri líka af Washington.

Svo vildi ég kveðja hann, ætlaði í næsta þorp, Kadiköy, en þótti betra að vera laus við hann áður. Ég sagðist vilja borga honum fyrir það sem hann hefði lagt út. Þá sneri hann við blaðinu og sagðist vilja fá 150 lírur, eða um 1200 kr. Ég rétti honum tvo 50 líruseðla sem hann tók við en heimtaði 50 í viðbót. Ég þverneitaði með látum. Þá varð hann órólegur af því að fólk var í grenndinni og sneri því upp í að barnið hans væri veikt og hjónabandið færi í mola ef hann borgaði ekki heim. Ég sat fast við minn keik. Þá bað hann mig hvort hann gæti ekki heldur fengið einn 100 líruseðil fyrir hina tvo, ég neitaði að hreyfa allar buddur úr vösum mín og þannig skildum við.

Ég gekk svo til næsta bæjar, tók ferjuna yfir í eldri borgarhluta, hinum megin við *Galathabruna*, sem er á kortinu sem Dagur fékk. Þar er mun þéttbýlla og alveg furðulegt líf, alls staðar götusalar með hnetur, brauð, samlokur og safa; jafnvel vatn og eitt glas sem allir drukku úr. Eftir langan og strangan göngutúr í hitanum kom ég á hótelið, hvíldi mig og þældi svo í gegnum fundargögnin. --

Ég sótti svo fötin í hreinsunina og er búinn að sitja í gráu fötunum í dag, að vísu vel heitur, en öllu má venjast.

Dagurinn í dag hefur verið löng fundarseta, ekki sérlega skemmtileg. Í kvöld hef ég verið að horfa á þjóddansa nemenda í hjúkrunarskóla Rauða krossins, mjög skemmtilegt. --

Það er skrítið að vera á þessum fundum og því sem þeim fylgir. Þeir sem ég hef talað við eru auk *Skandinavanna*, karlar og konur frá Nepal, Englandi, Júgóslavíu, Írlandi, Búrma, USA, Alsír, Ceylon, Pakistan, Jórdaníu, Líbanon og Sómalíu. Fæstir gera sér grein fyrir Íslandi og spyrja gjarnan hvað landið sé fjölmennt. Við ég þá geta. Getið er upp á 10 milljónum.

Nú ætla ég að biðja Ásgeir að hringja til ömmu í Kópavogi og skila kveðju frá mér. Dag ætla ég að biðja um að fara niður til ömmu og skila henni ósköp góðri kveðju. Báðir verðið þeir að segja frá því sem í þessu bréfi stendur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 3.9.1969.

Segir fréttir af endurbótum á íbúðunum og skrítið að sitja við ritvélinu og horfa út eftir ganginum þar sem engin hurð er.

Ekki gengur allt vel, ekki síst með rafmagnið, en rafvirki var gamall og að vestan!

Palli skrifaði þar sem hann sat í flugvél frá New York til Chicago.

-- Var hann mjög þakklátur fyrir dvölinu hér í húsinu. --

Þá segir hún stórfrétt af heimilinu að hjóli Ásgeirs hafði verið stolið og ekki fundist.

-- Jæja, ég er orðin ansi syfjuð eftir daginn. Ég var að vélrita *codex ethicus*¹ Tannlæknafélagsins og fleira, ekki skemmtilegt. -- Við höfum það gott á nóttunni hér uppi á loftinu, strákarnir eru ánægðir með herbergin en skápa vantar. --

Ásgeir fékk tilkynningu frá Ísaksskóla um að mæta á föstudag í fyrsta sinn. Hann verður í bekk með hinum krökkunum hérna nema Jón Gunnar fer í Áfingadeild Kennaraskólans. --

P.S. var að fá skemmtilegt bréf frá þér, sem ég las upphátt fyrir alla. Þín elskandi eiginkona --

¹ Sita

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Istanbul, 4.9.1969.

-- Mér finnst heil eilífið síðan ég fór að heiman. Dagarnir eru æði tilbreytingalitlir. Dagskrá mín er þessi. Ég óska eftir að vera vakinn kl. 7.30. Þá fer ég niður á jarðhæð og drekk morgunte. Það samanstendur af einum brauðsnúð, súrum, því hér virðist allt hveitibrauð bakað með einhvers konar geri. Með þessu er borinn fram afskaplega skríttinn ostur og undarlegt sultutau. Það má lifa á þessu fram að hádegi. Síðan labba ég þessa ca. 300 m. upp brekkuna að Taksim, menningarhöllinni góðu, en þar byrjum við *Skandinav* venjulega klíkufundi kl. 8.30 eða 9. Þar er rætt um það helsta sem er til umræðu þann daginn, reynt að ná einhverri sameiginlegri niðurstöðu. Þar *dóminera* þeir Olof Stroh og Warras,¹ þekkjandi allt og alla. Sennilega myndi allt fara til fjandans í svona selsköpum ef þeir og margir aðrir væru ekki til staðar og reyndu að afla fylgi réttum mönnum.

Kl. 9.30 hefjast fundir. Því miður er Barroso frá Mexikó, formaður Lígunnar, ekki góður fundarstjóri, sennilega þeygi greindur, enda lítur hann alltaf til Henrik Beer þegar vafaatriði koma upp og þá ýmist *signalerar* Beer já eða nei. Verður þannig fundarstjórn öll laus í reipum.

Síðan er rætt um hin merkilegustu mál fram til kl. 13, þá er hlé. Bjóða þá ýmsir hagsmunahópar mikilvægum persónum til hádegisverðar, en við hinir saman eitthvað og borðum. Ég er að vísu hættur því, fer á hótelið, tek sturtu, hvíli mig og skrifa. Það er dálítið leiðinlegt til lengdar að sitja á veitingahúsum. Kl. 15 hefjast fundir aftur og standa til 17-18. Þá er venjulega farið í kokkteilpartí. Ég er búinn að fara í tvö á Hiltonhótelinu, geysi fín; eru þau að verða skemmtilegri eftir því sem maður kynnist fulltúum betur. Hér eru engin eftirpartí, þó allt sé fullt af klúbbum, þá fara allir, a.m.k. það ég veit heim að sofa.

Það er alveg geysigagnlegt að vera á fundum sem þessum, a.m.k. fyrir mig. Ég fer loksins að skilja *systemið* og ég hlýt að fá mikla uppskeru síðar, vegna persónulegra *kontakta*, en skemmtilegt er þetta ekki. Maður er hálf utangarna svona til að byrja með. Það er ekki fyrr en síðar sem maður fer að geta búist við einhverju.

Við *Skandinav* erum ákaflega ánægðir því kjör varaformanna er lokið og hlaut Kai Warras kosningu og allir þeir sem við fylgdum. Tóks engum með glæsilegum kokkteilpartíum og bókagjöfum að þrengja sér inn. Líka tókst kosning í framkvæmdanefnd mjög svo vel að okkar dómi.

5.9. kl. 9. Í dag verða engir fundir nema stuttur *formalitetsfundur*,² því í dag er haldið hátíðlegt 50 ára afmæli Lígunnar og stendur mikið til. Ég er því að hugsa um að nota tímann fram að því til að fara með þetta bréf í póstinn og skoða mig eitthvað um. Annars er maður ekkert sérlega ákvaður að sjá sig um því það er svo óskaplega heitt, þannig að svitinn bogar af manni ef maður heldur sér ekki í skugga og hreyfir sig hægt. Enda sér maður aldrei neinn hlaupa eða flýta sér, utan götusalan þegar lögreglan nálgast. --

ÞÁTTTAKA RAUÐA KROSS ÍSLANDS Í ALÞJÓÐAFUNDUM

Nú er nauðsynlegt að skýra dálítið frá alþjóðafundum RK. eins og þeir voru. Fundurinn í Istanbul var tvískiptur. Annarsvegar aðalfundur Lígunnar, Alþjóðasambands Rauða krossins og hinsvegar Alþjóðaráðsins sem Svisslendingar halda utan um og á stuðning ríkisstjórna. Fundur Alþjóðasambandsins er annað hvert ár og Alþjóðaráðsins fjórða hvert ár. Allt sem ég segi er eftir minni, því öll mín sögulegu gögn afhenti ég, því miður, Rauða krossi Íslands, en ekki landsbókasafninu, þannig að aðgangur minn að gögnunum er ekki alveg eins og bestur gæti verið.

Ég var nýkominn til starfa þegar norrænn fundur RK-félaga var haldinn á Íslandi. Henrik Beer var, eins og ávallt, mjög áhugasamur um þátttöku Íslands og samstarf við önnur lönd, sem virðist raunverulega hafa hafist þegar ég tók til starfa. Þegar fundurinn var haldinn þá um sumarið, og ég var nýtekinn til starfa, fengum við boð af hálfu utanríkisráðuneytisins til veislu í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Mig minnir að í veislunni hafi verið fyrir hönd utanríkisráðuneytisins Agnar Kl. Jónsson. Henrik Beer gekk mjög hart fram um þátttöku RKÍ í alþjóðastarfi, settist að Agnari og lagði áherslu á að ríkið tæki þátt í starfinu og sendi mig á fundinn. Varð það úr að ekki aðeins RKÍ, heldur einnig ríkið, tilkynnti mig sem fulltrúa á þessum alþjóðafundi, án þess þó að taka þátt í kostnaðinum. Svo þætti ríkisins sé gerð skil, þá voru ýmis mikilvæg mál tekin fyrir í Istanbul sem ég, óvanur slíku, taldi mig þurfa að ráðgast við ríkisvaldið um. Ég sendi því skeyti um eitthvert mál og spurði hvort ég mætti samþykkja tillöguna eða! -- Halla Bergs,

¹ Olof Stroh (1917-2006), frkvstj. sænska R.K. Kai J. Warras (1917-2006), frkvstj. finska R.K. Kynntist þeim í Rvík '64 og starfaði með þeim. Fengu báðir riddarakross fálkaorðunnar. Ég skrifaði minningargrein um Stroh í Mbl. 11.3. '90. Kai Warras dró sig út úr RK, vildi ekki láta um sig fjalla eftir að hann lét af störfum, var enn á lífi 2014. Sjálfur kom ég aldrei aftur á þá þrjá vinnustaði sem ég starfaði á Svo ég skil þá. Á einn kom ég til að leiðrétta söguskilning sagnfræðinga, án árangurs.

² Síða-

vinkona mín, lenti í vandræðum þegar Jón Sigurðsson, borgarlæknir og formaður RKÍ, kom með fyrirspurn mína. En allt fór vel. Skal nú litið til fortíðarinnar!

Rauði kross Íslands var stofnaður árið 1924 og var fyrstu árin litið á hann sem einhverskonar heilbrigðissamtök. Sá mikli ágætismaður Gunnlaugur Claessen var þar drífandi kraftur, mótaði starfið í þeim anda og tók þátt í ýmsum fjölþjóðafundum RK, allt í heilbrigðisanda og sem ritstjóri Heilbrigðis lífs. Dáði ég hann mjög, enda var hann bjargandi læknir minn þegar ég var barn, auk þess að vera frændi minn, þangað til hann fór yfir strikið þegar hann reyndi að tengja náttúrulækningamenn, d.s. Jónas Kristjánsson lækni og nasista, að mig minnir þar sem forkólfur þeirra í Þýskalandi, Julius Streicher aðhylltist grænmetisát.

Þorsteinn Sch. Thorsteinsson, lyfsali, var heila eilífð formaður RKÍ. Hann tók þátt í alþjóðafundum, efnamaður og þurfti ekki á fjárhagslegri stoð RKÍ til þess. Í gögnum RKÍ var eiginlega ekkert að finna um þennan þátt.

Árið 1963 var haldið upp á aldarafmæli Rauða krossins og efnt til mikillar hátíðar í Rvík og gefið út sérstakt hefti af Heilbrigðu lífi. Annað veit ég um það. En alþjóðafundur var haldinn í Hollandi og um leið upp á afmælið. Þangað fór Jón Sigurðsson borgarlæknir, formaður RKÍ. Einnig fór þangað Ragnheiður Guðmundsdóttir læknir, stjórnarmaður í Rvíkurdeild, kannski líka í RKÍ, það veit ég ekki. Formaðurinn kunni ekkert á ráðstefnur sem þessa, skráði sig ekki inn og lenti aftast á efstu svölum. Ragnheiður kom, þó hún væri ekki fulltrúi, bara gekk að skráningarborðinu. Jú - einn frá Íslandi, og hún fór á fyrsta bekk!

Um þetta allt fann ég engin gögn þegar ég kom til starfa.

Næst var haldin alþjóðafundur 1965. Var Davíð Sch. Thorsteinsson, varamaður í stjórn, en samt lengi forystumaður í stjórn Rauða kross Íslands. Hann var sendur á alþjóðafundinn í Vín. Þá loksins, eftir öll

þessi ár, rann það upp fyrir forystu samtakanna, um hvað RKÍ snerist.¹

Er ég kom til starfa sem stjórnarmaður í Reykjavíkudeild og tók að mér að flytja erindi og ræður í skólum og víðar um samtökin, þá fann ég ekkert um tilgang þeirra og stefnu. Leitaði ég til framkvæmdastjóra RKÍ, Ólafs Stephensens. Svo þegar ég var ráðinn fór ég að leita. Þá komu öll ráðstefnugögnin sem Davíð hafði fengið og sem hann hafði blessunarlega haldið til haga. Loksins fékk ég þær upplýsingar sem mig og alla aðra stjórnarmenn hafði skort. Með þessari skilvísi Davíðs tókst eftir öll þessi ár frá stofnun samtakanna að

koma stefnunni inn á sömu braut og önnur RK-félög störfuðu á. Á fyrsta norræna RK-fundinum 1964, minnir mig, botnaði enginn neitt í neinu. Í raun og veru ekki heldur á fundinum 1969. Spurning er hvort sé svo enn? A.m.k. var saga Rauða krossins sem út kom fyrir nokkrum árum á villuvegum.

Það varð verkefni mitt næstu árin að finna RKÍ hugmyndafræðilega undirstöðu. Ég þóttist hafa fundið hana.

Margir efuðust!

Í árána rás hafði RKÍ ráðið marga framkvæmdastjóra í árána rás, sem satt að segja tókst sjaldan vel. Má segja að flestir væru voru misheppnaðir eða stæðu sig illa í starfi. Suma þurfti að reka vegna hugmyndafræði, vankunnáttu eða fjármálamisferlis. Aðrir störfuðu örstutt, leist illa á vinnuskilyrðin.. Einn kunni ekkert í erlendum málum. Hvernig framhaldið var eftir að ég hætti, skal ekki rætt, enda mér alveg ókunnugt. En margir voru þeir.

Fyrst og fremst var við stjórnarmenn að sakast, þá skorti hæfileika í skipulagi. Vegna hugmyndaskort lentu samtökin menn í ógöngum t.d. er kvennadeild var stofnuð, sem fram á þennan dag starfaði sem góðgerðarfélag. Mikil von hlýtur nú að vera bundin við það fólk sem starfað hefur allt frá æskuárum.²

Eggert Ásgeirsson skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 6.11.1969.

-- Þetta er tætingslegasta og annasamasta sumar ég man, lítil tækifæri til að sinna hugðarefnum, útlandaferðir á útlandaferðir ofan. Stendur meira að segja ein fyrir dyrum, til allrar lukku til Stokkhólms,

¹ Örlagaskil voru í RKÍ þegar ég leitaði að heimildaritum um samtökin. Ekkert fannst á skrifstofu samtakanna. Svo vildi til að Davíð Sch. Thorsteinsson hafði haldið til haga gögnum sem hann fékk á Vínarfundinum 1956. Fékk ég þau og byggði allt starf RKÍ og fyrirlestra, sem ég hélt á þeim gögnum, uns ég fékk nýtt efni í hendurnar.

² Við þessi orð rifjast upp fyrir mér að ég gerðist krakki félagi í Ungliðadeild R.K.Í. og varð áskrifandi að æskulýðsblaði samtakanna: *Unga Ísland*, sem ég á reyndar enn hér uppi í hillu. Seldi ég merki Rauða krossins á öskudaginn. Þótti mér ógnvekjandi er *ljótur kall* kom heim árum saman heim til að rukka árgjaldið í ungliðahreifyfingunni. Þetta voru tengsl sem endurnýjuðust síðar er samtökin tóku að gefa Heilbriggt líf út 1941 og birtu þar ársskýrslur félagsins. Var skemmtilegt að lesa greinar frænda míns, Gunnlaugs Claessen (1881-1948), sem ég hafði hitt 5-6 ára þegar ég kom oft sinnis til hans á Röntgendeild Landspítalans þar sem hann var yfirlæknir. Það var einkum hann sem ræktaði heilsuverndarþátt RK og tengdist kollegum í RK víða um lönd. Hann var ritstjóri í átta ár frá 1941 (fyrsta heftið var heilar 242 bls!). Seinna skrifaði ég fyrir Jón Sigurðsson formann RK grein í ritið um tannvernd og fékk aðra til að skrifa greinar sem urðu harla óánægðir þegar útkoma ritsins dróst til eilífðarnóns! Gunnlaugur var einstaklega fríður maður, glæsilegur og göfugmannlegur, reyndar eins og systur hans Ingibjörg Þorláksson (1878-1970) og María Thoroddsen (1880-1964). Gunnlaugur var velgerðarmaður minn þegar ég var veikur 4ra til 5 ára og systurnar kærar mér meðan þær lifðu.

sem mér finnst í skemmtilegustu bæja röð, enda þekki ég þar margt gott fólk sem ég get kallið með *vísittum*¹ og fleiru. -- Stend ég við í viku --

Við erum búin að breiða úr okkur hér á nokkrum hundruðum fermetra og í svo mörgum herbergjum, að óvanir ruglast. En íbúðin er orðin mjög svo skemmtileg --

Sirrí er sem stendur að pakka inn afmælisgjöf fyrir Ásgeir, sjö ára. -- Vona að þið hafið það gott, börnin dafni og þroskist. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingveldi Dagbjartsd. Rvík. 14.11.1969.

-- Hér hefur ekki staðið steinn yfir steini í húsinu í allt sumar.-- *Lýsir framkvæmdum.*

-- Þetta sjáðið þið allt um jólin. Það var gaman að heyra að þið væruð væntanleg. Jólin eru sá tími sem fjölskyldan hittist helst --

Blómin frá ykkur á fertugsafmæli Eggerts komu á óvart -- og voru sérstaklega falleg. -- Afmælið var mjög vel *lukkað*. Við buðum fólki frá hálf fjögur. Var ég með kaffi og brauð og sjússa á eftir. Komu nærri 60 manns. --

Þá er mamma laus við húsið á Bjarkargötunni (*nr.6*) og eru vonandi allir ánægðir. Það var sorglegt að sjá hvað Rússarnir höfðu farið illa með það. Það er ekki hægt að lýsa því.² Nú talar mamma ekki um annað en peninga og vexti, rentur og veðskuldabréf. Ætli hún verði ekki einhver fjármálaspekúlant eins og Sveinn Ben!

Ég var í hinum saumaklúbbnum (*flugfreyju-*) hjá Helgu Steffensen. Það er nú meira heimilið. Þar úir og grúir allt af handavinnu og listaverkum eftir hana. Ótrúlegt hvað hægt er að búa til úr netakúlum, rekavið, skeljum o.fl. Þar hitt ég Katy, konu Erlings Aspelund sem eru nýkomin eftir 10 ára útivist í New York. Hann er orðinn hóteltjóri á Hótel Loftleiðum. Hann spurði um þig og bað að heilsa þér.

Ég er ábyggilega alveg einstök myndarkona. Er í tveimur saumaklúbbum og á ekki neitt handavinnusniffs. Í flugfreyjusaumaklúbbnum sitja allar kófsveittar og *myndarskapast*. Hinn er ekki beint duglegur. -- Ég var með þann ómyndarlegri í gær en bauð þeim í mat til að sýna þeim breytinguna á húsinu. --

Ég þarf að fara að koma drengjunum í rúmið. Þeir voru í baði, búnir að skvetta svo mikið út um allt baðherbergið að ég þori varla að koma þangað. Auður dafnar vel, blaðrar einhver ósköp allan daginn, en ekkert af viti!

Það fer að verða nóg að gera hjá þér, þegar fjölskyldan stækkar svona ört. -- Munur að Guðrún er farinn að geta hjálpað til. --

Egbert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 27.11.1969.

-- Ég sit hér niðri í kjallara og skrifa á afgangla ritvél með undarlegu lettri, í kulda og trekki. Svo virðist sem allar ritvélar heimilisins séu uppteknar, þ.e. þær sem heyra til seinni hluta 20. aldar. --

Hér heima hefur fram að þessu flest verið á tætingi og er reyndar ekki alveg búið enn. Ég hefði eiginlega átt að ljúka málningu á þrem hurðum í kvöld, en ég fékk *bakríg* í dag og treysti mér ekki til stórræða, eða nennti ekki. Á morgun erum við svo boðin út til Agnars Biering, á laugardag þarf að raða kristinni siðfræði í 1000 eintökum, á sunnudaginn fer ég til Stokkhólms, jafnvel til Genf á eftir. Svo koma jólin.

Þú sérð að í ýmsu er að snúast. Þessa daga er verið að ganga frá framtíðarráðningu minni hjá RKÍ og uppsögn mín til borgarlæknis þarf að fara í póst á morgun. Nú hafa orðið formannaskipti í RK, borgarlæknir er hættur og Dabbi Sch. tekinn við og er alveg stórkostlegt að vinna með honum. Hann er greindur vel, stjórnandi hinn mesti, þ.e. *administratör*, framkvæmdastjóri, undir stjórn síns fyrirtækis, veit því hvert hlutverk hvors aðila er. Hann er líka *no nonsens*³ maður, aldrei neitt að fíkta í smáatriðum. Hinsvegar er hann full mikið starfandi í fjármálapólitík landsins, og *soldill playboy*, en ég held að hann komi til með að vera góður við mig. Ég er líka ánægður með að aðalatriði séu aðalatriði en aukaatriði ekki aðalatriði eins og stundum virtist vera.

Þú spurðir hvað líði þínu Dalbrautarheimili. Ég verð að segja eins og er, ég veit ekkert um það, það hefur ekkert komið fram auk þess sem Jóhann Hafstein⁴ sagði á þingi.

¹ Heimsóknun.

² Borað hafði t.d. verið víða um hús og við útidyr, að því er virðist til að koma fyrir einhverjum hlerunartækjum.

³ Ekki maður smáatriða.

⁴ Jóhann Hafstein var þá dómsmálaráðherra.

Strákarnir þínir voru hér í afmæli Ásgeirs og komu svo aftur seinna um daginn -- Þeir eru ánægðir að vara fluttir, hvort sem þar er af sportlegum ástæðum eða öðrum. Ánægðir voru þeir alla vega.

Hér er heilmikið að gerast í pólitíkinni, einkum vegna þess að nú verður bráðlega ákveðið hvort við förum í EFTA eða ekki. Kommar eru að sjálfsögðu á móti því, eins og öllu öðru, sem hefur minnstu rísikó¹ í för með sé eða erlend áhrif á Íslandi. -- Ég vona bara að við förum í bandalagið, því okkur er sannarlega nauðsynlegt að komast inn í hugsunarhátt erlendra stjórnmunaraðferða.² --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 18.11.1969.

-- Ég var að hringja í nokkra aðila sem kunna frá Dalbrautarheimilinu að segja. Náði ekki í neinn nema Svein Ragnarsson -- ætla hann að senda mér teikningar -- sagði að endanlega yrði gengið frá samningum við verktaka í næstu viku, hefðu þeir verið erfðir, hefðu verið við bygginguna áður og ættu því nú forgangsrétt. Byggingin ætti svo að byrja fyrir árslok og verða lokið á 6. mán. -- Eftir væri að taka endanlega og formlega ákvörðun hjá ríkinu um reksturinn, en í prinsippinu væri hann -- tekinn.

Eggert Ásgeirsson skrifar borgarráði. Rvík, 28.11.1969.

-- ég undirritaður leyfi mér virðingarfyllt að beiðast lausnar frá starfi deildarfulltrúa við borgarlæknisembættið. Lausnarbeiðnin miðast við 1. mars n.k. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 31.12.1969.

-- var að koma úr áramótakokkteil í Heilsuverndarstöðinni. Við töluðum þar saman Halldór Hansen.³ Hann bað mig að skila til þín að sækja sem fyrst um sérfræðingsviðurkenningu; væri nauðsynlegt að tengja það mál ekki stöðuveitingu. Auk þess væru hluti opnari nú en þeir kynnu að verða síðar, því enn er ekki búið að setja reglur um þína grein samkvæmt nýju reglugerðinni; væri aldrei að vita nema þar yrði ýmsu breytt í framtíðinni, engan veginn víst hvort einstakar greinar yrðu ekki þyngdar, t.d. aukinn tími í *pediatri*, sem þú hefðir ekki tækifæri til að uppfylla nú.

Tómas (*Helgason*) hefur verið að spyrja Halldór hvort hann vissi um umsókn frá þér. Tómas er ekki lengur deildarforseti sem hefði með þetta mál að gera, það væri nú Ólafur Bjarnason.⁴ Viltu gera þetta sem fyrst. Gleðilegt ár. --

¹ Áhættu.

² Lokayfirferð þessa bréfasafns var 2019. Þá var erlendi hugsunarhátturinn enn í háska, engin viss hver framtíðin er: M.a. *orkupakkinn*!

³ Halldór Hansen (1927-2003) yfirlæknir, sem áður hefur komið við sögu, m.a. vegna heilsuleysis hans ungs.

⁴ Ólafur Bjarnason (1914-2004) prófessor.

1970

Ingibjörg Eggertsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Síðumúla. 1970.

Elsku pabbi minn! Ég þakka þér fyrir síðast. Mér gengur mjög vel í skólanum. Ég er farin að fá miklu betra í prófunum núna en í fyrra.

Ég hirði kindurnar núna ein því Eyjólfur er á spítala og mér gengur ágætlega. Það vantaði 65 kindur í dag af 137. Kindin mín kemur alltaf heim og fer í fyrstu kró.

Ég lék í fyrsta sinn á kvöldvöku í skólanum um daginn. Mér gekk ágætlega og slapp án þess að roðna.

Jæja, ég skrifa ykkur svo aftur eftir miðsvetrarpróf. Ég bið kærlega að heilsa Sirrí. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 25.2.1970.

-- þakka ykkur öllum fyrir ánægjulega samveru hér um jólin, skemmtilegustu jól sem við minnumst, hvort sem það er ykkur að þakka eða ekki! --

Steingrímur bróðir hennar er að gifta sig. --

Spyr hvort þau Stella og Haraldur vilji vera með í gjöf -- stálborðbúnaði?

-- Þig gáfuð okkur Eggert slíka brúðargjöf og þótti okkur það mjög góð gjöf. -- Þegar minnst er á brúðkaupsdag, þá minnst ég þess að við Eggert erum búin að vera gift í 10 ár. Ötrúlegt! --

Eggert er núna í kveðjusamsæti í Heilsuverndarstöðinni, þ.e.a.s., það er verið að kveðja hann og eru það orðin 15 ár sem hann hefur unnið hjá borgarlækni. Hinn laugardaginn ætlum við svo að bjóða borgarlæknisfólkinu í mat, alls 20 manns, og maka. --

Hér er ofboðslega mikill snjór og samgöngur hafa gengið erfiðlega. Veðrið er samt alveg dásamlegt. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 24.3.1970.

Þykir langt milli bréfa.

-- ég sagði upp hjá borginni og er nú ofurseldur R.K. og hann kannski mér. Það er ágæt tilfinning að vera búinn að ákveða sig. En erfitt er starfið, í mörg horn að líta og ekki gott að koma öllu í verk sem maður vildi. Það er svo í þessu starfi að þar blandast saman áhugastarf og atvinna. Hætta er að á annaðhvort halli. Ég finn það samt á ýmsu sem ég hef tekið mér fyrir hendur að það á að ýmsu leyti vel við mig að vinna einn að málum, vinna allt frá upphafi til enda; ég er að reyna að venja mig af því.

Það var mikið um dýrðir er ég kvaddi gamla starfið fyrir full og allt; kveðjusamsæti. Síðan héldum við fyrir hálfum mánuði veislu þar sem öllum samstarfsmönnum hjá borgarlækni var boðið hingað upp á hinn frægasta mat, sjálfir lögðu þeir til vínföng og varð mjög góð skemmtun úr.

Þá var heldur en ekki ýmislegt um dýrðir um helgina. Steini mágur minn var að giftast hinni ágætustu stúlku, ljósmóður. Steini hefur tekið við starfi austur við Búrfell hjá Landsvirkjun; hann er þeirra eini raftækni-fræðingur. Þau fengu þar einbylishús og eru mikið lukkuleg; hreint ekki bangin við að flytjast upp á öræfi, eins og manni þótti þessi staður vera, a.m.k. þegar við tveir vorum þar að þvælast að næturþeli hér um árið.

Svo ætlar mamma að halda familíubóð hér um helgina og leggur undir sig tvær hæðir. --

Ég hef ekkert heyrt frá þér hvað er að gerast í Dalbrautarmálinu, eða hvernig sé með sérfræðiréttindin. Dalbrautarmálið var, eftir því sem Sveinn Ragnarsson¹ sagði mér, komið í hálfgerð strand þar sem mikil breyting varð á skiptingu ráðuneyta um áramótin og heilbrigðismál fluttust undir Eggert Þorsteinsson² og var þá minna að byggja á loforðum en vænta mátti. Var málið komið í hálfgerða klípu þar sem Magnúsi Jónssyni³ leist hreint ekki vel á útgjaldaaukninguna sem heimilinu væri samfara. Mun Geir Hallgrímsson⁴ hafa orðið að taka málið í sínar hendur. Nú hringdi Páll Línal í mömmu í dag og sagði henni að búið væri að ryðja flestum hindrunum úr vegi. Magnúsi hefði ekki litist alls kostar á fyrirhugaðan starfsfólksfjölda, en

¹ Sveinn Ragnarsson félagsmálastjóri borgarinnar,

² Eggert Þorsteinsson (1925-95), múrari sem ég var eitt sumar handlangari hjá. Hann var félags- og sjávarútvegsráðherra frá 1975 og heilbrigðisráðherra frá ársbyrjun 1970. Ágætis maður sem ævinlega sagði þegar við sáumst: *Eina lögum strákur, strax!*

³ Magnús Jónsson (1919-84) frá Mel. Fjármálaráðherra 1965-71, sagður hafa komið reglu á fjármál landsins sem einn eimur lítið eftir af!

⁴ Geir Hallgrímsson (1925-1990) alþingism., áður borgarstj. og forsætisráðherra frá 1974.

þegar menn fóru að athuga það var ekki allt þetta fólk fyrir hendi og róaðist hann sennilega þegar honum varð ljóst að þetta starfslið yrði ekki allt ráðið strax. Nú sagði Páll að einungis væri eftir að semja um húsaleigu og taldi hann litlar líkur á að málið strandaði úr þessu.

Þór Vilhjálmsson¹ er í stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Hann spurði mig um daginn hvernig málinu lið. Þannig væri að Dalbrautarmálið hefði eiginlega alveg farið á snið við nefndina. Heilbrigðismálaráðuneytið hefði haft með málið að gera (sennilega) af ríkisins hálfu og væri skritinn svipur á sumum í því sambandi. Sjálfur sagðist hann ævinlega hafa haldið þeirri skoðun fram í stjórnarnefndinni að sama væri hvaðan gott kæmi; nóg væri samt í að snúast. Sömu skoðun hef ég barist fyrir við borgarlækni, raunar ósköp auðveld sókn. Svo þú sérð að allt þetta mál hefur skritilega verið lagt upp. Ég vona sama að ekki slái í bakseglið.

Þór sagði að það sáralitla sem hann hefði heyrt væri að heimilið yrði deild í Barnaspítala Hringins. Annars vissi hann harla lítið um málið, virtist ekki einu sinni hafa spurt Tómas² um það enda kannski erfitt að spyrja hann án þess að fá of mikið eða of lítið að vita. Ekki veit ég.

En hvernig á að bregðast við þessu með vandamálið: Deild í Barnaspítala Hringins? Ekki veit ég það. Getur form. Læknafélagsins eitthvað gert eða Georg Lúðvíksson,³ svo ég nefni aðeins tvo menn sem ég þekki vel? --

Nú stendur hér yfir saumaklúbbur hjá Sirrí, þ.e. MR-saumaklúbburinn. Flugfreyjuklúbburinn er mun fjórlegri, fór saman fyrir nokkru á 15 ára afmæli Flugfreyjufélagsins.

Í maí verður svo heilmikið gilli⁴ hjá okkur, samskotagilli, sem Sirrí stjórnar. Til hvers er að hafa svona mikið pláss og nota það ekki. Svo virðist flest fólk af yngri kynslóðinni (okkar) dæmalaust óduglegt við að halda boð og matbúa. Kys venjulega að kaupa allt af veitingahúsum en fallast hendur samt sem áður.

Börnin þrífast vel --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 5.4.1970.

-- til hamingju með dótturina. Mikið er maður alltaf feginn þegar allt er lukkulega yfirstaðið.⁵ -- Mér hefði þótt gaman að sjá Magnús⁶ þegar hann heilsaði upp á systur sína --

Segir frá miklum önnum hjá sér og líðan fjölskyldunnar, og kaupum á borðbúnaði handa Steingrími bróður þeirra og voru þau Steinunn mjög ánægð með gjöfina. Auður litla er lasin og erfitt að pína meðali ofan í hana. Eggert er að fara til Helsinki. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirsyni. Rvík, 10.5.1970.

-- hef ekki heyrt mikið frá þér vegna þess sem ég skrifaði um áramótin og síða í sambandi við stöðuna við Dalbraut. Má vera að þú hafir eitthvað gert í málinu, eða ekki gert neitt. Býst við að þú hafir gildar ástæður til þess sem þú gerir.

Ég skrifa núna af því að ég var að auglýsa lausa íbúðina við Sóheima. Ekki bárust mörg tilboð en eitt hljóðað svo: -- fyrir íslenskan lækni sem kemur til landsins -- í júní-júlí. -- Jóhann Bjarnason. Jóhann þessi er bróðir Sverris.⁷ Þetta gerir mann talsvert órólegan. Er það einskær tilviljun að Sverrir er á heimleið. Er ekkert samspil milli hans og Kristbjarnar? Er Sverrir ekki krati eins og Eggert heilbrigðismálaráðherra? Eins og þú manst eru kratar til alls líklegir eins og síðast sást þegar Sigurður Ingimundarson var skipaður forstjóri Tryggingarstofnunar ríkisins þó öll atkvæði nema eitt í Tryggingarráði væru gegn honum.

Það sem ég sagði þér um áramótin var (skilaboð frá Halldóri Hansen) að þú ættir að ganga frá sérfræðiviðurkenningu þinn strax, þar sem vitað væri að Kristbjörn (Tryggvason) legði svo mikið upp úr löngum tíma í barna lækningum að vafamál væri að þú hefðir svo langan tíma þó að við vissum það ekki. Er ekki Sverrir einmitt með yfirgnæfandi tíma í barnalækningum.

¹ Þór Vilhjálmss. (1913-2015) lögr., hæstaréttadómari o.fl., maður Ragnihldar Helgadóttur (2016), ráðherra, (systur Tómasar Helgasonar yfirlæknis á Kleppi). Þau R&P voru bekkjarsystkin mín og vinir.

² Tómas Helgason mág sinn.

³ Georg Lúðvíksson (1913-79) frkvstj. Ríkisspítalanna
⁴ Veisla.

⁵ Kristín Haraldsdóttir (1970) lögfræðingur og háskólakennari.

⁶ Magnús Haraldsson (1968) yfirlæknir.

⁷ Sverrir Bjarnason (1931-2002) barnageðlæknir, lengi samstarfsm. Páls á Dalbraut.

Nýverið var skipaður, held ég, einhver yfirlæknir á handlækningadeild Lsp. Stöðuna fékk Páll Gíslason en hafnað nafnfrægum íslenskum lækni frá Bandar., að ég held.

Mig skortir sennilega alla vitneskju um þetta, ég treysti þó engu og í þínum sporum yrði ég hræddur. Nú þarftu að grípa til þeirra kærsku og undirförrullar ýtni sem þú átt í eigu þinni. Ef þú heldur að þetta sé ástæðulaust, láttu það niður falla, segðu mér samt hvað þér finnst.

Ég hef ekki sagt mömmu neitt frá hugrenningum mínum.

Sirrí biður að heilsa. Sama gera strákarnir þínir, þeir eru hjá mömmu í heimsókn. Árni er með einhver mikil galdrataeki, sýnir hverjum manni töfrabrögð við mikla aðdáun allra stráka hér í nágrenni, sýnir svo hvernig bragðið er gert, hlær dattu og strákarnir taka undir. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingveldi Dagbjartsd. Rvík. 16.6.1970.

-- Ekki eru fréttirnar miklar. Ég er búin að vaska upp eftir hádegismatinn,¹ Auður sofandi, strákarnir úti að leika sér, engin vélritun bíður eftir mér og ég því í vandræðum með sjálfa mig. Ég er búin að ráða Dagnýju (*Halldórsdóttur*) sem barnapíu hjá mér í sumar. Finnst mér það mikið lúxuslíf. Hún kemur kl. tvö og er til hálf sjö. Auður er líka mikið fyrir að vera úti og Dagný dugleg, nema þegar rignir því meir. Því miður hefur síðasti mánuður verið óvenju blautur. Nú er komið glampandi sólskin og vonar maður að morgundagurinn verði góður. Er víst allt útlit fyrir að hátíðahöldin fari út um þúfur vegna verkfallsins. Hörmum við hér á heimilinu það ekki og býst ég við að fleiri séu orðnir leiðir á þessu formi á hátíðahöldunum.

Nú sjást ekki margir bílar á götunum, allir eru að verða uppiskroppa með bensín. Eggert fékk eina áfyllingu vegna Rauða krossins -- Það er farinn að vera skortur á fleiru, svo sem kartöflum -- Ekkert gengur með samninga.

Segir frá fermingarveislu hjá Einari og Erlu, sem Jórunn, mamma þeirra var boðin í. Einnig segir frá breytingum á húsi Halldórs og Siddu í Kópavogi.

-- Það er búið að auglýsa yfirlæknisstöðu Dalbrautarheimilisins (deild fyrir taugaveikluð börn) og var Páll, bróðir Eggerts, eini umsækjandinn. Kemur hann líklega heim í ágúst. --

Segir frá borgarstjórnarkosningunum, en Sjálfstæðimenn voru hræddir um að tapa meirihlutanum og beittu Ólafi B. Thors mjög fyrir sig. Þegar úrslit voru ljós fylltist húsið hjá Jójó og Óla af fólki sem vildi óska þeim til hamingju með sigurinn. Síðustu gestir fóru kl. hálf átta.

-- Óli sagði að hann hefði einu sinni litið yfir stofuna hjá sér um nóttina og efast um að þetta væri heima hjá sér, því hann þekkti ekki einn einasta mann. Svona er að vera pólitíkus. --

Eggert var að hringja, var að tala við Palla. Datt okkur í hug að fá að bæta húsgöngum í búslóðina hans, sem enn er í Khöfn. --

Dagný var að koma, biður sérstaklega að heilsa Guðrúnu. Við bíðum í ofvæni að fréttu nafnið á dótturinni -

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 6.6.1970.

-- Leiðbeinir um hvernig eigi að senda búslóð frá Bandaríkjunum. -- Nóg um það. -- Við Sirrí erum að velta fyrir okkur hvort þú getir borgað okkur lánið núna og jafnvel flutt eitthvað heim af húsgöngum fyrir okkur í búslóð þinni --

¹ Vekja má athygli á að enn var þá formlegur hádegisverður, vinnandi menn komu heim í mat! Það breyttist.

Friede P. Briem skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 8.6.1970.

-- Þá sendi ég þér sérfræðingsleyfið þitt, og er það ekki á hverjum degi sem maður handleikur skjöl og sem veita manni slíka ánægju. --

Ég óska þér af öllu hjarta til hamingju með þetta og vona að allt gangi eins og best má verða. Ég hef verið (væntanlega fyrir Zonta) á heyrnarmálaráðstefnu síðustu daga, sem ég vona að eigi eftir að valda strumhvörfum í heyrnarmálum og að litlu börnin þurfi ekki lengur að lifa í einangrun, eins og verið hefur. --

Okkur liður vel; Sirrí á afmæli í dag og ætlar hún að hafa blandað kvennaboð, þ.e.a.s. gestirnir verða á aldrinum 25-70 ára. Nú er það æ oftast sem maður er aldursforseti þar sem maður kemur og er ég fyrir löngu farinn að njóta þessara réttinda og alls þess tillits sem tekið er til manns. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 10.6.1970.

-- Þakka bréfið og umsóknina -- Fór ég með umsóknina og afhenti hana Georg Lúðvíkssyni, en ég var á fundi hjá honum í morgun. Hann sagði að þegar fresturinn verði útrunninn myndi umsóknin send til læknaeildar og lækna ráðs Landspítalans, síðan lögð fyrir stjórnarnefndina og svo til ráðherra, skilst mér. Svo eitthvað hlýtur þetta að geta dregist.

Ég spurði hann um fleiri umsóknir væntanlegar; kvað hann sig ekki hafa heyrt neitt um það. Sagðist hafa heyrt frá Tómasi að þið Sverrir hefðuð haft samband ykkar á milli og væri þar fullt samkomulag og myndi Sverrir ekki sækja. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 28.6.1970.

Hissa á hvað hann ætlar fljótt að koma heim. Ræðir skipaferðir.

-- Þú varst að biðja mig um upplýsingar um hvað fyrir okkur veki með húsgagnaheimflutning í þínu skjóli. Það er ofur einfalt, sem sé að ná heim borðstofuhúsgögnum í þínum birgðum.

Hvort af verður er undir ýmsu fleiri komið en þér. Skattar mínir hækkuðu sem sé um rúmlega hindrað þús. kr. svo ég þarf að borga feiknarleg ósköp það sem eftir er ársins. Eigi að síður, hljómar skrytlega, er skreppa vikutíma til Hafnar í ágúst. Þar verður haldinn formannafundur Rauða krossfélaga. Við Dabbi Scheving förum og höfum kríað út hálfvirði hjá Loftleiðum fyrir okkur og frúrnar -- sýnist mér nóg tækifæri til að ráðgast um þetta og ekki þarftu að hræðast hörku innheimtu á láninu litla.

Hér er annars ekkert að fréttá nema hvað listin flæðir yfir á stórkostlegri listahátíð. Vorum á tónleikum ásamt 2400 öðrum í Laugardalshöll. Þar átti að stjórna André Previn, en hann veiktist og gat ekki komið. Þá var drifinn hingað með sólarhringsfyrirvara Uri Segal. Einleikari var Askenazy og voru tónleikarnir eitthvað það stórkostlegast sem ég hef upplifað. Rétt hjá okkur sátu Izak Perlman fiðluleikar, Barenboim píanóleikari og hljómsveitarstjóri ásamt konu sinni Jaqueline de Prés sellóleikara. Þetta fólk kemur hingað allt vegna Askenazy, *hann hefur svo mikinn áhuga fyrir hátíðinni*, segir það allt aðspurt. Cullbergballettinn var hér um daginn og Marionett-teatern í Stokkhólmi og ein mikil Munksýning. Viktoria de los Angeles syngur hér á miðvikudag. Clara Pontoppidan var hér í síðustu viku; Aase Nordbo Løvberg forfallaðist. Allt á flugi -- Ég hef ekkert frétt hvernig umsókn þinni líður --

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík, 28.6.1970.

-- Talaði við Georg Lúðvíksson í fyrradag og sagði hann að umsögn um umsóknina væri komin frá læknaeild og væri hún farin til yfirlækna ráðs. Hann sagðist mundu láta mig vita þegar umsóknin væri afgreidd hjá þeim.

Sverrir Bjarnason hringdi til mömmu til að spyrja hvort þú hefðir sótt. Hann á eftir eitt ár til að fá sérfræðiréttindi. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Birni Friðfinnssyni.¹ Húsavík, 3.8.1970.

EÁ var í starfi sem ráðgjafi Húsavíkurkaupstaðar í hollustueftirliti. Hann og fjölskyldan var þá á Húsavík um nokkurra vikna skeið og skilaði rækilegri skýrslu og tillögum.

--Starfið gekk bærilega -- Ég mun ljúka við skýrsluna í vikunni og senda hana snarlega. -- Ég hef hringt ca. 10 sinnum í landsímamann, haft gesti í félagsheimilinu, fjórar máltíðir og tvisvar í kaffi. vænti þess að þú dragir þetta frá minni þóknun. Sömuleiðis má segja að ég hafi verið hér 1-2 dögum lengur en starfið krafðist.

Þetta hefur verið mjög ánægjulegt starf og vona ég að framhaldið verði til góðs. --

¹ Björn Friðfinnson (1939-2012), lögfræðingur og ráðuneytisstjóri. Þá bæjarstjóri á Húsavík.

Ingibjörg Eggertsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Síðumúla. 26.10.1970.

Elsku pabbi minn! Ég er komi norður í Hrútafjörð og mér líkar ágætlega og gengur líka vel að læra. Ég er með Imbu á Fróðastöðum og Þuru á Laugarási í herbergi. Við reynum að gera herbergið sem skrautlegast og söfnum öllu. Við erum búnar að fylla gluggana með skeljum og steinum og ýmislegu sem við fundum í fjörunni, og svo höfðum við tóma flösku og lituðum vatn í hana. Imba fékk líka mottu á gólfið í pakka í dag.

Ég get ekki sagt að mér finnist kennaraliðið gott hérna. Þeir eru yfirleitt svo hlutdrægir og leiðinlegir. Skólastjórinn heitir Ólafur Kristjánsson¹ og kennir mér stærðfræði. Mér finnst hann ágætur kennari en svo segi ég ekki meira um hann. Bjarni Aðalsteinsson kennir dönsku og íslensku. Gunnlaugur Sigurðsson kennir eðlisfræði, Ragnar Þorsteinsson ensku, Jón Júlíusson, sögu, landafræði og grasafræði og Ebeneser Jensson leikfimi.

Maturinn finnst mér ekkert sérstaklega góður en það er nú bara betra upp á magann, því ekki veitir mér af að leggja svolítið af. Leikfimikennarinn hefur svo þungar æfingar, t.d. var ég að losna við harðsperrurnar í dag sem ég fékk af því að fara í leikfimi á föstudag.

Ég hugsa að ég væri löngu strokin úr skólanum ef Imba væri ekki hér. Hún hjálpar mér svo mikið, ég var með svo mikla minnimáttarkennd fyrst. Nú hugsa ég alltaf að ég verði að ná landsprófi, því ég get ekki hugsað mér að vera hérna næsta vetur. Imba klárar örugglega í vor.

Nú þurfum við alltaf að vakna kl. hálf átta á morgnana og svo kjöftum við fram eftir á kvöldin svo við getum varla haldið augunum opnum á morgnana. Ekki bætir Jón kennari upp að maður fylgist með í tímum, því hann talar svo lágt. Það liggur við að hann sé á eintali við þann sem hann tekur upp.

Við erum orðin 42 í bekknum. Það er ferlega mikið, enda hef ég ekki verið tekin upp nema einu sinni í grasafræði, einu sinni í dönsku og ensku og nokkrum sinnum í málfræði og stafsetningu. Svo taka kennararnir frekar upp í þá sem voru í 2. bekk hér í skólanum Mér finnst þetta alveg agalegt.

Stelpurnar eru búnar að ákveða að þær ætli að æfa mig í körfubolta. Það er nú bara af því að þær hafa ekki séð mig spila, en ég vona að ég standi mig vel, því mér finnst svo gaman að spila hann.

Steingrímur Sigurðsson listmálari, frændi minn, málaði af mér mynd í sumar og fór svo með hana á málverkasýningu á Akureyri um daginn og kom hún svo í fréttunum í sjónvarpinu og var það meira að segja fyrsta myndin sem var sýnd. Þetta var alveg hræðileg mynd. Hann málaði líka mynd af mömmu í fyrrasumar og sýndi hana, en hún kom ekki í sjónvarpinu.

Ég er næstum farin að telja dagana til jóla. Mig hlakkar svo til þess að fara heim. Þó það sé ekki alltaf skemmtilegt þar, þá held ég að það sé langbest að vera þar.

Nú hlýtur Ásgeir að vera byrjaður í skólanum og kannski Dagur líka. Hvernig gengur þeim?

Þú verður að skrifa mér bréf hingað. Maður bíður spenntur fyrir framan póstkassann alltaf þegar rútan kemur.

Jæja, ég bið svo kærlega að heilsa öllum þarna fyrir sunnan. Ég verð að hætta, því ég á víst að vera háttuð. Blessaður, pabbi minn. Þín Imma.

Eggert Ásgeirsson skrifar Ingibjörgu Eggertsdóttur. Rvík, 21.11.1970.

-- Þakka þér kærlega fyrir skemmtilegt bréf og hvernig allt gengi þarna hjá ykkur í Reykjaskóla. Hreint alveg blöskraði mér að heyra um þennan óskaplega fjölda í hverri bekkjardeild. Það er sannarlega áreynsla fyrir ykkur, ef ykkur á að takast að ná landsprófinu. Ég vona að eitthvað hafi skánað síðan þú skrifaðir mér, því heldur virtist mér þú svartsýn.

Að vísu hlýtur alltaf að vera erfiðast fyrst þegar flutt er á milli skóla; er þá bót í máli að eiga góðar vinkonur til að skemmta sér með í körfubolta og fleiru og til að létta undir með sé í náminu og til annarar uppörvunar.

Við komum og vorum eina nótt í Reykjaskóla í sumar. Þá vorum við mikið að hugsa um hvar þú kæmir til með að búar, því æði virtust mér herbergin misjöfn eftir því hvort þau eru í gamla húsin eða því nýja. Í því gamla bjó ég nokkra daga þegar ég var í gagnfræðaferð norður, hér í eldgamla daga, áður en landsprófið fannst. Þá var gamla húsið mikil höll, en sundlaugin, sem mig minnir að hafi verið inni í húsinu var sú gróðursælasta sundlaug sem ég hef séð, slý hreint um alla laug og hún svört að líta til botns. Mikill var nú

¹ Ólafur Kristjánsson (1913-2009) vel látinn skólastjóri Reykjaskóla.

munurinn á henni og nýju sundlauginni. Bræður þínir svömluðu um alla laug, hangandi á 10 lítra mjólkurpokum úr plasti, en öll börn á Húsavík nota slík fley, en þaðan komum við.

Við bjuggum í herbergi næst innst til hægri í norðurganginum, á neðri hæðinni í nýja skólanum, miklu stássherbergi, sem var þröngt setið fyrir okkur fimm. Systkinin liggjandi á dýnum á gólfinu með höfuðin undir skrifborðinu. Ég geri ráð fyrir að herbergin séu öll eins. Skólinn var fullur af Þjóðverjum í skemmtiferð. Einn Þjóðverjinn var bæði feitur og stór. Það hlýtur að hafa verið átakanlegt fyrir hann að sofa í svona rúmi og hætt við að hann flæddi eða dytti út úr rúminu. Sennilega hafa útlendingar illa reynslu af mjóum rúmum á hótélum á Íslandi. Ég heyrði að tal tveggja Bandaríkjamanna á hótelinu á Blönduósi. Annar var að kvarta við hinn yfir því að afgreiðsla hafi verið óskiljanleg. Hann kvaðst hafa pantað *double bed*, eða tvíbreitt rúm, en fékk og varð að borga fyrir herbergi með tveim rúmum, sitt í hvorum enda herbergisins.

Það vill fara svona með málakunnáttu. Ein flugfreyja var að fara í sína fyrstu flugferð og var henni heitið til London. Eftir nokkurt flug sneri kona sér að henni og spurði: *Can you tell me where the restrooms are?* Átti hún það við salernir, en slíkt mun gert í Ameríku. Unga stúlkan hafði aldrei heyrt slíkt notað og svaraði: *I am sorry, but there are not restrooms on this plane!* Bætti við að konan gæti fengið teppi og hallað sætinu aftur og látið fara vel um sig, jafnvel sofnað ef hún væri mjög þreytt.

Konuvesalingurinn hefur sennilega ekki verið margvön, tók við teppum og hagræðingu, en ekki var hún nú róleg lengi eftir svona afgreiðslu. Hún kallaði aftur á flugfreyjuna, spurði hvort hún væri handviss. Hin kvað svo vera, þangað til það leyndist ekki í svip konunnar hvers hún óskaði. Þetta er sjálfsagt mjög seinvirk aðferð til að læra tungumál, en þessi flugfreyja veit áreiðanlega eftir þetta hvað *restroom* er.

Hugsaðu þér! Nú er þegar farinn að koma jólasvipur á Reykjavík. Börn eru að fara ofan í bæ til að skoða jólasveina í verslanagluggum. Við fórum með krakkana í dag í skoðanaferð. Strákarnir voru heldur óánægðir, bæði af því að það eru sömu jólasveinarnir og í fyrra og gleymst hafði að setja þá í gang, nema þá að kaupmennirnir hafi viljað spara rafmagn yfir helgina. Auður var hins vegar mjög ánægð, enda vissi hún ekki að jólasveinar væru vélknúðir.

Auður er málskrafsskjóða, sítalandi og sístjórnandi umhverfinu. Ef hún hefur engan til að tala við, þá fer hún í símann, fiktur við hann þangað til hún nær sambandi við einhvern og leysir þá gjarna frá skjóðunni um hvað sé að gerast á heimilinu, hvernig hún sé klædd. Virðist fólk heldur hafa gaman af talinu í henni.

Af okkur er allt hið besta að fréttu. Hér heima er fólkið á kafi í vélritun og fjölritun. Á daginn og langt fram á kvöld er ég í Rauðakross önnunum, sífellt að reyna að útvega peninga til eins og annars, en fjárhagurinn er heldur bágur. En von er að eitthvað rætist úr en áður langt líður, en allt kosta þetta mikið starf, - en skemmtilegt er það þegar vel tekst.

Ég vona að þú látir heyra fljótt í þér aftur og þú segir mér sem best hvernig skólalífið getur og þitt eigið nám.

Kveðja til Þuru. Þinn pabbi

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 22.12.1970.

-- Bráðum koma blessuð jólin -. Þetta heyrir nú oft sungið, raulað og spilað á blokkflautu. Maður kemst ósjálfrátt í jólastemningu af því að heyra þetta í alls konar tóntegundum, auðvitað misjafnlega hljómfögrum, en alltaf sungið af hjartans lyst.

Ásgeir er átta ára og er í barnamúsikskóla. Dagur er fimm ára og er í myndlistar- og fönduskóla, en Auður er tveggja ára frá því í ágúst og þarf bæði að nota kænskubrögð og krafta gagnvart Degi bróður sínum.

Það er bæði notalegt og skemmtilegt að búa í sama húsi og Sirrí og Eggert, og hef ég sannarlega notið þess undanfarið þar sem ég þufti að fara á sjúkrahús í byrjun des., til þess að láta gera við æðahnúta sem ég fékk fyrir rúmum 40 árum, kannske hefur nú verið kominn tími til þess; eða hvað finnst þér? Ég var vel sett þegar pilsin síkkuðu, en drottinn minn, þegar þau stytust, það var ekki félegt. Nú tók Palli af skarið og sendi mig til læknis. Þetta er árangurinn, ég sit hér með reyfaða fætur og læt alla gera allt fyrir mig - dauðsé eftir að hafa ekki gert þetta fyrir löngu. Svo er lækinn alveg framúrskarandi hlýr og góður við mig; og nú er ég farin að fjölrita fyrir hann, svo hann er alltaf að koma í heimsóknir til mín.

Segir fréttir af heimkomu Páls, undirbúningi starfs hans sem hann er tekinn við, að stjórna barnageðdeild Hringins og ráða fólk. Segir frá þátttöku Reykjavíkurborgar og Hringins.

-- Palli er mikið ánægður að vera kominn heim, eins og þú getur nærri, er það ekki síst vegna drengjanna hans litlu, sem nú eru að verða sex og átta ára. Hann hefur fengið dásamlega íbúð í háhýsi inni í Sólheimum 23 og býr á 13. hæð. --

Mamma þeirra er gift aftur manni, sem er tvískilinn við sömu konuna, á með henni tvö börn -- Hann heitir Oddur Benediktsson, sonarsonur Einars Benediktssonar skálds, og er eftir því sem ég hef kynnst honum, alveg indælis maður. Hann er allur í þessum rafmagnsheilum og er oft erlendis til þess að læra og kynnst nýjungum í faginu og vona ég að allt blessist hjá þeim.

Og þá er Helga¹ blessuð búin að kveðja okkur um sinn. Erfitt var að fylgjast með þessum þungu veikindum hennar, og þó skarðið standi ófyllt eftir hana; megum við öll vera þakklát fyrir að hún þurfi ekki að þjást lengur. Það var óskiljanlega sárt að sjá hana, en margs góðs að minnst og hafa kynnst slíkum gleðigjafa sem Helga var.

Þakka þér fyrir þín orð sem þú lést falla um eftirmælin sem ég skrifaði um hana. --

Nú er Óli bróðir þinn kominn á Hrafnistu -- Unnur gerði allt sem hún gat til að útvega honum pláss, og vegna þess að hún vinnur þarna innfrá og með góðum vilja, tókst það. Óli hefur verið svo slæmur í höfðinu að hann gat ekkert lesið. Palli talaði við Stefán Skaftason yfirlækni háls-, nef- og eyrnadeildarinnar, sem skoðaði hann og var hann lagður þar inn á meðalakúr; nú er hann kominn aftur inn á Hrafnistu og líður miklu betur. Eggert og Sirrí voru honum mikið hjálpleg með að flytja hann fram og aftur; meira að segja er hann búinn að heimsækja Palla upp á 13. hæð. Óli var innilega þakklátur fyrir allt sem honum er gott gert og hefur þegið það af bræðrunum með gleði.

Nú er verið að selja Tjarnargötu húsið og er ég ánægð með að Hilda og hennar börn tvö eru kaupendur að því. Þá þarf maður ekki að haf áhyggjur af að það níðist niður í manns eigu, því Álfheiður býr þar með manni sínum og þrem börnum.

-- Ég keypti mér nýjan bíl í haust því ég seldi Páli gamla bílinn, sem var ágætur, þó hann væri orðinn fjögurra ára. Ég fór á honum í hálfmánaðar sumarfrí í ágúst í sumar, norður um land til Hornafjarðar; vorum við Dídí bara tvær saman og fengum dýrðlegasta veður -- gaman var að koma á gamlar slóðir, sem við Ásgeir vorum á fyrir 40 árum. Að vísu vorum við þá ríðandi og ösluðum yfir öll vötnin. Nú eru árnar flestar brúaðar og hægt að aka um Örfæin í bíl. Þetta hafði mikil og djúp áhrif á mig, yljaði og gladdi. Sendi ég svo bílinn með skipi til Reykjavíkur, en við fórum fljúgandi heim. --

Friede P. Briem.

Skrifaði grein í Tímaritið Vernd, 10 ár. Rvík 1970: *Zontaklúbbur Reykjavíkur og starf hans í þágu heyrnarmála á Íslandi.*

¹ Helga Björnsdóttir Ólafs (1903-1970) dó í júní.

1971

Ingibjörg Eggertsd. skrifar Friede P. Briem og Eggert Ásgeirss. Reykjaskóla. 7.1.1971.

Elsku amma og pabbi! Ég þakka ykkur óskaplega vel fyrir jólagjafirnar. Ég er ægilega ánægð með það allt. Stígvélin smellpössuðu á mig. Ég held mér sé líka óhætt að þakka þér amma fyrir mömmu.

Mér var gefin jólaeinkunn fyrir jólafríð og er það best að skrifa hana hérna: málfr. 6,0, stíll 5,0, enska 4,0, stærðfr. 7,0, saga 5,0, landafr. 6,0, eðlisfr. 6,0 og aðalaeink. 5,75.

Ég náði ekki framhaldseinkunn og ég held þetta séu allt of háar einkunnir miðað við hvað ég hef fengið á prófum. En nú eru miðsvetrarprófin eftir og ég hlakka bara til að vita hvað ég fæ út úr þeim prófum.

Það var mikill munur á því að koma í skólann núna heldur en fyrst í vetur. Núna þekki ég næstum alla. -- Segir frá öllum gestunum sem voru heima í Síðumóla um jólin. -- Það var messað heima á nýársdag og mættu 44 aldrei þessu vant og var öllum gefið kaffi.

Það er best að ég skrifi ykkur hvað ég fékk í jólagjöf, en ég fékk heilmikið eins og venjulega: 2 ilmvatnsglós, nælu, dúka, mánaðarbolla, trefil, buddu og augnskugga, Góða dátann Sveijk, Einkaritara forstjórans, Fræknar flugfreyjur, ruslafötu og 600 kr.

Ég gleymdi að segja ykkur áðan að ég ætla í bréfaskóla í vetur og læra ensku. Ég bíð núna eftir fyrsta bréfinu. Ég vonast svo eftir bréfi frá ykkur og bið að heilsa öllum. Verið þið svo blessuð og sæl.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Mexico City. 8.10.1971.

Elsku Fríða. Mikið hugsa ég nú til ykkar og vona að þið séuð öll við góða heilsu. Eins og ég sagði ykkur í síðasta bréfi vorum við boðin út að borða ásamt Pierpont o.fl. fyrsta kvöldið sem við vorum hér. Var það mr. Lace, varaformaður ameríska Rauða krossins, sem bauð okkur. Það er ekki pláss hér á blaðinu til að lýsa þeim *lúxusi* sem okkur var boðið upp á. --

Í gærkvöldi fórum við tvö og borðuðum í hæstu byggingu Mexico, *Latin American Tower*. Það var stórkostlegt að líta yfir ljóshafið í borginni.

Í morgun fór ég svo á ráðstefnuna með Eggert. Sátum við beint fyrir aftan prins Henrik, sem er á ráðstefnunni með dönsku fulltrúunum. Rígt hefur yfir okkur boðum og verða þau á hverju kvöldi í næstu viku. Annað kvöld erum við boðin til íslenska ræðismannsins, en hann á að afhenda Rauðakrossorðuna þeim Henrik Beer og Kai Warras.

Í gær, meðan Eggert var á fundum fór ég að skoða mig um í borginni, fór langt upp eftir aðalgötunni *Paseo de la Reforma*, sem sögð er fallegasta stórborgargata í heiminum. Hún er líka falleg. Ég var orðin ansi þreytt og hugsaði gott til glóðarinnar, þegar ég sá strætó, sem á stóð San Angel, en það minnti mig að væri nafnið á torginu við hótelið okkar. Varð mér ekki um sel þegar hann skilaði mér í allt annan borgarhluta. Á tímabili vissi ég ekki hvar ég var stödd, en með hjálp kortsins komst ég á rétt spor. Gaman þætti mér að vita hve marga km. ég lagði að baki. Nú er ég með miklar harðsperrur. --

9.10.1971.

Bréfið fór ekki í póst og bæti ég við nokkrum línunum. Við vorum í gærkvöldi í boði spænsku fulltrúanna í skemmtilegu boði. Ræðismaðurinn býður okkur svo í kvöld með íslenskum hjónum, einhverjum Emilssyni.

Í dag fórum við svo í ferð út fyrir borgina, boðið að skoða staðinn þar sem unga RK-fólkið þingar á alheimsráðstefnu ungs RK-fólks. Á morgun er sunnudagur og er þá alltaf nautaát og ætlum við að reyna að komast þangað.

Okkur hefur liðið vel, finnum ekki fyrir loftslagsbreytingu og ekki fengið í magann. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Rvík. 13.10.1971.

-- Hér er regntíminn sagður óvenju langur. -- Ég sit hér á hótelinu kl. níu að morgni. Við vorum að koma niður úr borðsalnum sem er á efstu hæð. Ég er sem sagt með mexíkansk kaffibragð í munnum. Eggert var að fara á fundina sem byrja um þetta leyti. Svo er hlé um eittleytið og þá borðum við saman. -- Á eftir verður prógramm fyrir okkur konurnar og tiskusýning. Síðan verður hádegisverður sem Svíar halda fyrir norðurlandahópin. eru þeir að kveðja starfsmann sem hefur verið lengi hjá þeim.

Í kvöld býður danski ambassadorinn í kvöldverð heima hjá sér. Er það út af prins Henrik,¹ sem ég fæ þá að taka í höndina á.

¹ Hinrik Danaprins (1934-2018). Maður Margrétar Danadrottningar.

Það eru ótrúlegar veislurnar sem mexikanarnir hafa haldið hér. Í fyrsta lagi vegna þess hve mannmargar þær eru, en þeir skipta hópnum aldrei og bæta þar að auki við öllu Rauðakrossfólki frá Mexíkó, sem vill taka þátt. Í fyrrakvöld tók forsetinn Echeverría Alvarez¹ á móti hópnum í utanríkisráðuneytisbyggingunni. Beið þarna um þúsund manns í einn og hálfan tíma eftir að forsetinn gengi í salinn. Sumir voru mjög svekktir, Sagði danski ambassadorinn að allir ættu að fara, en svona er þetta alltaf hér. Síðan birtist forsetinn og hans frú, ásamt lífvörðum og ótal úníformsklæddum mönnum. Þetta er geðugur maður sem er búinn að vera við völd í eitt ár. Forsetinn er kosinn til sex ára og má ekki bjóða sig fram aftur. Hann var áður lögreglustjóri. Var okkur sagt að háttsettir hér bæru óttablandna virðingu fyrir honum, því hann vissi allt um alla. Það er gjarnan kastað til hans sprengjum, og var það eitthvað öryggisatriði þetta kvöld sem varð til þess að hann kom ekki á þeim tíma sem í prógramminu stóð. Nóg um forsetann. Hann gleymdist fljótt þegar veigarnar allar og dýrindis matur var fram borinn. Gekk það snurðulaust og voru allir hinir ánægðustu.

Í gærkvöldi voru allir boðnir í ferð út fyrir borgina til að sjá pýramídana í Teotihuacán. Það var stórkostlegt, fyrir utan það að í miðri sýningunni kom þessi líka demban. Við gáfumst ekki upp, en margir forðuðu sér í húsaskjól. Á eftir var okkur boðið í mat. Það heitir La Gruta, hellirinn, og er raunverulegur hellir. -- Á sunnudag ætlum við að taka ferð til Taxco, sem er typiskur mexikanskur bær með mörgum silfurbúðum. Tökum við svo ferð heim. --

Jæja, mikið er ég nú búin að hugsa til ykkar og þrátt fyrir alla dýrðina er ég með ógurlega heimþrá. --

Ég vona að Ásgeir og Dagur séu þægir við þig. Bið að heilsa öllum. Mikið er gott að eiga ykkur og hugsa til þess að sjá ykkur aftur. Bestu kveðjur til Dídíar, Palla og mömmu. Þín ævinlega skulduga --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásu Guðmundsdóttur Emilsson. Rvík, 29.10.1971.

Alþjóðafundur Rauða krossinn var haldinn þetta ár í Mexico City. Það vorum við svo heppin að hitta Ásu Guðmundsdóttur, sem gift var Ingvari Emilssyni, háskólakennara í haffræði. Einnig Vífil Magnússon, sem þar var við nám í arkitektúr. Þau hjónin fóru með okkur víða um nágrenni borgarinnar, en þann sunnudag var trúarhátíð, haldið upp á himnaför Maríu meyjar, sem slíkum fögnuðu, flugeldum, pappírsskrauti, heimagerðum pappírslöfbelgjum, að annað höfðum við aldrei séð. Maturinn sem við borðuðum um daginn var steiktur á götunum, sannarlega gómsætur og aldeilis ólíkur öllu sem við höfðum áður séð. Á eftir var okkur boðið í kvöldverð heima hjá þeim. Svo vel vildi til að við áttum fjölda sameiginlegra vína. Guðmundur Sigurðsson, pabbi Ásu, var bekkjarbróðir mömmu í barnaskóla, og sé sem hún leitaði oftast til og nefndi oft í bréfum sínum, skrifstofustjóri fjárhagsráðs eða verðlagsstjóra, sem hafði með öll gjaldeyrisleyfi að gera. Ingvar og Ása² voru stúdentar frá MR 1946 og áttum við og eigum marga sameiginlega vini.

-- Fyrst af öllu vil ég þakka ykkur fyrir sunnudaginn sem þið eydduð með okkur; hann verður okkur ógleymanlegur. Oft erum við búin að minnast og lýsa atburðum dagsins, ekki síst þegar við stóðum og borðuðum tortillu-morgunmatinn. -- Ferðin heim gekk í alla stað fljótt og vel. Við renndum upp að húsinu og voru þá forvitin barnsandlit í gluggunum. Allt hafði gengið vel heima og urðu miklir fagnaðarfundir -- gerðu beltin og netin mikla lukku. Vasinn góði sem þú baðst mig fyrir var strí-heill og hringdi ég til Jónu strax og kom hún næsta dag og var sannarlega spennt að fá fréttir frá ykkur. Ég hringdi líka í mömmu þína og var hún fegin að heyra frá ykkur. -- Ég talaði líka við Ágústu³ og bar henni kveðju frá Vífil. Það var gaman að tala við hana, sagði hún að sig væri mjög farið að langa vestur.

Þú getur trúað því að undirdiskarnir góðu og þungu gerði mikla lukku. Þungir voru þeir, því ég bar þá heim. Setti þá í snyrtitöskuna mína, kveið mikið fyrir því er ég gekk inn í tollinn í Keflavík, með slagsíðu, að tollarinn opnaði og tæki þá af mér. En allt gekk vel. Mér fannst hann að vísu horfa við og við dálítið tortryggislega á töskuna, en ekki opnaði hann hana. Ég bauð svo í hádegismat á sunnudag og vígði þá með pompi og pragt. Þeir vöktu verðskuldaða hrifning, ekki síst þegar sagan af okkur á markaðinum fylgdi og hvernig þér tókst að koma verðinu niður. --

¹ Echeverría Alvarez, fæddur 1922 og varð síðast er fréttist, 2018, sá forseti Mexíkó sem lengst hafði lifað..

² Ingvar Emilsson (1926-2016) haffræðingur og Ástríður Guðmundsdóttir (1926-2015).

³ Ágústa Sigfúsdóttir (1941) sjúkrapjálfari, þá kona Vífils.

1972

Ingibjörg Eggertsdóttir skrifar Eggert Ásgeirssyni. Síðumúla. 1969.

Elsku pabbi minn! Ég segi allt gott núna. Prófin byrja 5. maí og upplestrarfríð 20. apríl svo nú þarf að setja í sig hörku og byrja að lesa. Það er svo mikið sem kennararnir hafa ekki komist yfir í vetur og þá þarf að lesa það svo vel. Ég er farin að kvíða fyrir þessu en vona allt það besta. Svo er ég alveg búin 29. maí.

Ég var að fá myndir og langar til að senda ykkur ömmu. Þið getið skipt þeim á milli ykkar eða hent þeim, hvort sem þið viljið heldur.

Ég fór heim í páskafrí og hafði það ágætt. Það var nóg af fólki þar. Ég fór á leikrit í Logalandi sem heitir svefnlausí brúðguminn. Það var hlægilegt en leiðinlegt leikrit, fannst mér.

Ég er búin að fara í skólaferðalag. Við fórum í Hlíðarfjall við Akureyri. Við fórum bæði á leikrit og bíó. Það var frumsýning á leikritinu Minkarnir, hjá Menntaskólanum og þeir buðu okkur á hana. Það var flott leikrit en torskilið.

Það skeður ekkert hérna svo það eru engar fréttir að skrifa um. Ég bið ofsalega vel að heilsa öllum. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Gústaf E. Pálssyni borgarverkfræðingi.¹ Rvík, 17.4.1972.

Þó ég væri fyrir löngu hættur í heilbrigðiseftirliti, kom það við taugarnar á mér að sjá brotið á grundvallarreglum hollustuverndar.

-- Með hækkandi sól komast smáborgarar í gott skap, taka ofan hattana, láta sólina verma skallann. aðrir skilja bílinn eftir heima og fá sér göngutúr í vinnuna. Ekki eru allir jafn heppnir með útsýnið á slíkri gönguferð; er tengdafrænda þinn þar á meðal.

Stórstreymt er um þessar mundir. Á föstudagskvöldið var flæddi klóak og sjór úr Lækjargöturæsi í Tjörnina. Var sú blanda eigi falleg að dómi áhorfenda. Slíkur atburður á sér stað nokkrum sinnum á ári, og hefur gert það svo lengi sem elstu menn muna. Máli mínu til stuðnings sendi ég mynd sem tekin var við sömu aðstaðu, sunnudaginn 25. apríl í fyrra. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ingibjörgu Eggertsdóttur. Rvík, 7.5.1972.

--Mikið þakka ég þér vel fyrir góð og skemmtileg bréf -- Það sem gladdi mig einna mest var hvað skapið þitt var gott, bjartsýni mikil og bréfin vel stíluð og skemmtileg. Sé eitthvað sem maður þarf að berjast fyrir, þá er það að halda í gott skap. Ekkert hjálpar meira í lífinu en einmitt það. Jafnvel þótt ýmislegt fari öðruvísi en til er ætlast, þá er um að gera að missa ekki móðinn. Nú ætla ég hreint ekki að fara halda neina stólræðu. Ég er eiginlega að hugsa um sjálfan mig og mína skólagöngu. Ég var ævinlega með mikla minnimáttarkenndi gagnvart skólanámi, það var ekki fyrr en eftir langan tíma að afloknu námi að ég fór nokkur veginn að jafna mig og fann að öll þessi vandræðakennd er ástæðulaus og veldur raunar sjálf skaða. Imma mín! Þetta er ekki predíkun. Ég er eiginlega að tala við sjálfan mig, enda sé ég sjálfan mig í þér þegar þú ert að berjast.

Ég sé nú að öll prófin hafa byrjað í fyrradag og vona að þau gangi öll vel, veit það raunar, enda hlýtur þú að vera hress í sálinni eftir skemmtilega Akureyrarferð, þótt nokkuð sé um liðið.

Héðan er allt hið besta að fréttu. Ég var að vinna fram á kvöld í garðinum, var að sá fyrir grænmeti og snyrta til og var í svo litlu svefnskapi að ég settist niður til að skrifa þér fyrir afmælið. Mér finnst ótrúlegt að þú skulir vera orðin svona gömul. Við höfum nú ekki haft sérlega mörg tækifæri til að kynnst, ég vona að einhvern tíma verði samt úr því, vonandi fyrr en síðar. Ég vona að hið margumrædda kynslóðabil komi ekki í veg fyrir það. Sjálfum finnst ég vera eða að verða leiðinlegri með hverju ári, allt snúist um vinnu og hugsunin um aðra taki á sig þá mynd, að maður voni að þeir bjargi sér eða biðji þá um það sem þeir vilja og geri það þá fyrir þá. Sennilega er slík afstaða röng og e.t.v. skaðleg fyrir mann sjálfan og þá sem umhverfis eru.

Ég sendi þér hér skrautmun eftir finnska listamanninn *Timo Sarpaneva*, sem ég hef legi dáðst að. Ég keypti þetta einu sinni þegar ég var í Finnlandi og vona að þér finnist það fallegt. Með þessu fylgja bestu heillaóskir og von um að prófið gangi nægilega vel til að framtíðardraumar þínir þess vegna geti ræst.

¹ Gústaf E. Pálsson (1907-77) átti frænku mína, Kristínu Guðmundsdóttur frá Móum. Frárennslismál hafði verið vonlaust baráttumál í Reykjavík, allan minn 15 ára feril við heilbrigðiseftirlit. Ég gat ekki losað mig úr því helsi.

Þá hef ég þetta ekki lengra að sinni. Ég geri ráð fyrir að allir biðji innilega að heilsa, en nú eru allir hér í húsinu í fastasvefni. Ég hitti þau svo ekki í fyrramálið, því þá þarf ég að fara á fætur fyrir allar aldir, því mikið verður að gera í vinnunni. Sumardvalarheimilin sem Rauði krossinn rekur eru að fara í gang og skyndihjálparnámskeið vorsins. Þannig gengur þetta í kapphlaupi lífsins.

Hafðu það gott, elsku Imma mín. Gangi þér vel og ég vona að ég heyri fljótlega til þín. Þinn elskandi. --

Friede P. Briem skrifar Ingibjörgu Eggertsdóttur. Rvík, 13.5.1972.

-- Þakka þér hjartanlega fyrir myndina sem ég var sannarlega glöð að fá frá þér. -- Eins þótti mér bréfið þitt til þabba þíns verulega skemmtilegt og nú vona ég að þér gangi vel í prófinu. Það er góður áfangi og nauðsynlegur að ná, því alltaf er meira og meira krafist af unglingunum, enda leiðir margar margar til að velja um. Vona ég að þú verðir vel upplögð -- Annars held ég ekki að t.d. Verslunarskólinn krefjist landspróf, en það er gott að eiga það í nokkurs konar sparisjóði.

Okkur líður öllum vel. Auður systir þín er alltaf að sippa, ég er viss um að ef ég hefði haldið við sippinu frá barnæsku, væri vöxturinn allur annar. Pabbi þinn og Sirri hafa verið úti í garði að vinna, við og við, túlípanar og páskaliljur eru í blóma og allt að lifna við.

Ég hef alltaf mjög mikið að gera -- Er ég sannarlega þakklát fyrir að hafa verkefni fyrir framan hendurnar og vinnuþrek, þrátt fyrir aldurinn --

Páll er nýkominn heim frá London þar sem hann vann á barnageðdeild til þess að læra meira í faginu og var mjög ánægður yfir þeirri dvöl. Hann er nú giftur aftur indælli og elskulegri konu frá Akureyri og á hún von á barni í sumar. Þau hittust fyrst í Moskvu, en þar var Páll á ferð, en hún vann í íslenska sendiráðinu. Hafa þau þekkt síðan, þó nú séu bráðum sex ár síðan. Síðan vann hún í utanríkisráðuneytinu hér, en er nú hætt að vinna og vona ég að hún kunni því vel og njóti þess að vera heima.--

Ég fór inn í Karnabæ til þess að kaupa eitthvað handa þér; allir vildu ráðleggja mér með ég ætti helst að kaupa, sem þér kæmi vel. En mér fannst einna best þegar afgreiðslumaðurinn sagði við mig: *Þú skalt endilega senda þetta og það er velkomið að skipta, og þá getur þetta orðið skemmtiferð um leið fyrir þessa ungu stúlku.*

Og þá veistu það -- Líði þér sem allra best --

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjartsd. skrifar Bo Y. Ákerrén. Rvík, 22.5.1972.

Þá er B.Y.Á. farinn með fjölskyldu sinni til starfa í Eþíópíu. Þangað voru að flytja, líka til starfa hjá alþjóðlegri kirkjustofnun, séra Bernhardur Guðmundsson og kona hans Rannveig Sigurbjörnssdóttir. Við hrósum þeim og hvetjum til að þau komist í samband.

Segjum það gott að hafa fengið fréttir gegnum þau um Árna Björnsson, sem þá virðist enn hafa verið þar.

--Här har vi haft mycket att göra efter utbrottet på Vestmannaeyjar, inte minst inom Röda korset som jag tycket att har spelat ut sina kort på ett icke omöjligt sätt. Men rehabiliterinsfasen är kvar och där börjar svårigheterna. Men inte är jag särskilt rädd. Arbetsamt har det varit och kommer sannolikt att bli.

Familjen mår bra, trosts, eller därför att pappa inte är mycket hemma. --

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík, 24.6.1972.

Segir þær fréttir að hann sé fluttur til Írlands, sem alla fjölskylduna, orðinn prófessor í þjóðsagnafræði við Dyflinnarháskóla; búin að kaupa sér hús. Vonast eftir heimsókn, því landið sé fallet! Erindið var það að segja okkur frá Íslandsheimsókn forvera síns í embætti, Séamus Ó. Duilearga, og dr. Whitaker, seðlabankastjóra¹.

-- fara þeir sjálfsagt á víð og dreif í lax og silungsveiði, mikið áhugamál þeirra Séamusar og Whitaker. Whitaker þessi er geðugur maður og óskaplega gáfaður -- fjármálaráðherra í mörg ár og þær miklu framfarir hér -- eru að miklu leyti honum að þakka. En - og þetta er mikilvægast fyrir mig; hann er einnig forstjóri á fjárveitinganefnd, sem kemur deild minni við - og hefur þar reynst hinn ágætasti maður. Það sem ég ætlaði að biðja þig um er þó ekki að taka Kenneth Whitaker að þér. Hann verður ekki á Íslandi í nema viku eða svo, og ég býst við að programmið verði fullt: veiðar, drykkjuskapur og *business*.² --

¹ Sem við áttum síðar eftir að kynnst.

² Náinn vinur Jóhannesar Nordal seðlabankastjóra.

Biður Eggert, ef ekki sé staddur á framandi stöðum, að sinna drengnum hans, sem hefur áhuga á fjallgöngum og ævintýralífi.¹

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Rvík. 7.7.1972.

-- Gaman var að heyra hvað þið hafið það skemmtilegt og eruð ánægðar. Vonandi hefurðu fengið skeytið frá Palla um dótturina sem fæddist þann 30. Allt gekk það vel og sótti Palli þær á Fæðingardeildina í morgun.

Við fórum svo með börnin í eftirmiðdag til að sjá þá litlu, og voru þau heldur en ekki hrifin af frænkunni. Ekki síst Auður, sem fór margar ferðir inn til hennar til að gæta að henni. Hún sagði líka þegar hún hafði verið lengi að bía dúkkunni sinni og gæla við hana: Hvenær eignast ég eiginlega lítið barn?

Eggert var að fá sumarfrí og erum við að undirbúa okkur fyrir ferðalagið á Snæfellsnes, yfir Breiðafjörð til Barðastrandar. -- Leggjum við af stað og gerum ráð fyrir að vera viku. -- Strákarnir eru svo spenntir að þeir vildu helst sofa í *anórökkunum* sínum, sem við keyptum fyrir ferðalagið. Það er svo margt sem við þurfum að taka með að ég skil ekki hvernig bíllinn á að rúma það.

Ég var heldur betur í vandræðum með barnfóstru í gær, en þá vorum við boðin til Löllu.² Heldurðu ekki að Hilda Helgason hafi enn einu sinni hjálpað okkur - með ánægju. Ég sagði henni að ég væri farin að skammast mín, en hún hélt nú aldeilis að hún hefði bara gaman af.

Það var gasalega gaman í boðinu hjá Löllu, mikið sungið og spilað, og það ekki listamenn af lélegra taginu, Stefán Íslandi, Magnús Jónsson. Gerðu það alveg dásamlega. Gestirnir voru óteljandi, einhver nefndi 70, aðrir hundrað.

Þetta er nú búið að vera meira taugastríðið út af Fischer. Hann er búinn að *terrorisera* alla með sinni sérvisku og undarlegheitum. --

Jæja, nú er klukkan orðin eitt, staflar af fatnaði og vindsængum liggja um allt. -- Hafið það skemmtilegt í Khöfn og suður frá. Við biðjum að heilsa Áslaugu Borg með þakklæti fyrir kvöldið hjá henni. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almqvist. Rvík, 28.7.1972.

-- Þakka þér stórskemmtilegt bréf og aðdáunarverða íslensku. -- Hjartanlegar hamingjuóskir með nýju stöðuna, sem ég veit að verður ykkur til gæfu. Það er sennilega vandi að setjast í þennan prófessorsstól, sem setinn hefur verið svo lengi með sóma af prófessor Duilarga. -- Þeir Whitakerfeðgar komu í gærkvöldi til landsins. Ég hitti Raymond um hádegið og mun hann borða hjá okkur í kvöld. Það sýnir að ferð hann mun verða skemmtileg -- *Vantar niðurlag.*

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 31.7.1972.

-- Ég var að enda við að vélrita fyrir einn gamlan karl sem hefur komið í mörg ár með smásögur sem hann semur og biður mig um að vélrita og lagfæra, sem veitir ekki af. Þegar við leggjum saman, hann og ég, þá er útkoman bara nokkuð góð hjá okkur, enda er hann ánægður með mig --

Við höfum verið að fara smáferðir í frí, ef svo er hægt að kalla, en Eggert kemst svo illa í burtu. Við fórum í vikunni einn dag og heimsóttum Steina og Steinunni.³

Svo fórum við að Laugarvatni í svefnpokapláss eina nótt og að Gullfossi og Geysi. Var það góð ferð. Leituðum við uppi sundstaði, því strákarnir eru með sunddellu og vilja taka 200 metrana í hverju pláss. Ég er líka stolt, búin að taka þá þrisvar. Annars er ég bæði syfjuð og þreytt eftir þessa ferð. --

Segir frá alvarlegum veikindum Einars Baldvins Guðmundssonar pabba Jójó, vinkonu hennar.

Líka frá Stínu, móðursystur sinni, sem er þreytt orðin að búa með Steinu systur sinni sem er alveg að missa heym.

Mamma hennar var í sumardvöl hjá Stellu og Haraldi í Stokkhólmi.

¹ Á fylgiblað hefur E.Á skrifað; Brúará, Hagaós, gistingu í Veidivötnum. Heimasíða manns með þessu nafni segir hann vera alþjóðlegan blaðamann, ritstjóra o.fl. Ekki nefir hann ætt eða íslandstengsl.

² Aðalbjörg S. Ásgeirsdóttir (1918-2005) aldavinkona fjölskyldunnar, mikil kaupsýslu, er oft hefur komið við sögu.

³ Þau voru þá sennilega í Búrfellsvirkjun.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Jórunni Ingimundardóttur. Rvík. 9.8.1972.

Segir mömmu sinn fréttir af fjölskyldunni og ferð fjölskyldunnar að Skógum. Einnig að Bergljót Líndal hafi farið að búa með Einari Guðjohnsen. En lukkan var skammvinn og hann fór aftur heim til konunnar sinnar og tveggja drengja.

-- Jæja, nú verð ég að snúa mér að arðbærara vélritunarverkefni. Ég fæ ekki hundrað kall fyrir þessa blaðsíðu. En bið að heilsa og vona að þið njótið því að vera öll saman þarna úti. --

Lóa Vennerström skrifar Friede P. Briem og fjölsk. Glänne. 25.9.1972.

-- Er ég ósköp þakklát fyrir að hafa fengið að upplifa ykkur öll á Bergstaðastrætinu - að þið eruð eins og þið eruð; dásamleg og *spirituell*.¹ Ykkar fallega heimili, öllu lystilega fyrir komið inni og dásamlegu blómin úti. Hvað er það sem gerir blómin á Íslandi miklu falgri en annars staðar - er það þroskinn hægi - gefur sér góðan tíma, þarf ekki sól, bara frískt loft sem þau lifa á. Þú sjálf, Fríða, sem tókst á móti okkur í Ólafsdal -- ég get ekki hugsað mér neitt fólk gera svona - og svo allt og allt - og svo kvöldverðurinn minnisstæði. Við vorum svo leiðar, að hafa ekki *litvél* og taka mynd af borðinu og ykkur öllum, það var svo sannarlega íslenskur kvöldverður sem ekki gleymist - ég sé ennþá fyrir mér fallega borðið með öllu því góða og svo allt vinsamlega fólkið í kring - allir glaðir, frír og frjálssir - og kliðurinn sem verður þegar fólkið hefur það gott.

Ég man einu sinni veislu hjá læknisfólki, var borðað í tveim stofum; var svo margt fólk að vertinn sagði dálítið sorglegt: „*Það heyrist enginn kliður*“ það var ekki svo, einhver undarleg þögn þó margt fólk væri þar. Það er leiðinleg að gera svo mikið fyrir fólkið, og það ekki upplyft.

En það var nú svo að ekki er alltaf gaman þó vel sé veitt - stundum eru allir upplyftir - stundum er kliðlaust, og þá er vertunum vorkunn. Það er svo mikið talað um *kontakt* og er mikið misnotað orð. Því *kontakt* er svo sjaldgæfur, þó sá sem tali haldi að hann eða hún nái *kontakt* en er samt svo fjarri sem framandi tunga. --

Segir frá því að Else-Mari dóttir hennar og Hilding maður hennar séu að byggja yfir sig á lóðinni, skammt frá henni og verður dásamlegt að ganga út og inn í náttúruna eins og ég get.

-- Blessuð öll, stór og smá - það er svo hlýlegt að hugsa til þess hversu allt er got kringum ykkur --

¹ Andrík.

1973

Lóa Vennerström skrifar Páli Ásgeirsyni. Glänne. 4.1.2973.

-- Hvers vegna finnst mér Kiljan Laxness svo yfirgnæfandi leiðinlegur sem rithöfundur? Hef ekki neitt lesið síðan ég las leikrit - sem gekk, þegar ég var heima. -- Svo las ég leikritið - les leikrit mikið og gæti sagt að fátt privatfólk á jafn mikið af leikritum en ég -- fátt privatfólk á svo mikið af leikritum hér í Svíþjóð -- því þeir lesa ekki leikrit -- Ég fékk pakka frá Íslandi sem leit út eins og bók og hugsaði: *Jesús minn góður veri mitt skjól*, þetta er auðvitað síðasta bók Kiljans, sem og var. Ég lét sem ég hefði aldrei lesið neitt af honum - ég las -- 56 blaðsíður, en gafst upp --svo leiddist mér bókin. -- Segðu mér - hvers vegna -- hvað er að mér - og ógurleg vöntun --

Ég ætla að segja þér frá mínum fyrstu kynningum við Laxnes. Var eitthvað „íslenskt“ sem skeði og maður sem stóð fyrir veisluhaldi -- í Höganloft á Skansinum hringdi og spurði hvort mætti bjóða okkur í middaginn. Ég sagði: „*Ivar kemur eflaust - en ég kem ekki.*“ -- „*Hvers vegna*“, spurði sá elskulegi maður. „*Vegna þess að sé veisla fyrir Íslendinga fæ ég aldrei að sitja hjá mínum landsmönnum, heldur alltaf við hefðarborðið, og ég stend ekki út með það.*“ Vissi ekki þá hvað framundan lá og hversu margar veislur, sitjandi hjá háttsettum „*fremragende*“¹ persónum, áreiðanlega 10 árum yngri en ég. --

Eftir litla stund hringir þessi náungi og spyr hvort ég vilji koma ef ég fengi Kiljan Laxness við borðið? Jú, „*det gick för sig*“, og ég kom. Kiljan var frá fyrstu stund á tali við sendiherrann = sendiherrans. En ég skeytti honum ekki mjög því á móti mér sat gömul vinkona mín frá Sollefteå, ákaflega skemmtileg. Hún var heima í Íslandi og hafti tvisvar komið þangað og þegar hún flutti til Sollefteå heyrði hún að íslensk kona væri í bænum, kom hún ríðandi á húðarklár eða vagnhesti - því míla² var til þess staðar sem við bjuggum. Af því varð æfilöng vinátta og má segja að við værum báðar „*crazy*“³. Þarna var hún, allir höfðu það dásamlega skemmtilegt við boðið en enginn tók eftir veslings Kiljan. Svo hitti ég hann aftur hjá sendiherra Dana í „*Íslensku vikunni*“ og einnig Kristmann Guðmundsson, giftir sinnhverri systurinni.⁴ Laugardagsmorgun kl. 1/2 9 hringir Kiljan og spyr hvort hann mætti koma út og drekka morgunkaffi. Ef „*hissa*“ var til þá varð ég hissa - og hann kom og við drukkum kaffi í frámunanlegu (!) samkomulagi - þessi tími dags sem samt er ekki upp á mitt besta en við vorum kannski svo gerð að allt gekk furðanlega. --

Segir frá skemmtilegri sambýliskonu þekkt gagnrýnanda við Socialdemoktaten - skemmtilegri merkiskonu sem leit líka inn í morgunkaffið, sem fékk laun eftir hann frá blaðinu.

--Kiljan: *Hvaða kona er þetta?* Ég sagði honum það sem ég segi þér - ég vissi að hann mundi skilja þetta - og hann segir: „*Jahá, það sem við köllum viðhaldið!*“ Hefði hann gefið mér utanundir - hefði ég ekki orðið meira forviða - en nú eftir að hafa lesið 56 blaðsíður af bókinni, get ég verið þakklát fyrir að hann kallaði þessa elskulegu, *spirituelli*,⁵ en höltu konu, *mellu* (?) eins og hann kemst að orði. --

Þetta skeði fyrir 37 árum síðan og þetta er eitt af þeim fáu sárum sem ekki hafa gróið. Ég man árið, en ekki mánaðardaginn, því góður kunningi hringdi (og sagði) að ný stjórn væri útnefnd og Ívar var í henni. Af einhverju giskaði hann Halldór -- ætti að heita eftir hans hversdagsmáli - að skrift, meina ég: *Þér eruð kannske orðin ráðherrafrú!* Ef til vill, sagði ég - hann kvaddi og fór.

Þér finnst þetta smáatriði auðvirðilegt og ekkert að festa sig við - en enn þá - sé ég: Borðið við gluggann og bollana - Kiljan - Júttan (?) - og mig sitja þar í Álsten og spjalla - því allt varð jú skemmtilegt þegar hún kom inn - ekki svo sérlega áður - við vorum ekki á sömu bylgjulengd - skiljanlega. Einkennilegt í sjálfu sér - sem rithöfundur er hann mér „*liggyltig*“⁶ en sem persóna er hann sem (*hann*) væri negldur heimagerðum nöglum - ég get ekki orðið af⁷ með hann!! --

Pakkar öllu frændfólkinu elskulegheit.

-- Þú sem óskaðir eftir lítilli stund með mér einni - yfir það kemst ég aldrei - en svona nokkur er svo positívt og sem, ef hægt væri, yngdi mig upp, og gerði það.

¹ Háttsettum.

² 10 km.

³ Snarvitlausar.

⁴ Halldór Laxness átti Ingu, og Kristmann átti Áslaugu sem giftist til Khafnar. Þær voru dætur Einars Arnórssonar hæstaréttardómara og ráðherra.

⁵ Andríku.

⁶ Stendur á sama um.

⁷ Mun þýða: Ég gat aldrei losnað við hann úr hugskotinu.

Friede P. Briem skrifar Lóu Guðmundsdóttur Vennerström. Rvík, 2.2.1973.

-- Það var dásamlegt að fá bréfið þitt. Hugarflugið á ekki sinn líka og allir þeir strengir sem þú slærð á, eru sannarlega þannig að þeir setja allt á stað innra með mér.

Þakka þér hjartanlega fyrir s.kr. 200 til Rauða krossins sem kom með skilum í mínar hendur og ég afhenti Eggert. Hann sendir þér svo kvittun og línu þegar hann fær stund til þess. Vinnudagarnir hafa verið langir og strangir hjá honum, en það er mikil uppfylling að leggja á sig vinnu fyrir slíkan félagsskap, sem getur lagt eitthvað til hjálpar. En í mörg horn er að líta. Allt í einu geta þessar fáu hræður sem á Íslandi eru sameinast um að rétta meðbræðrum sínum hjálparhönd, þegar ógnvekjandi atburðir gerast. Daglega er auðvitað hver höndin upp á móti annari og skammir og óhróður ganga fjöllumum hærra. Það er hræðilegt að vita að svona hörmungar þurfi að dynja á saklausu fólki til þess að almenningur sýni að einhverjar ærlegar og góðar taugar séu í okkur.

Seinast þegar t.d. listamenn hnöppuðust saman, allir sem einn, var þegar Jónas frá Hriflu réðst á þá og sýndi myndir eftir bæði Jón Stefánsson og Kjarval, til að sýna fram á það hversu fráleitt það væri að ísl. ríkið styrkti þá og sóaði fé til þess að smyrja á léreft fánýtar herfilegar myndir, sem gerðu ekkert nema eyðileggja okkar þjóðarstolt. Þá stóðu listamennirnir saman, allir sem einn. Nú er Jónas horfinn og hver höndin upp á móti annari í þeim hópi. En eldgosíð segir líka til þess þar. Í næstu viku verður opnuð sýning í Listasafni Íslands á listaverkum sem gefin eru af listamönnum og seld til ágóða fyrir Vestmannaeyinga; er von að allir bregðist við og kaupi málverkin dýru verði.

Sendir henni fréttir og blöð um eldgosíð í Eyjum.

Þetta eru ógnvekjandi hörmungar, alger röskun á högum manna og áhyggjur fólksins miklar. Fólkið hefur orðið fyrir sjokki sem nú er farið að segja til sín. Og þá er geðheilsan í veði. Nú hefur verið opnuð ráðleggingarstöð að uppástungu Palla, til þess að reyna að verða að liði og aðstoða Vestmannaeyjalæknana. Borgarlæknir, fyrri húsbóndi Eggert lánar skrifstofuna þar sem er mjög góð aðstaða, símakerfi og nóg af herbergjum og allt fólkið sem þangað kemur til starfa verða sjálfbóðaliðar, sálfræðingar, félagsráðgjafar o.fl. Palli heldur sig á bak við, þar sem margir, sem þekkja ekki nógu vel til, eru hálfsmeykir við geðlækna.

Einn daginn hringdi til mín kona, vegna þess að hún hafði ekki náð í Eggert. Þessi kona kom til mín þegar hún var 11 ára gömul og passaði Eggert þegar hann var á fyrsta árinu. Hún var svo einkennilega skyggn, að ég var orðin myrkfælin, svo að ekki var tauti við mig komandi á Vesturgötunni, þar sem hún sá margt og mikið í kringum mig; þorði ég að síðustu varla að ganga á milli herbergja, þegar ég bjó þar. Þegar við fluttum hingað árið 1930 þá fyrirbauð ég henni að segja mér frá fleiri reimleikum þegar þangað kæmi. En hún var áfram hjá okkur, þessi indæla stúlka, fór síðan í Verslunarskólann og bjó þá hérna, þar sem heimilisástandur hjá henni voru erfiðar. Hún er Ásgeirsdóttir, og af óskhyggju, sem ég alls ekki skildi þá, sagðist hún vera dóttir Ásgeirs míns. Þetta féll mér nú ekki allt of vil, verð ég að játa, og það myndaðist dálítið bil á milli okkar. En öll bil er hægt að brúa og þá líka þetta, og þó ýmislegt hafi á daga hennar drifið, hefur hún alltaf sýnt mér mikla tryggð og er oft búin að gleðja mig. Hún er í góðum efnum, og erindið var, eftir þetta langa innskot hjá mér - að bjóða fram stóra fjárfélgu til Rauða krossins og vinnu ef hægt væri að nota hana.

Þetta og bréfið þitt, ásamt mörgu öðru kippir manni upp úr því að segja að nútímafólk hugsi bara um sjálft sig og láti allar hugsjónir lönd og leið. Við finnum til einhverra órofa banda sem tengja okkur öll saman, þegar raunir stöðja að.

Einn daginn kom kunningi Eggerts, hóteltjórinn á Loftleiðahótelinu, Erling Aspelund, og sagði: - Ég ætla að taka mér viku frí, sem ég á inni. Geturðu notað mig til einhvers?

- Jú, svo sannarlega. Geturðu tekið að þér mötuneytið í Vestmannaeyjum og hvílt brytann, sem hefur lagt nótt við dag frá því gosið braust út?

Og ekki stóð á framkvæmdinni, hann flaug til Eyja á samri stundu, veslings brytinn gat fengið langþráða hvíld og skipulagið komst í ljómandi lag, enda fór hjálparsvitunum fjölgandi dag frá degi, bæði við flutninga og vikurmokstur, svo ekki veitti af að öllum þessum sjálfbóðaliðum yrði séð fyrir góðum og nærandi mat.

Hér í nágrenninu eru Vestmannaeyjafjölskyldur, tvær búa í Bergstaðastræti 74. Þar er Ásgrímssafn í öðrum endanum, en í hinum bjó Gunnlaugur Scheving listmálari, en hann dó rétt fyrir jólin. Þar sem hann er ekki fjölskyldumaður arfleiddi hann Gunnlaug Þórðarson lögfr., son Þórðar læknis á Kleppi að húsinu, og hann ráðstafaði því á þennan dásamlega hátt. Þarna fyrir utan standa barnavagnar fyrir utan með þeim einu einstaklingum sem ekki vita um alla þessa hörmungarviðburði sem dunið hafa yfir foreldra þeirra. Þau sofa vært, og krakkarnir (í götunni) sem eru annars talsvert háværir, taka tillit til barna og hafa hljótt um sig í námunda við barnavagnana. --

Ég er alltaf önnur kafin við fjölrítun og gleðst yfir því af einlægum huga að mér skuli ekki hafa verið sagt upp og ég þyrfti að sitja auðum höndum. Þetta er svo einstaklega skemmtileg vinna, fjölbreytileg og í hvert skipti sem einhverju stóru verki er lokið, er ég sæl með mig, en stöðugt bætast ný verk við. Hugsaðu þér hvað maður er lánsamur að hafa svona vinnu heim hjá sér. Og -- blessunin hún tengdadóttir mín er alltaf reiðubúin að taka að sér einhver verkefni, stór og smá. Ég fjölrita öll leikrit fyrir Leikfélag Reykjavíkur, en Sirrí vélritar þau og tekur af mér mikið ómark og fær líka aukatekjur, sem allar ungar konur þurfa á að halda. Er þetta einn liður í nýtingu starfskrafta þjóðfélagsins, sem alltaf er verið að staglast á. --

Ég held að mál sé að linni, ég er komin út á hálfgerðar villigötur í filósófiunni, sem ég kann ekkert í. Og verst að hlífa þér við, enda getur enginn keppt við þig í bréfaskriftum, það er svo ótrúlega skemmtilegt sem þú festir á blað - ég verð að segja að þú átt engan þinn líka. --

Segir frá Sigurði Nordal sem kom með gjöf til hennar, lystilega litaða mynd úr Gaimardleiðangrinum, sem hann hafði keypt í Danmörku.

-- Var ég snortin yfir þessari gjöf frá honum. Sigurður er þjakaður af liðagigt og orðinn mjög boginn, enda getur hann varla hreyft sig nema að fá sterkar lyfjasprautur. --

Segir frá Vestmannaeyjasöfnun Rauða krossins.

Þakkar heimsókn Lóu ásamt tveim kynslóðum afkomenda hennar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík, 22.2.1973.

Þakkar kveðjur og fjárframlag til Vestmannaeyinga og leggur með kvittun.

-- var það jafn vel þegið og hefði það verið til mín.

Það mál er búið að vinda mikla orku úr mér undanfarinn mánuð og sér ekki fyrir endann á því. Féð hefur streymt að Rauða krossinum, svo nú fer að vandast málið, hverjir verða næstu leikir. Framkvæmdir hafa hvað félagið snertir tekist mjög vel hingað til. Því miður verða stjórnkerfi eins og við búum við ófær um að gegna sínu hlutverki; stefnumörkun tekur svo langan tíma, - til þess að forðast mistök - að veslings fólkið sem fyrir ógæfunni varð, verður fyrir enn frekari miska en áður, því er haldið í óvissu allt of lengi. En það eru fleiri en Vestmannaeyingar sem fyrir vanda verða. Fjölskyldurnar sem tóku á móti þeim, með góðum hug, verða allt í einu varar við að gamli afi eða kær mágkona eru ekki sérstaklega þægileg í sambúð til lengdar, og geta ekki bjargað sér í gjörólíku umhverfi. Fólkið sem vann í frystihúsinu gerði það af því að þar voru allir, þar var skemmtilegt og það vel borgað, stutt að heima. Hér er ekkert af þessu og annars konar fólk en þar. Fólkið missir sinn status í lífinu, hefur lifað vel, eytt miklu. Að hverju er verra að laga sig en einmitt því.

Þessa dagana er víða ógæfa að gerast og verður enn meiri á komandi vikum. Það sem við í Rauða krossinum leitumst við að gera er að fylgjast með fólkinu, reyna að hafa fingurinn á púlssi þess, kanna þarfir þess og óskir; nokkuð sem mér finnst flestir ráðamenn vera á allt of háum palli til að reyna. Þetta trúir ég að verði lykillinn að framkvæmdum okkar.

Í fyrramálið förum við Sirrí til Osló. Ég er sendur þangað til að ráða ráðum mínum um ráðstöfun söfnunarfjár, bæði þar, í Stokkhólmi og Helsinki. Þetta verður skjót ferð, en ég er mjög lukkulegur með að svo tókst til að Sirrí er leyst af hólmi hér heima. Mér leiðist að ferðast og fellst á það sem Laxness leggur Garðari Hólmi í munn að það sé mikil óheppni að lenda í ferðalögum

EKKI verða samt margar stundir lausra fyrir mig, en Sirrí verður væntanlega ekki í vandræðum með sig meðan ég verð á *mikilvægum fundum (!!)*.

Eins og ævinlega er enginn tími til að bregða sér á bæi, nema í Helsinki, þar fáum við tvo daga aukreitis um næstu helgi; svo heim aftur og gamla streðið byrjar á nýjan leik, til mikillar ánægju, þegar vel gengur. -- von um bráða endurfundi --

Lóa Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 27.2.1973.

-- Ég hef verið að hugsa um hvað ég eiginlega hafi gert rétt og ráðugt að fá svona bréf frá þér og svo í gær frá Eggert. Hvert sem ég leita aftur í tímann - ég nái ekki í neitt sem gefur innstæði til að fá svona bréf. Svo varð ég hálf slegin út af þínu fallega og skínandi máli - svo ríkt og svo indælt einhvern veginn. Það er svo engin afsökun - að lifa í tveim tungumálum - mér finnst ég svo orðfátæk, bæði á íslensku og sænsku. En svo er hitt, hefði ég verið kyrr á Íslandi, myndi orðamagn mitt vera eins fátækt.

- Ég þakka innilega fyrir öll blöðin - hef lesið þau aftur og aftur. --

Ég hef svo sem þekkt þig í fjölda ára - en mér finnst fyrst nú, í þínu ljómandi bréfi, ég hafi fengið eitthvað af þér sjálfri. Það er jú svo gott að hittast - en því lengur sem ég lifi, því minna þorir maður að gefa af sjálfri

sér. Ef þú hefur ekki skrifað, þá hefði ég aldrei vitað um barnastúlkuna þína sem var dóttir Ásgeirs. (Sjá bréf F.P.B. 2.2. '73). Þetta sýnir hvað miklu fremri þú var á þessum árum, en flestir aðrir, og er fyrst seinna sem maður skilur að þetta var langt fyrir minn tíma - eins og aldir.

Ég má til með að segja þér litla sögu viðvíkjandi þess háttar. Í Östersund bjó þingmaður, kona og dóttir, sem eignaðist dreng. Pabbinn hvarf og afinn og amman tóku drenginn og mamman skipti sér ekki af barninu, vildi helst strika hann út. Svo leið tíminn - drengurinn var 16 ára, afi hans dó og það varð þröngt í búi - og hvað skeður. Hann fer upp á skrifstofu mannsins, sem var giftur mömmunni, og sagði blátt áfram: *Ég er sonur konu þinnar!* Og hvað skeður - stjúp-pabbinn tekur drenginn og faðmar hann og býður hann velkominn og í símanum til konunnar sagði hann: *Hafðu eitthvað gott til miðdags - ég hef kærán gest með mér!* Og allt endaði elskulega og innilega - Þetta var jú fyrir hans tíma - og svo fékk hann þarna nærri uppkominn son, svo til *gratís*. -- Þessi stjúp-pabbi og þú eruð eitthvað skyld. Munurinn er sá að þú varst svo ung og gast þó komið í gegnum þetta. --

Ég er svo þakklát þér að þú gafst mér þetta atriði frá ykkar yngri árum, eins og hugsunarhátturinn var þá og þú uppalin í hörðum guðsóttu - ég dáist að þér að þú skildir „*det mänskliga*“¹ í þessu. Fríða mín, „*mitt hjarta löper i väg mot dig*“, full aðdáunar.

Og svo fékk ég indælt bréf frá Eggert, er eins og skrifað til manneskju - ekki til gamallar konu. Og svo sendi hann mér mynd af Auði og mér með orðunum: „*Auður frænka þín sem ræðir við fulltrúa foraldarinnar um vandamál samtímans*“. Finnst þér þetta ekki sætt? Ég verð að segja að myndin er svo sönn eitthvað - sæta litla Auður og svo aldraða konan - eins og gömul kona á að vera - hvíthærð - hrukkótt - gamlar hendur. Ég var svo hreykin yfir okkur báðum og þá samstundis „*sat*“ ég á „*fallarbakkanum*“ og hún á allt eftir - og svo hvað? sem þú svo (*upp?*)málandi kemst að orði. Hvernig verður hún Auður, ef til vill, áttæð? Hún sem er alin upp við allt gott og allt það besta mætir henni - en - kemur hún til með að standa sig, eins og við sem erum aldar upp við stjórnsemi og allir, sem í kringum mann voru, vissu best. Þú á þinn hátt og ég á Bakkagrandanum að staulast við að breiða og taka saman saltfisk, passa kýr. Oft var kalt -- það eina sem var „*tacknämligt*“ viðvíkjandi mömmu, að sjá um kýrnar.

Heldur þú að Auður 75 ára eða kannski bara sextug skilji hvað gott hún átti ung - ég geng út frá því að Ísland sé kyrrt á sínum stað og framhaldið nokkurn veginn - kannski hefur hún ekkert að bera saman við.

Það er svo ánægjulegt að lesa hvað þú ert ánægð með þitt starf, þinn *karrier*. Mér finnst þið svo margar konur svo stæðilegar og stólpagripir. Þá hugsa ég: Þú, Ulla Vinnerström, Rína Guðmundsdóttir og Stína í Móum, hún með allan sinn hóp, og Unnur Óladóttir, og fleiri og fleiri. Ég er alltaf jafn forviða á dugnaði ykkar, samanjafnað við mig og Ástu - við bara *vegeterum*.² Í 27 ár hef ég ekki gert neitt nema notið lífsins og gert alveg það sem mér sýnist og ég myndi ekki geta lifað svona yndislegu letilífi, ef ég hefði ekki breitt blautan saltfisk á grandana. - Bakkagrandana.

Nú skil ég hversu mikill tilgangur það var að alast upp við strit, hlýðni, skrökva sig út úr einu og öðru, stela tvíböfum og því sem hægt var án þess að vera tekin föst!

Einu sé ég eftir og það er að tala aldrei við mömmu, spyrja hana um hennar æsku, tilhugalíf og af hverju hún varð *gleðilaus* og *ljómalaus*. Hvað var það sem gerði að hún var aldrei glöð, gat ekki skemmt sér - var það mamma hennar - voru það öll þessi börn sem hún fékk án þess að óska eftir þeim og voru á móti hennar upplagi. Hvernig myndi mamma vera ef hún hefði fæðst núna í frelsi og ekki vera stjórnað - fyrst af mömmu sinni - svo af pabba.

Af hverju var mamma þín svona harðstjóri? Hennar trú var að leiða ykkur réttu leiðina - haldast í þeirri stétt sem þið fæddust í - en ekki hefði hún trúað eða skilið að þú - sú eina sem giftist utan þinnar stéttar, ert sú sem hefur gert *verulegan* *karrier*.³ Í þér var fólgin dugnaður - kannski frá mömmu þinni - enginn veit hvaðan þetta og þetta kemur - en það er *interessant*, hvað verður svo Auður að ganga í gegnum. Enginn stýrir henni - hún elst upp við yndi og fegurð - allt er ennþá allt það besta - sem hægt er að sjá - en hvað er svo það besta?

Ég sé líka eftir að ég kynntist ekki mömmu minni meira og fræddist af henni. Hún vissi svo margt og ég fór svo snemma heimanað og veit því ekki neitt. En það er kannski með mig eins og Eggert - ferðalög eru ekki okkar músik. Ég verð tóm þegar ég fer heimanað, merkilegt að ég sé ekki rótföst. --

¹ Það mannlega.

² Erum sem grænmeti?

³ Umsalsverðan starfsferil?

Eins og oft, koma upp í minnið viðvíkjandi atriði. Á mínu fyrsta „skólaballi“ - þú ert of ung til að muna eftir Skólaballsviðburðunum. Var boðin af Ólafi frá Hrófsskála og við hliðina á mér sat Guðmundur Kamban¹ sem þá var skólapiltur. Ég man ekki eftir að hann segði neitt við mig, í það minnsta man ég ekki eftir því - en hann hélt ræður; eina sem ég man, var að hann einhverra hluta vegna sagði að gott væri að setja græn gleraugu á kýr, svo grasið yrði grænt. En í hvaða sambandi? Þetta er nú tóm vitleysa, því ef gras er nokkurs staðar grænt, þá er það á Íslandi. En hann var ákaflega fallegur piltur - mig minnir að hann væri fæddur í Bakkakoti á Seltjarnarnesi. --

Nú skal ég ekki þreyta þig meira. Hafðu ekkert samviskubit að skrifa ekki - þótt indælt væri - ég veit hvað þú hefur mikið að gera --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 7.4.1973.

Pakkar fyrir móttökurnar í Stokkhólmi og gaman hefði verið að sjá hvað þau hafa komið sér þar vel fyrir. Og einstaklega gaman að vera með börnunum og hvað þau hefðu verið þolinmód við okkur.

-- Mikið verið að gera síðan ég kom heim. Má segja að viðskiptavinirnir hafi beðið eftir mér. Það er ótrúlegt hve skriffinnskan er mikil hér. Sem betur fer segi ég, því gott er að hafa nóg að gera.

Eggert hefur haft mikið að gera í sambandi við Vestmannaeyjar og verður erfitt að leysa öll þau vandamál sem óhjákvæmilega verða í sambandi við svo mikla *kataströfu*² sem þessa. Fjölskyldumálin eru erfiðust, því þær hafa tvístrast vegna húsnæðisskorts o.fl.

Segir fréttir af veikindum Steinunnar mágkonu sinnar vegna meðgöngunnar og líka Steinunnar móðursystur sinnar.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Jórunni Ingimundardóttur. Rvík. 4.8.1973.

-- Þá erum við komin úr hálfsmánaðarferðalagi um landið -- Ég verð að viðurkenna að ég saknaði rúmsins míns og uppþvottavélarinnar og óteljandi hluta. En við vorum einstaklega heppin með veður. Krökkunum var farið að þykja nóg um alla þessa sól. Við bættist kæfandi rykið á vegunum. Við komum á marga staði á landinu sem við höfðum ekki séð áður. Fórum t.d. fyrir alla skaga á Norðurlandi, vorum í fimm daga um kyrrt í Hallormsstaðaskógi. Þar var svo heitt og fallet að við áttum erfitt með að slíta okkur þaðan. Við fórum um Austfirðina og þræddum þá alla til Hafnar í Hornafirði. Þar bilaði bíllinn, ekki alvarlega, en þar var ekki hægt að gera við hann svo við urðum að senda hann með skipi til Rvíkur og fljúga heim. Maður er reynslunni ríkari, eftir svona ferðalag og höfðum mikla ánægju af að kynnast stöðum á landinu sem við höfðum ekki séð, en heyrt talað um.

Í gær fórum við í heimsókn til Siddu og Halldórs.³ Fannst mér Halldór líta betur út en þegar ég sá hann síðast, eða áður en þau fóru út. -- Sidda sagði reyndar að hann væri ósköp svipaður. Þau höfðu reyndar farið að Búrfelli og verið þar í tvær nætur. Sidda leit mjög vel út, mikið sólbrún. Þau höfðu hitt Steina (*bróður hennar*).

Rósa og Jórunn höfðu bakað kökurnar og stóðu yfir okkur allan tímann meðan við drukkum, fylgdust með hvernig okkur varð við, eftir hvern bita. Mjög stoltar.

Við fréttum að ferðin til Stokkhólms hefði gengið vel og að þú hefðir sótt vel að Stellu. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 21.8.1973.

-- Það er erfitt að setjast niður og skrifa þér núna, eftir þessar sorgarfréttir. Það er líka erfitt að sætta sig við tilveruna, þegar hún bregst manni svona.⁴ -- Eggert sagði að Arnheiður⁵ hefði verið ansi aum og lítilfjörleg, en hún hefði strax hresst við, þegar hann fór að dreifa huga hennar og minnst á ýmislegt sem þyrfti að gera, setja auglýsingu í blöð o.s.frv. --

Ræðir farseðilsbreytingar fyrir Jórunni sem ætlaði að dveljast lengur hjá Ingvaldi. Talaði við Vinnufatagerðina um breytta komu hennar til vinnu.

Segir frá að margir hafi hringt og beðið um kveðjur til þín.

¹ Guðmundur Kamban (1888-1945) var sagður hafa búið ungur í Litlabæ á Álftanesi.

² Ægilegur atburður.

³ Guðrún Dagbjartsdóttir og Halldór Jónatansson.

⁴ Haraldur Guðjónsson (1929-1973) húðsjúkdómalæknir.

⁵ Arnheiður Jónsdóttir kennari og forystukona í samtökum náttúrulækningamanna.

-- Ég bið góðan guð að styrkja þig, Stella mín, og veit að þínir mörgu og góðu hæfileikar koma sér nú vel. Eggert biður að heilsa -- við viljum gera allt fyrir þig --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Rvík. 27.8.1973.

-- Það var óneitanlega skrítið brúðkaupið hennar Þórhildar frænku þinnar. Páll flýtti sér svo með hana inn gólfíð, að hún varð töluvert á eftir honum.¹ Svo grét Eva svo mikið að það heyrðist um alla kapelluna, frekar í líkingu við jarðarför. Presturinn predikaði náttúrulega fyrir ungu hjónunum -- en Páll stóð hjá og hlustaði sneypur á. Það fór allt vel heima á eftir, en samt var stemmningin einhvern veginn taugaveiklunarleg. Þórhildur var reglulega sæt og tók sig ljómandi vel út í hvítum kjól frá Báru, ansi fallegum. Eiríkur er líka reglulega myndarlegur piltur og traustvekjandi.

Palli hefur verið grasekkjumaður og komið oftast en venjulega í heimsókn, Ýmist til að tína maðka eða í grillpartí, en það hefur einu sinni verið hægt að sitja úti og grilla. -- Jójó og Óli fóru til London í gær og verða þar í viku. Mér finnst allir vera í burtu sem ég þekki. --

Börnin telja dagana þangað til þú kemur. Einn daginn sagðist Auður ætla að passa símann á skrifstofunni. Klukkan var reyndar orðin fimm og enginn hringdi. Svo ég fór upp og hringdi og spurði eftir þér og var hún fljót að grípa símann og svara upphátt 12250, sem hún var búin að reyna að muna upphátt. Sagði að þú værir á Spáni, á Costa del Sol. -- Hafðu engar áhyggjur af skrifstofunni, henni hefur aldrei verið betur stjórnað! --

31.8. -- Auður var að fara í síðasta sinn í Grænuborg í dag og var heldur en ekki stolt. Hún hlakkar mikið til að byrja í Ísaksskóla. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Birni Tryggvasyni.² Rvík, 30.8.1973.

B.T. er einhvers staðar á ferðalagi og ég er að reyna að gæta sjoppunnar!

-- Ég vona að þú og þið hafið það huggulegt. -- Davíð (*Scheving Thorsteinsson*) verður ekki á landinu og Kjartan Jóhannsson³ verður með aðalfund FÍB, svo ekki getur hann stjórnað fundinum. Ég hef ekki rætt við fleiri og er alveg ráðalaus hvað þetta snertir.

Fulltrúafjöldinn virðist ætlað að verða mjög mikill, kannski 70-80. Ég held ekki að það sé vit að efna til kokkteilpartís í skrifstofunni. Fulltrúarnir fá svo margt ókeypis og svo margt fyrir þá gert að kostnaðurinn verður óheyrilegur. Væri alveg eins skemmtilegt að fá sér kokkteil á eigin kostnað á Hótel Sögu. Á að bjóða eiginkonunum með þangað ókeypis.

Ég var að tala við Davíð og rifjaði hann upp forsögu 50% málsins. Ég átti tillöguna að fyrsta happdrættinu þegar ég var í stjórn Reykjavíkurdeildarinnar og var ætlunin að nota peningana til að kaupa sjúkrarúm, sem ekki varð úr. Næst var það að RKÍ ákvað að efna til happdrættis um land allt og hefur með þeim hætti verið hægt að auka tekjurnar af því 2-3 sinnum. Það var úr vegna þessara forsögu að láta deildir fá 50% ágóðans og hefur þannig verið hægt að skila Reykjavíkurdeild þetta 900 þús. kr. á ári, auk fjölda félaga. En RKÍ hefur haft allan veg og vanda af framkvæmdinni þó með hjálp sjálfboðaliða úr kvennadeild og RKÍ undanfarið. Röksemdir eru þessar gegn 50% *argúmentinu* ⁴:

1. RKÍ fékk leyfið frá dómsmálaráðuneyti eftir að hafa fullvissað forsætisráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustj. að RKÍ væri traustsins verður. Hann myndi einungis nota tekjurnar í verkefni sem kæmu allri þjóðinni að gagni.
2. Tekjuskipting verður mjög tilviljanakennd og í engu samræmi við þarfir.
3. Útlit fyrir að allmargar deildir geti orðið afskiptar þar sem dreifing staðanna fer mjög eftir því hvar ferðamannastraumur liggur --
4. Ef RKÍ á að gera eitthvað mikið, t.d. ef það reyndist svo að starfið við heilsugæslustöðina í Breiðholti heppnaðist, gæti orðið þörf fyrir slíkt víða á landinu --

¹ Þessari sögu brosti ég að, þar til ég skeiðaði sjálfur með Auði mína upp að altarinu, enda var ég eins og Páll frændi minn, alveg óvanur slíkum gönguferðum, sjálfsagt farinn að missa heyrn, því ekki heyrði ég, er hún bað mig um að ganga hagar.

² Björn Tryggvason (1924-2004), þá formaður Rauða kross Íslands. Kona hans var Kristjana Bjarnadóttir (1928-90).

³ Kjartan Jóhannsson (1907-87), alþingisma áður; læknir.

⁴ Röksemdafærslunni.

5. Stefna Rauða krossins á að vera sú að til hans sjálfs renni sem minnst af tekjum og að til ráðstöfunar komi í fjárhagsáætlun sem mest til annarra verkefni. Mætti hafa það sem stefnumið að til RK renni 25% til verkefna um land allt, 25% til verkefna deilda, 25% til verkefna í höndum annarra en RK og 26% til hjálparstarfa utanlands og innan, uppbyggingarverkefna o.fl.

6. Söfnunarkassarnir eru eitthvert vandasamasta fjárföflunarfyrirtæki sem hægt er að ráðast í, greinargerð fyrir ráðstöfun tekna verður að vera fullkomin og hægt að gera grein fyrir hverri krónu.

Ég sendi þér smá efni út af inngangsfyrirlestrinum um neyðarvarnir. Að minni hyggju er mikilvægast að RKÍ fái ákveðinn hlut til framkvæmda fyrir landið allt, ekki björgun og ekki nein önnur verkefni sem aðrir kunna að vera valdir til að framkvæma. Í þessum tilgangi verði komið upp svæðisskrifstofum um allt land sem gegni tvíþættu hlutverki, að efla deildir og búa svæðið undir neyð. Ef við ráðumst í þetta verðum við ofan á. Undirstaðan er fræðsla. Orð Pierponts standa ávallt fyrir sínu.¹

Ekki verður þetta mál rakið frekar, en sýnir í hnotskurn um hvað langvinnar deilur innan RKÍ fjölluðu um: Fjármuni. Þar sem fé er, myndast öfund, ásælni. Í bréfinu kom fram að ætlunin er að kaupa húseign við Skipholt, framkvæmd sem skipti sköpum fyrir RKÍ sem slapp naumlega úr samstarfi við Reykjavíkurbæinn og þá frægu kvennadeild og allt sem henni fylgdi.

Bréfinu fylgdi tillaga framkvæmdastjóra að stefnuræðu formanns!

Friede P. Briem skrifar Lóu Guðmundsdóttur Vennerström. Rvík, 13.9.1973.

Segir frá skólabókafjölrítun og hækkandi stöflum af efni.

-- Í morgun þegar ég var að koma á fætur og opnaði útvarpstækið til að fá einhverja andlega næringu, segir þulurinn Pétur Pétursson allt í einu:

Ög næsta lagið verður ekki af lakari endanum. Það er Jussi Björling² sem syngur um Vermland: „Ack, Värmeland du sköna“, þar sem hún Lóa frá Nesi varð landshöfðingjafrú, hún hefur notið fegurðarinnar og þessa heillandi lags, ekki síður en við hérna á Íslandi. Litla stúlkan frá Nesi, sem fór til Svíþjóðar og varð landshöfðingjafrú. Örlögin leika sér að okkur eins og þeim á skákbörð. Þetta var notaleg morgunstund. --

Og þú varðst í morgun tilefni til þess að þulurinn Pétur Pétursson gat orðið skáldlegur. Hann snertir oft viðkvæma strengi, en sjaldan eins og í morgun. --

Nú ætla ég að halda áfram, svo nemendurnir fái sínar bækur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík, 3.10.1973.

-- Eggert kom með góðar kveðjur frá ykkur og hafði hans ferð gengið ágætlega. Hann var að vísu orðinn útkeyrður eftir að hafa skoðað alls konar stofnanir, í sambandi við Rauða kross starfið. --

Mikið að gera bæði við heimilið og vélritunina. Krakkarnir eru í skólanum efir hádegðið, en verst er að aukatímar eru dreifðir, svo mér finnst ég vera að koma einhverju barni, allan daginn, í aukatíma. --

Það er loksins búið að ganga frá sölu á hárgreiðslustofunni og gekk víst sæmilega. Kaupin voru hagstæð fyrir stúlkurnar sem keyptu og hafa unnið við stofuna undanfarið. Það eru allir fegnir að þetta gekk og gott að vera laus út úr svona fjölskyldufyrirtæki.

Sidda og Halldór koma í dag frá Sviss, og eru allir spenntir að fylgjast með árangrinum.³ --

Friede P. Briem skrifar Áslaugu Borg.⁴ Rvík, 24.10.1973.

Þóttu slæmar fréttirnar um veikindi hennar að hún vildi skrifa henni og rifja upp dásamlegar stundir á heimili hennar í Höfn. Ræðir um samskipti þeirra og ber Ísland saman við sólarlöndin.

-- Svona eru Íslendingar smáskrítnir og eftir þessu virðast menn sækjast í dag - það er að segja, þangað til þeir hafa reynt það. Alltaf var maður að burðast með einhverjar flöskur, allir voru með þyngslalegar töskur,

¹ Bob Pierpont var sá maður sem mótaði mest og best neyðarvarnir RKÍ. Hann var starfsmaður alþjóðasambands RK, áður starfsmaður bandaríska RK, áhrifamaður, hvar sem hann var.

² Sænski óperudöngvarinn mikli.

³ Hann fór til svissnesks skurðlæknis, sérfræðings í þeim sjúkdómi sem þjáði Halldór. En hann hefur aldrei orðið góður, en þó vinnufær, og lifir enn (2018).

⁴ Áslaug Borgþórsdóttir Borg (1909-77) var sjúkrahúsljósmyndari í Khöfn. Vinkona Þórdísar Briem frá því að þær störfuðu í Bókaverslun Eggerts P. Briem. Áslaug var dóttir Borgþórs Jóseppssonar og Stefaníu Guðmundsdóttur og bjó í nánum tengslum við systur sína Önnu Borg Reumert leikkonu.

hvað sem í þeim væri, vissi maður ekki, fyrr en fólkið hafði innbyrt það sem í þeim var; sumir hressir, höfðu keypt sér blávatn; aðrir voru farnir að syngja *Kátir voru karlar* --

-- Eiginleg vildi ég bara segja þér hversu ógleymanlegir dagarnir í Lundsgade voru mér, - og til þess að óska þér góðrar líðanar og bata.

-- Vertu blessuð, Áslaug mín, þökk fyrir það innlegg í mínu lífi sem er mér mikils virði og ég fékk að njóta á þínu heimili og á ferðinni um Sjáland. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Friede P. Briem. Teheran. ABAN 9, 1352.

-- Þetta er nú tímatalið sem við Eggert hrærumst í, en það þýðir **31.10.1973** á okkar tíma. Hér miða þeir við Múhamed en ekki Krists burð.

Ég vona að þið hafið það gott, ég hugsa oft til ykkar. -- Ferðin hingað gekk vel, en löng var hún. Allt er mjög framandi og erfitt að átta sig á borginni. Hér í Teheran búa 3 millj. Fólkið er mjög vingjarnlegt og innan um sér maður konur sveipaðar í svart, en meirihlutinn klæðist eins og Evrópubúar.

Rauðakrossfulltrúarnir eru dreifðir á mörg hótél og gengur rútubíll milli hótela og ráðstefnuhússins, sem er þinghús þeirra líka. Ég er farin að átta mig á kortinu og rata betur. Flesta morgna er prógramm fyrir okkur makana, sem við getum valið úr. -- Á morgun er ferð á söfn og fleira skemmtilegt.

Ég sat á fundi í morgun með Eggert í neyðarvarnanefndinni, en í kaffihléinu laumaðist ég í burtu og sit nú hér í anddyrinu niðri og skrifa. Fundirnir standa svo til kl. 12, þá er frí til kl. 3 og standa þeir til kl. 6. Á sunnudaginn á Eggert frí og ætlum við að reyna að leigja okkur bíl með bílstjóra ásamt dr. Filipson¹ frá Sænska rauða krossinum og fara til smábæja í nágrenninu. --

Veðrið er mjög þægilegt, mátulega hlýtt að ganga úti í þunnri blússu á daginn en í yfirhöfn á kvöldin. Einkennandi er fyrir borgina að á kvöldin skrautlýsa þeir allar byggingar, tré og hangandi yfir götur eru allavega litar ljósaperur í þúsundatali. Það kemur manni í jólaskap, sem er full fljótt því jólin hér eru í mars!

Ég bið að heilsa börnunum og vona að þau séu þæg við þig. Skilaðu kveðjum til allra. Og þakka þér fyrir að ég skuli hafa fengið tækifæri til að upplifa þetta ævintýri lífs míns.

Útdráttur úr dagbók sem mamma skrifaði meðan við Sirrí fórum í Teheran á alþjóðafundi Rauða krossins. Rétt áður höfðum við farið til Stokkhólms á norrænan formanna- og framkvæmdastjórafund Rauða krossins til þess m.a. að undirbúa alþjóðafundinn.² Hún var ávallt boðin og búin til að hlaupa undir bagga. Minntist þess ævinlega hve mikilvægt það var fyrir hana að geta farið í ferðalög með pabba, þeirra stutta samlíf og hve mikilvægt var fyrir þau að frændfólk drengjanna á Nesinu hljóp ávallt undir bagga til að sjá um þá.

Dagbók Friede P. Briem.

Sunnudagur, 28.10.1973. Auður stóð hjá mér á náttfötunum þegar ég lauk upp augunum, ljúf og góð eins og alltaf. Sýndi mér litabók sem pabbi og mamma höfðu gefið henni áður en þau fóru í ferðina til Teheran. Við skoðuðum hana en þá kom Dagur niður fullklæddur og hafði líka fengið litabók, en í hans bók voru dúkkur, bangsar og blóm, en í Auðar bók voru bílar byssur og karlar, eftir dálitla stund varð það úr að þau skiptu. Ásgeir las blöðin um Andrés önd og svo var borðaður morgunmaur, lýsi, safi og hafrakoddar. Palli, Lára, sonurinn smái, Fríða, Kári og Dídí komu í hádegismat, Auður og Fríða sátu hvor á móti annari og skemmtu sér ágætlega, enda sat Fríða í háaum stól og sá til allra gesta og hló mikinn. Síðan kvöddu Palli og Lára, enda ætlaði Lára að fara í saumanámskeið, svo ekki var til setunnar boðið. Dídí varð eftir og horfði hún og börnin á sjónvarpið, en ég fór kvaddi og sofnaði vært. Dagurinn endaði með prýði eins og hann hafði byrjað. Í bólið kl. 10.

Mánudagur, 29.10. Dagur kom fyrst niður til mín í morgunmat en fór síðan í Barnamáskólanum kl. rúml. 9, til þess að fá örugglega sæti. Þegar hann kom heim var hann með afsláttarkort fyrir sópranblokkflautu, sem við keyptum f.h. enda hafði kennarinn beðið þau að draga ekki kaupin of lengi. Ingibjörg kom kl. rúml. 11, en Dídí kom hinsvegar kl. 10.30 til að hjálpa mér með ýmislegt. Auður naut þess að hafa Ingibjörgu til að lesa hátt fyrir sig og segja sér frá krökkunum í Svíþjóð. Renata Heiðar kom með Kötu til þess að reyna að fá Auði með sér niður eftir, en allt var svo nýlegt og spennandi að hún vildi ekki fara. Dídí hjálpaði mér mjög vel. Ásgeir kom seint heim úr skólanum, þar sem hann átti að taka til í smíðastofunni og missti því af

¹ Philipson var lækni, forystumaður í samtökum sem gæta þroskaheftra og mikið elskulegur. Kom oft til Íslands vegna þeirra og R.K.

² Í ferðinni athugaði ég rekstur tómstundaheimilis fyrir aldraða, rekstur sjúkrahótels, heilbrigðisfræðslu og hjálpartækjabanka, sem allt komst að meira og minna leyti á verkefnaskrá RKÍ.

strætisvagninum. Ég var með saltkjöt og kartöflustöppu, og ávaxtagraut, en þar sem tíminn var naumur skutlaðist ég með Ásgeir í skólann í tæka tíð. Dagur las samviskusamlega fyrir Ingibjörgu; Dídí fór svo í vinnuna kl. 1.30, en Ingibjörg fór ekki fyrr en börnin voru farin í skólann. Þegar börnin komu úr skólanum fengu þau smá hressingu, Ásgeir átti að mæta á bekkjarskemmtun kl. 19.30, Kata lék sér við Auði, Ásgeir á skemmtunina en Dagur og Auður léku sér saman og fengu síðan að horfa á sjónvarpið Auður í rúmið fyrir 10, en drengirnir hálf tíma síðar.

Lóa Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 19.10.1973.

-- Ég þakka Auði vinkonu minni fyrir að ég féll í hennar geð og að henni fannst ég vera vel klædd. Hún er auðsjáanlega efni í *originella*¹ stúlku. Segðu henni að nú gangi ég, uppörvuð af henni, í vínrauðum buxum, vesti og blússu, sem gengur hátt í hálsinn, svo hörpustrengirnir sjáist ekki mikið -- Aumingja Auður getur ekki verið klædd í svona „*öðruvísi*“ húfu en allar hinar stelpurnar í leikskólanum og þær hlæi að henni. Á hennar aldri *verður* maður að vera eins og hinar. --

Meðan ég man - vildirðu biðja Guðmund að kaupa þakka af *skyri? skeri?* - er ekki viss.² --

Því talaði maður aldrei við foreldra sína. Hvað er það sem gerir að foreldrar og börn eiga oft svo illa saman.

Það var ósköp gaman að vera með pabba, hann var svo glaður og *pósítív*.³ Og svo fór það i hund og kött. Hún mamma öll í búskap, en virtist gefa sér tíma til að vera með honum. Af hverju fór hann að drekka? Allt virtist fyrir honum æskilegt. Hann fór - hann kom - hafði skemmtilegt fólk með sér; hvernig hann náði í allt þetta *montna* fólk - yfirmenn á Bellona, varðskipi Englendinga. Guðmund Björnsson landlækni - sungu og spiluðu - einhvern veginn svo vel fyrir komið, nema þessi grúi af krökkum. Hann „*sigldi*“ því honum datt það í hug, og þessi sparnaðarmaður var í *Det Kongelige* á hverju kvöldi og *bílatíð* kostaði fimm krónur, sem voru stórir peningar í þá daga. Ég held ég hafi verið hans uppáhald, því ég fékk að vera með í smiðjunni og þenja *fýsibelginn* þegar hann vann að við járnsmíði - við sögðum ekki neitt - hann smíðaði og dró belginn. Ég blístraði einu sinni, og þá sagði hann: *Þú mátt ekki blístra! - Af hverju? - Að blístra er að skemmta djöflinum!* Ég viss ekki vel hver djöfullinn var - en ég blístraði ekki aftur. Smiðjan - eldurinn - hann - er betur lifandi fyrir mér en að horfa hér út um gluggann.

Hvers vegna varð hann drykkjumaður? Hvað kom fyrir? Hvað var að? Hann sem trúði á sjálfan sig, var ekki bundinn af neinu. Fór í bæinn á morgunskóm, ríðandi á Brún - hann var svo óbundinn og ólíkur fólkinu í kringum hann, heppinn með sumt, en ég man þegar kútturinn Anna rak á land. Lá við akkeri á Skerjafirði -- Mamma var ósköp niðurbrotin og allt heimilið, en á pabba sást ekki neitt. Dálítið „einkennilegt“ með þessa tvo menn á Nesinu - Jón í Melshúsum og svo pabbi. Pabbi var svona *miðlungstypa* - viðskiptamaður og gaf ekki gaum að því félagslega. Jón í Melshúsum, drykkjumaður, en var alveg einstæður - hafði augu og eyru á því sem var skakkt í þjóðfélaginu - svona 50 árum á undan sínum tíma.⁴ --

¹ Frumlega.

² Þarna minnst hún á flámælið sem var ríkjandi á Seltjarnarnesinu og víða á nesjunum og sem var örðugt mörgum og erfitt að breyta. Kennararnir voru líka flámæltir. Mér þótti málfar Seltirninganna einstaklega fallegt. Málið er fólgið í mörgu fleiru en flámæli, þar kemur líka til hljómur raddanna, áherslur, beygingar orðar - og svo margt fleira.

³ Jákvæður.

⁴ Í *Seltirningabók* koma fram aðrar hliðar á Guðmundi, framkvæmdum hans og athafnasemi, sem hafði mikla þýðingu fyrir sveitarfélagið.

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. og Eggert Ásgeirss. Rvík, 4.11.1973.¹

-- allt hefur gengi eins og í óskadraumum, börnin góð og hjálpleg á allan máta -- Börnin öll þrjú voru boðin til Palla og Láru í gær og á ég von á þeim kl. 7 aftur heim. Það var mikill spenningur hjá þeim að fara; tannburstarnir og náttfötin látn ofan í tösku, svo var allt tilbúið þegar Palli kom með Árna að sækja þau. --

Í gær fóru Auður og Dagur í bíó, var það boðsmíði fyrir merkjasölu og krakkarnir í hverfinu mættu öll, fóru gangandi með Auði á milli sín, og átti hún að sitja á milli Kollu² og Sigrúnar,³ því Dagur vildi ekki að hún sæti hjá einhverjum og einhverjum. Þetta var vel heppnað allt.

Ásgeir fór hins vegar í Barnamúsíkskólann kl. 2.30 til að spila í kvartett, hann æfði sig vel, enda var hann ánægður með útkomuna. --

Parf aðstoð Jórunnar, mömmu Sirríar, vegna Zontafundar. Ætlaði Auður Auðuns þá að sýna félagskonum Alþingishúsið.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Friede P. Briem. Teheran. 6.11.1973.

-- við höfum það sannarlega gott og vona ég að allt hið besta sé að fréttu af ykkur. Hér er veðrið alltaf jafn þægilegt -- Aldrei dropi úr lofti, enda verður að vökva allan gróður Veturinn byrjar í janúar og þá snjóar hér í Teheran.

Við fórum í bílferð til næsta smábæjar með bílstjóra og tveim Svíum. Kostaði það 2 þús. *riala*, sem er kringum 2500 ísl. kr. allan daginn. Þetta var mjög skemmtileg ferð og viðburðarík, ekki síst vegna þess að bílstjórinn, sem átti að vera enskumælandi var langt frá því að vera það. En allt gekk vel þrátt fyrir ýmis konar misskilning.

Hér er geysimikill listiðnaður, fallegur og ótrúlega fjölbreyttur. Íranir hófu þróunaráætlun fyrir nokkrum árum og eru sjálfum sér nógir með allt núorðið. Héðan af sléttunum er hveitið upp runnið og fyrir utan það rækta þeir hafra, te, sykurlú og ótal tegundir ávaxta. Hér er líka olía og mikið af málum í jörðu. Listiðnaður allur hefur hækkað mikið í verði síðustu ár og teppi eru mjög dýr.

Þá stoppuðum við þar sem fólk í þorpi var saman komið við uppsprettu. Voru sumir að þvo sér í henni, aðrir matarlát og aðrir að þvo mikil og stór teppi. Skrúbbuðu þeir þau með sápu og skófu svo með járnsköfum. Fannst okkur þetta sannarlega einkennilegt meðferð á nýjum teppum sem voru að fara í sölu.⁴

Það er heilmikið gert fyrir okkur konurnar á meðan eiginmenn sitja á fundum.⁵ Ég er búin að sjá mörg söfn, hallir og skrautmuni. Á listasafninu sat fólk í ótal herbergjum og vann að sínum listgreinum, sumir að smíða úr silfri, aðrir skáru í tré, máluðu bara, bjuggu til vasa, ófu teppi og silkiábreiður og ótal margt fleira. Þetta var svo fallegt að ævintýri var líkast og fíngert allt.

Í dag fór ég svo ásamt fleiri fulltrúum að skoða birgðastöðvar íranska Rauða hálfmánans, en Eggert var upptekinn á fundi og gat ekki farið. Þetta eru geysi miklar birgðir, eins og margar þjóðir sem búa í löndum náttúruhamfara þurfa að hafa.

Jæja, ég efast ekki um að Ásgeir hefur haft skemmtilegt afmæli. Biðjum kærlega að heilsa börnunum og Dídí. -- Ég er efins um að öll bréfin og kortin sem ég hef skrifað hafi komið fram. -- bestu kveðjur.

¹ Þau Sigríður og Eggert voru þá á alþjóðafundi Rauða krossins í Teheran.

² Kolfinna Magnúsdóttir, framkvæmdastj. í Noregi. Bjó á Bergstaðastæti 71.

³ Sigrún Stefánsdóttir. Dóttir Stefáns Haraldssonar lækis, sem bjó við Laufásveg.

⁴ Vitaskuld var þetta gert til að láta teppin líta út sem *antik*. Ég minnst þess sem Helgi P. Briem, frændi minn, varð vitni að á þessum slóðum, að teppi voru sett út á umferðargötur og bílar látnir keyra yfir þau til að bæla þau og gera fornleg.

⁵ Á ráðstefnunni var fjöldi kvenna fulltrúar RK-félaga og starfsmenn alþjóða Rauða krossins.

1974

Eggert Ásgeirsson skrifar Markúsi Erni Antonssyni. Rvík, 27.3.1974.

Í þessu bréfi svar ég einhverju fundarboði, sennilega vegna undirbúnings einhverra kosninga, um heilbrigðis og félagsmál, líklega Rvíkur; fundar sem ég mætti ekki á. Ég set samt fram hugmyndir, m.a. um sameiningu heilbrigðis- og félagsmála undir einni stjórn og að borgararnir verði virkjaðir til starfa. 1. Vandamál og þróun miðbæjar er mikið mál, brottflutningur og versnandi þjónusta. Borgin situr uppi með fátæklinga og afbrotamenn. 2. Frárennslismál þurfa úrlausn. 3. Sjúkrahús sameinuð undir einni stjórn og þjónusta bætt með políklínikk ásamt heimahjúkrun og heimilishjálp. 4. Heilsugæslustöðvar. Heimilislæknakerfið er orðið slæmt. 5. Sjúkrasamlagþjónusta þarfnast breytinga.

-- Annars er ég ekki hrifin af að vinna að málum sem þessum á fjögurra ára fresti. Fyrir kosningar má gera drög að framkvæmdaáætlun en nota fjögurra ára tímabilin til vinnu. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ingvaldi Dagbjartsdóttur. Rvík, 30.4.1974.

Ingveldur systir Sirrí hafði misst manninn sinn, Harald Guðjónsson og var nú að undirbúa heimflutning sinn og þriggja barna. Er ég eitthvað að hjálpa til vegna heimflutnings búslóðar hennar, lífeyrisrétt, tryggingamál og búskipti. Einnig kaup íbúðar í Reykjavík og sölu húseignar í Stokkhólmi. Skeytin urðu mörg, en verða ekki rakin frekar.

Eggert Ásgeirsson skrifar Hjörleifi Sigurðssyni. Rvík, 18.6.1974.

Bragi Ásgeirsson og Kjartan Guðjónsson listmálarar munu hafa rætt Kjarvalsstaði í Lesbók Mbl.

-- Það rétt hvaflaði að mér hvort ekki æri ráð til að leggja málið fram á póstívan¹ máta. --

M.a. lagði ég til hvort ekki mætti sækja um lóð fyrir listamannaskála, t.d. í Kópavogi. Segist samt ekki hafa trú að það leysi málið, en virkja þyrfti áhuga sem óneitanlega er á myndlist. M.a. þyrfti að nýta sér boðslistana sem hann segist hafa fylgst með í áranna rás. Hugsanleg væri að stofna samtök áhugamanna um myndlist sem fengju boð á myndlistarsýningar, umræðufundi og skoðunarferðir. Úr þessu gæti orðið listvinafélag.--

Mér virðist sem Kjarvalsstaðir verði ekki í náninni framtíð sá vettvangur frjálsrar þróunar sem þyrfti. Skýt þessu að þér á sólríkum morgni. --

¹ Jákvaðan.

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem, Buvann, Kongsberg í Noregi, 31.7.1974.

-- Þetta er unaðslegur staður og húsið sem við erum í alveg dásamlegt. Við höfum farið hér um nágrennið, sem er undurfagurt, há fjöll, vötn og skógar, mikið af lyngi eins og heima, en lítið af berjum. Í vor vantaði regn svo allt skrælnaði. Veðrið er mjög gott og ekki of heitt, sólin kemur og fer, rétt eins og heima. Hér eru margir fjallakofar, en maður verður ekkert var við fólkið sem þar býr, enda eru húsin ekki síður notað að vetrinum.

Við fórum til Kongsbergs í fyrradag. Það er mjög fallegur bær og feiknarlega mikið sóttur af ferðamönnum, svo erfitt var að ná í blöðin, sem voru rifin út.

Fyrir utan bæinn eru miklar silfurnámur og fórum við marga kílómetra inn í fjallið til þess að skoða þær. Nú er allt silfur uppurið, svo þær eru ekki starfræktar lengur og finnst mér það næstum gæfa fyrir fólkið að þurfa ekki lengur að vinna þarna. En líklega hefur það verið vel borgað, því að fólk fluttist þangað víða að.

Á sunnudaginn fórum við til Rjukan, sem er stærsta virkjun Noregs, en fossinn er allur í pípum og miklar áburðarverksmiðjur. Þarna er fjallalyfta, eins og víða í Noregi, sem við fórum í. Útsýnið er stórfenglegt og vegna þess að það var sunnudagur, var enginn reykur. Hingað hafa komið gestir nokkrum sinnum, eru það kunningjar Eggerts í Rauða krossinum og í dag er von á Tore Larsen, sem framleiðir sjúkrabíla, hans fjölskyldu og sænskum vini hans. Þá er kveikt upp í arninum að kvöldi og er það dásamlegt og notalegt og nógur er viðurinn. Strákunum finnst það mjög skemmtilegt og skiptast á að hlaða köstinn og halda eldinum við.

Svo leika þeir sér í badminton, að kasta pílum á skífu, og er þá Auður aðalreikningshaldarinn. Hér eru fimm svefnherbergi, misstór. Höfum við þrjú tveggja manna herbergi með vaski, heitu og köldu vatni --

Í gær fórum við til bæjar sem heitir Notodden, þar eru miklar pappírverksmiðjur og mikið af timbrinu sem þær nota er flutt eftir ánni. Þar var mikill reykur, enda blæjalogn og sólskin. Við skoðuðum stafkirkju, sem er rétt fyrir utan bæinn, var hún byggð um árið 1200 og einkennilega falleg og mjög fallegur kirkjugarður með skrautlegum blómum.

Verðum við hér tæplega viku í viðbót og förum síðan í ferðalag um Noreg. Þetta allt er líkara ævintýri en veruleika.

Viltu skila kærum kveðjum til míns fólks og ég vona að öllum líði vel.

Eggert, Sirrí og börnin biðja innilega að heilsa og Dagur vonar að þú vökvir baunablómið hans. Vertu blessuð, elsku Dídí mín. Það er þægileg tilfinning að vita að þú lítur eftir húsinu. --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Bergen, 8.8.1974.

-- Við yfirgáfum *Buvannhytta* í fyrradag og erum nú komin til Bergen. Ferðin hingað er stórfenglega fögur. fjöll, fossar og jöklar og tók tvo daga. Heimsóttum Skúla (*Skúlason frá Odda*) í Nesbyen í fyrradag og fengum þar indælis hádegisverð og góðar móttökur.

Í morgun fórum við í sundhöllina og nú sit ég á hárgreiðslustofu. Heimferðin er ákveðin 17. ágúst frá Oslo. Það er dásamlegt að rifja upp Noregsferð okkar Ásgeirs 1928. Kveðju --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ingvaldi Dagbjartsd. Rvík. 22.8.1974.

-- Veðrið var gott þegar við lentum þann 17. -- Bauð ég mömmu og börnunum þínum. Við vorum með *hallonber*, sem okkur voru gefin í Karlstad, í eftirmat í hádeginu og féll það öllum vel í geð. --

Í fyrradag komu svo Magnús og Kristín til mín -- Vorum við að tína rífsber í garðinum. Þau voru mjög áhugasöm að hjálpa mér, sérstaklega Kristín, sem lifði sig inn í verkið. *Nú fer ég inn í buskinn*, sagði hún og faldi sig á bak við rifstrén. „*Sjáðu hvað ég er búin að plokka mikið.*“ og kom með berin til mín í lófanum. Mér finnst þau alveg sérstaklega skemmtilegir og þægir krakkar, sem kemur vel saman við Auði. Svo löbbuðum við saman út í mjólkurbúð og keyptum rjóma og borðuðum berin með mestu ánægju.

Svo kom ég til mömmu í gærkvöldi. Og var Guðrún heima. Það var svo gaman að tala við hana. Hún sagði mér að hana hefði langað til að fara í Kerlingafjöll með Dagnýju (*Halldórsdóttur*) en hefði farið að hugsa að það væri skynsamlegra að kaupa sér heldur ritvél, sem hana vantaði fyrir skólann. Sýndi hún mér ritvélin, sem mér leist vel á, sem hún hafði fengið með 20% afslætti. Hún er þroskuð. Maður hefur ekki kynnst henni fyrr en nú, þótt komið hafi í stuttar heimsóknir. --

Friede P. Briem skrifar Lóu Guðmundsdóttur Vennerström. Rvík, 23.8.1974.

Þakkar fyrir viðtökurnar þá um sumarið. Einnig segir hún í bréfinu fréttir af tengdafólkinu frá Móum.

-- Ég hef aldrei séð svona fallegan búgarð, þar sem hvert herbergi hefur sinn sérstaka stíl, eins og maður upplifði kvikmyndir Lars Hansson, sem hreif mann svo ósejnanlega í gamla daga. Og hvað manni leið vel þarna. Ég lærði náttúrulega aldrei að rata í þessu stóra notalega húsi, en hvað gerir það til, ég bara lenti inni í skap, ef ekki vildi betur til.

Allt gekk vel á heimleiðinni og jöklarnir heilsuðu manni hvítir og stórfenglegri en maður hafði áður séð þá --

Palli er alltaf að mála. Ekki málverk, heldur múrveggina í húsinu sem þau eru að flytja inn í fyrir 1. okt.¹ Ég kom þar fyrir fáum dögum og fannst það svo notalegt að tengjast nú aftur Seltjarnarnesinu á þennan hátt --

Páll er nýkominn frá Ameríku, var þar einmitt þegar öll ósköpin gengu á með Nixon. --

Gaman er að koma heim eftir svona dýrðlegt frí og setjast við ritvélinu að nýju. Hún er vinkona mín og hjargvættur. Mér finnst hún hafa sál. Þó ég skipti um vélar og fái mér kúluritvél, þá hefur ritvélin staðið undir mínu heimili frá því að blessaður Ásgeir minn féll frá og allir hans vinir og kunningjar fengu mér mín fyrstu verkefni í hendur. Þeir og ýmsir aðrir lögðu grunninn að því að ég bar gæfur til að sjá mér og mínum farborða, þegar svo skyndilega syrti að; enn bíða verkefnin eftir mér og ég er glöð meðan ég get afgreitt þau. --

Stefán Jóhann varð áttæður í júlí og fór þá burt úr bænum og var tvær nætur í Borgarnesi, þar sem hann treysti sér ekki til að vera heima og taka kannske á móti fleiri gestum en hann langaði til. --

Ræðir um afmælishefðir á villigötum. Þakkar fyrir berin sem hún kom með heim frá Glänne og héldu sér vel í kælikassanum.

Friede P. Briem skrifar til Ulla og Guðmund Vennerström. Rvík, 25.8.1972.

Þakkar fyrir stórkostlega gestrisni og koma þangað aftur eftir 23 ár. Dáist að því hvernig þeim hefur tekist að halda jörðinni í góðu lagi og láta hana og húsin ekki lenda í niðurníðslu, eins og gerðist með Nes. Þá segir hún fróðlegt að hafa kynnst merkilegu starfi Ullu.²

Friede P. Briem skrifar Else-Mari Boström. Rvík, 5.9.1974.

Þakkar henni fyrir móttökur. Hún var þá flutt að Glänne með Hilding, manni sínum, eins og margir fleiri, börn hennar og aðrir fjölskyldumeðlimir.

-- Ég gleymi því ekki þegar þú komst og heimsóttir okkur Geira á Vesturgötunni. Þá sá ég þig fyrsta sinni. Eitthvað þurftir þú að gera og valdir að leggja *kabala*. Þú vildir kenna mér þá, en ég gat ekki komið inn í stofu, þá lagðir þú þá á sófapúða og komst með þá fram í eldhúsið svo ég gæti fylgst með spilunum. Manstu það?

Segir fréttir af frændfólkinu og hvernig lífið hjá því hefur þróast, barnkomu og dauðsföllum. Segir frá lífi Páls og flutning á Nesið.

Eggert Ásgeirsson skrifar Hjúkrúnarsk. Ísl., Þorbjörgu Jónsd.³ skólastj. Rvík, 14.9.1974.

-- Samkvæmt beiðni hef ég undirbúið fjölritun á fyrirlestrunum gömlu í heilsufræði. Tel ég þá orðna sæmilega nothæfa til kennslu. -- Þegar ég hringdi til að fá að vita um eintakafjöldann voru mér borin þau boð að hætt væri við verkið. Skýringin væri sú að svo mikið væri til af gömlu fyrirlestrunum í skólanum að hægt væri að nota þá enn um sinn.

Mér er ekki kappsmál að koma mínu fyrirlestraefni inn fyrir vegg Hjúkrúnarskólans. Hitt þykir mér miður að fréttu að þeir fyrirlestrar sem ég útbjó í skyndi fyrir 3-4 árum skuli enn notaðir löngu eftir að ég hætti kennslunni sjálfur. Þeir eru bæði úreltir og gallaðir, með fjölda villna. Ég kann illa við að séu notaðir svo lengi. Ég óska þess að hætt verði að nota hin fjölrituðu blöð hið fyrsta.

Því skrifa ég -- að ég er að fara úr bænum og vildi koma þessu máli til þín áður. Þetta má því ekki skilja sem reiði eða þóttu-kast hjá mér. Óska þér og skóla þínum alls hins besta. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Guðmund Vennerström. Rvík, 15.9.1974.

Fjölskyldan var að komu úr frí í Noregi með viðkomu á bænum Glänne á Vermlandi. Þakkar frænda sínum og fjölskyldunni gestrisni. Guðmundur hafði verið íþróttamaður, síðar forystumaður í

¹ Páll og Lára fengu lóð á Melnum úr landi Ráðagerðir. Stendur húsið við Lindarbraut.

² Ulla Vennerström hefði gerst félagsráðgjafi og vann merkilegt starf á því sviði. Auk þess var hún stjórnmalamaður og í forystuliði íhaldsmanna í Karlstadsléni og margvíslegum öðrum félagsmálum.

³ Þorbjörg Jónsdóttir (1917-97). Hjúkrúnarkona og skólastjóri frá Suðárkróki.

*ungmennaiþróttum, einkum fimleikum og var með íþróttaflokk, er lagði áherslu á gamansemi í íþróttinni og bauð fram að flokkurinn kæmi fram á íþróttavellinum 17. júní. sem og varð. Skrifaði ég fyrir hann bréf þess efnis fyrir hann 13.9. til Ásgeirs Guðmundssonar form Fimleikasambandsins.*¹

Friede P. Briem skrifar Sigríði Tómasdóttur.² Rvík, 20.9.1974.

Þótti leitt að geta ekki verið við jarðarför eiginmanns hennar, Þórarins Lýðssonar, sem þá var nýdáinn. og rifjar upp forn kynni.

--Ég vona, elsku Sigga mín, að sá skóli sem þú hefur gengið í gegnum og byrjaði þegar þú varst fárra vikna, verði þér nú til trausts og halds. Enginn vissi þá að þú ættir að verða til frambúðar hjá henni ömmu þinni, Þórhildi. En örlögin spinna sína þræði og þú ólst upp í Tjarnargötu 24 hjá ömmu, en varst auðvitað slitin úr tengslum við pabba þinn, mömmu og systkini. En þú komst í Tjarnargötuna með þitt góða skap og glaðværð og er óhætt að segja að enginn naut þín betur en ég. Æskudagarnir gátu verið sætsúrír, enda frjálrsæðið ekki of mikið fyrir börn og ungling, en þetta þótti sjálfsagður agi, sem þeim væri bæði hollur og nauðsynlegur í gamla daga. --

Lóa Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 10.10.1974.

-- ósköp var nú gaman og gott að þið komuð til okkar, heil - og ég fylgdist með ykkur (*í anda*) þegar þið komuð heim, heil og sæl. Þótt gaman sé að fara út í heim og sjá hitt og annað, er ekkert eins gott og að koma heim. -- gjöfin var óþarfi, því að ykkar koma var stórgjöf í sjálfri sér. --

Þetta olli því að hún fór að þrjóna.

-- Amma okkar, Anna í Bollagörðum hafði ekki marga liti, en margt fallett þrjónaði hún - öll rúmteppin í baðstofunni hafði hún þrjónað - mörg teppi eru víst í safninu - Þorbjörg Bergmann³ kom að mér skildist í sama augnabliki sem amma gekk inn í eilífðina. Þorbjörg var með bíl og safnaði saman öllu sem amma hafði þrjónað - nema einu teppi sem hangir hér niðri á Glänne - og svo eru nokkur í Árbæjarsafni -- Þorbjörg var líklega sú eina sem skildi þessa ömmuhandavinnu. --

Mikið var gaman að þér fannst fallett hér á Glänne. --

Ég las um daginn bók um Kína sem gerðist um það leyti sem Japanir réðust inn í landið. Rithöfundinn langaði svo til að kynna Kínverjum, sem var ógerlegt, þeir fyrirlitu hvítt fólk af öllum sortum. Mér datt í hug Oddný⁴ vinkona mín sem var í Kína um þetta bil - hvað ógurlegt líf hún hefur átt þar. Ég vildi spyrja hana hvernig og hvað - en kom mér ekki að því. Hún spurði aldrei um mitt líf. Hvað hún hefur átt erfitt blessunin. Bjó í einu herbergi, án eldaveilar og með tvö börn. Hitti ég hana einusinni í húsi og bjó hún þar með Unni Thoroddsen⁵ - og þær kölluðu hvor aðra: frú Unni og frú Oddnýju.

Oddný kvartaði aldrei -- utan yfir forstöðukonu Kvennaskólans (Ranka⁶ í Aberdeen⁷), sem sagði henni upp sem enskukennara, þó flestir risu upp á móti því. -- Oddný var svo ópraktísk fyrir þetta líf sem hún hrapaði í. Fyrst þessi ónáttúrlega aðdáun heiman frá - við vorum í heimsókn á Breiðabólstað (á Álfanesi), mamma, pabbi og ég. Við, ég og Oddný, áttum að fara í Kvennaskólann um haustið og pabbi hennar sagði svo sigurviss að hann vissi nú hver yrði dúx í þriðja bekk og allt á þessa leið. Hún varð neðst allra um veturinn - hún var iðin og vel gáfuð - en hrædd við eitthvað. Kurteisari manneskju hef ég ekki hitt - elskaði allt sem var fallett - en svo ópraktísk að þá hún fór Íslandsleiðis frá Kína á japönsku skipi - tók það minnir mig þrjá mánuði og kom svo til London með börn og farangur. Fór svo til Leith í skip til Íslands, en ekkert skip fór þá þaðan til Íslands -- Hún var dreymin og svo fór allt sem fór - hún var ekki tilbúin -- allt öfugt og snúið

¹ Flokkurinn kom fram og vakti fögnuð. Eftirmáli var sá að það særði þjóðernistilfinningu nokkurra að útlendingar fengju að sýna list sína á þjóðhátíðardeginum. Birtust bréf þess efnis í blöðum.

² Sigríður Tómasdóttir (1901-1981). Faðir hennar, Tómas Helgason, var læknir í Mýrdal, dó 1904. Þá var Sigríður tæpra fimm ára gömul. Þær Friede voru systkinabörn.

³ Þorbjörg Bergmann (1876-1952) hannyrðakona, verslunarrekandi og safnari menningarverðmæta. Frænka okkar Lóu frá Pálsbæ, fædd í Mýrarhúsum.

⁴ Oddný Erlendsdóttir Sen 1889-1963. Kennari frá Breiðabólstöðum á Álfanesi. Hún giftist Sen, Kínverskum háskólamanni og átti með honum tvö börn, Jón Sen (1924-2007) fiðluleikara og Signýju (1928) lögfræðing, bekkjarsystur mína.

⁵ Unnur (1885-1970) dóttir Skúla alpm. og Theodóru Thoroddsen skáld. Hún átti Halldór Georg („Gorg“) Stefánsson (1884-1948) lækni.

⁶ Ragnheiður Jónsdótti (1889-1977) skólasjóri Kvennaskólans í Reykjavík.

⁷ Aberdeen var hús í Grjótáþorpinu í Rvík.

sem fyrir hana kom eða hún dró að sér. Hún hafði farið vel af stað, tekið kennarapróf, fór til Edinborgar - var þar á skrifstofu og ef til vill í háskóla, og þar hitti hún þennan mann sinn - sem auðvitað sagði henni ekki hvað biði hennar í Kína - hatur og fyrirlitningu allra. -- Hún hefði getað bakkað, hún kynntist manni sínum í mörg ár, og eitt heima - en hvílíkt líf hefur hún átt. Ég segi ekki að ég hafi aumkað hana. Ég vil ekki líta niður á neinn svo að ég aumkvi persónuna í því tilfelli að allt sé manni að kenna, maður velur sjáandi og þá er að troða hæðirnar. Af hverju var hún neðst, allan veturinn. Ég segi að hún var miklu gáfaðri en við allar hinar; en við höfðum eitthvað sem hana vantaði - trúna á sjálfa sig - allt var skakkt eða varð skakkt. Hún settist á skólabekk með manni sínum í Kína, til að kenna henni að vera ekki hún sjálf: „Því ertu alltaf öðruvísi en hinir“ sögðu angarnir. Hún hafði enga *sjálftrú*. Ef hún hefði haft svolitla, þá tók hann og hans fólk það frá henni. Hvernig hún komst heim er óskiljanlegt.

Þér finnst nú þetta komi þér lítið við,¹ og það er svo satt sem það er sagt - en hún er mér svo dýrmæt sem persóna - hún elskaði allt fallett, en hennar líf varð eins og hún *þverfætti* á öllu, og ætti ekki heima neins staðar - eins og datt yfir sjálfa sig. „*Drömmare*“.²

Þegar Astrid var með mér á Íslandi vorum við boðnar í kaffið hjá Oddnýju - vorum svona átta persónur. Þá segir Oddný: *Heyrðu Lóa, finnst þér mín börn ekki vera alveg íslensk?* Þetta kom heldur flatt upp á mig - því börnin voru bæði meira kínversk en íslensk - en ég, sem eins og kettirnir, kom niður á fætturna, sagði: „*Oddný mín, bæði börn þín eru falleg börn.*“

Hún lét sér þetta nægja - því hún var en *drömmare*.³

14.10. -- Það er ósköp *interessulaust*⁴ að nefna Kvennaskólann aftur, en þessi ár eru svo lifandi, einhvern veginn. Nr. 1 var stúlka frá Akranesi, sem heitir Ingunn⁵ og mun hafa verið sagt um hana að hún væri = *perfekt*.⁶ Falleg, langar þykkar fléttur, gerði aldrei annað en það sem var *perfekt*. Hún var ekki sérlega skemmtileg og ekki sérlega leiðinleg heldur - vinaleg og bjó hjá dóttur Kristjáns Þorgrímssonar⁷ konsúls og gift verslunarmanni. Þau bjuggu í villu á Stýrimannastíg - ég bjó líka þann vetur á Stýrimannastíg - og þar var svo stórfínt og ekki var manni hleypt lengra en í forstofuna. En svo - árum seinna er ég á Laugavegi við Bernhöftsbakarí og þá kemur kona sem umfaðmar mig: „*Hvað það var gaman að sjá þig aftur!*“ Þetta var svo konan í villunni á Stýrimannastígnum. Tímarnir breytast. Þessi ágæta Ingunn giftist, var mér sagt stórfiskútgerðamanni. Ég hugsaði að hver hefði verið hæfari á ríku heimili en einmitt Ingunn. Þar var vissulega allt þráðbeint, en kannski ekki svo sérlega skemmtilegt. - Svo kom Halla frá Kaldaðarnesi⁸ og ég sem skiptumst á að vera nr. 2 og 3. Halla bjó hjá tveim systur - ósköp smávaxnar og hétu Stephensen. Þar var ég alltaf velkomin. Halla var einhver sú skrítnasta persóna, sem ég hef hitt - heldur ólagleg, en varð svo falleg þegar hún eltist. Við vorum ósköp fíflalegar og áttum vel saman Hún giftist svo Viðeyjar-herragardseiganda, en sem var lítill bóndi - en skemmtilegt höfðu þau, er ég viss um. Svo ég, sem fór út í heiminn og hefði þurft að ganga í skóla hjá Helga bróður þínum, eins og Dóra og Ásgeir,⁹ til að vita hvar hver ætti að sitja, en af því að ég var Íslendingur var enginn sem tók eftir neinu - en skemmtu sér. --

Eggert, sonur þinn, spurði mig núna síðast: „*Dreymir þig aldrei um Ísland?* -- Ég er nú svo gerð að hvar sem ég hefði lent, þar sem ekki var of heitt, eða of kalt þá gróðursettist ég og hvaða mál sem hefði verið talað, hefði ég lært. - Oddný lærði aldrei Kínamál - Þau töluðu alltaf ensku - eins og norska fólkið hér, og danska fólkið sem settist að á Íslandi - það var alla æfi norskt og danskt, en enginn getur, hvað málið snertir, giskað á að ég sé útlendingur --

¹ Það var aldeilis ekki. Mamma og Oddný voru góðar vinkonur og félagar í Zontaklúbbi Reykjavíkur.

² Dreymin. Kannski öllu heldur, lifði í óskaveröld.

³ Lifði í draumaveröld.

⁴ Áhugalaus.

⁵ Ingunn Sveinsdóttir (1887-1969) kona Haraldrar Böðvarssonar (1899-1967) útgerðarmanns á Akranesi. Svo vill til að ég kynntist henni vel í starfi okkar beggja í Rauða krossi Íslands.

⁶ Fullkomin.

⁷ Kristján Þorgrímsson (1857-1915), bóksali, leikari og konsúll. Dóttir hans var Guðrún sem gift var Hans Hoffmann verslunarmanni.

⁸ Halla Sigurðardóttir (1887-1966) sýslumanns Ólafssonar á Kaldaðarnesi í Árnessýslu og Sigríðar Jónsdóttur frá Vík. Hún var síðari kona Eggerts Briem (1879-1939) bónda í Viðey. Hann var ekki mikill bóndi en mjög skemmtilegur fræðimaður sem ég hitti stundum í Tjarnargötu 24, því hann var fræðimaður og þurfti að fá móður mína til að velrita handrit sín.

⁹ Ásgeir Ásgeirsson forseti og Dóra Þórhallsdóttir æskuvinkona Lóu. Auk þess voru Ívar Vennerström og Ásgeir flokksbræður og var mikill samgangur á milli.

Ég má til með að bæta við um kennara í Kvennaskólanum sem hét Ástvaldur¹ giftist prestsdóttur, sem verulega „hafði horn í síðu“ gagnvart mér. Hæðinn, og sem prestur, allt annað en Jésúbróðir. Sífellt - sífellt varpaði hann til mín spurningum á þennan hátt: „*Þér. Ólavía, ættuð að vita þetta, þér sem hafið gengið í kaþólska skólann.*“ Og engin af stelpunum hló, sem hann bjóst við, þetta var svo fyndið. Ég held að hann sé sú eina persóna, sem ég miskunnarlaust gæti slegið með íslenskri svipu - og þó veit ég að ég myndi ekki slá hann,² því hann var svo fátækur og *omänsklig*.³ En ég vona að ég verði aldrei svo kölluð að ég geti fyrirgefið honum. --

Ég veit ekki hvað? En þegar Kvennaskólinn kemur upp í hugann er eins og foss fari á stað.

Seinna árið í skólanum bjó ég hjá fjölskyldunni Guðjohnsen - mamma - tvær stjúpdætur - Guðrún ógift -- óskaplega falleg - frábær en vissi að þær voru Guðjonhsen - hvað það nú var, vissi ég ekki -- Ragnheiður eða -hildur, ráðskona hjá Íslandsráðherra, Hannesi Hafstein. Þá gat ég ekki giskað á hvað það var - en hún sá um húsið - boð og öll börnin - dugleg - og svo Anna. Ragnh. var trúlofuð einhverjum! sem var kallaður Slembir,⁴ apótekari -- Anna. fríkirkjuprestssyninum og varð ekki úr neinu, allar dóu ógiftar.

Frú Guðjohnsen var ósköp vinaleg við mig - hún fékk jú 30 kr. á mánuði með mér - sönn gullnáma. Eldri systurnar létu sem þær sæju mig ekki og þar stóð mér á sama. Þær voru jú *gamlar* - en Anna var jú ekki tvítug - en mér fannst ég vera eins og eitruð jörð - svo illa fór ég í taugarnar á henni einhvern veginn. Ég hafði litla kompu⁵ uppi, lítinn hliðarglugga, veggfast borð, tréstól - rúm - ekki neitt málað -- Þetta var svo lítið og þröngt, svo ekki kom til mála að taka upp „*compis*“,⁶ sem það heitir nú á dögum. - en þvílík sæla! Vera ein - engin systkini, engin mamma - sem heima nuddaði sífellt í mér -- var hún sjálfsagt líka sæl með að vera laus við mig. Þetta er nú svona - maður fer í taugarnar - hvort sem það eru systkini - mamma eða eiginmaður - ég held það sé bara kötturinn sem ekki fer í taugarnar á mér, svo þú skilur hvað undursamleg þessi nærri þrjú ár hafa vera að búa nú ein með köttunum.

En það var með Guðjohnsen sem ég gekk út frá. Guðrún var dásamlega falleg, en biðlarnir fáir, einn skólapiltur var þar eins og grár köttur og *kurtiseraði*⁷ frk. Guðrúnu - betra en ekkert! og svo lækni - stöðugur, með stöðu, sem hún gaf lítið fyrir, en hann var þó eins og hálmstrá, var það eina að halda sér í, og var nú meira en gaman samt, þegar tilvonandi biðillinn kom í heimsókn og skólapiltinum ýtt út eldhúsmegin. Þetta gekk allan veturinn - en svo smám saman hvarf lækniinn.

Í Latínuskólann gekk piltur frá Hrófskála á Nesinu, ósköp prúður - já háskalega prúður, sem ég hitti við og við og við urðum lukkulega samferða heimleiðis á laugardögum. Oft hugsa ég hvað mikið sakleysi okkar var. Spurningin er, hvort við vorum ekki öfundsverð. Við tókum i höndina hvort á öðru við veginn að Hrólfskála, en að fylgja mér, þótt ekki væri lengra en fram á Hæð! Þessi skólapiltur bauð þessari saklausu stúlku á „*skólaballið*“ -- svona hér um bil eins mikill viðburður og að „*presenteras vid Hovet*“. Og veistu hvað ég fékk að heyra frá Önnu Guðjohnsen: *Of góður biti í hundskjafi!!!* Hundskjafurinn var ég. Það var kannski satt, ef svo hefði verið.

Það sýnir að aldurinn *hendir* sér yfir mig - af öllu þessu skrafi um yngri daga. En ég segi ekki frá yngri dögum yfirleitt - því ég var ekki sérlega inni í því sem komið hafði fyrir aðra - og hef ekki verið að slíta fólki út í hlustun. En svona er það - aldurinn!

-- Katarina fer með mig til tannlæknis og þá á barnið að fæðast - ég er dauðhrædd við að anginn fæðist í bílnum - svona er aldurinn. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Genf. 17.10.1974.

-- Lífið er farið að ganga vanagang hér. Fundir á fundi ofan. Í dag er rigning og hefur reyndar verið undanfarið og kalt svo að fólk sárkvartar, en lítur á mig með svip sem segir: Nú hlýtur honum að líða vel.

¹ Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason (1876-1969) guðfræðingur, kennari og prestur. Stofnandi Elliheimilissins Grundar.

² Slá til hans.

³ Þýðir ómannlegt, en hér á hún sjálfsagt við að hann sé fremur ómannlegur, ekki af þessum heimi. Ég kynntist honum ungur og þótti hann ganga of langt í góðgirni sinni, enda var hann, skv. minni reynslu, fyrr tog fremst peningamaður, eins og hinir KFUM og heittrúarmennirnir. Ekki í eigin þágu, en fyrir trúarsamtökin KFUM, sem aldrei hefur verið fjallað um, það ég veit, frá því sjónarmiði. En þau eignuðust verðmætustu eignir og lóðir miðbæjarins. En sem hvað varð af?

⁴ Sigurður Sigurðsson (1879-1939) lyfsali og skáld, kallaður *slembir*.

⁵ Smáherbergi.

⁶ Vin.

⁷ Gekk á eftir.

Ég var eiginlega búinn að skrifa þér í gær, sendi það ekki, þótti það svo bjálfalegt að ég fleygði því og hugsaði að vel mætti bíða með fréttir þar til heim kæmi.

Ég var laus af fundi í dag kl. 13, fór heim á hótél, lagði mig og las mjög skemmtilega bók, ævisögu *Kaufmanns*, eins besta leikritahöfundar Bandaríkjamanna eftir mann sem var félagi hans í leikritun um tíma.¹

Einar Ben. hringdi og bauð mér í mat í kvöld (til sín og Elsu).² Ég skrapp í vöruhús í næstu götu, keypti lykil á borvélina og náttföt. Búðir skiptast í dýrar og ódýrar, annars vegar smekklaust skran, hins vegar dýrt skran, auk úra, silfurs, gimsteina og leðurvöru.

Svo fór ég aftur heim á hótelið, drakk bjór á *Britannia pub*, hér niðri, afar huggó stað. Eftir það kom ég hingað upp. Herbergið stóð opið og viðgerðarmenn að gera við rúmið! Svo er mál með vexti að sérhvert rúm hér er með innbyggðum titrurum, einskonar hljóðbylgjutækjum. Með því að setja einn franka í tækið fær maður kortérs nudd. -- Viðgerðarsérfræðingarnir voru svo góðir að láta mig fá ókeypis nudd, þegar þeir fóru. Ég lagðist endilangur í rúmið og lét nudda mig. Ekki var það þægilegt, en gagnlegt var það. Ekki var búið að titra mig lengur en þrjár mínútur þegar ég var búinn að fá óstöðvandi þörf á að skrifa þér og ykkur öllum, bréf. Ef ég gefst upp þá fer ég bara í rúmið.

Ætli Sigurður Nordal hafi ekki átt svona titrara í rúminu sínu, sem gerði það að verkum að honum þótti gott að vera í rúminu, þótt Ólöf væri þar ekki. Ég var að hugsa um að elta mennina og kaupa rúmið, þó það sé nú dálítið dýrt, sérstaklega að borga einn franka í hvert skipti. Hvernig ætli sé að fá gjaldeyrisleyfi, fimmtán eins franka peninga á mánuði, fimmtán skammtar titringur: tollflokkur 0763, vörur framleiddar úr lofti, nei ekki tilbúinnáburður.

Eiginlega eru þetta hljóðbylgjur. Þú getur ekki þurft að flytja þær inn; geturðu ekki fengið þér grammófón, eða opnað fyrir útvarpið, eða farið á stjórnarfund Rauða krossins..

Nei, ég hætti við þetta allt, því þegar um fimm mínútur voru eftir bilaði rúmið og hristist svo ofboðslega að ég veit ekki hvað gestirnir á neðri hæðinni hafa haldið. Lætin hér í herberginu eru skýringin á hve vel ég skrifa þetta bréf. Svo kannski ég fái mér tækið eftir allt saman; kannski má fá aukastykki í hrærivélina, eða ryksuguna, eða breyta fjölrítaranum gamla í svona tæki. Það er bót í máli, fari rafmagnið af, þá má handsnúa vélinni.

Svo gleymdi ég hvað það hlýtur að vera dýrt, í bréfsefnum og frímerkjum, ef ég fæ alltaf óstöðvandi þörf á að skrifa bréf í hvert skipti; eins og burðargjöldin eru orðin og blekið áreiðanlega unnið úr olíu!

Á morgun fer ég til Elísabetar Vestdal.³ Ég talaði við hana í gær. Mér fannst hún vera óskaplega glöð að heyra í mér og fá að *spandera*⁴ sunnudeginum á mig.

-- Dagurinn á morgun er spennandi. Þá verður þjóðaratkvæði um hvort reka eigi útlendinga heim, þeir eru eitthvað óánægðir með að hafa þá svo marga hér. Ég veit ekki hvort það stendur eitthvað í sambandi við komu mína hingað. Ef tillagan verður samþykkt verð ég sennilega að fara heim á mánudag! --

Margir biðja að heilsa. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásg. Rvík. 24.10.1975.

-- Ég var að enda við að spila kasettuna frá þér, þar sem þú býður okkur góða nótt í lokin. Klukkan er nú ekki nema fjögur hér, svo ég held að ég fari ekki að sofa strax, hvað þá börnin.

Það var kostulegt þegar ég fékk tilkynninguna í morgun um sendingu frá Genf. Við Auður örkuðum auðvitað strax í bæinn til að sækja bréfið og fékk ég það strax, þrátt fyrir hálfgerða lömun á Pósthúsinu vegna kvennaveikfallsins. Síðan flýttum við okkur heim, en þegar ég opna bréfið blasir við mér bréf til Ruby, Ingu og John. Ég hugaði með mér að þú hefðir póstað til þeirra mitt bréf og sent okkur þeirra bréf með þessari *kasettu*. En þetta skýrðist allt þegar ég fór að lesa bréfið og hlusta á þína hljómfögru rödd. Mikið er gaman að hlusta á svona. Það er eins og þú sitjir hér hjá okkur og sért að segja ferðasöguna, sprelllifandi, liggur mér við að segja.

¹ Hlýtur að hafa verið Moss Hart en hann og George S. Kaufman skrifuðu saman, m.a. *The man who came to dinner* og *You can't take it with you*.

² Einar Benediktsson (1931) þá sendiherra í Genf. Kona hans Er Elsa Pétursdóttir (1930).

³ Bjó í Annecy í Frakklandi.

⁴ Eyða.

Ég byrjaði á bréfi til þín í gær, en andleysið var slíkt að það varð ekki nema þrjár línur. Ég hafði sko ekkert að segja í fréttum og það er svo langt síðan þú fórst að mér fannst þú hefðir engan áhuga á þessum hlutum hérna, allt í kringum okkur. En nú er runninn upp þessi baráttudagur og ég nýkomin af baráttufundi á Lækjartorgi. Það var geysi mikil stemmning í loftinu, ég hef eiginlega aldrei séð konur svo stoltar af að vera konur, fyrr en nú.

Í morgun, þegar ég fór í bæinn að sækja bréfið á pósthúsið, var fátt fólk á götunum, flestar búðir lokaðar, og það fólk, sem var á ferli, horfði með mikilli spennu hvað á annað og hugsaði: *Hvaða kona er þetta, hvert er hún að fara, hvað ætli hún geri?* Ég held að þessi dagur eigi eftir að vera eftirminnilegur og bera mikinn ávöxt.

Ég setti bréfið til Ruby og John í póst. -- Ég spurði Dag, hvort hann vildi ekki koma með mér niður á Lækjartorg á fundinn, en hann sagðist *ekki þola þessar öskrandi konur!* Annars færði hann okkur Auði kaffi í rúmið í morgun og var stoltur af. Ásgeir þurfti að fara til sinna starfa. --

Þá fjallar hún á bréf frá frændfólkinu í Svíþjóð sem þakkar fyrir peysur, sem pössuðu og „hafi gert mikla lukku!“

Segir líka að hún sé búin að kaupa í jólamatinn. Kom maður í húsið og bauð rjúpur á 300 kr. og keypti hún 10 sem hanga hér fyrir utan búrgluggann. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Skúla Skúlasyni og Nelly. Rvík. 17.12.1974.

Pau bjuggu í Nesbyen i Hallingdal, þar sem við heimsóttum þau í sumarleyfinu um sumarið. Hefur áður verið minnst á þau. Ég þakka þeim dásamlegar móttökur.

-- Ferðin til Noregs var ævintýri frá upphafi til enda og reynsla dásamlegri en við höfum annars staðar hlotið, þjóðin og landi, án þess að hægt sé upp á milli að gera. Það er stórkostlegt fyrir fjölskyldu að fá tækifæri til slíks og þar á ofan að hitta kæra frændur í Noregsdölum. Frá því sjónarmiði er prýðilegt að þeir dreifi sé svolítið.

Ekki hugsum við til annarar ferðar í bráð, þó Ásgeir hafi verið svo heppinn að vinna útlandaferð í happdrætti í fyrri viku. Við verðum fljótlega að ákveða hvernig við viljum nota miðann. Það var ekki laust við að hann hefði að því nokkrar áhyggjur að þurfa að nota miðann sjálfur og kannski fara einn.¹

Blaðamenska virðist vera sem stendur aðaláhugamál Dags. Hann gefur út blað, Lestrarhestinn, semur eða stelur efni, sem blaðamanni sæmir, var í gær að gefa út 14. tölublað og reynir ákaft að selja. Hvert framhald verður, veit ég ekki. En hann lærir þetta af frændum og vinum, jafnvel föður sínum, en ég var einmitt að gera út blað sem ég sendi þér hjálagt, til gagnrýnins yfirlesturs reynds blaðamanns --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík, Jól, 1974.

-- Ég var einmitt að dást að þér í nýútkominni bók um Kvennaskólann, en þar er mynd af þér í einum hópnum. Ég sá líka mynd af Önnu systur þinni. Bókin er lítils virði nema að þessu leyti.² --

Við örnunum okkur við hinar ágætu minningar frá sumrinu, borðum berin sem við tándum og skálum í eplavíninu, sem þau Guðmund og Ulla gáfu okkur -- svo sem í dag þegar verið er að baka lafabrauð til jóla --

Ræðir um pólitík, fjármál og stjórn ríkisins.

-- Þjóðin er að ná sér eftir það hræðilega þjóðhátíðarhald. Við sluppum naumlega til Svíþjóðar og Noregs, en erum samt svolítið lerkuð. --

¹ Ásgeir Eggertsson (1962).

² Þetta má leiðrétta. Bókin er merkilegt heimildarit sem ég hef oft notað og vitnað til í heimildakönnun.

1975

Friede P. Briem skrifar Ragnheiði Björnsson.¹ Rvík, 9.1.1975.

Þetta er samúðarbréf vegna fráfalls Sigurðar O. Björnssonar (1901-75) prentsmiðjueiganda, bróður hennar. Þá segir hún henni fjölskyldufréttir, en þær Þórhildur Líndal, systir Friede, og Ragnheiður voru aldavinkonur.

-- Það var mikil sorg sem Eggert bróðir minn og Sigríður urðu fyrir að missa Steinunni dóttur sína síðast liðið sumar. En þessu tóku þau með óskiljanlega mikilli rósemi, þrátt fyrir sársaukann sem því fylgdi. Hún var mikilhæf gáfukona, sem var mikill skaði að missa svo unga. Er ótrúlegt hversu margt gott hún skildi eftir sig og hefur það sjálfsagt hjálpað þeim til að setta sig við lát hennar.

En hin dóttirin, Ragnheiður, er gift elskulegum manni, Guðmundi Elíassyni lækni og eiga þau indælan son á fyrsta ári, efnilegan og fallegan dreng, sem er augasteinn afa síns og ömmu, og er það eina barnabarn þeirra. Son eiga þau líka, Gunnlaug, er hann í Sviss við nám, að mér skilst í einhvers konar leturgerðarnámi. Er hann frábær teiknari og eftirsóttur vinnukraftur þegar hann kemur heim í frí.

Theodór hefur verið lasinn undanfarið, en er nú í rannsókn og verður lagður inn á morgun, Hilda er alltaf söm og jöfn, hugsar aldrei um sjálfa sig, en hefur alltaf sömu gleðina af því að fórna sér fyrir aðra. Glöð og kvartar aldrei þrátt fyrir ýmislegt mótlæti. Langar til að gera öllum gott, en það er erfitt að skipta sér. Því eins og þú veist er Páll, hennar elsti sonur og uppáhald, skilinn og giftur Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt, dóttur Huldu Stefánsdóttur, það er erfitt að geðjast öllum, og er skiljanlegt að hún haldi tryggð við tengdadóttur sína fyrri, en þá verða ýmsir erfiðleikar á veginum, sem ég mun ekki lýsa, enda ekki um það fær. --

Segir frá lífi Þórdísar sjötugrar, sem þurfti að hætta að vinna á Borgarbókasafninu. Vonar hún að eitthvað fái hún að gera.

Kaupsamningur dags. 20.5. 1975.

Eggert Ásgeirsson kaupir helmingshlut annarar hæðar hússins nr. 69 við Bergstaðastræti. Kaupverð kr. 3.250.00 kr.

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almqvist. Rvík 18.7.1975.

Þakkar góðar bækur sem hann sendi og mun lesa þegar sól lækkar á lofti. Segir frá sumarleyfisferðum, Fyrri ferðin í Þjórsárdal, Rangárvallasýslu og Skaftártungur. Síðari ferðin í Strandasýslu, landið fallet fuglalíf, selur, rekafjörur.

-- jafnframt ömurlegt að sjá hvernig byggðin eyðist jafnt og þétt. Við rétt sluppum áður en hafís lagðist að landinu, með þokum og kuldafíð, einmitt að því landi þar sem við höfðum tjaldað í ferðinni -- Dagur var að koma úr reiðskóla austur í Hreppum.

-- Ásgeir var að fótbrjóta sig um síðustu helgi --

Að öðru leyti er allt hið besta að fréttu, fjárhagur þjóðarinnar á rassgatinu eins og venjulega en samningar („aðila vinnumarkaðarins“) leystust ágætlega enda gjörómögulegt að fara í verkfall einmitt þegar sumarfrí voru að byrja. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásg. Rvík. 24.10.1975.

-- Ég var að enda við að spila kasettuna² frá þér, þar sem þú býður okkur góða nótt í lokin. Klukkan er nú ekki nema fjögur hér, svo ég held að ég fari ekki að sofa strax, hvað þá börnin.

Það var kostulegt þegar ég fékk tilkynninguna í morgun um sendingu frá Genf. Við Auður örkuðum auðvitað strax í bæinn til að sækja bréfið og fékk ég það strax, þrátt fyrir hálfgerða lömun á Pósthúsinu vegna kvennaverkfallsins. Síðan flýttum við okkur heim, en þegar ég opna bréfið blasir við mér bréf til Ruby, Ingu og John. Ég hugaði með mér að þú hefðir póstað til þeirra mitt bréf og sent okkur þeirra bréf með þessari kasettu. En þetta skýrðist allt þegar ég fór að lesa bréfið og hlusta á þína hljómfögru rödd.

¹ Ragnheiður Björnsson (1896-1987) kaupkona og félagsmálafrömuður á Akureyri, dóttir Odds Björnssonar prentsmiðjueiganda. Hún var stofnandi Zontaklúbbs Akureyrar.

² Spóluna.

Mikið er gaman að hlusta á svona. Það er eins og þú sitjir hér hjá okkur og sért að segja ferðasöguna, sprellumfandi, liggur mér við að segja.

Ég byrjaði á bréfi til þín í gær, en andleysið var slíkt að það varð ekki nema þrjár línur. Ég hafði sko ekkert að segja í fréttum og það er svo langt síðan þú fórst að mér fannst þú hefðir engan áhuga á þessum hlutum hérna, allt í kringum okkur. En nú er runninn upp þessi baráttudagur og ég nýkomin af baráttufundi á Lækjartorgi. Það var geysi mikil stemmning í loftinu, ég hef eiginlega aldrei séð konur svo stoltar af að vera konur, fyrr en nú.

Í morgun, þegar ég fór í bæinn að sækja bréfið á pósthúsið, var fátt fólk á götunum, flestar búðir lokaðar, og það fólk, sem var á ferli, horfði með mikilli spennu hvað á annað og hugsaði: *Hvaða kona er þetta, hvert er hún að fara, hvað ætli hún geri?* Ég held að þessi dagur eigi eftir að vera eftirminnilegur og bera mikinn ávöxt.

Ég setti bréfið til Ruby og John í póst. -- Ég spurði Dag, hvort hann vildi ekki koma með mér niður á Lækjartorg á fundinn, en hann sagðist *ekki þola þessar öskrandi konur!* Annars færði hann okkur Auði kaffi í rúmið í morgun og var stoltur af. Ásgeir þurfti að fara til sinna starfa. --

Þá fjallar hún á bréf frá frændfólkinu í Svíþjóð sem þakkar fyrir peysur, sem pössuðu og „hafi gert mikla lukku!“

Segir líka að hún sé búin að kaupa í jólamatinn. Kom maður í húsið og bauð rjúpur á 300 kr. og keypti hún 10 sem hanga hér fyrir utan búrgluggann. --

1976

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 11.1.1976.

Þakkar fyrir daginn þegar hann heimsótti þessa föðursystur sína og fleiri frændur í Helsingborg.

-- Þótt þér hafi hrakað nokkuð á þeim árum síðan ég sá þig síðast var það mér mikils virði að hitta þig og geta rabbað við þig. Böndin okkar á milli eru alltaf þau sömu þótt árin líði. Ég gleðst ævinlega yfir því er ég hitti fólk sem er trygglynt og breytist ekki í afstöðu sinni milli þess sem maður hittir það. Ég sakna þess þó að hafa lítið séð af börnunum þínum en það stendur kannski til bóta.¹ --

Segir fréttir af fjölskyldunni, sérstaklega vegna Ástu systur hennar sem hrakað hefur mjög; líka Karli manni hennar, en svo vel vill til að Bjarnþór sonur hans er hjálpsamur og góður við þau.

-- Við mamma heimsóttum Ástu í gær, var hún varla búin að ná sér eftir uppskurð, en bað að heilsa. --

Ekki liðu nema tveir dagar þar til ég sendi Lóu Guðmundsdóttur Vennerström, systur hennar skeyti og tilkynnti henni lát Ástu systur sinnar um nóttina.

Viku seinna sendi ég Guðrúnu og Lóu systur hennar nánari fréttir af andláti Ástu systur hennar, kistulagningu og jarðarför.

-- Óli bróðir þinn hefur það bærilegt. Hann heldur andlegum styrk sínum og er alltaf gaman að hitta hann. Hann fer aldrei út af stofnuninni, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, en fylgist vel með öllu og hann sækja heim nokkrir gamlir og góðir vinir hans. --

Friede P. Briem skrifar Lóu Vennerström. Rvík. 29.1.1976.

Minnist með fögrum orðum Ástu Guðmundsdóttur í Ólafsdal, þeirrar glaðværu systur Lóu sem var að deyja. Segir frá ástandi Karls Torfasonar manns hennar. Hefðu þau verið einstæðingar ef ekki hefði komið til sonur hans, fyrir hjónaband, Bjarnþór Karlsson sem reyndis þeim sérstakleg vel.

-- Ég er kaffærð í vinnu eins og venjulega, en mig langar svo til að senda þér minningargrein sem Eggert skrifaði um Ástu og birtist í Morgunblaðinu í dag. Það er gott að minnast hennar og öll tökum við undir orð Eggert. Hann er nú norður í Kelduhverfi, þar sem jarðskjálftar hafa geisað, til þess að ræða við fólk sem harðast hefur orðið úti, ef Rauði krossinn gæti orðið að liði. Hér eru margir búnir að hringja til að gleðjast yfir þessum fáu orðum, sem þó eru alltaf fátækleg í samanburði við það sem Ásta hefði orðað það sjálf. En ekki verður um það bætt. --

Þegar ég kom á spítalann til hennar Ástu -- vissi ég að þaðan ætti hún ekki afturkvæmt, nema á einn veg. -- þegar hún lá þarna og sá að Kalli var að koma til hennar með Bjarnþóri sagði hún: *Ó! Kalli minn, hvað er gaman að sjá þig*, og hún ljómaði eitt andartak. Svo settist Kalli hjá henni og hélt í höndina á henni, og ég sá að öðrum var þarna ofaukið --

Þegar Ásta var kistulögð -- var veðrið svo vont að ég hélt við myndum stranda þá og þegar. Eggert var á nýjum Bronco jeppabíl með keðjum og drifi á öllum hjólum. Snjókoman var ofboðsleg -- Fyrst fór hann út að Ráðagerði og sótti Gauju, síðan okkur Sirrí; svo fór hann og sótti prestinn sr. Þóri Stephensen, bekkjarbróður Palla, sem nú er dómkirkjuprestur. Við og við varð að stoppa. Skafa snjó af rúðum og sjá hvar vegkanturinn væri. En allt gekk vel og athöfnin var hátíðleg og maður þakkaði fyrir í huganum að hafa kynnst Ástu. -- Síðan komum við hingað heim og Karl, Bjarnþór, Sirrí og Eggert. Þórdís systir mín var búin að leggja á borð og hér áttum við unaðsstund sem gleymist ekki.

Ég er þakklát fyrir að hafa kynnst ættinni, þó ekki væri það nógu náíð. Þetta er merkilegt fólk, sem sjálfsagt á eftir að setja svip sinn á menninguna, eins og hún var á liðnum tímum. En þeir sem hafa borið gæfu til að kynnst þessu fólk er þakklátt fyrir þann skerf sem það fékk að njóta.

Kannske er ennþá til mjög merkilegt fólk; en inn í þess daglega líf hefur blandast sjónvarp og útvarp, sem er fyrir löngu búíð að rugla það í ríminu. Það stendur ekki föstum fótum í íslenskri arfleifð --

Þakka þér allt sem þú hefur gefið mér. Það sem þú gafst með honum Geira mínum og líklega verður eitt af því dýrmætasta sem maður skilur eftir sig, þegar yfir lýkur. --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 15.2.1976.

-- bréfin þín eru dásamleg og gefa svo mikið af stemmningu og innilegheitum. --en umfram allt var greinin sem Eggert skrifaði - hafði ekki búist við að hann væri slíkur stílisti og hvað hann vissi mikið, sérstaklega

¹ Það gerðist, svo sannarlega.

um pabba. Var margt sem ég ekki hafði hugmynd um og vissi ég þó talsvert meira um hann en flestir aðrir, því ég var mikið með honum í æsku.

Við vorum nú angarnir, en ég var einhver veginn útvöld - og var svo mikið með honum í smiðjunni þegar ég „*dró belginn*“ og hann smíðaði og hafði gesti sem ýmist sungu og skemmtu sér eða spiluðu á spil, alltaf hékk ég með - og þegar mamma og hann fóru eitthvað ver ég með. Aumingja mamma, það var ekki undarlegt að hún væri þreytt á mér. Þakkaðu Eggert innilega fyrir greinina og hvað hann náði Ástu fram, hún var eins og lifandi. Ég get ekki sagt hve oft ég las og les greinina og þitt bréf. Ég viss jú, að ég er orðin öldruð -- öll líkindi voru að ég hrykki upp mikið fyrr en hún -- Eggerts frásögn um pabba kom sérstaklega á óvart - því ég hafði skrifað Kerstin (*sonardóttur*) því mér fannst þau vera svo lík í mörgu - sagði henni frá þegar hann sótti bát eftir bát í ensku trollarana, sem fiskuðu á miðunum og voru svo „*matvandir*“ að þeir hirtu ekki annað en lúðu og stórþorska - öllu hinu var fleygt í sjóinn aftur -- nú býst ég ekki við að fiski sé fleygt -- tímarnir breytast. Ég kalla pabba „*piraten*“¹. Það var eitthvað af *pirat*² yfir honum - hann gerði það sem öðrum kom ekki til hugar. Og hvað mörgum hann kynntist og sem komu oft að Nesi - ég var alltaf með, þó ég ætti að vera sofnuð. --

-- Það koma svona gamlir tímar á Íslandi, þegar þú skrifaðir um óveðrið þegar Ásta var kistulögð, kom upp löngunin, fá að hafa „*verið með*“ - þótt kraftar og lífsfjör sé að dofna hraðlega - ég get ekki skýrt þér frá hversu innilegt einhvern veginn er og var að einmitt „*þið*“ tókuð að ykkur þetta allt saman. Ennþá hringsnýst einhvern veginn allt um Ástu - ég sakna hennar, svo og er ykkur þakklát, ég var í huganum hjá ykkur þegar þið fenguð matarbita heima hjá þér og sem Dídí hafði búið til.

-- þakklæti fyrir að hún skyldi ekki þurfa að líða lengur. --

Ræðir þorskastríði og skuldir landsins.

-- á Seltjarnarnesinu voru margir „*ekki saddir*“, höfðu ósköp knappt -- sem ég skildi ekki hvað var, að fá ekki að éta sig saddan. -- aðgerðarleysi var synd nærri og að lesa sér til skemmtunar - stalst maður til - allt var sífelld vinna og vinna - en nú hefur maður fengið uppbót því nú vinn ég ekki neitt. --

„Börnin“ og gamla fólkið situr í hásætinu, en hvernig fer fyrir þeim sem eru þritugir nú og kannski verða gamlir - ég segi kannski --

Friede P. Briem skrifar Lóu Vennerström, Rvík. 20.2.1976.

Eggert sendi sviðadósir og lopaeysu.

-- Þegar síminn hringi núna, veit ég að ég þarf ekki að búast við að heyra rödd Ástu: *Sæl og blessuð, elsku mágkona mín, ég skal ekki tefja þig lengi!* Kannske hef ég aldrei mátt vera að því að lifa lífinu á réttan hátt, einn góðan veðurdag kemur að því að enginn hringir, enginn kemur til þess að tefja mann, -- og maður situr með hendur í skauti og bíður eftir að maður sé tafinn.

Enn þarf ég ekki að kvarta yfir atvinnuleysi, en kunningjum og ættingjum fer fækkandi -- mér fannst Ásta vera -- tengill milli Nesfjölskyldunnar og mín --

Ég hringi stundum til Gauju; hún er kápítuli út af fyrir sig, ég vildi bara að einhver vildi bregða upp mynd af henni, áður en hún líka er horfin, hún stendur þar í gamla tímanum, en hefur samt lag á að hæna unga fólkið að sér, auk þess sem hákarlakarlarnir koma til hennar, að ég held með vasapela, áður en nokkur veit af er þar glaumur og gleði, hún heldur ótrúlega í gamla tímann --

Segir frá Bjarnþóri Karlssyni og hans fjölskyldu.

Einnig af aðgerðum Palla til að útvega Þórdísi vinnu. Tókst að útvega henni vinnu sem lækna ritara á Sólvangi í Hafnarfirði, þvert á öll lög, hálf starf sem hentar vel. Hún var þá að verða 72ja ára.

-- Það er bara verst með þessa blessaða lækna, hvað þeir tala mikið latínu; stundum hefur hún áhyggjur af því að latínan sé dálítið einkennileg sem hún er að festa á blað; kannski býr hún stundum líka til nýja sjúkdóma! Latína var ekki kennd í Kvennaskólanum, svo hún er blönk á því sviði. En hún puðar og þvælist í bílum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 5.3.1976.

Þakkar hjartanlega fyrir bréf -- fór næstum að gráta - ekki vegna sorgar -- heldur yfir þrá eftir öllu hinu liðna - en fór að hugsa um fjöruna -- Kotagrandi, Bakkagrandi, Norðurvörina og allt sem hún hafði

¹ Sjóræningi.

upplifað - og gladdist innilega yfir að Palli skyldi fá lóð og geta sest að á æskulóðum hennar. Og þakkar fyrir lýsingu hennar á Ástu, sem hringdi þegar hún upplifði eitthvað ánægjulegt, annars ekki. Svo fylgisti hún með fréttum af þorskastríðinu og treystir að þar sé margt ofsagt, eins og títt sé.

Ræðir um heimsókn sína að Ráðagerði og líðan aldraðra vina og frænda á Íslandi og í Svíþjóð.

Þá hefur hún áhyggjur vegna slæmra fréttu sem birst hafa um ástandið á Íslandi, en treystir að þær séu yfirdrífnaðar, ef ekki rangar, eins og fréttir eru oft.

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóa Guðmundsd. Vennerström. Rvík, 11.3.1976.

Þakkar bréf sem hún sendi móður hans, alltaf sé gaman að heyra hvað þú hugsir þótt drungi sé yfir henni eftir systurmissinn og söknuður.

-- Mér finnst eins og þú sért einhvern veginn á heimleið; þá skal ekki standa á mér að taka á móti kastlínunni. Og þá þarf ekki að skírskota til skyldu, því máttu trú. -- Ég var úti í Ráðagerði um síðustu helgi og sá þar mynd af Önnu í Bollagörðum. Mér þótti hún lík Guðmundi syni sínum til augnanna og ennisins. Voru þau ekki lík?¹

Eftir því sem meira byggist á Nesinu verður mér tíðhugsaðra þangað og til allra þeirra sem það byggðu áður fyrr. Mér þykir taugin milli hins liðna og þess sem nú er hafa slitnað. Gömlu bæirnir týna tölunni hver á fætur öðrum. Ráðagerðisbærinn, sem mun vera jafn gamall þér, stendur vart lengi. Togstreitan um lóðirnar á Nesinu; þeirra sem eiga þær og oftast hafa búið þar lengi, og stjórnmalagarpanna sem hafa tekið völdin og hyggja á mikinn frama; togstreitan sú harðnar með hverjum degi. Því þótt þeir séu íhaldsmenn og boðberar hins frjálsa framtaks og frjálsrar verslunar, og ég veit ekki hvers; þeir eru áfjáðir í umráðaréttinn yfir landinu, til að auka sín völd, til að geta úthlutað lóðunum til pólitískra vina eða þeirra sem hafa má gott af eða til að hreinrækta sinn íhaldsmannaflokk. Þannig lítur lífið á Nesinu út frá mínum bæjardyrum. Örnefnin gleymast og þó var mannlífið þarna allt dæmalaust merkilegt. --

Ég spyr hana: Eftir hvaða kotum Kotagrandi er nefndur? Voru verbúðir við Búðatjörn?

Hvernær var Litlibær byggður, var hann gamalt kot? Var kirkjugarður í Suðurnesi? Hvernig voru verfeðir suður í Leiru? Hvaða frændfólk átti Kristín í Nesi í austursveitum? Hvaða jarðir átti hún þar?

Segi henni líka frá ferðalagi mínu til norðausturlands vegna jarðskjálftahættu.

-- Þessar ferðir eru mjög þreytandi en ákaflega skemmtilegar. Það er ekkert skemmtilegra en að vinna með fólkinu í dreifbýlinu, það er þakklátt, eðlilegt og skemmtilegt; einkum á veturna. Það umhverfist hálfvegis þegar vorið kemur með gott verður og fer á flæking, hugsar um Kanaríeyjar og Reykjavík, bíltúra og sumarleyfi. Eins og auðvitað er eðlilegt; ekki getur lífið snúist um að falla mér í gerð eða skemmta mér. -- Ég er forvitinn að vita hvernig Malte ætlar að stjórna búi á Glänne, á sama tíma og hann stjórnar verkum í Västerås.² --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. 16.3.1976.

Segir fréttir af fjölskyldunni, einkum af Ullu Vennerström, tengdadóttur sinni, sem lengir hefur verið í stjórnmalabaráttu lénsins en er nú komin í fjórða sæti Miðflokksins í þingkosningum. Hann var áður var bændaflokkur en er nú að fá aukið fylgi í bæjum og borgum. Vekur framboðið athygli og hefur sjónvarpið verið með viðtöl við hana á Glenni.

-- Ég er alltaf jafn forvið að fólk leggi fyrir sig þetta leiðindaatvinnu að vera þingmaður - en nú er það svo ríflega borgað og flugvélar þeytast með þá heim yfir helgar. Ég held að þeir fái 80 þús. auk þriggja ferða, skattfrjálst. Er breyting á frá því áður þegar þeir fengu 300 kr. á mánuði í fjóra mánuði -- Ivar hafð 1000 kr. undirballans á sínum yngri dögum., en allt gekk einhvern veginn -- en hvernig, man ég ekki. --

Þykir mjög gaman að lesa lýsingar Friede á starfi sínu - þrekið og ánægjuna sem hún hefur af því.

¹ Rætt um Önnu Jónsdóttur (1830-60) í Bollagörðum, ættmóðir Bollagarðaættar, og Guðmund Einarsson (1858-1906) í Nesi v. Seltjörn, föður Lóa.

² Malte Wennerström var verkfræðingur, sonarsonur Lóa. Töldu foreldrar hans hann hafa áhuga á að halda búskap áfram þar og gáfu honum jörðina, nema lóðir sem systkini hans og frændi, áttu. Svo fór auðvitað að smám saman seldi hann jörðina, þannig að landið komst í hendur spekulanta, eins og fór með Nes. Húsið mikla var gert að veitingastað en lenti svo í óstandi. En nú hefur dótturdóttir Lóa keypt húsið og gert glæsilega í stand ásamt manni sínum sem starfar hjá S.Þ. En spekulantar þrengja að fjölskyldunni með sölu á lóðum og einhverju fleiru, sem ég kann ekki skil á.

Lóa Vennerström skrifar Eggert Ásgeirssyni. Glänne, 19.3.1976.¹

Pegar Lóa skrifaði mér þetta bréf var hún 87 ára gömul.

Minn elskulegasti bróðursonur og elsku vinur. Hvar og hvenær - í hvaða lífum ætti ég hafa orðið fyrir þínum orðum í síðasta og undraelskulegasta bréfi: --

Mér finnst eins og þú sért einhvernvegin á heimleið; þá skal ekki standa á mér að taka á móti kastlínunni. Þá þarf ekki að skírskota til skyldu, því máttu trú. --

Það var ekki langt frá því ég færi að hrína - mitt fólk á svo bágð með, á meðan tími er til, að segja það sem er gott og fallegt við hvorn annan og um þá sem maður elskar.

Af hverju höfum við aldrei minnst á þinn undursama föður og minn elskulegasta bróður og vin? Er það feimni eða hræðsla við að verða yfirorða um þá sem eru skyldmenn mann? Ég veit ekki - kannske mest feimni. Hvað þau voru undursamleg orð Lóu Hansen² um pabba þinn: ³ *Hann ljómaði og allt varð að sólargeislum þegar maður mætti honum á götunni.*

Þetta var ekki ofmælt - hann geislaði! Vissir þú það? Við vitum svo lítið um foreldrana, maður hugsar ekki út í þá sem venjulegar manneskjur - en það er gott að vera kominn frá ágætis fólki, en það skilur maður svo seint.

Pabbi þinn, Kerstin⁴ og pabbi voru eitthvað í áttina að vera lík; ég hugsa til þeirra sem *pirata*,⁵ fólk sem þorir að vera það sjálft og dálítið meir. Ég hugsa þá ekki um útlit - heldur að þora að lifa. Þú segir satt að Kerstin er ekki lík mörgum. Hún var ógurlegur berserkur sem angí; ég kallaði hana *korporalinn*. Stjórnsemi fylgir henni hvar sem hún er. En hún á erfitt vegna ofnæmi á höndum, sem ekkert fær ráðið bót á. Lítur út fyrir að vera fylginautur framfara, allt kostar sitt.

Svona fer það; maður byrjar á að ryðja úr sér einhverju sem maður hefur fengið eða öðlast, án þess að hafa unnið fyrir því, svo verður maður feiminn og stansar. - Kannski liggur það í því að tali maður og skrifi fallegt og innilegt um *fólkið* sitt - verður það einhverslags grobb, eitthvað verður eins og það detti yfir mann sjálfan og maður stansar mitt í meiningunni.

Svo er nú eitt sem þú víkur að í bréfinu þínu: ættin og Nesið. Í æsku minni var aldrei talað um neitt þegar fólk kom (í heimsókn) annað en *ættir*, hvaðan og hvar, og af hvaða fólki komið. Maður var svo þreyttur á öllu því umtali; ég lofaði sjálfri mér, ef ég eignaðist anga, skyldi ég aldrei tala um *ætt* og það hef ég haldið.

Af eigin ætt heima sá maður ekki marga. Það var amma í Bollagörðum, sem ég kom til þegar ég var send til hennar í einhverju erindi; annars var ekki talað um að koma inn - og að mig minnir kom hún aldrei sjálf heim að Nesi; af hverju veit ég ekki - hún fór hvergi - hún hafði verið heimastúlka hjá Sveinbjörnsseni⁶ og var svona dálítið *frömuð*, bjó með systurdóttur sinni og allt var svo hreint og í standi. Fallegur bær - held ég að öllum hafi þótt - en hann eins og annað er horfinn. Hún sat við vesturgluggann, í átt að sjónum og rúm uppþúin með fallegum litfögum teppum sem hún þrónaðir og gerði allt, kembdi, spann. Var svo átakanlega mikill friður þarna - engir krakkar - ekkert garg - var svo mikil sæla að sitja litla stund hjá henni - en eiginlega engin tilfinning annars - maður var bara svona - en það var eitthvað sérstakt yfir þessari gömlu konu - líklega mikið yngri en ég er nú - en þá var fólk gamalt í sér einhvern veginn, sem fólk er ekki nú; en hvort er betra veit ég svo ekki.

Oft sé ég eftir að ég spurði mömmu ekki um allt mögulegt - þó við værum að helmingi jafn gamlar, en það var eins og það væri erfitt að nálgast hana og ekki víst hvernig hún mundi taka spurningum um hennar yngri ár - kannske sem forvitni um hvað hún hefði fengið út úr lífinu.

¹ Dags. 1979. á sennilega að vera 1976. Ekkert bréf koma frá henni eftir það ár.

² Ólafía (Lóa) Þórðardóttir (1888-1961) Jónssonar bónda og hafnsögumanns í Ráðagerði á Seltjarnarnesi. Hann var tvígiftur, voru konurnar systur frá Mýrarhúsum. Ólafía var fyrri kona Halldórs Hansen yfirlæknis á Landakotsspítala. Hún átti fjögur systkini sem komust til fullorðinsára, auk nokkurra fósturbarna

³ Ásgeir Guðmundsson (1899-1935).

⁴ Sonardóttir hennar, Kerstin Wennerström (1941) félagsfræðingur í Stokkhólmi.

⁵ Sjóræningi.

⁶ Þórður Sveinbjörnsson (1786-1856) háyfirdómari bjó í Nesi 1835-51. Hjá honum var vinnukona, Gróa Gísladóttir, móðir Önnu. Fluttust þær þangað er Anna var eins árs. Þangað kom Einar Hjörtsson í vinnuennsku. Gengu þau Anna í hjónaband 1848 er hún var 17 ára gömul. Bjuggu þau fyrst þar en byggðu Bollagarða ári seinna. Þórður Sveinbjörnsson reyndist Önnu sem besti faðir (Gylfi Ásmundsson: Bollagarðaætt. 1990).

Svo var Bollagarðakot skammt frá Bollagörðum - ekki er einu sinni hóll nú eftir heilan torfbæ. Þar bjó Þorsteinn¹ einn og fjöldi barna, hvar af ein stúlka komst í vist hjá Bernhöft bakara og giftist honum seinna.² Ákafleg upphefð fyrir Nesið, skiljanlega - og öfundssýki þegar einhverjum gekk vel. Svona var það bara.

Svo var gamli bærinn í Nýjabæ, líka allt fagað og fínt. Ég veit ekki nema það væri eitthvað,³ sem nú er kallað *kúltíverað*,⁴ yfir þessu fólki - en það var eitthvert óvenjulegt andrúmsloft í Nýjabæ; allt annað en hjá nýbyggjendunum í Nýja⁵ húsinu, sem aldrei var nógu stórt - útávið og uppávið - varð að lokum *þríhæðað* í öllu rokinu á Nesinu!

Svo kom Bygggarður, sem maður þekkti lítið til nema són þessa ógurlega brims, þegar hvasst var.

Ráðagerði er eldra en ég. Frá því ég man eftir bjó Þórður lóðs,⁶ og hans fallega familía - undur ef það stendur. Man eftir að Kalli Torfason⁷ sagði húsin hanga saman á blikkplötunum - og enn stendur Gauja litla sig og Ráðagerðið, svo gott efni hefur verið í því bylgjublikki.

Svo kom Litli-bær, sem einn sonurinn frá Bygggarði⁸ byggði. Ég man betur eftir nýja Knútsborgarhúsinu, sem var óskastaður fyrir smáanga þegar það byggðist. Þetta var laglegt hús - sem var horfið þegar ég kom í heimsókn 1921. Hef ekki fengið svar við þeirri spurningu hvað af þessu húsi varð. - Varð líklega eins og gamli Mýrarhúsaskólinn - vandað steinhús, að mig minnir, fallegt - reist bara út af óvináttu - allt burtflutt.

Tjörnin, sem þú nefnir, Búðatjörn - var okkar skautasvell á vetrum, Einar⁹ og ég fengum skauta saman og við skautuðum ánægð á sitthvorum skauta. Okkur kom, líklega, aldrei til hugar að hafa báða skautana sitthvorn klukkutímamann - hugarflugið var ekki háfleygt - og við vorum alltaf ánægð með einn skauta hvort. Þessi tjörn er nú uppþurrkuð og horfin.¹⁰

Búðir, þar var engin vör neins staðar og Seltjörn er svo skerjött.¹¹

Ég hef aldrei heyrt getið um kirkjugarð í Suðurnesi, með samgang bara um Kotagrandu og Bakkagrandu.

Kotagrandanafnið er líklega frá Knútsborgarkoti, þar sem vinkona mín og okkar Björg,¹² bjó, gift sjómanni, sem fírst eins og margir aðrir. Áður en vísan kom um að skipið hefði farist þá varð hún sálarveik, heimilið tekið upp, börnin þrjú skiptust milli heimilanna, Sigga var í Nesi og Björg fluttist á Klepp. Hálfu ári seinna eða svo sagði mamma: *Sæktu og söðlaðu hest - þú átt að sækja Björgu!!* Ég varð svo skelkuð að ég hefði getað runnið um koll - en maður stóð sig - sótti hesta og fór hrædd af stað. Allt gekk vel og Björg dásamlegri en nokkru sinni - hún lærði *hygien*¹³ og svoleiðis - lærði allt sem var hægt að læra og svo var hún í Nesi allan veturinn, sér og okkur til ánægju og *hygienkunnáttu*.¹⁴ Ósköp var þetta fín manneskja og stórbrotin einhvern veginn.

Hvernig gat fólk yfirleitt á Nesinu haldið sér uppréttu í allri þessari fátækt og hafa hvorki í sig eða á.

Og áfram eftir Bakkagrandu kom Bakkakot, þar sem mín elskulega Fríða¹⁵ bjó - hún sem ekki hafði mat, en baunakaffi bauð hún upp á, og var ógurlega gaman hjá henni.; hún vissi allt um alla og allt! Svo það sem

¹ Þorsteinn Guðmundsson og Sigríður Bjarnadóttir. Kotið var líka kallað Þorsteinskot.

² Daníel Bernhöft (1877-) bakari átti Sigríði Margréti Þorsteinsdóttur (1877-1968) frá Þorsteinskoti. Voru þau barnlaus.

³ Menningarlegt.

⁴ Guðmundur Ólafsson (Ólafs) (1865-1938) frá Mýrarhúsum og k.h. Ragnhildur Brynjólfssdóttir (1872-1954) frá Meðalfelli í Kjós. Þetta var athafnafólk. Allir krakkar voru skíthræddir við Guðmund er þau stytta sér leið yfir Nýjabæjartúnið, jafnvel löngu eftir að hann dó og enginn eftir í Nýjabæ til að elta þau uppi.

⁵ En er nú horfið.

⁶ Þórður Jónsson (1851-1909)

⁷ Karl Torfason borgarbókari frá Ólafsdal, mágur Lóu.

⁸ Jón Ólafsson (1862-1914). Hann stundaði sjó af Nesinu.

⁹ Einar Guðmundsson (1891-1971) bróðir hennar, togaraskipstjóri í Bollagörðum.

¹⁰ Tjörnin kom aftur gjörbreytt, eftir að ósinn var stíflaður, lífríki allt annað þegar þar gætti flóðs og fjöru.

¹¹ Þetta var svar við spurningu um hvort í eða við Búðatjörn í Suðurnesi hefðu verið sjóbúðir.

¹² Björg Ísaksdóttir (1871-1933). Þau Vilhjálmur Guðmundsson áttu myndarhóp barna. Ég þekkti tvo, Ísak á Bjargi og Vilmond, sem stjórnaði vörubílastöðinni Þrótti.

¹³ Hreinlæti.

¹⁴ Þekking í hreinlæti.

¹⁵ Ingifríður Pétursdóttir (1871-1955) kona Þórarins Jónssonar sjómanns.

skeði á Seltjarnarnesi vissi ég líka, en það fór ekki lengra frá mér - slúður var stranglega fyrirboðið í nánd við þabba - en flest sem er fyrirboðið er jú gaman að oft. Ég hafði ógurlega gaman með henni.

25. mars. Þú mátt ekki halda að alla þessa viku hafi ég verið í Bakkakoti eða Bakkakotsbæ hjá Fríðu, þótt ánægjulegt væri hjá henni. Hún var líklega fyrirrennari *Den kolorerade veckopressen*¹ sem var orðin yfirgnæfandi (hjá okkur) en svo kom olíukrísan² og allt dofnaði - fjöldinn (*blaðanna*) hrökk upp af. Þó ungi konungurinn náði sér í svo fallega stúlku og *veckopressen* dafnaði, hef ég heyrt, vikublöðin eru ekki sú lestegund sem mér finnst sérleg - ofan í öllu og svo lítið mark á - eins og oft er með blöðin yfirleitt. En sjónvarpið var þrungið með konunglegu (*efni*) og alltaf er jafn gaman að sjá þessa fallegu stúlku sem ekki hafði *fladdrandi*³ hár. --

Sný mér að (*því*), sem þú svo vinalega spyrð um, veit ég ósköp lítið. Pabbi og hans áttæringur og hans fólk héldu alltaf til Leiru⁴ og reru þaðan. Áður en þeir fóru, sigldu, var Nes fullt af sjófólki, oftast nær sveitabændur, sem þurftu að auka tekjurnar og fara og fá fisk, aldrei gleymi ég *sjómannskistunum*, koffort og handraða. Í því var niðurpakkað smjör, kæfa og fleira matarkyns sem hélt sér.

Ósköp hlýtur þessum mönnum að hafa liðið illa; vortíð - kuldi - köld hús - einhver stúlka verkaði fyrir þá - hausa og fisk - sauð handa þeim og svo biti og biti úr handraðanum. Ef þú ert *intresseraður* af þess lags útgerð hefur Erlendur á Breiðabólssstöðum⁵ skrifað bók sem heitir *Sjósókn*. Oddný sendi mér hana, fróðlega og vel skrifaða. Álfnesingar fiskuðu nú mest á Sviðinu; þó þeir væru ekki í verum, var það svona álíka, ómanneskjulegt líf, ef maður ber saman það sem er nú; þó eru nú svo margir nöldrandi og krefjandi.

Erlendur og pabbi voru kunningjar og einn sunnudag sigldum við - pabbi, mamma og ég, yfir Skerjafjörðinn til Breiðabólssstaða þar sem okkur var vel tekið. Ég var fjórtán ára og átti að fara á

Kvennaskólann til haustsins og Oddný⁶ átti líka að fara í sama skóla. Erlendur var ósköp upp með sér af sinni gáfuðu dóttur þegar Kvennaskólinn kom til tals.: *Vissi nú hann hver mundi verða efst þann vetur í þriðja bekk!* Aumingja Oddný roðnaði út undir eyru og mitt *foreldraskap* varð kúnstugt á svip yfir öllu þessu hrósi - var ekki beint vani í Nesi að hrósa börnunum. En svo varð aumingja Oddný neðst í bekknum allan veturinn og ég veit ekki hvers vegna, hún var miklu gáfaðri en við allar hinar tilsaman, en óttalega feimin. Hún er einhver sú fínasta manneskja sem ég hef hitt fyrir og skemmtileg. Hún varð jú illa úti seinna en þó hún hafi skrökvað fyrir réttinum, þá er, eða var, hún stór manneskja sem ég var svo heppin að kynnast, en ósköp vorkenndi ég henni þegar pabbi hennar lét svo mikið yfir henni. Þessi Breiðabólssstaðaferð er sólargeisli í minningunni og eina *utflykt* (skemmtiferð) sem ég fór í.

Annars var frá hversdeginum í Nesi að segja og alla krakkahrúguna og allt þetta marga fólk sem ég get nú ekki rifjað upp hvar hefði sofið; það var frámunalega skemmtilegt, - ærsl og læti eiga við börn, held ég - vinnukonurnar sem, eins og áttu, eitt eða tvö af okkur, rifust um okkur og alltaf skeði eitthvað - sækja kýr, sækja hesta, ríðandi hingað og þangað - allir krakkarnir á Bökkunum⁷ í ýmsum leikjum.

Þegar rökkvaði sögðu sjómennirnir okkur sögur í *svarta kamesinu*.⁸ Útilegumannasögur, draugasögur, svo maður var skelkaður; og æfintýrasögur, mest frá Afríku. Það var undursamlegt hvað þessir menn höfðu lesið.

Punkturinn yfir öllu var þegar Úlfhildur í Flekkudal kom í ½ mánaðar heimsókn, hreinasta uppsprettulind og líka sonur hennar, Einar yngri.

Hvað þú ert fær í að skrifa sænsku! Þegar Else Mari las hátt bréfið þitt þá hugsaði ég: Hvað vel hún kann að lesa íslensku, en áttaði mig á að það var bréf á sænsku. Hvenær hefur sænskan flogið á þig - eða ertu svo mikill tungumálamaður?

Svo svara ég þér viðvíkjandi *jörðum* fyrir austan, Hafði ég nú heyrt um þær, sem voru þó nokkrar, en hvar og hvað bæirnir hétu, það man ég ekki. En eitt atvik er mér minnisstætt.

¹ Það voru slúðurblöðin, vikublöð, nefnd þá í Svíþjóð.

² Olíuvandamálið.

³ Frjáltslegt.

⁴ Leira, fyrir norðan Helguvík, þar sem nú er golfvöllur.

⁵ Erlendur Björnsson (1864-1953); átti Maríu Sveindóttur.

⁶ Oddný Erlendsdóttir (1889-1963), átti kínverskan mann, Sen að eftirnafni. Hún varð heimflutt frá Kína kennari og einnig fræðari um landið og list þess.

⁷ Bakkarnir við tjörn og sjó voru sléttir, harðir og með snöggum gróðri og góðir til leikja.

⁸ Smáherbergi.

Þegar Ívar kom 1909 vorum við í 10 daga reiðferð austur í Vík í Mýrdal, Guðmundur¹ Þórðarson bróðir Ólafíu frá Ráðagerði, Ívar og ég. Á heimleiðinni, hvar, man ég ekki. Villt vorum við og uppi á hæð, engin slóð og urðum að fara slóð fyrir tún. Bæði Guðmundur og ég vissu hve mikil synd móti heilögum anda var að riða yfir tún. Til okkar kom voðablásandi kona, ekki beint blíð. Guðmundur sagði: *Ólavía þú verður að tala við hana*. Ég fór til konunnar og bað ákaflega hæversklega afsökunar. Hún rausaði og skammaðist, sem von var. Svo sagði ég að ég vissi hve illt þetta væri - við værum líka sveitafólk. Svo spyr hún: *Hvaðan eruð þið?* Ég sagði henni það. Þá hrópar veslings konan: *Guð almáttugur, er ég ekki að skamma börnin hennar Kristínar í Nesi?* Og inn vorum við boðin; hún rauk í að baka pönnukökur og ég man að hún hafði svona um fimm börn í eftirdragi; öll nærri á sama árinu sem líkt og járnbrautarvagnar eltu hana út og inn. Þetta var ein af jörðum foreldranna, sem þau höfðu keypt fyrir lítið.

Í þessari ferð var það Ívar sem fræddi okkur - þarna hafði þetta, og þarna þetta, skeð; hann kunni Íslandssögu, sem við vissum ekki mikið um. Skemmtilegt var ferðalagið og minnisstætt. Ívar sem var fullur af frelsun mannkynsins og alvarlegur - hann lærði að hlæja.

Viðvíkjandi Malta² okkar og hans yfirtöku á Glänne þá virðist vera að hann ætli sér að reyna að fá vinnu í Karlstad. Það síðasta sem ég hef heyrt var að vinafólk hans, sem líka vildu flytjast frá verksmiðjubænum Västerås, vildu fá að leigja hjá honum.

Ég býst nú ekki við að búskapur verði lengur á Glänne. Jörðin er leigð, en skóginn sér hann um og er nóg sem aukavinna. Yfir vikudagana, þegar Malte er heima, er hann sípuðandi að fella tré eins og pabbi hans. Skógurinn bara vex og vex undursamlega. Hvað mikið hann gefur af sér, bara með því að standa þarna. -- Nú er þetta orðið æði langt; ég gæti sagt þér miklu meira frá Nesinu, en þetta verður og orðið yfirmóg í bili. Blessaður elsku góði frændi minn, sonur míns væna og stórhuga bróður, sem ég sífellt sakna. Að manni sé sakna þýðir að maður lifir áfram --

Friede P. Briem skrifar Lóu Vennerström, Rvík, 26.3.1976.

Ræðir margt, starf Páls og barnageðdeildina, heilsu frændfólksins og gengi barnanna, nám frænku Lóu í hjúkrun og alla skýrslugerðina. Fjarlægðin við sjúklingana eykst.

-- Ég ætti ekki að kvarta yfir slíku, því á allri þessari pappírsvinnu lifi ég. Og hún eykst stöðugt. Og svo eru allar verðbreytingarnar í þessu blessaða landi. Um síðustu helg varð hækkun á áfengi og tóbaki. Hjá mér er það nætur- og helgidagavinna að útbúa verðskrár. Sirrí hjálpar mér ómetanlega mikið, bæði í því og öðru -- Eggert er ósköp mikið á ferðalögum. Skyndihjálp um land allt. -- Og þó hann sé nýkominn heim nú, frá Raufarhöfn og Kópaskeri, fer hann til Akureyrar um næstu helgi. Hann leggur mikið á sig í þessu Rauðakrossstarfi, en hann hefur áhuga fyrir því, og þá gleymist vinnan þó hún sé oft mjög krefjandi. Svona er að hafa áhugamál - það skyldi enginn maður hafa og síst af öllu að slíta sér út fyrir þau. --

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 6.4.1976.

-- Okkur líður vel hér, það stendur til að ferma Ásgeir, son Eggerts, á annan í páskum; áttar maður sig varla á því hvernig tíminn líður óðfluga. --

Eggert og Sirrí eru ekki heima í kvöld, svo börnin eru hér niðri hjá mér að horfa á sjónvarpið. Var mér fyrirskipað að senda þau í rúmið kl. hálf tíu, en ég gat ekki dregið þau frá sjónvarpinu, og klukkan orðin hálf ellefu. Ekki er nú gott að treysta gömlu ömmu. Oft gleðst ég yfir því að sjónvarpið skyldi ekki vera fundið upp þegar mínir drengir voru litlir -- Mér er rétt sama þegar foreldrarnir bera ábyrgð á þessu, en mér líður illa þegar ég ber hana. Jæja tímarnir eru breyttir frá því að maður var ungur, og ekki breyti ég þjóðfélaginu þó ég hafi skoðanir á hlutunum. *Starfa því nóttin nálgast, notaðu dag hvern vel*, stendur í sálminum eftir hann Jón Helgason, móðurbróðir minn, og þetta var manni kennt í æsku. Nú hef ég mikið að gera og uni því vel. --

Segir frá fermingarveislu Rúnu Hauksdóttur, dóttur Rúnu Guðmundsdóttur, en fjölskyldan bý hér skammt frá. Rúna rekur Parísartískuna og Magnús maður hennar er með heildverslun.

Segir líka frá Gauju í Ráðgerði og erfiðleikum hennar vegna veikinda fóstursonarins.

¹ Jón Guðmundur Þórðarson skipstjóri.

² Malte Wennerström, verkfræðingur, sonarsonur Lóu.

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Vennerström. Rvík, 8.4.1976.

-- Þakka þér gott og skemmtilegt bréf -- Ég get tekið upp sams konar ræðu þegar þú talar um pabba og sagt, hvernig stendur á því að við höfum aldrei talað um ömmu, Nesið, né marga hluti sem við eigum sameiginlega. Við höfum rætt stjórnmál, leiklist og ýmislegt annað sem endist skammt.

Þú nefnir líka annað sem þú hefur kannski ekki gefið gaum að fyrr en nú, en ég hef oft hugsað um. Hví höfum við ekki skrifað á. Nokkrum sinnum hef ég skrifað þér, fengið svar, en ekki svarað aftur í beinu framhaldi. Því hefur sambandið veikt smám saman. En ég veit hvers vegna það hefur orðið frá minni hlið. Þú gerðir svo miklar kröfur, maður var varla búinn að senda bréf þegar svarið kom, geislandi skemmtilegt, en eins og röntgengeisli stæði á mér. Ég varð hálf feiminn, leikurinn var ójafn, skemmtileg og reynslurík kona, óharðnaður drengur með bæði viðbjóð á röntgenmyndavél og smásjá sem að honum væri beint. En svo breytist maður. Í stað þess að forðast þá dregst hann að þessum lífsháska og uppgötvar síðan að hann hefur sömu áhugamál og gamla frænka - hefur kannski alltaf haft.

Þú sagðir mér svo skemmtilega sögu um ferðina ykkar austur 1909. Þú manst ekki hvað jörðin hét. Mig minnir að ég hafi heyrt að amma í Nesi hafi átt þrjár jarðir í Hreppum: Núpstún, Gröf (eða Grafarbakka) og Hamarsheiði. Jú, það var Óli sem sagði mér þetta. Var þetta einhver þessara jarða. Óli sagði að sambandið við Hamarsheiði hefði lengi haldist. Erlendur bóndi þar mun haf keypt jörðina á 1.600 kr. og kom á hverju hausti að Nesi til að borga af jörðinni. Það gerði hann með fé á fæti. Á þessum tíma voru jarðakaup eina mögulega fjárfestingin, en lítill hefur hagnaðurinn verið. Nú eru allar þessar jarðir hinar myndarlegustu í Hreppum og væru sennilega á milljónir eða tug milljóna nú, en krónurnar eru nú líka orðnar æði miklu minni.

Gaman var að heyra lýsingu þína á förinni að Breiðabólssstöðum. Ég hef alla tíð verið heldur á móti Erlendi. Mér var sagt það ungum að Erlendur hefði farið í annarra hrognkelsanet og get varla komist yfir það þó ég eigi tvær vinkonur, aðra dóttur Oddnýjar, hin er dóttir Jóns Erlendssonar Vestdal og við heimsótt Svein Erlendsson á Breiðabólssstöðum.¹ Svona fer gjarna þegar fólki er hallmælt.

Það var gaman að heyra lýsinguna á skautuferðum ykkar Einars. --

Við Sirrí erum á leið til Kaupmannahafnar eftir hálfan mánuð, en okkur hefur verið boðið á hundrað ára afmæli Danska Rauða krossins. og til að heimsækja R.K. Þýskalands. Á eftir ætlum við að verða okkur út um ódýra ferð suður á bóginn, til Aþenu eða Rómar og gá hvort við erum ekki í standi til að stunda kæruleysi eins og allir hinir. Þá kemur nú aldeilis að góðu gagni gjaldeyririnn sem við höfum nælt í með því að útvega Guðmundi peysur. --

Ásta Guðmundsdóttir og Karl Torfason.

Lóa Vennerström ræðir oft um Ástu systur sína látna og Bjarnþór² son Karls Torfasonar frá því áður en þau Ásta giftust. Ég þekkti hann og hafði gert lengi og unnið með honum lengi í Heilsuverndarstöðinni. Hún hafði aldrei vitað um þennan son, sem nú tók við pabba sínum og öllum eignunum, því þau höfðu gert með sér gagnkvæma erfðaskrá og var því Bjarnþór Karlsson einkaerfingi þeirra, flutti inn í Ólafsdal og settist í búíð sem var að miklu leyti frá Nesi. Karl hafði séð um búskiptin, en sýnilega ekki lokið þeim, því allar bækurnar og smáhlutir o.fl. frá Nesi var allt geymt í Ólafsdal. Ég kom nokkrum sinnum þangað í heimsókn til Bjarnþórs og sá þar ýmislegt, t.d. bækur sem pabbi hafði átt. Heppilegt var að Bjarnþór kallaði til frænda Kalla og bað hann um að fara í gegnum skjöl og bréf. Hann sá hvers kyns var og kallaði mig til. Þá voru þetta fjölskyldubréf Kristínar, ömmu í Nesi. Kom hann með þau til mín, áður en hann fór með bréfin í handritasafn Landsbókasafnsins. Ég skrifaði mikið af þeim upp og, varð úr þeim bókin: **Nesfólkið við Seltjörn** og sem ég gaf út árið 2001 og sem er að finna á netinu. (Rafhladan).

¹ Þá þekkti ég Guttorm Erlendsson hrl. sem starfaði hjá Rvíkurborg. Hann innleiddi það kerfi að stofna ávísanareikninga fyrir okkur starfsmenn borgarinnar. Þangað voru launin greidd. Þáttur í samningum við bankann var að borgin tryggði hugsanlegan yfirdrátt. Eitt sinn kom ég, fyrir hádegi laugardags, þegar margir höfðu frí í vinnunni og gjaldkerastofan fylltist af fólki. Þangað átti ég erindi. Guttormur gekk í gegnum biðsalinn, sér mig og kallar upp yfir alla að ég hefði yfirdregið reikninginn um einhverja, áreiðanlega smáa upphæð. Allir er biðu litu við til að sjá þennan brotastrák, sem var ekki beint vanur að standa fyrir máli sínu opinberlega. Ég stamaði upp að ég skyldi *reyna að láta það ekki koma fyrir aftur. Reyna!* kallaði Gutti á móti, *það þýðir ekki að reyna, ef það gerist, verðurðu kærður!* Úff, þetta var ljóta demban. Ég held slíkt hafi aldrei gerst aftur. Við urðum kunningjar er frá leið. En skrítið myndi teljast nú, að vinnuveitandi fylgist með öllum viðskiptum starfsmanna sinna, stórum og smáum.

² Bjarnþór Karlsson (1928-2006) gjaldkeri í Heilsuverndarstöðinni í Rvík og síðar Borgarspítalanum. Móðir hans var Ágústa Eiríksdóttir (1892-1986) frá Votumýri á Skeiðum. Ólafsdalur við Kaplaskjólsvæg er nú Einimelur 6.

Frá Ólafsdal er það að segja, að þau Ásta og Kalli voru að tapa sér. Eins og mörg gamalmenni virðast þau hafa verið hrædd um þjófnad, kannski fólks sem aðstoðaði við ræstingar. Kannski ekki heldur treyst bönkum fyrir ávöxtun fjárins, jafnvel óttast skattinn. Þau földu peningaseðla í bókaskápum, krukum og hvar sem þau töldu að enginn annar myndi finna þá. Þannig að Bjarnþór sagði mér að hann væri alltaf að rekast á seðla hér og þar í Ólafsdal.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 24.4.1976.

-- Sjálf er ég sannfærð um að meining Ástu var sama og Bjarnþórs. Þessi Bjarnþór, sem ég ekki einu sinni vissi hvað heitir er orðinn hápunktur í Ólafsdalssögunni. Og allt eitthvað spaugileg, eins og ferðir með Kalla til mömmu hans í heimsókn með pabba sínum - eitthvað eins og í skáldsögu - sem er vel sögð, en þó eins og skáldsaga. Er sem ég sjái þessar gömlu manneskjur, sem fyrir eilífd áttu „romance“ saman - hittast nú aftur og allt sorglegt - kannski gleymt og horfið.

Eggert talar svo vel um þennan pilt, sem er nú ekki piltur beint - líklega um fimmtugt. Það er eins og lífið endist ekki til að heyra og fréttu um svoddan furðu sem mér finnst nú Bjarnþór vera.

En viðvíkjandi (banka)-bókinni (sem hún geymir fyrir Ástu og Kalla) hringdi ég til bankans og hélt -- að ekki þyrfti meira en að yfirfæra þessa upphæð frá einni bankabók til annarra. En bankar eru nú bankar og yfirvöld hafa sínar ritningargreinar, sem ekki er hægt að stökkva yfir. -- Það þarf „bouppteckning“¹ o.s.frv. að koma til, svo ekki er ég hissa þó það taki sín ár að framkvæma. -- Sagðist ég ekki vita að „bouppteckning“ þurfi til að koma þegar maðurinn hennar er lifandi.² --

Þinn óvenjulegi hæfileiki að skrifa bréf hefur nú komið fram hjá Eggert, áður fannst mér eins og honum leiddist að skrifa bréf og við því er lítið að gera - en hann er hátt í að verða eins frámunarlegur stílisti og þú. Ég veit ekki hvað var með lestur þegar þú varst ung - en hjá okkur var lestur sama og leti og varð maður að stelast til þess. Það var vinna og vinna. Sækja og fara með kyr í Suðurnesið eða þangað sem strá uxu, passa þær þar sem bólstrar og sátur voru, svo þær ryddu ekki vetrarmatnum í sig - og svo var fiskvinna alltaf þegar sólin sýndi sig. Ég held ekki hjá okkur væri minna bókanæmi en annars staðar, en „óþarfi“. Ég man eftir einni bók: *Kapítóla* sem var sundurlesin og svo *Lögréttuframhaldssögurnar* - annar *litteratúr*, fyrir utan Íslendingasögurnar, var ekki til og ekki gerði skólinn mikið af því að fræða eða örva til lesturs. (Segir frá Kerstin sem sagði eftir stúdentspróf að hún ætlaði að safna bókunum saman og brenna og aldrei líta í bók framar). --

-- Verð að segja hvað gaman var að þú varst boðin í *cocktailparty* hjá Rúnu (í Móum) og eins og átti ekki við þig. Já, Rúna er kapítuli fyrir sig, og í henni er skörungsskapurinn frá ömmu frá Nesi, Valgerði, sem var sem maður segir, *útséð* í kaupskap. Það kom fram hjá Geira okkar, sem var mikill að sjá framávið -- Áður og fyrir fannst mér Rúna heldur hávær og svoleiðis - en hún yfirvann það - og nú er hún orðin „*leading lady*“³ í bænum eftir ýmis úthlaup og þó staðist allt og komið upprétt út úr því. Allt er í kringum hana svo *modern* og fullkomið. Ekki blettur eða ryk neins staðar og allt virðist heppnast hjá henni og nú að síðustu fengið mann sem er á við hana.

Mamma nefndi aldrei mömmu sína, en pabba sinn, Ólaf, nefndi hún nokkrum sinnum, stilltur og fíngerður, en réði litlu. Mér var sagð að amma Valgerður hafi verið svo mikill vinnuþjarkur svo hún á sumrin greiddi sitt mikla hár einu sinni í viku, var ekki tími fyrir svoleiðis pjatt.

Er leiðinlegt að maður var ekki forvitinn á yngri árum og spyrdist fyrir um þessi hjón, foreldra mömmu, sem áttu ekki samleið í lífsstíl - en í þá daga athugaði fólk ekki slíkt og rauk burtu, en *stóð út* - en ósköp fannst mér mömmu þykja vænt um hann - en svo giftist hún ung og fékk nýjan *stýrismann* og þegar hún varð sjálfstæð vissi hún ekki hvað hún ætti að gera með sitt fengna frelsi. Hún var eins og nýju þjóðirnar, sem verða einhvernvegin frjálsar og vita ekki hvað á að gera með frelsið.

Ég hugsa svo oft um hvað lítið maður gerði fyrir hana, og ósköp lítill skilningur á hennar lífi. Ég held að þú værir eina manneskjan sem hún fann reglulega eitthvað hjá. Geiri var ósköp góður við hana, en hún var hálfhrædd við hans „*framátanda*“ (kappsemi). Hún hafði ekki mikinn kjark eftir - hún hafði mest hlýtt öðrum. En tíminn var svona og mikið er breytt, hvort betra er eða ekki sést síðar.

Rúna var sú sem sleit sig frá stjórnsemi föður sín - og margt erfitt gekk hún í gegnum og kom ekki alltaf jafnfætis niður.

¹ Búskipti, eða eitthvað í þá áttina.

² Mig minnir að þetta hafi verið smáupphæð, eitthvað 2 þús s.kr.

³ Forystukona.

Síðast þegar við vorum heima og komum til hennar í *frúkost*. Ulla, jafnvel, varð „*impóneruð*“. Hún gaf okkur skinku og egg og vöffur með kaffinu - og það sem eftir var af þeim vafði hún saman og tók með sér niður á verkstæðið til að gefa stúlkunum - eitthvað svo sæt umhyggjusemi, sem ekki er oft að finna hjá stórhuga fólki. --

Ásgeir Eggertsson skrifar foreldrunum. Reykjavík. 26.4.1976.

-- Halló, þið þarna túristar. Ég vona að ykkur líði báðum vel og séuð ekki með neina magapest eða kvef. Amma fór í leikhúsið í gær og sá *Equus*, á meðan vorum við herna heima og horfðum á söngkeppni sjónvarpsstöðva í Evrópu og bar sigur af hólmi bresk hljómsveit sem kallar sig *Brotherhood of men* og hér með bið ég ykkur að kaupa þessa plötu.

Auður gleymdi töskunni sinni og bað okkur að finna töskuna en um leið bauð hún okkur í hádegismat á sunnudaginn, þá sagði amma: *Hún Stella er nú bara alveg eins og hún Sirrí*.

27.4.1976. Í gær fórum við til Björns Þ. Þórðarsonar (*háls-, nef- og eyrnalæknis*) og tók það ekki nema klukkutíma. Á meðan amma fór í pósthúsið berið ég í apótekinu og þurfti amma að bíð mun lengur en við þurftum að bíða hjá læknum. Jæja, nú er Vaka að byrja og ég þarf að fara niður en amma bað mig um að lemja sig með skóhorninu til þess að hún myndi ekki sofna.

Ykkar Ásgeir. P.S. Munið eftir plötunni.

Eggert Ásgeirsson skrifar Biering Sørensen. Rvík, 28.4.1976.

Biering Sørensen, danskur læknir og skyndihjálparforkólfur á Norðurlöndum. Hann var aðalráðgjafi RKÍ í skyndihjálp og var kennslubók hans gefin út. Var náð samstarf hans og konu hans við RKÍ og þurfti að halda honum upplýstum um starfið og heilsu minni, sem heldur hafði farið úr skorðum í heimsókn okkar til Danmerkur og Þýskalands þegar ég hafði fengið þráláta flensu.

-- *Da jeg endelig blev rask var de en del rejser som ventede til forskellige landsdele. Det er meget krævende arbejde angående jordskælv på Norlandet og store bekymringer om nye udbrud i Kraflaområdet.*

Men jeg tror dog jeg tør sige at vi har været heldige i dette arbejde og RK har haft stor fremgang. Efterhånden er man klar over at ingen kan undvære samhjælp, vi er alla afhængige af hinanden og ansvaret hviler på alles skuldre. --

Imorgen tar vi til Vestlandet og bliver antagelig en uge væk. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur og Eggert Ásgeirssyni, Rvík, 28.4.1976.

Segir fréttir úr húsinu þegar þau Sirrí og Eggert voru á ferðalagi til Þýskalands. Þá voru veikindi eins og fram kemur í næsta bréfi, læknisheimsóknir o.fl.

-- Þessu trúið þið ekki, það veit ég. Svei mér ef ég hafði það ekki á tilfinningunni þegar ég var inni hjá Birni (Þórðarsyni, háls, nef og eyrnalækni) að hann hefði bara reglulega gaman af því að lækna þessa fjölskyldu - bara hreint yndi af því! Svona erum við vinsæl öll.

Strax í dag er hóstinn betri og í gær var talsvert strangur dagur hvað vinnu snertir. Ásgeir vann sér inn 1.600 kr. og Dagur 300. Sú gamla kann að snúa snældunni sinni, og sjálfsagt verð ég áður en lýkur kærð fyrir vinnuþrælkun og þá sérstaklega ungra barna. -- Það sem Ásgeir var að hjálpa mér við, var röðun og hefting fyrir tónlistarkennara og síðan röðun og hefting á skýrslu Hauks Clausen, sem sannarlega var skemmtilegt plagg. Enda hafði Ásgeir ekki síður gaman af þessu en ég. Síðan var sett inn í umslög og við Dagur fórum með allt draslið niður á Pósthús og ég lagði bílnum vitlaust til þess að mótmæla meðferðinni á hinum góða borgara, ég sá það á löggunni sem leit á mig án þess að kæra mig. að hún var mér fyllilega sammála.

Ég talaði við mömmu þína, Sirrí; og þar var allt gott að fréttu. Svo hlökkum við til sunnudagsins, því Stella systir þín býður okkur þá í hádegismat og Dídí líka. Þetta finnst mér aðdáunarvert af henni. Ég vissi ekki að hún væri svona lík þér. Nú kemur á daginn og vona ég að Ásgeir verði þá orðinn hress. Annars er hann mjög hress og hefur gaman af að gabba mig og gengur það ágætlega. Það minnir mig á *Knold og Tot*,¹ sem alltaf voru að gabba aumingja *frú Vom*, en Ásgeir hefur ekki lært það af þeim heldur er það meðfætt.

¹ Teiknimyndafígúfurur.

Þó ég sé að skrifa þetta um *hábjargræðistímann* hef ég ekki verið trufluð nema fjórum sinnum. Þrír hafa verið að borga reikninga og einn að biðja mig að senda út fundarboð - aumingja Ásgeir sér sína sæng uppreidda, en hann virðist líka hafa vinnugleði, svo hann sleppur ekki!

Dagur hefur staðið sig með prýði að vakna á morgnana. Ég smyr nokkrar brauðsneiðar og læt vítamín og flúor á diskinn og ef þetta er horfið þegar ég kem á fætur, veit ég að allt er í lagi - og það hefur það verið. Þá vitið þið nokkurn veginn hvernig allt gengur hér í húsinu. Og utanhúss blómstra krókusarnir, meira að segja í grasinu og gleðja mann alla daga. --

Friede P. Briem skrifar Cecilíu Helgason. Rvík. 9.5.1976.

Pykir leitt að heyra að Cilla hafi verið veik, en einnig hafi influensa lagst á heimilisfólkið á Bergstaðastræti, nema Sigríði. Cecilia var bóndi á Lindarhvoli í Pverárhlið.

-- Þakka þér hjartanlega fyrir bréfið og þann mikla gleiða að útvega Degi dvöl í Hjarðarholti, á því góða heimili, sem er svo nálægt ykkur, og vita að hann sé velkominn að heimsækja ykkur við og við. Dagur hefur aðeins einu sinni áður farið að heiman, það var í fyrrasumar að hann fékk að fara í reiðskólann í Geldingaholti hjá Romsari Þorleifsdóttur.¹

-- Eggert og Sirrí voru boðin til Kaupmannahafnar vegna 100 ára afmælis Rauða krossins, sem var í byrjun maí. Eggert ætlaði að kynna sér starfsemi Rauða kross félaga í Þýskalandi og fóru héðan 25.4. til Bonn. Drengirnir voru hér heima hjá mér, en Auður átti að vera hjá systur Sirríar, en Ásgeir var búinn að vera með influensu í hálfan mánuð, en ekki orðinn góður þegar þau fóru. Eftir fimm daga hringdi Eggert til mín frá Bonn, þar sem hann hafði legið með háan hita frá því að hann kom þangað og þrátt fyrir meðul frá ágætum lækni og alls konar rannsóknir vildi hitinn ekki lækka. Það varð að aflýsa öllum kynningarheimsóknum og að lokum lagði læknirinn honum að snúa heim, því ekkert vit væri í að fara í ferðalag svona á sig kominn, en þau ætluðu eitthvað suður á bóginn eftir heimsóknina í Khöfn. -- Þau komu svo heim eftir sex daga og þá voru bæði Auður og Dagur veik af þessari pest -- svo ástandið hefur ekki verið gott hér, þó sannarlegt happ megí kallast að hvorki Sirrí eða ég höfum fengið þennan óþverra --

Ásgeir fór í morgun norður að Hvarfi í Bárðardal, þar sem hann verður í sumar. Fékk hann að sleppa við próf þar sem skólastjórinn (*Ásgeir sonur Guðmundar skólastj. á Hvanneyri*) álitur það stórkostlega þroskavænlegt fyrir alla að kynna lífinu í sveitinni hjá góðu fólki og þá ekki síst að vera með skepnunum, sem veita manni allar þær gjafir sem við njótum daglega og sem stendur undir þjóðarbúinu. Vona ég að drengirnir báðir komi sér vel og séu góðir og skylduræknir.

Ég hef alltaf feikilega annríkt. -- Ég fékk í gærmorgun heimsókn af Hauki Clausen tannlækni sem færði mér þær guðdómlegustu rauðu rósir sem ég hef séð, til þess að þakka mér fyrir störf fyrir Tannlæknafélagið s.l. tvö ár, meðan hann var formaður. Aðalfundur TFÍ var í gær og þá létur hann af formannsstarfi. Ég var alveg snortin af þessari vinsemd --

Margt af því sem ég geri er mjög skemmtileg, eini gallinn er hvað allt á að vinnast fljótt, hvort sem það er lítið eða mikið. Núna í vikunn var ég að vinna fyrir arkitekta, sem hefur verið falið að skipuleggja hinn mjög svo vaxandi bæ Selfoss. Upphafið að því verki er að kanna byggðasögu héraðsins, ekki síst gróðurfarslega. Var það saga Selfoss, Hveragerðis, Þorlákshafnar o.fl.; auk þess búskaparhættir fyrr á öldum; og miklar hafa framfarirnar orðið. En þrátt fyrir það er sífellt verið að berjast við sandfok og gróðureyðingu -- Það er óhætt að segja að við búum í harðbýlu landi --

Ég lét í fyrrasumar steypa nýjan grjótgard og stétt upp að húsinu, og það sem best var að leggja heitt vatn í stéttina --

Friede P. Briem skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Reykjavík, 23.5.1976.

Ásgeir var þá 13 ára, í sveit að Hvarfi í Bárðardal.

-- Ég hef verið að vélrita mér algjörlega óskiljanleg prófverkefni fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði í efnafræði, eðlisfræði og stærðfræði, en get ekki annað en vonað að nemendurnir skilji þau og leysi. --

¹ Rosmary Þorleifsdóttir, Geldingaholti í Gnúpverjahreppi, brautryðjandi í reiðkennslu. Er dóttir Þorleifs Þórðarsonar (1909-80) forstjóra Ferðaskrifst. Ísl. Hann hafði unnið í Bókabúð Eggerts P. Briem, sem Eggert hætti við er hann varð forstjóri Ferðaskrifstofunnar, en sem hann entist ekki í, og tók þá Þorleifur við. Annie (1910-47) kona hans var óperusöngkona, þýsk. Söng hér í óperettum, m.a. í Brosandi landi, á móti Pétri Jónssyni, að því er mig minnir. Ég gagnrýndi söng hennar af því að hún væri skjálfröðduð. *Vibrató* hafði ekki fest rætur hér í sönglist áður en hún kom og eyru mín ekki vanist því.

Ég vona að þessar línur sæki vel að þér og öllu fólkinu á bænum, og ekki má gleyma að óska þess sama um blessað búféð sem gefur okkur öllum þessar dásamlegu gjafir.

Hér líður okkur öllum vel og Dagur er búinn að fá nýtt hjól, í staðinn fyrir það sem tekið var frá honum -- Auður fór með Kötú og fjölskyldunni til Þingvalla í gær í góðu veðri, en henni þótti samt hundleiðinlegt, enda Kata orðin sárlasin af inflúensu þegar heim var snúið --

Segir frá boðum og veislum, stúdentsprófi Björns Líndal, sem ætlar í lögfræði. Segir að þetta verði tilbreytingalaus lögfræðifjölskylda því Þórhildur systir hans sé að ljúka prófi í greininni og Eiríkur Tómasson maður hennar kominn í dómsmálaráðuneytið. Kristján Hjaltason varð líka stúdent.

-- þegar ég sótti Dídí vildi Auður fá að koma með mér og fór ég að segja henni að áður en langt um liði ætti að leggja Hringbrautina niður og færa hana niður fyrir Umferðarmiðstöð -- hún spurði mig þá hver ætti að borga þetta. Við öll, svaraði ég. Ekki ég, sagði Auður, því ég á enga peninga. Þá róaði ég hana með því að enginn þyrfti að borga skatta fyrr en hann væri 16-17 ára. Og þá stórlétti henni og sagði: *Mikið er ég fegin að vera bara sjö ára.*

Við röbbum margt og hef ég gaman af. --

Auður „litla“ Loftsdóttir hafði fengið kúst hjá mömmu sinni fyrir nokkrum dögum, líklega til að sópa stéttina. En í staðinn fyrir það lamdi hún Kötú beint í höfuðið, svo úr blæddi og fara þurfti á Slysavardstofuna. Enginn grét eins og Auður systir þín, því hún fann meira til en Kata og var lengi að jafna sig og sagði: *Aldrei hefði hann Þórhallur¹ gert svona, þó er hann yngri en Auður litla.* Þetta var mikið áfall fyrir Bergstaðastrætið, því þar eru svo góðir krakkar.

Palli frændi þinn er 25 ára stúdent og auðvitað í eilífum fögnuði, en pabbi þinn er að mála niðri í kjallara og tekur ekki þátt í neinum fögnuði - sem stendur.

Dagur á tvö próf eftir -- búinn að sækja dótið sitt úr Handíða- og myndlistarskólanum. Þá gaf hann mér grafíkmynd sem heiti *Málarinn* -- og ætla ég að láta ramma hana inn.

Þá veistu hvernig okkur líður. Og nú kannske skrifar þú aðeins nokkrar línur. Bara þrjár til fjórar. Svona: *Elsku mamma. Ég kann vel við mig á Hvarfi. Ég er ekkert hræddur við ærnar og lömbin eru bestu vinir mínir. Kýrnar eru næst bestu vinir mínir. Og góð er úr þeim mjólkinn.* --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni.² Rvík. 1.6.1976.

-- Við pabbi þinn keyptum þessi stígvél í dag. -- Ef það er eitthvað fleira sem þig vantar, láttu okkur vita. Ég læt herna svolítið sælgæti, sem þú getur skipt jafnt milli allra.

Ég hitti Magga³ og sagði hann að það væru eiginlega engir krakkar hér til að leika við, allir farnir í sveit og fannst mér hann öfunda þig. -- Þau eru að fara í sumarbústaðinn. Óli⁴ er farinn í sveit. --

Friede P. Briem skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Reykjavík, 2.6.1976.

Segir frá því að Dagur sé farinn í sveitina svo hljótt sé orðið í húsinu. Flestir krakkar í götunni séu farnir í sitt hvora áttina og Bergstaðastrætið orðið sviplaust,

-- vil ég segja þér um Auði litlu Loftsdóttur, sem lamdi Kötú með kústi. Ég spurði hana hvort hún sæi ekki eftir þessu ódæði. En hún svaraði: *Ekkert ofsalega. Það voru bara saumuð tvö spor.* Kannske hefði hún iðrast ef þau hefðu verið fleiri.

Á sunnudagmorguninn fór Dagur að Hjarðarholti. Hann bæði hlakkaði til og hálfkveidd fyrir. Þau pabbi þinn, mamma og Auður fóru með Akraborginni kl. 10 um morguninn. Þau fóru með nesti og nýja skó, borðuðu á leiðinni og fóru svo að Hjarðarholti, til þess að hitta hjónin, áður en þau fóru í fermingarveislu sem þau voru boðin í. Þar var þeim vel tekið, skildu eftir ferðatösku Dags og héldu síðan til Cillu að Lindarhvoli.

Þá segir hún frá heimilinu í Hjarðarholti og heimsókn Cillu, sem kom þangað og var Dagur þá að leika sér að kettlingnum á bænum.

¹ Þórhallur Steingrímsson, frændi hennar.

² Dagur er sennilega þá í sveit að Hjarðarholti í Stafholtstungum.

³ Magnús Magnússon (síðar viðskipafræðingur) sonur Sigríðar og Magnúsar Torfasonar á Bergstaðastræti 73.

⁴ Ólafur Loftsson síðar lengi formaður Fél. grunnskólakennara, sem enn býr hér á sama stað.

-- var að horfa á sjónvarpsþátt í gærkvöldi sem Ólafur Ragnar Grímsson¹ stjórnaði: *Hverjir stjórna?* Ég dottaði ekkert, þó engin væru skóhornin til að hnippa í mig.²

Siggi Líndal er á kafi í prófum og margir fallið í fyrsta hluta, allt á hvolfi, eilíft ragarí og taugaveiklun, svo Sigurður mátti ekkert vera að því að hugsa um þáttinn, hvað þá annað. Mér fannst hann standa sig mjög vel og líkaði mér vel þegar hann var að gagnrýna Alþingi. Það er sannarlega rétt að hlutur Alþingis er alltaf að minnka - gott að einhver þorir að segja það. --

Pabbi þinn og mamma eru hjá Valdimar Kristinssyni, bekkjarbróður sínum, og við Auður höfum verið að spila, og auk þess brugðum við okkur í eldhúsið og bökuðum rúsínuköku. --

Lára var að koma frá Akureyri -- talaði við Jenný sem sagði að þú hefðir það gott. --

Ég hef feiknarmikið að gera, var að ljúka skýrslu um *Kvennasögusafn Íslands*. Mamma þín var að skrifa leikrit eftir Svövu Jakobsdóttur fyrir Leikfélag Reykjavíkur, en ég þarf að flýta mér að fjölríta póstáætlanir fyrir Póstinn, umferðarmáldeild, því ekki dugir að þær verði úreltar áður en þessu lýkur.

Mamma þín og pabbi hafa verið að ólmast í garðinum; páskaíliljur og túlúpanar eru hreinn unaður fyrir augað, þ.e.a.s. þegar maður má vera að því að líta út. -- Andríkið nægir ekki á aðra síðu! --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni.³ Rvík. 7.6.1976.

-- Mikið er skrítið að hafa þig svona langt í burtu. Ég er alltaf að vonast til að sjá eitthvað af þessum frímerkjum öllum, sem þú rogaðist með norður, en ekkert bolar á. Hvað ætlaðu eiginlega að gera við þau? Þú veist að það á að setja eitt frímerki efst í hægri hornið á umslaginu, þegar þú ert búinn að skrifa utan á það. Stinga svo bréfinu til okkar inn í!

Við pabbi þinn vorum að þvo og bóna bílinn, en þá datt mér í hug að fara heldur inn og senda þér nokkur vel valin orð. Við höfum heyrt að Dagur hafi það gott að Hjarðarholti og sé hinn ánægðasti. Þar er bara fjárbú en á næsta bæ, Lindarhvoli, þar sem Jón Guðbjörnsson, frændi þinn býr, eru 24 mjólkandi kýr. Annars var Dagur lagstur út áður en hann fór í sveitina, því krakkarnir í hverfinu tóku upp á því að tjalda í görðunum og sofa úti. Dagur tjaldaði litla tjaldinu okkar hér í okkar garði og svaf þar eina nótt með Magga. Stelpurnar tjölduðu í Sigrúnar garði við Laufásveg og sváfu bara í heila viku með birgðir af alls konar góðgæti. Síðan flutti Dagur sig þangað og þar sváfu þeir í tvær nætur og höfðu það skemmtilegt.

Dagur er búinn að fá hjól í stað þess sem stolið var. Er pabbi þinn hjólandi út um allar trissur. Í gær fóru þau Auður í langan hjólatúr m.a. í gamla kirkjugarðinn og gengu um garðinn en hún var búin að panta að fara í kirkjugarðinn og sjá hvar helstu ættmennir hennar liggja. Hún hefur mikinn áhuga á að vita hvar þau eru niður komin.

Þau eru alltaf að biðja mig um að koma í hjólatúr, en ég er svo mikill aumingi að ég hef ekki farið nema Fjölnisvegshring. Þegar ég steig af baki eftir ferðina þá hneig ég niður í götuna, alveg máttlaus og skjögraði inn titrandi og skjálíandi. Síðan hef ég ekki farið á hjól.

Guðmundur Þór⁴ er búinn að kaupa Zuzuki-vélhjól. Ég talaði við Bergljótu og sagði hún að hann fengi svo miklu hærra kaup á Alþingi ef hann sentist á slíku hjóli. Stefán⁵ sagði okkur að hann færi að Hvarfi eftir Hvítasunnu. Bað ég hann að láta okkur vita áður, svo hann gæti að minnsta kosti tekið bréf með til þín, því ég er líka að spara frímerki, eins og þú. --

Ég hef alltaf nóg að gera. Í gær var ég að lesa saman⁶ leikrit með pabba þínum. Það var eftir Svövu Jakobsdóttur. Þegar við vorum búin að lesa, þá litum við hvort á annað, því við höfðum ekki skilið neitt í þessu blessaða verki -- Ég var þó svolítið gáfaðri en pabbi þinn, því ég þóttist sjá ádeiluna í verkinu. Það heitir: *Húsbóndinn*. Húsbóndinn er kona sem á húseign. Það held ég að hafi átt að tákna Ísland. Síðan koma

¹ Síðar forseti o.fl.

² Fjölskyldan hafði þetta í flimtingum með skóhornið, sem krakkarnir hnippu í ömmu sína með, þegar henni rann í brjóst, en nauðsynlegt var ef hún átti að fylgjast með.

³ Ásgeir er þá kominn í vinnumensku að Hvarfi í Bárðardal, þar sem hann var nokkur sumur.

⁴ Sonur Bergljótar Líndal.

⁵ Stefán Gudjohnsen sonur Einars Gudjohnsen, ferðamálafrömuðar, er átti Bergljótu Líndal. Var á Hvarfi. Þau Jenny og Jón, tóku að sér börn sem voru í einhverjum vandræðum með sig.

⁶ Samlestur. Annar les upphátt úr frumriti, hinn ber það saman við afritið.

nokkrir menn sem reyna að ná fasteigninni af henni, þröngva sér inn á hana, gera lítið úr henni og það hafi hún fyrir ameríska herinn hér. Allavega ætlum við ekki að sjá þetta leikrit.

Í gær fórum við að sjá sýningu austurríska listamannsins *Hundertwasser*. Það er frábær listamaður. Þar eru sýnd líkön af húsum sem hann hefur gert, en hann er líka arkitekt; teppi sem hann hefur gert og olíumálverk. -- Í dag ætlum við að fara á sýningu í Norræna húsinu eftir finnsk hjón, *Vuokko*. Þar verður tískusýning. Ætlar Auður að koma með. Annars hefur ekki verið hægt að draga hana með á neitt slíkt. Hún vill bara vera heima, leika við vinkonurnar; bregða sér svo, þegar hungrið fer að hrjá hana, inn til ömmunnar og gæðir sér á *kókópúffi*. --

Hér er lítið um að vera eftir að vera búin að missa ykkur Dag. Ég var búin að hlakka til að hafa það náðugt, en það er svo miklu skemmtilegra að hafa ykkur, ótrúlegt - en satt! -- Þú manst að við búum á Bergstaðastræti 69. --

15.6. Viðbót. Þetta fer að verða merkilegt bréf. Ég hélt að pabbi þinn hefði tekið það með sér norður, en viti menn. Þegar ég var að taka til í eldhúsinu, verður mér lítið bak við ísskápinn. Þá er þar plastpoki, sem ég ætlaði að setja niður í skúffu, finn að eitthvað er í honum. Þá var það þetta merkisbréf. Ég get þá bætt við nokkrum línunum til þín, áður en ég sendi það, en Auður ætlar að hlaupa með það út í póstkassa. Við sóttum Dag -- hann var mjög ánægður með dvölinu og hefði viljað vera áfram. Hann hefur mikið í fréttum að segja. Fjölskyldan var hins vegar að fara í Landmannalagar, þannig að hann gat ekki verið lengur. Vildi koma með kettling, en amma þín er með ofnæmi.

Hann er að byrja í skólagörðunum og ætlar að rækta fyrir okkur kál o.fl.

Á mánudaginn fer pabbi þinn á Vestfirði í erindum Rauða krossins. Ætlum við Dagur að fara með honum og hafa það fyrir okkar sumarfrí. -- Mikið að gera fyrir mig, alls konar vélritun, röðun og frágangur fyrir ömmu þína. Ég er að reyna að klár sem mest áður en við förum. Blessaður - hafðu það sem best.

Friede P. Briem skrifar Þórhildi Helgason. Reykjavík, 11.6.1976.

Pakkar frænku sinn, dóttur Jóns Helgasonar biskups, fyrir sjöttu og fimm ára veisluna sem Jón bróðursonur hennar Pálsson¹ hélt fyrir hana, ógleymanlega veislu, þó skugga brygði á þegar Elísabeth² bróðurdóttir hennar var flutt veik á spítala. Svend-Áge Malmberg,³ maður Elísabetar hélt góða ræðu sem hvatti Friede til að segja nokkur orð. Þegar hún flutti ræðuna sá hún að Hilda heyrði hana ekki svo hún endurtók innihaldið að nokkru.

-- „Nú hefur þú lagt frá þér hjúkrunartöskuna og hún stendur snjád og slitin inni í skáp hjá þér, eftir margan rok og rigningadaginn sem hún hefur fylgt þér. En þó heldur starfið áfram, ungar hendur taka við og hæfileikarnir erfast. En það besta og líklega það sem gleður þig mest er að þeir erfast innan þinnar eigin fjölskyldur, þar sem þín yndislega og fallega bróðurdóttir, Elísabeth er. --

Ég vona og óska að bæði þessir góðu hæfileikar og allir bestu eiginleikar og gáfur þinna foreldra og forfeðra megri erfast og koma fram í niðjum þeirra í marga ættliði. -- Fyrir veisluna og allt annað vil ég þakka þér og bið þér blessunar“ --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Sigrúnu Dungal. Rvík. 18.6.1976.

Kæra Sigrún. -- mig langar til að þakka þér fyrir þennan skemmtilega eftirmiðdag, sem við áttum saman í Bonn og á þínu fallega heimili í Villi-Prot. Mikið var gaman að koma þangað. -- Eggert var fljótur að ná sér þegar heim kom. -- Báðir strákarnir okkar lögðust í flensu og líka börn Stellu systur -- Stella (*vinkona hennar*) stendur í ströngu við að koma garðinum í Skildinganesi í lag og verður áreiðanlega fljótlega búin að gera hann að skrautgarði. Guðrún dóttir hennar (*síðar tannlæknir*) var að taka bílpróf og vinnur í Pennanum. --

Segir fréttir af sameiginlegum vinum og frændum.

Innskot E.Á.: Við Sirrí þurftum að fara á RK-fund í Kaupmannahöfn. Okkur hafði verið boðið í heimsókn til Þýska Rauða krossinn, sem þá var með aðalstöðvar í Bonn. Þau Sigrún Dungal⁴ og Sveinn Björnsson¹,

¹ Jón Pálsson (1942), veitingamaður í Hafnarfirði.

² Elísabeth Pálsdóttir Malmberg (1939-1981) hjúkrunarfræðingur.

³ Svend-Aage Malmberg (1935) haffræðingur.

⁴ Sigrún Dungal (1945-2017) skildi við Svein, en hún starfaði eftir skilnaðinn í fjölskyldufyrirtækinu Pennanum, einnig gerðist hún leiðsögumaður og starfaði fyrir Landnámssýninguna í Aðalstræti.

sem starfaði við sendiráð Íslands, sem þá var í Bad Godesberg, höfðu samband við Sirrí og gerði Sigrún ýmislegt fyrir hana, þar sem ég veiktist af flensu, fékk háan hita. Læknar Rauða krossins önnuðust mig af mikilli umhyggju og Rauði krossinn sendi starfsmenn sína í heimsókn, þar sem ég lá á ágætu hóteli. Að ráðum læknanna fórum við aftur til Íslands. Var heimförin að því leyti ævintýraleg að þeir sendu hjálparlið með mig og undir mig hjólastól til að koma mér út í flugvélinu. Illa kunni ég við það, og þegar færi gafst á leiðinni út í vélina stökk ég upp úr stólnum og flúði. Þegar kom til Khafnar, heyrði ég starfsliðið kalla sín á milli: Hvar er bæklaði maðurinn? Þar hitti ég líka féлага mína í R.K. víða að, sem voru að koma þangað til að sækja fundinn, hissa á að ég væri að fara í vitlausa átt!

Alltaf er eitthvað jákvætt. Ég fékk margar heimsóknir starfsfólks RK á hótelið. Fékk tækifæri til að rifja upp þýskuna mína frá því að ég hafði verið þar 1956. Hef ég síðan notið þeirrar kunnáttu.

Friede P. Briem skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Reykjavík, 29.6.1976.

Ræðir um Hermann Jónsson,² sjö ára soninn frá Hvarfi, sem hafði verið á spítala í Reykjavík.

-- það er talsverð reynsla fyrir sjö ára dreng að dveljast á sjúkrahúsi, fjarri öllum ættingjum, nema mömmu sinni.

-- Þú manst hvað það var erfitt fyrir Dag að vera á spítalanum, þó allir væru ættingjarnir í kringum hann. -- Ég veit að allir verða honum góðir þegar hann kemur heim aftur og fagna honum -- Gaman var að kynna henni (Jenny móður Hermanns), þessa fáu daga. Ég vona að þið öll hjálpið vel til á heimilinu og séuð dugleg; og sérlega natin við Hermann. Hann hlakkar mikið til að koma heim og má ekki verða fyrir vonbrigðum.

Fríða á afmæli á morgun og Auður er boðin til hennar. Þær voru í heimsókn hjá Dídí á sunnudaginn var, fóru í myndalotterí og Auður var svo heppin að fá mörg verðlaun. Hún kom með eyrnalokka og perlufesti heim; auk þess háhælaða bleika skó, sem voru í tísku 1940 og eru nú að komast í tísku aftur; þeim gekk hún á þó þeir væru nokkrum númerum of stórir og naut þess í ríkum mæli. Dídí studdi hana samt niður stigann þar sem hún var dauðhrædd að hún myndi detta í stiganum þrælbónuðum. En allt gekk blessunarlega vel --

Hinn sunnudaginn var Auður í heimsókn hjá Hildu Helgason; þar sá hún myndarstytta af móðursystur Hildu, sem átti eftir að verða elsta kona Danmerkur, því hún dó ekki fyrr en hún var 107 ára gömul. Þegar hún var 103 ára, var hún ekki orðin kölluð og sagði þá í afmælisveislu sem henni var haldin, að guð almáttugur hefði gleymt sér, hún hefði fallið út af skrá! En Auður skemmti sér mjög vel hjá Anní og Hildu, enda kepptust þær við að skemmta henni, á milli þess að hún fékk góðgerðir. Auður kann vel að meta gamlar kvennsur, ömmur, ömmusystur og frænkur.

Ferðin um daginn vestur á firði gekk ágætlega fyrir þau þín og mömmu, en vætan var óþarflega mikil; þó ekki sé gott að vera án vatnsins, er regnið ekkert sérstaklega kærkomið þegar fólk býr í tjaldi. En gott var að koma heim aftur. Ekki síst gladdist ég að fá að heyra fótatak og notaleg hljóð í húsinu eftir að þau komu aftur.

Mér leið ágætlega, enda hafði ég mikið að gera þessa viku sem þau voru í burtu og saknaði mömmu þinnar sérlega mikið, þó Dídí hjálpaði mér. Ég var að vinna fyrir presta og *prélata*, Siglingastofnun og Hjúkrunarskóla. Auk þess auðvitað að vélrita alls konar nýja verðlista - hækkandi verð - hækkandi verð -- tannviðgerðir, sælgætisverðlista. Þetta er þó nokkuð skylt. Nóg af sælgæti - því meiri tannviðgerðir. Kannske þú verðir sælgætisframleiðandi eða tannlæknir? Betra er þó að gera við tennur, þegar aðrir hafa eyðilagð þær.

Ég var í gær að fá bréf frá Lóu frænku þinni í Svíþjóð. Hún var dálítið daufl í dálkinn, hún er 86 ára og harmar það að vera hætt að gleðjast yfir sumarkomunni, blómunum og góða veðrinu. -- Þó vonandi gerir þér ljóst hvað margt af þínu fólki hefur furðulega skoðanir; kannski þær séu það eðlilegasta sem mannfólkið hefur tækifæri til að njóta. --

Okkur líður vel hérna á Bergstaðastræti 69 -- sendi þér að gamni mínu peysu með númerinu 69 framan á brjóstinu. Kannski maður, þó gamall sé, fari á flakk og sjái þig einhvern tíma í sumar. Svo legg ég eitthvað með peysunni, sem þú ef til vill gætir glatt aðra með, þó ég voni að enginn þurfi að fara til tannlæknis fyrir það. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 1.7.1976.

Elsku Ásgeir minn. Ég er ekki enn búin að venjast því að hafa þig svona langt í burtu. -- Mér finnst alveg óskaplega langt síðan þú fórst. -- Pabbi þinn er að *plana* vinnuferð fyrir Rauða krossinn um miðjan mánuðinn. Þá þarf hann líka að fara á Austfirði í eitthvað 10 daga. --

Amma þín og Dídí ætla að heimsækja Palla og Láru í sumarhús í Fnjóskadal og ætla nú aldeilis að heimsækja þig. -- Jenní³ er heldur óróleg út af heilsufarinu hjá ykkur og bað mig um að panta fyrir sig far

¹ Sveinn Björnsson (1942) fyrr sendiherra.

² Hermann Gunnar Jónsson frá Hvarfi. Höfundur bókarinnar: Fjöllin í Grytubakkahreppi.

³ Jenny á Hvarfi, var til lækninga í Rvík og bjó hjá okkur á Bergstaðastræti.

núna með hádegisvélinni. -- Hún kom til okkar af spítalanum. Mikið líkar okkur vel við hana. -- Mikið naut hún þess að sofa í rúminu þínu.

Það var ansi gaman í ferðinni til Vestfjarða. Veðrið var gott fyrstu tvo dagana á Snæfellsnesi og Barðaströnd. Síðan var sólarlaust og stundum rigning. Auður og Dagur sváfu saman í litla tjaldinu og sáu um það sjálf. -- Ég ætla að taka svefnpokann þinn traustataki svo Dagur geti sofði í honum í næstu ferð. --

Ég veit varla hvort ég á að þora að segja þér frá klaufaskap okkar í Vestfjarðaferðinni. Heldurðu ekki að við höfum týnt heilli ferðatösku með öllum fötunum af mér, Degi og Auði. Pabbi þinn var svo forsjáll að vera með sitt hafurtask í sér tösku -- en gleymir svo okkar dóti einhvers staðar í Álftafirði, næsta firði við Skutulsfjörð. Við erum búin að lýsa eftir henni -- en ekkert gerst. Við verðum líklega að galla okkur upp á nýtt og hlekkja allar töskur við okkur í næstu ferð.¹

Dagur er nú að hafa sig af stað í skólagarðana. Hann tók sér garð núna og ætlar að prófa sig í garðyrkjustörfum ásamt fótboltanum. Hann fer á allar æfingar og er að reyna að komast í ferð að Laugarvatni með B-liðinu.

Auður var að koma á fætur og sagðist ekki finna sokkana sína. Ég sagði að þeir hlytu að vera hér einhver staðar því ég hefði verið að stoppa² í þá í gærkvöldi. -- Ég sagðist gefa henni tókall ef hún fyndi þá. -- Fer mín af stað, og kemur sigri hrósandi með þá að vörmu spori.

Jæja, ég var að fá útboðslýsingu sem mikið liggur á. Svo ég verð að hætta þessum skrifum. Bið að heilsa og vona að þú fái ekki pestina sem þjáir fólkið, og getir hjálpað til. --

Friede P. Briem skrifar Lóu Guðmundsd Vennerström. Reykjavík, 10.7.1976.

Segir frá votviðrum sumarsins sem fólki þótti nóg um þar til allt í einu koma hitabylgja, 25°C, heitasti dagur aldarinnar. Er að fara í frí.

-- Eggert og Sirrí eru að fara til Austfjarða -- Eggert á vegum Rauða krossins, en Dagur og Auður fara með og ætla þau að tjalda -- Þannig er ekki víst að Kerstin sonardóttir Lóu hitti neinn heima, en húslyklarnir eru geymdir í næsta húsi svo hún geti gist.

-- *Segir frá laxveiðum Páls í Borgarfirði og heilsufari vinkvenna og frændfólks.*

-- Já, nú er þorskastríði til lykta leitt - guði sé lof. Og það splundraði ekki hjónabandi Helga bróður, þó að Doris, því miður, héldi alltaf með Bretunum. Enginn í fjölskyldunni þorði að nefna það í hennar áheyrn, þó var Helgi alltaf að skrifa greinar um þetta í blöðin, gegn Bretum. Kannske hefur hún alls ekki lesið þær, og það hefur bjargað hjónabandinu. En dóttirin Álfheiður Sylvia var stæk á móti yfirgangi Breta og fór ekki dult með það; og maðurinn hennar gráðunni verri, svo þó maður hefði áhyggjur af þorskastríðinu, hafði maður nærri því meiri áhyggjur af fjölskyldumálunum. En nú er þessu lokið og engin sprenging varð, en sárindin sitja eftir, þó allt sé rólegt á yfirborðinu. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri og Degi Eggertssonum. Rvík, 30.7.1976.

Þegar fjölskyldan var á Norðurlandi, pabbinn í erindum Rauða krossins, þá komu þau við á Hvarfi í Bárðardal, þar sem Ásgeir var í sveit. Jenný og Jón, bændurnir, vildu endilega að Auður og Dagur fengju að kynna sveitalífinu og urðu þau eftir þegar foreldrarnir héldu heim suður Sprengisand. Auður var þar í viku; og fór heim með ömmu sinni sem kom þar við. Dagur og Ásgeir voru þangað til í lok sept. þegar við sóttum þá.

Bréfið fjallar mest um gleraugu Ásgeirs sem höfðu brotnað eða týnst. Með bréfinu voru honum send gömlu gleraugun hans, ef það gæti bjargað einhverju.

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Vennerström. Rvík. 4.8.1976.

---- við Sirrí fórum til Þýskalands -- Á leiðinni hafði ég orð á því að slæmt væri hve illa tækist með gerð flugvélasæta, þau væru mjög óþægileg. Ekki grunaði mig neitt þótt flugstöðvargólfið í Düsseldorf gengi í bylgjum þegar við rásuðum þar um í leit að týndum farangri. En um kvöldið þegar við vorum að borða, þá fór ekki milli mála að eitthvað væri að. Sirrí lagði út í nóttina að kaupa lyf og hitamæli. Þannig snerist heimsóknin til Þýskalands, sem undirbúin hafði verið á æðstu stöðum, upp í rúmlegu, sem endaði með því að læknir sagði að ég gæti ekki haldið áfram, skyldi fara til míns heima og varpa frá mér allri hugsun um RK-mál.

¹ Reyndar ekki. Ég hringdi, þegar ég kom heim, til Halldórs Jónmundssonar (f. 1907-1987), son séra Jónmundar Halldórss. (1874-1954) nafnkunnan yfirlögregluþjón á Ísafirði. Hann hringdi í Hattardal í Álftafirði. Þar var taskan!

² Ætli þetta orð sé ekki að mestu gleymt.

Það varð úr að á fimmta degi tókum við Sirrí okkur far heim -- Sirrí hafði reyndar haft það skemmtilegt allan tímann. Henni var boðið í leikhúss, fór í búðir með alla okkar peninga án þess að hafa mig með til að passa upp á budduna. Og það merkilega var að mér þótti bara gaman í ferðinni. Ég lá í rúminu, las og mændi þess á milli út um gluggann, horfði á kaupmennina á *Marktplatz*, sá menn sitja í sólinni á götuveitingahúsunum, fylgdist með rápi Sirríar út og inn. Mér fannst mitt hlutverk bara bærilegt. Að minnst kosti væri það betra en að vera að þvælast úti við á fundum og í kynnisferðum. Meiningin hafði verið að fara eitthvað suður á bóginn eftir Þýskalandsdvölina, taka okkur sumarfrí í eina 10 daga.

En þegar heim kom vorum við heldur en ekki fegin að af slíku hafði ekki orðið. Öll börnin voru þá rúmliggjandi í flensunni og var nóg fyrir okkur að gera. Fannst okkur eins og forsjónin hefði tekið í taumana. Það tók mig reyndar langan tíma að jafna mig eftir veikindin og ná mér upp úr eftirköstunum þannig að ég væri fullgóður aftur.

Þannig snerist þetta allt á hinn besta veg -- Í kjölfarið komu -- innanlandferðalög, fyrst um Þingeyjasýslu vegna undirbúnings varnaraðgerða vegna yfirvofandi eldgoss.

Síðan fórum við í leiðangur til deilda Rauða krossins á Snæfellsnesi og á Vestfjarðakálka. Við brugðum á það ráð að búa í tjaldi og fara öll saman. Ásgeir var ekki með í för, hann er í sveit og hefur verið frá því í vor að Hvarfi í Bárðardal.

Síðar fórum við í sams konar ferð um Suðurland, Austurland og hluta af Norðurlandi. Vorum við að vísu óheppin með veður, en með tilliti til þeirrar lífsskoðunar að ekki verði allt tekið út með sældinni, komum við hress og ánægð heim um Sprengisand. Nú er ég á eins konar jeppa, sem virðist eiga betur við veður og vegi hér á landi. Segja má að við enduðum ferðina í Bárðardal hjá Ásgeiri.

Hann er hjá miklu ágætisfólk sem vinátta hefur tekist við. Þau hjón, á Hvarfi, eru hvort öðru ágætara. Var konan mikið hjá okkur fyrir í sumar, þegar hún var hér fyrir sunnan með son sinn til lækninga. Nú vildu þau endilega leyfa Degi og Auði að fá tækifæri til að dveljast í sveitinni. Urðu þau eftir þar. Auður kom reyndar eftir viku heim --

Mamma er nýkomin úr ferðalagi í kringum landið. Hún keyrði sinn bíl og var Dídí með henni. -- Ferðin tók 14 daga, fengu gott veður og allt gekk eins og í lygasögu. Sumir eiga bágð með að trúa því að hún hafi getað þetta komin á sinn (*tæplega 76 ár*) aldur. vegirnir á þessu ári eru engin dúnsæng! --

Þann 24. ágúst þarf ég að fara á Rauða kross fund til Osló og verð þar í nokkra daga.

Menn eru stöðugt að kvarta yfir veðrinu hér á Suðurlandi. Ég berst í liði forsjónarinnar og mæli því bót. Það hefur hreint ekki verið svo slæmt hér þó það hafi sennilega verið miklu betra á Norður- og Austurlandi. En hvers vegna kvartar fólk svo mjög yfir hlutum sem það getur ekki haft áhrif á, en lætur svo afleitar ríkisstjórnir sitja án þess að gera neitt í málinu. Það horfir á þjónustu hins opinbera sem er fyrir neðan allar hellur -- Heldurðu ekki að orka manna fari til spillis af þessu. Japanir eru sagðir hafa þá trú að sá sem talar um ófullgerðar fyrirætlanir sé að eyða þeirri orku sem annars færi í framkvæmd. -- Ef þetta er rétt, sem ég hef trú á, gæti það verið skýringin á því að ýmsir hlutir fara úrskeiðis í okkar heimi orðavaðals, pappírflóðs, síma, útvarps og sjónvarps --

Friede P. Briem skrifar Guðbjörgu Kolka. Reykjavík, 8.8.1976.

-- Erindið er að þakka þér fyrir þáttinn í útvarpinu í dag. Það var gaman að láta sér detta eitthvað í hug og geta túlkað það svo meistaralega, eins og þú gerðir. -- Sjaldan hefur tekist betur að draga upp mynd af henni *fröken Helgu* eins og þú gerðir í dag. Græskulaus gamansemi, velvild, málsnilld og ótrúlega sönn mynd af Helgu frá sjónamiði nemandans. --

Ég var með fjölrítunarstofu og m.a. þess vegna varð ég mjög tengd Helgu, sem ég þekkti mjög vel áður en ég hóf þau störf. Enda þekkti ég alla fjölskylduna, pabba hennar, mömmu og systkini; og vegna þeirrar eyðu hjá allri fjölskyldunni, enginn var skrifandi, en allt þetta fólk hugsjónafólk, sem datt allt mögulegt í hug, en gat ekki fest það á pappír, svo skiljanlegt væri nokkrum manni, þá var það mitt *karma* að vélrita fyrir þau það sem þeim datt í hug.

Ekki var ég nú samt alltaf jafn ánægð, verð ég að játa. Bæði Helga og pabbi hennar lásu mér fyrir, og ekki nóg með það. Heldur var ég líka dubbuð upp í að vera þeirra gagnrýnandi. Ég ætti eftir alla þá vísu að vera góður matreiðslumaður. Því þegar ég var að vélrita alla þessa dýrðlegu rétti, þurfti ég jafnframt að finna hvernig þeir væru á bragðið, hvernig þeir væru framreiddir og hvernig ætti að orða allar þessar stórkostlegu lýsingar, svo þær yrðu skiljanlegar fávísu almenningu, sem ekkert kynni fyrir sér í *kokkakúnst*.

Ég var ekki komin inn í myndina þegar fyrstu bækurnar komu út, en það átti seinna fyrir mér að liggja. Og skólaslitaræðurnar sem ég festi á blað voru ekki fáar. Og öll þau orð sem maður varð að forðast, vegna þess

að Helga sagðist ekki geta sagt þau. Hennar tungutak leyfði það ekki. Greinarskilin og þankastrikin máttu heldur ekki gleymast. Áhersluorðin undirstrikuð, mátuleg bil á réttum stöðum. Allt vandað til hins ýtrasta. Stundum var ég þreytt á því að setja allt til hliðar þegar ræðurnar voru komnar á lokastig. En þá varð ég að beygja mig, tárin varð maður að forðast, flóðgáttir himinsins máttu ekki opnast. Allt fór vel, ræðan var fest á spjöld og allt var tilbúið. Og þegar Helga bauð mér að vera við skólaslit og athöfnin hófst með *pomp og pragt* þá var ég ekki minna taugaspennt en sjálfur skólastjórinn.

Eins og þú sérð er þetta skrifað af einlægni. Og ástæðan til þess er erindi þitt í dag. Mér finnst ég hafi eignast sálufélaga, þó aldursmunurinn sé all mikill, þá hlýnaði mér um hjartaræturnar þegar þú dróst þessa heillandi mynd upp. --

Ég verð þó að láta fylgja eina sögu. Kannske veistu ekki hvað Helga var hrædd við krabbamein. Árin liðu og sonur minn Páll var búinn að ljúka læknaprófi. Þá var enn spurt: *Ég finn svo mikið til, heldurðu ekki að ég sé með krabbamein?* spurði hún Pál. *Nei*, svaraði hann, *það er einmitt það, að þegar maður er með krabbamein finnur maður ekki til.* Þá sagði Helga: *Drottinn minn, það er einmitt þannig, að ég finn ekkert til hér og þar. Þá hlýt ég að vera með krabbamein.*

-- Mig langar svo til að fleiri geti notið myndarinnar af Helgu, - sem við vorum svo heilluð af - þrátt fyrir allt. --

Úr dagbók Friede P. Briem.

12.8.1976. Miðilsfundur hjá Hafsteini Björnssyni.

Pennan dag fóru þær saman á miðilsfund Friede og Sigríður Dagbjartsdóttir. Eftir fundinn skrifaði Friede hjá sér punkta um það sem þar átti sér stað. Sú skýrsla, upp á þrjár síður, verður ekki endurrituð að öðru leyti en þessu, því það á sér lítinn eftirmála. Kristín (Ingimundadóttir, móðursystir) gerir vart við sig:

Hvernig líður litlu stelpunni sem talar svo mikið.

Þá spyr Sigríður: Auði?

Já, er svarað.

Sigríður: Henni líður vel og okkur öllum. --

Þegar heim kom sagði Sirrí Auði dóttur okkar frá orðaskiptunum.

Brást hún móðguð við og sagði: Og ég sem þagði í klukkutíma í gær.--

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 13.8.1976.

Þakkar bréf og blaðasendingar. Segir frá votviðrum sumarsins og sumarleyfisferð sinni norður um land.

-- keyrði á mínum bíl, sem ég á enn. Ég þarf nauðsynlega að eiga bíl vegna skrifstofunnar, það eru svo margir snúningar, t.d. sem Sirrí fer fyrir mig, það sem hún geri á hálf tíma fyrir mig í bílnum, mundi hún þurfa tvo klukkutíma til ef hún hefði hann ekki.

-- Síðan bauð Palli og Lára okkur að vera í sumarhúsi 5-6 daga í Fnjóskadal. -- Ég var svolítið rög við það þegar ég lagði af stað, enda hafði ég haft svo mikið að gera á skrifstofunni áður en ég fór. -- en þegar ég var búin að keyra 70-80 km. var ég eins og nýsleginn túskildingur. og hélst það alla leiðina, enda var ég heppinn með bílinn að það sprakk aðeins einu sinni og þá var ég stödd rétt við hjólbarðaverkstæði. --

Í þessu sambandi minnst hún norðurferðar þeirra Guðrúnar saman, fyrir stríð, þegar þau fóru í hópferð í boði Önnu Zimsen, frænku Guðrúnar og Knud Zimsen.

--Nú er Anna algerlega kölluð og þekkir engan. Það er sorglegt með þá vel gerðu manneskju. Og eftir að Tryggvi Briem, frændi minn dó, hefur Hrafnhildur Haraldsdóttir¹ alltaf verið á Kleppi, enda var hún sjúklingur löngu áður; en Tryggi vildi ekki senda hana á Klepp, gegn vilja hennar. Þó var mér sagt nýlega að Hrafnhildur væri eitthvað betri --

Segir frá því að Páll búi á Nesinu og ákveðið hafi verið að setja upp læknamínjasafn í Nesstofu og gleðst yfir að staðurinn komist til vega og virðingar.

-- Páll er að fara á læknabing á þriðjudaginn og verður síðan tvær viku í Bretlandi þar sem hann fylgist með einhverjum stofnunum fyrir fólk með geðræna kvilla. Eggert og Sirrí ætla á mánudaginn norður í land að sækja drengina, Dag og Ásgeir -- í Bárðardal, þá verð ég ein hér í húsinu og get hlakkað til að aftur fari að fjölga kringum mann. -- að ferðinni lokinn fer Eggert til Noregs á Rauðakrossráðstefnu.

-- Sirrí hjálpar mér mjög vel á skrifstofunni og höfum við haft mjög mikið að gera --

¹ Hrafnhildur Haraldsdóttir, systurdóttir Önnu Zimsen, náfrænku Guðrúnar Bergström.

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 3.9.1976.

-- Nú hefur þinn ágæti sonur verið hér og var hans koma eins og stórar og sterkar vítamínsprautur, ekki bara fyrir mig, heldur okkur öll. Mikið var hans koma góð og fá að tala við hann nærri óþreytanlega áfram og áfram, alltaf jafn skemmtilegt og upplyftandi -- mér finnst ég vera lifandi sem stendur. Hann vissi ekki hvað mikið hann hjálpaði sem - bar gaf og hjálpaði. Það er erfitt þegar sú stund kemur að manni finnst allt sem maður átti að gera var ógert --

Svo hefur þú ferðast milli fjalla og fegurðar. -- Mér finnst þú vera meira en dásamleg. Það er ekki hægt að segja frá því hve virkilega rík ég er að eina svona yndislegt fólk eins og þig og ykkur -- Else-Mari býr í næsta húsi og gerir allt fyrir Lóu mömmu sína. --

-- Eggert sagði mér frá húsi Palla, hans fallega garði og trjánum sem hann fékk þegar þið þurftuð að gera við húsvegginn --

Segir frá því að blaðamaður frá Dagens Nyheter hafi komið til að hafa viðtal við Ullu, líklega vegna kosninga. Hann horfði á húsið, umhverfið, akrana og vatnið og sagði svo:

„Og þessu villt þú bítta fyrir Segels torg“ (Nýja þinghúsið er þar.) -- Svo er að sjá hvort hún kemst inn. -- Mikið hló ég þegar Eggert sagði mér frá Bjarnþóri og skúffunum með öllum seðlunum. Meiningin var að Bjarnþór ætti að fá sem minnst, og svo lendir allt á honum Þetta er svo kómískt og er ég fegin að ekkert röfl verður út af eignum Ástu, með öll þessi systkinabörn og hver fengi 87 krónur og 33 aura - annar kannski 87 aura. Allt lendir á einum stað og ekkert rifildi.

Friede P. Briem skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík, 5.9.1976.

-- Ég get ekki sagt hér hvað gleðin var margföld hjá mér þegar Eggert kom heim eftir vel heppnaða ferð til Noregs og Vermlands. Líklega setti heimsóknin til ykkar mestan svip á allt ferðalagið -- Og þegar hann dró upp úr þússi sínu þessa undirfögru skál, sem þú sendir með. Varð ég orðlaus og horfði á skálina með aðdáun --

Segir frá ferðalagi norður og til Horarfjarðar. Minnst fortíðarinnar.

-- Þegar við Geiri fórum með Súðinni til Hornafjarðar til þess að heimsækja séra Eirík Bjarnason frá Eiði¹ og Önnu Oddbergsdóttur. Þau ætluðu að fylgja okkur um sveitina, lána okkur hesta - virkilega vatnahesta -- og aldir upp á Sandfelli, þar sem sr. Eiríkur hafði verið prestur og Geiri las þar undir lagapróf. En þegar við komum il Hornafjarðar voru þau hjón hvergi nærri, en höfðu beðið kaupfélagsstjóra staðarins að taka á móti okkur. Það var sannarlega gert af mikilli alúð, en skuggi hvíldi yfir, þar sem dóttir sr. Eiríks lá fyrir dauðanum og lést á meðan við dvöldum þar. Hafði hún fengið lömunarveikina --

Segir frá starfi skrifstofunnar og samvinnu Sirríar og hennar. Mikið að gera og engin bölsýni. Þá segir hún frá erfiðleikum Þórdísar systur sinnar, sem lenti í húsnaðisvandæðum.

-- En hún er samt ekki utangarðs, þrátt fyrir allt, þó hún sé sjötug og hafi fátægleg eftirlaun. Hún er fulla af áhuga og þegar hún varð að hætta á Borgarbókasafninu vegna aldurs, fékk hún þá stöðu sem læknaþitari í Hafnarfirði. -- Nú hefur Dídí fengið íbúð hjá frænda okkar Sigurði Línal, sem er ógiftur -- býr heima -- á íbúð uppi í Bogahlíð -- Eins og allir hefur Dídí haft mörg tækifæri á lífsleiðinni. En hún þáði þau ekki alltaf og því fór sem fór. Engin íbúð, lítið öryggi nema af eigin vinnu. Það getur verið erfitt að velja og hafna, kannske er valið ekki alltaf rétt, en það sér maður ekki fyrr en eftir á. --

Segir frá frænku Lóu, Guðríði Kristinsdóttur í Ráðagerði og miklum erfiðleikum hennar og áhyggjum vegna fóstursonar sem býr við fjölskylduvandamál og heilsubrest. Allt hennar líf hefur verið fórnarstarf fyrir aðra.

Eggert var í vinnuferð til Vestmannaeyja.

Þá segir hún frá ferð Páls á læknafund í Danmörku og að hann hafði samband við Guðrúnu systur Lóu sem varla kannaðist við hann og býr með dóttur sinni Ástu, sem er taugasjúklingur.

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Vennerström. Rvík, 5.9.1976.

Þakkar fyrir ánægjulega heimsókn og samveru að Glänne. Ekki aðeins að ég heimsótti ykkur, heldur einnig vinafólk í Horten og móðurbróður Sirríar í Vikersund.

-- Eftir að ég kvaddi ykkur fór ég til Karlstad og beint í búðina sem við höfðum rætt um, festi kaup á skál frá Costa, sem mér þótti falleg -- og mömmu þótti ákaflega falleg, gladdist yfir henni og huguleminni, og náttúrulega frábærum smekk sonarins. -- Lífið ykkar á Glänne er alveg unaðslegt, eins og það lítur út frá

¹ Séra Eiríkur Bjarnason (1892-1954) frá Eiði á Seltjarnarnesi, prestur í Sandfelli í Örafum, síðar í Bjarnarnesi. Anna Oddbergsdóttir (1893-19532) var kona hans. Hún var frá Bakkakoti á Seltjarnarnesi.

mér. Það er skemmtilegt að sjá hvað fólki kemur vel saman, allir ánægðir og glaðir með sitt. Hvernig Majsa¹ gætir litlu Malinar.² -- Hve Guðmund ber sinn sjúkdóm með þolgæði; en margt annað gleður. --

Lóa Guðmundsd. Vennerström skrifar Friede P. Briem. Glänne. 25.9.1976.

-- bréfin þín eru gefandi og sláandi -- og ég lítið unnið til -- bæði bréf, bækur og gjafir. -- Hvað hef ég gert til að fá þetta allt? Mér finnst þú vera óvenju *pósítív*³ í öllu sem ég þekki til og fer alltaf fram, sem er meira en sjaldgæft. Þínar *upplýsingar*⁴ sem ég var nú hálfhrædd við, að fara svona langferðir á slæmum vegum og langt á milli bæja -- en allt fór vel og allt svo yndislegt að lesa og upplifa með þær gegnum þitt bréf.

-- erfitt var að heyra að Guðmundur var afar veikur og sendur á spítala -- gat ekki borðað -- var svo duglegur -- ár síðan hann sá sitt elskaða Ísland -- undursamlegt -- hann og Else Mari, líka Hilding, líta á það sem sitt heimaland og gætu flutt þangað hvenær sem væri. -- Sjálf held ég að þau myndu sakna veðráttunnar hér -- sem er væn og vinaleg -- en mér finnst þessi ást hjá „*minu fólki*“ eitthver meining í öllu, þegar öllu er á botninn hvolft, og ég er líka full af þakklæti fyrir þeirra kærleik til Íslands og til ykkar sérstaklega - sem eruð verulega í sambandi; ég og allir hinir eru gamlir og geta ekki séð lengra. --

dásamlegt, því hún hefur sprottið fram - eins og Ásta - en er hressari -- allt kom þetta flatt upp á mig - hann hefur sagt að ég hafið „þvingað“ henni upp á þau, sem er eins og meðfætt - það virðist vera einhver

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almqvist. Rvík, 24.10.1976.

Segir langt síðan þeir höfðu samband. Bo barst í tal á Egilsstöðum, þegar hann heimsótti vini sína Ragnheiði Jónsdóttur,⁵ frænku Sirríar, og Pál Halldórsson⁶; sem þar var skattstjóri. Sonur þeirra, Gunnar Pálsson⁷ stundaði nám í Dublin og þekkti Bo þaðan.

Segir þær fréttir að vinur þeirra Erik Sönderholm, áður sendikennari í dönsku, væri tekinn við forstjórarstarfi Norræna hússins. Bjarni Guðnason, prófessor⁸ var þá dottinn út úr pólitík og eigi í ritdeilu við Halldór Halldórsson út af kennslu í málfræði.

--Annars forðast flestir að lesa greinar eftir íslenskumenn eða aðra um íslensku, því það er svo mikið skrifað um setuna, sem með ákvörðun Magnúsar Torfa Ólafssonar⁹ menntamálaráðherra, var ákveðið að fella niður úr málinu, nema í eiginöfnum; þeir lögðu ekki í Jónas Haralz, Zoëga fjölskylduna, Zophonías Pálsson, Gizur Bergsteinsson og fleiri mektarmenn. --

Ég hef ekki tekið mér sumarleyfi en unnið þess í stað við svokallaðar neyðarvarnir, sem RKÍ er að koma af stað um land allt. Við Sirrí og fjölskyldan ferðumst saman, bjuggum í tjaldi um allt Vesturland, Vestfirði, Suðausturland, Austurland og Norðausturland. Og vorum mjög óheppin með verðrið, en allt gekk þó sæmilega.

Hér liggur á hverjum degi við gosi, einkum við Kröflu og búast má við gosi frá Kötlu -- Sirrí -- starfar af fullum krafti við að margfalda gott og slæmt ritað mál. -- Ég er að pakka saman fyrir Genfarferð í fyrramálið --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 28.10.1976.

-- Ég hef alveg óhemju mikið að gera -- Karl Guðmundsson¹⁰ leikari hefur setið hjá mér í allan morgun, og liðlangan daginn í gær, og lesið *Macbeð*. Hann er stórfurðulegur. Lifði sig sannarlega inn í verkið. Í gær kom svo Stella og las það saman með mér. Lifði hún sig líka inn í það. Svo horfðum við á Liv Ulman í sjónvarpinu í hléi frá *Macbeð*. Skelfing þykir honum Ingmar Bergman gaman að rífa fólk og tæta í sundur. -- Ég hef ekki tíma til að sakna þín. --

¹ Else-Mari Vennerström Boström, nú látin, en sem áður hefur komið mjög við sögu.

² Malin Corneliusson Lanzer (1974); alþjóðalögfræðingur sem nú hefur eignast ættarsetrið Glänne.

³ Jákvæð.

⁴ Reynsla.

⁵ Ragnheiður Jónsdóttir (1932) starfaði m.a. hjá Rauða krossinum.

⁶ Páll Halldórsson (1925-2016) skattstjóri á Egilsstöðum og síðast deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu.

⁷ Gunnar Pálsson (1955) síðar m.a. sendiherra í Osló.

⁸ Bjarni Guðnason (1928) próf. og alþingismaður. K.h.: Anna Guðrún (1927). Dóttir Tryggva Þórhallssonar.

⁹ Magnús Torfi Ólafsson (1923-1998) menntamálaráðherra.

¹⁰ Karl Guðmundsson (1924-2014) leikari og þýðandi.

Í gær fór ég með stóra reikninginn á Innkaupastofnun ríkisins (278 þús.), fékk hann uppáskrifaðan og fór með hann til Skúla¹ í Innkaupastofnun. Vona ég að það dregist ekki lengi --

Palli kom til mömmu þinnar í gær -- og var að spana hana upp og þær í Zonta að halda fjáröflun og koma á fót *tal-center*. Helga Hannesdóttir er komin í Zontaklúbbinn og sagðist hafa verið að tala um þetta. Zontaklúbburinn verður 35 ára í nóv. Og á enga peninga. Hann var að hvetja mömmu þína til að sníkja málverk og halda málverkaupboð. Hún er mjög spennt að gera eitthvað, sérstaklega að láta nýju frábæru konurnar í klúbbnum komast inn í starfið.

Jæja. Nú þarf ég að fara að fjölríta. Hef verið að brenna stensla og þarf að byrja að fjölríta eftir hádegi. -- *Ræðir jólagjafakaup.*

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Rvík. 1.11.1976.

-- Þakka kasettuna.² Það hlusta allir með áhuga á rödd þína og fréttir frá þér. --

Sem betur fer heyrði ég ekki meira frá Ólafi Mixa varðandi vinnu, svo ég hef haft það náðugt yfir helgina. Fyrir utan það er ég að vélrita *Gullna hliðið* fyrir Þjóðleikhúsið. Stella ætlar að lesa það saman með mér --

Segir frá aðgerðum foreldrafélags Hlíðaskóla á hverfafundi borgarstjóra í Domus Medica undir forystu Óskars Halldórssonar,³ t.d. um hvort 9. bekkur yrði við skólann næsta vetur - og þetta eilífa íþróttahús.

-- Lofaði borgarstjóri 9. bekk við skólann -- fróðlegur fundur. --

Í dag hef ég setið með Degi og Auði og beðið á röntgendeild Borgarspítala. Ólafur Björgúlfsson sendi þau þangað. -- Hann er aldeilis dolfallinn yfir tönnum allra barnanna.

Sama dag. Vorum að fá aðra kasettu frá þér. Það er mikill spennungur að hlusta á þig og fá svona munnlegar fréttir.

-- 2. nóv. -- Ásgeir var á rokktónleikum *RÍKISROKKI* á Loftleiðum sem sjónvarpað verður -- Hann var aldeilis hrifinn. Hann á afmæli á laugardag og vill ekki halda upp á það í fyrsta sinn. Hlökkum til að sjá þig eftir allan þennan tíma --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede Briem. Rvík. 28.10.1976.

-- Hér er klukkan tíu að morgni sunnudags og fór ég að sofa kl. 11 í gærkvöldi þegar restin af fjölskyldunni sat sem fastast og horfði á einhverja úrvalsmynd í sjónvarpinu: *The young lions*, eftir Irving Shaw. Fjölskyldan hefur það gott nema hvað Dagur er með hlaupabólu --

Sigga Jónatans var að halda upp á afmælið og gaf Daddi⁴ henni nýjan bíl í afmælisgjöf. Eggert fannst þetta þjóðráð og sagði ætla að gefa mér nýja vatnslögn í húsið! --

Hér kemur Auður niður með stírur í augunum. Hún biður mig að segja þér að hún sakni þín og biðji að heilsa Dídí. Hún er á nýju klossunum sínum og ætlar að fara út að hjóla, eftir að loksins er búið að bæta dekkinn. Svo nú er hjólað dag út og inn!

Fólkið er að tínast úr rúminu. Hér kemur Ásgeir lesandi Moggann. Hann fór á grímuball í vikunni og fékk lánaðan *poncho* frá Palla. Það er svona mexíkansk tæppi með gati sem hann steypiti yfir höfuðið og var með indjánaþráðraskraut og grímu. Þessi skemmtun var mikið grín! --

Veðrið er gott og hægt að sitja úti. Ég fór í gallabuxur og tók til í garðinum. Ásgeir fór út á flugvöll, með myndavélina á maganum á flugsýninguna. Guðmundur Þór fór líka og keypti sér skoðunarferð í þyrilu.

Auður fór í Austurbæjarskólann á skátaskemmtun. -- Gerði spákonan mesta lukku, þó sagt hafi verið að hún hafi spáð fyrir einni stelpunni að hún myndi deyja á morgun! -- Þetta frétti ég allt þegar ég var að dunda í garðinum. - - Eggert er hins vegar að undirbúa eitthvert Rauðakross erindi fyrir Lionsmenn á Kjalarnesi. --

Það hefur gengið vel á skrifstofunni. -- Ég held að það væri rétt að loka í viku þegar þú kemur, svo þú getir jafnað þig eftir ferðina og skrifað reikninga. --

Við fórum í listasafn Einars Jónssonar með Auði og Kötu, og voru þær steinhissa á öllum styttnum og rangölunum. Við hittum séra Jón Auðuns og hann fór með okkur upp á efstu hæðina og sýndi okkur íbúð þeirra Önnu og Einars, svefnherbergin og stofuna, og svo eldhúsið og borðstofuna í kjallaranum. Á víst að fara að opna þetta almenningi. --

¹ Skúli Guðmundsson (1924-2002) verkfræðingur og afreksmaður í íþróttum.

² Hljóðsnælda.

³ Óskar Halldórsson (1921-1983) kand. mag.

⁴ Þórður Þorbjarnarson borgarverkfræðingur.

Auður Eggertsdóttir skrifar ömmu sinni og Dídí. 28.10.1976

-- Ég hef haft nóg að gera í skólanum. Ég hef farið í síðasta ferðalagið og fór þá til Ytri og Innri Njarðvíkur.

Fór ég þá í frystihús sem heitir Sjöstjarnan og fengum við þá margt að sjá. Þegar við vorum búin fengum við að fara um borð í skuttogara sem hét Framtíðin. Þar fundu margir krakkar krossfisk, síld eða loðnu.

Þegar við vorum búin að því fórum við í kaffistofu og fengum pulsir og kók og mér fannst þetta mjög gott. Þegar við vorum orðin södd týndi ég öðru stígvélinu en fann það aftur og svo héldum við áfram og fórum í saltfiskverkunarstöðina og fengum að hjálpa til við að bera hann en þurftum brátt að hætta.

Síðan fórum við heim. Þegar við komum vorum við næstum búin að missa af strætó en náðum honum samt. Ég vona að þér og Dídí líði vel --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss.¹ Reykjavík, 1.12.1976.

-- Ég er nýkomin niður eftir að hafa hlustað á segulbandsspólu frá þér, mér finnst það beinlínis veisla að fá að heyra svona huggulegheita rabb. Maður heyrir hvort kvefið sé á undanhaldi -- Þú bregður upp myndum frá þessum fundum öllum, sem hljóta að vera dálítið þreytandi, en alltaf er eitthvað sem lyftir og gefur manni hugmyndir; þá er allt vel.

Í dag hef ég verið að bjóða til mín mörgum Zontakonum, ef hægt væri að kveikja hjá þeim áhuga fyrir því að klúbburinn koðni ekki niður í deyfð og áhugaleysi. Undirtektir voru góðra og ég á von á einum tólf konum hingað -- Klúbburinn er 35 ára og þetta tækifæri megum við ekki láta fram hjá okkur fara án þess að nota það til einhverra góðra hluta, vona ég.

Sirrí er búin að afkasta feiknarlega miklu verki, og nú eru þær Stella² og hún að lesa saman Gullna hliðið, sem Sirrí er búin að vélrita fyrir Þjóðleikhúsið. Það er gaman að hafa svona mörg verkefni fyrir framan hendurnar og vakna ekki hvern dag til tómlætis og fásinnis.

Við Sirrí fórum í Dómkirkjuna til að fylgja henni Vigdísí Árnadóttur³ og þar var margt fólk, bæði margir úr Bergstaðastrætinu og eins mikið af leikurum --

Við Sirrí settumst í bekk fyrir aftan Áslaugu Sívertsen, þar sem hún sat ein. Einhverja konu langaði inn í bekkinn til hennar, en hún varð að troða sér inn fyrir hana, og um leið heyrðist einn hroðalegur dynkur svo undir tók í kirkjunni -- þá verður mér litið á Áslaugu, sem er komin með einhverja svarta þræði um hendur og handleggi og ræður ekki við neitt. Konan sem valdið hafði ósköpunum leit á Áslaugu, og þær hvor á aðra, Áslaug flækt í þráunum og konan er komin á fjóra fætur, og þegar hún stóð upp hélt hún á heyrnartæki sem hún hafði fellt, og smám saman losnaðir Áslaug úr flækjunni og svörtu hansarnir, svarta klæðisdragtin og svartu hatturinn, fóru að njóta sín aftur. Dragtin hefur á sér fornaldarsnið, sjálfsgagt orðin 40-50 ára og hatturinn á sama aldri. Þetta er jarðarfarabúningur Áslaugar. Enda var hún boðin í erfisdrykkju á eftir, en gallinn var bara sáð að hún vissi ekki klukkan hvað hún væri boðin.

Eftir talsverða umhugsun og bollaleggingar hafnaði hún boði mínu um að koma heim með okkur; þetta var um hádegisbilið og létti mér heldur þegar stefnan var tekin vestur í bæ, beint heim til Áslaugar, og þar kvöddumst við með virktum.

Erfidrykkja var svo um hádegis og var þá komin þónokkur biðröð fyrir utan húsið, þegar fjölskyldan birtist loks eftir jarðaförina. En allt fór þetta vel og gott var að Vigdís, blessunin, þurfti ekki að þjást lengur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík, 18.12.1976.

-- Mamma hefur það ágætt. Hún er lítil aldursmerki farin að sýna. Hún er 76 ára, hefur nokkuð fitnað, en starfsþrekið er óbilað. Hún vinnur langan vinnudag og hefur af því mikla ánægju. Hún ekur enn bíl sínum og fór meira að segja kringum landið í sumar, þó Palli teldu úr henni með það. En hún fór. Mér líst mjög vel á ferðir hennar og vildi fremur sitja í bíl hjá henni en Palla. --

Dídí hætti að vinna við bókasafnið fyrir tveim árum og fékk strax vinnu sem læknaritari í Hafnarfirði og fellur starfið vel. Hún er ævinlega nokkuð einþýkk og ágerist það, eins og oft gerist, með aldrinum. Hún missti húsnæðið sem hún hefur búið í um margar ára skeið, Töldu nú allir að fokið væri í flest skjól. En þá voru um sama leyti einhver vandræði með íbúð sem Sigurður Líndal (prófessor í lögum) sonur Hildu frænku minnar á. Hann ákvað að leigja Dídí fyrir rýmilegt verð og þar er hún nú búin að koma sér fyrir. --

¹ Eggert sat þá Alþjóðafund Rauða krossins í Genf. Hafði sent heim ferðasögu á segulbandi.

² Ingveldur Dagbjartsdóttir (1933), systir Sigríðar.

³ Vigdís Árnadóttir (1880-1976) andbýlingur þeirra á Bergstaðastræti. Vigdís og maður hennar, Ingólfur Lárusson skipstjóri, byggðu húsið nr. 69, en seldu það 1930. Vigdís var mikil velgarðarkona barnanna í götunni. Hún átti góða afkomendur, þeirra kunnugastur er Lárus Ingólfsson leikari.

Sirrí hefur lengi unnið hjá mömmu í ígripum. Hún vildi í haust færast meira í fang og keypti í haust ný fjölritunartæki og hafa þær nú aukið fyrirtæki mömmu sem því nemur. Það er að ýmsu leyti þægilegt að vinna heima, hitt er svo visst vandamál að vinna með aldraðri tengdamóður, sem hefur rekið fyrirtækið í 40 ár. Þetta virðist þó ætla að blessast, enda er Sirrí með gott skap, langlundargeð, sem getur reynt á, en mamma er furðulega góð að laga sig að nýjum háttum. --

Ásgeir er orðinn fjórtán ára, fermdur í vor. Hann fékk frí frá skólanum og réðst í vinnumennsku að Hvarfi í Bárðardal; þroskaðist stórum við það. Þetta var löng útvist fyrir hann, frá byrjum máí til loka ágúst. Nú veit hann allt um búskap, sauðburð, kann á landbúnaðarvélur og hefur kynnst fleirum en foreldrunum. Dagur er að verða 12 ára í næsta mánuði, glaðsinna (eins og móðir hans) áhugamaður um gítarspil, fótbolta og allan félagsskap. Auður er 8 ára, syngjandi allan daginn (soldið falskt enn), teiknandi og stjórnandi barnahópnum í götunni og hænd að ömmu sinni, eins og raunar öll börnin. --

Segir fréttir af fjölskyldunni, Ólafi bróður hennar, frá Ráðagerði, Gauju frænku sinni og Rúnu í Móum sem er gift Magnúsi Guðmundssyni frá Hvítárbakka og sem búa í nágrenni við hana á Fjölnisvegi.

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsdóttur Bergström. Reykjavík, 19.12.1976.

-- Alltaf er fólkinu í kringum mann að fækka. Halldóra¹ í Bollagörðum er látin, það var ekki langur aðdragandi að því, hún datt niður á götu í Reykjavík -- Hún var flutt inn í bæ fyrir nokkrum árum, enda er vegurinn út á Nes breyttur. Nú liggur hann fyrir neðan Pálsbæ, Mýrahús og Bollagarða, þannig að þarna er talsverð umferðaræð og mikil breyting á orðin, ekki síst í Bollagörðum sem liggja nærri sjónum. --

Það er ótrúlegt hvað mikið hefur breyst framfrá. En það sem gleður mann ekki síst að nú hefur Þjóðminjasafn Íslands fest kaup á Nesstofu, að vísu ekki nema hálfri ennþá, þar sem börn Gunnsteins eiga hinn helminginn og vilja fá gott verð fyrir sinn hluta. Svo er ætlunin að varðveita þetta gamla sögulega hús -- Þetta er allt í áttina --

Friede P. Briem skrifar Ragnhildi Björnsson. Reykjavík, 27.12.1976.

Sendir þessar línur vegna áttæðisafmælis hennar 25.12.1976. Ræðir tryggð hennar, hjálpfýsi, glaðværð og bjartsýni.

-- Ég vona að þér líði vel og þessir dásamlegu hæfileikar sem þú fékkst í vöggugjöf fylgi þér ævinlega. Svona er hún Hilda systir, ekkert bítur á henni, skapið alltaf jafn gott. Kannske þetta fylgi ykkar árgangi, því ég er alls ekki svona. -- Fátt hefur samt farið verr með Hildu en skilnaður Páls. Henni er svo hlýtt til Evu, tengdadóttur sinnar fyrrverandi, og vill að sjálfsögðu taka nýju tengdadótturinni með hlýju og kærleika. Og Guðrún, sú mikilhæfa og elskulega kona þarf líka á ástúð og kærleika að halda. Hún er einbirni og á fáa ættingja og þarfnast þess að eignast þá. Þetta hefur verið erfiðleikatími, en nú sýnist mér allt vera að komast í eðlilegt fjölskylduform.

Við vorum í gærkvöldi öll fjölskyldan hjá Guðrúnu Jónsdóttur og Páli Línal. Móttökurnar voru alveg einstaklega elskulegar. --

¹ Halldóra Eyjólfsdóttir, ekkja Einars Guðmundss. skipstjóra, föðurbróður míns, er bjuggu í Bollagörðum á Seltjarnarnesi.